Alþingi 1917.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Ár 1917, mánudaginn 2. júlí, var tuttugasta og áttunda löggefandi Alþingi, sem er tuttugasta og annað reglulegt þing í röðinni, en fertugasta og þriðja samkoma frá því er Alþingi var endurreist, sett í Reykjavík.

Þingmenn komu saman í Alþingishúsinu kl. 12 á hádegi og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni. Friðrik prestur Friðriksson steig í stólinn og lagði út af 5. Mós. 28, 16.—19.

Úr kirkjunni gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þá er þingmenn höfðu skipað sjer til sætis, stóð upp forsætisráðherra, Jón Magnússon, og las upp opið brjef, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 2. júlí 1917, svo hljóðandi:

Vjer Christian hinn Tíundi, af Guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: *að Vjer samkvæmt 3. gr. stjórnarskipunarlaga 3. október 1903, um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, og samkvæmt lögum 22. október 1912, um breyting á tíma þeim, er hið reglulega Alþingi kemur saman, allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi á Voru landi Íslandi koma saman til reglulegs fundar mánudaginn 2. júlí 1917.*

Um leið og Vjer birtum þetta Vorum kæru og trúu þegnum á Íslandi, bjóðum Vjer öllum þeim, sem setu eiga að hafa á tjeðu Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkurkaupstaðar, og verður þar þá sett Alþingi, eftir að guðsþjónustugerð hefir fram farið í dómkirkjunni.

Gefið á Amaliuborg 22. maí 1917. Undir vorri konunglegu hendi og innsigli

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.

Opið brjef,

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 2. júlí 1917.

Þá las ráðherra upp konungsbrjef um setning Alþingis, svo hljóðandi:

Christian hinn Tíundi, af Guðs náð Danmerkur konungungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vjer viljum hjer með veita yður, sem forseta vors ráðuneytis fyrir Vort land Ísland, umboð til þess í voru nafni að setja Alþingi það, er koma á saman til reglulegs fundar mánudaginn 2. júlí næstkomandi.

Ritað á Amaliuborg 23. maí 1917.
Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

Til
herra Jóns Magnússonar, riddara af Dannebrog og Dannebrogsmanns, forseta vors ráðuneytis fyrir Ísland.

Síðan fórust **forsætisráðherra** svo orð:

Samkvæmt því valdi, sem mjer er þannig gefið, vil jeg hjer með leyfa mjer að lýsa yfir því, í nafni Hans Hátignar konungsins,

að Alþingi Íslendinga er sett.

Stóð þá upp *Pjetur Jónsson*, þm. S.-Þ., og mælti:

Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!

og tóku þingmenn undir það með níföldu húrra.

Allir þingmenn voru til þings komnir, sem sje

A.

Landskjörnir þingmenn.

1. Guðjón Guðlaugsson, 4. landsk. þm.
2. Guðmuhdur Björnson, 6. — —
3. Hannes Hafstein, 1. — —
4. Hjörtur Snorrason, 5. — —
5. Sigurður Eggerz, 2. — —
6. Sigurður Jónsson, 3. — —

B.

Kjördæmakjörnir þingmenn.

1. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
2. Bjarni Jónsson, þm. Dala.
3. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
4. Björn Stefánsson, 2. þm. S.-M.
5. Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.
6. Einar Arnórsson, 2. þm. Árn.
7. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
8. Einar Jónsson, 2. þm. Rang.
9. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
10. Guðmundur Ólafsson, 2. þm Húnv.
11. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
12. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
13. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
14. Jón Jónsson, 1. þm. N.-M.
15. Jón Magnússon, 2. þm. Reykv.
16. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Reykv.
17. Karl Einarsson, þm. Vestm
18. Kristinn Daníelsson, 2. þm. G.-K.
19. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
20. Magnús Kristjánsson, þm. Ak.
21. Magnús Pjetursson, þm. Stranda.
22. Magnús Torfason, þm. Ísaf.
23. Matthías Ólafsson, þm. V.-Ísf.
24. Ólafur Briem, 2. þm. Skagf.
25. Pjetur Jónsson, þm. S.-Þ.
26. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
27. Pjetur Þórðarson, þm. Mýra.
28. Sigurður Sigurðsson, 1. þm. Árn.
29. Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf.
30. Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.
31. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
32. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.
33. Þorsteinn Jónsson, 2. þm. N.-M.
34. Þórarinn Jónsson, 1. þm. Húnv.

Forsætisráðherra kvaddi *Olaf Briem*, 2. þm. Skagf., er elstur var þingmanna, til að taka forsetasæti og stýra kosningu forseta.

Minst Magnúsar landshöfðingja Stephensen.

Áður en tekið væri til starfa mælti *aldursforseti:*

Áður en hið háa Alþingi tekur til starfa, tel jeg skylt að minnast eins af mikilhæfustu mönnum landsins, er látist hefir eftir að slitið var síðasta þingi. Þessi maður er Magnús landshöfðingi Stephensen, er andaðist 3. apríl þessa árs. Hann var fæddur 18. október 1836. Tók embættispróf í lögfræði 4. júní 1862. Eftir nokkurra ára dvöl í Kaupmannahöfn, sem aðstoðarmaður í dómsmálastjórninni, var hann 19. ágúst 1870 settur dómari við landsyfirdóminn og fjekk veitingu fyrir því embætti 13. apríl 1871. Skipaður landshöfðingi 10. apríl 1886, en fjekk lausn frá embætti 27. janúar 1904. Formaður milliþinganefndar í skattamálum, er skipuð var 10. nóv. 1875. Konungkjörinn alþingismaður frá 1877—1886. Þingm. Rangæinga 1903—1907. Forseti sameinaðs Alþingis 1883 og neðri deildar 1905 og 1907.

Sakir stöðu sinnar og afburða hæfileika átti hann um aldarfjórðung afarmikinn þátt í stjórnmálum landsins, jafnt lagasetningu sem umboðsstjórn, og ljet sjer einkar ant um að koma skipulagi á fjárhaginn, er landið hefir búið að fram á síðustu tíma.

Vil jeg skjóta því til háttv. þm. að heiðra minningu hans með því að standa upp.

Tóku þingmenn undir orð aldursforseta með því að standa upp.

Þessu næst kvaddi aldursforseti sjer til aðstoðar sem skrifara þá Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf. og Þorleif Jónsson, þm. A.-Sk.

Kosning forseta.

Þá ljet aldursforseti fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis, og fjell kosningin svo, að

Kristinn Daníelsson hlaut 20 atkv.
Hannes Hafstein 2 — ,

en 18 seðlar voru auðir.

Lýsti aldursforseti þá yfir því, að kosinn væri forseti sameinaðs Alþingis

Kristinn Daníelsson, 2. þm. G.-K.,

með 20 atkv.

Tók þá Kristinn Daníelsson forsetasæti og þakkaði kosninguna.

Ljet hann síðan kjósa varaforseta sameinaðs Alþingis, og fór kosningin á þá leið, að

Sigurður Eggerz hlaut 17 atkv.
Pjetur Jónsson 1 — ,

en 21 seðill var auður og 1 seðill ógildur.

Forseti lýsti þá yfir því, að kosinn væri varaforseti sameinaðs Alþingis

Sigurður Eggerz, 2. landsk. þm.,

með 17 atkv.

Kosning skrifara.

Því næst var gengið til kosningar á skrifurum sameinaðs Alþingis.

Hlutfallskosningar beiddust þessir þingmenn:

Guðjón Guðlaugsson,
Magnús Kristjánsson,
Stefán Stefánsson,
Matthías Ólafsson,
Sigurður Sigurðsson,
Pjetur Jónsson,
Hannes Hafstein,
Einar Jónsson og
Þórarinn Jónsson.

Tveir listar komu fram. Á öðrum, er forseti auðkendi A, var Jóhannes Jóhannesson, en á hinum, er merktur var B, Þorleifur Jónsson.

Með því að stungið var upp á jafnmörgum og kjósa átti, taldi forseti atkvæðagreiðslu óþarfa og lýsti kjörna skrifara sameinaðs Alþingis þá

Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf. og *Þorleif Jónsson*, þm. A.-Sk.

Kjörbrjefanefnd.

Að þessu loknu ljet forseti kjósa lögboðna kjörbrjefanefnd.

Beiddust þessir þingmenn hlutfallskosningar:

Guðmundur Björnson,
Bjarni Jónsson,
Guðjón Guðlaugsson,
Sigurður Eggerz,
Jón Jónsson,
Jóhannes Jóhannesson,
Magnús Kristjánsson,
Matthías Ólafsson og
Sigurður Sigurðsson.

Einn listi var borinn fram og voru á honum þessir menn:

Skúli Thoroddsen,
Ólafur Briem,
Magnús Torfason,
Jóhannes Jóhannesson,
Hannes Hafstein.

Með því að ekki bárust fleiri listar, lýsti forseti þessa menn kosna í kjörbrjefanefnd.

Á 5. fundi í Sþ., mánudaginn 27. ágúst, að fjarstöddum forseta (K. D.), mælti

Varaforseti (Sigurður Eggerz): Vegna fráfalls Skúla heit. Thoroddsens, þm. N.-Ísf., þarf að kjósa einn mann í kjörbrjefanefnd, og það er nauðsynlegt, að það sje gert nú þegar, því að hinn nýkosni þingmaður kjördæmisins, Sigurður prestur Stefánsson, er mættur til þingsetu. Nefndin þarf því strax að athuga kjörbrjef hans.

Jeg skal geta þess, að Sjálfstæðisflokkurinn, er tilnefndi Skúla heit. Thoroddsen í nefndina, hefir komið sjer saman um að tilnefna í hans stað hv. þm. Dala. (B. J.), og ef enginn hefir neitt að athuga, tel jeg hann rjett kjörinn í nefndina.

Engin andmæli komu fram, og lýsti því forseti kosinn í kjörbrjefanefnd

Bjarna Jónsson.

B.

Í efri deild.

Að loknum 1. fundi sameinaðs þings var fyrsti fundur Ed. settur.

Deildina skipuðu þessir þingmenn og voru þeir allir á fundi:

A. Landskjörnir þingmenn.

1. Hannes Hafstein, 1. landsk. þm.
2. Sigurður Eggerz, 2. landsk. þm.
3. Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm.
4. Guðjón Guðlaugsson, 4. landsk. þm.
5. Hjörtur Snorrason, 5. landsk. þm.
6. Guðmundur Björnson, 6. landsk. þm.

B. Kjördæmakjörnir þingmenn.

1. Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.

2. Guðmundur Ólafsson, 2. þm. Húnv.
3. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
4. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
5. Karl Einarsson, þm. Vestm.
6. Kristinn Daníelsson, 2. þm. G.-K.
7. Magnús Kristjánsson, þm. Ak.
8. Magnús Torfason, þm. Ísaf.

Elsti maður deildarinnar, Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm., tók forsetasæti og kvaddi sjer til aðstoðar sem fundarskrifara þá Eggert Pálsson, 1. þm. Rang. og Hjört Snorrason, 5. landsk. þm.

Kosning forseta og skrifara.

Ljet aldursforseti því næst ganga til kosninga um forseta deildarinnar. Kosningu hlaut:

Guðmundur Björnson, 6. landsk. þm., með 12 atkvæðum, en tveir seðlar voru auðir.

Forseti gekk þá til forsetastóls og ávarpaði deildina svo feldum orðum:

Jeg þakka háttvirtum þingbræðrum minum fyrir það mikla traust, sem þeir bera enn til mín, er þeir fela mjer að stjórna vinnubrögðum hjer í hæstv. deild.

Það voru erfiðir tímar hjer síðast, í vetur sem leið. Má segja, að þeir sjeu enn erfiðir. Er því ekki tími til að tala óþarfa orð. Nú er að eins tími til að vinna — vinna af öllum mætti fyrir þessa þjóð.

Þá ljet forseti ganga til kosninga um fyrri varaforseta.

Fór kosningin á þá leið, að

Guðjón Guðlaugsson hlaut 7 atkv. og
Magnús Torfason 7 —

Með því að enginn var kosinn samkvæmt þessum úrslitum, ljet forseti kjósa aftur óbundinni kosningu. Fjell sú kosning aftur svo, að sömu þingmenn hlutu sín 7 atkvæðin hvor.

Þar eð þessir tveir þm. höfðu við tvennar kosningar hlotið jafnmörg atkv., taldi forseti óþarft að láta fram fara bundna kosningu milli þeirra, og fjellst deildin á þá skoðun forseta.

Ljet forseti síðan varpa hlutkesti á milli þeirra, á þann hátt, að skrifarinn til hægri handar honum (H. Sn.) skyldi draga úr hlutkestiskassa deildarinnar tölu fyrir Magnús Torfason, en skrifarinn vinstra megin (E. P.) tölu fyrir Guðjón Guðlaugsson, en sá, er hærri tölu hlyti, skyldi teljast kosinn. Hlutkestið fór svo, að fyrir Guðjón Guðlaugsson kom upp talan 9, en fyrir Magnús Torfason talan 7.

Lýsti þá forseti yfir því, að kjörinn væri fyrri varaforseti:

Guðjón Guðlaugsson, þm. Stranda., með 7 atkv. Því næst ljet forseti fram fara kosningu annars varaforseta.

Fór kosningin á þessa leið:

Karl Einarsson	hlaut	6 atkv.
Magnús Kristjánsson		4 —
Magnús Torfason		2 — ,

en 2 seðlar voru auðir.

Var því kosningin endurtekin, og fór svo, að

Magnús Kristjánsson	hlaut	7 atkv.
Karl Einarsson		6 —
Magnús Torfason		1 —

Með því að enn hafði enginn meira en helming greiddra atkvæða, ljet forseti fram fara bundna kosningu milli þeirra Karls Einarssonar og Magnúsar Kristjánssonar, og fjell sú kosning svo, að

Magnús Kristjánsson hlaut 7 atkv.
Karl Einarsson 6 — ,

en einn seðill var auður.

Lýsti þá forseti kjörinn 2. varaforseta.

Magnús Kristjánsson, þm. Ak., með 7 atkv.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Kom fram einn listi og voru á honum Eggert Pálsson, 1. þm. Rang., og Hjörtur Snorrason, 5. landsk. þm.

Forseti lýsti því kosna skrifara deildarinnar þá

Eggert Pálsson og
Hjört Snorrason.

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Forseti skýrði frá, að forsætisráðherra legði fyrir deildina þessi frumvörp af hálfu landsstjórnarinnar.

1. Frv. til laga um framkvæmd eignarnáms.
2. — til laga um húsaleigu í Reykavík.
3. — til laga um slysatrygging sjómanna.
4. — til laga um mæli og vigtartæki.
5. — til laga um breyting á lögum frá 22. nóvember 1907, um vegi.
6. — til laga um viðauka við lög nr. 24, 9. júlí 1909, um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.
7. — til laga um fiskiveiðasamþyktir og lendingasjóði.
8. — til laga um breyting á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, og á lögum um breyting á þeim lögum, nr. 35, 3. nóv. 1915.
9. — til laga um þóknun til þeirra manna, er bera vitni fyrir dómi.
10. — til laga um lögræði.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg leyfi mjer hjer með að leggja fyrir hv. deild af stjórnarinnar hálfu frumvörp þau, er hæstv. forseti las upp.

Um frumvörpin finn jeg ekki ástæðu til að athuga neitt sjerstaklega. Væntanlega gerir viðkomandi ráðherra nánari grein fyrir frumvörpunum, er þau verða tekin á dagskrá til umræðu í fyrsta sinni hjer í háttv. deild.

Skipun fastanefnda.

Um leið og forseti lýsti dagskrá næsta fundar ávarpaði hann deildina svo feldum orðum:

Háttv. þingbræður! Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli yðar á því, að á næsta fundi vorum er fyrsti liður dagskrárinnar að kjósa fastanefndir deildarinnar.

Það er vandasamt verk.

Jeg lít svo á, að það verði í þetta sinn að vanda og íhuga sem allra best skipun nefndanna, í þeirri von, að sú skipun á fastanefndum, sem nú kemst á, geti haldist út alt kjörtímabilið.

Því að geti sú skipun haldist allan þann tíma, sem vjer eigum að vinna fyrir þjóðina, þá mun ekki bregðast, að störfin gangi greiðara og vinnan verði betri.

Oss forsetum hefir því komið saman um dagsþinghlje, svo að hv. þm. geti betur hugsað um, hverja kjósa skuli.

Á 2. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. júlí, var látin fram fara kosning fastanefnda samkvæmt 16. gr. þingskapanna, að viðhafðri hlutfallskosningu, og fór kosningin á þessa leið:

1. Fjárhagsnefnd.

Fram komu tveir listar.

A-listi: Hannes Hafstein,
Halldór Steinsson.

B-listi: Sigurður Eggerz,
Magnús Torfason.

Atkvæði fjellu svo, að
A-listi hlaut 7 atkv. og
B-listi 7 —

Kosnir voru
Hannes Hafstein,
Sigurður Eggerz og
Halldór Steinsson,
með hlutkesti milli hans og Magnúsar Torfasonar.

2. Fjárveitinganefnd.

Fram komu tveir listar.
A-listi: Eggert Pálsson,
Jóhannes Jóhannesson og
Magnús Kristjánsson.
B listi: Hjörtur Snorrason,
Karl Einarsson og
Guðmundur Ólafsson.
Kosningin fjell svo, að
A-listi hlaut 7 atkv.
B-listi 7 —
Kosnir voru
Eggert Pálsson,
Hjörtur Snorrason,
Jóhannes Jóhannesson,
Karl Einarsson og
Magnús Kristjánsson,
með hlutkesti milli hans og Guðmundar Ólafssonar.

3. Samgöngumálanefnd.

Fram komu tveir listar.
A-listi: Guðjón Guðlaugsson,
Halldór Steinsson.
B-listi: Sigurður Eggerz,
Kristinn Daníelsson.
Kosningin fjell svo, að
A-listi hlaut 7 atkv.
B-listi 7 —
Kosnir voru
Guðjón Guðlaugsson,
Sigurður Eggerz og
Halldór Steinsson,
með hlutkesti milli hans og Kristins Daníelssonar.

Síðar bættust í nefndina með samþykki deildarinnar:
Hjörtur Snorrason og
Jóhannes Jóhannesson.

4. Landbúnaðarnefnd.

Fram komu tveir listar.
A-listi: Guðjón Guðlaugsson,
Eggert Pálsson.
B listi: Guðmundur Ólafsson,
Hjörtur Snorrason.
Kosning fjell svo, að
A-listi hlaut 7 atkv.
B-listi 7 —
Kosnir voru
Guðjón Guðlaugsson,
Guðmundur Ólafsson og
Hjörtur Snorrason,
með hlutkesti milli hans og Eggerts Pálssonar.

5. Sjávarútvegsnefnd.

Fram komu tveir listar.
A-listi: Magnús Kristjánsson,
Halldór Steinsson.
B-listi: Kristinn Daníelsson,
Karl Einarsson.

Karl Einarsson: Jeg vil mótmæla því, að það sje leyfilegt að setja nafn hv. þm. Snæf. (H. St.) á listann, þar sem hann er áður kominn í tvær nefndir, og enginn þingmaður má samkvæmt þingsköpum eiga sæti nema í tveimur fastanefndum.

Forseti: Það atriði, sem hv. þm. Vestm. (K. E.) hreyfði, kemur ekki til greina fyr en atkvæðagreiðslu er lokið.

Karl Einarsson: Atkvæðagreiðsla er óþörf, þar sem að eins er stungið upp á þremur þingmönnum, sem eru kjörgengir í nefndina.

Forseti: Atkvæðagreiðslu þarf. Það er ekki víst, að atkvæðin falli nú eins

á listana og við fyrri kosningar. Hugsanlegt, þótt ekki sje líklegt, að annar listinn fengi öll 14 atkvæðin.

Atkvæði fjellu svo, að
A-listi hlaut 7 atkv.
B-listi 7 —
Kosnir voru
Magnús Kristjánsson og
Kristinn Daníelsson,
en þeir Karl Einarsson og Halldór Steinsson hlutu jöfn atkvæði.

Forseti: Þar sem Halldór Steinsson, þm. Snæf., er áður kosinn í tvær fastanefndir, og enginn þingmaður má eiga sæti í fleirum en tveimur fastanefndum, þá getur hann ekki komist í þessa nefnd, og fer því ekki fram hlutkesti milli hans og háttv. þm. Vestm., heldur úrskurðast, að
Karl Einarsson
er kosinn þriðji maður í nefndina.

Karl Einarsson: Jeg mótmæli þessari kosningu, sem algerlega ólöglegri.

Forseti: Jeg verð að telja þau mótmæli alveg ástæðulaus, því að hverjum flokki er sjálfrátt, þegar listakosning fer fram, að hafa hvort heldur vill 1 mann eða fleiri á lista.

6. Mentamálanefnd.

Fram komu tveir listar.
A-listi: Eggert Pálsson.
B-listi: Magnús Torfason,
Guðmundur Ólafsson.
Kosnir voru
Eggert Pálsson,
Magnús Torfason og
Guðmundur Ólafsson.

7. Allsherjarnefnd.

Fram komu tveir listar.
A-listi:
Hannes Hafstein.
Jóhannes Jóhannesson.
B-listi:
Magnús Torfason,
Kristinn Daníelsson.
Kosning fjell svo, að
A-listi hlaut 7 atkv.
B- — 7 —
Kosnir voru
Hannes Hafstein,
Magnús Torfason og
Kristinn Daníelsson,
með hlutkesti milli hans og Jóhannesar Jóhannessonar.

Fastanefndir fyltar.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 31. ágúst, að lokinni dagskrá, mælti

fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að vegna þess, að jeg er orðinn fjármálaráðherra, þá þarf að kjósa mann í 4 nefndir, sem háttv. deild hefir sett. Sumar þessar nefndir hafa stórmál með höndum, og það er nauðsyn, að þær geti starfað óslitið að málum sínum.

Jeg vil enn fremur vekja athygli á því, að þeirri reglu hefir áður verið fylgt, að þeir, er stóðu að kosning þess, er fór úr nefndinni, hafa tilnefnt mann í hans stað, og ef þeirri reglu verður fylgt hjer, sem jeg tel sjálfsagt, þá hefir Sjálfstæðisflokkurinn komið sjer saman um, hverja hann tilnefni í nefndirnar.

Forseti: Það er rjett, að vjer forsetar þingsins höfum tekið upp þá venju, að þegar maður fer úr fastanefnd, þá tilnefni sá flokkur, er að kosningu hans stóð, mann í hans stað. En hjer er ekki svo ástatt, heldur víkur maður úr *öllum* nefndum, er hann hefir

átt sæti í. Það mætti að vísu hafa sömu aðferð, að flokkurinn tilnefndi mann í hans stað, eins fyrir því, en með því gætu hlaðist ofmikil störf á einstaka þingmenn úr þeim flokki, og það er mjög óheppilegt fyrir vinnubrögð þingsins.

En það þarf að flýta fyrir þessu, og hefi jeg ætlað mjer að athuga málið vandlega eftir fund, og mætti þá kjósa í nefndirnar á morgun.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki mætti fresta fundi og athuga málið og síðan kjósa í nefndirnar nú strax. Jeg skal í því sambandi geta þess, að jeg var formaður í bjargráðanefnd og að henni hafa borist nú nýverið tvö frumvörp frá háttv. Nd., sem þarf að athuga strax. Það þarf því strax að kjósa mann í nefndina, svo að hún geti tekið til starfa í dag; ella seinkar störfum hennar, sem væri óheppilegt. Að öðru leyti vil jeg vísa til þess, sem jeg hefi áður tekið fram, um hver venja hafi verið um skipun nefnda, þegar maður hefir vikið úr þeim, og sje jeg ekki, að það breyti neinu, hvort um fasta- eða lausanefnd er að ræða.

Forseti: Jeg skal, úr því að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) telur þess brýna þörf, fresta fundi í 20 mínútur, svo að jeg geti ráðfært mig við flokkana um nefndarkosninguna.

Forseti gerði 20 mínútna fundarhlje.

Forseti: Það hefir orðið að samkomulagi milli flokkana að kjósa svo sem hjer segir í nefndir þær, er háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) sat í:

Í fjárhagsnefnd:
Guðm. Ólafsson, 2. þm. Húnv.
Í samgöngumálanefnd:
Kristinn Daníelsson, 2. þm. G.-K.,

og samkvæmt venju þeirri, er hjer hefir ríkt, tel jeg þá rjett kosna í nefndirnar.

Sætaskipun.

Forseti: Eins og yður, háttv. þingbræður, er kunnugt, á samkvæmt þingsköpum í byrjun hvers þings að hluta um sæti þingmanna, en með því nú að embættismannaskipun hjer í Ed. er óbreytt frá því, sem hún var á síðasta þingi, þá vil jeg skjóta því til háttv. þm., hvort þeir óski eftir, að hlutað sje um sætin, því að sje það ósk manna, þá tel jeg fyllilega heimilt, að sætaskipun haldist óbreytt — —

Úr því að enginn óskar eftir því, tel jeg rjett, að sætaskipun sú haldist, er komst á á síðasta Alþingi.

(Sjá Alþt. 1916—17, B. II., bls. 10).

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur eftir að sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á 1. fundi og þeir þingmenn voru til efri deildar gengnir, er þar áttu sæti.

Sátu þessir þingmenn neðri deild:

1. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
2. Bjarni Jónsson, þm. Dala.
3. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
4. Björn Stefánsson, 2. þm. S.-M.
5. Einar Arnórsson, 2. þm. Árn.
6. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
7. Einar Jónsson, 2. þm. Rang.
8. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
9. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
10. Jón Jónsson, 1. þm. N.-M.
11. Jón Magnússon, 2. þm. Reykv.
12. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Reykv.
13. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
14. Magnús Pjetursson, þm. Stranda.
15. Matthías Ólafsson, þm. V.-Ísf.
16. Ólafur Briem, 2. þm. Skagf.
17. Pjetur Jónsson, þm. S.-Þ.
18. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
19. Pjetur Þórðarson, þm. Mýra.
20. Sigurður Sigurðsson, 1. þm. Árn.
21. Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf.
22. Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.
23. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
24. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.
25. Þorsteinn Jónsson, 2. þm. N.-M.
26. Þórarinn Jónsson, 1. þm. Húnv.

Forsætisráðherra kvaddi aldursforseta, Ólaf Briem, 2. þm. Skagf., til þess að stýra fundi. Tók hann við fundarstjórn og kvaddi sjer til aðstoðar sem skrifara Gísla Sveinsson, þm. V.-Sk. og Þorstein Jónsson, 2. þm. N.-M.

Kosning forseta og skrifara.

Ljet aldursforseti þá ganga til kosninga um forseta deildarinnar.

Forseti deildarinnar var kosinn

Ólafur Briem, 2. þm. Skagf.,

með 18 atkvæðum.

Pjetur Jónsson, þm. S.-Þ., hlaut 1 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Fyrri varaforseti var kosinn

Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.,

með 13 atkv.

Pjetur Jónsson, þm. S.-Þ., hlaut 1 atkv., en 12 seðlar voru auðir.

Þá var gengið til kosninga um 2. varaforseta.

Í fyrstu hlaut Hákon Kristófersson, þm. Barð., 6 atkv., Bjarni Jónsson, þm. Dala., 4 atkv., Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk., 1 atkv., Jón Jónsson, 1. þm. N.-M., 1 atkv., en 13 seðlar voru auðir.

Með því að enginn fekk nægilegt atkvæðamagn, varð að endurtaka kosninguna, og hlaut þá kosningu sem annar varaforseti

Bjarni Jónsson, þm. Dala.,

með 9 atkv.

Hákon Kristófersson, þm. Barð., hlaut 8 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

Síðan fór fram kosning skrifara.

Forseti gat þess, að eftirtaldir þingmenn hefðu beiðst hlutfallskosningar: Matthías Ólafsson, Sigurður Sigurðsson, Stefán Stefánsson, Einar Jónsson, Þórarinn Jónsson, Pjetur Jónsson.

Komu fram tveir listar, A-listi og B-listi. Á A-lista var Gísli Sveinsson, en á B-lista Þorsteinn Jónsson,

Lýsti þá forseti yfir því, að sjálfkjörnir skrifarar væru þeir
Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., og
Þorsteinn Jónsson, 2. þm. N.-M.

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Því næst las forseti upp brjef frá forsætisráðherra, þar sem hann tilkynnir, að hann muni leggja fyrir deildina í dag þessi frumvörp af hálfu landsstjórnarinnar:

1. Frv. til laga um samþykt á landsreikningunum fyrir árin 1914 og 1915.
2. — til fjárlaga fyrir árin 1918 og 1919.
3. — til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.
4. — til fjáraukalaga fyrir árin 1916 og 1917.
5. — til laga um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.
6. — til laga um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.
7. — til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.
8. — til laga um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu.
9. — til laga um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót.
10. — til laga um breyting á og viðauka við lög 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.
11. — til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 31, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir hv. deild þau 11 frv., sem hæstv. forseti taldi upp.

Það hefir verið venja á undanförnum þingum, að ráðherra hefir gert grein fyrir fjárhag landsins, um leið og stjórnarfrumvörpin voru lögð fram. Ráðuneytið hefir nú litið svo á, sem rjettara væri að bíða með þessa greinargerð þar til er fjárlögin koma til 1. umr., sem væntanlega verður eftir 2 daga, og mun þá fjármálaráðherrann gefa yfirlit yfir þetta, fjárhag landsins.

Jeg býst við því, að um miðja þessa viku verði hægt að leggja fyrir þingið skýrslu um ófriðarráðstafanir, og sje því ekki heldur ástæða til þess að minnast á þau efni nú.

Skipun fastanefnda.

Forseti: Á næsta fundi deildarinnar, miðvikudaginn 4. júlí, fer fram kosning fastanefnda samkvæmt 16. gr. þingskapanna, og vil jeg áminna þingmenn um að vanda vel til þeirra kosninga.

Á 2. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. júlí, fór fram kosning fastanefnda samkvæmt 16. gr. þingskapanna.

Matthías Ólafsson: Jeg vildi leyfa mjer að fara þess á leit, að kosið verði í þessar nefndir með hlutfallskosningum.

Var nú gengið til kosninga, og komu fram 3 listar, merktir A, B og C.

Hlutu þessir þingmenn kosningu í nefndirnar.

1. Í fjárhagsnefnd.

Af A lista Gísli Sveinsson,
Þórarinn Jónsson.
Af B-lista Hákon Kristófersson.
Af C-lista Magnús Guðmundsson,
Þorsteinn Jónsson.

2. Í fjárveitinganefnd.

Af A-lista Pjetur Jónsson,
Matthías Ólafsson,
Magnús Pjetursson.
Af B-lista Bjarni Jónsson,
Skúli Thoroddsen.
Af C-lista Jón Jónsson,
Þorleifur Jónsson.

Matthías Ólafsson: Jeg vildi leyfa mjer að skjóta þeirri athugasemd til hæstv. forseta, hvort hann vildi ekki bera undir deildina afbrigði frá þingsköpum, að því er snertir kosningu í samgöngumálanefnd. Starf þessarar nefndar er svo umfangsmikið, að mjer virðist ekki veita af, að hún sje skipuð 7 mönnum í stað 5, eins og gert er ráð fyrir í þingsköpunum, og geri jeg það að tillögu minni.

Afbrigðin leyfð af forsætisráðherra og samþykt með öllum greiddum atkvæðum.

3. Í samgöngumálanefnd.

Af A-lista Þórarinn Jónsson,
Gísli Sveinsson,
Björn Stefánsson.
Af B-lista Benedikt Sveinsson,
Hákon Kristófersson.
Af C-lista Þorsteinn Jónsson,
Þorleifur Jónsson.

4. Í landbúnaðarnefnd.

Af A-lista Sigurður Sigurðsson,
Stefán Stefánsson.
Af B-lista Pjetur Þórðarson.
Af C-lista Einar Árnason,
Jón Jónsson.

5. Í sjávarútvegsnefnd.

Af A-lista Björn Stefánsson,
Matthías Ólafsson.
Af B-lista Pjetur Ottesen.
Af C-lista Jörundur Brynjólfsson,
Sveinn Ólafsson.

6. Í mentamálanefnd.

Af A-lista Magnús Pjetursson,
Stefán Stefánsson.
Af B-lista Bjarni Jónsson.
Af C-lista Sveinn Ólafsson,
Jörundur Brynjólfsson.

7. Í allsherjarnefnd.

Af A-lista Einar Arnórsson,
Einar Jónsson.
Af B-lista Pjetur Ottesen.
Af C-lista Magnús Guðmundsson,
Einar Árnason.

Fastanefndir fyltar.

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. júlí, var kjörinn í fjárveitinganefnd, í stað Skúla Thoroddsens, er ljest 24. s. m.,
Benedikt Sveinsson.

Sætaskipun.

Að lokinni kosningu forseta og skrifara, á 1. fundi í Nd., lýsti forseti yfir því, að svo framarlega sem eigi kæmu mótmæli fram, yrði látið sitja við þá sætaskipun þingmanna, sem var á síðasta þingi, og mælti enginn á móti því.
(Sjá Alþt. 1916—17, B. III., bls. 11—12).

Frumvörp, samþykt sem lög.

I.

Stjórnarfrumvörp.

1. Fjárlög 1918 og 1919.

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 2. júlí, var útbýtt

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1918 og 1919. (A. 1).

Á 2. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðh. (B. K.): Jeg vil leyfa mjer að gefa stutt yfirlit yfir fjárhaginn, eins og mjer virðist hann vera sem stendur.

Tekjurnar 1916 hafa til þessa reynst um kr. 3,237,052. Þær voru áætlaðar kr. 2,104,100. Mismunurinn á áætlun og innkomnu fje til þessa er því kr. 1,132,952.

Þessi tekjuafgangur, sem er æði mikill, liggur í því, að tekjurnar urðu á ýmsum liðum meiri en áætlað var. Þannig varð útflutningsgjald kr. 302,729
en það var áætlað . . . — 210,000
Mismunur . . . . . kr. 92,729
Tóbakstollur reyndist . . . kr. 553,238
en var áætlaður . . . — 500,000
Mismunur . . . . . kr. 53,238
Kaffi- og sykurtollur varð kr. 366,956
en var áætlaður . . . — 325,000
Mismunur . . . . . kr. 41,956
Símatekjur reyndust . . . kr. 359,023
en voru áætlaðar . . . — 195,000
Mismunur . . . . . kr. 164,023

En langmest munar um verðhækkunartollinn, sem ekki var á áætlun. Hann mun hafa numið um kr. 524,484,00. Að vísu skal jeg taka það fram, að skýrslur hagstofunnar segja þessar tekjur dálítið hærri, en það liggur í því, að ekki var alt komið inn.

Svo eru enn ýmsir aðrir tekjuliðir, sem hafa farið fram úr áætlun, svo sem ábúðar- og lausafjárskattur, tekjuskattur, aukatekjur, erfðafjárskattur, vínfangatollur o. fl. Yfir höfuð hafa allir liðir farið fram úr áætlun, að undanteknum tveim, sem hafa reynst nokkru lægri en áætlað var. Vitagjald reyndist 6,297 kr. lægra en áætlað var, og endurgjald á öðrum fyrirframgreiðslum varð 3,498 kr. fyrir neðan áætlun.

Þá sný jeg mjer að gjaldaliðunum.

Útgjöldin 1916 hafa reynst
til þessa . . . . . kr. 2,938,274
en þau voru áætluð . — 2,248,084
Mismunur . . . . . kr. 690,190

Þessi mikli mismunur liggur að mestu leyti í greiðslum samkvæmt lögum, sem ekki hafa verið teknar upp í fjárhagsáætlun. En að öðru leyti liggur hann í umframgreiðslum á ýmsum liðum, og er hraðskeytasambandið þar þyngst á metunum. Það hefir tekið með sjer kr. 43,338,79 umfram áætlun.

Eins og jeg tók fram áður hafa tekjurnar 1916 reynst . . . kr. 3,237,052
en útgjöldin urðu . . — 2,938,274
Tekjuafgangurinn er þá kr. 298,778
Við það bætist bráðabirgðalán, sem landssjóður hefir lagt til landsverslunarinnar 1916 kr. 50,000
Afgangur ætti því að vera kr. 348,778
Talið er, að staðið hafi í landsversluninni frá 1914—15 . . . kr. 449,333
Ef þar frá er dreginn tekjuhalli á landsreikningum . kr. 181,533
verða eftir . . . . . kr. 267,800
Tekjuafgangur þriggja síðastliðinna ára mundi því nema . . . kr. 616,578
Ef hjer frá er dregin dýrtíðaruppbótin, sem veitt var á síðasta þingi og mun hafa numið um . . . . . kr. 420,000
þá verður afgangurinn . kr. 196,578

Þó að þessi útgjöld komi ekki á reikning fyr en 1917, tel jeg rjett að telja þau með útgjöldunum 1916, þegar verið er að ræða um fjárhaginn það ár.

Verði fjáraukalögin 1916—1917 samþykt með líkri upphæð og í þeim er nú, þá nema þau að frádregnu því, sem þegar er greitt, um 232,000 kr. Er þá tekjuafgangurinn fyllilega uppunninn og þó heldur kominn tekjuhalli, því að samkvæmt framansögðu kemur nú til að vanta um 36,000 kr. Annars er að svo stöddu alls ekki hægt að segja um fjárhaginn upp á hár, og liggur það meðal annars í slæmum samgöngum milli Íslands og Danmerkur, því að í Kaupmannahöfn fara fram ýmsar greiðslur, sem ekki er til fulls vitað um enn þá, hverju nema. Þessar greiðslur, og ef til vill einhverjar aðrar greiðslur, sem tilheyra árinu 1916, eru ekki komnar til reiknings enn, og svo getur má ske verið um einhverjar tekjur líka. En þó hygg jeg, að ekki geti verið um neinn verulegan tekjuhalla að ræða á þessum þrem síðastliðnu árum. Það, sem einkum gerir það örðugt, að segja um fjárhaginn upp á hár, er það, að landssjóðsversluninni hefir verið blandað saman við landsreikninginn, og hefir það valdið skekkjum og óvissu í reikningsfærslunni. En þetta liggur í því, að menn hafa í upphafi hugsað sjer, að landssjóðsverslunin yrði það lítilræði, að ekki myndi taka því að hafa sjerstaka reikningsfærslu fyrir hana. En nú hefir þessi verslun aukist að miklum mun, og hefir það, eins og jeg sagði áðan, valdið töluverðum ruglingi, að henni hefir verið blandað saman við landsreikninginn.

Eins og mönnum mun vera ljóst af framansögðu, þá er ekki hægt að byggja á tekjuafgangi umliðinna ára, þegar gengið verður frá fjárlögunum fyrir árin 1918—1919. Og ekki er heldur hægt að grípa til viðlagasjóðs, því að hann liggur ekki með handbært fje. Fjárlögin sjálf eru ekki nema brot af útgjöldunum, og verði nú þau stjórnarfrumvörp samþykt, sem hafa fjárútlát í för með sjer, verður einnig að taka tillit til þeirra, þegar endanlega verður gengið frá fjárlögunum.

Það þyrfti að vera regla, þegar þingið samþykkir lög, er baka landinu útgjöld, að gera áætlun um útgjöldin og taka upp í fjárlögin. Áætlunina er ekki að marka, nema öll vitanleg útgjöld sjeu þar talin.

Þótt nú sje ekki um tekjuafgang að ræða, og gjöldin sjeu eins mikil og verið hefir, þá vil jeg benda á, að eigi er svo að skilja, að allar greiðslur landssjóðs 1914—16 hafi orðið að eyðslufje. Get jeg bent á, til dæmis, tillag til Eimskipafjelagsins 100 þús. kr., og enn fremur framlag til Landsbankans 300 þús. kr., og til ýmissa sjóða allstórar upphæðir samkvæmt lögum.

Þá er að skýra frá verðbrjefaeign landssjóðs 31. des. 1916. Hún er þessi:

1. Í konunglegum ríkisskuldabrjefum	kr.	315,000,00
2. Í bankavaxtabrjefum 2. fl. veðd. . .	—	110,000,00
3. Skuldabrjef fyrir lánum	—	1,435,726,00
4. Óveðbundin bankavaxtabrjef	—	1,011,300,00
Samtals	kr.	2,872,026,00
Þar við bætast hlutir í Eimskipafjelaginu 100 þús. kr. og í Landsbankanum 300 þús. kr.	—	400,000,00
Þetta verður samtals	kr.	3,272,026,00

Þá eru skuldirnar 31. des. 1916. Þær eru:

1. Ritsímalán frá 1908, að eftirstöðvum	kr.	266,666,66
2. Lán frá 1909 (bankavaxtabrjef) . . .	—	1,125,000,00
3. Lán frá 1912 (sömuleiðis bankavaxtabrjef)	—	220,833,33
4. Lán frá 1912, tekið vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.) .	—	366,666,66
5. Ritsímalánið 1913 .	—	474,496,65
6. Lán til loftskeyta, tekið 1916	—	100,000,00
Samtals	kr.	2,553,663,30

Verðbrjefaeignin var þannig 31. des. 1916 kr. 718,362,70 fram yfir skuldir.

Við þessa arðbæru eign bætast svo aðrar arðbærar eignir landsins, svo sem:

Ritsíminn . . .	kr.	2,312,754,00
Ræktunarsjóður .	—	462,000,00
Fiskveiðasjóður .	—	304,000,00
Landhelgissjóður .	—	84,388,00

o. fl.

Annars mun bráðabirgðayfirlit yfir tekjur og gjöld landssjóðs 1916 verða lagt fram á lestrarsal. Þar geta háttv. þm. kynt sjer það, og eins munu þeir geta fengið upplýsingar hjá stjórninni, ef breytingar verða á því. Því að það liggur í augum uppi, að yfirlit þetta er engin endanleg uppgerð. Það má einnig búast við, að tekjurnar 1917 verði minni en áætlað var, og vel getur svo farið, að tekjurnar 1918—19 verði minni en stjórnin gerði sjer vonir um, er hún samdi frumvarpið. Óvissan er svo mikil, að ómögulegt er að gera nokkra skynsamlega áætlun um tekjurnar og gjöldin. Þegar fjárlagafrumvarpið var samið, hafði stjórnin ekki átt kost á að sjá hag landsreikningsins fyrir árið 1916. Því ákvað stjórnin að þrengja sem mest útgjöldin og yfir höfuð spara sem mest.

Ef nú væri um friðartíma að ræða, yrði ekki annað sagt en að fjárhagurinn væri góður. En á ófriðartímum, eins og nú, stendur hann fullhöllum fæti og getur orðið þröngur, ef út af ber. Ekki þyrfti annað en að Danmörk kæmist í stríðið, því að þar er vort lánstraust. Viðlagasjóð höfum vjer að vísu allglæsilegan. En hann er að eins á pappírnum, en liggur ekki í handbæru fje, sem gripið verði til, ef á liggur. Og peningar vorir eru seðlar, sem hvergi eru gjaldgengir, nema innan lands, ef sambandið slitnar við Danmörku. Ef því eitthvað ber út af, verðum vjer að leita til annara þjóða um lán, sem geta

orðið oss fulldýr, svo að jafnvel frelsi landsins verði að setja að veði. En slíkt kemur vonandi aldrei fyrir.

Þetta stafar nú ekki af fátækt, heldur af því, hvernig vjer komum eigum vorum og peningamálum fyrir. Ef vjer hefðum allan viðlagasjóðinn í handbæru fje, og mynt í stað seðla, gætum vjer flotið lengi.

Það er vandi að semja fjárlög á friðartímum, en enn meiri vandi er það á styrjaldartímum, eins og nú, þegar tekjurnar eru óvissar, en þarfirnar alstaðar. Á fyrri ára tekjuafgangi er ekki að byggja, eins og jeg hefi áður bent á, og því koma nú fjárlögin fram reikningshallalaus. Það getur vel verið, að stjórnin hafi ekki verið nógu varkár með að áætla tekjurnar, en langt er síðan áætlunin var gerð, og alt breytist daglega. Ráðuneytinu er það ljóst, að þarfirnar eru margar, og það sannar þarfir, sem þó ekki er hægt að uppfylla, eins og nú standa sakir. Menn verða að sætta sig við að bíða, þegar svona stendur á; það verða menn jafnvel að gera á friðartímum. Það er eðlilegt, að þarfirnar sjeu margar í landi er telja má ónumið land, en framleiðsluskilyrði takmarkalítil, ef ekki skortir fje. En það er eðlilega ekki hægt að koma stórstígum framkvæmdum á, nema með stórlánum, eða mjög auknum tollum og sköttum eða hvorutveggja.

Tekjuafgangur fjárlaganna er áætlaður um $6^1/_2$ þús. kr. En jeg vil benda á, að á bls. 9 í 12. gr. 14. hefir læðst inn prentvilla. Þar stendur: Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla 3000 kr., en á að vera 5000 kr. Tekjuafgangurinn lækkar því niður í um $2^1/_2$ þús. kr.

Að öðru leyti vil jeg ekki fara út í einstök atriði fjárlagafrv., en vísa til athugasemdanna við það. Jeg geri ráð fyrir, að því verði vísað til fjárveitinganefndar og 1. umr. frestað.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjárveitinganefndar (sjá A, bls. 1610) í e. hlj., og 1. umr. frestað.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 21. ágúst, var frumvarpið tekið til f r h. 1. u m r. (A. 1, n. 487, 500 og 531, 503, 532).

Frsm. fjárhagsnefndar (Magnús Guðmundsson): Það mun vera siður að gefa við 1. umræðu fjárlaganna yfirlit yfir hag landssjóðs, eins og hann er, og eins og líklegt er, að hann verði við lok þess fjárhagstímabils, sem í hönd fer. Jeg ætla nú að reyna að gefa þetta yfirlit. En það er mjög erfitt verk, eins og nú stendur á, því að mjög erfitt er að gera nokkra ábyggilega áætlun um tekjur landssjóðs. Það er ekki einu sinni hægt að segja neitt með vissu um tekjurnar á yfirstandandi ári. Við fyrri hluta þessarar umr. gaf hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) nákvæmt og ítarlegt yfirlit yfir hag landsins, eins og hann var í árslok 1916. Jeg geng út frá, að þar hafi verið rjett frá skýrt. Fjárhagsnefnd hefir ekki sjeð sjer fært að athuga það nánar, enda liggur þar mikið verk að baki, svo mikið, að nefndinni hefði ekki unnist tími til að rannsaka það niður í kjölinn. Í árslok 1915 var tekjuhalli 50,000 kr. Þetta er ekki alveg ljóst eftir landsreikningunum fyrir síðasta fjárhagstímabil, því að skuld landssjóðsverslunarinnar frá 1914, sem var mikið á 5. hundrað þús. kr., er blandað saman við fjárhag landssjóðs, svo að tekjuhallinn sýnist í landsreikningunum, við skjóta athugun, meiri en hann er í raun og veru. Á árinu 1915 er öðru máli að gegna. Þá er tekjuhallinn enginn, heldur tekjuafgang-

ur, og á því ári er tillagið til landssjóðsverslunarinnar, sem er að eins nokkuð á 2. hundrað þúsund kr., að eins fært gjaldamegin, svo að tekjuafgangurinn er meiri í raun og veru en lítur út af landsreikningnum. Þetta segi jeg ekki af því, að þessi færsla í landsreikningnum sje eigi rjett, heldur að eins til þess að sýna fram á, hvernig á að líta á þessi atriði, til að fá fram hinn rjetta tekjuhalla síðasta fjárhagstímabils. Við árslok 1915 var tekjuhalli sem sagt 50,000 kr. Eftir yfirliti hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) var tekjuafgangur í árslok 1916 . . . . . kr. 300,000
Útgjöldin eru áætluð 1917 — 2,100,000
Það er ekki alveg helmingur þeirra útgjalda, sem áætluð eru yfir fjárhagstímabilið. Kemur það af því, að minna var veitt til ýmsra fyrirtækja síðara árið heldur en fyrra. Ef svo er litið á fjárhaginn, eins og vænta má að hann verði í lok yfirstandandi árs, þá eru útgjöldin samkvæmt fjárlögunum fyrir þetta ár . . . . . kr. 2,150,000
ef tekjuhallinn frá 1915 er tekinn með. Auk þess eru á leiðinni fjáraukalög fyrir árin 1916—1917, sem auka gjöldin um hjer um bil 300,000 kr.

Þess skal þó getið, að af þeirri upphæð eru þegar greiddar um 50,000 kr., svo að eftir er að greiða 250,000 kr. Svo kemur dýrtíðaruppbótin til embættismanna og sýslunarmanna, sem samþykt var á aukaþinginu í vetur. Eins og deildinni er kunnugt nam sú upphæð 420,000 kr.

Reikningurinn lítur þá þannig út við lok þessa árs, eftir því sem næst verður komist:

Tekjuhalli frá 1915 .	kr.	50,000,00
Útgj. samkv. fjárl. 1917	—	2,100,000,00
Fjáraukalög 1916—1917	—	250,000,00
Dýrtíðaruppbót 1917 .	—	420,000,00
Samtals	kr.	2,820,000,00

Þá er að athuga, hvað til er upp í þessar nærfelt 3 miljónir kr., er borga þarf út árið 1917. Þar er þá fyrst og fremst tekjuafgangur frá 1916, kr. 300,000,00, í öðru lagi tekjur á árinu 1917. 1. júlí var komið inn sem næst 1 miljón kr. Ef tekjurnar yrðu svipaðar á síðara helmingi ársins, þá yrðu tekjurnar alls kr. 2,000,000,00 og að viðbættum tekjuafgangi frá 1916 kr. 2,300,000,00.

En það er hæpið, að tekjurnar verði svona miklar. Þær eru venjulega minni síðara helming ársins, og nú stendur sjerstaklega á, þar sem búast má við, að verðhækkunartollurinn falli niður 16. sept. þ. á., en hann hefir verið drýgstur síðari hluta ársins hingað til. En þótt tekjurnar yrðu jafnmiklar á síðari helmingi ársins eins og þeim fyrri, þá vantar samt kr. 520,000,00 til þess að vega á móti þeim útgjöldum, sem þegar eru talin. Þar við bætist svo dýrtíðaruppbót á þessu ári, sem áætluð er 300,000,00 kr. Þá er tekjuhallinn orðinn kr. 820,000,00. Að vísu kemur þetta líklega ekki alt til greiðslu á þessu ári, en það verður þá greitt seinna og kemur því í sama stað niður. Enn er ótalinn kostnaður við aukaþingið í vetur. Af honum greiðast á þessu ári 25,000 kr.

Enn fremur ber þess að gæta, að ekki eru öll útgjöld tilfærð í fjárlögunum, svo að það getur verið villandi að miða fjárhag landsins eingöngu við þau. T. d. er tillagið til Landsbankans, 100,000 kr., ekki talið með í núgildandi fjárlögum, en í fjárlagafrumv. fyrir næsta fjárhagstímabil er það tekið með. Svo er hæpið, að tekjurnar á þessu ári verði eins miklar og hjer er áætlað.

Gjaldið til Landsb. er kr. 100,000,00
Tekjuhallinn þá allur . — 945,000,00
eða nær 1 miljón kr., þegar alt er tek-

ið með. Að vísu geta útgjöldin minkað eitthvað, ef skólunum verður ekki haldið uppi í vetur, en aftur á móti má búast við auknum útgjöldum til spítala og opinberra stofnana.

Þá er víst, að niður falla útgjöld til ýmsra mannvirkja, sem ekki er hægt að vinna að sökum efnisskorts. Má nefna þar til höfn í Vestmannaeyjum, brú á Hjeraðsvötn o. fl. En þó að þannig sparist eitthvað af útgjöldum, þá er ekki varlegt að búast við minni tekjuhalla en þetta við lok þessa árs.

Þá er að athuga fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Stjórnin lagði fyrir þingið fjárlagafrumvarp, sem eftir hennar áætlun var tekjuhallalaust. Fjárhagsnefnd og fjárveitinganefnd hafa nú athugað, hvort líklegt sje, að tekjurnar og gjöldin standist á, eftir áætlun stjórnarinnar. Niðurstaðan hefir orðið sú, að áætlaðar tekjur hafa verið færðar talsvert niður, en útgjöldin færð mikið upp. Eftir áætlun fjárhagsnefndar verður tekjulækkunin bæði árin kr. 240,000,00. Ef tillögur fjárveitinganefndar verða samþyktar, þá aukast útgjöldin um kr. 531,991,30, eftir því sem framsögumaður fjárveitinganefndar, háttv. þm. Stranda. (M. P.), hefir tjáð mjer. Þar við bætast svo útgjöld eftir tillögum samgöngumálanefndar, kr. 145,300,00.

Samgöngumálanefnd hefir reyndar ekki áætlað neitt til strandferða, nema til flóabáta, fyrir þá sök, að landssjóður annast þær sjálfur. En óvarlegt er að ætla, að engu þurfi til þeirra að verja. Þótt ferðirnar sjeu færri en áður, þá eru þær miklu dýrari nú, og fyrst að strandferðir hafa aldrei borgað sig áður, þá er ekki líklegt, að þær borgi sig frekar nú. Jeg áætla því, að strandferðir kosti 75,000 kr. á ári, eins og áður hefir verið, og er sú upphæð innifalin í áðurnefndum 145,300 kr. Útgjöldin verða því stórum meiri en stjórnin hefir búist við. Eftir áætlunum nefndanna verða þau kr. 677,291,30 meiri en stjórnin áætlaði. Þar við bætast svo útgjöld eftir sjerstökum lögum frá þessu þingi, svo sem lögum um fyrirhleðslu fyrir Markarfljót, Flóaáveituna, hækkun hreppstjóralauna, almennan ellistyrk og þingsályktun um kolanámurannsókn, sendimenn til útlanda o. s. frv. Það er því sýnilega ekki of í lagt að áætla útgjaldaaukann á fjárhagstímabilinu kr. 700,000,00.

Þar við bætist niðurfærsla teknanna hjá fjárhagsnefnd . . kr. 240,000,00
Tekjuhalli á fjárhagstímabilinu . . . . — 940,000,00
eða nærfelt 1 miljón kr. Ef tekjuhalli ársins 1917 er tekinn með, þá er útlit fyrir, að við lok næsta fjárhagstímabils verði tekjuhallinn 2 miljónir kr., og það er engin ástæða til að ætla, að hann verði minni. Eins og háttv. deild getur sjeð er því full ástæða til að fara sem allra sparlegast með fjeð, og eins að reyna að sjá fyrir nýjum tekjum. — Eins og kunnugt er liggja nú ýms tekjuaukafrumvörp fyrir þinginu. Ef þau verða öll samþykt, má ætla, að tekjurnar aukist um hálfa miljón og tekjuhallinn færist því niður um sömu upphæð, en aftur á móti kemur þá dýrtíðaruppbót fyrir árin 1918—1919. En enn er ekki útsjeð um afdrif þessara frumvarpa, og um eitt þeirra er jafnvel sagt, að afráðið sje að fella það. Það er því ekki að vita, hve mikils má vænta af auknum tekjum frá þessu þingi.

Jeg hefi ekki sjeð mjer fært að fara í neinar grafgötur um peningaforða landssjóðs, enda upplýsir það ekki mikið um hag landssjóðs, hvort mikið eða lítið af peningum er í vörslum landssjóðs á einhverjum ákveðnum tíma. Til þess, að eitthvað sje á slíku að byggja, þarf að gera yfirlit um skuldir landssjóðs um leið, en í því efni liggja ekki nægar

skýrslur fyrir þinginu. Þá vantar og skýrslu um skipakaup landssjóðs og hversu mikið hann hefir til þessa tíma lagt í landssjóðsverslunina. Eru þetta þýðingarmikil atriði, sem jeg vona, að vjer fáum skýrslur um frá hæstv. stjórn. Jeg vona, að verslunin beri sig. Jeg vona, að það reynist svo, þegar öll kurl koma til grafar, að hún hafi borið sig. En til þess þarf hún að hafa grætt og græða talsvert nú, því að vitanlegt er, að hún muni verða fyrir skaða seinna, þegar vörurnar falla í verði, og verður sá skaði að sjálfsögðu því meiri, sem meiri vörur verða þá til. Jeg verð einnig að ganga út frá, að leiga skipanna og allur kostnaður við þau sje lagður á vöruna. Hitt væri meiningarlaust að láta landssjóð borga aðflutning á vörum. Jeg vænti því fastlega, að hæstv. stjórn sjái um, að verslunin og skipakaupin beri sig fjárhagslega, því að verði svo eigi, er ómögulegt að mynda sjer rökstudda skoðun um fjárhag landsins.

Eftir þessum upplýsingum er öllum ljóst, að hjá því verður ekki komist að taka lán til að standast útgjöldin, lán beinlínis til eyðslu á næsta fjárhagstímabili. Það er víst í fyrsta sinni í fjármálasögu þessa lands, sem þess hefir þurft. Við því er í sjálfu sjer ekkert að segja. Það er ekkert við það að athuga, þó að nú þurfi að taka lán. Slíkir tímar sem nú eru hafa aldrei yfir dunið, og má telja rjettmætt að jafna byrðinni niður á lengri tíma. En hins vegar er þinginu skylt að reyna að sjá um, að lánsupphæðin verði sem minst, og það ætti að reyna að halda svo í á báða vegu, að tekjuhallinn verði sem minstur. Í þessu efni hvílir mikil ábyrgð á þessu þingi, og vona jeg, að háttv. deild athugi það og reyni af fremsta megni að draga úr útgjöldunum. Á því ríður oss nú meir en nokkru sinni áður.

Framsm. fjárveitinganefndar (Bjarni Jónsson): Jeg stend að eins upp til að lýsa yfir því, að fjárveitinganefnd telur enga þörf að taka þátt í umræðum að þessu sinni, en vill geyma að gera grein fyrir tillögum sínum, þar til við 2. umr. Ef einhverjir hafa eldhúsverkum að gegna, þá geta þeir þess vegna byrjað á þeim nú þegar.

Gísli Sveinsson: Jeg bjóst við, að hæstv. landsstjórn mundi segja nokkur orð nú þegar, út af yfirliti háttv. frsm. fjárhagsnefndar (M. G.) yfir fjárhag landsins, eins og hann er nú og eins og hann væntanlega verður við lok þess fjárhagstímabils, sem í hönd fer. Jeg geri ráð fyrir, að stjórnin hafi ekki talið þess þörf að segja neitt við þessu yfirliti, þótt það skjóti nokkuð skökku við áætlun hennar sjálfrar í fjárlagafrumvarpinu. Það hefir þótt við eiga að láta ekki hjá líða að ræða eitthvað um helstu vandamál þjóðarinnar á þessum degi, eða við framhald 1. umr. fjárlaganna. Jeg hefi því kvatt mjer hljóðs til þess að drepa á eitthvað af þessum málum. Þótt það sjeu kölluð eldhúsverk, þá tel jeg mjer ekki neitt sjerstaklega skylt að moka eða hreinsa til í herbúðunum. En margt kemur fyrir á heilu fjárhagstímabili, sem vert er að athuga og æskja skýringar á, og að þessu sinni er það ekki hvað minst, sem á herðum stjórnarinnar hvílir. Á þessu fjárhagstímabili hafa orðið stjórnarskifti, en jeg mun ekki fara út í annað en það, sem næst liggur. Jeg hefi ekki heldur ætlað mjer að tala langt mál, svo að jeg vona, að siðameistari(!) deildarinnar, háttv. 2. þm. Rang. (E. J.), sem auðvitað altaf er fjarverandi þegar jeg ávarpa hann, geti tekið vægum höndum á mjer seinna. Jeg ætla að halda mjer aðallega við þann bálk málanna, sem auðvitað er langmestur í störfum núverandi stjórn-

ar, sem sje þau störf, er snerta ófriðarráðstafanirnar og dýrtíðarmálin.

Það er kunnugt, að þriggja manna stjórnin varð einmitt til vegna þess ástands, sem nú um hríð hefir ríkt. Þessir þrír menn voru valdir úr þrem flokkum, vegna þess, að ekki þótti hlíta annað en að þrír aðalþingflokkarnir væru allir með í verkum stjórnarinnar. En af slíkri stjórn verður að heimta meira en áður hefir verið heimtað af einum manni. Þrír menn ættu að afkasta meiru og standa betur að vígi en einn maður. Samt er það nú mín skoðun, að svo geti farið, að margir »mannkokkar« skemmi grautinn. Jeg átti engan þátt í stofnun þessarar stjórnar, og jeg lýsti því í öndverðu, að jeg mundi ekki hefja árásir á hana út af þeim óhjákvæmilegu ráðstöfunum, sem þessir tímar kröfðust, nje að ófyrirsynju, en hefi frá upphafi geymt mjer allan rjett til að gera athugasemdir við verk hennar, þar er mjer þætti við þurfa.

Það er öllum vitanlegt, að margt hefir verið að stjórninni fundið, bæði úti um land og hjer í þinginu. Jeg mun þó telja fæst af því. Hjer í þinginu hefir verið skipuð bjargráðanefnd í báðum deildum, til að fara með þau mál, sem út úr vandræðum hafa lagst á stjórnina, og til að rannsaka aðgerðir stjórnarinnar í því efni. Jeg á ekki sæti í þessari nefnd. Jeg er ekki heldur kunnugur neinum skýrslum frá stjórninni, sem það varða. Jeg hefi verið önnum kafinn við störf í þeim nefndum, sem jeg er í, og við að kynna mjer þau mál, sem daglega hafa drifið inn í þingið. Það má búast við, að háttv. bjargráðanefnd gefi á sínum tíma skýrslu um það, sem hún hefir komist að raun um, og þau ráð, sem hún hefir fundið til bjargar í framtíðinni. Jeg ætla mjer ekki nú að fara að dæma að fullu verk stjórnarinnar. En víst mun hún ekki komast undan því, að svo verði gert, þegar ástandið er orðið skaplegt. Mun henni þó margt óefað verða til vorkunnar virt, vegna ástandsins.

Nú vil jeg þá drepa á nokkur atriði. Það hafa margir óskað þess, að landsstjórnin gæfi skýrslu og skýringar um ráðstafanir sínar í tilefni af ófriði og dýrtíð. Má búast við, að hún grípi hjer það tækifæri fegins hendi. Tel jeg mig að því leyti tala í þágu stjórnarinnar.

Fyrst skal það nefnt, að mikið hefir verið talað um ráðstafanir landsstjórnarinnar um skipakaup, sem síðasta þing fal henni að annast um. Það hefir verið sagt, að stjórnin hafi gert óhagstæðari kaup en þurfti. Þessu hefir stjórnin ekki mótmælt með rökum. Hún mun hafa setið af sjer góð kaup, því að maðurinn, sem hún hafði fyrir sig, hafði ekki nógu gott umboð, heldur varð hann að síma um ógreiðfæran veg og spyrja stjórnina, hvað úr skyldi ráða í hvert skifti. Þetta kom sjer ekki síst illa, þar sem um skipakaup var að ræða, sem afgera þurfti fljótt, en símskeyti um þau efni hindruð að jafnaði eða tafin af Bretum. Um þetta væri gott að fá upplýsingar frá hæstv. stjórn, svo að sjeð verði, að hverju leyti henni sje um að kenna.

Stjórnin hefir og verið ásökuð um það að hafa keypt vörur svo óhagstæðu verði, að kaupmenn hafi getað selt ódýrar en hún. Þetta er mjög óheppilegt, ef satt er, því að sagt er, að ýmsir kaupmenn hafi hækkað verð á sinni vöru einmitt með tilliti til verðsins á landssjóðsvörunni, sagt sem svo, að ekki gætu þeir útvegað ódýrari vörur en sjálf landsstjórnin. Jeg býst við, að hæstv. stjórn geti nú þegar svarað þeirri spurningu, hvernig á þessu stendur, hvernig á því geti staðið, að hún kaupir samtímis kaupmönnum vörur með hærra verði en þeir.

Enn fremur hefir stjórninni verið fundið það til foráttu, að íslensk skip hafi tafist óhæfilega lengi í Ameríku. Vegna þessara tafa hafa afarmikil útgjöld lagst á land og þjóð. Jeg segi ekki, að stjórninni sje um þetta að kenna, æski að eins skýringa á því, að skipin hafa orðið að liggja svona lengi. Einkum vil jeg beiðast skýringa á því atriði, af hverju landsstjórnin sendi ekki í tíma ábyggilegan mann til Ameríku, til að annast mál vor þar. Hefði hún sent slíkan fulltrúa nógu snemma, má búast við, að skipin hefðu ekki orðið fyrir töfunum, sem landssjóður hefir beðið stórskaða af. Þm. ætluðust til þess á aukaþinginu í vetur, að fulltrúi væri sendur þegar með fyrstu ferð »Bisp«, eftir að stjórnin kom til valda. Úr því varð þó ekki. Fulltrúaleysið hefir valdið því, að áliti flestra, hvað við höfum orðið illa úti, því að auðvelt hefði verið að koma Ameríkuþjóðunum, Bandaríkjamönnum, sem nú eru komnir í ófriðinn, strax í skilning um, að þeim hvorki var nje er nein hætta búin af okkur. Við erum útilokaðir frá Norðurlöndum og bundnir samningum við Breta. Sá maður, sem fyrst var sendur, þegar það loksins var gert, var að vísu sæmilega valinn, en hann mun að eins hafa haft lítilfjörlegt umboð og farið í óþökk sumra eða einhvers ráðherranna. En stjórninni hjelst ekki á þessum manni. Má geta þess til, að húðfletting í einu af málgögnum stjórnarinnar muni hafa valdið, eða að minsta kosti átt þátt í, hvernig fór. Síðan hefir stjórnin sent annan mann, sem vægast talað var ekki heppilegur til að senda, enda hefir ekki spurst, að hann hafi gert nokkurt gagn. Frá mönnum, sem sannfróðir eru um þetta efni, hefir það heyrst, að maðurinn hafi engu fengið áorkað og víst ekki heldur haft nægilegt umboð til þess, að hægt væri að vænta þess. Það er og öllum vitanlegt, að skip hafa komið hálftóm, svo sem »Gullfoss« og »Ísland«, þótt fyrir lægi mikið af pöntuðum vörum. Þótt hjeðan af sje kann ske sjeð fyrir allgóðum fulltrúa, hafa ráðstafanir stjórnarinnar um það hingað til verið mjög ófullnægjandi. Því hefir landssjóður orðið fyrir skakkafalli að óþörfu. Það væri gott að fá greinilegar skýringar hjá hæstv. stjórn þessu viðvíkjandi.

Þá kem jeg að útvegun, eða rjettara sagt útvegunarleysi, stjórnarinnar á kolum og steinolíu. Jeg krefst ekki skýringar hæstv. stjórnar á þessu, því að það er mín skoðun, að hún hafi gert það sem hún gat um þetta, eða það, sem með nokkurri sanngirni var hægt að heimta af henni, því að hún og aðrir hafa reitt sig á þau fjelög, sem hafa tekið að sjer að útvega landsmönnum þessar vörur. Þessi fjelög bera ekki litla ábyrgð, og er ekki nema eðlilegt, að hæstv. landsstjórn hafi borið nokkra tiltrú til þeirra.

Þótt margt hafi farið í handaskolum um ófriðar- og dýrtíðarráðstafanir stjórnarinnar út á við, þá er ráðstöfunum hennar inn á við enn ver farið, eða eigi betur. Margt hefir lent í fálmi fyrir henni, lítið gert með fyrirhyggju, og reynt að fika sig áfram, án þess að vita fótum sínum forráð.

Til dæmis má taka fyrirskipun hennar um, að telja skyldi birgðir landsmanna í maí síðastliðnum. Þessi ráðstöfun er mönnum óskiljanleg, því að enginn veit, hver tilgangurinn hefir verið, nje hver árangurinn hefir orðið. Fyrirskipunin var um að telja fram, hvað menn ættu, en ekki, hvað menn þyrftu. Menn geta þó gert sjer í hugarlund, að það var einmitt það, sem stjórnina varðaði um. Menn hafa spurt um,

til hvers þessi ráðstöfun hafi verið gerð. Jeg leyfi mjer að ítreka þá spurningu. Ef átt hefir að panta eftir þessum skýrslum, þá lá beinast við að spyrja um, hvað menn vildu panta. Það hefði jafnvel ekki verið ósanngjarnt að skylda sveitastjórnir til að panta vörur eftir þörfum. Nú varð sú raunin á, að sumar sveitirnar neituðu að gefa upp birgðir sínar, en sögðu til um, hvað þær þyrftu. Nú er mjer líka spurn hvað hefir verið gert við allar þær skýrslur, sem að hafa borist? Að öllu þessu hefir orðið mikill kostnaður, símskeyti, prentun, dýrar sendiferðir um hjeruðin og fleira Nú skyldi maður ætla, að eitthvað hafi verið gert við plöggin, jafnmikið bjargráð og þetta átti að vera. Um þetta þætti mjer gott að fá upplýsingar frá stjórninni.

Alt í frá tíð fyrverandi stjórnar hefir verið að því fundið, að ruglað væri saman reikningum landsverslunarinnar og landssjóðs, eða landsversluninni yfirleitt og störfum stjórnarráðsins. Núverandi stjórn hefði því átt að aðskilja það tvent strax, er hún tók við. Þótt svo hefði átt að vera frá upphafi, þá bar ekki nauðsyn til fyr en núverandi stjórn tók við völdum.

Enn er eitt eftir að nefna, sem mörgum hefir þótt illa farið. Landsstjórnin virðist ekki hafa gert sjer far um góða samvinnu við þá stjett manna, sem áður hefir verið næstum ein um að birgja landið að vörum; jeg á við kaupmannastjettina. Það virðist, sem átt hafi, af hálfu stjórnarinnar, að kveða þá stjett niður, og hefir hún verið borin auri í einu málgagni stjórnarinnar. Þessu hafa kaupmenn kunnað illa, sem von er, og því má vera, að þeir hafi t. d. hækkað þær vörur, sem þeir hafa átt, um skör fram, og ekki hirt um að hliðra til við landsverslunina. Maður skyldi ætla, að á svona tímum beri nauðsyn til að landsstjórn og kaupmannastjett væru sem best samtaka um að birgja landið að nauðsynjum og ráðstafa vörubirgðunum um landið.

Jeg vil leyfa mjer að æskja skýringar landsstjórnarinnar á þessu, og eins á því, hvernig á því stendur, að ekki verður annað sjeð en að verslunarstjettin hafi verið lögð í einelti af nokkrum hluta stjórnarinnar eða málgagni hennar. Það er ekki hægt að finna neina skynsamlega meiningu í slíku.

Þá hefir á þessu þingi verið athuguð ráðstöfun stjórnarinnar um fjárhag landsins; því hefir við og við, þegar tilefni hefir gefist, verið skotið fram af mjer og öðrum, að stjórnin hafi ekki gert það, sem henni var skylt að gera, til að sjá hag landsins tryggilega borgið. Jeg skal þó ekki fjölyrða um þetta nú, af því að það hefir þegar nokkuð verið tekið fram, bæði í umræðum og í nál. fjárhagsnefndar og fjárveitingarnefndar. Jeg legg áherslu á, að stjórninni hefði verið skylt að sjá fjárhag landsins betur borgið í því fári, sem nú dynur yfir, og stend jeg ekki einn uppi með þá skoðun; hún kemur fram í álitum þeirra nefnda, sem sjerstaklega er ætlað að athuga fjármálin, og víðar. Það er öllum auðsætt, þeim er nokkuð skoða málið, að útgjöld hljóta að verða allmiklu meiri næsta fjárhagstímabil en tekjur, og hefði mátt búast við, að hæstv. stjórn hefði bent á einhvern veg til að jafna þann halla, annaðhvort með auknum tekjum eða lánum, eða þá hvorutveggja. Það getur komið fyrir, að lán verði að taka til að jafna tekjuhalla þann, sem hið núverandi vandræðaástand skapar, og það sýnist vel forsvaranlegt, að eitthvað af þyngslabyrðum nútímans flytjist yfir á framtíðina.

Þá hefi jeg nú talið þau atriði, sem mjer finst, að sjer í lagi þurfi að fá skýringar stjórnarinnar á. En þó hefi

jeg nokkru við þetta að bæta, sem er meira einstaklegs eðlis. Það getur verið ýmislegt í atferli og framkvæmdum stjórna, sem mjög orkar tvímælis og er frábrugðið almennri venju. Á slíku er er og þörf að fá skýring, þörf á að fá að vita, hví stjórnin hefir brugðið þar út af almennri venju. Á eitt slíkt atriði vildi jeg leyfa mjer að benda. Eftir að þessi stjórn settist að völdum bar svo til, að manni, sem settur var bankastjóri Landsbankans, var vikið frá setningu og starfi, þótt engin vissi neina sjerstaka ástæðu til, og annar maður settur í hans stað. Þetta er óvanalegt, bæði hjerlendis og erlendis, að svona sje hringlað, að settur maður verði að víkja fyrir öðrum settum, nema alveg knýjandi ástæður sjeu fyrir hendi. Þessi stjórnarráðstöfun vakti allmikið umtal, og þótti einkennileg hin fyrsta ganga hlutaðeigandi ráðherra (S. J.), og ekki góður fyrirboði hinnar síðustu. Það var borið út, og því ekki mótmælt, að ráðherrann hefði borið því við, að flokkur sinn hefði skipað sjer þetta; annars yrði hann að hverfa hið bráðasta heim á búgarð sinn. Þetta tek jeg fram án alls tillits til hæfileika þess, sem frá var vikið, og hins, sem við tók. Það er að eins aðferðin, sem þyrfti gleggri skýringar við.

Svo er annað atriði sjerstaklegs efnis, sem jeg vildi orðfæra. Allar stjórnir í öllum löndum hafa sín málgögn, sem berjast fyrir þær og verja þær. Það er langt frá, að nokkuð sje við því að segja, að slík málgögn taki svari stjórnar sinnar og ekki heldur svo mikið að því að finna, þótt þau sjeu stundum nokkuð óvægin í garð andstæðinganna. En hjer hefir eitt stjórnarmálgagnið tekið upp á afaróvenjulegri, óheppilegri og ósæmilegri bardagaaðferð; jeg á hjer við málgagn hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.). Auk þess, sem það hefir verið býsna óvægið í garð ýmsra einstakra manna, hefir það hafið látlausar árásir á þá stjett í landinu, sem stjórnina varðar svo miklu að hafa nú góða samvinnu við, kaupmannastjettina; það hefir reynt að espa hana og æsa, eftir því sem það hefir haft til vit og mátt; hefði þó mátt ætla, að hæstv. atvinnumálaráðherra (S. J.) og fylgifiskum hans hefði þótt rjettara að láta það verk bíða hentugri tíma. En ekki nóg með það. Þetta málgagn hefir líka ráðist óvægilega á þá menn, sem sjálf stjórnin hefir haft að trúnaðarmönnum og verið að láta reka áríðandi erindi fyrir sig. Þetta er óvanalegt, ósæmilegt og ekki vænlegt til þess, að góðir og nýtir menn girnist að vera í þjónustu hennar. Gæti hún þar líklega fundið eina af orsökunum til þess, að henni verður ekki gott til góðra manna. Þótt stjórnarblöð hafi verið skömmótt við andstæðinga stjórnarinnar, þá hefir ekki verið mjög til þess tekið; en hitt þótti óvandi og ganga hneyksli næst, hafi þau ráðist á starfsmenn stjórnar sinnar og trúnaðarmenn, svo sem sjálf stjórnin teldi þá óalandi. Og það þótti ganga hneyksli næst, segi jeg, er blað hæstv. atvinnumálaráðh. (S. J.) rjeðst á Ólaf Johnson, sem langa tíð hefir verið og er aðalumboðsmaður stjórnarinnar við vöruinnkaup, og húðflettir hann fjarverandi, ráðinn af stjórninni til að vera trúnaðarmaður hennar, til að túlka mál landsins við erlend ríki. Átti þetta að vera meðmælabrjef með honum?

Um sama leyti sem stjórnin gekk frá ráðningu Olgeirs Friðgeirssonar, sem umsjónarmanns landsjóðsverslunarinnar, rjeðst þetta sama málgagn harla óvægilega á hann, svo að ókunnugir hefðu mátt ætla, að það hefðu verið hrapalleg mistök að ráða hann. En það bjargaði málinu við, að margir vissu betur, vissu, að þessi maður var vandaður dugnaðarmaður, og báru

eðlilega meira traust til hans en sjálfs stjórnarmálgagnsins. En söm var gerðin, og sama tilhneigingin, að ráðast á þá menn, sem einhverjum, er nærstanda blaði þessu, var ef til vill eitthvað í nöp við, þótt þeir væru trúnaðarmenn stjórnarinnar. Þetta er velsæmisspursmál fyrir landsstjórnina, og þjóðin á heimting á því, að stjórnin gæti alls velsæmis.

Jeg þarf ekki að minnast á annað málgagn stjórnarinnar, málgagn hæstv. fjármálaráðherra (B. K.); því er nú nokkuð öðruvísi háttað. Það hefir skift í tvö horn með það, síðan núverandi stjórn kom til valda, frá því er áður var. Eins og það var óstýrilátt áður, eins hefir það síðan verið spakt og tamið; jeg tel þetta kost við blaðið. Þjóðin hlýtur að ætlast til þess og heimta það af málgögnum stjórnarinnar, að þau hegði sjer sæmilega, ekki síst á þessum tímum; ráðherrarnir verða að muna eftir því, að nú er allra óhentugasti tími til að hefja hatursfulla stjettabaráttu innanlands, og þeir ættu að sjá, hvílík óhæfa það er, að þeir eða málgögn þeirra beitist fyrir henni.

Ástæða væri til að minnast á margt fleira, en jeg sleppi því að þessu sinni.

Jeg get þess að lokum, að það væri óheppilegt, ef stjórnin ætti að einhverju leyti sök á því, að hún getur ekki haldið í sinni þjónustu þeim mönnum, sem hún hefir fengið til að standa fyrir vandasömum störfum, og sæmilegir eru. Það er kunnugt, að þeir tveir menn, sem hún hefir ráðið til að annast landsverslunina og reikninga hennar, eru á förum. Jeg skal ekki að svo stöddu segja, hverja sök stjórnin sjálf á á því, en vænti um það skýringar hennar. En heyrt hefi jeg, að ráða eigi nú til forstöðu landsverslunarinnar ungan og óþektan mann, mann, sem ekkert mun hafa við verslunarstörf fengist; og jafnframt, að hann eigi að fá starf sitt betur launað en flestir æðstu embættis menn landsins sín verk. Þetta tek jeg fram til athugunar, því að það er mikilsvert, að í þessa stöðu sje skipaður maður kunnugur verslunarstörfum og viðskiftamálum, maður með reynslu og framkvæmdaþreki og þekkingu á starfinu.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg býst, við að fjármálaráðherrann (B. K.) muni svara því, sem honum kann að þykja athugavert við skýrslu hv. frsm. fjárhagsnefndar (M. G.), og sleppi jeg því að tala um hana. Aftur á móti ætla jeg lítillega að minnast á ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), en get þó verið fremur stuttorður, því að skýringar á mörgu því, sem hann mintist á, eru að finna í skýrslu þeirri, er stjórnin hefir þegar sent háttv. bjargráðanefnd, og á betur heima, að um það sje rætt þegar um störf hennar verður að ræða.

Skal jeg svo snúa mjer að einstöku atriðum í ræðu hv. þm. V. Sk. (G. Sv.). Hann talaði nokkuð um það, hvernig stjórnin hefði til orðið, en jeg finn enga þörf á að ræða um það nú; það hefir áður verið gert; og ekki er heldur víst neitt athugavert við það, hvernig háttv. þm. (G. Sv.) skýrði frá afstöðu sinni til stjórnarinnar.

Háttv. þm. (G. Sv.) kvað margt hafa verið fundið að þessari stjórn, bæði í þinginu og utan þings. Þetta er svo sem vitaskuld. Annað hefði mátt undrum sæta um stjórn, sem orðið hefir að framkvæma svo margt vandasamt sem þessi stjórn. Við, sem stjórnina skipum, höfum aldrei búist við öðru en að miklar aðfinslur kæmu.

Það er satt, sem háttv. þm. (G. Sv.) sagði, að margar af gerðum stjórnarinnar verða að liggja undir dómi seinni tíma, með því að ekki er hægt að fella neinn fullgildan dóm um þær að svo

stöddu En ekki vil jeg viðurkenna, að hægt sje að ásaka stjórnina um vanrækslu, svo að á nokkurri sanngirni sje bygt. Það má ef til vill segja, að hún hefði átt að gera eitthvað öðruvísi en hún hefir gert; um það verða dómarnir misjafnir. En þrátt fyrir alt og alt má þó segja það nú, að þótt má ske hafi um stund vantað einhverjar nauðsynjar á einstöku stað, þá hafi það ekki leitt til verulegra vandræða, og allir hingað til komist bærilega af. Veit jeg það að vísu, að um tíma var skortur á einstöku nauðsynjavörum, einkum kolum, salti og olíu. En þess er að gæta, að svo að segja sama daginn var sökt fyrir landsstjórninni þrem skipum, sem áttu að flytja hingað kol og salt, og um sömu mundir voru tekin af henni tvö skip, sem hún hafði fengið til að ná steinolíu. Hitt mætti ef til vill sýnast undarlegt, að landsstjórnin hefir stundum keypt öllu dýrari vörur en kaupmenn, og gert þó stærri kaup en þeir. En orsök þess er þó auðskilin, ef að er gáð. Af stjórninni hefir verið heimtað að birgja landið að vörum, hvað sem það kostaði; hún hefir því orðið að sæta hverju færi að ná skipum á leigu, þótt dýr hafi verið. En kaupmenn hafa aftur á móti getað sætt lagi og fengið fyrir það ódýrari skip, einkum seglskip, en þau gat stjórnin ekki tekið á leigu til að flytja þær vörur, sem mikið lá á; það var ekki á það hættandi. Auk þess getur það hafa komið fyrir, að kaupmenn hafi stöku sinnum náð betri kaupum, af því að þeir máttu bíða eftir tækifærinu, en það mátti stjórnin ekki, og að jafnaði mun stjórnin hafa komist að eins góðum kaupum og kaupmenn á sama tíma.

Jeg held, að það þurfi ekki annað en að nefna þetta, til að sýna, hve eðlilegt það er, þótt kaupmenn hafi stundum getað selt vörur ódýrara en landsstjórnin. Landsstjórnin sjálf hefir stundum fengið vörur töluvert ódýrari með einu skipi en öðru, en sá munur hefir verið jafnaður og meðalverð verið sett á vöruna. Landsstjórnin hafði t. d. á sama tíma á leigu nýlegt skip, sem hún varð að vátryggja fyrir $1^1/_2$ miljón króna, og annað skip nálega eins stórt, sem ekki var vátrygt fyrir meira en $^1/_2$ miljón króna. Þegar þess er gætt, að vátryggingargjaldið hefir stundum numið alt að $^1/_6$ af skipsverðinu eða meira, þá sjest, hvílíkur feikna munur hefir verið á því fyrir þessi tvö skip. En ástandið var um þær mundir þannig, að stjórnin þorði engu tækifæri að sleppa til þess að ná í skip.

Það mun reynast örðugt að sýna fram á, að landsstjórnin hafi keypt vörur dýrara en kaupmenn hafa keypt þær á sama stað og tíma; hitt mun láta sönnu nær, að hún hafi sætt fult svo góðum kaupum, enda hefir hún keypt mikið af vörum sínum fyrir milligöngu þess verslunarhúss, sem reynst mun hafa einna best til kaupa á þessum tímum, og það er allsendis ósannað, að aðrir hefðu getað keypt betur, þótt það hafi oft verið borið út.

Þá er eitt atriði, sem erfitt er að færa sönnur á, hvort stjórnin eigi nokkra sök á eða ekki; það er um það, hvort skip landsstjórnarinnar hafi tafist um skör fram í Ameríku í vetur, vegna vanrækslu hennar að senda mann í tíma til Ameríku. Það er að vísu satt, að ferð fjell þangað rjett eftir að stjórnin hafði tekið við völdum. En þá var útlitið þannig, að ekki virtist brýn þörf að senda mann þangað þegar í stað.

Skipið, sem ferðina fór, var fremur ljelegt, og mátti búast við, að menn mundu fremur tregir að fara með því á lakasta tíma árs. Þó neita jeg því ekki, að ef strax hefði verið brugðið við að fá manninn, þá hefði hann má

ske fengist; um það mun enginn geta sagt með vissu. En eins og jeg sagði þá sýndist ekki full ástæða til að senda mann þá, því að enginn vissi þá annað en að skip fengju þá að ganga óhindrað til Ameríku og frá, enda læt jeg það alveg ósagt, hvort það hefði nokkuð getað stytt töf skipanna, þótt sendimaður stjórnarinnar hefði setið í Ameríku. Undir eins og stjórnin frjetti, að tregða væri að verða á með útflutninga frá Ameríku, þá fór maður fyrir hana og Eimskipafjelagið í sameiningu, til að greiða fyrir flutningum. En það er ekki rjett hjá háttv. þm. (G. Sv.), að maður þessi muni ekki hafa verið sendur með samþykki allrar stjórnarinnar. Hann gerði það að vísu fyrir mín orð og eftirgangsmuni mína að taka að sjer erindi landsstjórnarinnar, en það var með fullu samþykki samverkamanna minna, og jeg vil kveða sterkara að um mann þennan en háttv. þm. (G. Sv.) gerði. Hann sagði, að maður þessi hefði verið sæmilegur, en jeg segi, að hann hafi verið einna best til fararinnar fallinn af þeim, sem völ gat verið á, enda gerði hann mikið gagn í för sinni. Að hann var ekki lengur í þjónustu stjórnarinnarinnar kom til af því, að hann gaf ekki kost á því.

Í sambandi við þessi ámæli háttv. þm. (G. Sv.) til stjórnarinnar fyrir að hafa ekki sent mann fyr, skal jeg geta þess, að aðrar Norðurlandastjórnir sendu sendimenn til Ameríku ekki eins fljótt eins og við. Að vísu hafa þær þar sína stjórnarsendimenn, en svo kom að lokum, að eigi þótti nægja að láta þá eina vinna að samningunum, og þá fyrst var gripið til að gera út sjerstaka sendimenn.

Það er sem sagt ekki rjett, að þessi maður hafi verið sendur með hangandi hendi, því að við vorum allir sammála um að senda hann. Það sem háttv. þm. (G. Sv.) segir um þann mannninn, er seinna var sendur, að ekkert gagn sje í honum og ekki hafi verið sæmilegt að senda hann, þá held jeg, að háttv. þm. hafi þar sagt meira en hann getur staðið við. Eftir þeim skeytum að dæma a. m. k., sem nú berast að vestan, verður ekki annað sjeð en að þessi maður geri mikið gagn, enda lítur nú vel út og er það hans starfi að þakka. Eftir skeytum að dæma, bæði frá honum og öðrum, lítur út fyrir, að hann hafi unnið mikið á og ómögulegt annað að sjá en að hann reynist vel. Þar sem háttv. þm. segir, að Ísland og Gullfoss hafi komið heim hálftóm, þá er það rangt, því að Ísland var með fullfermi, en eitthvað 100 tonn vantaði til, að Gullfoss væri fullfermdur, en það kom til af því, að hann varð að fara fyr en til stóð, til þess að komast úr höfn áður en útflutningsbannið gekk í gildi, þ. 15. júlí. Að vísu var sagt í einhverju blaði, að skipin hefðu ekki verið fullfermd, en það var leiðrjett seinna.

Háttv. þm. (G. Sv.) sakar ekki stjórnina um útvegunarleysi á steinolíu og kolum, og er það mjög sanngjarnt, en hann taldi hana hafa reitt sig um of á viðkomandi fjelög, er hafa haft þessar vörur á boðstólum. Steinolíuleysið og kolaleysið kom nú reyndar ekki svo mjög af því, heldur hinu, að skipum þeim, sem stjórnin hafði í förum, var sökt eða þau tekin af henni.

Þá taldi háttv. þm. skipakaup stjórnarinnar óhagstæð. Ef nokkur ásökun er ósanngjörn, þá er það þessi. Jeg held, að stjórnin hafi komist að svo hagfeldum skipakaupum, sem hægt er með nokkurri sanngirni að búast við. Það er að minsta kosti áreiðanlegt með 2 fyrstu skipin, því að þegar eftir að búið var að kaupa þau var boðið í þau miklu meira verð. Um síðasta skipið skal jeg geta þess, að á því þótti gott kaup

í Kaupmannahöfn, og sá maður, sem seldi stjórninni það, ljet fyrir litlu meira verð en hann keypti það fyrir. Jeg get ekki viðurkent, að stjórnin eigi ámæli skilið fyrir það, að skipakaupin drógust lítið eitt. Það kom til tals með eitt danskt skip, sem þá var á Spáni, en skipið var skuldbundið til að sigla fyrir Englendinga, og var ekki betra en Willemoes. Það getur verið, að kaup á þessu skipi hafi farist fyrir vegna þess, að stjórnin vildi ekki gefa sendimanni sínum þegar í byrjun umboð til að kaupa skip fyrir hvaða verð sem var. Það er jafnvel óvíst, hvort kaupin hefðu tekist, þótt hann hefði haft fult umboð, en annars var það enginn skaði, að þau fórust fyrir. Jeg held, að ef háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefði haft fyrir því að kynna sjer skýrslu um skipakaupin, sem gefin hefir verið bjargráðanefnd, hefði honum ekki fundist skipakaup stjórnarinnar óhagstæð, því að jeg staðhæfi, að þau sjeu svo góð, sem hægt er að búast við með nokkurri sanngirni. Já, háttv. þm. sagði, að mönnum hafi þótt margt fara í handaskolum hjá stjórninni út á við, án þess að hann vildi sjálfur nokkurn dóm á það leggja, en þó hefði mönnum þótt kenna enn meira fálms inn á við. Það verður auðvitað altaf, þegar svo stendur á sem í vetur, að dómarnir verða misjafnir, einkum ef ekki er hægt að skifta alveg jafnt, og stjórnin reynir að láta helst vörur þangað, sem þörfin er mest. Það hefir verið fundið að því, að ofmikið af vörum hafi verið flutt inn á Húnaflóa, en það var gert af ísbræðslu, því að útnorðurströnd landsins getur, sem kunnugt er, lokast alveg af ís. Um þetta mætti náttúrlega deila fram og aftur. Jeg get ekki viðurkent, að þetta hafi verið neitt fálm. Við reyndum að vísu að koma vörunum þangað, sem við álitum brýnasta þörfina, og það var altaf falið sveitarstjórnunum að skifta heima í hjeruðunum, og þá sneri stjórnin sjer altaf til sýslumanna og bæjarfógeta, sem umboðsmanna landsstjórnarinnar. Hvort þetta hefir mistekist. Ja, það getur verið. Sveitarstjórnirnar eru misjafnar; sumar hafa þótt gera oflítið, en aðrar ofmikið. Þar sem háttv. þm. (G. Sv.) spyr, hvers vegna hafi verið talið, hve miklar birgðir menn áttu, þá get jeg ekki sagt vel um það; það var gert meðan jeg var erlendis. Annars virðist mjer sú ráðstöfun ofur eðlileg. Þar sem háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) er svo trúaður á, að tekjuskýrslur sjeu altaf gefnar rjettar, þá finst mjer það undarlegt, að þessi sami háttv. þm., sem álítur, að að menn gefi altaf rjettar skýrslur um tekjur sínar, skuli álíta, að á þessum skýrslum sje ekkert að byggja. Hitt, sem háttv. þm. sagði, að þetta hefði verið óþarft og nær að spyrja menn að, hvað þeir þyrftu, þá var þess ekki þörf, því að það er hægt að sjá af hagskýrslunum, sem við bygðum á.

Þá fann háttv. þm. að því, að landssjóðsversluninni hafi verið blandað saman við eina deild stjórnarráðsins. Það er rjett, að svo hefir verið frá því fyrsta, og jafnvel blandað saman við 2 deildir. Þegar núverandi stjórn tók við völdum, var henni þegar ljóst, að þessu þyrfti að breyta, en það var ekki hægt á einu augnabliki. Við vorum búnir að ákveða að aðskilja verslunina frá stjórnarráðinu löngu áður en þing kom saman, en jeg skal játa það, að það komst ekki til framkvæmda fyr en rjett fyrir þing. Það má deila um, hvort ekki hefði átt að vera búið að gera þetta fyr, en það er enginn hægðarleikur að greina þetta sundur á augnabliki. Það var búið að ákveða að gera það áður en bjargráðanefndirnar fóru að eiga við það mál, svo að það þurfti ekki að koma með þá till., sem samþykt var.

Þá kvartaði háttv. þm. V.-Sk. (G.Sv.) undan því, að stjórnin hefði verið kaupmönnum andstæð. Það kannast jeg alls ekki við, því að stjórnin hefir greitt fyrir þeim eins og hún hefir getað. Það var einu sinni misskilin auglýsing frá stjórninni, en það var leiðrjett, svo að það kom ekki að sök. Stjórnin hefir altaf reynt að flytja vörur fyrir kaupmenn á skipum sínum, þegar hún hefir getað, og reynt að greiða fyrir þeim á alla lund. Hún hefir jafnvel látið sínar vörur sitja á hakanum fyrir vörum kaupmanna, því að hún hefir orðið því fegin, að kaupmenn hafa flutt vörur til landsins og þannig losað stjórnina við að ráðast í stærri vörukaup en ella og sparað henni að hleypa landinu í meiri skuldir vegna vörukaupa. Út í það, sem háttv. þm. sagði um blöðin, ætla jeg ekki að fara. Sem sagt, jeg held, að kaupmenn hafi enga ástæðu til að kvarta undan stjórninni. Það skyldi vera, ef sýslumenn og sveitarstjórnir hafa ráðstafað vörunum beina leið til sveitanna og gengið fram hjá kaupmönnum, en það finst mjer, að þeir hafi haft fullan rjett til. Stjórnin hefir alls ekki gengið á rjett kaupmanna, þótt hún hafi selt vörur, sem lítið var til af, eftir seðlum eða skamtað þær.

Jeg býst við, að fjármálaráðherra (B.K.) svari þeirri athugasemd háttv. þm. V.-Sk. (G.Sv.), að stjórnin hafi vanrækt að sjá fjárhag landsins borgið. Jeg hefi oft sagt, að jeg áliti, að stjórnin yrði ekki ásökuð fyrir það, þótt hún leggi ekki fyrir frv. um marga nýja skatta, því að jeg hefi litið svo á, að ekki væri ósæmilegt að bjarga sjer frá tekjuhallanum með lánum. Mjer hefir virst þessar tilraunir þingsins til að útvega meiri skatta vera meira og minna fálm. Það er að eins eitt frv., sem stjórnin hafði hugsað sjer að koma fram með, og það er frv. um tekjuskatt, og þá ef til vill í öðru formi en háttv. fjárhagsnefnd. Það kom til tals milli okkar að reyna að ná í skatt af sjerstökum dýrtíðargróða, eins og víða annarsstaðar á sjer stað, því að hann er stundum ranglátur eða þá svo mikill, að af honum mætti taka. Það gengur í líka átt og tekjuskattsfrumvarpið, og verður næstum því eðlilegra, eins og nú stendur á. Hitt er mikið spursmál, hvort rjett er að leggja á aðra nýja skatta eða tolla, enda fann háttv. þm. (G. Sv.) ekki að því, að stjórnin hefir ekki komið með ný skatta- eða tollafrumv. Hann kvaðst vel skilja, að stjórnin hefði treyst á lán, en mjer virtist hann finna að því, að hún hefði ekki skýrt beinlínis frá því, að svo hefði verið. Náttúrlega er hægt fyrir hann að fá lánsheimild í fjárlögunum, eða nota lánsheimild landsverslunarinnar.

Jeg skal svo vera stuttorður um einstök atriði, sem háttv. þm. fann að. Mjer finst það ekki hafa verið neitt glapræði af stjórninni, þótt það hafi komið fyrir, að hún hafi sett góðan mann í stað hæfs, og álít ekki, að hún þurfi að bera neinn kinnroða fyrir það.

Þá talaði háttv. þm. um, að það væri óheppilegt, að stjórnin gæti ekki haldið mönnum við verslunina. Já, það er erfitt að fá góða menn, það er alveg rjett, en jeg sje ekki ástæðu til að fara lengra út í það mál, því að mjer þykir leitt að vera að draga einstaka menn, sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sjer, inn í þessar umræður. Jeg mun skýra nánar frá þessu atriði síðar og gef þá fullkomna skýringu á því, en taldi betra að fara ekki langt út í það mál að svo komnu. Að eins vil jeg geta þess um þennan mann, sem nú er nýráðinn, að hann er í mjög miklu áliti, þótt ungur sje. Hann hefir fengið sjerstakan styrk til að kynna sjer einmitt þessi mál, sem sje allar dýrtíðarráð-

stafanir á Norðurlöndum. Hann var áður á skrifstofu stjórnarráðsins í Kaupmannahöfn, og var þar í mjög miklu áliti.

Jeg þykist að svo komnu máli ekki þurfa að svara háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) frekar, og læt því hjer staðar numið. Að öðru leyti er jeg honum þakklátur fyrir höglegar aðfinslur og þykist ekki að svo stöddu þurfa að gefa frekari skýringar.

Einar Jónsson: Jeg hefi að undanförnu ekki tekið mikinn þátt í eldhúsdegi hjer á þingi. Jeg vil lýsa yfir því, að mig furðar ekki, þótt núverandi stjórn verði fyrir álasi, eins og fyrverandi stjórnir hafa æfinlega orðið fyrir á liðnum tímum. Það vissu allir, þegar stjórninni var breytt og 3 ráðherrar settir, að tímarnir voru erfiðir, og þetta var gert til þess, að betur yrði ráðið fram úr þeim vandræðum, sem yfir dyndu.

Frá því er ráðherrar voru fyrst settir hefir þeim ávalt verið álasað fyrir það, sem þeir hafa gert eða látið ógert. Jeg vil nú minnast á nokkur sjerstök atriði, sem þjóðin er óánægð yfir. Menn eru þá fyrst afskaplega óánægðir yfir því, að ráðherrarnir hafa haldið opnum embættum á fjölmörgum sviðum. Þegar ráðherrarnir voru gerðir 3, urðu afskaplega mörg embætti opin, og það er illa liðið hjá þjóðinni og jeg kann því illa, að þau skuli ekki vera veitt. Meðan maðurinn er að eins settur ber hann ekki eins fulla ábyrgð á embættisverkum og finnur ekki eins til þeirrar ábyrgðar og hinn, sem skipaður er.

Mjer er alveg sama, hvort embættið heitir bæjarfógetaembætti í Reykjavík, prófessorsembætti við Háskólann, sýslumannsembætti í Borgarfirði eða bankastjóraembætti við Landsbankann. Öll þessi embætti losnuðu við síðustu stjórnarskifti, og þau hafa ekki verið veitt enn, heldur eru settir menn í þau öll. Þetta vekur verðskuldaða óánægju hjá þingi og þjóð. Í öðru lagi er það landsstjórnarverslunin, sem er í höndum stjórnarinnar og mikið er að fundið. Auðvitað á stjórnin hægra með að koma fyrir sig vörnum í þessu atriði, þar sem þingið hefir skipað henni að takast á hendur þessa verslun til almenningsþarfa. Stjórnin varð því að gera þetta, og getur því afsakað sig með því, þótt skiftar geti verið skoðanir um afleiðingar þessarar verslunar. En nú er það nokkuð alment álitið, að landsstjórninni hafi farið forstaða verslunarinnar mjög illa úr hendi. Um það má náttúrlega deila, og jeg veit, að sumir muni segja, að forstaðan hafi yfirleitt verið góð. Jeg skal nú engan dóm á þetta leggja. En jeg get ekki að því gert, að jeg er að minsta kosti í sumum atriðum samþykkur þeim, sem álíta, að stjórninni hafi ekki farist verslunin sem best úr hendi. Jeg er samþykkur þeim, sem segja, að stjórnin hefði ekki átt að fara eins harðýðgislega með kaupmenn eins og hún hefir gert. Hún átti að vera hlynt því, að kaupmenn næðu í vörur frá útlöndum, og hún átti ekki að vera svo stíf, að segja við kaupmanninn, þegar hann var búinn að ná í einhverja vöru: »Þú mátt engum selja þessa vöru, nema eftir seðlum, sem stjórnarvöldin skulu gefa út.« Það er hart aðgöngu að meina þeim að fá peninga fyrir vöru sína, sem búnir eru að ná í hana með ærnum kostnaði og mikilli fyrirhöfn. Það er alveg víst, að kaupmenn hafa drjúgum hjálpað landinu og stjórninni, með peningum og útvegi, og það verður ekki varið, að landsstjórnin hefir farið alveg afskaplega með kaupmenn. Ekki síst ef það er satt, sem jeg nú heyri fleygt, að landsstjórnin selji

vöru sína dýrara en kaupmenn, og ef það er satt, að stjórnin liggi með heilar birgðir af vörum, sem sjeu orðnar skemdar eða sjeu að skemmast í pakkhúsunum, heila stafla af mjölkýlum, sem rottur eru búnar að eta sig inn í og bera inn í ýmsan óþrifnað, svo að mjölið er ekki einu sinni ætt eða brúklegt til nokkurs hlutar. Ef stjórnin er þess utan hlutdræg í úthlutunum sínum til einstakra landshluta! Ef ríkismaðurinn fær vörubirgðir í stórsölu, en fátæklingurinn getur ekki fengið neitt! **(Atvinnumálaráðherra):** Er nú ekki komið nóg af þessum »ef«-um?) — Það er ekki að furða, þótt hæstv. atvinnumálaráðherra sárni að heyra nefnd svona mörg ef, því að hann er í hringlandi vandræðum með öll »ef«-in, sem hrúgast í kringum hann og verða fyrir honum, hvert sem hann lítur og hvað sem hann ætlar að taka sjer fyrir hendur. Annars er víst öllum landsmönnum vel við atvinnumálaráðherrann sem mann. En þeir sjá nú, að hann er ekki maður fyrir þessari stöðu. Sumir sáu það strax, að hann mundi ekki vera vandanum vaxinn, en fáa hefir líklega grunað, að honum færist það jafnilla úr hendi og raun hefir á orðið. Jeg tek auðvitað undir með þeim, sem óska honum alls góðs í framtíðinni, og jeg óska þess sjerstaklega, eins og jeg veit að fleiri gera, að honum megi farast betur úr hendi það, sem hann á eftir að gera, heldur en það, sem hann hefir gert hingað til í ráðherrastöðu.

Mikil munnskálp og mas varð hjer í vetur út af ensku samningunum, og stjórnin fjekk mikið álas fyrir þá. Það var ekki núverandi stjórn, heldur sú næsta á undan. Jeg skal nú ekki fara mikið út í þá sálma. En jeg álít þá ekki betri í endurnýjuninni heldur en þeir voru áður, svo að þessi stjórn á ekki minni sök á þeim málum en hin. Það var ráðist á samningana hjer í salnum áður, en ekki er minni ástæða til þess nú. Þá var talað um það, að landbúnaðurinn hefði ekki átt málsvara við samningana. Úr þessu var ekki bætt, og ekki verður annað sagt en að illa hafi tekist að gæta hags sjávarútvegsins líka. Þessu á núverandi stjórn sök á. Margt bendir til þess, að þessi þriggja manna stjórn sje ekki betri en eins manns stjórn áður. Að vísu benda menn til, að nú sje verra ástand en nokkru sinni áður hafi verið, og skal jeg játa, að það er alveg satt.

Hæstv. forsætisráðherra játaði, að erfitt væri að greiða í sundur störf ráðherranna í stjórnarráðinu. Jeg hefði líka getað búist við því, að ráðherrarnir væru nokkuð svona ósamstæðir. Samt er mjer sagt af mönnum, sem kunnugir eru á hærri stöðum, að samvinna milli þeirra sje dágóð. En til hvers var þá verið að fjölga ráðherrunum, ef það lendir í því, að ekki er hægt að sundurliða störf þeirra? Jeg er ekki að segja þetta af því, að jeg búist við, að ráðherrann verði aftur gerður einn, meðan tímarnir eru eins og þeir eru nú. En að því ætti að hyggja, þegar fer að liðkast um, að stofna ekki fleiri embætti en nauðsyn er á. Og jeg vildi óska þess, að stjórnin væri ekki að taka að sjer störf, þó að þingið sje að troða þeim upp á hana, ef hún treystir sjer ekki til að framkvæma þau, eins og þingið ætlast til, eða sjer, að þau koma ekki að tilætluðum notum.

Að lokum vil jeg vara stjórnina við því að vera ofhörundssár eða kippa sjer upp við, þótt að henni sje fundið, en gera sitt ítrasta til að gera rjett, láta ekki hringla í sjer með tómum »ef«-um í kringum sig, og um fram alt láta ekki eigin hagsmuni ráða úrslitum nokkurs máls, nje heldur hagsmuni nokkurs flokks eða kjördæmis.

Svo mikið má segja um aðgerðir hæstv. landsstjórnar, að heill sólarhringur entist ekki til að tína það alt til. En jeg ætla að gefa gott fordæmi og hreyfa ekki við einum punkti meira en búið er. Aðalatriðið er þetta. Jeg er yfir höfuð að tala ekki ánægður með stjórnina, eins og hún er, og er mjög efablandinn um það, hvort hún gerir nokkurt meira gagn en eins manns stjórnin áður.

Sveinn Ólafsson: Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir, eins og röskri eldabusku sæmir, gengið hvatlega um í eldhúsi stjórnarinnar um stund. Hann benti á 9 ávirðingar hjá stjórninni, sem allar skifta þó fremur litlu máli; gæti því virst nóg komið af því tægi. En jeg get samt varla stilt mig um að koma með þá tíundu. Jeg held, að sú ávirðing stafi annaðhvort af gleymsku eða misskilningi. Á þinginu í vetur kom fram tillaga til þingsályktunar um það, að farmgjald skyldi ekki reiknað sjerstaklega á þeim vörum, sem fluttar væru til hafna úti um landið, heldur skyldi flutningskostnaðurinn lagður á vöruna í heild sinni. Þessi tillaga var tekin aftur, þegar fram kom frumvarp til laga um ráðstafanir út af Norðurálfuófriðnum. 2. gr. þessara laga gerir ráð fyrir, að vörur landssjóðs sjeu fluttar ókeypis á hafnir umhverfis land. Eftir þessari ráðstöfun hefir stjórnin ekki breytt nema að eins stutta stund, og það voru ekki nema fáein hjeruð, sem urðu fyrir því að fá vöru sína flutningsgjaldslaust. Nú fer því svo fjarri, að stjórnin fari eftir þessu ákvæði, að nú verða menn t. d. að borga 20 kr. fyrir flutning á einni steinolíutunnu hjeðan austur á land og norður. Þetta hefir valdið megnustu gremju úti um land, enda er þetta óheyrilegt gjald fyrir jafnverðlítinn hlut og eitt steinolíufat er. Jeg segi ekki, að þetta sje ofhátt, ef borið er saman við leiguna á »Botníu«, og hún á að sigla landssjóði skaðlaust. En þetta er feiknaskattur, þegar hann er borinn saman við það, hvað ein olíutunna kostar og kjörin fyrir þá, sem næst búa Reykjavík. Og þegar þessi skattur bætist ofan á ýms önnur ókjör, sem útgerðarmenn verða að þola, þá getur hann nægt til þess að ríða sumum þeirra að fullu. Þessa yfirsjón hæstv. stjórnar hlaut jeg að minnast á, fyrst að eldabuskan, hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), slepti henni. Þetta atriði er ekki minna virði en sumt af því, sem hann tindi til, og jeg verð að játa, að var ekki allþungt á metunum. Hæstv. forsætisráðherra hefir nú svarað því flestu. Get jeg ekki annað sagt en að mjer virðist nú fremur sókn en vörn af hans hendi og álít, að honum hafi tekist vel. Ekki svo að skilja, að jeg vilji halda því fram, að stjórninni hafi ekki orðið á í neinu. Þá væri til ofmikils ætlast. En jeg held að minsta kosti, að þetta tíunda atriði, sem jeg drap á, sje ein af stærri yfirsjónum hæstv. landsstjórnar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get verið stuttorður um ræðu háttv. 2. þm. Rang. (E. J.). Hann hafði ekki mikið nýtt fram að flytja, hjelt sjer aðallega við það, sem aðrir voru búnir að taka fram; að eins notaði hann sterkari orð og skemtilegri, enda hefir hann fengið hrós fyrir það að geta verið skemtilegur. Það, sem hann ásakaði stjórnina fyrir, var aðallega þetta:

1. Að hún hafi setta menn í embættum. Það hefir komið fram áður, að þetta muni ekki vera heppileg ráðstöfun. Jeg hygg þó, að á það megi líta frá nokkuð misjöfnum hliðum. Jeg held, að það verði að álítast varlegt og rjett að setja

einmitt færa menn í vandamestu embættin um tíma, áður en þeir eru skipaðir. Það getur ekki álitist rjett, að settir menn finni ekki eins til ábyrgðar þeirrar, sem á þeim hvílir, eins og þótt þeir væru skipaðir. Það má ef til vill segja að þeir sjeu tregari til að ráðast í ráðstafanir, sem eiga að vera til frambúðar. Mjög algengt er, að menn sjeu settir í embætti um tíma, og jeg veit líka til þess, að sumstaðar er beint fyrirskipað í lögum, að ekki megi skipa menn í vandasöm embætti fyr en eftir reynslutíma.

2. Að stjórnin hafi farið illa að kaupmönnum. Jeg mótmæli því algerlega, að hún hafi sýnt þeim nokkurn þjösnaskap, nema ef það er rangt að hindra það, að kaupmenn selji vöru sína að eins til þeirra, sem geta borgað í stórum slumpum. Háttv. þm. (E. J.) komst í þessu efni í mótsögn við sjálfan sig, er hann fór að brigsla stjórninni um, að hún hefði selt sína vöru í stórkaupum. Jeg álít, að hvorki stjórnin nje kaupmenn megi gera það.

Út í ensku samningana ætla jeg ekki að fara. Jeg taldi þá ekki ámælisverða hjá fyrverandi stjórn, áleit, að hún hefði gert það, sem hún gat, og það, sem var skylda hennar að gera, eins og sakir stóðu. Þá held jeg, að ekki sje hægt að áfella stjórnina fyrir það, þótt ekki fengist hærra verð fyrir afurðirnar. — Um, að ekki hafi verið gætt nægilega hags landbúnaðarins, með því að senda fulltrúa fyrir hann, þá hefi jeg svarað því áður, og er þá svarað öllum aðfinslum háttv. 2. þingm. Rang. (E. J.).

Þá er athugasemd sú, er háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) gerði, og skal jeg svara henni stuttlega. Hæstv. atvinnumálaráðherra hefir mest með þau mál að gera, og á jeg því erfiðara með að svara henni, en hann mun þá svara henni nánar. Jeg skal geta þess, að þingsályktunartillagan, sem þm. mintist á, var tekin aftur af þeirri ástæðu, að það þótti ekki fært, að varan væri flutt út til hjeraðanna á kostnað alls landsins. Það var meiningin með tillögunni, að flutningskostnaðurinn væri lagður á alla landssjóðsvöruna, eins og það væri verslunarkostnaður. En það hefði ekki verið hyggilegt, því að þá hefði varan orðið nokkuð dýr, svo dýr, að kaupmenn hefðu getað selt sína vöru dýrara en þeir þurftu, í skjóli landssjóðsverðsins. Það er því ekki ávirðing stjórnarinnar, þótt hún hafi ekki fylgt þessari reglu, því að Alþingi sjálft treysti sjer ekki til að fyrirskipa hana. Ef ástæður leyfðu það, að varan væri lögð upp úr skipinu, sem flutti hana til landsins, á einhverri höfn utan Reykjavíkur, þá var hún seld þar með því verði, sem hún kostaði hjer í Reykjavík. Ef þinginu hefði verið alvara með það, að stjórnin fylgdi hinni reglunni, þá hefði það átt að segja það hreint út. Það var ekki von, að stjórnin vildi taka á sínar herðar þá ábyrgð, að flytja vörur um land alt endurgjaldslaust. Það hefði verið beint tap fyrir landssjóð. Stjórnin leit svo á, og hlaut að líta svo á, að landssjóður ætti að reka verslun sína eins og hverja aðra verslun, svo að hann heldur græddi en tapaði á henni. Það getur orðið erfitt að fylgja þeirri reglu í framtíðinni. Þótt einhver gróði sje á versluninni nú, þá má búast við talsvert miklu tapi seinna, svo miklu, að ekki er að vita, hvort gróðinn muni hrökkva fyrir því. Jeg get því ekki kannast við, að aðfinsla háttv. 1. þm. S.-M. (Sv.Ó.) sje rjettmæt, þar sem engin fyrirskipun lá fyrir um þetta atriði frá þinginu.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg hefi lítið að segja, með því að hæstv.

forsætisráðh. hefir svarað nálega öllum atriðum í ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.).

Jeg stóð mest upp af þeirri ástæðu, að það kom fram í ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að hann kunni því illa, að jeg svaraði ekki hv. framsm. fjárhagsnefndar (M. G.), en það, að jeg gerði það ekki, kom til af því, að mjer líkaði ræða hans svo vel, fanst hún glögg og greinileg og laus við hlutdrægni, eins og við mátti búast úr þeim stað.

Jeg veit ekki, hvort jeg á að fara að hreyfa við atriðum, sem til stjórnarinnar var vikið; í rauninni kemur það mjer harla lítið við, annað en þær athugasemdir, sem lutu að fjárhag landsins, og þá einkum undirbúningi fjárlaganna. Jeg skal þá geta þess um fjárl.frv., að 1. eintakið af því er skrifað á öllum skrifstofunum, og gerir hver sínar tillögur, en að síðustu gera svo allir ráðherrarnir út um frv. í sameiningu. Í rauninni kemur því lítið annað til kasta fjármálaráðherrans en tekjuhliðin. Það var tilgangur stjórnarinnar að gæta sem mestrar sparsemi; öll stjórnin var á einu máli um það að leggja fram frv. með engum áætluðum tekjuhalla. Stjórnin bjóst aldrei við því, að fjárveitinganefnd mundi koma fram með slíkar tillögur, sem nú hefir raun á orðið, og man jeg ekki til þess, frá því að jeg kom fyrst á þing, árið 1901, að fjárlaganefnd hafi nokkurn tíma orðið jafnör á fje landsins sem nú. Jeg gat þess við 1. umr. þessa frv., að tekjur og gjöld landssjóðs á næsta fjárhagstímabili stæðu hjer um bil í járnum, og ef þessari stefnu stjórnarinnar hefði verið haldið, þá mundi ekki hafa þurft að auka tekjurnar mikið, þ. e. a. s. frá því sem var þegar frv. var samið, sem sje í síðastliðnum febrúar, en auðvitað hafa atvik breyst síðan, og ef stjórnin hefði getað sjeð fyrir, að hækka þyrfti útgjöldin, þá mundi hún líka hafa sjeð fyrir tekjuauka með nýjum tekjuaukafrv. eða lánsheimildum eða hvorutveggja. En vjer gátum ekki sjeð þessi útgjöld fyrir, fremur en aðrir.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) drap á það, að ætlast mætti til meiri vinnu af 3 mönnum, sem sætu í ráðuneytinu, en 1 manni, sem áður var. Honum láðist að geta þess, að fyrir stjórnarskiftin í vetur voru mennirnir 2, sem sje ráðherra og landritari, svo að að eins 1 maður hefir bæst við, en síðan hafa svo mikil störf bæst við, að nú hvíla miklu meiri störf á þessum 3 mönnum en áður á 2; þau hafa vaxið meir en um einn þriðja.

Hæstv. forsætisráðherra hefir þegar svarað athugasemdinni um óhagstæð vörukaup landssjóðs. Það er öllum kunnugt um það, hvernig hagaði til um skipin, sem send voru til Ameríku, að þau voru tept, svo að stjórnin neyddist til að leggja á vöruna fyrir dvöl skipanna, því að þeirri stefnu hjelt stjórnin, sem háttv. framsm. fjárhagsnefndar (M. G.) taldi rjetta, sem sje, að landssjóðsverslunin legði heldur til hliðar, til þess að hafa eitthvað upp í skarðið eftir á, þegar upp yrði gert. Þetta var það, sem olli því, að varan varð dýr; það var vegna þeirrar áhættu, sem stjórnin varð að leggja út í, en kaupmenn leggja ekki út í. Verðið hefir því við eðlilegar ástæður að styðjast, eins og hæstv. forsætisráðherra tók fram.

En um tafir skipanna er það að segja, að öllum má vera kunnugt um það, að öll norsk skip voru tept jafnlengi eða jafnvel lengur og fengu ekki kol, jafnvel þótt þau væru fullferðbúin að öðru leyti. Það mundi hafa gilt einu, hvern umboðsmann vjer hefðum haft; vjer mundum aldrei hafa fengið undanþágu, með því að farbannið var algert. En auk þess vil jeg benda á það, að

öll yfirviðskiftaráðin voru í Lundúnum, svo að umboðsmaður stjórnarinnar í Ameríku varð að snúa sjer til Lundúna, eða til breska konsúlsins hjer, í öllum samningaumleitunum, og er það auðvitað mikil krókaleið og olli miklum töfum. Jeg verð líka að mótmæla því, að stjórnin hafi nokkurn tíma orðið umboðsmannslaus í Ameríku; hún hafði alla tíð afgreiðslumann skipanna, mjög duglegan mann, sem gerði alt, sem í hans valdi stóð, til þess að hrinda málunum áfram.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) mintist á, að stjórnin hefði sýnt fálm í þeirri upptalningu varanna, sem fram fór í maílok í vor, með því að hún hefði ekki grenslast eftir því, hvers menn þyrftu, heldur hvað menn ættu. Eins og þá var ástatt var nauðsynlegt fyrir stjórnina að fá að vita, hvað mikið menn ættu, til þess að vita, hvers menn þyrftu og til þess að hægt yrði að bæta skortinn, þar sem skortur var. Stjórnin átti þá von svo lítilla birgða, að hún varð að hafa þetta svo, svo að upplýst yrði, hvar þörfin væri bráðust. Ef spurt hefði verið að því, hvað menn þyrftu, þá voru engar hömlur reistar við því, að svo mikils yrði krafist, að ekki væri hægt að fullnægja því. En með þessu lagi var innan handar að halda skrá yfir allar vörubirgðir og reikna út, hverju bæta þyrfti við; með þessu mátti leggja grundvöll undir »statistik« um þarfir þjóðarinnar.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) kom með eitt atriði, sem jeg þarf að svara. Það er einkennilegt, að menn eiga bágt með að skilja það, að eins og ástatt er má ekki miða skipagöngur við það, sem eðlilegast er á venjulegum tímum. Venjulega myndi það reynast ódýrast að senda stórt skip, sem meðferðis hefir vörur frá útlöndum á alla þá staði kringum landið, sem vörurnar eiga að fara til, en eins og nú er ástatt reynist það ódýrast að senda vörurnar út um landið með smáskipum. Tökum dæmi. 1000 smálesta skip, eins og t. d. Bisp, er mánuð á ferðinni frá og til Ameríku, og kostar þá 200 þús. kr., en ef það ætti auk þess að fara á allar hafnir landsins með farminn, þá myndi það taka ekki minna en $^1/_2$ mánuð og kostnaðurinn við það verða 100 þús. krónur. Stríðsvátryggingin er sem sje jafnhá á skipinu fyrir því, þótt það fari hjer innanlands, eins og þegar það fer á milli landa. Nú sjá það allir heilvita menn, að fragtin verður ódýrari með því að flytja vörurnar kringum landið með smáskipum frá Reykjavík heldur en að flytja þær með stóru skipunum, því að þannig losnum vjer við stríðsvátryggingu og ýmsan annan kostnað, sem stóru skipunum fylgir. Það er því svo langt frá því, að landsmenn tapi, að rjettara er að segja, að þeir græði á því, að þessi tilhögun er höfð. Þess vegna er það ekki rjett nje sanngjarnt að bæta landsmönnum úti um land upp verðið, með því að Reykjavík verður í rauninni ver úti en þeir. Þessa vil jeg láta getið til þess að girða fyrir, að menn haldi, að vörurnar hafi orðið dýrari við það, að flytjast fyrst hingað til Reykjavíkur heldur en beint út um landið.

Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til þess fyrir mitt leyti að svara fleiri atriðum, sem fram hafa komið.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Í dag er þessi svo kallaði eldhúsdagur, er jeg heyri menn í málhvíldum telja mjög fróðlegan. Jeg fyrir mitt leyti mun ekki skapa neinn óróa; jeg tel vel við eiga, að þingið hafi gát á athöfnum stjórnarinnar og geri um þær hógværar athugasemdir, enda hafa þær ekki farið fram úr þeim takmörkum, það sem af er. Það mátti búast við athugasemdum frá háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), með því

að hann hafði gefið fyrirheit um þær áður, en vel mátti una við ummæli hans, að minsta kosti fram undir ræðulokin.

Athugasemdum háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) má skifta í 3 flokka. 1. starfsemi stjórnarinnar út á við. 2. starfsemi stjórnarinnar inn á við. 3. smáatriði, sem honum þóttu vera misfellur á hjá stjórninni, og kendi þar helst nokkurrar gletni hjá hinum háttv. þm.

Fyrsti flokkurinn er að sjálfsögðu sá, sem hefir að geyma stærstu atriðin. Um hann hefi jeg ekki neitt verulegt að segja, um fram það, sem hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) hafa þegar gert, því að þeir hafa svarað öllum þeim athugasemdum, sem gerðar voru þar um og einkum lutu að skipakaupum, vörukaupum og skipatöfum.

Annan flokkinn, starfsemi stjórnarinnar inn á við, skal jeg þá athuga nokkuð.

Það var minst á það, hve lengi stjórnin var að átta sig á því fyrirkomulagi verslunarinnar, sem nú er komið á. Það er játað, að stjórnin var ekki til fulls komin á hreint spor í fyrsta áhlaupinu, en mjög snemma tók hún upp þá meginreglu að fela sveitar- og bæjarstjórnum að hafa umsjón með vörunum, og í raun og veru hefir ekki verið fundið að þessari meginreglu, enda henni fylgt alstaðar þar sem skortur var á nauðsynjavöru, og einmitt þetta er stærsta málsatriðið.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) mintist á talning varanna í vor og taldi sjer ekki ljóst, í hverju skyni hún hefði farið fram. Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) hefir nú svarað þessu. Mjer er jafnljóst nú sem áður, að það varð að fá að vita, hvað menn ættu, til þess að vita, hvað menn þyrftu, og furðar eflaust fleiri en mig á því, að fundið sje að þessu. Það mátti ganga að því vísu, að menn ættu að minsta kosti ekki minna en menn sögðu til um. Nú vita menn, hvers hver maður þarf til lífsviðurværis, samkvæmt reynslu undanfarinna ára, sem sje 150 kg. af útlendu kornmeti. Það þurfti þá að útvega kornvörur í því hlutfalli, þó með hliðsjón af því, að gera mátti ráð fyrir garðávexti með meira móti, ef sæmilega áraði. Það hefir nú ekki heldur verið kvartað undan því, að þessi áætlun um árlegar kornvöruþarfir hafi verið oflág. En að því miðaði talningin, að útvega mætti nægar birgðir.

Það var einnig minst á, að verslunin væri rekin frá skrifstofu stjórnarráðsins. Hæstv. forsætisráðherra hefir svarað þessu. Fyrirkomulagið er nú komið á fastan fót og var þegar í þingbyrjun. Þetta hefði auðvitað getað orðið fyr, en samt má jeg segja, að ekki var svo auðhlaupið að þessu, eins og háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) ímyndar sjer.

Í þessu sambandi skal jeg minnast á samvinnu stjórnarinnar við verslunarstjettina. Þar hafði háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) ósanngjörn orð um stjórnina; hann sagði, að nokkur hluti stjórnarinnar hafi verið andvígur kaupmönnum, (hann hefir líklega viljað segja verslunarstjettinni) og lagt þá í einelti. Jeg veit ekki, á hverju hann byggir þetta, og veit ekki betur en að sama hafi gengið yfir kaupfjelög sem kaupmenn, eins og hæstv. forsætisráðherra hefir tekið fram. Stjórninni var það ljóst, að kaupmenn voru ekki færir um á vissum tíma að útvega þær nauðsynjar, sem þurfti, og var þá ekki til að dreifa öðrum aðdráttum en þeim, sem stjórnin gat haft. Þegar kaupmenn hafa óskað rúms í skipum stjórnarinnar, hefir hún veitt það fúslega. Annað mál er það, að þegar kaupmenn sáu, að þeir gátu

ekki fylgt sínum gömlu viðskiftareglum, þá gátu þeir ekki heldur staðið fyrir úthlutuninni eftir þeim, þar sem nú þurfti að miða úthlutun svo mjög við manntal á heimilum. Það er ekki gaman fyrir kaupmenn að neita sterkefnuðum mönnum um úttektir. Kaupmönnum var þá betra að geta sagt: »Jeg vil gjarnan láta þig hafa alt, sem þú vilt, en sveitarstjórnin ræður, hvað mikið þú færð«. Nú hafa líka kaupmenn víðast hvar tekið við vörunum í sín hús og hafa afgreiðslu þeirra á hendi. Jeg á enga von þess, að mjer verði sýndar sannanir því, að verslunarstjettin hafi verið lögð í einelti; að minsta kosti hefir verslunarstjettin sjálf ekki borið sig upp undan því.

Þá kem jeg að 3. flokknum, smáatriðunum.

Fyrst var minst á það, að manni, sem settur var í stjórn Landsbankans, var ekki haldið áfram í stöðunni til þess er embættið yrði veitt, heldur annar maður settur í hans stað. Hæstv. forsætisráðherra hefir nú sýnt fram á, að hjer er um ekkert óvenjulegt atriði að ræða, svo að jeg þarf ekki að sinna því nánara, en að eins taka það fram, að flestir munu telja, að þessi ráðstöfun hafi gefist vel.

Í öðru lagi mintist háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) á málgögn, sem væru undir verndarhendi stjórnarinnar eða nokkurs hluta hennar. Jeg get fullyrt það, að ekkert blað er undir verndarhendi nokkurs manns í stjórnarráðinu, og hefir því stjórnin enga ábyrgð á því, hvað nokkurt blað segir, enda get jeg fullyrt það, að enginn ráðherranna hefir skrifað í blöðin. Sami háttv. þm. (G. Sv.) sagði, að óvenjulegt væri, að blað, sem styddi stjórnina, færi svo að ráði sínu, eins og hann benti á. Jeg held nú samt, að þess sje ekki langt að minnast, með dæmum frá einu blaði hjer, sem studdi síðast fráfarna stjórn.

Jeg vil ekki fara frekari orðum um þetta, eða nefna nöfn einstakra manna, því að mjer finst þetta ekki vera eiginlegt þingmál. En það var eitt smáatriði enn, sem háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) mintist á í ræðu sinni, viðvíkjandi þeim forstöðumönnum, sem stjórnin hafði sett yfir landsverslunina. Þar til er því að svara, að stjórnin ber enga ábyrgð á, hvað um þá kann að hafa verið sagt. En jeg býst við því, að þó að háttv. sami þingmaður (G. Sv.) færi til þessara manna og spyrði þá spjörunum úr, þá mundu þeir svara því til, að stjórnin hefði hvorki verið ósanngjörn nje sýnt þeim á annan hátt vantraust. En eins og jeg tók fram áðan tel jeg ekki rjett að fara að nefna hjer nöfn einstakra manna, sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sjer. Og þá auðvitað ekkert frekar nafn þessa seinasta manns, sem hann talaði um, að stjórnin væri búin að taka í sína þjónustu, og hann kvað eiga að vera hærra launaðan en þá, sem mest hafa. Jeg ætla að eins að lýsa yfir því hjer, að það hefir ekki enn verið talað um laun þessa unga manns, sem öllum kemur saman um, að sje mjög efnilegur í alla staði. En jeg býst ekki við, að þau verði meiri en það, sem áður var.

Jeg þarf svo ekki að svara háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) neitt frekar. En það var háttv. 2. þm. Rang. (E. J.), sem var með öll »ef«-in sín. Eftir því, sem jeg heyrði best, var alt, sem hann tók fram, bygt á eintómum hlaupafregnum, og þar að auki »ef« og »hefði« í hverri setningu, en ekkert fullyrt, og finst mjer því ekki ástæða til að svara því frekar en hæstv. forsætisráðherra hefir gert.

Að endingu vil jeg geta þess viðvíkj-

andi skýrslu þeirri, sem háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) mintist á og hæstv. forsætisráðherra, að hún liggur nú hjá háttv. bjargráðanefnd. Í henni er skýrt greinilega frá öllum höfuðatriðunum, bæði út á við og inn á við, en smáatriðunum slept. Enda finst mjer þau ekki miklu máli skifta á »eldhúsdaginn«.

Sveinn Ólafsson: Jeg er ekki alls kostar ánægður með þau svör, sem jeg hefi fengið hjá hæstv. stjórn, út af þeim aðfinslum, sem jeg bar fram. Jeg held, að það sje ekki rjett athugað, að stjórnina hafi brostið heimildir til að framfylgja því, sem tekið var fram í þingsályktunartillögunni frá í vetur. Það var ekki heldur tilgangurinn, eins og hæstv. fjármálaráðherra (B.K.) gaf í skyn, að stóru skipunum hefði verið ætlað að annast vöruflutningana kringum land. Það var vitanlega hlutverk stjórnarinnar að annast um flutningana, sem kostnaðarminst, til fjarlægra hafnarstaða, og það eitt bundið við borð, að kaupendur þar sættu eigi lakari kjörum en kaupendur hjer. Þegar svo frv. um ýmsar ráðstafanir út af Norðurálfuófriðnum var samþykt, var þessi tillaga tekin aftur, því að þessi heimild felst einmitt í 2. gr. frv. Til þess að allir geti sannfærst um, að þessi heimild er nægilega ljós, vil jeg leyfa mjer að lesa það, sem að henni lýtur í 2. gr. nefndra laga.

> »Og heimilast landsstjórninni að veita þeim, sem búa utan Reykjavíkur, sanngjarna ívilnun eða uppbót á kostnaði við að senda vöruna milli hafna eða staða umhverfis landið«.

Við litum svo á, að með þessu væri gefin skýlaus heimild fyrir landsstjórnina til þess að flytja vörur kostnaðarlaust á hafnarstaði umhverfis landið. Og í þeirri trú, að eftir þessu yrði farið, var tillagan tekin aftur. Að stjórnin líka skildi þetta þannig, er augljóst af því, að í fyrstu ferðinni, sem farin var eftir þinglok, voru vörur sendar án farmgjalds bæði austur og norður á land, eins og hægt er að sanna með reikningum frá þeim tíma.

Hitt skal jeg játa að geti verið rjett, að stjórninni hafi reynst þetta óhagkvæmt í framkvæmdinni, sjerstaklega fyrir þá sök, að kaupmenn gátu notað sjer þetta til að selja vörur hærra verði, er verð landsstjórnarinnar stje um farmgjaldið. En hins vegar var engin þörf á því að láta farmgjaldið koma fram í verðhækkun, heldur falla á landssjóð, eins og eðlileg dýrtíðarhjálp, og færast á »tjónsreikning«. Til þess gefa áður nefnd lög einmitt heimild.

Svör hæstv. stjórnar um þetta virðast mjer eigi alls kostar rjett. Jeg get ekki heldur skilið, að Reykvíkingum hefði sjerstaklega verið íþyngt með því, að þessu væri framfylgt. Það gat eigi snert Reykvíkinga á annan veg en aðra gjaldendur landssjóðs, og þeim er auðvitað jafnskylt og öðrum að bera byrðar þjóðfjelagsins.

Forsætisráðherra (J. M.): Það mun vera rjett athugað hjá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að skömmu eftir nýárið var eitthvað af vörum sent til Austurlands flutningsgjaldslaust. Stjórnin leit svo á, að henni væri þetta heimilt, en ekki fyrirskipað af þinginu. Það, að tillagan var tekin aftur, skildum við einmitt á þann hátt, að ekki væri heimtað af stjórninni að framfylgja þessu.

Annars stóð jeg upp til að geta þess, að þessi skýrsla, sem nú er í höndum bjargráðanefndar, var afhent nefndinni eingöngu og að það var ekki meiningin, að hún yrði opinberuð að svo stöddu. Það eru í henni atriði, sem ekki væri heppilegt að birta, en meginhluti henn-

ar er þannig, að vel mætti prenta, og verður sjálfsagt gert síðar.

Það var að eins þetta, sem jeg vildi taka fram, svo að mönnum verði skiljanlegt, að skýrslan hefir ekki verið birt enn þá.

Einar Jónsson: Eftir þeim umræðum, sem hjer hafa farið fram, skilst mjer, að hjer muni fara nú sem oftar, að þessi svo kallaði »eldhúsdagur« sje ekkert annað en skrípaleikur. Því að þótt fundið sje að stjórninni og hennar gerðum, þá er það bara í orði, en ekki í lagalegu formi. Jeg get ekki látið hjá líða að minnast á, að mjer finst hæstv. ráðherrum takast mjög misjafnlega að svara fyrir sig. Hæstv. forsætisráðherra tókst það að mínum dómi vel sæmilega, en hinum tveim (B. K. og S. J.) heldur ljelega báðum.

Jeg ætla að leyfa mjer að drepa á orð hæstv. fjármálaráðherra (B. K.), þar sem hann sagði, að fundið hefði verið að því, að vörur væru fyrst sendar hingað til Reykjavíkur og síðan út um land. Mjer skildist af orðum hans, að hann teldi þetta ódýrara en að senda vörurnar þegar á staðinn, sem þær ættu að fara til. Jeg á bágt með að trúa því um jafnhyggginn og færan fjármálamann og hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) er, að hann sjái ekki, hvílík ógnar fjarstæða þetta er. Það liggur svo sem í augum uppi, að það hlýtur að vera kostnaðarauki að senda vörurnar fyrst til Reykjavíkur, skipa þeim upp þar, láta þær standa í pakkhúsi, og skipa þeim svo út aftur, í staðinn fyrir að fara beina leið á viðkomandi staði.

Jeg gleymdi áðan að taka það fram, að eftir þeim heimildum, sem stjórnin hafði, hefir hún ómótmælanlega sýnt sljóðaskap í skipakaupum. Það mun vera hægt að sanna það seinna meir, þótt hvorki sje tækifæri nje tími til þess nú í kvöld. Margt fleira mætti nefna, þessari stjórn til lasts, en það er líka margt, sem þinginu hefir farist illa. Til dæmis hefir þessi verðlagsnefnd, sem þingið hefir samþykt, ekki gert neitt annað en stóra ólukku. Þá má enn fremur minna á það, hvernig stjórninni hefir tekist að velja sendimenn til útlanda. Til þess hefir hún valið óhæfa menn, sem alls ekki hafa verið starfinu vaxnir, og er það mjög illa farið, þar sem um svo vandasamt starf er að ræða.

Þegar hæstv. atvinnumálaráðherra talaði áðan, hjó jeg sjerstaklega eftir einni setningu hjá honum. Hann sagði sem sje, að stjórnin bæri enga ábyrgð á þeim blöðum, sem gefin væru út í Reykjavík, og hefði ekkert blað sjer til styrktar.

Jeg vil nú leyfa mjer að spyrja þann hæstv. ráðh. (S. J.), hvort »Landið« komi hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) ekkert við, eða þá hvort »Tíminn« komi ekki hæstv. atvinnumálaráðherra neitt við. Jeg hygg, að hvorugur hæstv. ráðherra standi sig við að svara þessu neitandi. Jeg trúi því ekki, að þeir sjeu svo nauðaeinfaldir að neita þessu hjer frammi fyrir öllum þingheimi, því að ekki kemur til mála, að jeg eða nokkur annar leggi trúnað á það, enda er það ekkert óeðlilegt, þótt landsstjórnin hafi blöð sjer við hönd til vegsauka, verndar og skýringar.

Hæstv. atvinnumálaráðherra mun hafa heyrt til mín nokkur orð hjer í dag, sem leit út fyrir að honum hefði líkað mjög miður. En þegar til kastanna kom, að hann átti að svara þeim, varð hæstv. ráðherra ekki meira úr en svo, að hann gat engu svarað, en ljet sjer nægja að vísa til svars hæstv. forsætisráðherra. Þessi aðferð hæstv. atvinnumálaráðherra er ekki annað en það, sem við allir þekkjum, þegar menn eru í standandi vandræðum og geta engu nýtilegu svarað. En jeg geri ráð fyrir, að þetta þyki gott og blessað, þar sem þessi hæstv., og væntanlega heiðvirði, ráðherra á

í hlut. Að svo mæltu á jeg ekki annars kostar en að hafa þetta mína síðustu ræðu í þessu máli, af því að nú er jeg búinn að tala mig »dauðan«, því miður.

Framsm. fjárveitinganefndar (Magnús Pjetursson): Það er ekki ætlun mín, þótt jeg standi hjer upp, að fara að blanda mjer inn í »eldhúsumræðurnar«. Það voru að eins nokkur orð hjá hæstv. fjármálaráðherra (B. K.), sem komu mjer af stað. Hann gat þess í ræðu sinni, að stjórnin hefði ekki getað búist við því, að fjárveitinganefnd mundi komast að svipaðri niðurstöðu og raun er á orðin, og kvað slíkt ekki hafa átt sjer stað áður. Jeg ætla mjer ekki að fara út í þá sálma að svo stöddu, enda er það ekki síður við fyrstu umræðu. En jeg vona, að mjer takist við 2. umr. þessa máls að færa rök fyrir því, hvernig fjárveitingan. átti ekki annars kostar en koma með fjöldann af sínum breytingum, vegna þess, hvernig fjárlagafrumv. var úr garði gert frá stjórninni. Út í þetta er ekki hægt að fara, nema nefna tölur og greinar, og geymi jeg mjer það því til 2. umr. Þar á það heima.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það var að eins örstutt svar út af fyrirspurn háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) Hann var að spyrja um það, hvort »Landið« og »Tíminn« kæmi hæstv. fjármálaráðherra og mjer ekki við. Jeg get ekki annað en svarað þessu játandi. Auðvitað kemur Ísland okkur mikið við, ekki síst á þessum erfiðu tímum, sem nú ríða yfir. Og þessir *tímar*, sem eru nú að líða, snerta okkur líka mikið. Jeg veit ekki annað en að hv. þm. Rang. (E. J.) hafi átt við þetta, og vil mega skilja spurninguna á þann veg, og eins og mjer finst þessi sjerstaka útgáfa af hans tíða, gamansama orðaleik gefa tilefni til.

Gísli Sveinsson: Hæstv. landsstjórn hefir nú látið til sín heyra út af því, sem að var fundið og spurt var um í þrennu lagi, eða má ske öllu heldur í einu lagi. En eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, og eins og hæstvirtur forsætisráðherra hefir játað, þá hljóta höfuðatriðin í verkum stjórnarinnar að liggja undir rannsókn og úrslitadómi síðari tíma. Það verður því ekki til neins að ætla sjer að fara að skýra eða dæma þau að svo komnu, því að það mundi ekki verða nægilega skýrt á hvoruga hlið.

Hæstvirtur forsætisráðherra gat þess í ræðu sinni, að þær skýringar, sem stjórnin gæti gefið á gerðum sínum, væri að finna í skýrslu þeirri, sem afhent hefir verið háttv. bjargráðanefnd. Eins og mönnum er kunnugt er jeg ekki í þessari nefnd, enda mun jeg hafa getið þess í ræðu minni áðan, að jeg hefði ekki átt kost á að sjá nefnda skýrslu. Það getur vel verið, að eitthvað sje þeim nú ljósara, er sjeð hafa þessa skýrslu, en eftir því, sem jeg hefi komist næst, hjá sumum háttv. þingmönnum og nefndarmönnum, þá mun þar ekki vera skýrt betur eða greinilegar frá en hæstv. stjórn hefir nú gert, eða skýrt annað en menn vissu áður. Á þessu getur auðvitað staðið þannig, að stjórnin sjái sjer ekki fært að gera ljósa grein fyrir þessu fyr en síðar. — Hæstvirtur forsætisráðherra sagði í ræðu sinni, að síst væri að undra, þótt vörur stjórnarinnar hefðu oft orðið dýrari en vörur hjá kaupmönnum, af þeirri ástæðu, að stjórnin hafi verið neydd til að útvega vörurnar, hvað sem það kostaði, hvort sem ferðir hefðu verið heppi-

legar eða ekki. Jeg get af gildum ástæðum ekki gert mig ánægðan með þessa skýringu. Því að það er engin stjórn svo bundin á hæl og hnakka, að hún verði að sætta sig við að sæta ókjörum fram yfir alla aðra. Svo að ef þetta á að skilja sem skýringu á málinu, þá er hún mjög ófullnægjandi. Annað mál er það, hvað þessi óhöpp og tafir snertir, er skipin urðu fyrir, að þau geta eðlilega hafa orðið þess valdandi, að stjórnin varð að selja dýrara en kaupmenn. En þá kemur aftur sú spurning, hvort stjórnin hafi verið nógu vel vakandi um að koma í veg fyrir, að þessar tafir yrðu. Og þá ekki síst sú spurning, hvort stjórnin hafi ekki vanrækt að senda góðan og vel hæfan mann til Ameríku í tæka tíð, mann, sem vel væri treystandi til að ráða fram úr þeim vandamálum, sem fyrir kynnu að koma. Hæstv. forsætisráðherra gat þess í ræðu sinni, þessu til skýringar, að fyrst eftir að stjórnin kom til valda hefði þörfin ekki virst brýn til að senda mann þegar í stað. Mjer þykir óneitanlega dálítið einkennilegt, að svo hafi ekki verið; að minsta kosti er mjer kunnugt um það, að margir voru þeir úti í frá, sem töldu ekki annað fært. Það getur að vísu vel átt sjer stað, að menn hefðu verið ófúsir á að fara með þessu skipi, ekki þótt það nógu trygt. En mjer þykir líklegt, að úr því að stjórnin taldi ekki þörf á að senda manninn, þá hafi hún ekki heldur falað neinn til fararinnar. Hvað þessu skipi viðkemur þá hefir verið flutt bæði fólk og vörur með því.

Hæstv. forsætisráðherra gat þess enn fremur, að ekki væri hlaupið að því að finna vel hæfan mann með litlum fyrirvara. Og má vel vera að svo sje, enda bendir reynsla sú, sem fengist hefir af framkvæmdum stjórnarinnar, á þetta. En samt sem áður býst jeg við, að engum blandist hugur um, að henni hefir farist þetta óhöndulega, því að þetta er mál, sem bæði mjer og fleirum er fullkunnugt, hvernig ráðning og sending þessara manna hefir tekist. Hæstv. forsætisráðherra gaf það enn fremur í skyn, að öll stjórnin hefði verið sammála um það að senda þann, sem fyrst var sendur. Hvað sem hæstv. forsætisráðherra segir um það, þá er víst, að þetta var með hangandi hendi gert, og fjarri því, að væri með góðum vilja allra hæstv. ráðherra, eftir því, sem m. a. mátti ráða af málgögnum þeirra, er rjeðust óþyrmilega á þennan mann, einmitt er hann var kominn í þessa sendiför. Þessi maður, sem hjer er um að ræða, mun ekki heldur hafa farið með nema hálft umboð, en að mestu fyrir stjórn Eimskipafjelagsins.

Enn fremur talaði hæstv. forsætisráðherra um það, að ekki hefðu Norðurlönd orðið fyrri til en við að senda menn til Ameríku, en gat þess þó jafnframt, að dálítið öðru máli væri að gegna með þau, þar sem þau hefðu þar sína föstu »diplomata«. Og það er einmitt þetta, sem gerir allan muninn og veldur því, að þessa var ekki jafnmikil þörf fyrir þá eins og okkur. Og ef við hefðum sjeð um þetta í tíma, hefðum við samt staðið betur að vígi en þær. Þær áttu alt undir högg að sækja, þar sem þær stóðu í beinu sambandi við þá þjóð, sem bandamenn vildu hindra að fengju nokkuð. Við aftur á móti áttum hjer óskylt mál við hinar þjóðirnar og vorum lausir allra slíkra mála.

Við vorum útilokaðir með öllu frá meginlandinu og alveg loku fyrir það skotið, að nokkuð yrði flutt hjeðan út, að minsta kosti til Þýskalands. Hæstv. forsætisráðh. sagði, að svo liti út, sem þessi 2. sendimaður væri nú farinn að gera gagn. Jeg hjelt, satt að segja, að

nú væri kominn enn nýr maður, eða 3. sendimaðurinn, Vestur-Íslendingur, sem hjer var á ferðinni heima og fenginn var til að fara með okkar mál fyrir vestan haf. Jeg geri ráð fyrir, að hann hafi verið tekinn til starfa þegar vart fór að verða við þessa góðu reynslu sendimannsins. (**Atvinnumálaráðh.**: O-nei.) Getur verið, að stjórnin sje ekki farin að nota krafta hans enn. En ekki hefir þessum mikla árangri hins sendimannsins verið haldið mikið á lofti meðal almennings. Annars hygg jeg, að stjórnin ætlist til, að honum sje þakkað eitthvað af því, sem núverandi umboðsmaður Eimskipafjelagsins fær áorkað vestra, en ekki verður það gert með rjettu.

Þá sagði sami hæstv. ráðh., að annað skipið, sem jeg mintist á, hefði verið fullfermt. Getur skeð, að það hafi verið svo; getur líka verið, að eitthvað hafi á það vantað. En þótt það hafi haft fullfermi, þá vantaði þó ekki lítið í »Gullfoss«, af því að hann treystist ekki að liggja og bíða, hver veit hve lengi. Er það þá ekki einmitt það, sem vantar, að hafa duglegan mann þarna fyrir vestan, til þess að greiða fyrir því, að skipin þurfi ekki að bíða eftir farminum. »Gullfoss« var þó að minsta kosti búinn að bíða alllanga hríð í þetta skifti.

Þá er það um skipakaupin, hvort þau hafi verið mjög hagstæð. Jeg skal ekki um það deila, enda verður það að bíða síðari tíma að kveða upp fullnaðardóm í því máli. Það sannar ekkert, þótt svo kunni að hafa verið, að stjórnin hafi átt kost á að selja skipin síðar fyrir meira verð en hún keypti. Það sem um er að ræða er það, hvort ekki hefði mátt fá hagstæðari kaup, ef stjórnin hefði ekki spilað þeim úr hendi sjer fyrir handvömm. Hæstv. forsætisráðh. játaði, að spursmál gæti verið um það, hvort ekki hefði dregist óþarflega lengi að festa kaup á skipi. Hann hjelt þó, að svo hefði ekki verið. Sömuleiðis sagði hann ekki forsvaranlegt að veita manni fult umboð til skipakaupa strax. Margir munu þó líta svo á, að það hefði verið það hyggilegasta, eins og á stóð, því að framkvæmdunum lá á að hraða. Maðurinn, sem til þess var fenginn að útvega skipin, var vel til þess fær, og var því sjálfsagt að fela honum að festa kaupin. Hann hafði fullkomlega eins mikið vit á því og betri aðstöðu heldur en stjórnin, sem sat heima og hafði engin gögn í höndum.

Þá kemur að aðfinsluatriðunum inn á við. Jeg tók sem dæmi vörutalninguna síðast í maí í vor, þar sem öllum var gert að skyldu að gefa upp, hvað þeir ættu mikið af nauðsynjavöru. Hæstv. forsætisráðh. gat þess, að þessi talning hefði verið gerð meðan hann var ytra. En hann taldi það hyggilega ráðstöfun, til þess að komast að því, hvað menn ættu af þessum vörutegundum, svo að hægt væri að taka af þeim, sem hefðu ofmikið af þeim milli handa. Það má líklega segja, að þetta sje skýring, og mjer þykir vænt um, að hún er komin fram, því að hún brýtur í beran bága við allan eðlilegan tilgang þessara athafna og við frásögn hinna ráðherranna. Þeir gátu ekki um, að neitt annað hefði verið með þessu meint heldur en að fá að vita, hvað menn þyrftu. Jeg tel vafalaust, að þessi skýring sje rjettari, því að varla gat nokkrum heilvita manni dottið í hug, að þær birgðir væru nú til af matvöru úti um sveitir, að ástæða væri til að taka af mönnum það, sem þeir hafa. Það stóð fauðvitað nær að birgja þá upp, sem lítið áttu eða ekkert. Því gat komið til mála að láta sveitarstjórnir grenslast eftir því, hvað þurfa mundi í sveit hverri af nauðsynjavörum, svo að stjórnin gæti fylt í

skörðin. Það kom nú samt í ljós, að margir þrjóskuðust við að gefa upp, hvað þeir ættu, eins og krafist var, en svöruðu í þess stað spurningunni þannig, hvað þeir þyrftu, því að þeir voru hræddir við, að tekið yrði af þeim, ef þeir áttu eitthvað. Þeir álitu sjer ekki skylt að svara þeirri spurningu, fyr en sendir voru til þeirra menn, með ærnum tilkostnaði víða, svo að þeir sáu sjer nauðugan einn kost að tína til það, sem þeir áttu. Það er þá líka komið á daginn, að öllum þessum kostnaði er fleygt í sjóinn, því að enginn veit til þess, að neitt sje úr skýrslunum unnið, eða þær hafi verið til nokkurs notaðar.

Jeg hefi heyrt sagt, að einn maður, sem ekki hafði annað að gera, hafi verið settur í að vinna eitthvað úr þeim. En hagstofan hefir ekkert við þær átt, þótt hún ætti að sjálfsögða að vinna þetta verk, í stað þess að fleygja því, eftirlitslaust með öllu, sem atvinnu í einhvern einn mann. Ef nú gert er ráð fyrir, að það hafi verið tilgangurinn með þessari talningu að komast að því, hvað þyrfti að sjá mönnum fyrir miklu, þá verð jeg að segja, að þetta var óhæfileg krókaleið og hlaut að leiða til misskilnings, í stað þess, sem beinast lá fyrir, að spyrja menn um, hvað þeir þyrftu. — Jeg sje, að hæstv. ráðherrar hrista höfuðin. Jeg býst við, að þeir verði að hrista höfuðin lengi, áður en þeir geti sýnt fram á nokkurn tilgang með þessari vörutalningu, eða ýmsum öðrum athöfnum stjórnarinnar. Ekki þurftu þeir nú að óttast, að menn úti um land færu að panta meira af landssjóðsvörunni en þeir nauðsynlega þurftu með, þar sem hún var svo rándýr, að kaupmenn gátu selt vörur lægra verði. En þótt menn hefðu gefið upp, að þeir þyrftu meira en landsstjórnin mundi vilja skamta þeim, og ekki verið hægt að útvega vörur, til að fullnægja öllum pöntunum, þá var ekki annar vandinn en að jafna því niður, sem fjekst, hlutfallslega eftir því, sem um var beðið. Þessu var hægt að slá föstu þegar í byrjun og spara allan kostnað, ergelsi og fyrirhöfn, sem þessi talning hefir haft í för með sjer.

Þá gat hæstv. forsætisráðherra þess, að stjórninni hefði verið það ljóst frá byrjun, að skilja þyrfti verslunina frá stjórnarráðinu, og að byrjað hefði verið á því, eða skilnaðurinn jafnvel verið fullger áður en þing kom saman, eða áður en þingsályktunartill. bjargráðanefndar kom fram. Já, þeir fullyrða þetta, og þýðir auðvitað ekki að stæla um það, en einkennilegt má það heita, að ekkert orð skyldi fara af skiftingunni fyr en seint og síðar meir. Og jeg vil jafnvel spyrja, hvort þessi skilnaður sje þá fullkominn. Er ekki enn sama rekagáttin í verslunarmálunum og áður var upp á 2. skrifstofu stjórnarráðsins og þaðan til ráðherra, ef það þykir þá taka því að fara til hans? Jeg spyr að þessu, af því að jeg hefi ástæðu til að ætla, að þessi lofaði aðskilnaður sje ekki meir en svo fullkominn.

Þá sagði hæstv. forsætisráðherra, og hinir ráðherrarnir hafa tekið í sama strenginn, að stjórnin hefði greitt fyrir kaupmönnum. Ja — þeir orðuðu svar sitt einmitt á þessa leið. Aðfinslur mínar við stjórnina viðvíkjandi kaupmönnunum gengur ekki beinlínis, að minsta kosti ekki eingöngu, út á þetta. Jeg fann að því, að stjórnin hefði ekki haft næga samvinnu við kaupmenn og ekki leitað ráða til þeirra í vöruútvegunum og verslunarráðstöfunum, eins og vera bar; svo sagði jeg, að menn úti í frá hefðu getað ímyndað sjer, að kaupmenn væru illa sjeðir hjá stjórninni, ef dæma skyldi eftir því, hvernig eitt af málgögnum stjórnarinnar kemur fram gagnvart þeim; — málgagn hæstv. atvinnumálaráðherra. Hæstv. forsætisráðherra svarar fullum

fetum fyrir hönd allrar stjórnarinnar, og efast jeg ekki um, að samkomulagið sje svo gott hjá landsstjórninni, að einn geti tekið svari allra. En jeg skil ekki í því, að hæstv. forsætisráðherra geti tekið á sig ábyrgð á því, sem fellur eingöngu til annarshvors hinna, eins og t. d. þetta, að málgngn eins hluta stjórnarinnar skuli úthúða kaupmönnunum, í sömu andránni sem stjórnin þykist greiða fyrir þeim á alla lund.

Þá kem jeg að því atriðinu, að stjórnin hafi ekki sjeð landinu fyrir tekjum. Jeg hefi engu að bæta við það, sem jeg sagði áður. Hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) sagði, að stjórnin hefði ekki viljað leggja nýja skatta og tolla á þjóðina, og hann sagði enn fremur, að fálmið væri meira hjá þinginu en stjórninni. Það má kann ske segja, að stjórnin losni við að fálma, ef hún snertir ekki á nokkrum sköpuðum hlut. Það heyrðist hjer um daginn rödd frá landsstjórninni til einnar nefndar í þinginu, að hún væri ekki nógu dugleg að útvega tekjur. Fjárhagsnefnd, sem þetta var meint til, hefir fulla ástæðu til að vísa þessari ákæru heim til stjórnarinnar aftur. Henni (þ. e. stjórninni) ber í 1. röð að sjá landinu fyrir þeim tekjustofnum, sem það þarf á að halda, nema hún segi þá hreint og beint, að hún ætlist til, að landið lifi á lánum.

Þá kem jeg að starfsmönnum verslunarinnar. Hæstv. forsætisráðherra kvað það leitt, að versluninni gæti ekki haldist á forstöðumönnum sínum. Hann er mjer þá samdóma í þessu, en jeg drap líka á það, hvort ráðlegt væri að setja ungan mann í þessa stöðu, sem með öllu er óreyndur á þessu sviði. Með þessu er ekkert ilt sagt um manninn. Jeg varpaði þessu að eins fram til þess að fá skýringar þessu viðvíkjandi. En jeg hefi enga skýringu fengið, aðra en þá frá öðrum ráðherra, að hann mundi ekki hafa hærri laun en fyrirrennari hans. En hvað sem þessu líður þá er það ekki lítill ábyrgðarhluti fyrir stjórnina að taka ungan mann og óreyndan, í stað þess að reyna að fá þektan mann og æfðan kaupsýslumann til að veita svona miklu fyrirtæki forstöðu. Svo vil jeg í annan stað spyrja, hvort það er satt, að sami maður sje fastráðinn sem aðstoðarmaður í hagstofunni frá 1. september. Ef svo er, þá er það næsta einkennilegt, að honum skuli vera ætlað að hafa svona umfangsmikil störf í hjáverkum. Ekki er líklegt, að búið sje að undirskrifa þessa ráðningu eða skipun, en flogið hefir fyrir, að þetta sje fastráðið. Eða er það meiningin, að hann eigi að eins að vera við verslunina um stundarsakir, og að honum sje ætlað að lenda í hagstofunni von bráðar? Þetta er atriði, sem mjer finst full ástæða til að spyrja um og beiðast skýringar á; það er svo mikilvægt, hvað forsjá landsverslunarinnar snertir.

Hæstv. fjármálaráðh. (B K.) komst í svari sínu að líkri niðurstöðu og forsætisráðherra. Sumt leiddi hann hjá sjer og kvað sjer óviðkomandi, sumu væri búið að svara og sumu mundu verða svarað af öðrum. Jeg á hjer tal við alla landsstjórnina, og er erfitt að greina um hvert einstakt atriði, hvort fremur heyrir undir einn en annan, nema rjett í einstöku atriðum, sem eru svo auðsæ, að enginn vandi er að vita, hvar eiga heima, svo sem t. d. ábyrgðin á því, sem ósvinn málgögn einhverra af ráðherrunum flytja.

Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) gaf þá upplýsingu, að fjárlögin væru ekki nema að nokkru leyti hans verk. Að þeim væri unnið jöfnum höndum á öllum skrifstofunum. Jeg verð að segja, að þetta sje næsta einkennileg upplýsing. Þá er varla hægt að furða sig á því, þótt

menn geri fyrirspurnir til stjórnarinnar í einu lagi, fyrst að störf ráðherranna eru svo saman rugluð, að hvergi verður í sundur greitt. En það er varla að ófyrirsynju að minnast á fjárlögin. Stjórnin virðist hafa gert áætlanir sínar með það eitt fyrir augum að láta tekjur og gjöld fallast í faðma, og til þess að geta haldið því varð stjórnin sumstaðar að sleppa auðsæjum, nauðsynlegum og óhjákvæmilegum útgjaldaliðum.

Hæstv. ráðherra (B. K.) sagði, að ekki hefði verið hægt að sjá það fyrir í febr., þegar frv. var samið, hve miklu þyrfti til að kosta. En jeg verð að segja, að það þurfti ekki mikla þekkingu til að sjá það þá, að óhætt væri að áætla talsvert hærra. Stjórnin á því ekkert hrós skilið fyrir það, þótt hún gæti að nafninu til látið tekjur og gjöld standast á, eins og í garðinn var búið. Hæstv. ráðherra (B. K.) komst svo að orði, að ef þingið hefði haldið sömu stefnu og stjórnin, þá hefði fjármálunum verið borgið. Jeg mótmæli því algerlega. Það hefði blátt áfram verið ófyrirgefanlegt af þinginu að ganga jafngálauslega frá fjárlögunum eins og hæstv. stjórn leyfði sjer að gera.

Þá vil jeg fara nokkrum orðum um einstök atriði hjá sama ráðherra. Hann mintist á töf skipanna í Vesturheimi, benti á, að norsk skip hefðu jafnvel tafist þar lengur á sama tíma. Jeg veit, að þetta muni vera satt, en jeg hefi þegar gert grein fyrir því, að okkar aðstaða var alt önnur, og að það hefði átt að vera auðsóttara að greiða fyrir okkar skipum en öðrum. Að leita varð til Lundúna með ýmsa samninga, stafaði auðvitað af því, að umboðsmann vantaði vestra. (**Fjármálaráðherra:** Hann var þá kominn vestur). Já, en okkur kom saman um það, að sendimennirnir vestra, þegar þeir voru þangað komnir, hefðu ekki altaf verið sem heppilegastir og stundum haft heldur lítið umboð.

Um vörutalningnuna þarf jeg ekki fleiru að svara. Það hefi jeg þegar gert.

Þá kem jeg að nokkrum atriðum hjá hæstvirtum atvinnumálaráðherra. Hann kvaðst vera sammála hinum báðum. Það er ekki þakkavert, þótt hann fari ekki að brjóta niður varnir meðstjórnarmanna sinna. Jeg bjóst ekki við öðru og áfellist hann ekki fyrir það. En þetta var óþörf athugasemd og lítil skýring á því, sem um var spurt. En öðru svaraði hann ekki neinu, af aðfinslunum út á við. Um aðfinslurnar inn á við var hann líka fáorður. Um vörutalninguna fórust honum líkt orð og fjármálaráðherra. Hann kvað einmitt stjórnina hafa orðið að grenslast eftir því, hvað menn ættu, til þess að geta ákveðið, hvað menn þyrftu. En það er eins og jeg sagði, að þar skaut landsstjórnin yfir markið, því að engin hætta var á, að menn færu að hlaða að sjer landssjóðsvöru fyrir það verð, sem á henni er. Hæstv. atvinnumálaráðherra kvað skilnað verslunarinnar frá stjórnarráðinu kominn á fastan fót. Jeg hefi nú spurt frekar út í það og bíð eftir svari. Hann kannaðist ekki við, að stjórnin hefði lagt kaupmannastjettina í einelti. Jeg dreg enga dul á, að jeg átti með þessu helst við málgagn hæstv. atvinnumálaráðh., Tímann. Það er erfitt að skilja í framkomu þess, þegar þess er gætt, að stjórnin þarf einmitt á sama tíma svo mjög að halda á góðri samvinnu við kaupmenn. Þá mintist hann á setninguna í bankastjóraembættið, og kvað það ekki óvanalegt, að þannig væri að farið, en vísaði að öðru leyti til forsætisráðherra. Því verður varla neitað, að þessi aðferð er óvenjulega einkennileg, og flogið hefir fyrir, að því hafi farið fjarri, að stjórnin hafi öll verið sammála um þetta. En jeg vænti þess nú

ekki, að hæstv. ráðherrar fari að »demonstrera« sundurlyndi sitt hjer. Þeir segjast auðvitað vera allir sammála. En því ljet hæstv. atvinnumálaráðherra ósvarað, hvaða »flokkur« hefði skipað honum heim í Ystafell, ef hann hefði ekki framkvæmt þessa bankastjórasetningu! Hæstv. atvinnumálaráðherra fullyrti, að enginn úr stjórninni ritaði í blöð. Það getur nú verið nokkuð djörf fullyrðing. En það er ekki aðalatriðið. Jeg átti við það, að eitthvert blað er stofnað beinlínis til að styðja stjórnina. Ráðherrann á ef til vill í því, er stjórnarverndari þess. Þá er full ástæða til að tala um það, sem í því stendur, ef það er hneykslanlegt fyrir landsstjórnina, sem varðar okkur alla. Ef það t. d. ófrægir og níðir niður í augum almennings þá menn, sem stjórnin hefir gert að trúnaðarmönnum sínum, þá er það varla samboðið almennu velsæmi. Þá fanst hæstv. atvinnumálaráðherra ekki við eigandi að minnast á forstöðumann landsverslunarinnar hjer. Jeg tel einmitt sjálfsagt, að það sje gert, og verð að álíta, að þessi skoðun hans byggist á því, að honum er ekki kunnugt um, hvað borið hefir verið fram á þingum áður. Hann er yfirleitt helsti ókunnugur og óvanur öllu hjer. Jeg skal nú ekki orðlengja þetta meir, en jeg verð að taka það skýrt fram að lokum, að mjer þykir stjórnin ekki hafa gert sjerlega hreint fyrir sínum dyrum.

Forsætisráðherra (J. M.): Stjórnin hefir ekki viðurkent, að hún hafi orðið að sæta neinum ókjörum með innkaup á vörum, enda verður það ekki sagt með sanni. Þó að 2 skip teföust nokkuð lengi fyrir vestan haf í vetur, þá munar það ekki eins miklu á allri versluninni eins og menn halda. Hitt munar meiru, hvað skipin eru dýrari til Englands en til Ameríku. Hernaðarvátryggingin er stærsti útgjaldaliðurinn, en hún er tiltölulega lítil til Ameríku. Og jeg sýndi fram á það, að tafirnar vestra hefðu ekki verið stjórninni að kenna. Eins og hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) tók fram urðu allir samningar að fara fram í Lundúnum. Það var ekki við stjórn Bandaríkjanna, sem þurfti að semja, heldur eingöngu við stjórn Breta. Þá talaði háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) um það, að 1. sendimaðurinn í Ameríku hefði haft lítið og ófullkomið umboð. Þetta er ekki rjett. Hann hafði einmitt ríflegt og ótakmarkað umboð, miklu ríflegra og betra en aðrir sendimenn hafa. Um annan sendimanninn gat hann þess til, að hann hefði ekki verið vel valinn. En eins og jeg hefi áður sagt, sýnir síðasta reynsla alt annað. Árni Eggertsson fekk leyfi til að bregða sjer heim til sín og er ekki tekinn til starfa enn þá. Hann á því engan þátt í þessari reynslu. Þegar hann tekur til starfa, má búast við, að alt verði enn fastara og betra, þegar 2 menn standa á bak við. Háttv. þm. (G. Sv.) virðist vera vantrúaður á það, að »Island« hafi komið með fullfermi. En á því er enginn efi. Jeg spurði skipstjórann að því, og játaði hann, að svo væri. Eftir 15. júlí var ekki leyft að flytja neitt frá Ameríku og ómögulegt að fá neina undanþágu frá því. Það var því ekki um annað að gera fyrir skipin en að sigla af stað þann dag, með það, sem þau voru búin að ná í, til þess að þau yrðu ekki tept af útflutningsbanninu. Það var alveg ómögulegt að þoka þessu neitt til, hvað mikið sem prjedikað hefði verið um legu landsins.

Jeg ætla ekki að tala mikið um skipakaupin, en bið rólegur dóms síðari tíma um þau. Jeg tel þau hafa tekist mjög vel, og landið getur átt þessi skip að ófriðnum loknum. Hvort sem stjórninni

er það að þakka eða ekki, þá er jeg sannfærður um, að það eru bestu skipakaupin, sem gerð hafa verið hjer á landi í vetur.

Ekki er heldur ástæða til að fara mikið út í matvælatalninguna í maí í vor. Það virðist ætla að þvælast fyrir háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) í lengstu lög, en jeg vona, að aðrir skilji, hvað stjórnin ætlaði sjer með þessu, og sjái, að það var skynsamleg ráðstöfun. Um skilnað landsverslunarinnar frá stjórnarráðinu talaði hæstv. atvinnumálaráðherra. Mjer er óhætt að segja, að það er nú komið í það horf, sem þingið ætlast til. Stjórnin hefir eftirlit með öllum samningum um innkaup, en verslunin tekur svo við og annast um vörurnar og úthlutun þeirra eftir það. Vel getur verið, að einstöku menn rekist enn þá upp í stjórnarráð með ýmsar fyrirspurnir, en við því getur stjórnin ekki gert. Enda er það ekki alment, og menn venjast smám saman af því, þar sem þeim þá ávalt er vísað til verslunarskrifstofunnar. Það er ekki heldur rjett, að stjórnin hafi ekki unnið með kaupmönnum. Hún hefir einmitt haft aðstoð þeirra, bæði við vörukaup, úthlutun o. fl.

Það er eðlilegt, að rætt sje um forstöðu landsverslunarinnar, og að háttv. þm. óski skýringa um hana, en mjer þykir heldur snemt að tala um ráðningu nýja forstöðumannsins að svo stöddu. Þess skal jeg þó geta nú þegar, að stjórninni hefir auðvitað ekki komið til hugar að láta manninn hafa tvær stöður.

Jeg er sammála háttv. þm. Stranda. (M. P.) um það, að engin ástæða sje til að ræða ásetlanir fjárlaganna að þessu sinni. Það heyrir fremur undir 2. umr. Jeg býst við, að það verði þá rætt og að stjórnin verji þá sinn málstað. En ekki er gott um það að segja, hvor hefir á rjettara að standa í því efni, stjórnin eða þingnefndirnar.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að taka fleira fram, en álít, að ráðuneytið hafi nú skýrt þau atriði, sem skýringa var krafist á, og vona, að síðar skýrist, hvor rjettara hefir í ágreiningsatriðunum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e.hlj.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 23. ágúst, var frv. tekið 2. umr.

(A. 1, n. 487, 500 og 531, 503, 532, 543, 544, 545, 549, 551, 565, 569, 570, 571, 572, 574, 575, 576, 577, 578, 579, 604, 605, 606, 621 *(atkvæðaskrá)*.

Frsm. fjárhagsnefndar (Magnús Guðmundsson): Það eru brtt. á þgskj. 503, sem jeg ætla að minnast lauslega á, og þá fyrst 4. lið, við 2. gr., um að aukatekjur færist niður um 10 þús. kr. hvort árið. Það virðist ekki varlegt að ásetla þann lið eins hátt og stjórnin hefir gert, því að það hefir dregið mikið úr kaupum og sölum, og því eru minni tekjur fyrir þinglestur á afsölum og slíkum skjölum. Sömuleiðis mun afgreiðslugjald skipa minka töluvert, sökum þess, hve skipaferðir eru teptar. Þó hefir nefndin búist við, að þetta mundi lagast eitthvað 1919, og því ekki fært meira niður.

Þá er 6. liður, við 2. gr., vitagjald, sömuleiðis fært niður um 15 þús. kr. á ári. Stjórnin hefir fært það niður úr því, sem áður var, og nefndin svo enn þá meir, af þeirri ástæðu, sem jeg nefndi áðan, hve lítið er um skipaferðir. En nú hefir stjórnin komið fram með frv., sem fer fram á hækkun á vitagjaldi, og

í því trausti, að það verði samþykt, tekur nefndin till. aftur.

Þá er 8. liður, við 2. gr., sem nefndin vill lækka úr 220 þús. kr. niður í 150 þús. kr. Nefndinni þykir stjórnin áætla útflutningsgjald altof hátt, þar sem sýnt er, að mjög dregur úr því, vegna siglingateppu og rýrnunar á framleiðslu til sjávarins, nema því að eins, að frv. það yrði samþykt, sem nú er komið fram, um hækkun á útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, en það er mjög skamt á veg komið, og ekki sjeð fyrir, hvort verður samþykt.

Áfengistoll vill nefndin hækka um 10 þús. kr. á ári, með hliðsjón af því, að líkur eru til, að frv. það verði samþ., sem nú liggur fyrir þinginu og fer fram á tollhækkun á áfengi og öli.

Tíunda lið, við 2. gr., tóbakstoll, vill nefndin sömuleiðis hækka um 75 þús. kr. á ári. Það byggir nefndin á því, að frv. það verði samþykt, sem fer fram á hækkun á tóbakstolli um $^1/_3$. En fari svo, að frv. verði felt, þá þarf auðvitað að færa þetta niður.

Kaffi- og sykurtoll færir nefndin niður um 50 þús. kr. á ári. Henni þykir fullhátt farið hjá stjórninni, bæði sökum aðflutningsteppu og ekki síst af því, að menn munu spara mikið við sig sykur, eins og nú er ástatt.

Vörutoll (12. lið) færir nefndin enn fremur niður úr 350 þús. kr. niður í 300 þús. kr. á ári. Mun það síst oflangt farið, þótt aldrei nema flutningar verði komnir í samt lag 1919.

Pósttekjur vill nefndin færa niður um 10 þús. kr. á ári, vegna þeirra misbresta, sem eru á póstsambandi við útlönd, og ekki er útlit fyrir, að lagist fyrri hluta næsta árs.

Við 3.—4. gr. eru engar brtt.

Þá er brtt. við 5. gr., 1. lið, um að aftan við hann bætist svo hljóðandi aths.:

»Heimilt er prestinum í Breiðabólsstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, kr. 142,38 hvort árið, til túnsljettunar á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 6 dagsláttur á þessum 2 árum«.

Þessi aths. hefir staðið í fjárlögunum í nokkur ár, og nefndinni þótti því ekki ástæða til að fella hana burt nú, því að svo framarlega sem vel eru sljettaðar 3 dagsláttur á ári, þá er það gróði fyrir landssjóð, en að það sje vel gert, er stjórnarinnar að sjá um.

Að endingu ætla jeg að drepa á 1. lið 3. gr., sem sje silfurbergsnámurnar í Helgustaðafjalli. Þann lið hefði nefndin helst viljað fella burt, af því að ekki er útlit fyrir, að náman gefi neinar tekjur á næstu árum. En af því að upphæðin er svo lág, 2000 kr., að litlu munar til eða frá, og verið getur, að ástandið breytist á síðara ári fjárhagstímabilsins, þótti ekki alveg næg ástæða til að nema hann burt. Stefna nefndarinnar hefir verið sú, að áætla heldur varlega, og þó er það mikið álitamál, hvort hún hefir farið nægilega langt í þessu efni. Jeg persónulega hefði viljað færa tekjurnar meira niður.

Framsm. fjárveitinganefndar (Magnús Pjetursson): Jeg skal reyna að vera stuttorður og ekki tefja tímann mjög lengi. — Jeg hefi heyrt talað um það, bæði utan þings og innan, að mönnum hafi þótt fjárlögin koma óvanalega seint frá nefnd, og er það að vísu svo, en til þess liggja ýmsar orsakir. Jeg vil benda mönnum á, að munurinn er ekki svo mikill frá því sem áður hefir verið, því að 1915 komu fjárlögin 20. ágúst til 2. umr í Nd. Það munar því ekki nema 3 dögum frá því sem nú er, en þó ber að geta þess, að þingið 1915 byrjaði ekki fyr en 7. júlí.

Það eru ýmsar eðlilegar orsakir, sem liggja til þess, að þau koma ekki fyr nú, og þá fyrst og fremst það, að fjáraukalögin nú voru miklu umfangsmeiri en áður hefir verið og kröfðust því meira starfs. Og annað er það, að samkvæmt nýju þingsköpunum verður að leggja allar tillögur og öll frv., sem fara fram á aukin útgjöld úr landssjóði og fram koma á þinginu, fyrir fjárveitinganefnd, og hún að taka það til yfirvegunar og láta í ljós álit sitt.

Eins og allir hljóta að sjá hefir þetta tafið mikið, og tel jeg vafasamt, hvort þetta ákvæði í þingsköpunum er heppilegt. Aftur á móti hefir fjárhagsnefnd nú tekið tekjuhlið fjárlaganna, sem ekki hefir áður verið.

Til að sýna mönnum fram á, að nefndin hefir unnið ósleitilega, vil jeg geta þess, að hún hefir haldið jafnmarga fundi um sjálf fjárlögin eins og nefndin 1915, sem sje 34, en auk þess 9 fundi um annað. Af þessu vona jeg að sje auðsætt, að vinnubrögðin hafi verið í góðu lagi. Það hafa heyrst þau ummæli hjá sumum háttv. þm., og jafnvel hjá hæstv. stjórn líka, að nefndin hafi nú gengið lengra frá sparnaðarstefnunni en áður, og jafnvel lengra en búast hefði mátt við. Það mætti því ætla, að full ástæða væri til fyrir nefndina að sýna fram á, að það gæti engum komið á óvart, þótt tekjuhalli yrði nú, og að nefndin hefði ekki átt annars úrkostar en að auka útgjöldin töluvert. Það er að vísu sjálfsagður hlutur að spara eftir megni, en það er meiningarlaust að láta sparnaðinn koma niður á því, sem engan veginn er mögulegt að spara.

Sjálfsagt mun menn greina á við nefndina um ýmsar einstakar breytingartill., en fjöldinn af þeim breytingartillögum, sem mest útgjöldin hafa í för með sjer, eru þess eðlis, að öllum hlýtur að koma saman um, að hjá þeim varð ekki komist.

Jeg vil svo leyfa mjer að nefna hjer nokkur dæmi upp á þessar sjálfsögðu brtt., sem allir hljóta að vera á einu máli um, að sjeu nauðsynlegar.

Þá er fyrst brtt. við 10. gr., sem fer fram á, að hækkaður verði þingkostnaður um 80 þús. kr. Stjórnin hafði áætlað hann að eins 80 þús. kr., en eins og sakir standa nú verður það altof lágt áætlað. Má benda á það, að nú er þegar sýnt, að alþingiskostnaðurinn 1917 verður minst 180 þús. kr.

Það mun því síst vera oflangt farið hjá nefndinni, þegar þess er gætt, að líkur eru enn fremur fyrir því, að annað þing verði haldið á fjárhagstímabilinu, heldur en hið reglulega þing 1919. Hjer eru þá strax komnar 80 þús. kr., sem verða að teljast óhjákvæmileg útgjöld.

Þá kem jeg næst að alveg nýjum lið, sem við höfum bætt inn í fjárlögin, en það er kostnaður við fasteignamat, 30 þús. kr. Sömuleiðis verður að telja þetta óhjákvæmileg útgjöld, af þeirri ástæðu, að fasteignamatið er lögboðið.

Nú kunna einhverjir að segja, að óþarft hefði verið að setja þetta í fjárlögin, þar sem sjerstök lög eru fyrir því. En nefndin lítur svo á, að rjettast sje að setja öll þess konar útgjöld inn í fjárlögin, til þess að gefa mönnum betra heildaryfirlit. Jeg skal geta þess, að upphæð sú, sem hjer er nefnd, er að eins laus áætlunarupphæð, vegna þess, að nefndin hafði mjög lítið til að byggja á. Vantaði alveg reikninga úr 6 sýslum, en nokkuð af reikningum komið úr hinum sýslunum, og námu þeir um 31 þús. kr.

Áður en jeg fer lengra út í þær stærri fjárhæðir ætla jeg að minnast á það, sem háttv. þm. sjálfsagt kannast

við, að stjórnin hafði gert ráð fyrir 6242 kr. tekjuafgangi.

Þessi tekjuafgangur er ekki rjettur, af þeim ástæðum, að fyrst og fremst er, eins og hæstv. fjármálaráðherra skýrði frá, prentvilla í styrknum til sjúkrahúsa, eða öllu heldur ritvilla, og nemur hún 4 þús. kr. yfir fjárhagstímabilið. Þá er enn fremur reikningsskekkja í fæðiskostnaði Heilsuhælisins, og nemur hún um 2000 kr. yfir fjárhagstímabilið.

Þá má líka geta þess, að í 8. gr. II. hefir sjest yfir að telja með »provision« af lánum, sem hæstv. fjármálaráðherra segir, að nemi 232 kr. 79 aurum. Nefndin mun koma með brtt. um þetta síðar, en gat það ekki nú, af því að hún hafði ekki nægar upplýsingar. Þegar þetta er tínt til, þá fer nú að standa í járnum með tekjur og gjöld. Jeg skal svo halda áfram þar sem jeg slepti áðan og kem þá að þeim liðum í 12. gr., sem snerta spítalana. Jeg trúi ekki öðru en að menn sjeu nefndinni sammála um, að hjer sje um óhjákvæmilegar upphæðir að ræða. Fjárveitingar þær, sem stjórnin hefir ásetlað, eru bersýnilega altof lágar, og nefndin hefir því að eins hækkað þær, að hún sjer, hvað það er fjarri öllum sanni að búast við því, að spítalarnir geti starfað og verið reknir fyrir minna fje en nefndin ráðgerir. Engum mun nefnilega koma til hugar, að þessum stofnunum verði lokað eða að hægt sje að spara við þær mat eða hita.

Þá kemur hækkun á bólusetningarfje, sem er í samræmi við það, sem landsreikningarnir sýna að þarf fram yfir það, sem ásetlað var.

Næst er nokkuð stór upphæð, sem nefndinni hefir þótt sjálfsagt að taka upp, enda er það samkvæmt till. stjórnarinnar. En það er 40 þús. kr. til byggingar yfir listasafn Einars Jónssonar. Þessi upphæð er þó að eins flutt frá fjáraukalögum, var tekin út þaðan í því skyni, að hún væri tekin inn í fjárlögin.

Þá er enn ein brtt., sem nefndin telur sjálfsagða, nefnilega 3,500 kr. til bókavarðar Sigfúsar Blöndals. Fyrri hluta þessarar fjárveitingar, 2500 kr., hefir þingið þegar samþykt í fjáraukalögum, og er þetta því í samræmi við það, sem þingið hlýtur að hafa ætlast til. Þarna eru þá komnar brtt., sem samtals nema 272 þús. kr. Og jeg hygg, að allir sjái, að nefndina hafi borið skylda til að taka þær í fjárlögin. Auk þess eru ýmsar fleiri till., sem jeg ætla að nefna, sem nefndin telur sjálfsagðar, þótt þær sjeu ef til vill ekki eins bersýnilega sjálfsagðar og þær, sem jeg nú hefi talið.

Það hefir áður verið talið sjálfsagt, ef fje hefir verið veitt til verklegra framkvæmda og svo af einhverjum ástæðum ekki notað á því fjárhagstímabili, að það yrði endurveitt. Brtt. nefndarinnar, sem fara fram á slíkar endurveitingar, eru um 27 þús. kr. Þá má geta þess í þessu sambandi, að það verða að teljast nauðsynlegar brtt., sem nefndin hefir gert við ýmsa vegakafla. Þær eiga ekki að miða til annars en að koma því til leiðar, að jafnmikið verði framkvæmt af þeim eins og til hefir verið ætlast, svo að eigi verði á þeim bein afturför, heldur reynt að halda í horfinu. Hækkunin á liðum þeim er að eins til að vinna upp kauphækkun. Jeg skal geta þess, að nefndin hefir þó aldrei farið eins hátt og ætla mætti að þyrfti til þess, að jafnmikið fengist framkvæmt og áður á ári. Þær hækkanir, er að þessu lúta, nema um 35000 kr. Þá eru af þessum brtt. alls komnar 332 þús. kr.

Það mætti ef til vill nefna fleiri dæmi, þar sem það virtist siðferðisleg skylda þingsins að leggja fram fje, eins og til

dæmis Skeiðaáveituna. Eftir að búið er að samþykkja Flóaáveituna er sjálfsagt, samræmisins vegna, að láta hið sama ganga yfir Skeiðaáveituna, ekki síst er hjeraðsbúar hafa sjálfir ótrauðir riðið á vaðið. Í sambandi við það vill nefndin láta kaupa stórt verkfæri, skurðgröfu, sem er undirstaða og hjálp við þessi áveitufyrirtæki, til þess að þau verði framkvæmanlegri. Þær upphæðir verða til samans 51 þúsund kr. Þarna eru komnar 383 þúsund kr. Ef bætt er nú við smærri brtt., sem beinlínis eru afleiðing af dýrtíðinni, þá er ekki ofmikið sagt, að brtt. nefndarinnar, er nema 400 þús. kr., sje alveg óhjákvæmileg nauðsyn, og jeg býst við, að háttv. Alþingi hefði þótt það hart, ef nefndin hefði gengið fram hjá einhverju af því. Skal jeg svo ekki fara frekar út í þetta, en hefi bent háttv. deild á þetta, til þess að ekki væri hægt að bera nefndinni á brýn óþarfa eyðslusemi í stærstu atriðunum. Annars mun það koma fram við umræðurnar, hvernig nefndinni tekst að færa rök fyrir sínu máli um aðrar brtt. en þegar eru nefndar.

Jeg held, að nú sje ekki þörf í svip að tala fleira alment um brtt. nefndarinnar, en skal nú koma að einstökum brtt. Jeg skal vera stuttorður, því að jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi lesið nál. Þar er gerð grein fyrir þeim öllum, og skal jeg því að eins drepa á það, er mjer finst vanta til skýringar sjerstaklega.

Eins og sjest á nál. hefir hagstofustjórinn haldið því fram, að rjett væri og sanngjarnt, að hans staða væri gerð jafnrjetthá stöðu skrifstofustjóra stjórnarráðsins, sem sje embætti með eftirlaunarjetti o. s. frv. Nefndin lítur svo á, sem þessi röksemdafærsla hans hafi við nokkur rök að styðjast, og þar sem hún álítur manninn alls góðs maklegan, vill hún hækka laun hans, svo að þau verði eins og laun skrifstofustjóranna, án þess þó að ákveða honum eftirlaun.

Þá er brtt. við 10. gr., sem fer fram á að hækka laun yfirskoðunarmanna landsreikninganna. Nefndinni fanst nærri ósæmilegt að láta þessa menn sæta sömu kjörum og hingað til, borga þeim einar 600 kr. á ári. Starf þeirra er mikið, og fer sívaxandi, ekki síst síðan landsverslunin kom til sögunnar. Fanst henni sjálfsagt að bera fram þá brtt., að þeir fengi 1000 kr. á ári, og getur þó orkað tvímælis, hvort það er sómasamleg borgun.

Um 13. brtt., við 12. gr., um starfrækslu Röntgenstofnunarinnar, er það að segja, að þar er um flutning að ræða frá 14. gr. En jeg vil geta þess, að útlit er fyrir, að starfræksla hennar verði dýrari á næstunni, því að nefndinni er skýrt svo frá, að »Völundur« verði að hætta að láta henni rafmagn í tje. Verður þá stofnunin annaðhvort að fá rafmagnið leitt annarsstaðar frá, eða flytja í þann stað, þar sem helst mun rafmagn að fá, stórhýsi þeirra Nathans & Olsens, en þar er húsaleiga miklu hærri en stofnunin hefir áður þurft að gjalda. Má því búast við, að nefndin flytji brtt. við þennan lið við 3. umr.

Jeg drap á spítalana. Öllum kemur saman um, að ekki megi loka þeim. Þá er fyrst um viðurværi sjúklinganna. Nefndinni fanst ekki hægt að gera ráð fyrir minni fæðiskostnaði en samkvæmt brtt. hennar, og er meira að segja sannfærð um, að þessi upphæð dugir ekki, eins og verðlag er nú, en vonar, að síðara árið verði svo hagstætt, að það jafni sig. Um áætlunina á fæðiskostnaði á Vífilsstöðum skal jeg geta þess, að þótt á hinum tveimur spítölunum væri hægt að halda eitthvað sparlega á, vegna dýrtíðarinnar, þá er það ekki hægt á Vífilsstöðum. Þar má ekki spara mat. Þar er það lífsskilyrði, að engin

matartegund sje spöruð. Um eldsneytið er það að segja, að brtt. nefndarinnar eru ekki miðaðar við núgildandi verðlag, heldur við það kolaverð, að hver smálest kosti 100 kr. Eins og menn sjá er ekki hátt farið, og engin von til, að ástandið geti jafnast svo, að þetta nægi, hvað þá heldur það, sem stjórnin áætlaði.

Um 18. brtt., við 12. gr., tölulið 11, um landsspítalann, skal jeg geta þess, að eins og háttv. þingdm. muna er hjer á ferðinni þingsál.till. um þetta atriði. Með því að sú till. er ekki útrædd og nefndin hefir ekki krufið málið til mergjar, leyfir nefndin sjer að taka þá till. aftur, en mun ef til vill koma með brtt. við 3. umr., eftir því sem henni kemur saman um.

Þá er 26. brtt., sem er alveg nýr liður, og er um kostnað við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum. Um það er ítarlega ritað í nál., og vil jeg benda háttv. þm. á að lesa það, af því að hjer er um nýjan lið að ræða. Þetta er sjerstaklega nýtt atriði og áríðandi að kynna sjer það, því að talsvert umtal hefir orðið um þetta úti um land.

Þá kemur brtt., sem er orðabreyting á aths. um styrk til lækninga á hörundsberklum. Skal jeg geta þess, til skýringar nál., að nefndin leit svo á, að þegar um mjög fátækt fólk væri að ræða, væri ekki hægt að krefjast þess, að það legði eins mikið fram og farið er fram á í frv. stjórnarinnar. Það gæti meira að segja komið til mála, að landssjóður legði allan styrkinn fram, og nefndin vill því ekki hafa það skilyrði, að sjúklingarnir sjálfir leggi altaf til $^1/_3$ kostnaðar. Þess ber að gæta, að þess er enginn kostur að fá lækningu á þessum sjúkdómi hjer á landi, og landinu því skylt að hjálpa.

Eins og menn sjá grip jeg niður hjer og þar, til þess að tefja ekki tímann. Þá eru ekki fleiri brtt. við 12. gr. og þá kemur 13. gr. A., um póstmálin. Nefndin hefir, í stuttu máli, haldið sjer við till. póstmeistara, nema í tveim atriðum. Í öðru hefir hún farið dálítið hærra, sem sje til launa póstafgreiðslumanna utan Reykjavíkur, en í hinu dálítið lægra, sem er skrifstofukostnaður á stærri póstafgreiðslum utan Reykjavíkur. Þar eru dregnar 1400 kr. á ári frá því, sem póstmeistari lagði til. Nefndin taldi líkur til, að þar yrðu ekki eins mikil störf á næsta ári og því ekki þörf að veita eins mikið.

Þá eru 2 orðabreytingar, um ný nöfn á 2 embættismönnum. Önnur kom fram samkvæmt ósk vitamálastjóra, sem áður var nefndur umsjónarmaður vitanna Það þótti ekki nema rjett, að nafn hans segði til starfsins, sem er öll stjórn vitamála.

Lík breyting hefir verið gerð á nafni þess embættismanns, sem áður var nefndur »verkfræðingur landsins«, og hann nefndur vegamálastjóri, vegna þess, að það eru og hafa verið fleiri verkfræðingar í þjónustu landsins, en þessi eini hefir á hendi stjórn vegamálanna.

Þá er ferðakostnaður og fæðispeningar verkfræðings landsins, sem nefndin leggur til að hækka, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að alt hefir hækkað og ferðalög eru dýrari en áður, og þótt honum sje borgað eftir reikningi, mætti líta svo á, ef þar stendur mjög lág upphæð, sem verið væri að letja verkfræðinginn þess að ferðast svo sem þörf krefur. Nefndin vildi sýna með brtt., að hún ætlast til, að hann ferðist eftir þörfum.

Þá skal jeg benda á 40. brtt., sem er nýr liður, um fjárveiting til að gera stein- og járnbrýr, í stað trjebrúa, á áður afhentum flutningabrautum. Nefndin hefir, síðan hún samdi brtt., fengið nýjar upplýsingar, svo að jeg á að lýsa yfir því, að það er ekki tilgangur henn-

ar, að verkið sje borgað að öllu leyti úr landssjóði, heldur að $^2/_3$ hlutum, og mun hún koma með brtt. til 3. umr. Er þetta samkvæmt till. verkfræðings, enda hvílir engin lagaskylda á landssjóði til að inna þetta af hendi, heldur er það sanngirniskrafa, að hann taki þátt í kostnaðinum.

Þá hefir nefndin lagt til að hækka tillag til viðhalds flutningabrauta og þjóðvega, og er það skýrt í nál. Öll vinna er nú miklu dýrari en áður. En auk þess leggur nefndin áherslu á, að viðhaldið sje fullkomið. Það eru hyggindi, sem í hag koma, að veita nóg til þeirra hluta.

Þá er getið um það í nál., að Borgfirðingar fóru fram á, að landssjóður styrkti brú yfir Hvítá hjá Ferjukoti, og vegarkafla frá henni yfir á þjóðveginn og flutningabrautina, að $^2/_3$ hlutum. Eftir áætlun landsverfræðings á brúin að kosta 50 þús. kr. og vegarkaflinn 40 þús. kr. Landsverkfræðingur hefir lagt með því, að verkið sje unnið. En nefndin hefir ekki viljað fara svo langt, en vill, að landssjóður styrki þessa vegakafla á sama hátt og aðra akfæra sýsluvegi, að helmingi, en brúarbygginguna telur hún sanngjarnt að styrkja á sínum tíma að $^2/_3$ hlutum, bæði af því, hve brúin verður dýr, og því, ef litið er á, hve mikið fje sýslufjelagið hefir lagt í samgöngur. Það er ekki svo mikill skilsmunur, ef veitt verður eftir till. nefndarinnar og þess, sem Borgfirðingar fara fram á, því að ekki munar nema um 6000 kr. Þótt nefndin vilji ekki fara lengra, þá skal þess þó getið, eins og skylt er, að vegamálastjóri leggur til, að Alþingi verði að fullu við óskum hjeraðsbúa.

Í nál. er ekki minst á þær brtt., sem eru endurveitingar. Eins og jeg gat um áður eru þær nokkurn veginn sjálfsagðar. En jeg skal geta þess um endurveitingu til brúar á Hjeraðsvötnin, að af því, að nefndina vantaði upplýsingar, hefir fjárupphæðin orðið hærri en þörf er á. Það munu verða greiddar á þessu ári um 17000 kr., svo að 10000 kr. er áreiðanlega nóg, og mun nefndin koma með brtt. um það við næstu umr.

Þá er um steinsteypubrú á Hamarsá á Vatnsnesi. Jeg þykist vita, að hún muni ekki bygð fyr en efni fæst með sæmilegum kjörum og um hægist, en það er eðlilegast, að upphæðin standi í fjárlögunum, svo að hún verði notuð, er menn sjá sjer fært að leggja út í verkið.

Þá er brtt., ekki svo óveruleg, um athugasemdina við þennan greinarkafla. Nefndinni fanst ekki mega ganga svo frá fjárlögunum, þótt tekjurnar hrykkju ekki fyrir útgjöldunum, að fyrir það eitt væri frestað framkvæmdum í landinu. Það yrði til þess að eyðileggja atvinnu fyrir fjölda fólks. En það er brýn nauðsyn, að fólk hafi atvinnu, enda þótt tekjurnar hrökkvi ekki, enda er það þegar sýnilegt. Og þess verður einnig að gæta, að samkvæmt núgildandi fjárlögum var 1915 dregið svo mikið úr vegagerðum í landinu, að ekki má slíkt við gangast ár eftir ár.

Þá eru mjög litlar brtt. frá nefndinni við kaflann um símamál, og er skýrt frá þeim í nál., en jeg skal geta þess, að koma mun fram við 3. umr. allstór brtt., sem sje um loftskeytastöð í Flatey á Breiðafirði.

Eins og getið er um í athugasemdum stjórnarinnar hefir landssímastjórinn lagt það til, að á næstu árum verði bygðar 4 loftskeytastöðvar, en nefndin og landssímastjórinn líta svo á, að þessi stöð eigi að koma fyrst.

Jeg held þá ekki, að nauðsyn beri til að athuga fleiri brtt. Jeg skal geta þess, að jeg mun láta bíða að gera grein fyrir áliti nefndarinnar um till. samgöngumálanefndarinnar, þangað til sú nefnd hefir gert grein fyrir áliti sínu. Annars

get jeg getið þess yfir höfuð, að nefndin er á móti flestöllum einstakra manna till. Annars er nefndin mjög vel sammála um þennan kafla, nema um brtt. samgöngumálanefndarinnar.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg hafði ætlað mjer að gera almennar athugasemdir um fjárlögin við 1. umr., en tíminn leið og svo var orðið framorðið, að jeg vildi ekki tefja svefn manna, og geymdi mjer það því þangað til nú. Jeg vil því biðja hæstv. forseta að virða mjer á hægra veg, þótt jeg haldi mjer ekki nákvæmlega við fyrirmæli þingskapanna.

Jeg skal þá minnast fyrst örfáum orðum á brtt. fjárhagsnefndar. Þær eru á fylstu rökum bygðar; fellst jeg því á þær. Að stjórnin ásætlaði tekjurnar svona hátt, kemur til af því, að það leit mikið öðru vísi út í febrúarmánuði en nú. En auðvitað er það, að eins og nefndin segir þá er ekki á þessum tímum hægt að gera neina ábyggilega ásætlun. Háttv. fjárhagsnefnd hefir nú tekið vitagjaldsfrumvarp sitt aftur, svo að jeg skal ekki tala um það að sinni. Aftur má geta þess, að talsverðar líkur munu vera fyrir því, að tóbakstollurinn gangi ekki óbreyttur í gegn um Ed., en það er ekki þessari nefnd að kenna, svo að ekki skal jeg heldur eyða að því fleiri orðum. Sömuleiðis vil jeg geta þess, í sambandi við seinasta liðinn, að jeg man ekki til, að neitt hafi legið fyrir stjórninni um það atriði. Loks skal jeg geta þess, að um tekjurnar af silfurbergsnámunni er það að segja, að sú upphæð var sett alveg út í bláinn. — Eins og jeg hefi tekið fram finnast mjer tillögur háttv. fjárhagsnefndar skynsamlegar, og sje jeg því ekki ástæðu til að fjölyrða um þær frekara.

Jeg kem þá næst að gjaldahliðinni. Jeg skal taka það fram undir eins, að háttv. fjárveitinganefnd lítur mjög öðrum augum á fjárlögin en stjórnin. Stjórnin vildi fara mjög varlega með fjárveitingar úr landssjóði, og alls ekki blanda dýrtíðarmálunum inn í þær. Það var aðalatriðið fyrir stjórninni að halda landssjóðsstarfseminni gangandi, þannig að þær landssjóðsstofnanir, sem nauðsynlegar eru, sjerstaklega þær, sem styðja atvinnuvegina, gætu haldið áfram hindrunarlaust. Allar þær fjárgreiðslur, sem stjórnin taldi ekki bráðnauðsynlegar, vildi hún takmarka sem mest, og dýrtíðarráðstafanir vildi stjórnin alveg leggja á vald þingsins, og taka þá lán, til þess að standast þann kostnað, sem af þeim leiðir, án þess að þær snertu fjárlögin. Nefndin hefir aftur á móti tekið mikið tillit til dýrtíðarráðstafana, og er það einkum það, sem áhrif hefir á útkomuna í fjárlögunum. Við þessu er í sjálfu sjer ekkert að segja. Þetta er stefnumunurinn á milli stjórnarráðsins og fjárveitinganefndarinnar, en þessi stefnumunur rjettlætir ekki ummæli nefndarinnar um fjárlagafrumvarp stjórnarinnar, um að það villi sýn og geri yfirlitið yfir fjárhaginn örðugra. Háttv. fjárveitinganefnd verður líka að hafa það hugfast, að nú er hægara að ásætla tekjur og gjöld landssjóðs heldur en var í febrúar síðastliðinn vetur, þegar fjárlagafrv. var samið. Við þetta bætist einnig það, að sumar hækkanir hv. fjárveitinganefndar virðast stafa af ókunnugleika, sem kemur til af því, að nefndin hefir ekki viljað hafa nema sem minsta samvinnu við stjórnina, þótt henni hafi vitanlega staðið það til boða. Af þessu flýtur það, að ýmislegt hækkar samkvæmt tillögum fjárveitinganefndar, sem áður hafði verið samið um, og mun jeg skýra þetta

nánar, er jeg kem að þeim liðum, sem jeg á sjerstaklega við. Það er auðvitað, að menn fara það, sem þeir komast lengst, til að ná í fje úr landssjóði. Þess vegna ríður á, að fjárveitinganefndin og stjórnin vinni saman í fullu samræmi.

Jeg skal svo minnast á hinar ýmsu brtt. nefndarinnar og byrja þá á þeirri fyrstu, um að hækka laun hagstofustjórans. Við þessa breytingu hefi jeg ekkert að athuga. Hún er gerð í samráði við stjórnina.

Þá er næsta brtt., um að hækka húsaleiguna fyrir hagstofuna og eldivið til hennar upp í 1800 kr. Eftir því, sem út leit í febrúar í vetur, bjóst stjórnin við, að nóg væri að veita 1000 kr. til þessa, en mikið hefir nú breyst síðan, og getur verið, að þörf sje að hækka fjárveitinguna eitthvað. Annars átti að útvega hagstofunni annað húsnæði. Átti að setja hana í bankarústirnar eða gamla pósthúsið, en bæði þessi hús á landið sjálft, og þess vegna var fjárveitingin ekki sett hærra. Er þetta eitt dæmi upp á það, sem jeg gat um áðan, að sneiða mætti hjá, ef nóg hefði verið um samvinnu milli stjórnarinnar og fjárveitinganefndarinnar.

Þá kem jeg að 4. tölulið í brtt. nefndarinnar. Það er þingkostnaðurinn, sem nefndin vill færa upp í 160 þús. Við þessu er ekkert að segja annað en það, að eðlilegt er, að nefndin viti þetta betur heldur en stjórnin vissi í febrúar í vetur; þá var ekki búið að koma sjer niður á aukaþingshaldi að ári.

Þá er 5. brtt. nefndarinnar, um að hækka laun endurskoðenda landsreikninganna. Stjórnin hefir ekkert við þetta að athuga, en vill að eins benda á, að ekki er langt síðan þessi laun voru hækkuð.

Þá er 6. till. nefndarinnar sú, að feld sje fjárveitingin, sem sett var inn í frv. stjórnarinnar, um 10 þús. kr. til eftirlits vegna bannlaganna. Þessi fjárupphæð var sett á frv. vegna þess, að stjórninni var kunnugt um, að síðastliðinn vetur höfðu nokkrir menn í þessum bæ önglað saman nokkurri fjárupphæð, í því skyni að vernda bannlögin. Stjórninni þótti nú rjettara að ljetta þessu af einstökum mönnum, enda taldi hún líklegt, að þingið mundi fallast á þetta, einkum þar sem reynsla er fengin fyrir því, að þessa eftirlits er þörf. Í staðinn fyrir þennan lið vill nefndin hækka fjárveitinguna til óvissra útgjalda, í því skyni að auka almenna löggæslu. Jeg skal ekkert fara út í það, hvor stefnan sje rjettari, en deildin sker úr því máli.

Þá hefir nefndin tekið inn í fjárlögin væntanleg útgjöld til fasteignamats, og fært þá ástæðu fyrir, að taka eigi alt með, sem búast má við, að verði greitt á fjárhagstímabilinu.

Þetta er alveg ný stefna, og er jeg henni ekki mótfallinn. Jeg átti tal við skrifstofustjórann um þennan væntanlega kostnað, og sagði hann, að það væri ekki venja að setja slíkt í fjárlög. Jeg segi þetta að eins til að afsaka stjórnina, því að jeg álít holt og gott, að önnur venja væri tekin upp. Enda hefi jeg tekið ýmislegt upp í fjárlögin, sem áður hefir verið utan þeirra, t. d. tillagið til Landsbankans o. fl. En auðvitað er það, að fasteignamatskostnaðurinn er hjer áætlaður af handahófi.

Nefndin leggur til, að feldur sje burt styrkurinn til læknishjálpar í Kjósarhreppi, enda sparast við það 300 kr. hvort árið. Eðlilegt, að nefndin hafi þó viljað finna einhverja leið til sparnaðar. Fyrir nokkrum árum var þar læknissetur, en svo var læknirinn fluttur þaðan alla leið til Hafnarfjarðar. Er því eðlilegt, að Kjósarmönnum hafi brugðið við. Og eins og kunnugt er er hjeraðslæknirinn, sem verður að sækja alla leið til Hafnarfjarðar, stór maður og

þungur, og því bæði örðugt og kostnaðarsamt að flytja hann, enda vilja Kjóshreppingar oftast heldur vinna til að sækja privatlækni til Rvíkur, þótt kostnaðarsamara sje. Sú hefir líka orðið raunin á, að menn draga venjulega oflengi að sækja lækni, einmitt kostnaðarins vegna.

Nýjum lið hefir verið bætt inn, um að veita samskonar styrk Flateyjarhreppsbúum í Þingeyjarsýslu. Jeg er ókunnugur á þeim stöðvum, og skal ekk. ert um þann styrk segja, en hann er sjálfsagt jafnsjálfsagður. Jeg skal heldur ekkert segja um augnlæknis- eða Röntgentsáhaldastyrkinn.

Þá kem jeg að spítölunum. Jeg ætla mjer að tala um þá yfirleitt, en ekki einstakar upphæðir. Nefndin hefir áætlað styrkinn til þeirra stórum hærri en stjórnin. Er stjórnin í sambandi við það ásökuð um að hafa áætlað nauðsynleg útgjöld oflágt. Jeg skal strax geta þess, að ástandið hefir töluvert breyst síðan í febrúar. Þá var það almenn von og trú, að stríðið mundi enda í sumar. Það var nákvæmlega athugað af fleiri ráðherrunum en mjer, hvað áætla skyldi spítalaútgjöldin. Læknar spítalanna gerðu og sínar tillögur, en sögðu, sem rjett var, að þær væru gerðar alveg út í loftið; reyndin gæti auðveldlega orðið alt önnur.

Mesta þýðingu hefir kolaverðið. Í febrúar í vetur, alt fram að 14. mars, kostuðu kolin 86 kr. tonnið. Þá virtist ekki ósennilegt að áætla kolaverð 1918 til 1919 50—60 kr. tonnið. Það er því ekki ástæða til að saka stjórnina um það, að hún hafi dregið úr áætluðum útgjöldum til spítalanna, til að geta skilað fjárlögunum tekjuhallalausum. Þessar áætlanir geta eðlilega reynst bæði rjettar og rangar. Því hefði fjárveitinganefndin átt að gera brtt. sínar með sama formála og fjárhagsnefnd, sem sje þeim, að vel geti orðið, að áætlanir stjórnarinnar reynist rjettari. Þessum útgjöldum er svo farið, að þau verða greidd, hvort sem þau reynast há eða lág. Það gerði því ekki mikið til, þótt nokkur skekkja reyndist í áætlunum um þau.

Til sjúkraskýla á læknissetrum hafði stjórnin áætlað 6 þús. kr., en nefndin hækkar þann styrk upp í 15 þús. Jeg veit ekki um afstöðu stjórnarinnar í heild sinni til þessarar hækkunar, en geri ráð fyrir, að hún vilji láta sína uppháeð standa. Það virðist ekki ástæða til að veita hærri styrk til byggingar nú en á friðarárum.

Um tölusetningarkostnaðinn, hækkunina, er mjer ókunnugt, vissi ekki, að hennar þyrfti með, er fjárlögin voru samin. Jeg geri ráð fyrir, að nefndin ætli hann saungjarnlega.

Styrkinn til utanferða hjeraðslækna hafði stjórnin áætlað hærri en áður, en jeg sje ekki ástæðu til, að hann verði hækkaður upp úr 2500 kr., eins og nú árar.

Enn fremur vill nefndin veita Guðmundi Thoroddsen 2000 kr. styrk. Mig minnir, að jeg hafi sjeð í blöðunum, að hann sje búinn að fá embætti í Kaupmannahöfn. Jeg veit ekki, hvort þetta er rjett, en ef svo er, þá virðist engin ástæða til að veita honum styrk.

Þá er styrkur til Láru Sigurðardóttur. Jeg þekki ekki konuna, en það ríður á, að landið hafi á að skipa góðum hjúkrunarkonum, þegar landsspítalinn verður reistur. Þennan styrk er því sjálfsagt að veita, ef staðkan er efnileg.

Þá kemur að póstmálunum. Þegar stjórnin var að semja fjárlögin, fjekk hún tillögur frá póstmeistara. Þær hafa líka legið fyrir nefndinni. Stjórnin áleit sjer ekki fært að fara lengra en hún fór. Hún var hrædd við, að þingið

vildi ekki samþykkja þær hækkunartill., sem hún bar fram, því að hingað til hefir fjárlaganefndin jafnan verið mjög spör á launahækkanir. Jeg skýrði póstmeistara frá því, hve langt stjórnin hefði sjeð sjer fært að fara, og fjekk það svar, að hann og starfsmennirnir mundu sætta sig við till. stjórnarinnar, ef þeir fengju líka dýrtíðaruppbót. Þetta hefði nefndin þurft að vita. Það er ekki svo, að jeg áliti laun póstþjóna ofhá, þvert á móti. Jeg vildi bara skýra frá því, hvernig á því stendur, að stjórnin fór ekki lengra en hún fór.

Jeg vil taka það fram, af því að jeg hefi ekki borið mig saman við meðstjórnendur mína, að það, sem jeg segi, segi jeg eingöngu fyrir eigin reikning.

Þá kem jeg að skrifstofukostnaði landsverkfræðings. Þegar svo var komið, að ekki var útlit fyrir, að stjórnin gæti útvegað nema tvo verkfræðinga í þjónustu landsins, þá fjellst hún á að hækka laun landsverkfræðingsins upp í 4 þús. kr. Landsverkfræðingurinn ljet það í ljós við stjórnina, að hægt væri líka að komast af með tvo, ef skrifstofukostnaðurinn væri hækkaður. Stjórnin spurði hann, hve mikið hann þyrfti, og hann svaraði 1500 kr. Nú hefir hann farið til fjárveitinganefndar og sagst þurfa 2000 kr. Við fjárveitinganefndina hefir hann farið fram á meira en við stjórnina. Þetta sýnir, eitt meðal annars, samvinnuskortinn milli nefndarinnar og stjórnarinnar. Hefði nefndin oftar átt að leita upplýsinga til hennar.

Þá er jeg kominn að vegamálunum.

Vegamálastjórinn hafði lýst yfir því við stjórnina, að ekki þyrfti nema 20 þús. og 14 þúsund til viðhalds flutningabrauta. En nú hefir hann sagt við fjárveitinganefnd, að hann þyrfti meira. Þetta er enn fremur að kenna samvinnuleysinu milli nefndarinnar og stjórnarinnar. Jeg held, að áætlun stjórnarinnar eigi að haldast.

Ekki hafði stjórninni dottið í hug að veita fje til brúar á Jökulsá á Sólheimasandi. Á fyrsta þinginu, sem á þá brú var minst, benti jeg á, að brú, sem kostaði um 10 þús. kr., myndi jafngóð fyrir þá, sem yfir ána eiga að fara, eins og brú, sem kostaði 78 þús. kr. Áin er eins og Markarfljót. Hún breiðir sig út yfir stórt svæði í hlaupum, og breytir þá oft farvegi. Brúin gæti því í áratugi staðið þar, sem vatn kæmi aldrei nálægt. Mjer virðist ekki viðlit að brúa annað en aðalána, sem er ekki stór. Þar vill svo vel til á einum stað, að það er stór steinn í miðjum álnum. Þar er því auðvelt að brúa. Það er nægilegt fyrir fólk, sem þarna ferðast, ef þessi áll er brúaður. Ef gerðar væru nýjar athuganir og nýjar áætlanir af nýjum verkfræðingi, skyldi það vera mitt fyrsta verk að greiða atkvæði með brúargerðinni. Því að það eru fáar ár, sem jeg hefi farið yfir, sem meiri þörf er á að brúa. En jeg vil ekki, að farið sje út í neina vitleysu. (B. J.: Þetta er veitt bara til undirbúnings). Ef það er álitið nægja að byggja brú fyrir 10 þús. kr., þá er einkennilegt að veita 25 þús. kr. til undirbúnings verkinu. Á fyrsta þinginu, þegar þetta mál var flutt, bauð jeg flutnm. að greiða atkvæði með 10 þús. kr. fjárveitingu, og það boð skal standa enn. (G. Sv.: Þetta er út í loftið). Til þess að koma í veg fyrir, að nokkuð verði gert út í loftið, þarf einmitt að láta athuga verkið af nýjum mönnum. Jeg bar þessa hugmynd mína undir einn merkasta mann í Vestur-Skaftafellssýslu. Hann fjellst alveg á hana og sagði, að þeir myndu vera búnir að fá brúna, ef eftir þessu hefði verið farið.

Ef háttv. deild vill ekki flytja allar dýrtíðarráðstafanir inn í fjárlögin, þá

mun hún halda sjer við tillögur stjórnarinnar um vegamálin. Á friðarárum hefði þótt mikið að veita 18 þús. kr. til akfærra sýsluvega, en nú vill nefndin veita 25 þús. kr. Nefndin getur haft hvaða skoðun sem hún vill um þetta, en jeg álít það ótækt. Svo skal jeg ekki orðlengja meir um þennan kafla.

Til verkfróðs aðstoðarmanns vitamálastjórans vill nefndin veita 3 þús. kr., en stjórnin hafði áætlað 2500 kr. Jeg held, að rjettara væri að láta slíkar hækkunartillögur fara um hendur stjórnarinnar. Vel getur verið ástæða til þessarar hækkunar, en stjórninni er ekki kunnugt um það. Stjórninni hefir engin launahækkunarumsókn borist. Annars held jeg, að nefndin hafi verið altof rífleg á fje til skrifstofuhalds yfirleitt. Stjórnin hafði í till. sínum farið eins langt og hún sá sjer fært.

Um einstakar tillögur ætla jeg ekki að eyða mörgum orðum. Að eins vil jeg minnast á tillögu háttv. samgöngumálanefndar um að fella niður styrkinn til smærri báta, er gangi innfjarða. Þörfin fyrir þá er þó ekki minni en áður. Það er ekki við að búast, að stærri flóabátar geti verið að tefja sig á því að kræka inn eftir löngum og mjóum fjörðum, eða koma við þar, sem eru hálfgerðar hafnleysur; það myndi reynast óráð og tiltölulega ofdýrt að láta slíka báta koma við á þessum stöðum eins víða og oft eins og þörf krefur. Hitt er ódýrara og hagkvæmara að hafa til þess smærri báta. Verð jeg því að ráða frá því, að styrkur þessi sje afnuminn.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla að leyfa mjer að tala nokkru nánara um eitt atriði en gert hefir verið. Fjármálaráðherrann (B. K.) mintist að vísu á það; en mjer þykir þó rjett að gera gleggri grein fyrir því, af því að það heyrir minni stjórnardeild til og jeg ber höfuðábyrgðina á því, hvernig sá liður er úr garði gerður í fjárlagafrv. stjórnarinnar. Jeg á hjer við fjárveitinguna til hælanna. Háttv. frsm. (M. P.) sagði, að sjer og nefndinni allri væri óskiljanlegt, hversu lítið fje stjórnin ætlaði til þeirra. Jeg átti sjálfur mestan þátt í því að semja áætlanir þessar, og skal nú stuttlega skýra frá, á hverju jeg byggði þær. Er þess þá fyrst að geta, að í áætlunum þessum hefir verið farið sem næst því, sem forstöðumenn stofnana þessara lögðu til, að undan skildum tveim liðum, kostnaðinum við mat og eldivið. Það hefir að undanförnu verið venja stjórnarinnar að fara í áætlunum sínum að miklu leyti eftir tillögum forstöðumannanna; að minsta kosti hefir hún ekki farið hærra.

Í nál. fjárveitinganefndar segir svo, að það sje fyrirsjáanlegt, að ómögulegt muni verða að komast af með þær upphæðir, sem stjórnin leggur til, að veittar verði til stofnana þessara, og virðist nefndinni alveg óskiljanlegt, hvernig stjórninni hafi dottið í hug að nefna svo lágar upphæðir. Svo bætir nefndin við: Þetta á auðvitað sjerstaklega við fæðiskostnað og kostnað við eldsneyti og ljósmeti. Að því er holdsveikraspítalann snertir þá er matarverðið alveg sniðið eftir tillögum spítalalæknisins og sett 72 a. á dag fyrir hvern mann; hafði það áður verið lítið eitt lægra.

Af því að stjórnin ætlaði, að ekki þyrfti að áætla hlutfallslega hærra fyrir Kleppsbúa, setti hún sömu upphæðina á mann þar.

Jeg verð að taka undir með fjármálaráðherranum (B K.), að það sje ástæðulaust og ekki vel við eigandi að væna stjórnina þess, að hún hafi viljað fara í felur með kostnaðinn.

Í marsmánuði í vetur var ekki unt að

segja með nokkurri vissu — og er raunar ekki enn — að þessi kostnaður verði öllu meiri 1918 og 1919 en hann var 1916; og þótt líklegt sje, að hann verði hærri 1918, má vona, að hann verði aftur lægri 1919. Jeg verð því að halda því fram, að áætlun stjórnarinnar hafi ekki verið óforsvaranleg, og að svo stöddu sje ekki auðvelt að segja, hvor rjettara hafi fyrir sjer, stjórnin eða nefndin. Fæðiskostnað í Vífilsstaðahælinu setti stjórnin 1 kr. dag handa manni, og er það líkt hlutfall og verið hefir að undanförnu milli fæðiskostnaðar þar og í Laugarnesspítala. Sje jeg ekki betur, eftir þeim reikningum, sem jeg hefi haft fyrir mjer, en að það muni vera líkt og var 1916; þá sýnist fæðiskostnaðurinn hafa verið nokkurn veginn nákvæmlega 1 króna á mann. Að vísu mun forstöðumaður hælisins hafa nefnt 1 kr. 25 aura, en stjórninni þótti ekki ástæða til að leggja þar annað til grundvallar en við hin hælin.

Jeg tek það enn fram, að hjer er ekki nema um álitamál að ræða; ástandið er þannig, að enga fullábyggilega áætlun er hægt að gera um þetta, fremur en svo margt annað. Mjer finst hv. nefnd því varla hafa leyfi til að segja, að áætlun stjórnarinnar sje gersamlega óskiljanleg. Færi svo, eins og margir vonuðu í vetur, að stríðið endaði á þessu ári eða fyrri hluta næsta árs, og vonlaust er það ekki, þá tel jeg víst, að það fje, sem stjórnin hefir áætlað, muni endast yfir bæði árin samanlögð. Hjer er því um nokkuð harðan dóm að ræða.

Aftur get jeg ætlað, að telja megi áætlunina um kolaverðið í lægra lagi, jafnvel þótt miðað sje við útlitið í vetur, þegar hún var gerð. Þó var þá töluverð ástæða til að ætla, að kolaverð 1918 og 1919 mundi ekki verða meira en helmingi hærra en fyrir stríðið.

Þegar áætlunin var gerð, var kolaverðið 86 kr. tonnið, en var áætlað 50 kr.; nú er það orðið nálægt 300 kr., en nefndin áætlar það 100 kr., og sýnist sú áætlun ekki forsvaranlegri en áætlun stjórnarinnar, á þeim tíma sem hún var gerð. Það sýnist því, sem hverjum geti dæmt annan hart, þar sem um jafnmikið álitamál er að ræða. Svo er það nokkuð efasamt, hvort fara eigi mjög hátt í áætlunum um fjármál nú. Þá má telja jafnrjetta þá reglu, sem fjármálaráðherrann (B. K.) talaði um, að rjett ast mundi að fylgja, að taka ekki mjög mikið tillit til augnabliks-ástandsins, heldur fara sem næst venjulegu ástandi.

Mjer fanst skylt fyrir mig að minnast sjerstaklega á þennan lið, því að fjármálaráðherrann (B. K.) á minsta sök á því, hvernig hann er úr garði gerður; hann heyrir minni stjórnardeild til, eins og jeg gat um áðan.

Ef fara á með alt eins hátt og háttv. nefnd vill fara, þá hygg jeg, að verið sje að leggja út á hálan ís, og lítil hvöt gefin af hálfu fjárveitingavaldsins til að spara sem mest Það er hvort sem er ekki hægt að gera nú neinar ábyggilegar áætlanir, og verður því síðar meir að bæta úr skakkanum á annan hátt en með venjulegum tekjum. Við neyðumst til að fara sömu leið og háttvirt nefnd veit, að aðrar þjóðir gera. Þær hækka ekki gjöldin mjög mikið á þessum erfiðu tímum, til þess að jafna tekjuhallann, heldur láta þær þetta sjerstaka ástand bera sig á annan hátt.

Pjetur Jónsson: Mjer virðist hæstv. stjórn taka sjer helst til nærri það, sem henni ber á milli og nefndinni, og vildi jeg fara um það fáum orðum.

Nefndin segir svo í áliti sínu: »Virtist henni stjórnin hafa farið oflangt í tilraunum sínum til að gera frumvarpið tekjuhallalaust, þar sem sú viðleitni kom

víða niður á útgjaldaliðum, sem engin tök voru á að spara til. En að setja sjálfsagða útgjaldaliði oflága eða sleppa óhjákvæmilegum útgjaldaliðum úr frumvarpinu, leiðir ekki til annars en að villa mönnum sýn á fjárhagsástandinu og varna þeim fullkomins yfirlits.« Þetta er alveg hreinskilnislega sagt, eins og nefndin meinti það. Henni bar á milli við stjórnina eðlilega af því, að hún stóð á nokkuð annari sjónarhæð en stjórnin, þegar hún samdi frumvarp sitt. Tímar hafa breyst síðan og útsýnið með. Jeg neita því ekki, að nefndin muni hafa litið nokkuð öðru augum en stjórnin á það, hvernig fjárhagsáætlunina ætti að semja, og ekki dylst það, að væri þeim orðum, sem jeg hafði upp úr nefndarálitinu, eingöngu beint til stjórnarinnar, þá mætti ekki eingöngu skoða þau sem ávítur til hennar, heldur beinlínis sem skammir. En nefndarmenn undirskrifuðu þau alls eigi með það fyrir augum, að þau ættu að skiljast á þann veg.

Af því að það er ekki útskýrt í nefndarálitinu, hvers vegna nefndin hagaði orðum sem hún gerði, þykir mjer rjett að gera grein fyrir því nú. Nefndin sá það brátt, að henni var ekki unt að halda frv. tekjuhallalausu, og það ekki þótt hún hefði enga nýja liði tekið upp í fjárlögin, umfram þá, sem voru í stjórnarfrv., en nú hefir hún þar að auki, eins og sjá má af brtt. hennar, bætt nokkru við, sjálfsagt sumu af því, að hún stóð á öðru sjónarsviði en stjórnin og hafði í höndum upplýsingar, sem stjórnin hafði ekki haft. Fór svo, að nú, þegar nefndin skilar frá sjer fjárlagafrv., gerir hún ráð fyrir miklum tekjuhalla. Til þess nú að verja sig fyrir ákúrum fyrir að hafa búið til þennan tekjuhalla, þá vildi hún taka það fram, að það væri ekki til annars en að blekkja þingið og villa því sýn, ef nefndin hefði verið að streitast við að halda frv. tekjuhallalausu eða tekjuhallalitlu, með því að setja útgjaldaliðina svo og svo lága. Það er því rjettara að taka orðin sem bendingu til deildarinnar um að blekkja ekki sjálfa sig, heldur en sem ákúrur til stjórnarinnar.

Það hefir um langt skeið verið stefna stjórnarinnar og fjárlaganefndar að áætla tekjurnar gætilega og ekki ofháar. Hins vegar hefir fjárlaganefndinni oft hætt við að áætla útgjöldin í lægsta lagi, móts við það, sem þau hlutu að reynast, og stundum klipið þar af sanngjarnri áætlun stjórnarinnar. Þess vegna hafa líka umframgreiðslur oft orðið mjög miklar. Þetta getur hafa haft þau áhrif á stjórnina, að hún hafi smátt og smátt farið að hafa áætlaða gjaldaliði í frv. sínu sem lægsta, til þess að fá tekjur og gjöld til að standast sem mest á. Slíkt er auðsjáanlega enginn sparnaður, og veldur einungis misræmi á milli landsreikningsins og fjárlaga og villir fjárhagsyfirlitið.

Það er þessi stefna, sem nefndin ásetti sjer að víkja frá, og sumpart neyddist til að víkja frá, vegna dýrtíðarinnar. Í sambandi við áætlanir og breytingartillögur nefndarinnar skal jeg geta þess, að hún miðaði ekki beinlínis við dýrtíðina, eins og hún er nú á þessu ári, heldur við nokkurs konar »normal«-ástand eftir stríðið, en hærra »normal«-verð á öllu en á undan stríðinu, og enn fremur bein áhrif af þessa árs dýrtíð á fyrra ár fjárhagstímabilsins. Hún getur ekki gert sjer annað í hugarlund en þótt stríðinu ljetti bráðum, þá muni verðlag verða alllengi að færast í nokkuð líkt horf og áður var.

Jeg ætla ekki að tala neitt um einstaka liði frv., en ætlaði að eins að taka ómakið af framsm. (M. P.), með að skýra þetta eina atriði frá sjónarmiði nefndarinnar í heild sinni.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það eru ekki mörg atriði í þessum kafla fjárlaganna, sem ná til þeirrar deildar í stjórnarráðinu, sem jeg er einkum bundinn við. Það eru að eins póstmálin og vegamálin, sem heyra þar undir.

Fjármálaráðherrann (B. K.) hefir þegar getið þess, að stjórnin hafi stigið á fremsta hlunn með fjárveitingar til póstmálanna, og lagt til, að til þeirra yrði veitt það mesta, sem hún gat gert sjer von um, að þingið mundi vilja samþykkja. Það þykist jeg og vita, að þegar háttv. nefnd ber saman tillögur póstmeistara og fjárveitinguna til póstmála á núgildandi fjárlögum, þá muni hún sjá og kannast við, að hjer er um óvenjulega hækkun að ræða á einu fjárhagstímabili. Ekki virðist nefndin þó yfirleitt hafa farið eftir tillögum forstöðumanna hinna stærri stofnana landsins, svo sem símastjóra og vitamálastjóra. Ef fjárveitinganefnd tæki þá stefnu, að fara að mestu eftir tillögum þessara manna, þá ætti það eftirleiðis að geta verið bending fyrir stjórnina. En varla verður hægt að sjá, að þetta hafi vakað fyrir nefndinni að þessu sinni.

Þótt jeg taki það fram, að hækkun á launum póstmanna ætti að verða meiri en venja hefir verið til, ef farið er eftir tillögum háttv. nefndar, segi jeg þar með engan veginn, að hún sje ofmikil, en stjórnin leit svo á, að við það mætti una að sinni, sem hún lagði til, einkum með hliðsjón af dýrtíðaruppbót þeirri, sem þessir menn fá, eins og aðrir, og víst er um það, að ýmsir aðrir starfsmenn þjóðarinnar eru ekki betur settir en þessir menn.

Um vegamálin get jeg í flestu verið nálægt skoðun háttv. nefndar, sjerstaklega af því, að hún fylgir þeirri skoðun, sem nú er með rjettu alment ríkjandi, þeirri skoðun, að þingi og stjórn beri á þessum tímum að stuðla af fremsta megni að því, að sem flestir geti haft atvinnu, og að þessu stefna tillögur hv. nefndar yfirleitt. Ef vegamálin eiga að komast í gott horf, má ekki gleyma að hlynna að sýsluvegunum; hjeruðin sýna það best með tillögum sínum til þessara vega, hve ant þeim er um að fá þá og hve nauðsynlega þau telja þá.

Það er eitt orð hjá háttv. nefnd, sem jeg vil vekja athygli á; hún vill breyta nafni landsverkfræðingsins og nefna hann vegamálastjóra. Mjer er kunnugt um, að ýmsir vilja fá greind sem mest í sundur störf verkfræðinganna, vilja fá sjerstakan vitamálastjóra, eins og þegar er að miklu leyti orðið; einnig sjerstakan mann til að sjá um hafnargerðir og standa fyrir þeim málum, sem þær snerta. Þetta getur nú alt verið eðlilegt. En jeg bið menn að gæta þess, að hingað til hefir landsverkfræðingurinn haft fleiri störfum að gegna fyrir stjórnina en þeim, sem talist geta til vegamála; og nú þessa dagana er landsverkfræðingurinn að vinna eitt slíkt verk fyrir landsstjórnina. Gæti þessi breyting á nafninu leitt til þess, að hann legði þann skilning í það, að á sjer hvíldi ekki skylda að vinna að öðrum verkfræðingsstörfum fyrir stjórnina en þeim, sem heyra vegamálunum til.

Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) sagði, eins og rjett er, að fjárlaganefndir hefðu að undanförnu heldur viljað klípa af en hitt, en mjer skildist á orðum hans, að nú hefði fjárveitinganefndin tekið upp nýja reglu; nú hafi hún viljað fara vægilega í þær sakir og áætla útgjöld heldur ríflega. Verður við það skiljanlegri sá mismunur, sem er á áætlunum háttv. nefndar og áætlunum stjórnarinnar, í fjárlagafrv. hennar. Jeg segi ekki, að þetta sje lakari regla en sú, sem fylgt hefir verið, heldur tel jeg það einmitt

heppilegra, að útgjöldin fari ekki mikið fram úr áætlun, þegar öll kurl koma til grafar.

Jeg ætla ekki að blanda inn í þær umræður, hvernig eigi að skilja 1. gr. í nál. háttv. fjárveitinganefndar, en jeg held þó, eftir því sem við alþýðumennirnir erum vanir að lesa og skilja, geti jeg ekki annað en hallast heldur að skilningi hæstv. forsætisráðherra en skýringu þeirri, er háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) vildi gefa á orðalagi hennar. Það er sagt í nál., að sú aðferð, er stjórnin hefir, sje ekki til annars en að villa mönnum sýn, og þetta stendur í næstu setningu eftir að nefndin hefir sagt, hvernig hún lítur á, að stjórnin hafi skilað þessu úr hendi sjer. Jeg hygg, að menn alment muni skilja þessi orð á sama hátt og jeg. Háttv. fjárveitinganefnd getur náttúrlega verið í sínum góða rjetti, en mjer finst þetta vera óþarflega harðlega orðað og einkennilegt, ef nú á að fara að draga hjer fjöður yfir.

Frsm. samvinnunefndar samgöngumála (B. Sv.): Það á víst ekki síður við um brtt. samvinnunefndar samgöngumála heldur en ýmsar aðrar tillögur, sem hjer liggja fyrir, að þær sjeu allmjög sniðnar eftir því ástandi, sem nú er, og mætti því með nokkrum sanni kalla þær nokkurs konar dýrtíðartillögur.

Nefndin athugaði samgöngurnar á sjó eða með ströndum fram, bæði með tilliti til þeirra bæna, sem komið höfðu frá einstökum mönnum og hjeruðum og eftir tillögum stjórnarinnar.

Jeg vil leyfa mjer að fara nokkrum orðum um brtt. nefndarinnar, en vísa að öðru leyti til nál. á þgskj. 487.

Fyrsta brtt. við lið C. I., þess efnis, að niður falli fjárveiting sú, 75 þús. kr., sem ætluð er til strandferða. Sú till. var gerð vegna þeirrar ákvörðunar síðasta þings, að stjórnin skyldi kaupa eimskip til vöruflutninga með ströndum fram. Í þessum lögum er að vísu gert ráð fyrir því, að öll útgjöld til skipsins sjeu tekin upp í fjárlögin, enda renni allar tekjur af því í landssjóð. En þar sem engin áætlun er til um það, hvernig þetta skip muni bera sig, taldi nefndin óþarft og út í bláinn að áætla nokkra upphæð til þess. Útgjöldin til skipsins mundu þá að sjálfsögðu vera talin með í 22. gr. fjárlaganna. Stjórnin kveðst hafa látið fjárhæðina standa óbreytta, eins og í síðustu fjárlögum, en þótt svo væri hagað meðan samið var við eitthvert fjelag um strandferðirnar, og tillagið því fastskorðað, þá er alt öðru máli að gegna nú, og því taldi nefndin rjettast að fella liðinn burt.

Við styrkinn til Eimskipafjelagsins hefir nefndin ekki gert neina brtt., enda mun það vera samningum bundið, að fjelagið annist samgöngur fyrir þá fjárhæð. Þar á móti er brtt. við C. III, um samgöngur á flóum, fjörðum og vötnum. Nefndin hefir orðið að gera þar brtt., eins og skýrt er frá í nál., bæði vegna þess, að bæta þurfti við bátum, og eins af hinu, að kostnaðarinn við að gera út báta til flutninga verður miklu meiri en áætlað var þegar stjórnin samdi fjárlagafrv. Nefndin hefir því fært tillagið til flestra bátanna upp um þriðjung og sumstaðar nokkru meira. Hins vegar færist þessi kostnaður að sjálfsögðu niður, ef stríðinu linnir, og kemur þá til kasta aukaþingsins að ári að gera þar um nýjar tillögur.

Viðvíkjandi einstökum liðum er það að segja, að nefndin áætlar til bátaferða á Faxaflóa 18000 kr., en stjórnin hafði áætlað 12000. Hún hafði ætlað »Ingólf« til þeirra ferða, en nú er komið skjal

frá stjórn fjelagsins, þar sem hún fer fram á stórmikla uppbót á kolaverði fyrir yfirstandandi ár og gerir ráð fyrir því að geta ekki tekið að sjer ferðir næsta ár, nema með gífurlegri hækkun á styrk; vill þó helst ekki semja um ferðir, en býður stjórninni bátinn til kaups. En þegar á það er litið, að útgerðarfjelag Faxaflóabátsins hefir ekki getað haldið samninga um ferðir þetta ár, og kol hækka óðfluga í verði, svo að þau geta orðið enn miklu dýrari næsta ár, þá telur nefndin næsta óráðlegt að kaupa »Ingólf« að svo stöddu, og dylst henni ekki, að ferðirnar yrðu miklu ódýrari á vjelbátum, því að verðhækkun á steinolíu er miklu minni en á kolum. Nefndin leggur því til að verja liðnum »til ferða á Faxaflóa«, en ekki »til Faxaflóabáts«, og er ætlast til, að stjórnin verji fjenu sem hagkvæmlegast. »Ingólfur« hefir lagt niður ferðir allar til Keflavíkur og Garðs síðan í vor, enda hefir komið umkvörtun frá íbúum Gerðahrepps, sem hvorki hafa fengið póst nje annan varning fluttan til sín um alllangt skeið, og því farið fram á að fá sjerstaka fjárveitingu til flutninga milli Reykjavíkur og Gerða. Nefndin sá sjer ekki fært að taka þá beiðni til greina sjer í lagi, en treystir því, að stjórnin sjái borgið hag Gerðhreppinga og Keflvíkinga, þegar hún semur um bátaferðir hjer við flóann fyrir næsta ár. — Þess má geta, að stjórn Faxaflóabátsins bar það fyrir sig, að lítill flutningur hefði verið sunnan með sjó, svo að hvergi nærri svaraði kostnaði að fara þessar ferðir, en íbúar Gerðahrepps telja flutningaþörfina mjög mikla.

Á sama hátt hefir nefndin hækkað styrkinn til bátaferða á Breiðafirði úr 12000 kr., sem stjórnin lagði til að veittar yrðu, upp í 18000 kr. Þar eru tveir bátar til ferða. Annar er »Breiðafjarðarbáturinn«, sem stundum gengur til Reykjavíkur, hinn gengur milli Flateyjar og Barðastrandar. Nú hefir komið brtt. frá fjárveitinganefnd um að orða liðinn þannig, að alt fjeð verði veitt til »h/f Breiðafjarðarbáturinn«, en á það getur samgöngumálanefndin ekki fallist, því að það hefir ekki gengið sem best hingað til með samninga milli fjelagsins og eiganda Barðastrandarbátsins, og telur nefndin því rjettara, að stjórnin skeri úr, hvernig fjenu verði best varið, svo að engin deila þurfi að rísa milli manna þar vestra út af því. Þó skiftir þetta að vísu ekki miklu máli.

Um styrk til ferða á Ísafjarðardjúpi læt jeg nægja að vísa til álits nefndarinnar.

Þá vill nefndin veita til bátsferða á Húnaflóa 20000 kr., því að þar er mikil þörf á sjerstökum bát. Hafnir eru þar mjög margar, og tafsamt fyrir strandferðaskip að fara inn á þær allar; verður því ódýrara að láta sjerstakan bát annast þær ferðir. Það er ætlast til, að bátur sá gangi til Ísafjarðar annað veifið og til Sauðárkróks, ef þörf krefur. Um það er stjórninni ætlað að semja áætlun, í samráði við hjeraðsbúa.

Þá leggur nefndin til, að til Langanesbáts, sem gangi lengst milli Sauðárkróks og Seyðisfjarðar, verði veittar 18000 kr. Hann kemur í staðinn fyrir »Eyjafjarðarbát« með 3500 kr., sem stjórnin hafði ákveðið og ekki átti að fara lengra en til Húsavíkur. Slíkar bátsferðir væru allsendis ónógar. Norðausturhluti landsins færi þá með öllu á mis við bátaferðir, og er það því fjarstæðara og skaðlegra fyrir þá sök, að strandferðaskip og millilandaskip koma mjög sjaldan á hafnir þessa landshluta. Hafa Norður-Þingeyingar fengið hart að kenna á samgönguleysinu síðan styrjöldin hófst, jafnvel svo hvað eftir annað, að þeir hafa ekki getað komið frá sjer haustvörum sínum, og hefir því

kjöt, er ætlað var til útflutnings, legið allan veturinn og beðið eftir skipi. Má nærri geta, hvílíkt stórtjón af þessu stafar, og væri það alls óhæfilegt að láta hag þessara hjeraða lengur svo fyrir róða ganga. Nefndin ætlast til, að bátur þessi gangi alt til Seyðisfjarðar austur og taki þannig að sjer að bæta úr samgönguþörfinni um nyrðra hluta Austfjarða. Auk þess er nokkur þörf á samgöngum milli Eyjafjarðar og Seyðisfjarðar um hásumarið, því að Seyðfirðingar hafa eigi alllítil skifti við Siglufjörð um síldveiðitímann, en hins vegar er það á valdi stjórnarinnar, hvort hún lætur bátinn ganga til Seyðisfjarðar í hverri ferð, einnig á öðrum tímum árs, eða þá í sumum ferðum ekki lengra austur en til Þórshafnar, og mundi það rjettara. Til þess, að Eyfirðingar verði ekki fyrir borð bornir, ætlast nefndin til, að báturinn geti stöku sinnum farið sjerstakar aukaferðir um fjörðinn, og telur víst, að það verði nægilegt, því fremur sem Eyfirðingar eiga góðan skipakost sjálfir, og miklar ferðir eru jafnan um fjörðinn fram og aftur. Nefndin ætlar bátnum að fara lengst vestur til Sauðárkróks, en með því að flutningsþörf er ekki mikil að staðaldri á þeim hluta leiðarinnar, þá mundi nægja, að þangað væru farnar svo sem þrjár ferðir á ári, og treystum vjer stjórninni einnig til þess að ráða skynsamlega fram úr um áætlun þessara ferða.

Eins og kunnugt er voru veittar 20000 krónur til mótorbátsferða fyrir Austfjörðum, frá Langanesi til Hornafjarðar, í fjáraukalögum fyrir árið 1917. Nú leggur nefndin til, að þessu verði breytt þannig, að bátur þessi gangi ekki lengra norður en á Seyðisfjörð, því að hafnir eru margar á suðurfjörðunum, og auk þess verður bátur þessi að annast Hornafjörð, en það er þjettur ábaggi, því að þar er höfn torsótt, svo að oft verður að sæta færi til að komast þangað inn. Báturinn mun því hafa nóg að gera, þótt hann gangi ekki lengra norður en á Seyðisfjörð, ekki síst þar sem honum er ætlað að fara öðru hvoru til Reykjavíkur. Viðvíkjandi Langanesbátnum er komin brtt. frá háttv. þm. Eyfirðinga þess efnis, að hann skuli ekki ganga lengra austur en til Þórshafnar. En eins og jeg hefi tekið fram þá er óhagkvæmt að slíta ferðir bátanna sundur um Langanes, og hagkvæmara, að bátar þessir hafi endastöð á Seyðisfirði. Samgöngumálanefndin hefir því ekki getað fallist á brtt. þeirra þm. Eyf.

Um Skaftfellingabát er allítarlega ritað í áliti samgöngumálanefndar, og með því að engar brtt. hafa komið fram við þann lið, sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um hann.

Um ferðir milli Vestmannaeyja og Rangársands er það að segja, að við Rangársand eru hafnleysur svo miklar, að sæta verður færi að lenda þar, og verður því að hafa sjerstakan bát til þeirra ferða, enda er ekki hægt að hafa fasta áætlun á milli þeirra staða. Nefndin getur því ekki fallist á, að styrkur falli niður til þessa báts, jafnvel þótt allríflega sje veitt til Skaftfellingabáts.

Þá hefir stjórnin ætlað 300 kr. til báts, sem gengi milli Patreksfjarðar og Rauðasands. Nefndinni hefir þótt þetta oflágt og leggur því til, að styrkur þessi verði hækkaður upp í 800 kr., en fjárveitinganefnd þykir styrkurinn óþarfur og vill fella hann burt með öllu. Á það getur samgöngumálanefnd ekki fallist, því að þarna hefir 12—13 smálesta bátur verið í förum við og við alt sumarið og haft nóg að gera. Hann þarf að koma við á mörgum höfnum, þótt smáar sjeu, og þar að auki fer

hann á Tálknafjörð. Á Rauðasandi er og allmikið útræði og sækja þangað menn úr öðrum sveitum. Báturinn kemur því mörgum að notum, og þegar á það er litið, að hann þarf að sækja út fyrir Látraröst, og verður að sæta færi til þess að lenda við Rauðasand, þá virðist tillagið ekki mega lægra vera, eins og nú horfir, heldur en samgöngumálanefndin hefir lagt til. Því síður kemur til mála að fella styrk þennan með öllu.

Stjórnin hafði áætlað 300 kr. til bátsins á Lagarfljóti, en þm. Múlasýslna fóru fram á, að sá styrkur yrði hækkaður, og hefir nefndin lagt til, að styrkurinn yrði 800 kr.

Þá hefir stjórnin ætlað 400 kr. til Hvalfjarðarbáts. Það voru mjög skiftar skoðanir í samgöngumálanefndinni, hvort þessi styrkur ætti að haldast, en það varð þó ofan á, að rjett væri, að hann stæði. En nú hefir fjárveitinganefndin lagt til, að hann yrði látinn falla, vegna þess, að fje er veitt til bátaferða á Faxaflóa. En af því að sjerstaklega stendur á með Hvalfjörð, sem er afskektur, þykir samgöngumálanefndinni ekki rjett að fella styrkinn. Aftur getur hún ekki fallist á, að hann verði hækkaður, eins og brtt. hv. þm. Borgf. (P. O.) fer fram á.

Stjórnin ætlast til, að veittar verði 600 kr. til vjelbátsferða á Hvítá, en nefndin hefir ekki getað fengið þær upplýsingar, að sá styrkur sje notaður neitt að ráði, og hefði því verið skapi næst að fella hann niður. En vegna þess, að ferðirnar geta verið gagnlegar þeim, sem búa neðarlega við ána, einkum á meðan ekki er komin akbraut um neðanverðan Borgarfjörð, leggur nefndin til, að styrkurinn verði látinn halda sjer, og getur ekki fallist á þá brtt. fjárveitinganefndar, að hann verði feldur með öllu. En samgöngumálanefnd getur ekki heldur fallist á brtt. hv. þm. Mýra. (P. Þ.), að styrkurinn verði hækkaður, þar sem báturinn er ekki mikið notaður til vöruflutninga nje kemur mörgum að haldi.

Eins og sjá má á nál. eru till. samgöngumálanefndarinnar að meira og minna leyti bráðabirgðaráðstafanir, og þótt ákveðið sje, að fjárlögin gildi fyrir bæði árin, þykir nefndinni sennilegt, að Alþingi, sem kallað verður saman að ári, geri breytingar á fyrirkomulagi ferða, eða felli styrk til sumra þessara báta, ef friður kynni að verða kominn á í heiminum og úr greiddist um siglingar til landsins og betri strandferðir.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta mál að sinni.

Stefán Stefánsson: Það er sjerstaklega ein fjárveiting, sem jeg er hæstv. stjórn þakklátur fyrir að hafa tekið upp í fjárlögin. Það er fjárveitingin til brúar á Eyjafjarðará. Það eru nú mörg ár síðan þess var óskað, og loks er það komið svo langt, að stjórnin hefir tekið fjárveitinguna upp í frv. sitt. Jafnvel þótt þessi fjárveiting sje veitt með nokkru skilyrði, að verkið verði því að eins unnið, að efni til þess sje ekki ofdýrt, þá vona jeg, að það ákvæði verði ekki misbrúkað, og er það þá í alla staði eðlilegt, eins og ástandið er nú. Meðan jafnerfitt er með aðdrætti og kaup á efni eins og nú er, kemur auðvitað ekki til mála að ráðast í svo stór fyrirtæki. Jeg vil líka taka það fram, að mjer líkar vel tillaga fjárveitinganefndar um það að veita fje til að undirbúa brúarbyggingu á Jökulsá á Sólheimasandi. Þessar 2 brýr hafa lengi elt ólar hvor við aðra, og vona jeg, að það verði nú í síðasta sinni, og að rekspölur komist á byggingu þeirra beggja.

Sú brtt., sem jeg ætlaði sjerstaklega að tala um, er á þgskj. 569 og er um framlag til Öxnadalsvegar. Jeg veit

ekki, hvort deildarmenn hafa tekið eftir því, að í núgildandi fjárlögum voru veittar 3000 kr. hvort árið, og er nú unnið af kappi að lagningu þessa vegar. Þar sem þetta stóð í fjárlögunum núna, þá bjóst jeg við, að stjórnin mundi láta það standa áfram, en það var nú ekki því að heilsa. Þegar jeg sá, að stjórnin hafði slept fjárveitingunni, sneri jeg mjer til fjárveitinganefndar, en hún var líka ófáanleg til að taka hana upp. Jeg verð þó að líta svo á, að þetta sje ein af sjálfsögðustu fjárveitingunum til vegagerða. Þarna hagar svo til, að fyrir nokkrum árum var byrjað á vegi frá Akureyri út yfir Moldhaugaháls og inn allan Öxnadal. Nú er vegurinn kominn út yfir hálsinn og inn á Þelamörkina miðja, hálfa leið inn að Bægisá. Nú er því ekki eftir nema örfáir km. til þess, að 2 hreppar geti notað vagna og kerrur til aðdrátta heim til sín. (**E. A.**: Eru vagnarnir til?). Vagnarnir eru til, að minsta kosti á Akureyri. Það er því sjáanlegur bagi, að verkinu skuli ekki verða haldið áfram. Það verða mikil vonbrigði fyrir þá, sem hlut eiga að máli, ef veginum verður ekki haldið áfram. Honum hefir að vísu ekki stöðugt verið haldið áfram. En úr því að hann komst inn í fjárlögin síðast, þá er eðlilegt, að menn vonist eftir, að ekki verði hætt við hann strax aftur. Þessi vegur kom til tals á þingmálafundum í vor, og var það eindregin ósk allra, að verkinu yrði nú haldið áfram, enda talið mjög líklegt, að svo yrði. Öll tæki eru nú fyrir hendi, því að þar er verið að vinna í sumar. Jeg skal ekki segja, hvort þessar 6000 kr. nægja til að ljúka við veginn, en vona þó, að komist yrði yfir mestu torfærurnar á næsta fjárhagstímabili. Jeg reið þennan veg, er jeg fór að heiman til þings. Varð jeg þá að fara yfir grösug engi, eftir troðningum og yfir kíladrög, sem sum voru á miðjar síður. Þegar svona stutt er eftir, þá er nauðsynlegt að hafa af herslumuninn. Þar sem vegurinn á að liggja eru engar torfærur. Hann á ekki að liggja um engin, sem jeg mintist á áðan, heldur uppi undir fjalli, og virðist þar gott vegarstæði, svo að vegurinn ætti ekki að verða tilfinnanlega dýr.

Þá hefir líka verið bent á það, að heppilegt væri að geta sem víðast veitt mönnum atvinnu á næstu árum, ef dýrtíðin helst. Eyjafjörður er engin undantekning með þetta. Margir mundu verða þakklátir fyrir að fá vinnu við þennan veg á vorin og haustin, sem þurfa að vinna sjer til bjargar.

Dálítið finst mjer hjáleitt, að nefndin skuli bæta 2000 kr. við þær 8000 kr., sem stjórnin áætlaði til Langadalsvegar. Öxnadalsveginn nota 2 hreppar, en hve margir nota Langadalsveginn? Jeg hygg, að þeir sjeu ekki svo margir. Torfærur eru ekki meiri á þeirri leið en þessari, og báðir eru vegirnir þjóðbraut. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg sjái ofsjónum yfir fjenu til Langadalsvegarins, en mjer finst háttv. fjárveitinganefnd hafa Öxnadalsveginn að olnbogabarni, en hossa hinum.

Jeg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þessa brtt. okkar. Við eigum fleiri brtt. við þennan kafla, en háttv. samþingism. minn (E. Árna.) gerir grein fyrir þeim, enda er hann aðalflutningsmaður þeirra.

Sigurður Sigurðsson: Við þennan kafla á jeg að eins eina brtt., og er á annari með öðrum þingmanni. Þessi brtt. mín er á þgskj. 543 og fer fram á það, að veittar sjeu 2000—1000 kr. — eða til vara að eins 2000 kr. eitt ár — til vegagerðar í Gaulverjabæjarhreppi. Þessi hreppur er í raun og veru vegarlaus og illur yfirferðar. (**Atvinnu-**

málaráðherra: Já, vissulega). Hæstv. atvinnumálaráðherra segir: »já, vissulega«. Mjer þykir vænt um, að hann staðfestir mál mitt. Þessi vegarspölur, sem á að leggja, er 7 km. að lengd, og er áætlað, að hann muni kosta nálægt 10000 kr. Vegurinn verður því mjög dýr, sem stafar af því, að mjög erfitt verður með ofaníburð í allan veginn. Ætlast er til, að hann liggi af sýsluveginum austur með sjónum, um Gaulverjabæ og yfir þveran hreppinn, svo að hann kemur öllu miðbiki hreppsins að notum. Þörfin fyrir þessa vegagerð er að verða brýnni og brýnni, eftir því sem menn fara að gera meira að því að flytja þungavöru sína á vögnum. Nú er það að verða algengt. Meðan alt var flutt á klökkum var þörfin ekki eins aðkallandi. Menn gátu klungrast með klyfjahesta þar, sem ómögulegt er að komast með vagna. Þetta er því, eins og allir sjá, nauðsynjamál. Jeg skal líka láta þess getið, að þessi styrkveiting er algerlega hliðstæð svipuðum styrkveitingum, sem veittar hafa verið áður. Má t. d. nefna vegina í Fljótshlíð og í Svarfaðardal. Jafnvel í till. fjárveitinganefndar er ekki ósvipað dæmi, þar sem er tillag til brúa á Dynjandaár í Arnarfirði, sem líka eru á hreppavegi.

Jeg skal svo ekki tala lengur um þetta, en vona, að háttv. þigmenn líti á nauðsynina og greiði atkvæði með þessari brtt., ef ekki með aðaltill., þá að minsta kosti með varatill.

Úr því að jeg er staðinn upp, langar mig til að víkja nokkrum orðum að fjárveitingum til vegagerða yfirleitt.

Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) gat þess, þegar hann var að finna að við fjárveitinganefndina, að stjórnin færi ávalt eftir tillögum verkfræðingsins með áætlanir sínar um fjárveitingar til vegagerða, sjerstaklega til flutningabrauta. Þar eiga sjer þó stað undantekningar, eins og víðar. Jeg veit ekki betur en að verkfræðingurinn hafi lagt til, að veittar yrðu 15000 kr. hvort árið til Grímsnessbrautar. En stjórnin hefir fært þá fjárveitingu niður í 10000 kr. Jeg hefi ekki komið með brtt. við þennan lið af kurteisi við stjórnina, af sparnaðarástæðum og af öðrum ástæðum, sem jeg hirði ekki að nefna, og ekki af því, að ekki sje nauðsyn að flýta þeirri braut. Þetta er mest aðkallandi vegagerðin, sem nú er á prjónunum. Biskupstungurnar eiga þar hlut að máli. Þær eru stór sveit, eiga mjög langt til aðdrátta, eru algerlega veglausar, illar yfirferðar og sundur skornar af stórum vatnsföllum. Það er því full ástæða til að flýta þessum vegi, svo að þessi sveit geti farið að njóta hans.

Ekki víti jeg nefndina, þótt hún hækki fjárveitinguna til viðhalds vega. Vegaviðhaldinu er mjög ábótavant, sennilega af fjárskorti.

Vegurinn austur, sem er langfjölfarnasti vegurinn á öllu landinu, er stundum alveg ófær á köflum, bæði vor og haust. Jafnvel í júlímánuði í sumar var hann lítt fær með vagna og bíla, þótt hann væri farinn. Jeg mun því án efa greiða atkvæði með þessari hækkun nefndarinnar. Sama er að segja um fjárveitinguna til akfærra sýsluvega. Jeg mun styðja það, að hún sje hækkuð úr 18000 upp í 25000. Sýsluvegirnir hafa nú um langan tíma legið í kalda koli. En eftir því sem notkun vagna fer í vöxt verður þörfin brýnni fyrir góða vegi. Það er því rjett að hækka þessa upphæð.

Þá er eitt atriði enn, sem mig langar til að minnast á. Á þingmálafundi í vor í Árnessýslu kom fram áskorun um það, að vegurinn í Smiðjulaut á Hellisheiði væri færður úr stað, og kröppustu beygjurnar í Kömbum lag-

færðar. Sýslunefndin sendi þessa áskorun til stjórnarráðsins, en þau plögg hafa ekki verið lögð fram. Jeg segi ekki, að þeim hafi verið stungið undir stól. En það hefir líklega farið um þau eins og Alexander Kjelland, í sögunni »Arbejdsfolk«, lætur fara um skjöl, sem mikil leit varð úr í norska stjórnarráðinu, en fundust þó á endanum, eftir »dúk og disk«. Það er kominn tími til að lagfæra þetta. Jeg býst við, að við austanþingmenn komum með viðaukatillögu við 3. umr. um fjárveitingu til þess að færa úr stað veginn í Smiðjulaut. Hann liggur undir fönn langt fram á vor og hindrar umferð með vagna.

Enn fremur langar mig til að víkja að einu atriði, til athugunar og eftirbreytni fyrir hæstv. landsstjórn. Það er um vitana. Í núgildandi fjárlögum er veitt fje til að byggja vita, en þeir verða ekki bygðir á þessu fjárhagstímabili, sökum dýrleika efnis. Á meðal þessara vita er Selvogsvitinn. Þó eru í frv. stjórnarinnar teknar upp fjárveitingar til nýrra vita, en ekki endurfjárveitingar til hinna fyrri. Líklega stafar það af því, að þegar stjórnin samdi frv. sitt, hafi það ekki verið ákveðið, hvort vitarnir yrðu bygðir á þessu ári eða ekki. Jeg vona, að stjórnin ætlist ekki til, að þeir falli alveg úr sögunni. Jeg ávíta ekki stjórnina fyrir það, þótt hún hafi frestað byggingu vitanna. Jeg tel ekki geta komið til mála að sleppa þeim, heldur verði þeir bygðir svo fljótt sem hægt er, og það á undan þeim vitum, sem teknir eru upp í fjárlögin nú.

Um annað ætla jeg ekki að tala að þessu sinni. Jeg hefði haft ástæðu til að athuga hækkun útgjaldanna til símans, einkum og sjer í lagi til stöðvanna í Reykjavík, Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði. Stjórnin er spör á skýringum um þessa aðkallandi hækkun. Auk þess er liðurinn til aðstoðar hækkaður um helming, og allir liðirnir yfirleitt mikið hækkaðir. Jeg er ekki beinlínis að telja þessa hækkun eftir, þótt hún sje nokkuð mikil, en jeg vildi gjarnan fá skýringu á því, hvernig á henni stendur.

Annars er það öllum kunnugt, að sá maður, sem þessum málum stjórnar, símamálunum, er mjög aðgönguharður við fjárveitingavaldið; hann er að vísu mjög duglegur maður, en kröfuharður í meira lagi, bæði um fjárveitingar til símanna og til kauphækkunar. Það er jafnvel ekki laust við, að hann á stundum beiti fullu gerræði, eins og þegar hann setti upp gjaldið fyrir símasamtölin o. fl., sem vikið hefir verið að hjer í deildinni, og ástæða hefði verið til fyrir fjárveitinganefnd að athuga nánara.

Að svo stöddu ætla jeg ekki að fjölyrða meir, en vona, að háttv. þingd. samþykki að minsta kosti varatill. mína um veginn í Gaulverjabæjarhreppi.

Pjetur Ottesen: Jeg get eftir atvikum verið háttv. fjárveitinganefnd þakklátur fyrir undirtektir hennar undir málaleitan Borgfirðinga um brú á Hvítá hjá Hvítárvöllum og vegarkafla við brúna.

Eins og háttv. framsm. (M. P.) tók fram þá hafa verið lagðar fram frá hjeraðinu til þessa fyrirtækis 30 þús. kr., helmingur þar af með samskotum, en hitt með tillagi frá sýslunum, einkum frá Borgarfjarðarsýslu. Um nauðsyn þessa verks hefi jeg ekki mikið að segja; fjárframlög hjeraðsins benda ótvírætt til þess, hversu mikil nauðsyn er á því að fá þessa samgöngubót. Sú breyting er nú orðin á versluninni, að nálega öll verslun fyrir ofan Skarðsheiði er nú rekin í Borgarnesi, en einmitt á þeim vegi er Hvítá slæmur þröskuldur. Í Borgarnesi er sláturhús og þangað reka menn því fje á haustum, en það

er miklum erfiðleikum bundið, með því að ferja verður yfir ána, og er sá flutningur oft, þegar illa viðrar, ókleifur tímunum saman. Eins er um vöruflutninga. Annaðhvort flytja menn vörurnar á Seleyri, sem liggur andspænis Borgarnesi, eða upp eftir Hvítá á báti og svo þaðan landveg á klárum. Sjóleið þessi er mjög stopul allan ársins hring, því að grynni er mikið í firðinum og oft oflítið í ánni á sumrum, en ófært fyrir veðrum og ís á vetrum. Þessum kjörum verða allir á þessu svæði að sæta, nema 2 efstu hrepparnir, sem kræki upp á Kláffossbrú og fara svo hina svo kölluðu Borgarfjarðarbraut.

Landsverkfræðingurinn getur þess í umsögn sinni um þetta mál, að þegar brú þessi væri komin á, mundu þeir, sem fara landleiðina frá Reykjavík til Stykkishólms og vestur í Dala- og Barðastrandarsýslur, eingöngu fara þessa leið. Það, sem farið var fram á, var í samræmi við álit landsverkfræðings, sem sje að landssjóður legði fram það fje, sem þarf í viðbót við tillag hjeraðsins, er eftir hans áliti nemur hjer um bil $^2/_3$ alls kostnaðarins. Eins og háttv. framsm. (M. P.) tók fram hefir landsverkfræðingurinn eindregið mælt með þessari fjárveitingu, en fjárveitinganefnd hefir ekki sjeð sjer fært að ganga svo langt nú að þessu sinni, og verður þá við það sitja. En það var engan veginn meining okkar, að brúin væri sett upp á næsta fjárhagstímabili; útlent efni, sem til þess þarf, er nú svo erfitt að fá og svo dýrt, enda hefir landsverkfræðingurinn tekið það fram, að aðrar stórbrýr, sem hann nefnir og komnar eru inn í fjárlögin, en orðið hefir að fresta byggingu á, sökum ástandsins, verði að sitja fyrir. Alt öðru máli er gegna um eitthvert fjárframlög til vegakaflanna nú á þessu fjárhagstímabili, svo að hægt verði að byrja eitthvað á þessu nauðsynjaverki. Allir eru sammála um það, að ekki beri að kippa að sjer hendinni með vegagerðir, því að þær miði að því að veita mönnum atvinnu í landinu.

Jeg vil svo að síðustu taka það fram, að jeg slæ því þá föstu, að orð háttv. framsm. (M. P.) megi skoða sem fyrirheit um fjárveitingu til þessa verks, þegar kringumstæður og önnur atvik leyfa.

Þá skal jeg snúa mjer að brtt. háttv. fjárveitinganefndar á þgskj. 579. Mig undrar það, að nefndin skuli leggja það til, að þeir litlu styrkir, sem ætlaðir eru til Hvalfjarðarbáts og Hvítárbáts, skuli feldir niður. Hvalfjarðarbáturinn hefir notið 400 kr. styrks árlega, og sömu upphæð hefir stjórnin sett í fjárlagafrv. sitt árlega. Þessar samgöngur eru alveg bráðnauðsynlegar til vöruflutninga fyrir stórt svæði, sem tekur yfir Kjósina, Hvalfjarðarströnd og dali eða bygð, sem þar liggur upp af. Það er því undarlegt að kippa þessari fjárveitingu burt, samtímis því sem nefndin leggur til að hækka tillag til annara samskonar báta. Vona jeg því, að háttv. þingd. verði við þeirri ósk minni að kveða niður þessa brtt. nefndarinnar.

Um Hvítárbátinn er það að segja, að hann hefir komið að miklu liði. Hann var smíðaður sjerstaklega með það fyrir augum að ganga upp eftir ánni, en aðstöðu þeirra Borgfirðinganna til flutninga úr Borgarnesi hefi jeg áður lýst. Jeg vona því, að háttv. þingd. líti sanngjarnlega á málið og láti að minsta kosti standa þann styrk, sem er í fjárlagafrv.

Háttv. samgöngumálanefnd tekur fjárveitinganefndinni stórum fram að sanngirni í þessu efni; hún leggur til, að styrkurinn haldist, en hins vegar vill hún þó ekki hækka hann, og þykir mjer það ilt og ekki í samræmi við aðrar tillögur sömu nefndar., sem fela í sjer

hækkun á tillagi til Rauðasandsbátsins og Lagarfljótsbátsins.

Jeg vænti, að háttv. þingd. taki þessum brtt. mínum vel, bæði sanngirni vegna, og ekki síður vegna þess, að hjer er um svo ofurlitla hækkun að ræða, að eins 100 kr. á ári til Hvítárbátsins og 200 kr. á ári til Hvalfjarðarbátsins.

Pjetur Þórðarson: Það er líklega rjett að vera þakklátur, þegar gert er það, sem gera átti, og látið ógert það, sem ekki átti að gera. Jeg mun því mega vera þakklátur háttv. samgöngumálanefnd fyrir tillögur hennar í heild sinni um bátaferðir kringum landið. Jeg þykist mega fullyrða það, að það, sem gerir mikla bót á örðugleikunum, sem af dýrtíðinni stafa, er einmitt þetta, að gera samgöngur allar sem greiðastar, því að bættar samgöngur eru fyrsta og besta skilyrðið fyrir því, að þjóðin geti borið áfram þá miklu örðugleika, sem hún á nú við að stríða. Þess vegna vil jeg lýsa yfir því, að jeg er nefndinni sammála um það að láta telja nokkurn hluta útgjaldanna nú til dýrtíðarráðstafana, sem sje þau, sem ganga til vegabóta, og eins þau, sem ganga til að bæta samgöngur kringum landið, og er jeg yfirleitt hlyntur þeirri stefnu.

Jeg stóð annars upp til þess að mæla lítið eitt með brtt. ofurlítilli, sem jeg á á þgskj. 549, þar sem farið er fram á að bæta einum vjelbát við á Faxaflóa, til þess að fara ferðir vestur á Mýrar, sjerstaklega á þær hafnir, sem lengi stóðu á áætlun þess báts, sem haft hefir Faxaflóaferðirnar, þótt nú upp á síðkastið hafi þær verið teknar út af þeirri áætlun. Þessi brtt. gengur í sömu stefnu sem brtt. háttv. samgöngumálanefndar, og mætti jeg þá ef til vill búast við því, að hún ljeði minni brtt. fylgi, þótt jeg hafi síðla komið fram með hana, einkum fyrir þá sök, að farið er fram á svo lítið fjárframlag. En nú hvíslar háttv. framsm. þeirrar nefndar (B. Sv.) því að mjer, að hann hafi gleymt að tala á móti þessari brtt. minni, svo að jeg þykist þá vita, að nefndin hafi horfið að því ráði að andæfa henni. Þetta er ef til vill viðtekin regla hjá nefndunum, að þótt brtt. sjeu jafnrjettmætar sem brtt. nefndanna sjálfra, eftir aðalstefnunni, þá leggi þær samt á móti þeim, ef þær koma frá einstökum þingmönnum. Þetta þykir mjer nú auðvitað ekki lofsvert, og þótt jeg þess vegna geri mjer ekki vonir um, að þessi brtt. mín verði samþykt, þá vil jeg samt lýsa því með örfáum orðum, hvers vegna jeg tel brtt. mína sanngjarna og í raun og veru sjálfsagða. Jeg vil geta þess, vegna þeirra, sem eru ókunnugir á Mýrunum, að það sjerkennir þær, að samgöngur eru þar í raun og veru ómögulegar bæði á sjó og landi, nema miklar bætur verði þar á ráðnar. Ef jeg mætti nú velja um samgöngubætur þar, þá mundi jeg 10 sinnum heldur kjósa, að þær yrðu gerðar á landi, með því að það mundi koma að hagkvæmari notum. En með því að það liggur nú ekki fyrir, þá er ekki um það að tala. En hjer er þá að ræða um ofurlitla tilraun til þess að bæta lítils háttar samgöngurnar á sjó. Þær samgöngur eru mjög miklum örðugleikum bundnar. Þar er útfiri mikið, alt að því 4 sjómílur út frá landi. Meðan báturinn kom að Straumfirði og Ökrum þá var hann oftast látinn fara beina leið, að minsta kosti suður. En það þarf ekki að muna mikla, að slíkar sjóferðir farist alveg fyrir, þegar um mikinn sjógang er að ræða, enda er ekki ætlast til þess, að stór bátur verði látinn hafa þessar ferðir á hendi, heldur smábátur, ca. 15 smálesta.

Meðan Mýrarnar stóðu á áætlun Faxaflóabátsins, var mikil vanræksla sýnd í þessum ferðum; t. d. átti báturinn að koma upp eftir 14. eða 15. septbr. 1909 og hafa meðferðis miklar vörur, en þetta fórst fyrir, vegna veðurlagsins, og komst báturinn ekki með þennan flutning fyr en 31. desbr. sama ár, og voru þá sumar vörurnar glataðar, í þeim skilningi, að þær voru orðnar að óþverra innan um annan farm bátsins. Jafnvel þótt sterkar ástæður þyrfti til þess að mæla með því, sem í svipinn getur ekki fengið meðhald nefndarinnar eða þingmanna, þá get jeg ekki samt látið vera að minnast á þetta, því að það gæti ef til vill komið að notum síðar, og auk þess er jeg ekki vonlaus um, að háttv. þd. geti gengið að þessari brtt. minni. Jeg skal um leið geta þess, að á landleiðinni til Borgarness eru og hinir verstu farartálmar, sem í raun inni enginn getur gert sjer í hugarlund, nema sá, sem farið hefir um þar. Hjer er því við ramman reip að draga. Þó hafa upp á síðkastið verið gerðar tilraunir til þess að bæta úr þessu samgönguleysi, og jeg ímynda mjer, að þeir tímar geti komið, að það geti jafnvel borgað sig að hlynna að samgöngum á þessu svæði. Gnægtir efna liggja þar fyrir, þegar farið verður að gera gangskör að því að nota auðsuppsprettur landsins, svo að búast má við, að það gæti beint borgað sig, jafnvel fyrir landssjóð sjálfan, t. d. á næsta fjárhagstímabili eða á tiltölulega skömmum tíma, að minsta kosti með því, hvað menn yrðu betur settir. Annað mál er það, að jeg álít, að sanngjarnt væri, að betur yrði gengið frá þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir ferðum þessara báta, og ekki væri alveg látið afskiftalaust, hvernig þessir styrkir væru notaðir eða hvort fullnægt er þeim skilyrðum, sem sett eru í fjárlögin.

Jeg er enn fremur með háttv. þm. Borgf. (P. O.) meðflutningsmaður að lítilli brtt. um að veita ofurlítið hærri styrk til Hvítárbátsins heldur en samgöngunefndin ætlast til. Það er svo með þennan bát, að jeg viðurkenni, að nauðsyn hans hafi að nokkru leyti fallið niður eftir að flutningabrautin, svo nefnd Borgfirðingabraut, kom, sjerstaklega eftir að hún komst alla leið upp að Kláffossbrú, en samt eru það 3—4 hreppar í Borgarfjarðarsýslu, sem væri það óþægilegt, að þessar ferðir fjellu niður, nema þá að brú kæmist á Hvítá, eins og háttv. þm. Borgf. (P. O.) tók fram. Svo að það er alveg jafnnauðsynlegt og sanngjarnt, að þessi litli styrkur haldist enn til þessara bátsferða sem til annara, og verði nú ekki feldur niður.

Í sambandi við þetta ætla jeg rjett að minnast á brtt. samgöngumálanefndar, sem sje 1. liðinn í sambandi við tvo síðustu liðina á þgskj. 487. Samgöngumálanefnd leggur til, að veittar verði 18 þús. kr. til ferða á Faxaflóa. Nú vildi jeg beiðast skýringar hjá nefndinni á því, hvort hún hugsi sjer, að eitthvað af þessum styrk gangi til aukaferða, innanfjarðarferða um flóann. Jeg þykist hafa ástæðu til að ætla, að svo hafi ekki verið. En ef stjórninni heimilast að verja einhverju af þessari upphæð á annan hátt en til aðalbátsferðanna, þá gætu þessar mótorbátaferðir komið til mála, þótt jeg sje hræddur um, að það mundi aldrei blessast að skifta styrknum.

Það er ekki meining mín að fara að víta gerðir fjárveitinganefndar í þessu eða öðru, en það er þó eitt atriði í brtt. nefndarinnar, sem mjer þætti mikilsvert að fá upplýsingar viðvíkjandi. Það er fjárveiting undir tölulið 47, þar sem svo hljóðandi aths. fylgir:

»Af þessu fje má verja nokkurri upphæð til þess að gera færan vetr-

arveg yfir Almannaskarð. Skal það gert eftir rannsókn vegamálastjóra og tillögum hans«.

Jeg minnist þess ekki að hafa heyrt talað um þessa vetrarvegi áður. Og þar sem nú svo stendur á hjá okkur vestur á Mýrum, að oft eru þar mestu vandræði, sakir vegleysu sumar og vetur, þá vildi jeg beiðast skýringar á því, hvernig menn hugsuðu sjer þessa vetrarvegi.

Mjer finst, að ekki væri nema sanngjarnt, að við fengjum að njóta góðs af þessu hjá okkur, svo framarlega sem vegamálastjóra er treystandi til að gera svona vegi, svo að gagn sje að.

Einar Árnason: Það hafa margir háttv. þm. byrjað ræður sínar með þakkarávarpi til fjárveitinganefndar og samgöngumálanefndar fyrir það, er þær hafa látið af hendi rakna.

Þessu er dálítið öðruvísi háttað með mig, því að mjer finst jeg hafa fremur lítið að þakka. Jeg hefi leyft mjer að koma fram með tvær brtt., á þgskj. 570 og 575. Jeg skal ekki vera langorður um þessar tillögur mínar, þar sem háttv. nefndir hafa þegar dæmt þær til dauða, ásamt öllum öðrum brtt. háttv. þm. En þar finst mjer satt að segja kenna meir harðdrægni en rjettlætis. Jeg skal auðvitað játa, að það er þægilegast og umsvifaminst að slá einu striki yfir alt þess konar; en þá er ekki jafnvíst, að flutningsmenn till. verði vel ánægðir.

Jeg ætla fyrst að fara nokkrum orðum um brtt. 570. Jeg get vel fallist á það, sem sagt er í nefndaráliti fjárveitinganefndar, að ekki sje ráðlegt að byggja brýr eins og nú er ástatt. En með þessari till. fer jeg að eins fram á það, að nokkru af því fje, sem Eyjafjarðarbrúnni er ætlað, verði varið til vegagerðar að brúarstæðinu, ef bráin verður ekki bygð.

Það er öllum kunnugt, sem nokkuð til þekkja, að það þarf allmikið fje til að gera þennan veg, svo að gagni komi. Og ekki er hægt að ætlast til, að tvent verði gert í einu, bæði að byggja brúna og leggja veginn. Nú hefir fjárveitinganefnd tekið það fram, að þessi fjárveiting sje ekki endilega bundin við brúarbygginguna, heldur megi verja einhverju af henni eða allri til vegagerða, eftir tillögum vegamálastjóra, og þótt háttv. framsm. (M. P.) tæki það fram, að vel gæti verið, að þessi vegarkafli nyti góðs af fjárveitingunni, þá vantar mig alla vissu fyrir því. Tillaga mín fer því fram á að tryggja það, að þessu fje verði ekki öllu varið til annara vega einhversstaðar annarsstaðar á landinu. Jeg get því ekki sjeð, að nefndin hafi neina ástæðu til að vera á móti þessu. Hún segir, að þetta eigi að gera eftir tillögum verkfræðings. En þá er fyrst fyrir hendi að tryggja það, að fjenu verði varið á þennan hátt.

Þessi vegkafli að brúarstæðinu er töluvert þýðingarmikið atriði, því að hann mundi greiða mjög mikið fyrir mönnum að komast yfir ána, þótt brúin sjálf verði ekki bygð, því að þeir, sem til þekkja, vita það, að oft er ófært að komast yfir ána, að eins fyrir þá sök, að þennan vegkafla vantar.

Jeg fæ ekki betur sjeð en að þessi till. sje í alla staði rjettmæt og jafnframt meinlítil, þar sem hún fer ekki fram á neina nýja fjárveitingu, og því sje útlátalaust að samþykkja hana.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að till. 575. Þessi till. fer fram á það, að það sem samgöngumálanefnd kallar Langanesbát, sje nefndur »Eyjafjarðarbátur«, og ferðasvæðið stytt þannig, að hann fari ekki austur fyrir Langanes.

Það virðist vera lítil sanngirni í því, að þessum bát eru ætlaðar lengstar og erfiðastar ferðir, þótt hann hafi hvergi nærri hæstan styrk. Þetta lengdarsvæði, sem þessum bát er ætlað, er eitthvert það allra versta, sem bátar hafa, því að hafnir eru þar margar og slæmar viðkomu. Hefir mjer talist svo til, við fljóta athugun, að viðkomustaðir hans muni ekki verða færri en 30. Má af því ráða, hversu greiðar samgöngur þetta muni verða. Er þar ólíku saman að jafna og t. d. þeim bát, sem gengur milli Seyðisfjarðar og Hornafjarðar, sem bæði hefir langt um styttra ferðasvæði og miklu betri hafnir.

Á aukaþinginu í vetur var ákveðið, samkvæmt tillögum samgöngumálanefndar, að Austfjarðabáturinn hefði alla Austfirði, frá Langanesi til Hornafjarðar. Sýndist það vera mjög skynsamleg ráðstöfun, og því óskiljanlegri eru þessi veðrabrigði háttv. nefndar. Hvað Eyjafjörð snertir þá hefir hann hvergi nærri haft nægilega góð not af þeim bát, sem hann hefir haft, því að eins og menn geta sagt sjer sjálfir, sem þekkja til hins mikla útvegs, sem þar er rekinn, þá þarf mjög tíðar ferðir um fjörðinn sjálfan og næstu hafnir. En samkvæmt þessari ráðstöfun á hann að missa það litla, sem hann hefir haft, án þess þó að fá nokkuð nýtilegt í staðinn. Þvert á móti mun nauðsyn á, að bátur gangi um fjörðinn alt árið, því að þar hagar víða svo til, að ekki er hægt að flytja vörur að eða frá Akureyri, nema á sjó.

Af þessu ferðalagi hefir það stafað, að mótorbátaeigendur hafa stundum orðið að setja fram báta sína síðla vetrar, til að sækja matvörur til bjargræðis sveitarmönnum og annað, er þeir þurftu til útgerðarinnar. Setja þeir bátana með þessu í stórhættu, á hinum slæmu höfnum við fjörðinn, enda hafa þeir oft orðið fyrir miklu tjóni, því að bátar hafa farist og brotnað óvátrygðir. Er þar skemst á að minnast, að á síðastliðnum vetri brotnuðu af þessum ástæðum 3 bátar í Ólafsfirði, og má nærri geta, hvílíkt tjón það hefir verið eigendunum. Þetta atvik hefði ekki komið fyrir, ef góður bátur hefði haldið uppi föstum ferðum um fjörðinn.

Framsm. fjárveitinganefndar (Magnús Pjetursson): Jeg hefi ýmsu að svara fyrir nefndarinnar hönd, svo að það er rjett, að jeg ljúki mjer af með eitthvað.

Jeg get byrjað með því að þakka þeim hv. þingdeildarmönnum, er talað hafa, hve vingjarnlega þeir hafa tekið brtt. nefndarinnar, og má það segja um alla, nema helst hæstv. stjórn. Virðist sem hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) sje ekki eins ánægður og þeir hv. þingdm, er talað hafa. Mig furðar, satt að segja, hve hæstv. stjórn hefir tekið sjer nærri þau ummæli í nál., sem þegar hefir verið getið um og okkur virðast bæði hófleg og kurteis. Skal jeg ekki fara út í þau frekar, því að háttv. formaður nefndarinnar (P. J.) hefir nú tekið af þeim broddinn, ef hann hefir verið nokkur, og vil jeg ekki fara að ydda hann upp aftur. Mjer kemur það undarlega fyrir að sjá stjórnina taka þannig þessum kurteislegu bendingum, og ekki síst er litið er á, hve miklu dýpra var tekið í árinni af annari nefnd um annað sjerstakt mál, ekki alls fyrir löngu. En þá var stjórnin ekki svona viðkvæm. Skal jeg þá snúa mjer að hæstv. ráðherrum, er talað hafa, í þeirri röð, er þeir tóku til máls.

Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) talaði um stefnumun hjá stjórninni og nefndinni, þannig, að nefndin hefði blandað saman dýrtíðarástandinu og

venjulegum útgjöldum, en það hefði stjórnin ekki viljað gera. Mjer þykir einkennilegt, að þessari ásökun skuli beint til þessari einu nefndar, fjárveitinganefndarinnar, því að báðar hinar nefndirnar, sem hjer hafa lýst afstöðu sinni í dag, hafa haft sömu reglu, að taka tillit til núverandi ástands. Bæði hefir háttv. fjárhagsnefnd áætlað tekjurnar lægri, einmitt vegna núverandi ástands, og því brugðið út af till. hæstv. stjórnar, og þá ekki síst háttv. samgöngumálanefnd, er byggir allar sínar till. á dýrtíðarástandinu. En undarlegra er, að hæstv. stjórn skuli hengja hatt sinn á þennan snaga, þar sem hún sjálf hefir haft þennan sama sið í stjórnarfrv. og hún nú álasar nefndinni fyrir. Skal jeg færa rök fyrir því. Stjórnin talar oft um það í aths. við einstaka liði, að þennan lið hafi hún orðið að hækka, sakir verðhækkunar, dýrtíðar eða verðfalls peninga. Þannig finst mjer stjórnin hafa gefið nefndinni undir fótinn að taka tillit til ástandsins og dýrtíðarinnar. Það eitt gæti því hæstv. stjórn sagt, að fjárveitinganefnd hafi viljað ganga lengra en stjórnin í því að taka tillit til núverandi ástands. Annars get jeg ekki skilið, að svo miklu hentugra sje að greina alveg í sundur dýrtíðarástandið og fjárlögin. Get jeg ekki skilið, að það muni nokkru betra, þótt hæstv. stjórn vilji halda því fram. Það getur verið satt, sem hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) sagði, að búist sje við með sjerstökum lögum að jafna þann halla, er kæmi eðlilega af dýrtíðinni, fram yfir venjuleg útgjöld, en mjer þætti mjög rangt og villandi, ef þingið gengi þannig frá fjárlagafrv., að það tæki ekki tillit til þessa ástands, því að slík lög eru ekki enn á ferðinni, svo að menn viti.

Það er rjett, sem hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) sagði, að ástandið hefir breyst síðan í febrúarmánuði, er frv. var samið, en það leiðir ekki af því, að stjórnin hafi rjett til að álasa nefndinni, þó að hún beri fram brtt., heldur liggur þá nær, að stjórnin viðurkenni, að þær brtt. sje komnar fram af eðlilegum ástæðum. En það skýtur aftur nokkuð skökku við, eftir því sem hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) sagði við 1. umr., er hann lýsti yfir því, að hann hefði ekki getað búist við slíkum till. Meira að segja sagði hann, að ef þingið fylgdi sömu stefnu og stjórnin með fjárlögin, þá væri alt gott. Jeg held mjer sje óhætt að segja fyrir nefndarinnar hönd, að það hefði hún álitið alveg rangt og óverjandi, og ef háttv. deild færi þannig að, þá væri hún að reyna að loka augunum fyrir sannleikanum og fara í feluleik við sjálfa sig. Oss hefði fundist eðlilegra, að hæstv. stjórn hefði, er hún lagði frv. fram, lýst yfir því, á hvaða tíma frv. var samið, og einmitt gefið nefndinni bendingar um, að nú væri annað ástand, sem þyrfti að taka tillit til, heldur en að lá nefndinni, að hún hefir tekið tillit til þess.

Þá talaði hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) um, að fjárlögin ættu að eins að vera til þess að uppfylla lögmælt gjöld. Jeg held, að óhætt sje að segja, um þennan kafla að minsta kosti, að brtt. nefndarinnar heimti ekki annað en að fjárlögin uppfylli lögmælt gjöld, enda hefir hæstv. stjórn ekki enn sýnt fram á, hvaða verulegar brtt. nefndarinnar við þennan kafla væru óþarfar.

Þá vítti hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) nefndina fyrir, að hafa ekki viljað aðstoð fjármálaráðherra um ýms atriði, og því hefði henni yfirsjest í ýmsum brtt., að hún hefði ekki notið ráða hans.

(Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg sagði: »Upplýsinga«, ekki »ráða«). Jæja. Það getur vel verið, að nefndin hafi ekki haft ráðherrana í stöðugri samvinnu við sig. En hinu verð jeg að

mótmæla, að hún hafi ekki gert það eins og hún gat og átti kost á. Bæði var öll stjórnin og einstakir ráðherrar á nokkrum fundum hjá oss, og auk þess sendum vjer þeim oft brjef, til að biðja þá upplýsinga um einstök atriði. En það hefði hæstv. stjórn líka átt að skilja, að nefndin áleit, að stjórnin gæti ekki tekið það vel upp, að henni væri þrælað út í hverju atriði, og ekki heldur víst, að það hefði flýtt fyrir starfi nefndarinnar. Ef hæstv. ráðherrarnir hafa haft eins mikið að gera og sagt er, er ekki víst, að þeir hefði ætíð haft tíma er nefndin þurfti upplýsinga. Satt að segja gekk ekki heldur svo vel að fá afgreitt sumt af þeim erindum, er nefndin sendi til stjórnarinnar til umsagnar, að nefndinni hlyti ekki að verða það ljóst, að það hlyti að leiða til tafar, ef þeirri reglu væri fylgt út í æsar við hvert eitt.

Eftir því, sem undirtektirnar hafa verið hjer í háttv. deild, vona jeg fastlega, að háttv. þm. sýni með atkvæði sínu, að þeir álíti ekki gegna að skilja við fjárlögin eins og stjórnin gekk frá þeim. Vil jeg þá snúa mjer að þeim einstöku brtt., sem hæstv. fjármálaráðherra (B. K) mintist á.

Er þá fyrst hagstofustjórinn. Því er lýst yfir í nál., að ráðuneytið hafi fallist á að hækka laun hans. En hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) fann sjerstaklega að hinum öðrum hækkunum, og þá einkum um húsnæðið. Kvað hann þá brtt. fram komna af því, að stjórnin hefði ekki verið að spurð. En stjórnin hefði hugsað sjer að sjá hagstofunni fyrir húsnæði. Það er nefndinni ókunnugt um; stjórnin hefir ekkert látið uppi um það við hana, og sennilega hefir hagstofustjóra ekki verið kunnugt um það, því að þá er ekki líklegt, að hann hefði beðið nefndina ásjár. Ef svo er, að stjórnin getur útvegað ódýrara húsnæði, sje jeg þó ekki, að þessi brtt. geri mikið til, því að það kemur í sama sjóð.

Þá kem jeg að næstu brtt. nefndarinnar, sem hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) þótti athugaverð. Það er till. nefndarinnar um að fella niður fjárveitingu til sjerstaks eftirlits með bannlögunum. Jeg verð að játa, að það, sem hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) sagði þar að lútandi, voru alveg nýjar upplýsingar. Nefndinni var ekki kunnugt um, að einstakir menn hefðu lagt fram fje til styrktar löggæslunni í Reykjavík, og ekki gat nefndin dregið þá ályktun út úr ummælum stjórnarinnar í aths. við þann lið fjárlagafrv. En jeg held, að þótt nefndin hefði verið búin að fá þessar upplýsingar áður en hún samdi brtt. sínar, hefði hún þó ekki breytt skoðun á þessu atriði. Eins og tekið er fram í nál. um þetta atriði virðast fyrirætlanir stjórnarinnar um meðferð þessarar fjárupphæðar mjög óljósar. En skýringin er þarna, þótt ekki viti jeg, hvort stjórnin ætli að endurborga þessum mönnum útgjöld sín, eða að eins koma í veg fyrir, að þeir leggi meira fram. En það þótti nefndinni varhugavert, sem í aths. stjórnarinnar stóð, að þetta fje átti að nota til »eftirgrenslana«, og eftir orðum hæstv. ráðherra (B.K.) lítur út fyrir, að einmitt eigi að nota þetta til þessa. Jeg held, að mjer sje óhætt að segja, að öll fjárveitinganefndin sje sammála um að vilja ekki styðja að því, að nokkur njósnarmannaklíka komist upp í landinu, launuð af landsfje. Annars ímynda jeg mjer, að ekki verði neinar sjerstakar deilur um þetta, því að, eins og öllum er kunnugt, er á ferðinni í Ed. frv. til laga um aukna löggæslu, og verði það að lögum, fellur þetta sennilega þar undir, og þarf því ekki sjerstaka fjárveitingu. Í dag var það þar til 2. umr. og var víst samþykt til 3. umr.

Er því rjett að bíða átekta og sjá, hvernig því reiðir af, því að með því er alt fengið, er þeir óska, sem fengið hafa þennan lið inn í fjárlagafrv.

Eins og tekið er fram í nál. vill nefndin ekki stofna sjerstaka löggæslu vegna einna einstakra laga. En hitt var henni ljóst, að hið löglega lögreglueftirlit er nauðsynlegt og sjálfsagt að styrkja, ef óhjákvæmilegt er, svo sem sjest á því, að hún hefir viljað hækka að nokkru fjárhæð þá í 19. gr., sem ætluð er til óvissra útgjalda.

Þá tók hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) það fram, að það væri ný stefna að taka upp í fjárlög fjárveitingar, er væru fyrirskipaðar í öðrum lögum. Getur verið, að þessi regla sje ekki algild áður, en eins og hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) tók fram er hún í samræmi við þann sið, er hann hefir tekið, og að því leyti er hann sammála nefndinni.

Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) þótti nefndin ekki stórtæk, er hún vildi fella burt styrk til Kjósarhreppsbúa til að vitja læknis. Það er satt, að þetta er ekki stór upphæð, en ef þetta mál er skoðað frá öllum hliðum, verður það ekki svo lítil upphæð. Það er vitanlegt öllum, sem kunnugir eru skipun læknishjeraða og þekkja landshætti víðs vegar á landinu, að margir hreppar eiga miklu erfiðara með ná til læknis en Kjósarbúar, og þar sem nefndin vildi líta fram í tímann, sá hún, að afleiðingin af samþykt þessa styrks yrði sú, að allir þeir hreppar myndu koma og beiðast hins sama með fullum rjetti.

Það hefir verið mikið um það talað, hvernig fara ætti að því að jafna læknaskostnaðinn sem mest. Það spursmál er óútkljáð enn þá, og verður ekki leyst á þennan hátt, og nefndin vildi ekki hætta sjer út á þann hála ís, að svo komnu máli. Og það er ekki sagt út í loftið, að fleiri hreppar myndu fara fram á samskonar, því að nefndinni er vitanlegt, að hliðstæða brtt. átti að bera fram við frv., ef þessi fjárveiting stæði. Það, sem hæstv. ráðherra (B. K.) færði fram sem helstu ástæðu fyrir þesssari fjárveitingu, var, að erfitt væri að sækja lækninn sakir þess, hve þungur hann væri og stór. Jeg held, að það væri hál braut, og ekki alls kostar rjettlátt, að fara að styrkja einhvern hlusta læknishjeraðs sjerstaklega eftir því, hvað læknirinn er að pundatölu.

Öðru máli er að gegna um íbúa Flateyjarhrepps, sem nefndin vill styrkja, sakir þess, að þar er yfir sjó að sækja. Það verður ætíð miklu dýrara en landferðir, sem menn venjulega fara með eigin fararskjóta. Sjóferðir hljóta að verða miklu dýrari. Þá verða menn oft að kaupa dýra farkosti til að flytja lækninn, vjelbáta eða þvílikt.

Þá mintist hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) á spítalana, eins og líka hæstv. forsætisráðherra gerði síðar, og tók fram, að verðlag hefði breyst mikið síðan í febrúar, og þess vegna eðlilegt, að stjórnin hefði ekki farið hærra þá. Það er rjett hjá hæstv. stjórn, að verðlagið er hærra nú en í febrúar, og getur vel verið, að hæstv. stjórn hafi gert sjer vonir um, að það myndi lækka, en mjer finst, að hæstv. stjórn hefði þó ekki átt að fara lægra en læknar spítalanna í sínum áætlunum. Þótt það hefði ef til vill mátt afsaka, að hún fór ekki eins hátt og nefndin nú, átti hún þó ekki að fara lægra en læknarnir, og það því síður sem áætlanir þeirra voru gerðar fyr, ein af þeim 31. okt. 1916, önnur 7. nóv. 1916 og þriðja 9. jan. 1917, ef jeg man rjett. Finst mjer mjög undarlegt, að stjórnin skyldi ekki fara eftir þeim till. að minsta kosti, þótt vitanlega hefði þegar hækkað mikið frá því er þær áætlanir voru gerðar, til þess er stjórnin samdi frv. í febrúar. Meira að segja,

síðan seinasta áætlunin hafði verið gerð, 9. janúar, hafði orðið mikil breyting á öllum ástæðum, því að ef jeg man rjett, hófst hafnbann Þjóðverja 1. febr., og það breytti öllu útliti, t. d. um kol, og hafði þá afleiðingu, að öll farmgjöld hækkuðu gífurlega. Get jeg því ekki fyrir mitt leyti skilið, hvers vegna stjórnin fylgdi ekki að minsta kosti till. læknanna.

Nefndin ætlar sjer ekki þá dul, að alt sje rjett hjá sjer, en heldur því fram, að sínar till. sjeu nær sanni en stjórnarinnar, og jeg held, að mjer sje óhætt að segja fyrir allrar nefndarinnar hönd, að hún getur ekki tekið undir það með hæstv. fjármálaráðh. (B. K.), að fjárveitinganefnd gæti eins og fjárhagsnefnd sagt, að áætlun stjórnarinnar væri ef til vill rjettari, því að hún er sannfærð um, að till. nefndarinnar eru í þessari áætlun rjettari en stjórnarinnar.

Jeg vil að eins lauslega drepa á það, mönnum til skilningsauka, að hefði stjórnin farið eftir tillögum læknanna hjer við sjúkrahúsin, þá hefði fjárveitingin til þeirra orðið 65 þús. kr. hærri en gert var ráð fyrir í stjórnarfrumvarpinu.

Þá talaði hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) um það, að við viljum breyta styrknum til að byggja sjúkraskýli. Að við viljum gera þetta kemur til af því, að það vakti fyrir okkur að hvetja ekki til þess að byggja neitt á þessu ári. Við álítum það ekki forsvaranlegt, svo dýrt sem alt byggingarefni er nú. En að nefndin hækkaði liðinn var af því, að hún bjóst við, að byggingarefni myndi kosta miklu meira árið 1919 heldur en á venjulegum tímum, og af því að nú er lítið bygt og verður væntanlega líka á næsta ári, þá má búast við, að talsverð hrina muni koma á eftir, og þeir verða fleiri, sem styrksins þurfa.

Enn fremur fann hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) að því, að utanfararstyrkur hjeraðslækna væri hækkaður um 500 kr. Jeg get varla sjeð, að ástæða sje til að lá nefndinni þetta, þar sem hún hefir hjer farið alveg samkv. till. landlæknis. Þess má líka geta, að ferðalög eru nú dýr og dvalir erlendis kostnaðarsamari en áður, en læknar mega ekki við því að missa svo úr ár, að enginn fari utan.

Það hefir verið látið í ljós, að altaf þyrftu helst að minsta kosti 2 læknar að vera erlendis, til þess að leita sjer frekari fræðslu, og er það alveg rjett athugað, en þá þarf fjárveitingin að vera þetta rífleg, og ekki minni.

Þá talaði hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) um styrkinn til Guðm. Thoroddsen og gat þess, að hann mundi hafa fengið embætti utanlands. Mjer er persónulega kunnugt um, að hann hefir ekkert embætti, því að ekki veit jeg til, að það sje kallað embætti, þótt menn fái um tíma kandídatspláss við einhvern spítala. Við þann starfa eru svo lítil laun, að ekki er viðlit að lifa á þeim fyrir einhleypa menn, hvað þá heldur þegar menn hafa konu og börn fram að færa. Ef nefndin hefði haldið, að hann ætlaði sjer að setjast að í útlöndum, þá hefði henni ekki dottið í hug að mæla með því, að hann fengi styrk.

Þá mintist hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) næst á póstmálin, og hafði það þar fyrir röksemdir, máli sínu til stuðnings, að stjórnin hefði verið hrædd við þingið, vegna undanfarandi reynslu. Jeg skal játa það, að þetta hefir við nokkur rök að styðjast, en þó getur það tæplega talist næg afsökun, því að þótt undanfarandi þing hafi klipið úr fjárveitingum til póstmálanna, þá átti stjórnin ekki að setja það fyrir sig, svo framarlega sem till. hennar var sanngjörn. Hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) sagði, að það hefði orðið að samkomulagi milli hans og

stafana, þá verður hún aldrei ver úti en hún er orðin, að því er Tjörnesnámuna snertir.

Bjarni Jónsson: Menn eru vanir að hafa hjer nokkurn formála fyrir ræðum sínum, og minn er sá, að jeg lofa engu góðu.

Hv. sessunautur minn, þm. N.-Ísf. (S. St.), talaði um, að engin veruleg neyð væri hjer á landi enn þá. Alment talað mun svo hafa verið víðast hvar, en þess er jeg viss, að á ýmsum stöðum hefði orðið veruleg neyð, ef ekki hefði verið hjálpað í vetur; t. d. hjer í Reykjavík hefði orðið barnadauði og líklega hungurdauði, hefði stjórnin ekki hlaupið undir baggann. Hitt er annað mál, að ekki er hægt að finna þær atvinnugreinar, er gefa fullkomna eftirtekju, þegar að þeim er unnið á harðasta tíma árs, en það er ekki lögunum eða stjórninni að kenna, heldur fyrirhyggju Alþingis, að láta hjá líða sumartímann og leyfa mönnum ekki að vinna að atvinnubótum á þeim tíma, en þar af leiðir, að þegar veturinn kemur og þrengjast fer í búi hjá mönnum, þá verður að fara að veita mönnum vetraratvinnu. Það er eins víst, að hjer og á Ísafirði hefði orðið veruleg neyð, ef ekki hefði verið hjálpað.

Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) var að tala um, að svo liti út, sem gjaldþol manna væri engu minna nú heldur en 1917. En þetta mun ekki rjett, því að það mun vera víst, að árið 1917 hafi fullkomlega etið upp gróða fyrri stríðsára. (**P. J.:** Ókunnugleiki). Það skyldu þá helst vera bændur norðanlands, er segðu annað, en bændur hjer sunnalands og vestan og útgerðarmenn hafa sagt mjer þetta, svo að jeg þarf ekki að standa hjer og biðja menn um að trúa orðum mínum, sem bygð eru á sögn mannanna sjálfra. (**G. Sv.:** Þetta er ekki rjett). Jeg ætla mjer ekki að fara að þræta við hv. þm. hjer á þessum stað, úr því að hann getur ekki skilið, en það kom mjer á óvart. En annars eru menn ekki hjer að ræða það, sem verið hefir, heldur eru menn hjer að ræða það, sem verða kann, og hverjar ráðstafanir sjeu gegn því, sem verða kann, þ. e. að hitta ráð til þess að hjálpa á komandi vetri, ef menn skyldi bera upp á sker.

Hver ráð eru þá heppileg?

Stjórnin hefir farið fram á að veita hverjum manni dálitla fjárupphæð til styrktar. Jeg held, að stjórnin hafi gert rjett í því að hafa styrkinn ekki meiri en þetta, því að hann er mátulega mikill þar sem fjeskortur getur komið að tjóni, því að styrkurinn bætir þó töluvert þar sem verst er. Hjer hefir verið rætt um lántökur, svo að hrepps- og bæjarstjórnir gætu fengið fje, ef að krepti. En væri ekki betra, að landið lánaði mat, því að ekki er að vita, hvað peningarnir notuðust vel, og ávalt er það að bíta í skottið á sjálfum sjer að vera að lána mönnum peninga til þess að kaupa fyrir vörur af sjálfum sjer. Þá ætti hv. meiri hl. heldur að koma með till. um það, að stjórninni væri heimilt að líða menn um borgun fyrir mat, er þeim liggur á að fá. Þetta er ekkert óþekt, því að iðulega hefir það komið fyrir hjer á landi, að verslanir hafa lánað mat og beðið eftir borguninni þar til betur áraði. En nú skulum við athuga, hvernig þetta verður. Það mætti segja, að lánin væru ágæt, ef hægt væri að kaupa mat fyrir þau, en ef að eins á að útvega peningana, þá sje jeg ekki annað en með því sje verið að skjótast undan allri hjálp við almenning, þar sem ekki má nota þá fyr en í ítrustu neyð. Þetta get jeg sannað. Þegar t. d. svo er komið norður á Langanesi, eða austur í

Skaftafelssýslum, að veruleg neyð stendur fyrir dyrum, þá verður sveitarstjórnin fyrst og fremst að fá skipaða eftirlitsmennina, sem undir eiðstilboð eiga að rannsaka alt ástand sveitarinnar, að því loknu semja þeir svo sína skýrslu, og ef sú skýrsla lætur illa yfir ástandinu, þá fyrst getur sveitarstjórnin sent lánbeiðnina til stjórnarinnar. Lánbeiðnin yrði, með hinum ágætu samgöngum, sem hjer eru, nokkra mánuði hingað til Reykjavíkur, og þá fyrst væri hægt að fara að kaupa vörur. Meðan á þessari rekistefnu stendur hefir hjeraðið verið statt í hinni ítrustu neyð, svo að megnið af íbúunum væri dautt, eða að dauða komið, þegar hjálpin kemur. Væri ekki brotaminna að láta sveitarstjórnirnar fá vörur hjá landsstjórninni, sem þær svo gætu úthlutað meðal fátæklinga sinna? (**S. St.:** Hví kom ekki þm. með þetta fyr?). Það var af því, að jeg var ekki í bjargráðanefnd, en vissi hins vegar, að hún hafði á að skipa öðrum eins búfork og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), og jeg bjóst því við, að hann, sem verið hefir prestur og sálnahirðir á Ísafirði í 50 eða 100 ár, mundi hitta á það.

Svo er eitt ágætt atriði, og það er þetta: »Lán eftir lögum þessum skulu ekki teljast sem sveitarstyrkur«. Meiningin er, að maður á að gjalda þess, ef maður er í efnuðu sveitarfjelagi, og þá á að skerða mannrjettindin, en ef maður er í fátæku sveitarfjelagi, þá á maður að njóta þess. Þetta er ekki illa hugsað, og mjer þykir mjög gott að vita, hversu margir ágætismenn hafa skrifað nöfn sín hjer undir.

Hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) tók það fram, að bankarnir mættu ekki lána sveitarfjelögum, sem komin væru að hungurdauða. Þetta er ný kenning, en satt er það, að það er ekki sá vanalegi gróðavegur, sem bankarnir fara. En þegar bjarga þarf frá hungurdauða, þá verða þeir að hjálpa meðan þeir geta. Þeir eru skyldugir að gera það. Það gæti auðvitað staðið svo á, að bankarnir hefðu ekkert handbært fje, vegna þess að þeir ættu svo mikið úti, og það skil jeg, að þeir þá geta ekki lánað. Annars hygg jeg, að sá rjetti vegur, sem þá ætti að fara, til þess að tryggja menn fyrir voða í framtíðinni, voða, sem stafar af ónýttum atvinnuvegum, væri að nota og hagnýta sjer gæði landsins, sem frekast mætti, svo að þjóðin þyrfti ekki að verða hungurmorða, þótt hún yrði einangruð á sínu eigin landi. En að hún verði einangruð getur orðið með svo mörgu móti.

Það er alkunna, að yfir standa samningar við aðra hlið ófriðarins. Þeir geta orðið hagkvæmir, en þeir geta líka orðið svo óhagkvæmir, að landsmönnum verði meinað að flytja vörur til landsins. En setjum nú svo, að saman gengi og menn ættu von á að fá fæðu í sumar, þá er landið samt ekki trygt, vegna þess að það vantar samninga við hinn aðilann í þessari styrjöld, svo að það gæti vel verið, að þeir, einhverra hluta vegna, sæju ástæðu til þess að hindra vöruflutninga til landsins. Og nú geta menn sjeð, hversu brýn þörf er á, að mönnum verði komið í skilning um að nota landið.

Svo hygg jeg, að ekki þurfi að fara fleiri orðum þetta mál, en greiða mun jeg atkvæði á móti till. meiri hl., en með frv. stjórnarinnar og einhverjum af till. minni hl.

Frsm. meiri hl. (Pjetur Jónsson): Jeg ætla mjer ekki að fara í neina hólmgöngu í þessu máli. (**B. J.:** Skoraði ekki neinn á hólm). Jeg skoðaði það ekki heldur svo. En það er ein skýring, sem jeg vildi gefa á till. meiri hl., því að þrátt fyrir þá áskor-

un, sem hæstv. fjármálaráðherra bar fram, get jeg þó hugsað mjer, að þessar till. meiri hl. verði samþ., og þá finst mjer áríðandi, að þær verði ekki misskildar, hvorki af hæstv. stjórn eða háttv. deild.

Jeg hefi orðið var við ýmiskonar misskilning, bæði hjá hæstv. fjármálaráðherra og svo þm., og þessi misskilningur hefir meðal annars verið sá, að dýrtíðarhjálpin, eftir þessum till. okkar, sje minni en eftir stjórnarfrv. Í stjórnarfrv. er bæjar- og sveitarstjórnum heimilað að nota til hjálpar bágstöddum alt að 15 kr. á hvern mann; þar af á landssjóður að borga $^1/_3$, eða 5 kr. Raunar verður að skilja þetta svo, að þetta 15 kr. takmark sje hámark þess, sem sveitar- eða bæjarstjórn má verja til dýrtíðarhjálpar, hversu mikil sem neyðin er.

En eftir till. nefndarinnar er annað uppi á teningnum. Þar er gengið út frá, að bæjar- og sveitarstjórnir hafi heimild til að leggja fram hjálpina, hvort heldur með styrk úr landssjóði eða án hans. I 2. gr. er komist svo að orði:

»Af láni því, er 1. gr. ræðir um, heimilast landsstjórninni að veita bæjarfjelögum og sveitarfjelögum dýrtíðarlán, þar sem veruleg neyð er fyrir höndum. En það er veruleg neyð, ef bæjar- eða sveitarfjelagið getur eigi með eigin framlögum, nje með lántöku af eigin ramleik, hjá bönkum eða öðrum lánsstofnunum, forðað frá yfirvofandi hungri og harðrjetti«.

Hjer er gert ráð fyrir, að hvert sveitarfjelag og bæjarfjelag, þar sem ástæða er til að hjálpa, leggi fram krafta sína af sjálfsdáðum og til hins ítrasta, áður en það notar heimildina til að snúa sjer til landssjóðs. Þess vegna eru það ekki einar 10 kr., sem sveitarfjelagið leggur til af eigin ramleik, heldur miklu meira, þar sem er allur kraftur þess og geta. En þá fyrst kemur til að veita lánið úr landssjóði, er sveitarfjelagið hefir gert alt, sem það gat, og þá fyrst kemur þessi 20 kr. hjálp til hvers íbúa. Þessar brtt. liggja því, eins og hæstv. fjármálaráðherra og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) tóku fram, »í öðru »plani« heldur en stjórnarfrv., því að þar er gert ráð fyrir miklu stórfeldari hjálp heldur en í stjórnarfrv. Jeg tók þetta fram til þess, að þessi lánsheimild skyldi ekki verða rangskilin. (**Atvinnumálaráðherra**: Jeg hygg, að lántaka til dýrtíðarhjálpar sje alls ekki útilokuð eftir stjórnarfrv.). Auðvitað er lántaka hjá bönkum ekki útilokuð, en þar er ekki gert ráð fyrir, að stjórninni heimilist að lána sveitarfjelögum.

Auk þess er í till. meiri hl. miklu meiri viðbúnaður og fyrirhyggja heldur en í frv. stjórnarinnar. Sama misskilnings gætti einnig í ræðu hæstv. forsætisráðherra. Hann vísar á bankana og segir, að þeir eigi að lána, en alls ekki stjórnin, en hann hefir ekki gætt að því, sem gert er ráð fyrir í till. nefndarinnar, að áður en sveitarstjórnir leita til landsstjórnarinnar hafi þær leitað til bankanna og fengið þar þau lán, sem um getur verið að ræða. Annars hefir háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) skýrt þetta svo vel, að það ættu allir að skilja. Bankarnir hafa nóg með sitt fje að gera nú í dýrtíðinni til atvinnuveganna, sem þeir styrkja og verða að styrkja, t. d. eins og sjávarútveg og verslun, og býst jeg við, að þessir atvinnuvegir verði að sitja fyrir því fje, sem handbært er, en lítið verði eftir til að lána bæjar- og sveitarfjelögum. Þá er það líka annað, sem kemur til greina í þessu máli, að bankarnir, eftir eðli sínu, hljóta að heimta þá tryggingu fyrir lánum sínum, sem litlar líkur eru til

að sveitarfjelög, sem komin eru í ítrastu neyð, geti sett. Jeg vona nú, að menn verði sjóngleggri á skoðun nefndarinnar eftir en áður og skilji, hvað hún er að fara. Hæstv. fjármálaráðherra talaði með miklum fjálgleik um hjálp í vandræðum og vitnaði til annara þjóða um það, hvað þær veittu mikla hjálp, rjett eins og stjórnarfrv. hefði í sjer fólgna einhverja stórkostlega hjálp, sem meiri hl. bjargráðanefndar vildi fyrirbyggja. Þetta er sami misskilningurinn, aftur genginn og marghrakinn.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er að eins örstutt athugasemd. Háttv. meiri hl. nefndarinnar hefir hlaupið yfir það stigið, sem við á nú. Hann gerir engar ráðstafanir aðrar en hungurráðstafanir, en við viljum hjálpa áður en neyðin kemur. Og það er of seint að iðrast eftir dauðann, og ef að því ræki, að hungur kæmi, sem jeg vona að ekki verði, þá þarf ekki að vera að hafa um það langar umræður nú, hvað þá skuli gera, því að hvaða stjórn sem er mundi þá auðvitað telja sjálfsagt að hjálpa, hvað sem það kostaði.

Forsætisráðherra benti rjettilega á, að það væri óheppilegt að fara að brúka lánin á þessu stigi málsins, og lánabrautin er meira að segja altaf óheppileg.

Framsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Það var að eins eitt atriði í ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem jeg vildi lítillega minnast á. Hann sagði, að við mundum hafa komist alveg eins vel af, þó að engin dýrtíðarhjálp hefði verið veitt. Þessu verð jeg eindregið að mótmæla, því að jeg get ábyrgst, að allur þorri þeirra manna, sem fengu dýrtíðarhjálp eða dýrtíðarvinnu í vetur er leið, voru hennar sárþurfandi. Með henni var afstýrt neyð, og væri best, að háttv. þm. (S. St.) nefndi nöfn þeirra manna, sem borið hafa það í eyru honum, að hjálpin hafi verið einkis virði eða óþörf.

Jeg vil þá og víkja að því, er háttv. þm. (S. St.) sagði, að hann treysti því, að við gætum komist af án hjálpar. Jeg efast stórlega um, að hann sje þar framsýnni en aðrir menn, sem hjálpa vilja, eða gera vilja ráð fyrir, að til þess geti komið, enda er það ekki nóg að vera að tala um, að landssjóður þoli ekki ný útgjöld, hvað mikið sem á liggur, en reyna þá ekki að benda á nýjar tekjulindir fyrir landið og landsmenn. Hann (S.St.)er nú búinn að sitja vist á nærfelt tuttugu þingum og aldrei sjeð þörf landssjóðs til að afla tekna. Og þó hafa tekjulindir verið nægar í landinu, og ekki nærri eingöngu notaðar af landsmönnum, heldur hafa og útlendingar grætt hjer árlega um langt skeið, svo að miljónum króna skiftir, á fiskveiðum, og sá tekjustofn blasað við hverjum, sem hafði opin augun fyrir nauðsynninni á að auka tekjur landsins. Þar hefir hann ekki sýnt mikla framsýni. (**S. St.:** Jeg hefi aldrei verið á móti tekjuauka í landssjóðinn). Það er ekki nóg, þótt þm. (S. St.) hafi ekki verið á móti tekjuauka; hann hefði átt að eiga frumkvæðið að honum. Af þeim, er framarlega standa, er það heimtandi. Ekki nema sjálfsögð og rjettmæt krafa.

ATKVGR.

Brtt. 88,1 feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., E. Árna., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J, Þór. J., Ó. B.

nei: B. Sv., B. J., B. St., E. A., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. B., J. M., M. G., M. P., Sv. Ó.

Forseti: Þá lít jeg svo á, að allar till. meiri hl. sjeu þar með fallnar.

Frsm meiri hl. (Pjetur Jónsson): Ef ekki fallnar, þá að minsta kosti teknar aftur.

Brtt. 89,1. feld með 13:4 atkv.
— 124,1. — — 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., G. Sv., J. J., M. G., M. P., P. Þ., S. S., Þorl. J., Þorst. J.
nei: B. K., B. St., E. A., E. Árna., E. J., H. K, J. M., J. B., M. Ó, P. J., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þór. J, Ó. B.

1 gr. samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. M., J. J., J. B., M. G., P. Þ., Sv. Ó., Þorst. J.
nei: B. K., E. A., M. P., M. Ó., P. J., P. O., S. S., S. St., St. St., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

2. gr. samþ. með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., P. Þ., Sv. Ó, Þorl J., Þorst. J.
nei: E. A., M. P., M. Ó., P. O., S. S., St. St., Þór. J., Ó. B.
B. K., P. J. og S. St. greiddu ekki atkv.

3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 89,2. tekin aftur.
Brtt. 107 feld með 12:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., E. A., E. J., H. K., J. M., J. B., M. P., P. J., P. O., P. Þ., Þorst. J.
nei: B. St., E. Árna., G. Sv., J. J., M. G., M. Ó., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.
B. K. og S. S. greiddu ekki atkv.

Brtt. 89,3. a. feld með 18:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., E. A., H. K., J. B., M. P., S. S., Sv. Ó., Þorst. J.
nei: B. J., B. K., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., J. J., J. M., M. G., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. J, Þór. J., Ó. B.

Brtt. 89,3. b. samþ. með 15:11 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., E. A, E. J., H. K., J. B., M. P., P. J, P. O., P. Þ., S. S., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst J.
nei: B. St, E. Árna., G. Sv., J. J., J. M., M. G., M. Ó., S. St., St. St., Þór. J, Ó. B.

4. gr, svo breytt, samþ. með 15:10 atkv.
5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 89,4. feld með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorst. J., B. K., H. K., J. B., M. P., P. O., S. S.
nei: Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. J, B. St., E. A., E. Árna., E. J, G. Sv., J. J., J. M., M. G., M. Ó., P. J., P. Þ., S. St., St. St, Ó. B.

Brtt. 124,2 samþ. með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. G, M. P., P. J., S. S., S. St, St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. K., B.

St., E. A., E. Árna., G. Sv., J. J., Ó. B.
nei: J. M., J. B, M. Ó, P. O., P. Þ., Sv. Ó., Þór. J., B. Sv., B. J., E. J., H. K.

Brtt. 94 (við brtt. 88) sjálffallin.
6. gr. þar með ákveðin.
7.—8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorst. J., B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B, M. G., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J.
nei: Þór. J, E. A., M. P., M. Ó., P. J., P. O., S. St., Ó. B.

Á 25. fundi í Nd., föstudaginn 17. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 129, 133, 134, 136, 150).

Björn R. Stefánsson: Við 2. umr. þessa máls var svo margt um það skrafað, að mjer fanst ekki gustuk að fara að lengja þær umr. með því að fara þá að gera grein fyrir atkv. mínu, enda fjelst jeg á það, sem háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) sagði, að þm. myndu vera búnir að mynda sjer skoðun og taka afstöðu til málsins, svo að lengri umr. myndu þar engu um þoka.

Jeg gat hvorki sætt mig við frv. hv. stjórnar nje till. nefndarinnar, hvorki meiri nje minni hluta, en mjer fanst, að stjórnarfrv., eins og það lá fyrir, mundi fremur verða komið í það horf, sem jeg gæti felt mig við, heldur en eins og það hefði orðið með brtt. háttv. meiri hluta. Þess vegna greiddi jeg atkv. á móti flestum brtt.

Ágreiningurinn við 2. umr. var aðallega um það, hvort heldur ætti að fylgja þeirri stefnu að gefa eða lána fje úr landssjóði til hjálpar almenningi, ef vandræði bæri að höndum. Háttv. meiri hl. nefndarinnar hjelt því fram, að hagur landssjóðs væri ekki svo góður, að hann væri þess megnugur að gefa nokkuð, sem um munaði, ef verulega neyð bæri að höndum. Jeg játa fyllilega, að þetta sje rjett, en sumar aðrar röksemdir hv. meiri hluta sýndu það jafnframt og sönnuðu, að landssjóður sje enn síður megnugur að lána eftir till. hans heldur en að gefa eftir till. stjórnarinnar, því að eftir till. háttv. meiri hluta var um ferfalt hærri útgjaldaupphæð að ræða.

Háttv. meiri hluti tók það fleirum sinnum fram og lagði áherslu á það, að ef svangan mann vantaði 10 krónur, þá væri hann ekkert um það að hugsa eða að því að spyrja, hvort hann fengi þær lánaðar eða gefins, ef hann að eins gæti fengið þær, enda kæmi það, í bráðina, alveg í sama stað niður fyrir hann.

Jeg vil nú snúa þessu dæmi að landssjóðnum og segja: Ef landssjóður er í þröng, en þarf að leggja út peninga almenningi til bjargar, þá er honum í bili alveg sama, hvort hann á að lána þá eða gefa; hitt verður aðalatriðið, að upphæðin sje sem allra minst, sem hann á að leggja fram, svo að hann komist ekki ekki í þrot, og jeg tel það aðalskyldu okkar að binda landssjóði ekki þyngri bagga en svo, að hann fái undir þeim risið. Þess gættum við ekki í fyrra, og það víti eigum við að láta okkur að varnaði verða og gæta þess að stranda ekki á sama skeri nú.

Jeg tók það fram áðan, að eins og stjórnarfrv. og till. háttv. meiri hluta lágu fyrir við 2. umr., þá hefði fjárframlag landssjóðs orðið ferfalt meira eftir till. meiri hlutans en eftir stjórnarfrv., því að eftir sama mælikvarða, sem hv. meiri hluti áætlar framlögin eftir till.

sínum, 900 þús., hefðu þau orðið 225 þús. eftir stjórnarfrv.

Gamall málsháttur segir, að maður eigi að vona það besta, en vera við búinn því versta.

Ef við nú fylgjum þessari reglu, verðum við að gera ráð fyrir, að stríðið standi nokkur ár enn, að enn harðni í ári og hagur almennings versni að mun. Þá mundi svo fara, að við á næstu árum myndum þurfa að veita ný lán, í staðinn fyrir að innheimta það, sem við lánum í ár, eins og háttv. meiri hluti ætlast til, — eða dettur nokkrum í hug, ef stríðið heldur áfram og við framvegis verðum við það að búa að hlíta ofbeldi Englendinga, að sá almenningur, sem þarf í ár að fá hundruð þúsunda að láni, geti endurborgað þau lán á næstu árum.

Það, sem við því þurfum að gera, er það að búa svo um, eftir því sem við höfum best vit á, að almenningur finni hjá sjer hvöt og skyldu til að hjálpa sjer í lengstu lög sjálfur, að leggja bjargráðin sem mest í hendur sveitarstjórna, en sýna þó jafnframt hluttekningu og veita hjálp þar, sem að þrengir, og hana þeim mun meiri sem erfiðara verður fyrir.

Jeg játa það, að undir venjulegum kringumstæðum er stór munur á því að lána og gefa, en eins og hjer stendur á, held jeg, að munurinn verði lítill, og því beri að leggja áherslu á það að hafa fjárframlagið sem rjettlátast og notadrýgst, en þó svo lágt sem hægt er, hvort sem það svo er kallað gjöf eða lán, enda er á það að líta, að þegar batnar í ári, mun full þörf á að finna nýjar tekjulindir, til þess að rjetta við fjárhag landssjóðsins, og hvar haldið þið þá, að þessara tekjulinda verði leitað annarsstaðar en hjá þeim sama almenningi, sem nú á þessum erfiðu tímum á að veita dálitla hjálp? Hún fer þess vegna ekki í ómildan akur.

Af framansögðu fanst mjer frv. hæstv. stjórnar vera nær rjetta sporinu en till. háttv. meiri hluta, og því studdi jeg að því með atkvæði mínu, að það kæmist til 3. umr. Hins vegar fanst mjer það alveg fráleitt, að hjálpin væri altaf jöfn, hvort sem sveitarfjelagið þyrfti mikið eða lítið að sjer að leggja, og því ganga brtt. okkar háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) út á það, að gera greinarmun á því. Landssjóður hefir ekki ráð á því að hampa fjenu framan í almenning og segja við fyrstu þriggja krónu aukabyrðina, sem hann verður að leggja á sig: Eina af þessum þremur krónum geturðu fengið hjá mjer.

Það hefir oft verið á það minst og að því fundið, hvað landssjóður hafi náð í lítið af stórgróða einstakra manna á þessum ófriðartímum. Þessir stórgróðamenn eru flestir í bæjum og þorpum, en þar er helst vandræða von; þar eru þá líka óeyddir tekjustofnar, sem við getum sagt að þing og stjórn hafi eftirlátið bæjar- og sveitarfjelögum að grípa til, til almennrar dýrtíðarhjálpar. Þessar tekjulindir þurfa að vera svo djúpar og drjúgar, að úr þeim náist sem svarar 5 krónum á hvern mann í bæjar- eða sveitarfjelaginu, áður en landssjóður fer að leggja fram.

Hjer er nú ýtt að mjer stjórnarfrv., sem til þess er ætlað að ná í þennan stórgróða handa landssjóðnum. Þetta stjórnarfrv. var ekki lagt fram fyr en núna á fundinum, og hafði jeg ekki hugmynd um, að það væri á leiðinni, þegar við sömdum brtt. okkar á þgskj. 136. Annars liggur það frv. ekki fyrir til umr., svo að ekki er vert að minnast frekar á það nú, eða lýsa minni afstöðu til þess, en þegar brtt. voru skrifaðar, var það tilætlunin, að bæjarfje-

lögin hefðu þennan skattstofn, eða að landssjóður eftirljeti þeim hann. Við það eru brtt. miðaðar.

Jeg hefi líklega farið aftan að siðunum með því að minnast fyrst á síðustu brtt., en það er afsakanlegt, vegna þess að það er aðalbrtt. Brtt. við 2. gr. er bygð á því, að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) benti á, að það vantaði ákvæði um það, hvað ætti að miða við og hvað væri venjuleg útgjöld sveitarfjelaganna. Eru hjer sett ákvæði um það.

Þá er brtt. við 1. gr. b. Hv. meiri hluti talaði mikið um það, að þessar 15 krónur á mann væru í raun og veru ekki nema smáræði, ef nokkuð þrengdi að. Samt fór hann ekki hærra en að hækka það upp í 20 krónur, en með brtt. okkar háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) er styrkurinn hækkaður upp í 25 kr. »Fyrir 1. okt. komi: 1. nóv.« er bygt á því, að sveitarstjórnir koma altaf saman seint í okt. til þess að jafna niður útsvörum og ráða ráðum sínum að öðru leyti; væri þeim mjög óþægilegt, ef þær ættu að gera það strax í september. Auk þess er á það að líta, að í september er ekki eins vel sjeð, hvað til muni verða, ekki eins vel komið fram, hvað bjargræði manna hafi orðið yfir sumarið og hvað skorta muni til þess, að menn geti bjargað sjer með sumargróðann. Að þessu leyti held jeg, að brtt. sje aðgengilegri fyrir sveitarstjórnirnar, því að þeim verður óhægt að gera ábyggilegar áætlanir svo snemma.

Nú skal jeg stuttlega gera grein fyrir því, hvað þetta nemur miklu fyrir landsjóðinn, ef brtt. okkar háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) ganga fram. Ef til þess þyrfti að taka, að hvert einasta sveitarfjelag notaði þetta til hins ítrasta, gæti hjer verið um tæp 600,000 króna útgjöld að ræða fyrir landssjóð. Ef við svo aftur á móti göngum út frá, að að eins helmingur sveitar- og bæjarfjelaga notaði sjer þetta — eins og háttv. meiri hluti gerði við 2. umr. —, yrði upphæðin tæp 300,000, eða 299,700 krónur. Eftir þessum lægri mælikvarða hefði framlag landssjóðs orðið eftir till. háttv. meiri hluta 900,000 krónur, en eftir stjórnarfrv. 225,000 krónur.

Við 2. umr. þessa máls var Reykjavik oft nefnd, og sett upp dæmi til að sýna, hvað hún gæti fengið mikið eftir hvorri till. fyrir sig. Jeg skal nú gera sama, og geng þá út frá 15,000 manns.

Eftir till. háttv. meiri hl. gat hún fengið 300,000 króna lán. Eftir stjórnarfrv. gat hún fengið 75,000 króna styrk, gegn 150,000 krónum úr bæjarsjóði. Eftir brtt. okkar háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) gæti hún fengið 100,000 króna styrk, gegn 275,000 krónum úr bæjarsjóði.

Jeg sagði áðan, að landssjóður gæti ekki lagt meira fje fram heldur en það, sem verða mundi eftir þessum till. Jeg meinti það nú ekki alveg bókstaflega, að hann gæti kann ske ekki meira í bráðina, en hann má ekki ganga nær sjer en þetta, því að eigi stríð og dýrtíð eftir að standa lengi enn, þá má hann ekki tefla svo mjög á það ítrasta með möguleika sína, að hann geti ekki neitt, þegar enn meir þrengir að.

Viðvíkjandi því, að þetta sje gjöf, en ekki lán, sem kann ske sje óþörf, ef snemma batnar í ári, má endurtaka það, að skattarnir verða ekki sóttir annað en til þessara sömu manna, sem fengu hjálpina meðan á dýrtíðinni stóð, svo að hún hefir þá ekki fallið í ómildan akur.

Við 2. umr. skrifaði jeg ýmislegt hjá mjer, sem jeg áleit þörf á að gera athugasemdir við, en jeg skal nú ekki tefja tímann með því að fara að taka það upp nú, nema því að eins, að það verði þá vakið upp aftur við þessa umr.

Jeg ætla svo að bíða andsvara áður en jeg segi meira.

Einar Árnason: Þegar þetta mál var hjer til 2. umr., voru umr. um það mjög langar, og hafi nokkuð hafst upp úr öllum þeim löngu ræðum, hefir það líklega verið það, að málið komst í mesta óefni, þar sem tveir jafnsterkir flokkar deildu um tvær mismunandi stefnur. Jeg vil ekki verða til þess að vekja deilurnar aftur, því að jeg held, að málið vinni ekkert við það.

Eins og menn muna, fjell 1. brtt. háttv. meiri hl. bjargráðanefndar með jöfnum atkv. Þá var sjeð, að hjer voru tveir flokkar jafnsterkir, og leit ekki út fyrir annað en að stjórnarfrv. myndi falla líka. Jeg hallaðist að stefnu háttv. meiri hl. nefndarinnar, þó að mjer í ýmsum atriðum fjellu ekki sem best sumar brtt. hennar. En svo virtist mjer ekki rjett að fella stjórnarfrv. strax, heldur greiddi jeg því atkv. mitt, í þeirri von, að hægt myndi að koma á einhverju samkomulagi við 3. umr.

Nú hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt. á þgskj. 150, ef vera kynni, að menn gætu fallist á það, svo að frv. gæti komist út úr deildinni með sæmilegum meiri hl. Jeg skal strax taka það fram, að þessar brtt. ganga í svipaða átt og brtt. meiri hl. bjargráðanefndar um daginn, en þessar till. hafa þann kost, að þær gera málið einfalt og óbrotið og lögin þægileg til framkvæmda. Með þessu er frv. aftur fært inn á þá leið, að landssjóður láni sveitarfjelögum, þegar í harðbakka slær, en gefi ekki fje. Jeg hefi þá sannfæringu, að gjafir frá landssjóði, hvort sem er til einstakra manna eða sveitarfjelaga, hafi ekki góðar afleiðingar; þær rýra sjálfsbjargarhvötina, en hana má aldrei skerða, hvorki hjá einstaklingum nje fjelögum. Hins vegar verð jeg að halda því fram, að hjálp, sem veitt er í neyð, komi að sama liði, hvort sem hún er veitt sem lán eða gjöf, og hjer er það aðalatriðið, að sá, sem nauðsynlega þarf á hjálp að halda, hann fái hana.

Að þessu lýtur 2. brtt. á þgskj. 150, um það, að 2. og 3. gr. frv. falli burt. Með því er numin burt heimildin til að greiða úr landssjóði $^1/_3$ af þeirri upphæð, er sveitar- og bæjarfjelög kunna að verja til dýrtíðarhjálpar, og með því er jafnframt stefnu frv. breytt í það horf, er jeg hefi bent á og talið heppilegt. Þetta er því þungamiðja brtt. Af þessu er það jafnframt eðlilegt að nema burt 15 kr. ákvæðið úr 1. gr. frv., því að þegar þátttaka landssjóðs er numin í burt, er það eðlilegt og sjálfsagt, að sveitarstjórnir sjeu sjálfráðar í þessu efni, svo langt sem vald þeirra nær samkvæmt sveitarstjórnarlögunum.

Þá er 3. brtt. um það, að landsstjórninni sje heimilt að lána bæjar- eða sveitarfjelögum vörur með eins árs gjaldfresti og 5% vöxtum. Jeg get ekki betur sjeð en að þegar í harðbakka slær, þá sje þetta einfaldasta ráðið til hjálpar. Eins og sakir standa nú, er ekki annað sjáanlegt en að öll kornvöruverslun hjer á landi gangi í gegnum landsverslunina, og finst mjer það þá óþarfa fyrirhöfn, að landssjóður láni fyrst sveitarfjelögunum peninga, til þess að þau borgi svo vörurnar, sem þau fá í landsversluninni, með þeim sömu peningum. Að þetta geti á nokkurn hátt leitt út á hálar brautir fyrir landsverslunina get jeg ekki sjeð. Jeg ætlast ekki til, að sveitarfjelög eða kaupstaðir leiti á náðir landssjóðs fyr en öll önnur sund eru lokuð, og jeg ætlast ekki heldur til, að landsstjórnin veiti þessi vörulán fyr en knýjandi nauðsyn ber til; en landsstjórnina tel jeg fullkomlega

bæra að dæma um, hve nær sú nauðsyn er fyrir hendi. Og því frekar treysti jeg stjórninni til að framkvæm þetta, þar sem að hún hefir, að mínu áliti, farið alveg rjett að við framkvæmdir þeirra dýrtíðarlaga, sem nú gilda, þar sem hún hefir ekki notað sjer hina rúmu lánsheimild, sem þar er veitt; tel jeg hana eiga þakkir skilið fyrir það.

Jeg vil að lokum biðja menn að athuga það, að það lá mjög nærri, að frv. þetta fjelli hjer í deildinni við 2. umr. Fari nú svo, að þessar brtt. mínar falli, þá sje jeg mjer ekki fært að greiða frv. atkv., og eru þá forlög þess ærið tvísýn.

Framsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg skal ekki fara mörgum orðum um brtt. þær, sem hjer liggja fyrir. Jeg mun við atkvæðagreiðsluna sýna, hvernig jeg lít á þær.

Jeg vænti þess, að háttv. þm. ljái viðaukatillögu minni á þgsk. 134 liðsinni sitt, því að jeg hygg, að hún muni verða að talsverðu gagni fyrir það málefni, sem hún vinnur að.

Háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) drap á það, viðvíkjandi fjárframlögum úr landssjóði, að hann teldi það helstu skyldu hvers þm. að forða landssjóði sem mest frá fjárútlátum. Þetta er að nokkru leyti rjett, en þó má þessi skylda ekki vera svo rík, að hún verði yfirsterkari þeirri skyldu, sem ætíð á að sitja í fyrirrúmi, sem sje þeirri, að hjálpa þeim, sem bágstaddir eru, því að það er ekki eingöngu siðferðileg skylda, heldur og lagaleg skylda þingsins. Jeg veit líka, að háttv. þm. (B. St.) hefir haft þetta í huga, þegar hann sagði þessi orð, því að það hefir hann einmitt sýnt með till. sínum um þetta mál.

Annað atriði drap þessi sami háttv. þm. (B. St.) á, viðvíkjandi stríðsgróðanum, sem jeg vildi minnast á með örfáum orðum. Hann sagði, að ekki væri nema sjálfsagt að taka af honum til þeirra útgjalda, sem nauðsynleg væru til þess að bjarga alþýðu. En vel má vera, að stríðsgróðinn sje ekki á það mörgum höndum, að til hans náist, að hann hrökki nema til þeirra þarfa, sem hvert bæjar- eða sveitarfjelag hefir. Þess ber líka að gæta, að þessir stórgróðamenn hljóta að bera þyngstu útgjaldabyrði þess bæjar- eða sveitarfjelags, sem þeir teljast til. Svo að það eru vitanlega takmörk fyrir því, hve mikil gjöld þeir geta borið.

Menn geta farið nærri um það, hvernig jeg muni líta á brtt. frá háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.), á þgskj. 150. En það verð jeg að segja háttv. þm. (E. Árna.), að jeg hefði kunnað betur við, að hann hefði sparað sjer þessar brtt. og greitt hreint og beint atkv. á móti frv. stjórnarinnar; það hefði verið mikið betra gagnvart okkur, sem erum á öndverðum meiði, heldur en að koma nú með till., er nemur burt það, sem mestu skiftir í stjórnarfrv., svo að ekkert verði eftir nema fánýtt pappírsgagn.

Síðasti liðurinn í brtt. er ekki eins heppilegur að mínu áliti eins og háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) gerir sjer í hugarlund. Jeg var að vísu fylgjandi því, að landssjóður lánaði bæjar- og sveitarfjelögum fje, en þessi heimild, sem þarna er farið fram á, er miklu athugaverðari, því að það er svo miklu verra að hafa eftirlit með því, hve nær væri nauðsyn að lána vörur heldur en peninga. Það er hætt við því, ef þetta verður samþ., að menn muni ekki leggja eins mikið kapp á og ella að birgja sig upp með nauðsynjar, og jeg spái því, að landsverslunin mundi fá að kenna illilega á þessu ákvæði, ef það yrði að lögum, því að það mundi reynast erfitt að hamla á móti þessum vörulánum.

Háttv. þm. (E. Árna.) gat þess í ræðu sinni, að jeg færi nokkuð í sömu átt og

hann í minni till., þar sem jeg fer fram á, að landsstjórninni heimilist að lána olíu og salt. En þess ber að gæta, eins og tekið er fram, að þetta lán skuli að eins vera til skamms tíma, og svo er líka öðru máli að gegna um olíu og salt heldur en um matvörur. Það er ekki ætlast til þess að lána þessar vörur nema brýn nauðsyn beri til og að þær verði fljótlega greiddar. Sjávarútvegi er líka þannig varið, að ætla má, að honum reyndist vel mögulegt að greiða skjótlega slíkan stuðning.

Það er hálfleiðinlegt, að menn skuli hjer á þingi draga sem mest úr hjálpinni til kaupstaðarbúa, eins og nú er ástatt. Því að það þýðir ekki að dylja það, að þeir hafa þó orðið verst úti í dýrtíðinni, og atvinnuvegur þeirra hefir orðið fyrir langmestu tjóni. Jeg býst við því, að mjer verði svarað því til, að í kauptúnunum búi efnamestu menn þessarar þjóðar, og að þeir sjeu fullfærir um að bera þá sveitarbyrði, sem þessir tímar skapa. En menn verða líka að muna eftir því, að þau tekjuaukafrv., sem nú liggja fyrir þinginu til handa landssjóði, koma aðallega niður á kauptúnabúum. Menn ættu að geta látið sjer nægja með að taka frá þeim fje í landssjóð, en ekki um leið að reyna að finna allar krókaleiðir til þess að forða því, að nokkrir molar fjellu til þeirra af borði landssjóðs.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal ekki verða fjölorður eða myrkur í máli, en kann betur við, áður en til atkvæða er gengið, að gera grein fyrir atkv. mínu og afstöðu til frv. og brtt.

Jeg fylgdi frv. stjórnarinnar við 2. umr., og einstöku fram komnum brtt. get jeg fylgt, en jeg get ekki verið sammála háttv. meiri hl. bjargráðanefndar, því að mjer finst endilega, að hann hafi misskilið tilgang frv. Jeg veit, að háttv. meiri hl. hefir vandað til till. og að þær eru fram komnar af fylsta áhuga fyrir málinu, en gat þó ekki orðið henni samferða. Jeg skal kannast við það, að stjórnarfrv. er ekki svo tæmandi eða ítarlegt, sem vera þyrfti, en svo er þetta líka um brtt. Það mun líka reynast svo, að nærri ókleift er að er að gefa út lög um dýrtíðarráðstafanir, er geti náð yfir öll þau einstök tilfelli, sem það ástand hefir í för með sjer. Þess vegna held jeg, að best sje að taka frv. eins og það er, í þeirri von, að það komi að liði í þeim tilfellum, er fyrir kunna að koma, og frv. þræðir þá leið, sem annarsstaðar er fylgt, að veita nokkra kauplausa hjálp áður en kemur að hallærislánum.

Fjórar brtt., á þgskj. 133, 134, 136 og 150, hafa komið fram við frv. Skal jeg stuttlega minnast á þær allar og byrja á þeirri síðustu, sem komin er frá háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.). Mjer þykir fyrir því, að þessi till. skuli vera komin frá jafngætnum og tillögugóðum manni, því að mjer finst, að hann hafi hlotið að misskilja tilgang frv. Háttv. þm. (E. Árna.) leggur það til, að feld verði úr frv. 2. og 3. gr., en það er alveg það sama og að leggja það til, að 1.—8. gr. verði feldar, eða með öðrum orðum alt frv.; það er ekkert eftir af því, ef 2. og 3. gr. eru feldar úr.

Lánsheimildin, sem hann að nafninu til vill að haldist, er með öllu óþörf, því að hún er áður til í lögum, bæði eftir stjórnarskránni og sveitarstjórnarlögunum, sem og eftir gamalli venju um hallærislán.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þessa till. háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.), því að annað, sem athugavert er við hana, hefir verið tekið fram af háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.).

Þá kem jeg að till. á þgskj. 136. Um hana er, í sem fæstum orðum, það að segja, að jeg felli mig vel við 2. lið hennar, sem fer í þá átt, að færa tímatakmarkið fyrir skýrslugjöf hreppsnefnda frá 1. október til 1. nóvember. Sömuleiðis felli jeg mig vel við staflið a í 1. tölulið, en við staflið b felli jeg mig ekki og verð að skoða hann í sambandi við 3. tölulið brtt.

Jeg held, að tillögumönnunum hafi yfirsjest, er þeir hafa búið til »skalann« um lánshámarkið.

Í staflið b er gert ráð fyrir, að tillagið verði 25 kr., og það hefir ekki verið tekið fram af flutningsmönnunum, að hjer væri um ritvillu að ræða, en ef það er ekki, þá er horfið frá þeim grundvelli, sem lagður er í lögunum og jeg hallaðist að, og yfir höfuð finst mjer þessi sundurliðun vera harla smávægileg. Sje um verulegan skort að ræða, held jeg, að hluttaka landssjóðs megi ekki vera minni en stjórnarfrv. gerir ráð fyrir, sem sje að hann leggi 5 kr. á móti hverjum 10 kr., sem sveitarfjelagið leggur fram.

Það má auðvitað altaf deila um það, hvort þessi 15 króna styrkur, sem stjórnarfrv. gerir ráð fyrir, sje nægilegur. Hann mundi víða nægja, þar sem skortur er ekki mjög almennur, líka reynast óþarflega hár þar, sem fáir eru þurfandi, og þá eigi notaður að hámarki, en þegar hann reynist of lítill, þá er heimildin til fyrir láni.

Jeg get því felt mig við tölulið 1 a á þgskj. 136 og sömuleiðis við tölulið 2, en ekki sje jeg ástæðu til þess að hallast að hinum breytingunum.

Brtt. á þgskj. 134, frá hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), finst mjer þess eðlis, að hana beri að styðja. Mjer finst sú langeðlilegust hjálpin, sem sjávarútveginum verði veitt, og landsjóði að útgjaldalitlu. Jeg hefi það í huga, að þau lán mundu sjerstaklega verða veitt þeim útgerðarmönnum, sem efnaskorts vegna geta ekki aflað sjer vörunnar með því að borga hana út í hönd. Þeim er aðallega þörf á þessu, sem hafa takmarkað lánstraust.

Brtt. á þgskj. 133, frá 1. þm. Árn. (S. S.), finst mjer vera frambærileg, en ekki get jeg kannast við, að hennar sje brýn þörf, því að í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir þessu, að stjórninni skuli heimilað fje til atvinnubóta, og jeg býst við, að stjórnin muni ekki ganga fram hjá tækifærinu til þess að nota fjeð til vatnsveitu, eða jafnvel heyskapar, þegar það gefst, en annars get jeg vel sætt mig við hana og mun því greiða henni atkvæði.

Frv., með nefndum tækum breytingum, mun jeg því styðja. En verði það felt, eða brtt. háttv. bjargráðanefndar samþyktar, þá situr alt við sama og áður, eftir lögum síðasta þings, og þó því lakara, sem till. nefndarinnar eru lakari en lögin frá síðasta þingi, gölluð eins og þau eru.

Sigurður Sigurðsson: Jeg kvaddi mjer hljóðs aðallega til þess að minna hv. þm. á brtt. mína á þgskj. 133.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefir vakið að nokkru athygli á henni, og jeg er honum þakklátur fyrir það og yfirleitt fyrir undirtektirnar. Jeg ætla ekki að eyða löngum tíma í það að gera grein fyrir þessari tillögu, því að það hefir verið gert áður. Till. kom sje fram við 2. umr., en komst þá ekki til atkvæðagreiðslu vegna sjerstakra atvika. Hún var sem sje viðaukatillaga við brtt. hv. meiri hluta bjargráðanefndar. En þær voru feldar, og voru því ekki greidd atkvæði um þessa till. En þó að till. háttv. meiri hluta hafi fallið, sannar það ekki, að þessi till. mundi hafa verið feld. Jeg vona því, að tillagan sje borin

fram í fullum rjetti og brjóti ekki í bága við þingsköpin. Brtt. þessi er gerð við 6. gr. stjórnarfv. og fer fram á, að á eftir orðunum: »í beinar þarfir framleiðslunnar«, komi:

svo sem til þess að reka garðrækt og heyskap í stórum stíl og að framkvæma stærri áveitufyrirtæki að meira eða minna leyti, eftir því, er um semur við þá, er eiga hlut að máli um þau verk.

Þessi till. skilgreinir því, hvaða framleiðsluverk sjerstaklega beri að leggja áherslu á. Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) gat þess í ræðu sinni, að ekki væri þörf á þessu, en þó gat hann þess hins vegar, að till. væri ekki óþörf, og yfirleitt fanst mjer hann styðja hana með ræðu sinni. Jeg er honum samdóma um það, að svo megi álíta, að ef til vill sje hennar ekki bein þörf, en á hinn bóginn tel jeg hana til bóta, og því vænti jeg, að háttv. deild samþykki hana. Jeg held, að mjer sje óhætt að láta þess getið, að bjargráðanefndin muni ekki amast við till., en hún hefir ekki tekið beina afstöðu til hennar, og er því algerlega óbundin um atkvæði sín gagnvart henni.

Tilefnið til tillögunnar er í sjálfu sjer ósköp einfalt, ekki annað en að fá heimild handa stjórninni til þess að ráðast í þessi fyrirtæki, ef þörf krefur. Og jeg verð að segja, að það er lítið traust til stjórnarinnar í því fólgið, ef háttv. deild treystir henni ekki til þess að fara svo með þessa heimild, að vel megi við una. Jeg verð því að líta svo á, að ef tillagan verður ekki samþykt, þá sje fólgið í því hálfgert vantraust til stjórnarinnar í þessu efni.

Að endingu vil jeg undirstrika þetta og taka það strangt fram, að stjórnin gæti haft gott af slíkri heimild, ef vandræði og atvinnuleysi ber að höndum. Jeg vona því, að háttv. deild taki brtt. vel.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg ætla að vera mjög stuttorður og ekki komast neitt inn á almennar dýrtíðarhugleiðingar, að eins skýra frá afstöðu minni til þeirra brtt., sem fyrir liggja. Fyrst ætla jeg að víkja að brtt. háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.), er heimilar vörulán. Jeg verð að segja það, þótt mjer þyki það leiðinlegt, af því að þessi hv. þm. er venjulega tillögugóður, að mjer þykir hún mjög óheppileg og verð að mæla eindregið á móti henni. Það er að mínu áliti einhver varhugaverðasta tillagan, sem komið hefir fram í dýrtíðarmálunum á þessu þingi. Hún mundi reynast landsversluninni mjög örðug. Lánbeiðnirnar mundu streyma að úr öllum áttum, og yrði þá erfitt að daufheyrast við þeim. Þá sjá menn, hve erfitt yrði að reka verslunina, sjerstaklega ef að því skyldi reka, sem flestir eru nú sammála um, að nauðsyn muni til bera, að reka þurfi landsverslun í enn stærri stíl en hingað til; þá veitir henni ekki af að hafa alt sitt veltufje handbært. Þetta gæti orðið mjög svo hál braut, ef út á hana er haldið. Allir, sem talað hafa, hafa líka tekið í sama strenginn um þessa brtt. Út af því, sem háttv. flutnm. brtt. (E. Árna.) gaf í skyn, að hann mundi verða á *móti* frv. stjórnarinnar, ef brtt. yrði feld, þá verð jeg að segja það, að það væri mjög óheppilegt, ef frv. fær ekki fram að ganga, eins og málinu nú er komið, því að þá væri ekkert annað að halda sjer við en dýrtíðarlögin frá síðast þingi, og flestir hv. þingdm. munu vera sammála um það, að þau eru ekki góð. En jeg verð að mæla mjög alvarlega á móti því, að þessi brtt. verði samþykt. Sama er að segja um það að nema í burt 2. og 3 gr. frv. Það álít jeg að væri mjög misráðið og gerði frv. lítilsvert.

Um brtt. og ræðu háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefi jeg talað við 2. umr. þessa

máls og þarf því ekki að dvelja við hana hjer aftur.

Um brtt. háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) er það að segja, að þar gæti verið um mjög stór lán að ræða. Stjórninni bárust einmitt mjög stórar fjárbeiðnir á síðastliðnum vetri, til aðstoðar sjávarútvegi á ýmsum stöðum. Það er að vísu vert að gera það, sem unt er, fyrir sjávarútveginn, en þær ráðstafanir verður að gera sjerstaklega, en ekki í þessu frumv.

Þá kem jeg að brtt. þeirra háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) og háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Þessi brtt. heldur sjer á þeim grundvelli, sem stjórnin byggir á frv. sitt, að yfirgefa lánabrautina, en veita aftur á móti styrk. Munurinn er að eins sá, að þeir færa hámark styrksins upp í 25 kr. og vilja láta landssjóðstillagið fara hækkandi, eftir því sem sveitarfjelögin leggja meira fram. Hámark þeirrar upphæðar, sem landssjóður gæti komið til með að leggja fram eftir þessari tillögu, verður um 600,000 krónur. Aftur ef sveitarfjelögin leggja 10 krónur, eins og stjórnarfrv. ætlast til, þá er hámark landssjóðstillagsins 450,000 krónur. Jeg get ekki sett mig beint upp á móti þessari brtt., og mundi vel við una, þó hún væri samþykt.

Þá hefi jeg ekki fleira að segja um brtt., sem fyrir liggja, en leyfi mjer að vænta, að frv. stjórnarinnar megi ganga fram, en brtt. þær, er jeg hefi mótmælt, verði feldar.

Einar Árnason: Þeir, sem tekið hafa til máls, hafa allir andmælt brtt. mínum, þar á meðal hæstv. fjármálaráðh., sem þó fór um þær hógværum orðum. Hann bjóst við því, að ef brtt. yrðu samþyktar, mundi landsversluninni stafa hætta af því, vegna þess að lánbeiðnir drifu þá að úr öllum áttum.

Þessi sífelda hræðsla stjórnarinnar við lánbeiðnir virðist bera vott um það, að hún vilji hliðra sjer hjá því að leggja dóm á það, hvar neyðin er mest og þörfin brýnust. En jeg sje ekki neina ástæðu til þess að losa hana við þann vanda, tel hann ekki heldur svo ógurlegan, því að sveitarfjelögin munu naumast að nauðsynjalausu sækjast eftir þessum lánum, þar sem þau þurfa strax að borga af þeim 5% ársvexti. Þessi hætta er því ástæðulaus grýla.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, að eins vel hefði mátt fella allar greinar frv. eins og að nema í burt 2. og 3. gr. Jeg get þó ekki verið á sama máli um það; því að þótt gengið sje út frá því sem sjálfsögðu, að stjórnin veiti hallærislán, þegar í harðbakka slær og önnur bjargráð eru þrotin, og að til þess þurfi ekki að samþykkja neinn dýrtíðarlög, þá fela þó bæði 4. og 6. gr. frv. í sjer alveg ný og mjög mikilsverð ákvæði til dýrtíðarhjálpar.

En fyrst háttv. þm. (Sv. Ó.) lítur svo á, að stjórnin sje skyld að hlaupa undir bagga með lán, þegar neyð ber að dyrum, þá get jeg ekki sjeð neitt hættulegt við það að ákveða, að lánin skuli veitt í nauðsynjavöru.

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) kvað svo ramt að orði, að hann taldi brtt. mínar óalandi og óferjandi með öllu. Mig furðar mest á því, að hann skuli ekki geta felt sig við síðari brtt. mína, því að hún fer nákvæmlega í sömu átt og viðaukatill. hans á þgskj. 134. Hann leggur sem sje til, að stjórninni sje veitt heimild til að lána olíu og salt til sjávarútvegarins. En hvers vega þá ekki líka matvöru? Það virðist þó ekki minni ástæða til, ef í verulegar nauðir rekur, að menn geti átt kost á að fá matvæli til að draga fram lífið, heldur en að fá olíu og salt, til að geta stundað atvinnu sína.

Þá kem jeg að því atriði hjá sama

háttv. þm. (J. B.), að kaupstaðabúarnir verði fyrir mestu skakkafallinu af dýrtíðinni. Það kann rjett að vera, og dettur mjer síst í hug að vefengja það. En jeg get ekki fallist á, að hjer sje enn þá nein almenn neyð í landi, að minsta kosti ekki meiri en oft hefir verið áður. Jafnvel fyrir nokkrum tugum ára hygg jeg að fult eins mikið hafi sorfið að landsbúum eins og enn gerir. Og þá voru engin dýrtíðarlög. Jeg held að þingið hafi farið of snemma af stað með dýrtíðarráðstafanir sínar. Sönnunin fyrir því er sú, hve óhemju mikið var sótt um dýrtíðarlán í vetur að nauðsynjalausu, einungis af því, að lánskjörin voru svo góð. Það getur verið, að þröngt verði í búi hjá mörgum manninum í sjávarþorpunum, og það er fjarri mjer að ætlast til, að fólk sje látið líða skort. En jeg ætlast til, að sveitarfjelög hjálpi á meðan þau geta, og jafnframt verður fólkið að leggja fram alla þá orku, sem það á til, til þess að komast af; það hefir þessi þjóð orðið að gera á öllum undanförnum tímum. Á síðustu árum hefir fólkið streymt úr sveitunum til gullnámanna í kaupstöðunum, og það er ekki nema eðlilegt, að fólkið streymi þangað, sem gullnámur er að finna. En þessar gullnámur eru oft viðsjárgripir, því að þar er svo margt komið undir hepninni einni. Þessi flutningur úr sveitunum til kaupstaðanna hafði þau áhrif, að búnaðarhættir allir breyttust, framleiðsla á mjólk, skyri og smjöri minkaði, einmitt því bjargræðinu, sem mest og best hefir haldið lífi og þrótti í þjóðinni frá landnámstíð.

Nú standa svo sakir, að ekki lítur út fyrir annað en að grasið verði undir snjónum fyrir fólksleysis sakir, að landsvæði, sem gætu gefið af sjer tífaldan gróða í kartöflum, liggja ónotuð og að mjólkurpeningurinn verði rekinn á fjall. Þetta kalla jeg að taka brauðið frá börnunum og kasta því fyrir hundana. Neyðin, ef um nokkra neyð er að tala nú, heimtar, að allir leggi sitt ítrasta fram og hagi sjer skynsamlega. En hvað sjer maður svo dags daglega hjer? Fólkið stendur hópum saman á strætum og gatnamótunum aðgerðalaust, bíðandi eftir því, sem enginn veit hvað er og aldrei kemur. Og svo þegar vonirnar bregðast, þá á landssjóður að taka við. Fólkið prjedikar vandræði, dýrtíð og óstjórn hvað fyrir öðru, uns alt skynsamlegt vit er flúið á dyr, öll bjargræðisviðleitni steindauð, og ekkert er eftir nema rakalausar ákærur til þeirra manna, sem með stjórnarvöldin fara. Og svo leggja sum blöðin sína fríkirkjulegu blessun, eða rjettara sagt sleggjudóma, yfir alt saman.

Þórarinn Jónsson: Það er illa gert að teygja tímann, en jeg hefi ekki tekið þátt í umræðum um þetta frv. áður, en sýndi við atkvgr. við 2. umr., að jeg var á móti frv. stjórnarinnar, en hallaðist að tillögum meiri hluta bjargráðanefndar. Jeg vil gera örstutta grein fyrir þessari afstöðu minni, áður en málið fer út úr deildinni. Tilgangi þeim, sem þetta frv. hefir, sem sje þeim, að bjarga eða styrkja þegar á liggur, er ómögulegt að ná með till. stjórnarinnar, en brtt. meiri hluta nefndarinnar voru nær rjettri leið. Mjer er öldungis ómögulegt að fylgja frv. stjórnarinnar, af tveimur ástæðum. Fyrst og fremst af því, að styrkurinn, sem ætlast er til að sveitarfjelögin verji til bjargráða, er svo lítill, að eins 15 kr. á mann. Í öðru lagi vegna þess, að þegar í neyðina er komið, þá geta þau sveitarfjelög, sem verst eru sett að gjaldþoli, ekki af eigin rammleik lagt fram það, sem til þess þarf að verða styrksins aðnjótandi, og að öllum líkum ekki heldur fengið neitt lán. Aftur á móti þau sveitarfjelög, sem

eru svo efnuð, að þau geta lagt fram til bjargráða af sínu eigin fje, fá styrk úr landssjóði. Hin efnaminni, sem komin eru í neyð, standa uppi ráðþrota og hafa enga leið, en þó verður maður að ætla, að það hafi ekki verið tilgangur stjórnarinnar, að þeim, sem bjarga ætti, væri fyrirmunuð öll björg. En lítum nú á þetta, eins og það hefir komið fram hjer í deildinni. Stjórnin hefir margsinnis lýst yfir því, að hún vill ekki fara inn á lánabrautina, og einn bankastjóri hefir tekið það fram í umræðunum, að bankarnir megi ekki lána þegar í neyð er rekið, og það hygg jeg að sje alveg rjett athugað, því að það eru ekki stofnanir, sem hætta vilja fje sínu. Þessi efnaminni sveitarfjelög verða því svo út undan, eins og jeg hefi tekið fram, að þau hafa enga leið, eftir þessu frv., til að bjargast.

Það er hægt að segja, að tilgangurinn sje sá, að fyrirbyggja það, að neyð verði, að tillagið eigi að hjálpa mönnum til þess að afstýra neyðinni fyrirfram. En mjer getur ekki annað en fundist, að eins og frá frv. er gengið, mundi hjálpin koma heldur seint fyrir þá, sem þurfa. Fyrir hina, sem ná henni, er hún til engrar hlítar í þessu efni, því að hvað segir svo þessi 5 kr. styrkur? Það er eins og að gefa krakka fimmeyring.

Í sambandi við þetta skal jeg drepa á eitt dæmi, sem háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) kom með í ræðu sinni við 2. umr. þessa máls og átti að vera til að staðfesta gamla málsháttinn, að betra sje að byrgja brunninn áður en barnið er dottið í hann. Dæmið var eitthvað á þá leið: Ef bóndi á 50 ær, og er að því kominn að eyðileggja þær sökum bjargarskorts, væri þá ekki betra að hjálpa honum til þess að halda lífinu í ánum heldur en að leggja honum fje til framfærslu, þegar ærnar eru allar eyðilagðar. Menn munu væntanlega sjá það, hvernig 5 kr. styrkur á mann á að bjarga frá því að fella 50 ær. Gerum ráð fyrir, að 6 manns sje í heimili. Þá fær heimilið ekki nema 30 kr. styrk frá landssjóði, en framlag frá sveitinni fær það hvort sem er; og til þess að fá þessa upphæð þarf nú ekki annað en að lóga einni ánni. Skyldi hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) takast að telja nokkrum lifandi manni trú um það, að þetta fyrirbygði eyðileggingu á 50 ám.

Og hvað er það nú, sem maðurinn getur fengið til viðurværis sjer fyrir einar 5 kr.? Hann getur keypt fyrir þær $5^1/_2$ kg. af haframjeli. Á því gæti hann ef til vill dregið fram lífið í hálfan mánuð með öðrum fæðutegundum. Þetta á að bjarga þegar komið er í neyð!

Öðru máli er að gegna með lán þau, sem í gildandi dýrtíðarlögum eru heimiluð. Þau gátu bjargað í þessu tilfelli, en landssjóður getur ekki borið þau. En lánastefnuna verð jeg þó að telja rjetta, með breyttum lánsskilyrðum. Þessi styrkur er humbug, sem þeir einir nota og njóta, sem alls ekki þurfa þess. Hinir koma á landssjóðinn hvort sem er.

Þótt við sjeum ekki í vopnagný, þá erum við samt í bardaga, sem útheimtir það, að hver einasti maður leggi fram sitt ítrasta. Enginn er eins fær um það og sveitarfjelagið að tæma gjaldþolið, þar sem það er til. Það er talið mikið, ef lagt er á eignamann að gjalda $^1/_5$ teknanna í útsvar. En þótt hann ætti að láta mestallar tekjurnar, þá er það ekki nema sanngjarnt, þegar aðrir verða að ganga á höfuðstól sinn. Þetta gjaldþol geta sveitirnar fyrst gengið á, og landssjóður á ekki að hlaupa undir bagga meðan það er til. Það er nefnilega þetta, sem dýrtíðarráðstafanir þingsins verða að bera með sjer, að það liggi í þeim hvöt fyrir sveitarfjelögin til að

bjargast af eigin mætti meðan kostur er á, og að hrinda þeirri hvöt er rangt.

Það var tekið fram af háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.), þegar hann mælti fyrir brtt. sínum, að á sama stæði, hvort landssjóður lánaði eða gæfi, þegar hann ætti lítið fje. Það er sama sem að segja, að maður þurfi ekki að fá skuld sína borgaða, ef hann á lítið til. Nei, því fátækari sem landssjóðurinn er, því meiri þörf er á, að hann fái borgað aftur það fje, sem hann lætur úti. Við höfum alls ekki ráð á að fleygja fje úr landssjóði, sem ekki er hægt að treysta að ekki fari í þá staði, sem þess er ekki þörf.

Fyrri brtt. háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) álít jeg alveg sjálfsagða. Ef sú hjálp, sem frv. býður fram, á að koma að notum, má alls ekki takmarka þá upphæð, er sveitarstjórnir mega leggja fram. Það er hugsunarlega rjett að breyta frv. í þá átt að láta þær ráða. Annars verður þessi hjálp svo takmörkuð, að útkoman verður sú, að þau mega ekki bjarga sjer sjálf.

Annars mun jeg sýna með atkv. mínu, hvernig jeg lít á einstakar till. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir mikið talað um till. sína. Ekki mun jeg nú greiða henni atkv., fremur en áður. Jeg hefi svo sáralitla trú á þessum ráðstöfunum um dýrtíðarvinnu, sem stjórnin á að sjá um, eftir undangenginni reynslu um það. Get jeg þess vegna ekki greitt þeirri till. atkv., fremur en flestum öðrum.

Einar Arnórsson: Jeg stóð upp til þess, eins og ýmsir ágætismenn hjer, að gera grein fyrir atkv. mínu. Mjer líkuðu ekki allar till. meiri hl. við 2. umr.; sjerstaklega var eitt ákvæði í þeim alveg óhafandi. Þær voru feldar, sem kunnugt er, en nú eru komnar fram brtt., sem fara í svipaða átt. Það eru brtt. háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.). Mjer skilst, að ef þær verða samþyktar, þá verði frv. að stofni til nokkuð svipað í öllum aðalatriðum og lög nr. 25, 1917. Lánsheimildin rýmkast, og svo er landsstjórninni, eins og í 2. gr. nefndra laga, veitt heimild til að veita vörulán. Annars er ekki ýkjamikill munur á lögunum nr. 25, 1917, og þessum till, nema hvað heimildin fyrir landsstjórnina til að selja kol undir verði, í 3. gr. nefndra laga, fellur burt. Og ákvæði 6. gr. frv. tel jeg hallkvæmari en 4. gr. laganna. En svo finst mjer algerlega vanta inn í frv. um vörulán eða styrki, sem veittir eru sveitarmönnum eftir þessum heimildum, samskonar ákvæði og í 5. gr. laga nr. 25, 1917. En jeg vænti, að háttv. Ed. taki það til athugunar, ef málið kemst þangað.

Ekki get jeg sjeð, að mikil bót geti orðið að brtt. á þgskj. 133, frá háttv. samþingismanni mínum (S. S.). (**S. S.:** Höggur nú sá, er hlífa skyldi). Það er meira að segja vafasamt, hvort slíkt ákvæði getur ekki orðið hættulegt, ef stjórnin fer að framkvæma það. (**S. S.:** Þetta er vantraust á stjórninni). Það kemur mjer ekki við. Mjer er sama, þótt það verði álitið vantraust á stjórninni. En vjer skulum taka dæmi. Stjórnin leigir slægjur uppi í Mosfellssveit eða austur í Flóa, ræður margt fólk og verkstjóra til umsjónar. Svo verður hún að útvega verkfæri og vistaföng handa mörgu fólki. Og ef heyskapurinn hepnast, verður hún að byggja skýli fyrir heyin, til að vernda þau undir veturinn. Þau yrðu svo má ske geymd sem varaforði til þeirra, er síðar þurfa. Það getur nú vel verið, að þetta hepnist vel. En það er þó eitthvert áhættumesta fyrirtæki, sem landssjóður getur ráðist í, því að ef illa viðrar, hvað verður þá

úr öllu heyinu? (**S. St.:** Súrhey). Vjer höfum enga tryggingu fyrir því, og jeg býst ekki við, að þeir, sem kæmu til að standa fyrir verkinu eða starfa að því, kunni að gera súrhey. (**S. St.:** Halldór Vilhjálmsson kann það). Jeg veit ekki til, að stjórnin eigi engjar á Hvanneyri, og býst við, að Halldór hafi nóg að starfa á sínum eigin engjum. Jeg held satt að segja, að súrheysgerð sje ekki svo mikið tíðkuð enn og mishepnist oft. (**S. S.:** Annar hver maður á Suðurlandi kann að búa til súrhey). Þetta hygg jeg allmiklar ýkjur. Jeg þekki þar sveitir, sem lítið er um súrheysgerð. (**S. S.:** Háttv. samþingismaður minn (E. A.) hefir ekki komið þar lengi). Jeg hefi komið þar oft, þó að jeg hafi sennilega ekki smogið þar inn í hvert búr eða eldhús. Jeg býst við, að það væri sama, hvort þessi heimild er eða engin, því að jeg geri ekki ráð fyrir, að landið gæti notað hana. Stjórnin gæti að sönnu sent út hirðisbrjef eða pistla til að áminna menn um að heyja vel. En setjum nú samt svo, að stjórnin sæi sjer slíkt fært, þá er till. samt óþörf, því að það er tekið fram í 6. gr. frv., að stjórninni sje heimilt að verja fje úr landssjóði til atvinnubóta »í beinar þarfir framleiðslunnar«. Og þar heyra því enn fremur undir vatnsveitingar, því að ekki er það síður í beinar þarfir framleiðslunnar að veita vatni á mýri.

Háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) komst í ræðu sinni dálitið út frá efninu. Hann var svo gramur yfir því, að hæstv. landsstjórn sætti ákúrum fyrir það, sem hún gerði eða gerði ekki. Það er nú engin ný bóla, að stjórn hjer eða annarsstaðar megi taka aðfinningum, eða aðrir þeir menn, er sig gefa við almennum málum. En það er svo skrítið, að stjórnin sjálf er ekki að tala um þetta, heldur tekur því svo ósköp rólega, eins og þeir menn aðrir, sem eru dálítið veraldarvanir. Það er eins um hana og sniglana — án þess þó að jeg ætli mjer að líkja hæstv. stjórn við þau dýr — að hún sýnist hafa einhver þreifihorn hjer í deildinni, sem altaf kveinka sjer og kippast við, og það þótt jafnvel ekkert sje að stjórninni veist. Það er auðvitað svo um þessa stjórn sem aðrar, að hún sætir ákúrum fyrir það, sem hún gerir, og þeim sumum rjettmætum, en sumum væntanlega ekki. Svo er um allar stjórnir í þingfrjálsum löndum.

En svo tók jeg eftir því, að háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) gaf það í skyn í upphafi ræðu sinnar, að ef brtt. sínar yrðu ekki samþ., mundi hann veita sitt lið til þess að fella stjórnarfrv. Þar höggur sá er hlífa skyldi, því að fátt er hægt að gera einni stjórn meir til miska en að myrða þau mál, er hún ber fyrir brjósti og telur sitt hjartans mál. Jeg tel það ekki eins mikla mótgerð að segja stjórn til syndanna sem hitt, að fella mál, sem stjórnin telur þjóðþrifamál. Jeg veit nú ekki, hvað hinn háttv. þm. (E. Árna.) kann að gera, en vænti nú þess, að þar sem jeg hefi bent honum á þetta, þá bæti hann nú ráð sitt og samþ. stjórnarfrv., enda þótt till. hans verði feldar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi bæði við þessa og 2. umr. málsins heyrt um það talað, að alt of takmörkuð sje upphæðin í stjórnarfrv., 15 kr., þar sem sveitarstjórnir mættu ekki fara lengra. Hæstv. fjármálaráðherra hefir nú þegar bent á, að þetta er ekki rjett. Öll takmörkunin er sú, að sveitarstjórnin verður annars að leita samþykkis sýslunefndar, og býst jeg við, að sýslunefnd muni undir flestum kringumstæðum fús til að veita samþykki sitt.

Annars er það sjerstaklega 2. aðaltill. háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.), sem jeg vildi minnast á, af því að hún fer, eins

og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) tók fram, í sömu átt og till. meiri hl. bjargráðanefndar, að veita lán. En jeg álít þessa till. lakari að því leyti, að hún ríður í bág við þá stefnu, sem haldið hefir verið fram á þingi og álitin rjettmæt, að aðgreina landsverslunina sem mest frá stjórnarstörfunum og fela hana sjerstökum mönnum. Þetta hefir stjórnin gert svo rækilega, að þessir menn ráða versluninni alveg, og stjórnin skiftir sjer ekkert af henni. Ef nú þingið heimtar aftur af stjórninni, að hún taki vörur frá versluninni til að lána almenningi, þá er aftur farið að blanda saman verslun og stjórnarstörfunum. Er þá horfið að því, sem áður var fundið að, og farið að gera graut úr því, sem áður var aðskilið og allir hafa viðurkent rjettmæta ráðstöfun. Jeg vil vekja athygli háttv. þm. á þessu.

Það liggur í augum uppi, að ef á að lána, þá á að lána hreint og beint peninga úr landssjóði. Enda hefir því verið stranglega fylgt, að lánin eru tekin beint úr landssjóði og versluninni borgaðar vörur þær, er hún lætur úti. Þess vegna er jeg sjerstaklega á móti till. háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.). Einkum er það brýn nauðsyn, að verslunin sje sem best út af fyrir sig, eftir því sem hún vex. Og þegar svo yfir þessa verslun eru settir menn, sem allir treysta fyllilega, þá á að láta þá ráða. Þeir hafa nýlega í viðtali við stjórnina látið í ljós, að þeir álitu mjög svo óholt að skylda verslunina til að lána. Að vísu voru allmiklar skuldir útistandandi við verslunina, er þeir tóku við um nýár, en þeim hefir tekist að fá mikið inn og hreinsa þannig til. Það verður vísast aldrei svo, að ekki verði eitthvað ofurlítið útistandandi, en þeir hafa hugsað sjer að hafa það sem minst.

Jeg verð því að halda því fram, að ef hallast er að þeirri stefnu að veita lán, þá eigi að lána beint úr landssjóði, ekki í vörum, heldur peningum. Um till. háttv. samþingismanns míns (J. B.) vil jeg taka í þann streng með hæstv. fjármálaráðherra, að vel geti komið fyrir, að nauðsynlegt verði að tryggja atvinnuvegina eitthvað með peningalegum tilstyrk. En þessi styrkur verður að vera alveg laus við almennu dýrtíðarhjálpina og má ekki blandast saman við hana. Og jeg get sagt háttv. deild, að eftir þeirri reynslu, sem stjórnarráðið hefir fengið í þessu tilliti, þá er hætt við, að stjórnin yrði að taka býsna mikla peninga til þessa. Einstakir hreppar hafa heimtað til þeirra hluta svo að þúsundum og jafnvel tugum þúsunda skiftir. Ef svona till. yrði samþ., væri því komið inn á þá braut, sem enginn veit hvar lendir. Held jeg því, að það sje alveg rjett að fella báðar þessar till., háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) og háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Verður svo að ráðast, hvernig háttv. deild fer með stjórnarfrv.

Viðkomandi því, að ástæða sje til að athuga, hvort nauðsynlegt sje að gera einhverjar frekari ráðstafanir til styrktar atvinnuvegunum, skal jeg geta þess, að stjórnin hefir þegar gert nokkuð til að tryggja landbúnaðinn, t. d. keypt fóðurbæti fyrir allmikið fje. Eitthvað má sjálfsagt gera fyrir sjávarútveginn, en jeg vil ráða frá að setja nokkrar slíkar ráðstafanir inn í þetta frv., um almenna dýrtíðarhjálp.

Svo skal jeg koma að því, sem háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) og fleiri háttv. þm. hafa minst á. Ef sveitarfjelag er orðið alveg bjargþrota, sjóður þess þurausinn og sýslufjelagið getur ekki hjálpað, þá er alveg einsætt og sjálfsagt, að landssjóður verður að hjálpa. Þar um þarf engin lög. En það verður fyrst,

þegar í þrot er komið að öllu leyti heima í hjeraði, og heyri jeg nú á mörgum háttv. þm., að þeir búast ekki við, að svo fari á næsta ári. En ef til þarf að taka, þá þarf ekki að kvíða því, að stjórnin, hver sem hún verður, hlaupi ekki undir bagga.

Gísli Sveinsson: Þessi brtt. á þgskj. 136, sem við háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) berum fram, virðist ekki falla öllum háttv. þm. jafn-vel í geð. Hæstv. stjórn hefir að vísu tekið henni mjög líklega, og býst jeg ekki við, að neitt sjerstakt verði haft á móti henni frá þeirri hálfu, því að hún liggur mjög á sömu braut og stjórnarfrv. Það, sem hún á við sjerstaklega, er að gera dálitla stigbreytingu á upphæðinni, sem veitt er, svo að hún komi rjettlátlegar niður. Aðalbreytingin er sú, að við viljum styrkja meir, eftir því sem sveitarfjelagið hefir tekið nær sjer og leggur meira á sig. Við viljum hins vegar ekki, að veittur sje styrkur úr landssjóði móts við einhverjar smáupphæðir, sem ráðstafað kynni að verða í þessu skyni. Okkur finst, að þótt eitt sveitarfjelag verji til þessara ráðstafana upphæð, sem ekki fer yfir 5 kr. á mann hvern í sveitinni, þá sje það ekki svo tilfinnanlegt, að ástæða sje til að bæta það upp að nokkru. En þá fyrst, er upphæðin hækkar, verður það sjálfsagt, því að þá er þessu fjelagi fremur þörf hjálparinnar. Við höfum sett takmarkið 5 krónur. Útkoman verður þannig sú, að með þessu er veittur meiri styrkur þeim, sem hafa lagt mikið að sjer, heldur en með frv. því, er fyrir liggur. Það er því rangt hjá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að þetta sje of lítið, miðað við stjórnarfrv. Það er í raun og veru meiri styrkur og kemur betur niður, að því er sjeð verður.

Jeg skal geta þess um 1. brtt. á þessu þgskj., staflið a, að hún er borin fram sökum aths., sem kom fram við 2. umr. málsins, frá háttv. 2. þm. Árn. (E. A.). Þar sem talað er um venjuleg útgjöld, vildu menn halda, að væri meint gjaldahæð á hverjum tíma. Og út frá þessum skilningi töluðu margir háttv. þm., og þar á meðal þessi háttv. þm. (E. A.), sem sýndi fram á, að ekki yrði vitað með vissu, við hvað væri miðað, hvort heldur útgjaldaupphæð síðasta árið, eða meðaltal fleiri síðustu ára. Vildum við með till. þessari slá föstu ákvæði um þetta, svo að það yrði ábyggilegt. Og í þeim tilgangi er till. komin fram.

En nú standa sakir svo, að skilningur hæstv. stjórnar og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) á þessu atriði er líklega ekki rjettur. Þar er ekki átt við útgjaldahæð, heldur lögmæta útgjaldaliði, og fyrir utan þessi reglulegu eða »ordinæru« gjöld veita lögin því heimild til »extraordinærra« gjalda.

Jeg hygg, að önnur rjett meining geti ekki verið í þessu, og ef hæstv. stjórn vill leggja þennan skilning í ákvæðið, getum við flutnm. tekið tillöguna aftur.

Jeg skal ekki fara langt út í það, sem háttv. þm. hafa látið uppi sem greinargerðir fyrir atkv. sínum; jeg býst við, að það verði til lítils að reyna að sannfæra þá. Jeg verð þó að fara nokkrum orðum um sumt af því, sem fram hefir komið.

Jeg ætla þó ekki að hætta mjer út í heimsádeilu háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) um fólkið, blöðin og stjórnina, enda býst jeg við, að hann hafi lent út á þeim hálu brautum af tómu »ergelsi«, en ekki hafði jeg ætlað honum slíkt meyrlyndi, að það ræki hann til þess að reka rauna sinna hjer í þingsalnum.

En till. hans, að fella burt 2. gr. úr frv., virðist mjer vera fullkomlega meiningarlaus, ef á annað borð á að skilja

eftir nokkuð af því, því að sje hann á móti frv. svo framarlega sem till. hans falla, þá hefði það verið hreinlegra fyrir hann að leggja til, að frv. yrði felt alt.

Um 3. brtt. háttv. sama þm. (E. Árna.) hefir bæði hæstv. stjórn og aðrir háttv. þm. rjettilega tekið fram, að hana má alls ekki samþ. Og það er ekki af forminu einu, sem hæstv. forsætisráðh. aðallega mintist á, að till. grípi fram fyrir hendur forstjórnar landsverlunarinnar, því að landsstjórnin ber ábyrgð á framkvæmdunum, hvað verslunarmálin snertir, hjer eftir sem hingað til. Hitt er aðalatriðið, að till. er hættuleg fyrir landsverslunina, og nái till. fram að ganga, hefir líka stjórnin, hver sem hún verður, algerlega óbundnar hendur; henni eru engin takmörk sett um framkvæmd þessa ákvæðis, en slíkt má ekki eiga sjer stað. Stjórninni væri með því líku ákvæði heimilað að lána takmarkalaust, hvort sem neyð er fyrir hendi eða ekki, og hafi hún slíka heimild, getur hún vitanlega ekki gert upp á milli sveitarfjelaga; þau hafa öll aðgang að stjórninni með vörulán, og sje einu þeirra fullnægt, er það gefinn hlutur, að hin koma á eftir.

Jeg get því tæplega treyst nokkurri stjórn til þess að fara með slíka heimild, og mjer þykir það næsta ólíklegt, að háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) geti gert sjer von um, að slík till. sem þessi verði samþ.

Þá er brtt. háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). Kemur hjer aftur fram hið sama og hjer var heilsað fyrir skemstu, og það ekki í endurbættri útgáfu, og ekki tel jeg brtt. þessa bæta 6. gr. frv. að neinu leyti, enda var hún sæmilega skýr áður, tel jeg. Og sjálfum ætti mjer að vera kunnugast um það, þar sem hún er samin af mjer, en hvað sem um það er, þá hefir öðrum háttv. þm. borið saman um það, að hún sje fullskilmerkileg.

Annars er það Flóaáveitan, sem háttv. þm. (S. S) vill enn þá koma að, og mun að vísu enginn lá honum það. En jeg lít svo á, sem slík fyrirtæki sjeu ekki í beinar þarfir framleiðslunnar, en væri nú svo, að slík ákvæði sem þessi ættu hjer heima, þá væru það miklu fremur smærri vatnsveitur, sem tiltækilegt væri að taka ákvæði um að skyldu framkvæmast sem dýrtíðarvinna.

Hitt álít jeg að ekki komi til mála, að fara nú að ráðast í að byrja á Flóaáveitunni, eða nokkrum hluta hennar, og verða svo síðar að taka upp aðrar aðferðir og annað fyrirkomulag við vinnuna. Slíku verki þarf að fylgja fram í heild. Annars má með sömu rökum sýna fram á hættu þá, sem felst í till. þessari og hinni, sem jeg hefi áður minst á. Heimildin, sem stjórninni er veitt með henni, er alt of viðtæk og ótakmörkuð. Og jeg treysti því ekki, að stjórninni geti ekki orðið það á að hlynna frekar að einu fyrirtækinu eða öðru, eða einu hjeraði fremur öðru, ef slík heimild er veitt.

Jeg get t. d. vel hugsað mjer, að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) gæti unnið stjórnina til þess að ráðast í Flóaáveituna. (**S. S.:** Er ekki inni undir hjá henni). Nei, en hann getur orðið það; það getur jafnvel farið svo, að hann setjist sjálfur í ráðherrasessinn.

Þá var háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) að gera grein fyrir atkv. sínu. Virtist mjer hann vera helsti þungorður um till. þessar.

Jeg ætla mjer ekki að fara að bera blak af till. hæstv. stjórnar, en þó verð jeg að leiðrjetta misskilning, sem kom fram hjá þessum háttv. þm. (Þór. J.).

Hann kvað það ekki ná neinni átt að ætla að hjálpa með slíku lítilræði sem 10—15 kr. á mann.

Jeg hefi orðið þess var var, að sumir fleiri hafa skilið þetta ákvæði svo, sem ekki megi koma hærra á mann, af þeim sem þurfandi eru. En nú er engin ástæða til þess að gera ráð fyrir, að allir verði þurfamenn. Og hjer er að eins um það að ræða, hve mikið megi koma á nef hvert, til þess að miðla af þeim, sem í nauðir rata, og getur það orðið sæmileg hjálp til hvers eins þeirra, þar sem ekki verður gengið út frá því, að neyð verði almenn á landinu.

Annars má það undarlegt heita, að þeir skuli nú líta smæstum augum á hjálp þessa, sem altaf hafa manna fremstir viljað klípa allan dýrtíðarstyrk við neglur sjer. Líka virðist það undarlegt, að þeir hinir sömu skuli vilja fara lánaleiðina, sem þó eftir reynslu síðastliðins árs virðist með öllu ófær, vegna þess að hún er blátt áfram glæfraleg, þar sem ekki er hægt að setja neinar skorður við því, að stjórn, sem annars fer gálauslega fram, kynni ekki að beita gerræði eða rasa fyrir ráð fram.

Frá háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) kom fram sá dómur um lánaleiðina við fyrri umræður málsins, að það væri landssjóður einn, sem ætti að lána; bankarnir mundu neita um harðærislán, þar eð þeir mættu ekki lána nema gegn vissri endurborgun. Þetta síðara atriði er að vísu alveg rjett. En hver getur sagt, að lán þessi yrðu ekki endurborguð? Þvert á móti tel jeg það víst, að sveitarfjelögin endurborgi harðærislán sín, svo framarlega sem þau flosna ekki upp með öllu. Og það eru ekki nema allra stærstu hörmungar, sem leggja heil sveitarfjelög í eyði, naumast annað en sandur og sjór, sem koma þeim í kalda kol um tíma eða eilífð.

Þess vegna lít jeg svo á, að bankarnir geti lánað sveitarfjelögunum, enda þótt hallæri sje. Þar standa að veði allir hreppsbúar og eignir þeirra.

Mín skoðun er því sú, að það sjeu bankarnir, sem fyrst og fremst eiga að hlaupa undir bagga með sveitar- og sýslufjelögum, en hitt er annað mál, hvort þeir hafa fje til þess á reiðum höndum.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil að eins lýsa yfir því, að jeg fellst á skilning háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) á 1. gr. frv.

Framsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Það hefir nú verið farið nokkrum orðum um brtt. þær, sem fram hafa komið við frv. þetta; þar á meðal hefir hæstv. forsætisráðh. minst á brtt. mína.

En um hana er það að segja, að jeg mundi ekki hafa borið hana fram, ef jeg hefði haft nokkra von um, að sjerstakar ráðstafanir yrðu gerðar til þess að ljetta undir með atvinnuvegunum.

Það, sem fyrir mjer vakti með brtt., var það að styðja þennan atvinnuveg tel jeg, að það muni vera helsta og besta bjargráðið. En sje það nú í ráði og fullvíst, að stjórninni verði veittar heimildir til slíkra framkvæmda, þá get jeg látið mig það litlu skifta, hver afdrif þessarar brtt. verða, en auðvitað í trausti þess, að þessu líkar ráðstafanir verði gerðar.

Jeg átti alls ekki við það með brtt., að stjórnin ætti að gegna fjárbeiðnum í hverju einstöku tilfelli, heldur að eins þar, sem brýn þörf væri. Og þess þykist jeg fullviss, að með nokkurri eftirgrenslun hefði það verið vinnandi vegur að fá fullvissu um það, hvar slík þörf væri fyrir hendi.

Þá vildi jeg gera athugasemdir nokkrar við ræðu háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.). Hann talaði um orð þau, sem jeg ljet falla við 2. umr. málsins, og gætti þar misskilnings ekki alllítils hjá honum.

Jeg talaði þá um það, hve mikilsvert það væri að hjálpa mönnum til að halda sínu, bústofni og öðrum eignum.

Jeg tók til dæmis mann, sem ætti 50 ær, hve mikið það væri hyggilegra að hjálpa honum til þess að halda þeim heldur en að láta hann farga þeim sjer til framfæris og hjálpa honum fyrst, er hann hefði eytt þeim, og hefði það dæmi átt að vera fullljóst öllum sveitamönnum, bæði þeim, sem eiga hjer sæti, og öðrum.

Nú skal jeg minnast á sama dæmið aftur, til frekari skýringar. Jeg tek aftur til dæmis mann, sem á 50 ær. Eftir fjárverði nú mundu þær seljast á 30 krónur hver. Fargi maðurinn nú ánum, mundi andvirði þeirra nema 1500 krónum. Þurfi nú maðurinn að farga ánum, sjer og sínum til framfæris, hefir bústofn hans rýrnað um þessar 1500 krónur En setjum nú svo, að maðurinn tæki 1500 króna lán, til þess að lifa af; skuld hans með vöxtum væri þá 1590 krónur (vextir reiknaðir 6%); maðurinn hjeldi þá auðvitað ánum. Jeg reikna honum fyrir vanhöldum og öllum kostnaði ullina alla og helming dilkanna, og hygg jeg, að allir geti fallist á, að fyrir kostnaði er þá vel í lagt. Eftir verða þá 25 dilkar, sem reikna má hvern á 18 krónur. Það verða samtals 450 krónur. Ágóðinn verður því 360 krónur á ári. Maðurinn gæti því greitt skuld sína á hjer um bil 4 árum og ætti bústofn sinn (eða þessa 50 ær) óskertan.

Þetta dæmi er einföld sönnun þess, hversu miklu betra það er að hjálpa mönnum til þess að halda bústofni sínum en farga honum sjer til lífs, sem aldrei er annað en aumasta neyðarúrræði.

Hv. þm. (Þór. J.) gat þess, að 5 kr. tillagið hrykki skamt, og það veit jeg vel, en það er nú áskilið, að sveitar- eða bæjarfjelagið leggi fram 10 krónur fyrir hvern íbúa í hjeraðinu, á móti 5 króna tillagi landssjóðs.

Sje nú gert ráð fyrir, að 1/4 íbúa í hjeraði þarfnist hjálpar, verður hjálpin, sem veitt er úr landssjóði, 20 krónur á mann. Þar við bætast svo 40 krónur, sem koma eiga úr sveitar- eða bæjarsjóði. Fimm manna fjölskylda fær þá t. d. 300 krónur, og verður það að teljast talsverður stuðningur. Og sje nú litið til dæmisins, sem jeg nefndi áðan, sjest það, að þeim manni mundi veitast það auðveldara að endurgreiða álíka skuld á 4—5 árum, ef hann gæti haldið bústofni sínum, heldur en að farga af honum í stórbaga, sjer til framfærslu.

Þetta vildi jeg sýnt hafa með ummælum mínum, og vona jeg nú, að hv. þm. skiljist, hvað jeg átti við, sem var að eins það að sýna fram á, hversu miklu betur sá maður væri settur, sem gæti haldið bústofni sínum, bæði sjer til bjargar og til endurgreiðslu á dýrtíðarlánum, heldur en hinn, sem verður að farga honum sjer til framfæris.

Og þá ætti líkt dæmi ekki síður heima um sjávarútveginn, þar sem arðurinn er bæði meiri og fljótteknari.

Björn R. Stefánsson: Það er nú sitthvað búið að finna að brtt. á þgskj. 136. En háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir svarað því flestu, svo að jeg get verið stuttorður.

En það var sjerstaklega 1. þm. Húnv. (Þór. J.), sem jeg vildi minnast á. Mjer þótti hann leggja miður góðgjarnlegan skilning í þau orð mín, að sama væri, hvort landssjóður ljeti peningana að láni eða gjöf.

Aðaláhersluna lagði jeg á það, að landssjóði væri best að þurfa sem minst að láta af hendi, meðan fjárhagurinn er svo þröngur, og jeg held fast við það, að hann megi ekki nú þegar tefla sjó

á það ítrasta með lánstraust sitt, að hann verði einkis megnugur, ef enn meir kreppir að almenningi. En við því verðum við að vera búnir, að það geti komið fyrir. Enn þá er ekki fyrirsjáanlegt, hve nær þessum mikla ófriði lýkur og þeirri dýrtíð og atvinnuspjöllum, sem af honum stafar.

Þá sagði sami hv. þm. (Þór. J.), að styrkurinn væri hverfandi lítill, mundi naumast endast lengur til lífsviðurhalds en í tvær vikur.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir þegar leiðrjett þann misskilning, en jeg vil þó leyfa mjer að skýra þetta dálitið nánar.

Setjum svo, að styrk þessum sje varið til þess að styrkja þá, sem í neyð eru komnir, og gerum ráð fyrir, að það sje tíundi hver maður; frekari neyð gerir maður ekki að svo stöddu ráð fyrir.

Nú er til þess ætlast, að styrkurinn sje 25 krónur á hvern mann, eftir brtt. okkar. Þá verða það 250 krónur, sem sá tíundi hver fær, sem í neyð ratar. Sex manna fjölskylda mundi þá fá 1500 krónur, og getur það alls ekki talist svo hverfandi lítil hjálp, eins og háttv. þm. (Þór. J.) hjelt fram.

Þótt svo færi, að hver fimti maður yrði hjálpar þurfi, þá væru þó 750 krónur á 6 manna heimili að meðaltali. Meira held jeg að við getum tæplega í bili, enda get jeg ekki fallist á, að það sje mjög óveruleg hjálp.

Þá tók sami hv. þm. (Þór J.) það fram, að að eins hin vel stæðu sveitarfjelög mundu fá styrk þennan, því að hin gætu ekki fengið lán. Um það atriði get jeg vísað til orða minna áður, þar sem jeg benti á stórgróðamennina sem tekjulind fyrir sveitarfjelögin.

Jeg benti á það, að jeg ætlaðist til þess, að mikið af þeim styrk, sem ætlaður væri til þess að hjálpa þeim, sem verst væru staddir, væri fenginn með auknum útsvörum á gróðamennina. Þeir væru flestir í bæjum og þorpum, en þar væru líka mestar líkur til þess, að þyrfti að veita almenna hjálp. Jeg geng því alls ekki út frá því, að sveitarfjelögin þyrftu að sækja alt þetta fje í bankana, — í sumum tilfellum kann ske mjög lítið eða ekkert.

Sami hv. þm. (Þór.J.) vill jafnvel ganga svo langt, að taka allan gróða af þeim, sem grætt hafa á þessum árum, og þegar búið er að gera það, minkar það, sem þarf að taka frá bönkunum. Sumir eru nú að vísu ekki trúaðir á það, að bankarnir mundu nokkuð lána, og efast enda um, að þeir geti lánað mikið, því að þótt þeir hafi mikið fje í veltunni, þá hafa þeir að öllum líkindum fjeð gangandi eða fast í ýmsum atvinnufyrirtækjum. En ef veruleg neyð kemur, sem búast má við, ef atvinnuvegir leggjast í kalda kol, býst jeg við, að peningar safnist fyrir hjá bönkunum og að þeir vilji þá heldur láta þá til sveitarfjelaganna heldur en að liggja með þá vaxtalausa, þar sem jeg ekki get talið hættulegt að lána þeim sveitarfjelögum, nema í þeim fáu og einstöku tilfellum, sem háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) nefndi, að um fullkomna auðn væri að ræða.

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hneykslaðist á því, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni um það, að fyrsta skylda okkar væri að forða landssjóði frá útgjöldum, þar sem fyrsta skylda hans væri einmitt að bjarga sveitarfjelögunum; en jeg held, að jeg hafi tekið það fram, að það yrði að fara eins sparlega með getu hans og unt væri.

Þá furðaði mig á því, að hann skyldi fara að bera blak af stórgróðamönnunum, því að hann benti á, að þeir hefðu í fleiri horn að líta en að borga til bæj-

anna; jeg átti satt að segja ekki von á því, að þeir — stórgróðamennirnir — fengju málsvara úr þeirri átt.

Um till. háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) er það að segja, að þar sem hann vill hafa ársfrest á borguninni, þá gerir það hana óhæfa til þess, að jeg geti fylgt henni. Ef það hefðu að eins verið 3—4 mánuðir, þá hefði það verið annað mál, en landssjóður hefir sett svo mikið fast, að hann getur víst ekki meira.

Um till. háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) er það að segja, að heyskapurinn gerir það ómögulegt, að jeg geti fylgt henni. Jeg vil ekki gera ráð fyrir því, að til atvinnuskorts komi á þeim tíma, sem hægt er að stunda heyskap, því að þá væri sú neyð í landi, sem landssjóði væri um megn að bæta úr.

Pjetur Þórðarson: Jeg þykist hafa ástæðu til þess, mörgum öðrum fremur, að gera grein fyrir atkvæði mínu, þótt ekki væri nema af þeirri ástæðu, að segja mætti, að við 2. umr. væri það atkvæði mitt, sem olli því, að frumv. gekk þá fram, af því að jeg var sá eini af þeim, sem greiddu atkvæði með brtt. háttv. meiri hl. bjargráðanefndar, en að þeim föllnum með stjórnarfrv. Jeg vona, að frv. fái nú meira fylgi, jafnvel hvernig sem fer um þær brtt., sem nú liggja fyrir.

Ástæðan til þess, að jeg tók heldur það ráð að greiða atkvæði með frv., var sú, að jeg vildi ekki missa 8. gr. Mjer fanst svo vera komið þessu máli í meðferð þessarar háttv. deildar, að virðing hennar mundi að litlu vaxa við það að láta málið niður falla við svo búið, og reyndar hvernig sem með það verður farið, en þó sjerstaklega af því, að það var haldið svo á þessu máli í fyrra hjer á þinginu, að samþykt voru lög þau, sem nú gilda, og öllum virðist koma saman um að ekki geti orðið framkvæmd samkvæmt tilgangi sínum. En sem sagt ætla jeg mjer ekki að fara að ræða brtt. þær, sem hjer eru fyrir hendi, því að það er orðið nógu þvælt mál, mundi ekki bæta úr skák, þótt jeg gerði það, heldur mun jeg sýna það við atkvgr., hvernig jeg lít á þær En úr því að lánaheimildir og nauðsynleg takmörkun þeirra gat nú eigi komist að, til hjálpar í væntanlegri neyð, tek jeg heldur þann kostinn, þótt hann sje ekki góður, að greiða atkvæði með frumvarpinu, svo fremi að því verði ekki breytt mjög mikið, áður en það kemst út úr þessari háttv. deild, heldur en að verða þess valdandi, að 8. gr. fái ekki að standa.

Sigurður Sigurðsson: Vegna þess, að tveir háttv. þm. virðast hafa lagt sig nokkuð í framkróka um það, að mæla á móti till. minni á þgskj. 133, neyðist jeg til þess að segja nokkur orð.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hafði mikið að athuga við till.; meðal annars vildi hann, að hefði staðið í henni vatnsveitufyrirtæki, í staðinn fyrir áveitufyrirtæki. Þetta er það eina, sem jeg get talið að vissu leyti rjettmætt í aðfinningum hans, en í sjálfu sjer gerir ekkert til, hvort þar stendur vatnsveitufyrirtæki eða áveitufyrirtæki. En hin athugasemdin, að þar hefði heldur átt að standa minni áveitufyrirtæki heldur en meiri, nær ekki nokkurri átt. Setjum svo, að það vanti atvinnu fyrir marga menn, þegar kemur fram í október í haust — segjum 100—200 menn — þá er það ljóst, að miða verður við stórfyrirtæki. Hitt segir sig sjálft, að ekki þurfi að taka þau öll fyrir í einu, heldur nokkurn hluta þeirra, eftir því sem um semur við hlutaðeigendur. Svo segir háttv. þm. (G. Sv.), að það megi ekki byrja á neinu,

nema því að eins, að alt verkið sje framkvæmt, og það á skömmum tíma.

Við það er nú í fyrsta lagi það að athuga, að þótt stjórnin semdi við áveitunefndina um nokkurn hluta verksins til dýrtíðarvinnu og notaði það næsta haust, eða 1919, og svo skyldi ófriðnum linna, þá eru miklar líkur til, að verkinu yrði haldið áfram, eða þeim hluta verksins, sem stjórnin hefir ekki tekið að sjer. Það mundu hlutaðeigendur gera sjálfir. Að öðru leyti er það mesta fjarstæða, að ekki megi taka nokkurn hluta af verkinu þegar í haust, þó að hinn hlutinn bíði um sinn.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hjelt því fram, að heimild fyrir stjórnina til þess að taka slík verk sem þetta að sjer felist í ákvæðum 6. gr. frv., eins og hún er orðuð nú, þar sem minst er á, að stjórnin hafi heimild til að verja fje til atvinnubóta, er að framleiðslu lúta, og er jeg honum samdóma um það. En háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) vildi ekki kannast við það og sagði, að hann legði að minsta kosti ekki þann skilning í greinina. En hann er faðir að henni, eins og hún er nú orðuð. Þess vegna finst mjer miklu meiri ástæða til að samþykkja mína brtt., þar sem hún skilgreinir, hvað átt sje við með henni, og heimilar stjórninni að ráðast í slík verk, ef nauðsyn krefur. Hins vegar skal jeg geta þess, þó að orð 6. gr. geti að sjálfsögðu átt við áveitufyrirtæki, að þá er á það að líta, að stjórnin virðist halda því fram, og hefir haldið því fram, að erfitt sje yfir höfuð að ráðstafa atvinnulausu fólki í vinnu nokkuð lengra í burtu. Vitanlega nær þetta ekki nokkurri átt, enda er það engin frágangssök að ráðstafa fólki í vinnu upp í Borgarfjörð eða austur í Árnessýslu. En það er eins og stjórnin álíti, að ekki geti komið til mála að ráðstafa fólki í vinnu annarsstaðar en hjer rjett hjá Reykjavík. Hefi jeg þá ástæðu til að ætla, að hún hafi í huga Hafnarfjarðarveginn, sem byrjað er á, en aldrei skyldi verið hafa. Hitt segir sig sjálft, að það styður meir að framleiðslu að vinna að áveitufyrirtækjum en vegagerð, jafnvel þótt alveg bráðliggi á þeim, en því er ekki að heilsa með Hafnarfjarðarveginn.

Jeg skal ekki fara langt út í það, sem háttv. samþingismaður minn (E. A.) var að tala um heyskap. Það er nú svo, að ef óþurkar ganga, þá myndu þeir ekki sneiða hjá þessum dýrtíðarheyskap stjórnarinnar; við getum sagt það t. d., að í haust gerði frost, sem tók fyrir vinnu og gerði það að verkum, að miklu minna vanst í dýrtíðarvinnunni. Þessu og öðru eins verða menn að taka með jafnaðargeði, og hittir það auðvitað alveg eins dýrtíðarráðstafanir stjórnarinnar eins og einstakra manna störf. En þessi hugmynd, með heyskapinn, er langt frá því að vera fráleit. Jeg vil meira að segja halda því fram, að það væri ekkert að því, þótt stjórnin, án þess að aðkallandi neyð væri, rjeði atvinnulausa menn til heyskapar upp í Borgarfjörð, Mosfellsheiði eða austur í Ölfus, hlæði þar upp að heyinu eða flytti það þegar hingað til Reykjavíkur og geymdi það hjer. Jeg sýndi fram á það við 2. umr. þessa máls, að slíkur heyforði myndi koma sjer vel, jafnvel á næsta vori. Þetta er áreiðanlega engin fjarstæða, og jeg veit ekki, á hverju er nauðsyn, ef ekki á því að afla heyja næsta sumar, eins og föng eru á.

Jeg hefi nú sýnt fram á það, að till. mín á þgskj. 133 er rjettmæt og gerir það að verkum, að stjórnin getur ráðist í áveitufyrirtæki til dýrtíðarráðstafana,

ef þörf gerist. Hún er því nauðsynleg, eins og á stendur, en jeg vil minna á það, að »ekki tekur til nema þurfi«.

Þórarinn Jónsson: Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) gat þess, að jeg hefði misskilið ákvæði 1. gr. frv., sem sje það, að sveitarfjelögin mættu ekki verja meiru en 15 krónum á mann til dýrtíðarhjálpar, og að hann hefði tekið það fram við 2. umr. Það getur verið, að það sje svo, og að 5. gr. eigi að sýna það, að meiru megi jafna niður án leyfis sýslunefndar. En það er óþarfi að hafa lög svo óljós. Þess vegna tók jeg það fram, að óviðkunnanlegt væri, að sveitarfjelögin þyrftu að leita að »motiv«-inu til þess hjer í umr.

Þá gat hæstv. fjármálaráðherra um um það, að þau sveitarfjelög, sem svo illa væru komin, að þau gæti enga björg sjer veitt, og ef sýslufjelögin gætu ekki heldur hjálpað, þá væri ekki annað að leita en til landssjóðs. Jú, einmitt það, þessi lög eiga ekki við þau sveitarfjelög, sem eru í neyð, og eftir þessum orðum hæstv. ráðherra hefir það verið meiningin, að þau ættu að verða út undan, því að þau kæmu til landssjóðs þegar þau gætu ekki annað. En þá er ekki verið að hjálpa þeim, sem þurfa, með þessu frv.

Þá nefndi háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) þann misskilning hjá mjer, að jeg leyfði mjer að reikna með þeirri aðferð, að ekki kæmu nema 5 kr. á styrkþurfa, en það yrðu aldrei allir í sveitinni. Jú, það getur vel komið fyrir, að sveitarmenn sjeu allir svo jafnilla staddir. Og með þessari aðferð hefir verið reiknað bæði hjá stjórn og bjargráðanefnd. En hvers vegna jeg mætti ekki hafa sömu aðferð, nefndi háttv. þm. (G. Sv.) ekki. Í sambandi við það sagði hann, að það gæti verið, að það væru ekki nema 2—3 menn í sveitarfjelaginu, sem þyrftu styrks með. En hvernig ættu sveitarstjórnir að sýna það, ef það er ekki meiningin, að stjórnin skuli gera sig ánægða með hvað eitt, sem sveitarstjórnir setja á reikningana? Þess vegna er það vitanlegt, að þetta kemur ekki öðrum að gagni en þeim, sem alls ekki þurfa þess með. (**B. St.:** Stjórnarráðið úrskurðar reikningana). Sýslunefndir úrskurða nú sveitarsjóðsreikninga. En þó að stjórnarráðið líti á reikningana, þá er hægurinn hjá fyrir sveitarstjórnir að koma þessu svo fyrir, að það sje til einhverra þeirra ráðstafana, sem margar geta verið, er lúta að dýrtíðinni.

Þá gat háttv. þm. (G. Sv.) þess, að sú lánveitingaleið, sem þingið tók í fyrra, hefði verið fordæmd, en sú leið var vitanlega tekin til þess, að lánin gætu bjargað mönnum frá neyð, eða fyrirbygt hana. Og þó að lánskjörin væru fordæmd, þarf leiðin ekki að vera það.

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) tók það fram, þegar öll rök voru þrotin fyrir því, að þessi litli styrkur gæti nokkuð bjargað, að þá gætu menn tekið lán. Já, það er nú svo, en þegar landsstjórnin heyrir lán nefnd, þá hrekkur hún við, og bankastjórnirnar líka, enda er það fullkomlega upplýst, að sú leið er alveg lokuð þegar í neyð er komið. Það skilja allir, nema hv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Og svo kom háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) með enn þá eina leið, nefnilega að leggja skatta á efnamennina. En það átti að gerast áður en búið væri að tæma gjaldþol sveitanna og löngu áður en landssjóður þurfti að leggja til einn einasta eyri, og hann á ekki að leggja fram fje, nema því að eins, að þörf sje fyrir það.

Jeg skal nú láta háttv. þm. (B. St.) um að koma þessu saman og skýra það

fyrir deildinni. En líklega erum við orðnir eitthvað á eftir tímanum með þær ráðstafanir, sem hann vildi láta lúta hjer að. En ekkert af því, sem fram hefir verið tekið, hrekur það, að sá styrkur, sem ákveðinn er í frv., kemur þar niður, sem hans er síst þörf.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er að eins örstutt athugasemd, út af ræðu háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.). Jeg ætla að svara háttv. þm. (Þór. J.) með litlu dæmi. Hugsum okkur hrepp, sem 300 íbúar eru í. Ef sá hreppur leggur 10 krónur á mann, þá fengi hann 1500 krónur frá landssjóði. Setjum svo, að það væri $^1/_{10}$ hluti hreppsbúa, sem þyrfti styrksins með. Þá kæmu 1500 krónur frá landssjóði og 3000 krónur frá hreppnum til úthlutunar meðal 30 manna. Jeg get nú ímyndað mjer, að þetta myndi þykja góður styrkur handa þessum fáu mönnum. Það er vitanlega ekki búist við því, að þetta fari til allra jafnt, heldur að eins til þeirra, sem verst eru staddir.

Háttv. þm. (Þór. J.) sagði, að þegar fyrst var verið að ræða um till. háttv. meiri hl. nefndarinnar, hefði verið reiknað með þessari upphæð á hvern mann. Já, þegar öll upphæðin er gerð upp, er reiknað með því, en það þýddi auðvitað ekki, að hver einasti maður í sveitarfjelaginu fengi styrk, heldur að þessi upphæð skiftist á milli þeirra fáu manna í sveitarfjelaginu, sem styrks þurfa, og þá sjest það, um hversu drjúga hjálp getur orðið að ræða.

Einar Árnason: Jeg skal vera stuttorður. Það eru nú ekki færri en 7—8 háttv. þm., sem hafa gert brtt. mínum þann heiður, að gera þær að umræðuefni. Það gleður mig, að þeim hefir þótt svo mikils við þurfa, til þess að koma þeim fyrir kattarnef, því að allir hafa þeir viljað þær feigar, nema helst háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), en dálitið fanst mjer hann kippast óþarflega við út af orðum, er fjellu hjá mjer áðan og hann tók sem einhverja vörn fyrir stjórnina. En í fátinu, sem á hann kom, misskildi hann mig algerlega. Orð mín gáfu alls ekkert tilefni til þeirra ummæla, sem hann hafði í minn garð. Hins vegar kemur mjer það ekkert undarlega fyrir, þótt honum þyki kynlegt, að jeg skuli ekki selja sannfæringu mína, ef því er svo varið, að hann ætli sjer að greiða atkv. á móti frv. af þeirri ástæðu einni, að það er frá stjórninni.

Jeg þarf ekki að eyða mörgum orðum um ræðu háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), því að það, sem hann hafði á móti till., voru 4—5 þm. búnir að segja á undan honum. Og þar sem hann hafði ekki neitt nýtt til brunns að bera í þessu máli, þá hefði hann vel getað sparað sjálfum sjer ómak og deildinni leiðindi.

Einar Arnórsson: Því hefir verið slegið föstu, að að gefnu tilefni bæri að skilja orðin »venjuleg útgjöld« í 1. gr. frv. þannig, að ekki væri átt við aukaútsvör eða aðrar tekjur sveitarfjelagsins, heldur sjerstaka útgjaldategund, og get jeg felt mig vel við þá skýringu, og ákvæðin í 6. gr. útiloka engan veginn þetta, en í 5. gr. er komist svo að orði, að orkað getur tvímælis, hvort rjett sje. En þó finst mjer, að þrátt fyrir ákvæði 5. gr. þurfi þessi skilningur ekki að fara í bága við þau, því að það getur staðið svo á, að í hreppnum sjeu hverfandi lítil aukaútsvör.

Jeg vil taka það fram, í sambandi við viðaukatill. háttv. samþingismanns míns (S. S.), að jeg get ekki fallist á, að skilningur háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sje rjettur. Mjer skilst fyrst og fremst, að það sje í »beinar þarfir framleiðslunn-

ar« að veita vatni á engjar, svo að betur spretti. Og þótt háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sje faðir till., þá álít jeg, að stjórnin sje ekki fremur bundin við hans skilning á málinu heldur en hvers annars þm.

ATKVGR.

Brtt. 136, 1. a. tekin aftur.

— 150, 1. feld með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. A., E. Árna., M. Ó., P. J, P. Þ, S. S, S. St., Þór. J., O. B.
nei: B. Sv, B. J., B. K., B. St., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., P. O., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J.

Brtt. 136, 1. b. feld með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J, B. St., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P.
nei: B. K, E. A, E. Árna., E. J., H. K., M. Ó., P. J., P. O, P. Þ, S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

Brtt. 150, 2. feld með 13 : 5 atkv.

— 136, 2. samþ. í e. hlj.

— 136, 3. sjálffallin með brtt. 136. 1. b.

— 150, 3. tekin aftur.

— 133. feld með 23 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., S. S., Sv. Ó.
nei: B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., E J., G. Sv., J J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O, P. Þ., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

Brtt. 134. feld með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., B. St., E. A., J. B., M. P., P. J., P. O., S. St., Sv. Ó., Þorst. J.
nei: B. Sv., B. J., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K, J. J., J. M., M. G., M. Ó, P. Þ., S. S., St. St., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 : 7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 18. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 170).

Á 23. fundi í Ed., þriðjudaginn 21. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Magnús Torfason: Jeg vil að eins geta þess, jafnframt því sem jeg sting upp á, að frv. verði að umr. lokinni vísað til bjargráðanefndar, að þetta mál mun vera fullsnemma fram borið hjer í deildinni og yfirleitt í þinginu. Jeg lít svo á, að þetta mál og önnur því skyld eigi að afgreiða seinast af öllu. Eftir því, sem tíminn líður, verða framtíðarhorfurnar ljósari. Eins og hv. þingdm. er kunnugt, er enn ekki sjeð fyrir endann á bresku samningunum. En á meðan þinginu er ekki kunnugt um, hvernig þeim reiðir af, er hreint og beint rangt að afgreiða þetta mál. Vildi jeg mælast til þess, að sjeð verði um, að þetta verði með síðustu málunum, sem afgreidd verða frá þinginu. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg hafi neitt sjerstakt við frv. að athuga; jeg álít einmitt kjarna þess góðan. En við þann kjarna mun þurfa að auka tiltakanlega, ef ekki rætist betur úr bjargráðaatburðum manna en nú er útlit fyrir.

Forseti: Jeg mun taka tilmæli hv. þm. Ísaf. (M. T.) til greina, að svo miklu leyti sem unt er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til bjargráðanefndar (sjá A. bls. 544) með 11 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 5. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 170, 287, n. 294).

Framsm. (Sigurjón Friðjónsson): Eins og háttv. deild hefir sjeð af nefndarálitinu og þingskjölunum, þá hefir nefndin gert nokkrar breytingar á frv.; en þó að breytingar þessar líti í fljótu bragði út fyrir að vera nokkuð miklar, þá breyta þær í rauninni ekki ýkja mikið efni frv.

Aðalástæður fyrir till. nefndarinnar eru færðar í áliti hennar, sem prentað er á þgskj. 294, og leyfi jeg mjer að vísa um það til þess.

Að tvennu leyti til breytir nefndin aðallega frv.; hún gerir aðgang vel stæðra sveitar- og bæjarfjelaga til dýrtíðarhjálpar erfiðari, og hún gerir illa stöddum sveitar- og bæjarfjelögum mögulegra að ná í fulla hjálp, með því að heimila lán til dýrtíðarhjálpar úr landssjóði, þegar á herðir, og fella það niður, að hjálpin sje fastbundin við 15 kr. hámark á mann í því sveitar- eða bæjarfjelagi, er þarfnast hjálparinnar.

Í þriðju grein í brtt. koma fram þau aðalskilyrði, sem bjargráðanefndin telur heppilegt að farið sje eftir, þegar dýrtíðarlánin eru veitt. Nefndin lítur svo á, sem það eigi að vera skilyrði fyrir dýrtíðarhjálp úr landssjóði, að sveitarfjelögin hafi gert tilraun til þess að fá lán annarsstaðar, og að með lánbeiðnum til landssjóðs fylgi skilríki fyrir því, að svo hafi gert verið og lánin ekki fengist.

Nefndin ætlast til þess, að landssjóður veiti lánin með líkum vaxtakjörum og bankarnir, til þess að góð vaxtakjör freisti manna ekki til þess að ásælast fje úr landssjóði, án þess að brýn nauðsyn sje til.

Nefndin ætlast ekki heldur til þess, að landssjóður veiti sveitar- eða bæjarfjelögum dýrtíðarhjálp sem styrk, fyr en þau hafa varið til dýrtíðarhjálpar minst 10 kr. á mann, fengnum sem lánsfje, en að úr því sje hjálp úr landssjóði veitt að hálfu leyti sem lán og hálfu leyti sem óendurkræfur styrkur. Setjum svo, að 1000 menn sjeu í einhverju sveitarfjelagi og hafi tekið 10,000 kr. lán, og þurfi síðan að verja 10,000 kr. í viðbót til dýrtíðarhjálpar. Þá leggur landssjóður fram 5000 kr. sem óendurkræfan styrk og 5000 kr. sem lán, og þurfi sveitarfjelagið alls 30,000 kr., þá veitir landssjóður 10,000 kr. sem óafturkræfan styrk og 10.000 kr. sem lán.

Sumum mun sýnast svo, sem hjer sje seilst djúpt í vasa landssjóðs, en þegar athugað er, hve mikið sveitarfjelögin þurfa að leggja fram og hve dýrt lánsfjeð er, þá er það bert, að ekki kemur til hins óendurkræfa styrks úr landssjóði, nema um brýna þörf sje að ræða.

5. gr. í brtt. er aðallega um það, hvernig fjenu skuli vera varið innan sveitarfjelagsins, og gerir enga efnisbreytingu á frv.; er að eins orðabreyting.

Þá tekur við ný grein, sem nefndin ber fram til þess, að enginn vafi leiki á því, að menn eiga að fá hjálpina hjá dvalarsveit sinni, og jafnframt eru sett ákvæði um það, á hvern hátt lánin eigi að falla að lokum, ef lántakandi greiðir þau ekki sjálfur.

Með þessu hefi jeg gert stutta grein

fyrir brtt. í aðalatriðunum, og læt jeg það, með skírskotun til nál. á þgskj. 294, nægja, þar sem jeg er þess fullviss, að háttv. þingdm. hafa kynt sjer málið rækilega.

Fjármálaráðherra (S. E.): Ástæðan til þess, að landsstjórnin bar þetta frv. fram, var sú, að lánbeiðni, sem heimiluð er í núgildandi lögum, virtist lítt glæsileg. Lánbeiðnir komu fram, sem námu alls ca. 2 miljónum, enda vaxtakjörin svo góð, að þau freistuðu manna til þess að taka lánin.

Ef lánbeiðnir þessar hefðu verið teknar til greina, þá stæði landssjóður nú hallari fæti en hann þó gerir. Dýrtíðin er nú að vísu meiri en í fyrra, og kjör almennings því örðugri, en þó verður að sníða stakk eftir vexti og hlaða ekki svo miklu á landssjóðinn, að honum verði um megn.

Bjargráðanefndin í háttv. Nd. vildi fara gömlu lánaleiðina, en vildi hins vegar takmarka hana svo, að eigi yrði lánað meira en 20 kr. á hvern mann að meðaltali, eða alls um 1,800,000 kr., ef lánsheimildin yrði brúkuð til fulls, en styrkur sá, sem ætlaður er samkvæmt þessu frv., gæti mest orðið 450 þúsund kr.

Það heyrðist á háttv. framsm. (S. F.), að honum virtist hjálpin nokkuð lítil. En ef vel er að gáð, sjest, að hjálpin, sem heimiluð er í frv. stjórnarinnar, er alls ekki svo lítil. Hugsum okkur sveitarfjelag með 300 íbúum. Úr landssjóði mundi það fá 1500 kr.; á móti mundi koma frá sjálfu sveitarfjelaginu 3000 kr.; það væri samtals 4500 kr. handa þessari litlu sveit. Hugsum okkur svo, að tíundi hver maður í sveitinni væri hjálparþurfi, með öðrum orðum, 30 manns. 4500 kr. er ekki svo lítill styrkur handa 30 mönnum. Það væri góður styrkur í dýrtíðarvandræðunum. En það, sem jeg vil leggja aðaláhersluna á, er, að með þessu fyrirkomulagi er áhætta landssjóðs algerlega takmörkuð. Það kveður við nokkuð annan tón í brtt., sem hjer eru á ferð. Háttv. frsm. (S. F.) sagði, að brtt. væru í raun og veru ekki eins miklar og fyrst virtist. En þær eru í sannleika miklar. Nefndin vill fara bæði lána- og styrktarleiðina.

Eftir brtt. er fyrst heimilað að veita hverju sveitarfjelagi lán, sem nemur 10 krónum á mann. Ef gert er ráð fyrir, að lán þessi verði veitt öllum sveitar- og bæjarfjelögum á landinu, nemur það 950 þús. krónum. En það, sem veitt er umfram þessar 10 kr. á mann, á að hálfu að veitast sem lán, en að hálfu sem óafturkræfur styrkur úr landssjóði. Engin takmörk eru sett fyrir því, hve háan styrk megi veita úr landssjóði. Það sýndi sig síðastliðinn vetur, að aðsókn var mikil að lánum úr landssjóði, og ekki mundi aðsóknin verða minni, ef slíkar brtt. yrðu samþ. sem þessar. Mun þá verða erfitt fyrir stjórnina að gera upp á milli umsóknanna. Í nál. er talað um, »að aðgangur vel stæðra sveitar- og bæjarfjelaga að landssjóði til dýrtíðarhjálpar sje alt of auðveldur« eftir frv. stjórnarinnar, en jeg fæ ekki sjeð, að betur sje um hnútana búið í brtt. nefndarinnar, nema síður sje. Hjálparbeiðni eiga reyndar að fylgja »skilríki fyrir því, að ekki hafi fengist nægilegt lán hjá bönkum eða öðrum lánsstofnunum«. En ef bönkunum er kunnugt, að til er annar banki fyrir sveitar- og bæjarfjelögin, nefnilega landssjóður, mun þeim torsótt að fá lán í bönkunum, en mun þá vísað til landssjóðsins. Bankarnir munu auðvitað enga samvisku hafa af að vísa frá sjer, þegar þeir vita, að til er slíkt lagaákvæði. Þetta sýnir reynsla síðasta vetrar. Þá gat Reykjavíkurbær ekki fengið 100 þús.

kr. lán hjá bönkunum, og stafaði það vafalaust meðfram af því, að talið var, að bæjarfjelagið ætti vísan aðgang að landssjóði.

Tökum nú Reykjavíkurbæ sem dæmi um það, hvernig brtt. nefndarinnar yrðu í framkvæmdinni. Fyrst hefði bærinn kröfu til að fá lán, sem næmi 10 krónum á nef; hjer má gera ráð fyrir 16 þús. íbúum; yrðu það því 160 þús. krónur. Auk þess ætti bærinn heimting á jafnháum styrk og lánið næmi, sem hann tæki umfram þessar 160 þúsundir. Það væri mjög vafasamt, hve hátt stjórnin ætti að fara með það lán; í brtt. eru engin takmörk, sem hægt væri að fóta sig á. Það ætti því að vera öllum þingheimi augljóst, að hjer er opnaður miklu víðari og greiðari aðgangur að lánum og styrkveitingum úr landssjóði en gert er í frv. stjórnarinnar.

Jeg held, að takmörk, eitthvert hámark fyrir styrkveitingunni, sjeu sjálfsögð. Hitt þarf ekki að tala um í þessu sambandi, þótt hámarkið sje ekki sett svo hátt, að styrkurinn geti forðað frá hungursneyð. Um hungursneyð þarf engar reglur. Hvaða stjórn sem er mundi skoða það sem heilaga skyldu sína að hjálpa einstökum hjeruðum, sem hungursneyð vofði yfir, hvað sem það kostaði, hvort sem til væri fyrir því nokkur formleg lagaheimild eða engin. Þessi lög á ekki að setja vegna hungursneyðar, heldur til þess að ljetta undir með mönnum í dýrtíðinni og koma í veg fyrir verulega neyð. Hámark er nauðsynlegt að setja fyrir hjálpinni, og að leggja slíkt mál að öllu leyti án takmarkana í hendur stjórninni, er ekki á neinn hátt rjett. Auk þess, sem það er að leggja fjárveitingavaldið í hendur stjórninni, þá er það rangt að því leyti, að stjórnin mundi verða umsetin af alls konar lánbeiðnum.

Að svo stöddu skal jeg ekki fara fleiri orðum um brtt. háttv. nefndar, en ráða vildi jeg háttv. deild til þess að fella þær.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Lánveitingar samkvæmt brtt. nefndarinnar eru ekki sambærilegar við lánveitingar samkvæmt núgildandi lögum. Núgildandi lög freista manna. Kjörin, sem lánin eru veitt með, eru svo afbragðsgóð. En lánskjörin, sem sett eru í brtt., freista ekki.

Í sambandi við það, hve auðvelt sje að ná í dýrtíðarstyrk eftir frv. stjórnarinnar, skal jeg benda á, að efnað sveitarfjelag, sem getur lagt fram 10 krónur á mann, getur fyrirhafnarlaust fengið 5 krónur úr landssjóði, þótt þess væri engin þörf. 5 krónurnar væru eins og verðlaunagjöf fyrir að eiga 10 krónurnar. Svo skulum við hugsa okkur fátækt sveitarfjelag, sem getur ekki lagt fram 10 krónur á mann. Þá er tvent til. Annaðhvort fer stjórnin eftir lögunum og veitir ekki neinn styrk þessu fjelagi, eða, eins og hæstv. fjármálaráðh. gaf í skyn að hún mundi gera, veitir styrkinn vegna yfirvofandi neyðar, ofan í öll lög. Jeg skal ekki álasa stjórninni, þó að hún gerði þetta. En því er þá ekki best að halda opinni leiðinni í sjálfum lögunum? Því á að hlaða upp í skarð, sem búist er við, að farið verði um? Ef þessari leið er ekki haldið opinni í lögunum, er hætt við, að fátækari sveitarfjelögin beri sig síður eftir lánunum og styrknum en þau efnaðri, og það væri illa farið. Ef mönnum þætti nauðsynlegt að setja styrknum einhver takmörk, mætti auðvitað skjóta slíku ákvæði inn í 4. gr. brtt. Sjálfar brtt. standa hvorki nje falla með því atriði. En nefndin sá enga ástæðu til þess að setja neitt hámark, því að hámarkið væri í rauninni dauð-

ur lagastafur, þegar í nauðirnar rekur, eins og hæstv. fjármálaráðherra hefir bent á.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það virðist liggja í augum uppi, að ókleift er að segja um, hve þungir baggar landssjóði eru bundnir, ef brtt. verða samþ. Á þessum tímum hefir landssjóður í mörg horn að líta, og er því mjög óheppilegt að gera dýrtíðarfrv. svona úr garði. Það er ekki rjett að gefa stjórninni svona ótakmarkaða heimild til lána- og styrkveitinga, sem búast má við að mikið verði sókst eftir. 6% af fyrstu 10 krónunum á mann ætti ekki að fæla. Það eru ekki hærri vextir en nú tíðkast. En þegar komið er upp fyrir þessar 10 krónur, verða lánin samt ólíkt þægilegri. Þá fær sveitarfjelagið 10 krónur að gjöf með hverjum 10 kr., sem það tekur að láni. Svona lánskjör eru stórgróðavænleg fyrir hvert sveitar- eða bæjarfjelag. Það væru ekki lítil hlunnindi fyrir Reykjavík, ef hún tæki 500 þús. kr. lán, auk fyrstu 160 þúsundanna, að fá þá jafnframt 500 þús. kr. að gjöf. Svona heimild gæti auðveldlega orðið hættuleg. Það má búast við, að margur eigi örðugt uppdráttar hjer í Reykjavík að vetri. Það má gera ráð fyrir, að heldur kreppi að, og þó kostar nú smjörkílóið 6 kr., mjólkurlíterinn 52 aura, smálestin af kolum 300 kr. Það væri því hægðarleikur að rökstyðja drjúgan styrk til Reykjavíkurbæjar að vetri. Það gæti því verið stórhættulegt að setja engin takmörk. Ef háttv. nefnd vildi hlynna eitthvað að Reykjavík sjerstaklega, væri hyggilegt að gera það með 6. gr. stjórnarfrv., um atvinnubætur, en láta hámarkið halda sjer. Vinnan er besta hjálpin, þegar hægt er að koma henni við. Hún er affarasælust, bæði fyrir þann, sem veitir hana, og hinn, sem þiggur hana. Hungurlög eiga þetta ekki að vera, og því er hámarkið sjálfsagt og nauðsynlegt.

Magnús Kristjánsson: Mjer finst brtt. nefndarinnar þess eðlis, að ekki hefði þurft að gera ráð fyrir mikilli mótstöðu gegn þeim. Jeg lít svo á, að þær stefni í líka átt og frv. stjórnarinnar og sjeu fult eins heppilegar. Þótt búast megi við, að frv. stjórnarinnar hafi verið vandlega athugað áður en það var flutt hjer í þinginu, þarf engan að undra, að það komi í ljós, þegar frv. er búið að ganga í gegnum nefndir í báðum deildunum, að einstök atriði hefðu mátt betur fara.

Mest er um það rætt, hvort dýrtíðarhjálpin skuli takmörkuð að ofan. Virðist hæstv. fjármálaráðherra skilja brtt. nefndarinnar svo, að þar sjeu engin takmörk sett. En það er ekki rjett. Ýmsar takmarkanir, örðug lánskjör og mikið framlag, munu valda því, að sveitar- og bæjarfjelög munu ekki leita meiri lána en nauðsyn krefur. En satt er það að vísu, að þegar í verulegar nauðir rekur, eru lánsheimildinni engin takmörk sett, og er það að mínu áliti aðalkostur brtt. Föstu skorðurnar að ofan gætu orðið verri en engar. Við skulum taka dæmi. Gerum ráð fyrir hörðum vetri. Bóndi á útbeitarjörð er orðinn heylítill á Góu. Hann verður að kaupa kornvöru, og ræður við sig, hve mörg kíló hann skuli taka. Hann segir við sjálfan sig: »Nú kaupi jeg ekki meira korn; þetta verður að endast«. Bóndinn verður uppiskroppa um sumarmál, og peningurinn fellur. — Þessi bóndi setti föst takmörk að ofan fyrir því, hvað hann skyldi kaupa, og því kom það, sem hann keypti, ekki að neinu gagni. Við þessi takmörk að of-

an vildi nefndin losna, og hæstv. fjármálaráðherra hefir lýst yfir því, að þau myndu verða einkis nýt, ef neyð bæri að höndum. En segið mjer, hvaða ástæða er til að hafa slík lagaákvæði, þegar það er fyrirfram sjáanlegt og jafnvel viðurkent af sjálfum fjármálaráðherranum, að óhjákvæmilegt muni verða að brjóta þau, ef verulega neyð bæri að höndum.

Undanfarandi reynsla hefir sýnt það, að núverandi hæstv. stjórn er fær um að sjá það, þegar komið er í verulega neyð, því að þótt henni hafi síðastliðið ár borist lánbeiðnir, sem námu 2 miljónum kr., þá mun hún ekki hafa sint þeim til muna.

Og sama mundi koma á daginn, þótt brtt. nefndarinnar yrðu samþ.; landsstjórnin mundi ekki ausa út fje áður en fullvíst væri, að aðrar leiðir væru ekki færar.

Þessi hætta er því grýla ein, sem hverfur við nánari athugun málsins.

Þá hefir því verið haldið fram, að gera megi ráð fyrir, að bankarnir vilji ekki lána bæjar- og sveitarfjelögum, þegar lagaheimild er fyrir lánveitingum úr landssjóði, ef bankarnir neita.

En hjer lít jeg alt öðruvísi á. Þegar ekki er um önnur lán að ræða en með fullum lánsvöxtum, þá munu bankarnir skoða vandlega huga sinn áður en þeir neita, og það því fremur, þegar hægt er að fá lánin annarsstaðar.

Og til hvers eru þá bankarnir, ef þar er ekki nokkurn veginn greiður vegur að fá lán með venjulegum lánskjörum.

En færi nú svo samt sem áður, að bankastjórnirnar skildu ekki betur ætlunarverk sitt en svo, að slíkt yrði ofan á, þá er það hlutverk landsstjórnarinnar að knýja fram slík lán.

Þar mundi því bera að sama brunni, og er því engin hætta, hvernig sem á er litið, að samþ. till. nefndarinnar.

Þá vildi jeg að eins víkja að því, sem haldið hefir verið fram, að lánaleiðin sje sú hála braut, sem til glötunar leiði.

Jeg er þar líka annarar skoðunar. Jeg álít, að engar aðrar færari leiðir sjeu til en gera ráð fyrir slíkum lánsheimildum.

Þótt landsstjórnin vilji leggja fram fje til styrktar ýmsum atvinnuvegum, þá álít jeg hitt miklu betra og eðlilegra, að bæjar- og sveitarstjórnir athugi ýms atvinnufyrirtæki, sem fram mætti koma, og að því búnu leituðu til landsstjórnarinnar með lánbeiðni til þess að hrinda þeim fyrirtækjum áfram, þegar atvinnuleysi kreppir að.

Jeg álít því, að best muni reynast, að brtt. nefndarinnar fái að ganga fram, því að hvernig sem á er litið, tel jeg lánsheimildina til bóta, og hún er að mínu áliti eini vegurinn til þess, að almennri dýrtíðarhjálp verði komið fram.

Úr þessum óendurkræfa styrk geri jeg miklu minna; jeg býst við, að alt mundi eins vel bjargast án hans, að eins ef lánsheimildin er fyrir hendi.

Og fari svo, að erfiðleikar verði á handbæru fje hjá landsstjórninni, þá er ekki óhugsandi, að sá forði sje til einhversstaðar í landinu, að hægt sje að bæta úr brýnustu þörfinni.

Jeg skal svo ekki fara frekari orðum um málið. Að eins þótti mjer viðkunnanlegra, þar sem jeg er í nefndinni, að skýra frá því, hvers vegna jeg er till. fylgjandi.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Eins og sjá má af hinu upphaflega frv. stjórnarinnar og frv. eins og það kom frá háttv. Nd., þá er einn aðalmunur á því og till. háttv. nefndar hjer.

Hjer vill nefndin breyta frv. þannig, að farið sje inn á lánaleiðina, en í frv., eins og það kom frá Nd., er ekki gert

ráð fyrir því, nema svo framarlega sem hungur og manndauði vofir yfir og öll önnur úrræði reynast óframkvæmanleg. Og jeg fyrir mitt leyti verð að halda fast við þann grundvöll, sem lagður var með frv. í Nd.

Háttv. nefnd hjer vill fara milliveg, sumpart veita óafturkræfan styrk, en meginreglan er þó lánsheimild.

Jeg lít nú svo á, að ekki muni fara svo illa til næsta þings, að ekki dugi hjálp sú, sem áætluð er í frv., eins og það var samþ. í Nd.

Háttv. framsm. (S. F.) sagði, að hjer væri ekki um miklar breytingar að ræða. En jeg vil segja, að frv. með brtt. nefndarinnar mundi fremur líta út sem nýtt frv. en breytt, sjerstaklega með tilliti til þeirra byltinga á orðalagi og greinum, sem farið er fram á. Og svo er aðalmunurinn, lánaleiðin, sem farið er inn á.

Háttv. framsm. (S. F.) sagði líka, að eftir frv. mundi verða of opin leið til þess að fá styrkinn. Slíkt er þó að öllum líkindum fyrirbygt með því ákvæði, að sveitarfjelögin leggi til $^2/_3$ hluta af styrktarfjenu.

Jeg get nú ekki skilið, að til sjeu þau sveitarfjelög, sem ekki geti bjargað sjer næsta ár með atbeina efnilegra og góðra manna, ef ekki verður fjárfellir, en fyrir því er ekki gert ráð hjer, enda mundi það eins geta borið að hendi í efnilegri sveitunum.

En hrökkvi sveitarfjelögin ekki til með hjálpina, þá standa sýslufjelögin þeim að baki eftir gildandi lögum.

Hjer er því um ótta að ræða, sem ekki er á neinu bygður, eftir útlitinu nú að dæma.

Mjer virðast brtt.menn gera ráð fyrir, að fá megi lengi lán í bönkunum, en það er mótsögn við hitt, sem þeir annars sýnast byggja á.

Þá vildi jeg minnast á skýrslur þær, sem stjórnarráðið á að fara eftir, t. d. skýrslur um árangurslausa hjálparleitun til bankanna, og verður þá að koma skýrsla frá öllum bönkum á landinu, og er það mikil fyrirhöfn og hætt við, að slíkar skýrslur verði ekki ábyggilegar.

Brtt. 4 er mjer ekki vel ljós. Þar er sagt: þegar búið sje að veita 10 fyrstu kr. sem lán, að meðtöldum öðrum lánum. Jeg veit ekki, hvort þar eru með talin lán úr landssjóði eða ekki. En það skiftir ekki miklu máli.

En svo að jeg víki aftur að skýrslunum, þá hygg jeg, að þrátt fyrir þær verði vandi að skera úr, hverjum veita eigi lán. En hins vegar hygg jeg, að ekki þurfi að gera ráð fyrir slíkri neyð næsta ár, að ekki hrökkvi til sveitarkraftur, sýslufje og bankalán.

Jeg vil líka benda á það, að landsstjórnin getur þrýst að bönkunum að veita lánin.

En eftir frv. Nd. er það miklu vafningsminna að veita styrkinn; þar er að eins farið eftir reikningum bæjar- og sveitarstjórna um það, að fje því, sem varið hefir verið til dýrtíðarhjálpar, hafi verið skynsamlega og vel varið til brýnustu nauðsynja.

Og þar er ekki heldur um það að villast, hve mikið það getur orðið, fjeð, sem landssjóður verður að láta af hendi.

Það má ef til vill ekki leggja mikið upp úr því, hvaða álit núverandi stjórn hefir á lánaleiðinni. En henni ætti þó að vera kunnugast um, hvernig sú tillöguleið hefir reynst, og einnig ætti hún frekar að geta giskað á, hvernig hún mundi reynast framvegis.

Jeg tek það aftur fram, að jeg tel ekki sjáanlegar ástæður til þess að gera ráð fyrir því hallæri til næsta þings, að stjórnin geti ekki bætt úr því eftir frv. Nd.

Það hefir verið tekið sem dæmi hreppur með 300 íbúum, og segjum, að $^1/_3$ hreppsbúa þarfnist hjálpar, þá verða það 45 kr. á mann, sem fæst eftir frv. Nd., og vonandi þarf ekki meira til þess að bjarga frá neyð, en færi svo, þá mundi stjórnin ekki láta undir höfuð leggjast að bjarga frá hungursvandræðum, jafnvel þótt hún hefði ekki lagabókstaf fyrir þeim framkvæmdum.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg geri ráð fyrir, að það sje þýðingarlítið að lengja umr. þessar. En jeg verð þó enn að leggja áherslu á það, að verði brtt. nefndarinnar samþ., þá eru því engin takmörk sett, hve miklu fje megi verja úr landssjóði til dýrtíðarhjálpar. Það geta orðið 2, 3 eða 4 miljónir. Með öðrum orðum, þingið sleppir alveg þeirri skyldu sinni, að segja til, hve mikið fje landssjóður megi leggja af mörkum. Það segir að eins við stjórnina: Þú mátt veita svo og svo mikið fje, eftir því sem þjer lítst og eftir þörfum.

Stjórninni er þar með falið að rannsaka, hvaða kröfur sjeu rjettmætar og hverjar ekki. En þar með er henni lagður mikill vandi á herðar.

Og eftir því sem hagur landssjóðs stendur nú, þá virðist það allgapalegt að opna þannig dyr hans upp á gátt.

Jeg er sannfærður um, að háar styrkbeiðnir koma úr mörgum hjeruðum, ef núverandi ástæður haldast áfram, og þær beiðnir margar sanngjarnar og eðlilegar, en jafnviss er jeg um hitt, að hið háa Alþingi mun iðrast eftir að hafa veitt jafntakmarkalausar heimildir og hjer er um að ræða.

Jeg get bent á vinnuhjálpina, sem veitt var hjer í vetur, sem jeg veit, að var í alla staði rjett og þörf, þótt landssjóður hafi beðið þar halla nokkurn, en það er kunnugt, að sumir háttv. þm. líta þeim augum á þá hjálp, að hún hafi verið óþörf.

Það getur því verið álitamál, hve miklu fje skuli verja til dýrtíðarhjálpar.

Það verður að setja viss takmörk fyrir því, hversu mikið fje megi veita, enda mun það gert alstaðar annarsstaðar.

Í Danmörku t. d. er stjórninni ekki veitt nein heimild til lánveitinga, heldur er veittur ákveðinn styrkur á höfuð hvert, auk þess sem haft er eftirlit með vöruverði.

Það er líka mjög óeðlilegt að gera landssjóð að banka fyrir sveitarfjelögin; hitt er miklu eðlilegra, að veita ákveðinn styrk. Auk þess er það með öllu ómögulegt að hafa hugmynd um hag landssjóðs, ef ekki er takmörkuð lánsheimildin. En slíkt er allra síst heppilegt nú, þegar mest er þörfin á láns trausti.

Þetta vildi jeg leggja áherslu á, fyrir hönd mína og allrar stjórnarinnar, enda ætti þetta að vera í samræmi við sparnaðaranda margra háttv. þm., sem jeg læt ólastaðan.

Jeg verð því að leggja það til, að brtt. háttv. nefndar verði ekki samþ.

Magnús Torfason: Jeg bjóst ekki við því, að mál þetta kæmi svona fljótt til umr. aftur.

Við 1. umr. benti jeg á það, að best væri að það kæmi sem síðast, því að þá vissu menn betur um ástæður allar.

Jeg hjelt líka, eftir að við fengum að vita um úrslit bresku samninganna og kunnur var orðinn grundvöllur sá, er byggja verður á allar bjargráðatilraunir þingsins, að háttv. bjargráðanefnd hefði annað að gera en að sitja yfir frv. þessu.

Jeg hjelt, að hún sæti önnum kafin dag eftir dag við að bjarga því, sem helst þarf að bjarga, atvinnuvegum

landsins. (**M. K.**: Hver segir, að hún sje ekki að því?). Málæðið í Nd. í gær bendir á alt annað.

Í nefndarálitinu segir, að frv. torveldi aðganginn að landssjóði fyrir þau sveitar- og bæjarfjelög, sem erfitt eiga og ekki geta lagt fram fje á móti af eigin rammleik. En jeg sje ekki, að það nái nokkurri átt, að þetta þurfi að gera Eftir almennum reglum þarf ekki sveitarfjelagið að sjá um nema innansveitarmenn. Að því er snertir hina, utansveitarþurfalingana, þarf dvalarhreppurinn ekki að láta þá fá nema 33 kr. En dýrtíðarhjálpin á að ná jafnt til allra öreiga, og er það því sýnn skaði fyrir dvalarsveitina að taka utansveitarmenn á sínar bjargir.

Hjálpin, sem veitast átti samkv. dýrtíðarlögunum frá síðasta þingi, átti einmitt að vera fólgin í því, að sveitarfjelögin fengju vaxtalaus lán. Sú hjálp var aldrei veitt, og urðu þau að bjarga sjer upp á eigin spýtur. Sama yrði nú, ef brtt. yrðu samþyktar; jeg býst þá ekki við, að lánsheimildinni yrði framfylgt.

Í 4. gr. frv. segir, að hinir allra efnaminstu, sem þó ekki þiggja af sveit, fái sinn hluta af vörunum fyrir alls ekki neitt, enda skoðist hjálpin ekki sveitarstyrkur. Með öðrum orðum, það á að láta ganga jafnt yfir alla, hvort sem þeir eiga sveit í hlutaðeigandi hreppi eða ekki. Jeg álít bót að þessu ákvæði, því að það tekur fyrir, að skapaðir verði nýir þurfamenn í landinu.

En eins og till. nefndarinnar eru úr garði gerðar, þá er jeg ekki í nokkrum vafa um, að verði þær samþyktar, þá verður ekki litið við hjálpinni. Það er, eins og öllum er kunnugt, mjög misjafnt, hve mikið er af aðfluttum mönnum í hjeruðunum; sumstaðar eru það fáir, annarsstaðar margir, og t. d. í mínu hjeraði voru það $^2/_5$ af öllum fátækragjöldum síðastliðið ár, sem voru veitt þurfamönnum annara hreppa.

Eftir brtt. nefndarinnar á hjálpin að ganga jafnt yfir þá líka, og má ekkert tillit taka til sveitfesti í venjulegum skilningi. Að henni yrði því ekkert gagn fyrir sveitarfjelögin. Á Ísafirði eru nú 2000 manns; gæti því bæjarfjelagið þar fengið 2000 kr. til dýrtíðarhjálpar að láni úr landssjóði, en svo gæti það fengið að láni t. d. 10000 kr. til og þá 10000 kr. styrk. Bæjarfjelagið hefir með öðrum orðum offrað 30000 kr. Þetta er mikið, fyrir utan það, sem veitt er til þurfamanna, sem var síðastl. ár ca. 27 þús. kr. Jeg held því, að þessi aðferð bjargráðanefndar, til þess að veita dýrtíðarhjálp, kæmi aldrei til nota í mínu umdæmi. Auðvitað er það líka nokkuð vafamál, hvort tilboð stjórnarfrumvarpsins yrði alment notað, þar sem endurgreiðslan úr landssjóði er að eins $^1/_3$. Þó vil jeg ekki segja annað en að frv. stjórnarinnar sje til nokkurra bóta, einmitt frá því sjónarmiði, að vernda vinnukraftinn. En jeg hefi hugsað mjer að koma með brtt. við 3. gr. um að hækka endurgreiðsluna í helming.

Hræddur er jeg um, að varnagli nefndarinnar við 3. gr. hafi fjarska lítið að segja. Jeg hygg alveg jafnauðvelt fyrir bankana að segja nei, hvort sem það ákvæði verður að lögum eða ekki. Ísafjörður er t. d. sæmilega stætt sveitarfjelag, hvað efnahaginn snertir, en samt hefir gengið ákaflega erfitt að fá lán handa því í bönkunum. Jeg býst við, að sama yrði víðast upp á teningnum í því efni, ekki síður en áður hefir verið.

Annars vil jeg geta þess, að það fólk, sem mjer virðist sjerstaklega þörf á að hjálpa, er það, sem ekki getur aflað sjer eldiviðar sjálft. Eldiviðarvandræðin kúga fólk svo, að af því stafar hin mesta hætta. Það er orðið afarerfitt að fá eldivið, og það, sem fæst, er orðið af-

skaplega dýrt. Jeg álít því þar sjerstaklega þörf að hjálpa upp á sakir.

Viðvíkjandi 6. gr. frv. skal jeg geta þess, að því er atvinnubæturnar snertir, að það er að eins fyrri liður ákvæðisins, sem til framkvæmda getur komið fyrir utan Reykjavík, nefnilega atvinnubætur í beinar þarfir framleiðslunnar. Mjer er nú að vísu ekki fullkomlega ljóst, hvernig menn hafa hugsað sjer þær atvinnubætur, og hefi litið svo á, að væri einhver meining í þessu ákvæði, þá hefði það átt að sjást þegar hjer í þinginu, á hvern hátt stjórnin hefði hugsað sjer framkvæmdir í þessu efni. Og jeg vil hjer með leyfa mjer að láta þá ósk í ljós, að hæstv. stjórn og háttv. bjargráðanefnd gefi mjer upplýsingar um, hver sje hugsunin með þessu ákvæði í 6. gr.

Að síðustu verð jeg svo að taka það fram, að enda þótt jeg áliti, að stjórnarfrv. gangi of skamt að mörgu leyti, þá ná þó brtt. nefndarinnar enn þá skemra, og mun jeg því greiða atkv. með frv. en móti brtt.

Guðmundur Ólafsson: Það eru nú þegar orðnar fjörugar umr. í þessu máli út af brtt. nefndarinnar, og litur út fyrir, að sumir háttv. þm. sjeu ekki alls kostar ánægðir með þær. Við öðru var auðvitað ekki að búast, en í raun og veru er munurinn á þeim og frv. ekki ýkja mikill, þó að þær sjeu miklar fyrirferðar. Þó er með þeim ýmsu breytt til bóta. Það er t. d. bót að því, að eftir brtt. nefndarinnar má ekki veita fje nema að láni, ekki sem óafturkræfan styrk, fyr en það sveitar- eða bæjarfjelag, er hjálpar leitar, hefir veitt dýrtíðarstyrk, minst 10 kr. á hvern mann í bæjar- eða sveitarfjelaginu. Er þetta talsvert aðhald gegn því, að styrks sje leitað úr landssjóði, nema í verulegri þörf.

Það er rangt, sem haldið hefir verið fram hjer í háttv. deild, að brtt. setji takmarkanir fyrir því, að hjálparinnar verði leitað. Því að ef það er rjett, sem líka hefir verið haldið fram og mun hafa við rök að styðjast, að mörg sveitarfjelög sjeu svo vel stæð, að ekki sjeu líkur til, að þau þurfi að taka meira lán en svarar 10 kr. á mann, og sum jafnvel ekkert, þá er það mikill sparnaður fyrir landssjóðinn, ef brtt. verða samþyktar, því að samkvæmt frv. eiga sveitarfjelögin að fá $^1/_3$ af allri upphæðinni ókeypis, en samkvæmt brtt. að eins helming af þeirri upphæð, sem veitt er eftir að veitt hefir verið upphæð, sem nemur 10 kr. á mann. Í mjög mörgum tilfellum verður sú upphæð aldrei veitt. Hjer er engin hætta fyrir landssjóðinn, þar sem lánið er veitt gegn 6% vöxtum, og er það sist saman berandi við dýrtíðarlögin frá í fyrra, því að samkvæmt þeim áttu lánin að vera vaxtalaus þangað til tveim árum eftir að ófriðurinn væri úti, og greiðast síðan á 13 árum.

Jeg tel tæpast hættulegt, að nefndin takmarkar ekki lánin að ofan. Svo hefir hæstv. fjármálaráðherra líka lýst yfir því, að lán yrðu veitt ótakmarkað, ef brýn þörf yrði á. Og kemur þá ekki í sama stað niður, hvort honum er leyft það af þinginu, þar sem hann ætlar að gera það hvort sem er? (**S. E:** En það verður að eins ef um hungursneyð er að ræða). Já. En er þá sú hætta horfin, sem hann heldur nú fram að sje, að skýrslur, er lánbeiðnum fylgja, sjeu svo óáreiðanlegar, að ekkert verði á þeim bygt; ekki mun þó ætlast til þess, að fólk verði látið fylgja þeim, er svo stendur á, sem sýnishorn til sönnunar.

Jeg er hissa á því, að hæstv. fjármálaráðherra skuli ekkert hafa að athuga við 6. gr. frv., því að það getur sannarlega orðið dýrt að framkvæma

hana. Hann lýsti yfir því hjer í byrjun þings, að landssjóður hefði tapað á dýrtíðarvinnu hjer 70—80,000 krónum, sem ekki mun ofreiknað, svo að jeg verð að telja það mjög vafasamt, hvort hann hafi varið þar fje landsins með meiri gætni en þótt lánað sje fje gegn vöxtum. Annars man jeg ekki eftir, að það sje siður hæstv. fjármálaráðh., eða stjórnarinnar yfir höfuð, að mæla á móti fjárveitingum úr landssjóði í öðrum tilfellum. Jeg vildi því óska, að jeg gæti komið mjer saman við háttv. meðnefndarmenn mína um að koma fram með brtt. við 6. gr., þegar málið verður til 3. umr., því að mjer finst ákvæði hennar mjög varhugaverð.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) fann fyrst að því, að nefndin hefði komið of snemma fram með álit sitt. Það er sjaldnast fundið að því, að málin komi of snemma frá nefndum, heldur er miklu fremur fundið að því, að þau komi of seint fram. Það var svo að heyra á hv. þm. (M. T.), að hann kynni best við gömlu lögin, því að honum þótti hvorttveggja slæmt, frv. og till. nefndarinnar, og styrkurinn of lágur. En nú er komin full reynsla fyrir því, að sú lánsheimild, sem fyrir var, er ekki framkvæmanleg.

Sami þm. (M. T.) sagði, að auðvelt mundi fyrir bankann að neita sveitarfjelögum um lán, en jeg álít það ekki svo auðvelt, ef trygging er nægileg fyrir hendi og þeir hafa fje til.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal játa það, að mjer fanst háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) ekki líta sínum sparnaðaraugum á þetta mál (**G. Ó.:** Hefi líklega haft augnaskifti við blessaðan ráðherrann). Það er mjög hætt við því, að bankarnir verði tregir til þess að lána, þegar þeir vita af landssjóðnum.

Og eftir yfirlýsingu þeirri, er bankastjóri Landsbankans gaf í gær í háttv. Nd., þá er enn meiri ástæða til þess að óttast þetta.

Með brtt. háttv. nefndar er gert ráð fyrir takmarkalausri dýrtíðarhjálp, og mætti því alveg eins samþykkja þingsályktun, þar sem ákveðið væri að heimila landsstjórninni að veita alþjóð dýrtíðarhjálp, og þótt stjórnin geti verið þakklát fyrir það traust, sem henni er sýnt með þessu, þá get jeg ekki mælt með því. Þingið á sjálft að hafa dug og djörfung til þess að ákveða, hversu miklu fje skuli varið í þessu skyni og hvernig með málið skuli fara. Best færi því á, ef háttv. nefnd vildi taka brtt. sínar aftur; væri þá hægt að bera sig nánar saman og má ske ná samkomulagi til 3. umr.

Kristinn Daníelsson: Jeg hefi heyrt ýmsa segja, að þetta frv. sje ekki mikils virði. Aðalmergur þess eða tilgangur virðist vera sá, að breyta dýrtíðarlögunum frá í fyrra í þá átt, að forða landssjóði frá lánsheimildunum, sem þar voru veittar. Nú var það svo, að margir voru einmitt glaðir yfir þessari lánsheimild og töldu, að af því gæti gott leitt, en nú á að kippa henni burt. Til þess að bæta þetta upp, á landssjóður að gefa talsverða upphæð, og getur hún, ef öll bæjar- og sveitarfjelög landsins nota hana, numið mest 450,000 kr.

Jeg sje nú ekki betur en að það sje eitt af helstu verkefnum þessa þings að horfa beint framan í þá hættu, er getur vofað yfir, og að þingið verði að hafa dug og djörfung til þess að forða frá hættunni, hvort sem það svo kostar $^1/_2$ miljón eða meira. Og þingið getur ekki skotist undan þessari sjálfsögðu skyldu sinni, eða skotið landssjóði undan hjálpinni.

Jeg skal viðurkenna það, að mjer

þykir skemtilegra að hjálpa sveitarfjelögunum með lánum heldur en með gjöfum, og jeg skal í sambandi við þetta minna á ákvæðið í 1. gr., að til þessarar hjálpar eigi ekki að taka, nema til þess að »bæta úr verulegri neyð«. En það er öldungis sjálfsagt, eins og hæstv. fjármálaráðh. sagði, að þá sje hjálpað, svo sem unt er, hvað sem öllum dýrtíðarlögum líður.

Mjer þykja þess vegna brtt. nefndarinnar aðgengilegri heldur en frv.; felst líka það í þeim, að þær takmarka lánsheimildina mjög mikið. Hæstv. fjármálaráðh. tók það oftsinnis fram, að með till. nefndarinnar væru lánin ekkert takmörkuð, en það sje jeg ekki að sje með rökum sagt. Ef brtt. nefndarinnar er samþykt, þá er þar tekið fram, að einungis þegar þurfi að verja til dýrtíðarráðstafana, auk venjulegra útgjalda, meiru en ítrast er fært að jafna niður, eða fá lán til annarsstaðar, geta þau snúið sjer til landssjóðs um lán. Í þessu felst takmörkunin, því að til þessa munu sveitirnar ekki grípa fyr en í seinustu lög. Það eru því settar skorður við því, að þessi lánsheimild sje misbrúkuð, og ef þessar skorður þykja ekki nægilegar, þá mætti t. d. setja hámark í 4. gr. um það, að dýrtíðarhjálpin mætti ekki nema meiru en t. d. 25—50 krónur á mann. Þetta atriði vænti jeg að háttv. nefnd athugi til næstu umr.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) taldi illa fallið, að lán þessi væru talinn sveitarstyrkur, ef þau væru ekki greidd eftir tiltekinn tíma, og verð jeg að taka undir það með honum, að mjer finst það varhugavert, að dýrtíðarlánin sjeu talin sveitarstyrkur, eins og löggjöfinni um sveitfesti er nú varið. Þetta er oft viðkvæmt mál í sveitunum, þegar skera þarf úr um sveitfesti, og það gæti einhversstaðar farið svo, að utansveitarmenn væru látnar sitja á hakanum, en við því vill nefndin setja varnagla, þar sem hún setur hverjum rjett til dýrtíðarhjálpar í dvalarsveit hans, en af þessu getur hlotist ýmislegur misskilningur og vandræði. Jeg skal nefna það dæmi, að einhver er búinn að vera 9 ár samfleytt í sama sveitarfjelaginu, og 10. árið er byrjað, og hann er að vinna sjer sveitfestina, en þá þarf hann dýrtíðarhjálp, og þrátt fyrir hana vinnur hann sjer sveitfestina. En er að gjalddaga lánsins líður, eftir 5 ár, þá getur hann ekki greitt lánið, og það verður talið, að hann hafi þegið það sem sveitarstyrk. Til hvorrar sveitarinnar telst þessi maður þá, dvalarsveitarinnar eða fyrri framfærslusveitar sinnar? Eins er það víða, að þurfalingar eru búsettir utansveitar; sveitarfjelagið, sem þeir eru þurfalingar í, greiðir styrk sinn til þeirra til dvalarsveitarinnar. Þetta er með samkomulagi beggja sveitarfjelaganna. Ef dvalarsveitin veitir þeim dýrtíðarlán, þá á hún ekki rjett á að fá þau endurgoldin frá sveitarfjelagi þeirra. Þetta getur valdið vafningum og þarf að athuga, og eins um alla þá, sem eru að enda við að vinna sjer sveitfesti, því að þá fyrst, þegar lánsfresturinn er liðinn, sjest, hvort telja ber dýrtíðarhjálpina sveitarskuld eða ekki, auk þess sem marga vafninga og oft langan tíma hlýtur að þurfa til þess að fá það upplýst, eftir fleiri ár, hver sje framfærslusveit styrkþega. Jeg hefði því kunnað því best, að því hefði slept verið, að styrkurinn gæti orðið sveitarstyrkur.

Jeg veit, að það á sjer víða stað, að sveitarfjelögin veita einstökum mönnum lán, án þess að þau skoði lán þessi sem sveitarstyrk, þótt svo beri auðvitað við á stundum, að lán þessi verða að sveitarstyrk, og eins mætti með þetta vera.

Þótt mjer líki ekki að fullu brtt. nefndarinnar, mun jeg þó greiða þeim atkvæði.

Magnús Kristjánsson: Jeg var á móti því, að fundi væri frestað, vegna þess, að jeg taldi málið þá útrætt og ætlaði mjer að eins að gera stutta athugasemd, en úr því að umræðunum er haldið áfram, þá vil jeg leyfa mjer að tala frekar um málið og gera nokkrar athugasemdir við ummæli, er fallið hafa í ræðum háttv. þm.

Jeg vona, að þetta mál verði aldrei verulegt kappsmál, því að jeg ætla, að hæstv. stjórn, við náuari athugun, komist að þeirri niðurstöðu, að stefna nefndarinnar sje að hlífa landssjóði við fjárframlagi í lengstu lög. Þetta hlýtur öllum að verða ljóst, er kynna sjer málið til hlítar. En hins vegar hefir nefndin reynt að búa svo um, að ef í verulegar nauðir rekur, þá sjeu engin lagafyrirmæli, er hindri rjettmæta og sjálfsagða hjálp.

Mig furðar það, að hæstv. fjármálaráðh. skuli leggja annan skilning í brtt. nefndarinnar en mjer finst ástæða til; hann heldur því fram, að með brtt. nefndarinnar sje opnuð leið til ótakmarkaðra lána. Jeg verð að telja þetta ofmælt. Sveitarfjelögin fara eigi að taka meira lán en þau þurfa, með jafnóaðgengilegum vaxtakjörum og hjer er um að ræða. Og ef sú skoðun hæstv. fjármálaráðh. er rjett, að bankarnir sjeu tregir til þess að lána sveitarfjelögum, þá sje jeg ekki annað en að það sje fylsta þörf fyrir landsstjórnina að greiða fram úr því, og jeg get ekki trúað öðru en að heimild til lána úr landssjóði sje styrkur fyrir stjórnina.

Jeg sje ekki annað en brtt. nefndarinnar lýsi ótvíræðu trausti á framkomu stjórnarinnar í lánveitingum milli þinga, og hún hefir fylgt þeirri reglu að veita ekki lánin, nema hún teldi brýna nauðsyn bera til. Jeg kann því hálfilla, að stjórnin sje að lýsa vantrausti á sjálfri sjer, og það er auðvitað bágt í efni, þegar hún treystir sjer ekki sjálf. En jeg efa ekki, að stjórnin sje jafnfær og verið hefir að annast þessar lánveitingar, og þótt það baki henni nokkra fyrirhöfn, þá er ekki unt að komast hjá því. Og allir hljóta að vona, að sem minst þurfi að verða af þessum lánveitingum og aldrei komi til þess, er hæstv. fjármálaráðh. var að tala um, að öll sveitarfjelög landsins þurfi að taka dýrtíðarlán. Það má alls ekki reikna með þeim tölum, þótt hæstv. fjármálaráðh. gerði svo.

Þrátt fyrir það þótt ýmsir örðugleikar steðji að, þá má vænta þess, að ýmsir efnamenn innan sveitarfjelaganna geti hlaupið undir bagga með þeim, svo að þau þurfi sem minst af hallærislánum sínum að taka utansveitar. Og þar sem háttv. fjármálaráðaherra lýsti yfir því, að Björn bankastjóri Kristjánsson hefði tekið það fram í háttv. Nd. í gær, að bankarnir sjeu ófúsir til þess að veita slík sveitarlán, þá legg jeg ekki mikið upp úr því, því jeg býst ekki við, að slík lán verði tekin í stórum stíl fyrir 1. júlí næstkomandi.

Jeg tók eftir því, að háttv. þm. Ísaf. (M. T.) áleit það þungan bagga fyrir sveitarfjelögin, þar sem þau þyrftu að að greiða meira en $^1/_3$ af kostnaðinum fyrir utansveitarþurfalinga. Jeg álít enga hættu stafa af þessu, því að framlögin verða aldrei stór, og þegar utansveitarþurfalingur hefir fengið 100 kr., hvar af sveitin fær endurgreiddar 33 kr. 33 aur. frá sveitarfjelagi hans, þá má vísa honum til sveitar sinnar. Jeg álít þvert á móti, að þetta fyrirkomulag sje öllu hagkvæmara fyrir þau sveitarfjelög, þar sem margir utansveitarmenn leita sjer atvinnu um lengri eða skemri tíma, því að eftir brtt. er ekki hægt að líta öðruvísi á en að dval-

arsveitin eigi heimtingu á endurgreiðslu á öllu framlagi sínu, í stað $^2/_3$, eins og nú er.

Það er ekki ástæða fyrir mig að fara lengra út í málið, enda hafa háttv. framsm. (S. F.), háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) og háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) fært góð og gild rök fyrir brtt. og áliti nefndarinnar. Og þótt einhver kynni að reyna að andmæla því, sem jeg hefi nú sagt, þá tek jeg því með jafnaðargeði, því að jeg veit, að það er erfitt að gera það með góðum og gildum rökum.

Framsm. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg verð að segja það, að mjer kom það hálfpartinn á óvart, þótt jeg í aðra röndina byggist við því, að hæstv. stjórn skyldi ekki taka frekar vel í brtt. nefndarinnar.

Til þessa lágu þrjár ástæður, og eru þær þessar:

1. að brtt. eru til bóta,

2. að brtt. bera vott um meira traust til stjórnarinnar en frv., eins og það kom frá háttv. Nd., og það hefði stjórnin átt að meta nokkurs,

3. að hjer á þingi er þm. skift nokkurn veginn í tvo jafnstóra flokka í þessu máli, þar sem annar flokkurinn vill veita dýrtíðarhjálpina sem lán, en hinn sem styrk.

Hjer er farinn meðalvegur og gerð samkomulagstilraun, sem að líkindum hefði bætt hug þingsins til stjórnarinnar, ef hún hefði kunnað að taka henni skynsamlega.

Hæstv. fjármálaráðherra tók dæmi af Reykjavíkurbæ. Fyrst fengi bærinn 160 þús. kr. lán, tæki svo annað lán, er næmi 500 þús. kr., og fengi þá um leið 500 þús. kr. óendurkræfan styrk úr landssjóði. Þetta er alt rjett hugsað. En hitt er annað, hve álitlegur gróðavegur það sje fyrir bæinn. Jeg sje ekki, að það sje neitt gróðafyrirtæki fyrir bæjarfjelag sem slíkt að fá slíka hjálp, og vil jeg, því til sönnunar, benda á ákvæðið í 5. gr. 2. brtt. um, að

> »aldrei má í neinu bæjar- eða sveitarfjelagi veita minni óendurkræfan styrk til einstaklinga en veittur hefir verið þangað af landssjóði«.

Styrkurinn mundi strax hverfa, en bærinn standa uppi með 660 þús. kr. lán með erfiðum vaxtakjörum, og þarf ekki að segja mjer, að hann mundi leggja í slíkt að nauðsynjalausu.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) taldi lánsskilyrðin svo örðug, að hans bæjarfjelag mundi ekki nota þessa leið, þó að lán þyrfti að taka. Hjer kveður við annan tón en hjá hæstv. fjármálaráðherra, og er hvorttveggja öfgar, og þetta þó nær sanni. Það væri fokið í flest skjól, er jeg færi að hvetja mitt sveitarfjelag til þess að nota þessa hjálp. En við það eru brtt. miðaðar, að ekki verði til þessara lána og styrkveitinga gripið fyr en nauðsyn krefur. En aðalatriðið er líka, að fjeð sje þá fáanlegt.

Þetta voru aðalatriðin, er jeg vildi minnast á; sumt, sem borið heur á góma, er mjer fallið úr minni, enda munu menn búnir að ráða við sig, hvorum þeir fylgja að málum.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal gera mjer far um að verða stuttorður og endurtaka sem minst af því, sem jeg hefi áður sagt, þótt sumir hafi gefið mjer ástæðu til að halda, að þörf væri á því.

Háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) taldi ekki rjett að taka það fram í frv., að styrkur, sem væri veittur vegna dýrtíðarinnarinnar, skuli ekki teljast sveitarstyrkur. Jeg lít svo á, að það sje einmitt aðaltilgangurinn með þessum lögum að forða mönnum frá því að komast á sveitina vegna dýrtíðar. Þetta hefir verið meginreglan í öllum dýrtíðarráð-

stöfunum þingsins. Svo skildi jeg t. d. atvinnuheimild þingsins í fyrra. Það væri því mjög varasamt að halda 3. brtt. nefndarinnar, því að eftir henni getur óendurgoldin dýrtíðarhjálp skoðast sveitarstyrkur eftir tiltekinn tíma. Þetta er þvert ofan í »princip« allra okkar dýrtíðarráðstafana.

Þá kem jeg enn einu sinni að lán- og styrkveitingakjörum nefndarinnar. Fyrst eru 10 krónurnar með venjulegum lánskjörum, svo kemur lán og jafnmikil fjárhæð fylgir með gefins. Jeg verð að segja það, að kjörin mega vera örðug til þess, að það borgi sig ekki að taka slík lán. Jeg hygg, að svona boð muni að minsta kosti verða vel þegið hjer í Reykjavík. Það er sagt, að núgildandi lög freisti, en enn meir freista þessi lög til lántöku, enda munu lánbeiðnir berast úr öllum áttum. Verður þar örðugt fyrir stjórnina úr að skera, því að þekking á ástandinu í hverri sveit landsins er torsótt, og skoðanir manna misjafnar, jafnvel um ástandið í sömu sveitinni. — Alt öðruvísi horfir við um styrkinn samkvæmt frv. stjórnarinnar. Þar verður úr færri vandkvæðum að ráða. Samkvæmt því er styrkur ekki veittur, nema sveitar- og bæjarfjelögin leggi 2 á móti 1 úr landssjóði. Þar er prófsteinninn á þörfina. Sveitirnar munu hika við að leggja fram sína tvo parta, þótt einn komi í móti úr landssjóði, nema veruleg þörf sje til. Háu gjaldendurnir, sem mestu ráða, munu sjá, að það, sem sveitin leggur til — 10 kr. á nef — lendir á þeim, þegar til niðurjöfnunar kemur, og að þarflausu auka þeir naumast útsvarið sitt.

Jeg vona, að háttv. deild opni ekki um of aðganginn að landssjóði og leggi ekki of mikla ábyrgð á herðar stjórninni. Jeg fæ ekki betur sjeð en að í brtt. nefndarinnar sje öllum vanda og ábyrgð varpað yfir á stjórnina. Jeg segi þetta ekki af neinum óvilja til nefndarinnar. Til þess hefi jeg síst ástæðu, eftir því trausti, sem hún sýnir stjórninni. En stjórnin verður að segja sína skoðun eftir þeirri reynslu, sem er fengin.

Magnús Torfason: Háttv. þm. Ak. (M. K.) kvað þetta mál vera rætt til hlítar. Jeg er á gagnstæðri skoðun.

Í tilefni af brtt. vil jeg geta þess, að jeg fæ ekki betur sjeð en að heitið »dýrtíðarhjálp« hljóti að útiloka, að hægt sje að skoða þennan styrk sem sveitarstyrk. Svo hefir og verið um dýrtíðarhjálp í öllum öðrum löndum, og jeg get ekki sjeð, að ástæða sje til að haga þessu öðruvísi hjer. Lán eins og þau, sem háttv. nefnd hugsar sjer, get jeg ekki kallað »dýrtíðarhjálp«, því að það er við búið, að þau svifti menn mannrjettindum. Það bætir lítið um, þótt frestur sje veittur á greiðslu lánsins gegn 6% rentu. Ef lánið er ekki greitt á vissum tíma, á það að skoðast sveitarstyrkur. Jeg er hissa á, að svona till. skuli geta komið fram hjer í þessu landi, sem er hreint alþýðuland, hjer, þar sem almennur kosningarrjettur var svo viðstöðulaust í lög leiddur, og þar með mannhelgi viðurkend í ystu æsar. Og svo á nú að gera út af við mannhelgina með þessum lögum. Svona löguð lán verða blóðpeningar fyrir þá, sem þiggja. Lögin verða blettur á þinginu, ef þau ná fram að ganga þannig löguð.

Jeg gerði áðan fyrirspurn til háttv. fjármálaráðherra um atvinnubæturnar, en hefi ekkert svar fengið. Því verð jeg að álíta, að ákvæði 6. gr. sjeu að eins fyrir Reykjavík, en fyrir önnur bæj-

ar- og sveitarfjelög landsins sjeu að eins þessar 5 kr. á móti 10, sem sveitarfjelagið leggur fram.

Nú skulum við líta á, hve mikið það gæti orðið, sem veita má eftir frv. stjórnarinnar og háttv. bjargráðanefnd er að telja eftir. Í mesta lagi gæti það orðið 5 kr. × 90,000 = 450 þús. kr. Þessi fjárhæð er hugsanleg, en fyrirsjáanlegt er, að styrkurinn mun ekki nema nærri svo miklu. Ekki er annað sjáanlegt en að nú verði góðæri fyrir landbúnaðinn. Það er ekki stjórninni að þakka, heldur gjafaranum allra góðra hluta. (**M. K.**: Stjórninni og þinginu að nokkru leyti). Því fer fjarri. Það má búast við góðæri, þrátt fyrir sumar ráðstafanir stjórnarinnar. Stjórnin neitaði okkur Ísfirðingum um fóðurbæti handa fjenaðinum í harðindunum að áliðnum síðasta vetri. En hvað sem um það er, lítur ekki út fyrir, að landbúnaðurinn geti komist á vonarvöl á næsta ári. Það gæti ekki orðið, nema bændur settu að eins á guð og gaddinn, en engin hey. Þessi »verulega neyð«, sem talað er um í frv., getur því tæpast orðið nema í sjávarsveitunum, og þó ekki nema í sumum þeirra. Í Vestmannaeyjum hefir t. d. verið góðæri. Hjer við Faxaflóann líka. En þótt við tökum allar sjávarsveitirnar, verða styrkþegar ekki fleiri en 30 þúsund. Dýrtíðarhjálpin á næsta ári getur því aldrei farið fram úr 150 þús. kr., þ. e. a. s. sá hluti, sem landssjóður leggur til. Þetta er nú alt og sumt, sem bjargráðanefndin er að telja eftir.

Á Ísafirði fór það svo, að við þurftum 27,000 kr. til fátækramála síðastliðið ár. En eftir brtt. nefndarinnar ættum við þar að auki að leggja fram 20,000 kr. áður en hjálpin kemur; því hvaða hjálp er það, þótt fá megi lán með 6% vöxtum? Það má heita gys og gabb við sveitar- og bæjarfjelög að tala um slíkt sem hjálp.

Á Ísafirði var hart á og full neyð í fyrra, og jeg vildi, að hamingjan gæfi, að ekki kæmi sú neyð þar, að verja yrði 20,000 kr. fram yfir það, sem þá var, til fátækrahjálpar.

En þá fyrst er von á hjálpinni. Jeg lít því svo á, sem þetta sjeu hrein pappírslög, enda veit jeg ekki, nema leikurinn sje til þess gerður.

Eins og jeg tók fram við 1. umr., þurfti Ísafjörður ekki að sjá um nema sína eigin framfæringa. En jeg skil þessi lög svo, að eftir þeim eigi styrkur sá, sem veittur er bæjar- og sveitarfjelögum, að ná jafnt til allra.

Hagurinn yrði því lítill. Ef við notuðum 57 000 kr., þá mundi styrkurinn verða 10,000 kr. En eftir því, sem við þurftum í fyrra til utansveitarfólks, þá mundu fara 8000 kr. til þess. Af styrknum fær þá hjeraðið sjálft einar 2000 kr. En þegar varið er 67,000 kr. til fátækrahjálpar í hjeraði, sem í eru 2000 manns, þá er veruleg neyð fyrir hendi, og það ætti öllum að vera ljóst, hvílíkir smámunir 2000 kr. styrkur er, þegar svo er ástatt.

Jeg verð því að segja það, að ef þessar brtt. verða samþ., þá verð jeg blátt áfram að greiða atkv. á móti frv.

En það er eins og gengur, að sjaldan er ein báran stök. Svo er ekki heldur hjer, því að jafnhliða þessum merkilegu dýrtíðarlögum eru hjer þrenn skattalög á ferðinni.

Er þar til ætlast, að lagðir verði á landsmenn skattar, sem nema fullri ½ miljón króna. Af þeim má gera ráð fyrir, að bæjarfjelögin öll verða að greiða 80%.

Það verða þá 400,000 kr., sem leggjast á bæina, en samkvæmt dýrtíðarfrv. stjórnarinnar eru það 150,000 kr., sem

veita má þeim til hjálpar úr landssjóði. Með öðrum orðum, bæirnir eru plökkaðir um 250,000 kr.

En jeg get lýst yfir því, að ef svo á til að ganga með hjálpsemina, þá verð jeg að setja mig á móti slíkum aðferðum. Jeg hafði einmitt búist við, að skatta þessa ætti að nota til hjálpar þar, sem þörfin krefur.

Eitt var það, sem mjög var talið eftir í fyrra. Það voru dýrtíðarkolin. Þau komu næsta misjafnt niður. Eins og kunnugt er, var farið eftir skýrslum, sem safnað var utan af landi. En þær skýrslur voru mjög misjafnar og úthlutun kolanna því misjöfn. T. d. fengu Austfirðingar miklu meira en Ísfirðingar, tiltölulega. Þetta var nú samt góðra gjalda vert, hefði fjeð verið tekið af landsfje yfirleitt. En svo var ekki nema að litlu leyti, því að almennu kolin voru seld svo dýrt, að þar vanst upp talsverður hluti af verðlækkuninni á dýrtíðarkolunum. Og hverjir guldu? Bæirnir og engir aðrir, svo að alls og alls var sú hjálp æði lítil.

Eitt er enn, sem jeg vil biðja menn að athuga, þegar talað er um dýrtíðarhjálp. Það, sem gerir fólki erfiðast fyrir, eru eldiviðarvandræðin. En þau koma næstum eingöngu niður á sjávarmönnum, því að frá ómunatíð hafa sveitamenn að mestu aflað sjer síns eldiviðar sjálfir.

En menn, sem eru á sjó öllum stundum, eru algerlega útilokaðir frá því að afla sjer eldsneytis sjálfir. Þeir verða því að kaupa það dýrum dómum.

Það liggur því augum uppi, að ekki hefði átt að fella þann lið úr frv. frá í fyrra, en þó er það gert hjer.

Þá vil jeg með fám orðum svara hv. þm. Ak. (M. K.). Hann sagði, að sveitirnar yrðu að leggja 100 kr. út, með framfæringum annara hreppa. Það er alveg rjett, að þær verða að leggja 100 kr. út, en þær eiga rjett til endurgreiðslu á $^2/_3$ hlutum þess fjár. Tapið verður því að eins 33 kr. Og því er það, að þegar utansveitarframfæringar eiga eftir frv. þessu að fá jafnt og innansveitarmenn, þá hlýtur það að auka kostnað sveitanna.

Eftir lögum þessum má að vísu lána þetta, en fyrir fátæk sveitarfjelög, sem eiga í vök að verjast, er það lítil hjálp að burðast með dýr lán í mörg ár.

Samkvæmt brtt. eiga lán þessi að endurborgast á 5 árum, og ræður landsstjórnin, hve nær fyrsta afborgun fer fram. Jeg skil þetta ákvæði svo, að það sje til þess sett, að afborgun þurfi ekki að byrja fyr en eftir stríðið, og munu neyðarhjeruðin þá eiga að borga rentur af lánunum þangað til.

Háttv. framsm. (S. F.) sagði, að mín skoðun á máli þessu færi mjög í aðra átt en skoðun hæstv. fjármálaráðherra, en jeg vil taka það fram aftur, að mín skoðun er eingöngu bygð á reynslu þeirri, sem jeg hefi frá Ísafirði. En mjer er ómögulegt að leiða neinar getur að því, hvernig þessi lög myndu verka hjer í Reykjavík, enda eru fjárráðstafanir allar hjer svo skritnar, að illfært er að elta alla þá króka.

Yfirleitt verð jeg að segja um frv., eins og það kom frá Nd., að jeg tel tvísýnt, að það verði til hjálpar sveitarfjelögunum, komi veruleg neyð. En ef brtt. nefndarinnar hjer verður samþykt, þá er enginn vafi á því, að að minsta kosti Ísafjörður mun aldrei nota hjálp þessa.

Að síðustu vil jeg geta þess, að eitt ákvæði í 3. brtt. nefndarinnar, um sveitarstyrkinn, hlýtur að takmarka rjett framfærsluhrepps til að taka til sín ómaga sína. Jeg er ekki að segja, að þetta sje galli á frv., því að mjer hefir altaf frá því fyrsta orðið ver og ver við sveitarflutninga. En jeg vildi að eins benda á þetta, í sambandi við frv.

eitt, sem nú er komið til háttv. Nd., þar sem stjórninni er svo að segja sigað til nokkurskonar allsherjarþurfamannaflutninga.

Það virðist koma heldur illa heim við þetta ákvæði.

Guðjón Guðlaugsson: Það er nú búið að tala svo hátt og lengi um mál þetta, að mjer liggur við að svima er jeg stend upp; jeg býst því við að verða slæmur er jeg enda.

Það er fyrst hjer að athuga, að skoðanir manna eru ólíkar á því, hver sje mismunur á frv. óbreyttu og eins og það yrði með brtt nefndarinnar. Sumir telja þær breytingar litlar, aðrir miklar; sumir til bóta, en aðrir til skaða.

Jeg verð nú að segja það, að hverjum þykir sinn fugl fagur, og þar sem jeg er í nefndinni, er það mín skoðun, að allar líkur sjeu til þess, að brtt. hennar verði happasælli.

Þær fara fram á, að takmörk sjeu við því sett, að fje úr landssjóði verði ausið út að óþörfu, sem dýrtíðarhjálp. Og jeg get ekki skilið, hvers vegna hæstv. fjármálaráðherra getur ekki fallist á það. Hjer er enn fremur hvöt fyrir sveitarfjelögin til að taka ekki dýrtíðarlán, nema bráð nauðsyn beri til.

Og jeg tel það mjög ólíklegt, að þegar búið er að taka sem svarar 10 kr. á mann að láni úr sparisjóði eða banka, að sveitarfjelögin vilji þá bæta á sig þungum byrðum, til þess að fá meira, án þess að brýn nauðsyn beri til. En þá sleppur landssjóður við útgjöldin.

Það hefir verið tekinn sem dæmi hreppur með 300 íbúum. Eftir frv. má hreppur þessi fá til dýrtíðarhjálpar alls 4500 kr. Þar af 1500 kr. úr landssjóði, en 3000 kr. verður hann að taka að láni.

Nú hefir það verið talið víst, að styrkur þessi muni reynast lítill, en þegar betur er að gætt, er hann þó allmikil hjálp, því að naumast þarf að gera ráð fyrir, að meira en helmingur hreppsbúa þurfi stuðnings við. Og geri maður ráð fyrir, að 40 heimili sjeu í hreppnum, þá skiftist styrkurinn milli 20 heimila, og fær þá hvert 225 kr. til jafnaðar.

En eftir frv. leggjast 3000 kr. af styrk þessum á þá bjargálnamenn, sem í hreppnum eru, og haldi maður sjer við það, að helmingur hreppsbúa sje hjálparþurfi, þá verða það 20 heimilisfeður, sem verða að bera 150 kr. hver um fram það, sem venjulegt er. En 1500 kr. eru teknar landssjóði sem betlifje.

En eftir till. nefndarinnar verða þessir 20 heimilisfeður að taka að sjer ábyrgð á 3000 kr., en ábyrgð er alt annað en bein útgjöld og kostar oft ekki annað en undirskrift, ef vel er um alt búið. Þar að auki veitast 750 kr. sem lán úr landssjóði, og loks eru það 750 kr., sem leggjast sem beinn skattur á landssjóð, í stað 1500 kr. eftir frv.

Munurinn á frv. og brtt. nefndarinnar verður því stuttu máli sá, að eftir frv. leggjast 150 kr. á hvern bjargálnamann í hreppnum sem bein útgjöld, og landssjóður verður að láta af hendi sem gjöf 1500 kr., en eftir brtt. verða þessir 20 heimilisfeður að eins að taka á sig ábyrgð á 3750 kr., en sem gjöf úr landssjóði er ekki veitt nema 750 kr. Útkoman er því betri hjá nefndinni, því að í báðum tilfellum fær stuðningsþurfi jafnmikið, 225 kr.

Það er að vísu lítið, en getur þó bjargað 10—20 ám, ef það kemur í tíma.

En þetta stendur svo í mörgum, að lán þessi bindi menn á skuldaklafa. En jeg lít svo á, að gjafirnar hafi miklu verri áhrif.

Eftir minni reynslu er betlifólk eitthvert lakasta fólkið; það gortar af því

að hafa bjargast án sveitarstyrks, en finnur ekki til þess, að í rauninni liggur það uppi á öðrum.

Og jeg er ekkert hræddur við þessa lánaleið, ef hún er farin með gát. Jeg lít líka svo á, að það sje í alla staði óheppilegra að byrja á að gefa lítinn hluta af því, sem vantar, en lána það sem með þarf til þess, að menn geti komist úr kútnum.

Jeg get tekið dæmi af manni, sem jeg þekti fyrir 4 árum.

Hann hafði 9 manns í heimili og skuldaði 800 krónur í verslunum.

Hann varð því að taka lán til þess að geta fengið vörur.

Jörðina var hann búinn að kaupa og fekk út á hana 100 krónur, og 100 kr. fekk hann hjá sparisjóði sveitarinnar, því að þar er það siður, að sveitirnar leggja fje í fastan sjóð.

En einmitt fyrir þetta, að hann fer lánaleiðina, getur hann sett á ær sínar, á hey, sem hann átti, í staðinn fyrir að drepa þær sjer til stórskaða, og hefði þá að líkindum lent á sveitinni. En nú byrjar hann á næsta ári að borga skuldirnar, og á síðustu árum hefir hann greitt þær allar og átti inni í verslunum.

Þótt þessum manni hefðu verið gefnar 50—100 krónur, þá hefði það alls ekki bjargað honum neitt. En ca. 1000 kr. lán eða líðan á skuldum gerði betur en að bjarga honum, og enginn tapaði eyri. Jeg hygg því, að meiri not sjeu að því að lána 1000 krónur en að gefa honum 100 krónur, ef maður þarf á annað borð á hjálp að halda. Þessa reynslu hefi jeg fengið sjálfur, því að jeg hefi oft tekið lán og orðið að góðu. Jeg þekki líka fleiri dæmi um þetta.

Nú má búast við að verslanir úti um land verði ekki svo stæðar, að þær geti umliðið menn mikið eða lánað. En nú geta þeir, sem hafa efni á, ekki heldur tekið út vörur ótakmarkað, en fátæklingar, sem fá lánsstyrkinn, geta fengið vörur, eins og aðrir. Jeg hygg því muninn á brtt. og frv. mikinn og til stórbóta.

Um sjómanninn er það svo, að ómögulegt er að styrkja hann heppilegar, þegsvo er komið, að hann verður að láta bát sinn og veiðarfæri fyrir matbjörg, en með því að lána honum, svo að hann geti haldið bátnum og veiðarfærum, afl að á bátinn og þannig borgað lánið. Alveg sama er með bóndann. Honum verður notadrýgst að fá lán, til þess að þurfa ekki að minka bústofninn. Og það er mikill kostur við brtt. nefndarinnar, að ef þessi takmarkaða upphæð dugir ekki, þá er mögulegt eftir till. hennar að fara hærra, þegar brýn nauðsyn er til. Því að það er ekki nóg fyrir bóndann að geta fleytt fram 10—12 ám, eigi hann 40, og oflítil hjálp sjávarútvegsmanninum að bjarga að eins bátnum hans, ef hann verður að selja veiðarfærin.

Jeg skil ekki, hvers vegna hæstv. fjármálaráðh. getur litið svo á, að þessar till. nefndarinnar verði þess valdandi, að landssjóður verði að borga út fje að nauðsynjalausu. Engin sveitarstjórn fer að sníkja fje út úr landssjóðnum, þegar hún fyrst þarf að leggja fram tryggingu og borga svo sjálf helminginn af því, semveitt er fram yfir ákveðna upphæð.

Það hefir verið sagt hjer í háttv. deild, að dýrtíðarlögin frá síðasta þingi hafi verið ómerkileg. Þetta er ekki rjett. Að vísu voru lánskjörin óþarflega rúm, en engin bót væri frá þeim að fá annað eins frv. og þetta. En það var gert eitt rangt í Nd. í fyrra, þegar feld var brtt. við 3. gr. um, að sú grein fjelli burt, því að í henni var gert ráð fyrir, að þegar að því kæmi, að menn gætu ekki borgað, þá skyldu lánin talin sveitarstyrkur. En með því var gefið í skyn, að þetta væri ekki lán, heldur að eins gjald. Þessi skilningur gerði hin gild-

andi lög ómöguleg. Þó skal jeg játa, að þegar um dýrtíðarlög er að ræða, er óviðfeldið að lána með sömu kjörum eins og í »normal« ári, eða með lakari kjörum en aðrar stofnanir. Sparisjóðir lána nú gegn 5% og 5½ eða 5¼%. Brtt. nefndarinnar gera ráð fyrir 6% vöxtum. Þetta gæti jeg ekki skrifað undir, nema að eins af því, að stjórnin vill í frv. sínu gefa 33⅓% af allri dýrtíðarhjálpinni. Jeg er helst á móti allri hjálp, nema lánum, en vildi helst hafa þau rýmileg. Það er rangt að halda, að bankar og sparisjóðir láni ekki, þó að sveitarsjóðir geti í síðustu forvöð leitað til landssjóðs um lán. Þeir munu alls ekki síður lána fyrir því, einkum þegar þeir sjá sjer hægt að lána með betri kjörum en landssjóðurinn leggur fram.

Hæstv. fjármálaráðh. talaði um, að stjórnin gæti heimildarlaust aukið við dýrtíðarhjálpina, ef verulega neyð bæri að höndum, en brtt. mundu valda henni meiri vafningum, ef þær yrðu samþyktar, þar sem sveitarfjelög mundu þá óð og uppvæg biðja um lán, þó að aldrei kæmi til þess, að veruleg neyð yrði. — Þetta er algerlega ástæðulaus ótti hjá honum, og jeg hygg hann ekki geta talað af meiri þekkingu um sveitarstjórnir en þingmenn yfirleitt, að minsta kosti þeir, sem gamlir eru orðnir og hafa sjálfir setið mörg ár í sveitarstjórn. Jeg veit, að sá hugsunarháttur ríkir hjá sveitarstjórnum og bændum yfirleitt, að vilja ekki leggja meira á sveitarsjóðinn en brýn nauðsyn er til.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) hafði ýmislegt að athuga við 6. gr. frv., sem nefndin ætlast til að verði. Jeg álít greinina þarfa og rjettmæta. Menn þurfa eitthvert aðhald til þess að borga, þegar hægt er, og jeg álít besta aðhaldið, að þeir þurfi hvorki að bendla sig við betl nje sveitarstyrk. Og það vilja flestir vinna fyrir sjer í lengstu lög, heldur en að þiggja af sveit. En hins vegar er alveg rjett að skoða lánin sem sveitarstyrk undir eins þegar menn standa ekki í skilum á rjettum tíma.

Háttv. 2. þm. G.-K (K. D.) sagði hætt við því, að sveitarstjórnir tækju tillit til þess, hvort maður væri sveitlægur eða ekki, þegar dýrtíðarhjálpin yrði veitt. Jeg held líka, að styrkúthlutunin úr ellistyrktarsjóðunum hafi orðið til þess, að sýna mjer fram á, að það er alt annað að vera sveitlægur í hreppnum, þegar styrknum er úthlutað, eða ekki. Það er því alveg rjett, sem háttv. þm. (K. D.) sagði, að það er mikið athvarf að vera í sinni sveit. Ef margir menn í hreppnum eru utansveitar, þá er eini kosturinn sá, að sveitarstjórnir noti aldrei lögin, til þess að komast hjá að leggja skatt á sig til þess að styrkja utansveitarmenn. Að vísu yrði aldrei svo mikil áhætta að lána þeim utansveitarmönnum, sem að eins væru búnir að vera fá ár í hreppnum, enda þótt fátækir væru. En ef nú maður, sem rjett er kominn að því að vinna sjer sveitfesti í hreppnum, fær lán, og hreppsnefnd vill svo losna við, þá er ekki víst, að hann fari. Þegar svona stendur á, að maðurinn er ef til vill búinn að vera á 10. ár í hreppnum og hreppurinn vill heldur losna við hann, mætti vel hafa sjerstakt ákvæði í lögunum. Þess vegna hefir mjer dottið í hug, hvort ekki mætti bæta aftan við 6. gr. nefndarinnar þessum orðum: veittan þegar lánið var veitt. Þetta gæti orðið til þess, að utansveitarmenn fengju lán alveg óþvingað af sveitarstjórn. Úr þessu verður hjá mjer sama sem er fyrirsögn á lögum einum, þ. e. skilyrðisbundinn hegningardómur. Og mjer finst þetta vel geta gengið, því að jeg er ekki svo hörundsár, að jeg álíti það vítavert af þinginu, þó að sveitfestis-

ákvæðin sjeu bundin, — þegar menn geta komist undan þeim nær þeir vilja.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) furðaði á því, að það skuli kallað dýrtíðarhjálp, sem nefndin fer fram á að veita. En það er dýrtíðarhjálp að veita lán, þegar mest er þörfin vegna óhagstæðra viðburða, sem hafa haft áhrif á atvinnuvegina. Og svo er þess að gæta, að nokkuð af þessari hjálp er líka óendurkræfur styrkur, án þess að skoðast sveitarstyrkur. Ætli sveitarstjórnum þyki ekki nóg að láta þennan styrk til utansveitarmanna, þó að þeir fái ekki meira.

Guðmundur Ólafsson: Jeg skal ekki vera fjölorður, enda orðnar langar umr. Að eins ætla jeg að minnast á örfá atriði viðvíkjandi því, sem hæstv. fjármálaráðh. og háttv. þm. Ísaf. (M. T.) sögðu.

Það er ekki hægt fyrir hæstv. fjármálaráðh. að halda því fram í alvöru, að landssjóður þurfi að sjálfsögðu að borga miklu meira fje til dýrtíðarhjálpar eftir till. nefndarinnar, því að fyrstu 10 kr. á mann, er sveitar- og bæjarfjelög veita, verður að líkum ekki leitað til landssjóðs með, nema þá að litlu leyti, og undarlegt er að gera ráð fyrir, að öll sveitarfjelög biðji um lán, og halda því jafnframt fram, að þeim, sem lakast verða stödd, muni nægja þessi hjálp. Samkvæmt stjórnarfrv. má verja 15 krónum á mann til dýrtíðarhjálpar; það verða ca. 1,350,000 krónur í alt. Þar af á svo landssjóður að gefa þriðjunginn, eða ca. 450,000 krónur, í stað þess, sem nefndin ætlast til, að hann láni fje með sanngjörnum vöxtum. Lánaþörfin má verða alveg ótrúlega mikil, ef leið sú, sem nefndin vill fara, verður ekki kostnaðarminni fyrir landssjóðinn, auk þess, sem hún er margfalt notadrýgri fyrir þá, sem hjálparinnar eiga að njóta.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) talaði mikið um, að brtt. væru ófærar, en honum þótti frv. ekki heldur gott. — Þá talaði hann (M. T.) um þann stríðsgróða, sem gerði mönnum fært að leggja mikið á sig, en á síðasta þingi mátti hann ekki heyra stríðsgróða nefnan, er frumv. um tekjuskatt var til umræðu. Annars kom það fram í ræðu hans, að hann taldi lán ekki hjálp, og þótti ekkert gott, nema það, sem ekki þarf að borga aftur, þ. e. styrkur. En hvers vegna tók þá Ísafjörður 100 þús. kr. lán síðastliðinn vetur?

Þá var honum illa við kolaúthlutunina. Vildi hann láta haga henni öðruvísi en áður og taldi sjálfsagt, að sjómenn fengju kolin með betri kjörum en aðrir, því að þeir gætu ekki aflað sjer þeirra þegar þeir væru á sjónum. En það er nú svo með alla, að þeir geta ekki tekið upp mó, eða aflað sjer annars eldsneytis, þegar þeir eru við aðra atvinnu, en hún getur þó gert þá færa um að kaupa það. Annars var öll hans ræða miðuð við Ísafjörð og ástandið eins og það er þar í hans augum, en fullljóst var háttv. þm. (M. T.), að Ísafjörður þyrfti á miklum styrk að halda, og að ekki gæti komið til mála, að Vestmannaeyingar þyrftu hans með.

Halldór Steinsson: Jeg vil að eins gera örstutta grein fyrir atkv. mínu, því að jeg er í nokkrum vanda með það.

Frv. stjórnarinnar hefir þann tilgang að hjálpa, ef almenna neyð ber að höndum hjá einhverju sveitarfjelagi. En þótt sá sje tilgangur frv., þá verður þeim tilgangi ekki náð, þótt frv. verði að lögum. Það liggur í augum uppi,

að 15 kr. styrkur á mann hvern er of lágur til þess, en hins vegar er hann, þótt hann sje svona lágur, nógu hár til þess að binda landssjóði tilfinnanlega bagga, þar sem hann gæti kostað landssjóðinn, eftir því er hæstv. fjármálaráðherra sagðist frá, alt að $^1/_2$ miljón kr. Auðvitað er þar gengið út frá, að öll sveitarfjelög landsins mundu nota styrkinn. Það má raunar gera ráð fyrir, að svo verði ekki, en jafnvíst er hitt, að mikill meiri hluti þeirra mundi nota hann, því að sveitarfjelögin mundu hegða sjer hjer eins og hver »praktiskur« maður mundi gera, en allir fjármálahygnir menn mundu taka 100 kr. lán, ef þeim væru jafnframt gefnar 33 krónur, og það án tillits til þess, hvort mikil eða lítil þörf væri til lántökunnar. Það er því mjög hætt við því, að mikið af þessu yrðu óþarfa útgjöld fyrir landssjóðinn. Og þeim mun fremur er jeg á móti þessu, þar sem hæstv. fjármálaráðherra lýsti yfir því, að ef verulega neyð bæri að höndum, teldi stjórnin það skyldu sína að taka í taumana og hjálpa, án tillits til þess, hvort hún hefði lagaheimild til þess eða ekki. Enn fremur er þetta óþarft, þar sem dýrtíðarlög síðasta Alþingis eru enn þá í gildi og stjórnin samkvæmt þeim hefir heimild til að lána sveitarfjelögum, ef neyð ber að höndum.

Brtt. bjargráðanefndarinnar byrja vel, en þegar 4. gr. nefndarinnar tekur við, þá finst mjer, að nefndin komist í ósamræmi við það, er fyrri till. hennar halda fram, því að í fyrri greinunum er því haldið fram, að miða verði dýrtíðarhjálpina einvörðungu við þörfina, sem er fyrir hana, en í 4. gr. nefndarinnar er sama sem verið að ýta undir sveitarfjelögin að taka dýrtíðarlán, þótt þörfin sje ekki fyrir hendi. Um að svo sje er jeg samþ. hæstv. fjármálaráðherra.

Lögin verða að vera svo, að hægt sje að veita hjálp, þar sem hennar er þörf, en ekki veita hana jafnt verðugum og óverðugum.

Jeg vildi því óska þess, að nefndin tæki nú brtt. sínar aftur og lagaði þær til 3. umr., því að eins og þær liggja nú fyrir, get jeg ekki greitt þeim atkv. mitt.

Magnús Kristjánsson: Háttv. þm. Snæf. (H. St.) áleit, að till. nefndarinnar væru góðar, en væru þó óaðgengilegar, en jeg vil biðja hann að gæta að því, að það veitir ekki af að hjálpa sveitarfjelögunum, svo að þau hjálpi eftir því, er þörf krefur og þau telja sjer fært. Þegar hann athugar þetta, vænti jeg, að hann sjái sjer fært að greiða atkv. með brtt. nefndarinnar.

Um ræðu háttv. þm. Ísaf. (M. T.) vil jeg undirstrika það, sem jeg sagði áðan, að þar var margt á misskilningi bygt hjá þeim háttv. þm. (M. T.). Hann (M. T.) hugði, að framfærslusveitin yrði að telja það sveitarstyrk, sem hún yrði að greiða til dvalarsveitar einhvers, er styrk hefir fengið, en ekki getað endurgoldið hann á rjettum tíma. En þetta er misskilningur einn. Það er ekkert ákvæði, er skyldi framfærslusveitina til að telja það sveitarstyrk.

Dæmi það, er háttv. þm. Ísaf. (M. T.) tók, um lántöku Ísafjarðar, var ekki heldur vel ljóst. Hugsum oss, að Ísafjarðarkaupstaður taki 30 þús. kr. dýrtíðarlán, þá fengi hann 10 þús. kr. styrk, og ef lánið væri hærra, þá fengi hann enn þá hærri styrk. Þetta er rjett dæmi, en dæmi hans var ekki rjett. En sem betur fer, þá mun Ísafjarðarkaupstaður nú vera svo á vegi staddur, að hann þurfi ekki á slíkri lántöku að halda.

Mjer þykir það harla óviðkunnanlegt, að verið sje í þessu sambandi að tala um blóðpeninga, þegar þingið er að

gera hvað auðið er til hjálpar, ef neyð bæri að höndum, og jeg verð, fyrir mitt leyti og nefndarinnar, að mótmæla slíkum ummælum sem rakalausum og óviðeigandi.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) skaut því fram, að hin góða afkoma almennings nú væri hvorki að þakka þingi nje stjórn, en þar verð jeg að vera á öðru máli. Jeg held jeg verði að slá því föstu, að alt að helmingur landsmanna hafi bjargast fyrir hyggilegar ráðstafanir landsstjórnarinnar og Alþingis. Það var sjeð um, að fóðurbætir væri til, og með því var bjargað skepnum mjög víða um landið. Að Ísfirðingar hafi beðið um fóðurbæti og verið neitað um hann, eins og háttv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, er ekki nema hálfur sannleikur, því að þótt þeim væri neitað um kornið, þá var þeim bent á annan fóðurbæti, sem stóð þeim til boða. En þeir þurftu ekki að nota hann. Kornvöru var ekki hægt að veita þeim, því að þá var lítið af henni í landi hjer, en á var aðflutningsteppa, sem ekki var hægt að sjá hve nær mundi ljetta. Það hefði því verið óforsvaranlegt að nota kornvöruna til skepnufóðurs, þar sem líka annar fóðurbætir var til.

Fjármálaráðherra (S. E): Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) spurði að því, hvernig skilja bæri 6. gr. í frv., þar sem segir:

»Enn fremur er landsstjórninni heimilt, frá þeim tíma, er lög þessi koma í gildi, og til 1. september 1919, að verja fje úr landssjóði til atvinnubóta í beinar þarfir framleiðslunnar og til kaupa á afurðum af dýrtíðarvinnu bæjar- eða sveitarfjelaga, svo sem efni til undirbúnings stórhýsa, er sýnilega þarf að reisa innan skamms, vega, brúa og hafnargerða«.

Í tilefni af því skal jeg taka það fram, að greinin, svona orðuð, var sett inn í frv. í háttv. Nd.; aftur var þessi grein öðruvísi orðuð í frv. stjórnarinnar; þar var hún orðuð eins og í núgildandi dýrtíðarlögum. Jeg get því ekki gefið aðra skýringu á greininni en þá, er liggur í henni sjálfri.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) hefir svarað ummælum háttv. þm. Ísaf. (M. T.) um fóðurbætinn, svo að óþarft er að endurtaka það, en í sambandi við það skal jeg geta þess, að Ísafjarðarkaupstaður fekk í vetur 100 þús. kr. dýrtíðarlán úr landssjóði. Var það rjettmæt lánveiting, og brýn og mikil þörf fyrir lánið. Um það er jeg sannfærður. Hún hefir óvíða eða hvergi verið meiri.

Um skattalögin, er háttv. þm. Ísaf. (M. T.) vjek að, skal jeg og taka það fram, að þeirra er full þörf, til þess að landsbúið geti borið sig án þess að lifa á eintómum lánum. En þrátt fyrir það, þótt þau nái fram að ganga, mun þurfa að grípa til lána.

Þá vil jeg víkja mjer að ræðu háttv. 4. landsk. þm. (G. G.). Hann var að tala um það, að takmarkanir fyrir styrknum væru fastari í brtt. nefndarinnar en í frv. Jeg verð að játa það, að jeg sje ekki muninn.

Háttv. þm. (G. G.) nefndi dæmi, sem áður hefir verið tilfært í háttv. Nd., af hreppsfjelagi með 300 íbúum, og hann vildi sýna fram á það, hvernig frv. og hvernig brtt. nefndarinnar verkuðu á hreppinn. Eftir frv. stjórnarinnar á hreppurinn að fá 1500 kr. óafturkræfan styrk úr landssjóði, þegar hann hefir tekið 3000 kr. lán til dýrtíðarhjálpar. Eftir till. nefndarinnar þarf hreppurinn fyrst að taka 3000 kr. lán úr landssjóði; síðan verður hann að taka 750 kr. lán úr landssjóði og fær þá 750 kr. gefins. Eftir till. skuldar því hreppurinn þá 3750

kr. og hefir fengið 750 kr. óafturkræfan styrk. Hreppurinn skuldar því 750 kr. meira eftir brtt. nefndarinnar en frv., og jeg fæ því ekki sjeð, hvernig háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) vildi láta svo líta út, sem hreppurinn væri betur fær að hjálpa eftir till. nefndarinnar en frv. Jeg sje ekki annað en að það sje alveg mótsett, og sveitarfjelagið verði færara til hjálpar eftir frv. stjórnarinnar. Þetta virðist og liggja í augum uppi, þar sem landssjóður veitir eftir frv. 750 kr. meiri styrk sem óafturkræfan, en hreppurinn skuldar 750 kr. meira eftir till. nefndarinnar.

Að kalla þennan óafturkræfa styrk betlistyrk nær engri átt, enda haga allar þjóðir hjálp sinni á sama grundvelli og stjórnarfrv. er bygt. Danir t. d., eins og jeg tók áður fram, selja smjör o. fl. nauðsynjar undir verði, greiða atvinnulausum mönnum kaup úr ríkissjóði, og þetta telja allir sjálfsagt og rjett. Hjer er sama »princip« og í frv.

En það er annað, er jeg vil enn þá taka fram og legg áherslu á, og það er, að sveitarfjelögunum er veittur miklu greiðari aðgangur að landssjóði eftir brtt. nefndarinnar en frv. En þar sem háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) hugði, að stjórnin vildi losna við þetta vegna annríkis, er því fylgdi, þá er það misskilningur. Stjórnin vill ekki hliðra sjer hjá neinni vinnu, allra síst þeirri, er hún hyggur að alþjóð megi gagn að verða.

Um það get jeg fullvissað háttv. þm. (G. G.), en það er mjög erfitt, er fje er af skornum skamti, að úrskurða, hverjir hafi lánaþörf og hverjir ekki, og svo enn fremur, hve miklu eigi að verja í þessu skyni, bæði í heild sinni og á hverjum einstökum stað. Ef það er ætlun háttv. nefndar að veita sveitarfjelögunum ríflegri styrk en frv. gerir ráð fyrir, þá eru ýmsar aðrar leiðir en þær, er brtt. fer, og þær betri, t. d. að veita meira fje fyrir íbúa hvern, selja smjör undir verði eða fleiri nauðsynjar. Það er víst, að bæirnir, t. d. Reykjavík, stynja undir oki dýrtíðarinnar, og það er ekki nema eðlilegt, þegar 1 kíló af smjöri kostar 6 kr. eða þar yfir, 1 lítri af mjólk 52 aura og kolatonn yfir 300 kr. Það sjá allir, að þetta er ofverð fyrir fátæka fjölskyldumenn.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) nefndi dæmi þess, að lán kæmu að góðu haldi. Því dettur mjer ekki í hug að mótmæla; jeg efa ekki, að hygnir menn hafi oft og einatt grætt á lántökum sínum, en það er alt annað mál en það, sem hjer liggur fyrir, því að hjer er um fleiri leiðir að ræða. Fyrir landssjóðinn er miklu betra að láta einhverja vissa upphæð heldur en að vera bundinn þeim bagga, að veita öllum sveitar- og bæjarfjelögum þau lán, er þau kunna að þarfnast. Það veit enginn, hversu sá baggi verður stór, eða hvort landssjóður má undir honum rísa.

Jeg verð að líta svo á, að það sje hyggilegra að reyna að auka sparnað hjá sveitarfjelögunum heldur en að örfa þau til lántöku. Það er hollast, að hver spili sem mest á eigin spýtur.

En setjum svo, sem jeg vona að hvergi verði, að eitthvert hjerað sje svo illa statt, að algerð neyð ríki þar, þá hlýtur og á landsstjórnin að hjálpa, hvort svo sem nokkur lög eru um það eða ekki. En frv. er ekki miðað við hungursneyð. Það stendur ofar. Því er ætlað að veita hjálpina svo snemma, að veruleg neyð sverfi ekki að.

Og ástæðan til þess, að stjórnin bar fram þetta frv., var sú, að stjórnin leit svo á, að eigi væri hægt að binda landssjóði svo þungan bagga, að hann yrði skilyrðislaust að veita öll þau lán, er sveitarfjelögin kynnu að þurfa.

Forseti: Mjer hafa borist tilmæli um að taka málið út af dagskrá, og mun jeg verða við því.

Magnús Torfason: Jeg fæ ekki sjeð, til hvers er verið að taka málið út af dagskrá, þegar allir eru dauðir. En jeg skal halda mjer við þingsköpin og að eins koma með persónulegar athugasemdir.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) fann ástæðu til þess að reyna að bera blak af landsstjórninni út af fóðurskortinum á Ísafirði. Hann sagði, að Ísfirðingum hafi verið boðinn fóðurbætir, en þeir hefðu ekki þegið. Þetta er að vísu rjett; en þó ekki nema hálfur sannleikurinn. Grunnvíkingar urðu fóðurlausir og komu til Ísafjarðar, en þá voru Ísfirðingar orðnir fóðurlitlir líka og fóðurþörfin brýn.

Það náði vitanlega ekki nokkurri átt að fara að senda skip eftir fóðurbætinum um hávetur, sem kæmi ekki til baka fyr en eftir heilan mánuð. Kílóið af fóðurbætinum mundi hafa kostað afarfje, svo að ekki hefði hann bætt mikið úr neyðinni. Það sem hjálpaði var, að kaupmenn áttu eftir í lögginni dálítið af fúnum mais og ormamjöli, og við það var bjargast til 7. apríl. En hvað síðar varð veit jeg ekki, því að þá fór jeg hingað áleiðis.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) hneykslaðist á því, að jeg kallaði dýrtíðarstyrkinn blóðpeninga, en jeg ætla mjer að standa við, að það sje rjettnefni. Hvað er það, sem þingið er að gera? Það ætlar að kasta nokkrum krónum í þá, sem vegna dýrtíðarinnar rata í vandræði, en jafnframt ætlar það að taka af þeim þeirra helgustu mannrjettindi. Slíkan styrk kalla jeg blóðpeninga. Það virðist svo sem fólkið, alþýðan, eigi ekki upp á pallborðið hjá háttv. þm. Ak. (M. K.).

Forseti: Jeg tek málið út af dagskrá og mun taka það aftur á dagskrá er háttv. deildarmenn óska.

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. júní, var fram haldið 2. umr. um frv. (A 170, 287, n. 294, 335).

Framsm. (Sigurjón Friðjónsson): Þegar þetta mál var hjer síðast til umræðu, þótti sumum það ekki koma greinilega fram í umræðunum, hver munur er á frv. stjórnarinnar og brtt. nefndarinnar. Jeg vil nú gera eina tilraun enn til að skýra muninn á frv. og brtt.

Eins og háttv. þm. vita, þá eru uppi hjer á þingi tvær ólíkar stefnur í þessu máli; önnur stefnan vill láta veita styrki, og þeir fylgja frv., en hinir vilja veita lán, og þeirri leið fylgdi bjargráðanefndin í háttv. Nd., en till. hennar fjellu í Nd. með litlum atkvæðamun.

En í brtt. þeim, sem hjer er um að ræða, er reynt að finna samkomulagsleið milli þessara tveggja stefna. Jeg fyrir mitt leyti er fult svo velviljaður þeirri stefnu, er hæstv. stjórn hefir tekið og kemur fram í frv., styrkveitingastefnunni.

Jeg hefi ekki orðið annars var en að margir sæmilega stæðir menn gætu þegið bitlinga úr landssjóði klígjulaust, og sje ekki ástæðu til þess að ætla, að fátæklingar geri það síður. En jeg veit líka, að til eru margir menn, er vilja komast áfram á eigin ramleik og eigi vilja þurfa að þiggja styrk af opinberu fje, og því var það, að mjer og fleirum þótti rjett, að lánaleiðin væri líka opin, svo að báðar leiðir væru til.

Í öðru lagi er hjer annar og stærri

munur. Í frv. er engin leið til að hjálpa þeim, sem mest þurfa hjálpar með. Jeg fyrir mitt leyti tel það hneyksli að samþykkja frv., sem svo er úr garði gert. Í frv. er sett það skilyrði fyrir hjálp úr landssjóði, að sveitarfjelögin leggi fram $^2/_3$ af hjálpinni, en þar sem sveitarfjelagið getur hvorki hækkað útsvör nje tekið eða fengið lán, þá er ekki leyfilegt að hjálpa því eftir frv. Þau sveitarfjelög gætu má ske tekið hallærislán, en það má þá eins veita hallærislán í öðrum tilfellum og telja frv. gagnslaust kák.

Úr þessu hefir nefndin viljað bæta, en þá hefir það verið fundið að till. nefndarinnar, að þær gengju of langt, svo að eigi væri hægt að segja um það fyrir, hversu mikið landssjóður þyrfti að leggja fram í þessu skyni. Bjargráðanefndin vildi treysta stjórninni til lánveitinganna, en stjórnin vill að þingið segi: Þetta má lána, en ekki meira.

Nú hefir nefndin rjett fram höndina til sátta við hæstv. stjórn og ber fram brtt. þá, sem prentuð er á þgskj. 335.

Þar er ákveðið, að hinn óafturkræfi styrkur úr landssjóði megi ekki nema meiru en 5 kr. á mann, og verður þá hæsta fjárveiting, er komið getur til greina úr landssjóði, 20 kr. á mann, 15 kr. lán og 5 kr. óafturkræfur styrkur, og næmi það, ef allir landsmenn þyrftu hjálpar, 1,800,000 kr., en vitanlega kemur aldrei til þess, bæði vegna þess, að ýms sveitarfjelög þurfa ekki hjálpar, og eins vegna þess, að ýms sveitarfjelög fengju lánið annarsstaðar en hjá landssjóði.

Jeg hefi nú gert grein fyrir muninum á frv. og brtt. nefndarinnar og vænti þess, að háttv. þm., er þeir athuga málið, sjái það heppilegast að greiða atkv. með brtt. nefndarinnar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Hv. framsm. (S. F.) tók það rjettilega fram, að í háttv. neðri deild komu fram tvær stefnur í þessu máli. Önnur var stefna stjórnarinnar, að veita takmarkaðan styrk, 5 kr. á mann, bundinn við 10 króna framlag frá sjálfri sveitinni. Hin var stefna nefndarinnar, að veita lán, sem færu ekki fram úr 10 krónum á mann. Eftir brtt., sem fram voru komnar frá nefndinni við fyrri hluta þessarar umræðu, skyldi fyrst veita 10 kr. lán á mann, en síðan ótakmarkað lán og ótakmarkaðan styrk. En nú er komin fram ný brtt. frá sömu nefnd, þess efnis, að fyrst verði veitt 10 kr. lán á mann, síðan 5 kr. styrkur og ótakmarkað lán. Svo hefi jeg skilið brtt., og vil jeg skjóta því til háttv. framsm. (S. F.), hvort þetta sje ekki rjett. (**Frsm. S. F:** Þetta mun ekki alls kostar rjett skilið hjá hæstv. fjármálaráðh. Hugsun nefndarinnar er, að fyrst skuli veitt 10 kr. lán á mann, síðan styrkur og lán, og standist það á endum. En þar sem 5 kr. hámark er sett fyrir styrknum, þá nær það líka til lánsins, því að hvorttveggja fjárhæðin á að vera jafnhá). Jeg skal ekkert um það segja, hvort þetta muni vera rjettur skilningur á brtt.; eini skilningurinn, sem hægt er að leggja í hana, er það ekki. Þó skal jeg í útreikningi mínum taka tillit til þessara skýringa. Fyrst er 10 kr. lán á mann; það verða 900 þús. kr. Svo er 5 kr. styrkur á mann; það verða 450 þús. kr. Þá er jafnmikið lán, 450 þús. kr, ef skilningur háttv. framsm. (S. J.) er rjettur. Lánin nema því 1350 þús. kr. og styrkurinn 450 þús. kr., samtals 1,800,000 kr.

Ef sá skilningur, er jeg fyrst nefndi, er lagður í brtt., verður fjárhæðin enn meiri.

Það er skoðun stjórnarinnar, að fjárhagur landsins leyfi ekki með nokkru móti, að svona langt sje gengið. Það má búast við, að þessum lánum yrði haldið áfram meðan stríðið stendur; fjárhæðirnar mundu ekki fara lækkandi eftir því, sem stríðsárin bætast fleiri við, heldur þvert á móti hækkandi. Það gæti því orðið dálagleg summa, sem landssjóður yrði að snara út á næstu árum, ef þessi brtt. nefndarinnar yrði samþykt. Auk þessa er jeg sannfærður um, að frv., svona breytt, ætti sjer einkis lífs von í háttv. Nd. Brtt. nefndarinnar þar voru feldar, af því að þær þóttu ganga of langt, og gengu þær þó síst eins langt og þessar.

Niðurstaðan, ef brtt. verða samþyktar, yrði að líkindum sú, að frv. strandaði, því að nú er mjög farið að líða á þingtímann. Yrðum við þá að búa við þau lög, sem nú gilda, að minsta kosti eitt ár enn, og væri það illa farið.

Legg jeg svo eindregið á móti því, að brtt. nefndarinnar verði samþyktar, og lýk máli mínu í þeirri von, að frv. verði ekki látið hrekjast á milli deildanna, því að það er sannfæring mín, að það mundi að líkindum ríða því að fullu, vegna þess, hve áliðið er orðið.

Eggert Pálsson: Eins og háttv. deildarmönnum er kunnugt, er jeg illa við búinn að halda langa ræðu um þetta mál. Jeg hefi verið fjarstaddur um tíma og hefi því ekki haft tækifæri til að kynna sjer meðferð málsins hjer í deild inni. Væri mjer því ljúfast að þurfa ekki að greiða atkvæði, svo að engan þátt ætti jeg í afdrifum málsins. Jeg vil þó geta þess, að mjer virðist stjórnarfrv. aðgengilegast af öllu því rusli, sem fram hefir komið um dýrtíðarmálin. Þar eru ákveðin takmörk sett fyrir styrknum, og er það höfuðkostur. Hitt liggur í hlutarins eðli, að ef veruleg neyð — hungur — vofir yfir, muni stjórnin gera það, sem í hennar valdi stendur, til að afstýra voðanum, hvort sem nokkur lagastafur er fyrir því eða ekki. En ef engin knýjandi nauðsyn er fyrir hendi, verður að hafa takmörk fyrir dýrtíðarstyrk eða lánum.

Jeg hefi getið þessa til að gera grein fyrir atkvæði mínu, ef jeg neyðist til að greiða atkvæði. Með þetta fyrir augum mun jeg greiða atkvæði á móti brtt. nefndarinnar.

Magnús Kristjánsson: Jeg tek til máls af því, að svo stendur á, að jeg var ekki viðstaddur þegar nefndin hleypti síðustu brtt. af stokkunum. Jeg er henni algerlega mótfallinn og get því skoðast sem framsögumaður minni hluta nefndarinnar.

Jeg er sömu skoðunar og háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) um það, að hann sje ekki búinn að átta sig á málinu. Það leyndi sjer ekki. Það er ófært að hafa nokkurt takmark fyrir því, hve há lán megi veita. Síðasta brtt. nefndarinnar er því ómynd, svo að jeg segi ekki meira. Það liggur í hlutarins eðli, að það er barnaskapur að setja nokkur takmörk fyrir hjálp, þegar um það er að ræða að bjarga lífi manna. Jeg veit ekki, til hvers stjórnin getur treyst sjer, ef hún þorir ekki að hafa heimild til að verja því fje, sem þarf — hvort sem það er mikið eða lítið — til að bjarga landsmönnum úr neyð. Jeg verð að andmæla síðustu till. nefndarinnar, en fylgi hinum fyrri fast fram. Ef þær verða feldar, sje jeg mjer ekki annað fært en að greiða atkvæði á móti frv. stjórnarinnar. Væri kann ske best farið, að allar brtt. nefndarinnar og sjálft frv. fjelli, eins og það leggur sig, því að þá standa enn í gildi lögin frá síðasta þingi. Þau

lög eru góð. Þau gefa heimild til þess að hjálpa, ef neyð ber að höndum, og það er nóg.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg yrði að telja það mikla óvarkárni af þinginu að varpa allri ábyrgðinni á dýrtíðarmálunum yfir á stjórnina. Jeg veit ekki til, að slík takmarkalaus lánaheimild hafi verið gefin í nokkru landi, sem sú, er felst í till. nefndarinnar. Ef hungursneyð ber að höndum, mun stjórnin auðvitað gera alt til að afstýra henni. En þessi lög eru ekki miðuð við slíkt ástand. Þau eru gerð til að ljetta undir með fátæku fólki í baráttunni við dýrtíðarörðugleikana. Þá hjálp er sjálfsagt að takmarka, og veita hana sem styrk, eins og aðrar þjóðir hafa gert. En verði farið inn á hina brautina, lánaleiðina, veit enginn, hvorki þing nje stjórn, hve mikið fje er í húfi. Út í slíka óvissu má síst fara, þegar svo er háttað fjárhag landsins, sem nú er.

Vonast jeg því til, að allar brtt. nefndarinnar verði feldar, en frv. samþykt, eins og það er komið frá Nd.

Guðjón Guðlaugsson: Framkoma háttv. fjármálaráðherra er ofvaxin mannlegum skilningi. Nú skorar hann á háttv. deildarmenn í hverri ræðu, sem hann heldur — og þær eru margar — að fella brtt, sem bjargráðanefndin ber fram, af eintómri tilhliðrunarsemi og góðvild við hann. Nú veður hann með sömu orðum og áður á móti brtt. nefndarinnar og gáir ekki að því, að síðasta brtt. felur í sjer það, sem hann hefir altaf verið að heimta, sem sje takmark fyrir lána- og styrkveitingaheimildinni. Hámarkið, sem hvorttveggja, styrkur og lán, getur nú náð, er 1800,000 kr., og ber það vott um fádæma takmarkaða vitsmuni að halda, að allir landsbúar þurfi hjálp á næsta ári, svo að hún komist nálægt því takmarki. Jeg leyfi mjer að kalla það takmarkalausa heimsku, hvort sem það er fjármálaráðherra eða aðrir, sem halda því fram. Í sporum fjármálaráðherra mundi jeg hafa greitt atkvæði með brtt. á þgskj. 335, en svo á móti öllum brtt. í heild sinni. Annars verð jeg að lýsa yfir því, að jeg verð að greiða atkvæði á móti frv., ef ekkert af brtt. nefndarinnar verður samþykt. Jeg sje enga ástæðu til að halda, að háttv. Nd. verði fremur á móti brtt. nefndarinnar en þessi háttv. deild kann að verða, og vona jeg, að þær nái því að verða samþyktar, enda þótt háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) hafi gengið í lið með stjórninni, og tel jeg, að hann hafi gert það af skilningsleysi, en ekki öðrum lakari ástæðum, þar sem hann er geistlegur embættismaður og vígður.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vona, að hv. 4. landsk. þm. (G. G.) skilji, að stjórnin hlýtur að vera á móti síðustu till. nefndarinnar, eins og hinum fyrri, af þeirri ástæðu, að þar er bæði gert ráð fyrir styrk og láni. Það hefir verið stefna stjórnarinnar í þessu máli, að veittur sje takmarkaður styrkur, en engin lán, hvort sem eru takmörkuð eða ótakmörkuð.

Um vitsmuni mína ætla jeg ekki að fara að deila við þingmanninn (G. G.).

ATKVGR.

Brtt. 287, I. feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. G., G. Ó., H. Sn., K. D., M. K., S. F., G. B.

nei: E. P., H. St., Jóh. Jóh., K. E., M. T., S. E., S. J.

Brtt. 287, II.—IV. og brtt. 335 teknar aftur.

1. gr. samþ. með 10 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Ó., H. Sn, Jóh. Jóh., K. E., M. T, S. E., S. J., S. F., E. P., G. B.
nei: H. St., K. D., M. K., G. G.

2.—8 gr. samþ. með 9 : 4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 : 4 atkv.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 14. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 170, 347, 355).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Bjargráðanefndin hefir athugað brtt., sem fram hafa komið, og hefir orðið sammála um að mæla með brtt. á þgskj. 347, en um brtt. á þgskj. 355 er það að segja, að þær koma í bága við skoðun nefndarinnar á málinu.

Nefndin hefir litið svo á, að frv. veiti vel stæðum sveitarfjelögum of auðveldan aðgang að hjálp úr landssjóði, og brtt. á þgskj. 355 ganga einmitt í þá átt, að styrkur til slíkra sveitarfjelaga verði hækkaður.

Annars eru atkvæði nefndarmanna óbundin um brtt. þessar, og munu sumir ef til vill greiða atkv. með einhverjum þeirra, en þó er það nokkuð komið undir því, hvernig brtt. á þgskj. 347 reiðir af.

En við nefndarmenn lítum svo sumir á, að ef frv. verður samþykt óbreytt, þá sje í því sú gloppa, sem ekki megi við una, þar sem það bendir ekki á neina leið til nægrar dýrtíðarhjálpar handa þeim, sem bágast eiga.

En það getum við ekki sætt okkur við.

Magnús Torfason: Jeg vildi að eins gera grein fyrir brtt. á þgskj. 355. Brtt. 2, við 2. gr. frv., er til þess að gera stjórninni hægra fyrir með að takmarka styrkinn til sveitarfjelaganna við verulega neyð.

Svo getur farið, að full þörf sje dýrtíðarhjálpar í einhverju sveitarfjelagi, þótt ekki sje þörf á landshjálp. Jeg skal til skýringar benda á það, að í einum hreppi var í fyrra haust engin fjölskylda á sveit og í fyrra vetur komst að eins ein fjölskylda á sveitina. Hreppur þessi er vel stæður, með blómlegum kaupstað; en þurrabúðarfólki og fátæklingum var þar hjálpað með gjöfum frá einstökum mönnum.

Það virðist því eðlilegt, að slíkt sveitarfjelag hafi leyfi til þess að veita hjálp úr opinberum sjóði, ef það óskar þess.

En jeg tel það meira en hæpið, að sveitarstjórnir geti veitt framfærslustyrk, án þess að það geti talist sveitarstyrkur.

Því er þessi 1. málsgrein brtt. til þess gerð, að landsstjórnin geti samþykt dýrtíðarráðstafanir sveitarstjórna, án þess að veitt sje landshjálp.

En hins vegar er gert ráð fyrir, að eftirlitið sje ríkara en til er ætlast í frv., með því að veruleg neyð sje fyrir hendi, þegar hjálpin er veitt.

Þar á meðal getur landsstjórnin gert að skilyrði fyrir landshjálp, að útsvör hafi hækkað, því að það virðist ófært að veita slíka hjálp þar, sem útsvör eru lág, og með því sýnt, að skattgreiðendur þurfa ekki, eða vilja ekki, neitt á sig leggja, að minsta kosti í bráð.

Á Ísafirði var t. d. ákveðið að byggja skólahús, og var til þess tekið 20,000 kr. lán, í 40 ár, enda þótt útsvör bæjarins væru ekki nema tæp 3000 kr. En eftir 7 ár varð að stækka hús þetta um helming.

En ástæðan til þessarar lántöku var sú, að skattgreiðendur vildu hlífa sjer við beinum og bráðum útgjöldum.

En eins gæti hjer farið, ef hjálpin væri ekki bundin við hækkun útsvaranna.

En stjórninni er það í lófa lagið, með því að rýna sveitarreikninga fyrri ára, að hafa eftirlit með því, hvort hagur sveitarfjelaganna hefir batnað eða versnað, og haga hjálpinni eftir því, því að það er bein mótsögn í því, að veita þeim sveitarfjelögum styrk, þar sem útsvörin eru tiltölulega lág, eftir efnaþoli manna.

Þá er brtt. við 3. gr. frv. Hún fer fram á, að landshjálpin verði misjöfn, eftir því sem við á.

Yfir höfuð er til þess ætlast, að landsstjórnin rífki hjálpina þar, sem neyðin er mest. — Jeg vil í þessu sambandi geta þess, að jeg tek aftur 3. varabrtt.

Jeg hefi furðað mig á því, hversu tregt þingið hefir verið á að veita þessa almennu dýrtíðarhjálp, en jeg hefi skilið það svo, að geigur væri í mönnum við það, að hjálp þessi yrði misbrúkuð, en til þess að fyrirbyggja það eru brtt. þessar komnar fram.

Jeg get ekki hugsað mjer, að stefna þingsins sje sú, að beita miskunnarleysi við þá, sem mest eru hrjáðir og þjáðir af erfiðleikum stríðsins.

Í Grímseyjarför, er þeir Sturlungar gerðu atsókn að mönnum Guðmundar biskups góða, minnist jeg hjer eins atriðis. Biskup náði ekki að leggja blessun sína yfir óskabarn sitt, Aron Hjörleifsson. Í þess stað rjeð hann honum heilræði, en það var þetta: »Ver góður við fátæka, Aron minn«.

Fór Aron að ráðum hans og varð gæfumaður hinn mesti.

Nú er það trú mín, að Alþingi muni eigi síður farnast vel og bera giftu til góðrar úrlausnar málanna á þessum neyðartímum, ef því ferst vel við þá, sem bágast eiga.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil að eins benda á ósamræmið, sem er í brtt. á þgsk. 347, staflið a. Ef sú brtt. yrði samþykt, þá liti út eins og bæjarstjórnir heyrðu undir sýslunefndir, en eins og allir vita, þurfa bæjarstjórnir ekki að leita til sýslunefnda um samþykki á lántökum, heldur til stjórnarráðsins. Það er því vafasamt, hvort flutnm. (S. F.) á að halda þessari brtt. fram. Rjettast væri af honum að taka hana aftur. Um staflið b skal jeg ekki ræða, því að það er þegar búið að tala svo margt um lánin.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg er alveg á sama máli og hæstv. atvinnumálaráðh., hvað snertir staflið a á þgskj. 347. Hvað síðari liðinn, staflið b, snertir, þá get jeg fyrir mitt leyti ekki annað en verið á móti honum. Frv. stjórnarinnar ætlast til þess, að sveitarstjórnirnar verði að leggja talsvert á sig til þess að fá styrk. Með brtt. þessari er viss aðgangur veittur að lánunum. Gæti þá farið svo, að þær hækkuðu ekki útgjöld sín um 10 krónur á mann, heldur færu lánaleiðina. Jeg held því, að það »kontrol«, sem liggur í því, að stjórnin veiti styrk, sje farið, ef brtt., b-liður, verður samþykt.

Aftur á móti verð jeg að segja það um brtt. á þgskj. 355, að þær eru samdar á sama grundvelli og stjórnarfrv. Þó álít jeg, að ef frv., með þeim breytingum, kæmi aftur fyrir háttv. Nd, þá yrðu þær því að falli. — 1. og 3. brtt. miða til hækkunar á styrknum. Sú hækkun mundi geta numið yfir 500 þús. krónur, ef veitt yrði að fullu. En nú er það engan veginn útilokað með stjórnarfrv., að sveitarfjelögin geti ekki veitt meiri hjálp en sem svarar 15 kr.

á mann. Meiningin með þeirri upphæð er að eins sú, að tiltaka hvað þurfi minst til þess, að landssjóðsstyrkurinn fáist.

Mjer finst enn fremur 2. brtt. óþörf. Þar er talað um, að stjórnarráðið geti sett hækkun útsvara sem skilyrði fyrir hluttöku landssjóðs í útgjöldum, sem ráðstafanirnar hafi í för með sjer. En í stjórnarfrv. er gert ráð fyrir tveim leiðum til framkvæmdar lögunum, að hækka útsvör og taka lán.

Að öllu athuguðu verð jeg að leggja á móti þeim brtt., sem fram eru komnar. Landsstjórnin hefir í svo mörg horn að líta, og jeg skil ekki, að nokkur geti láð henni það, þó að hún vilji ekki láta binda landssjóði of þunga bagga.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Í raun og veru hefði breytingin við 5. gr. þurft að vera fyllri; þar hefði þurft að koma »og stjórnarráðs« á eftir orðunum »samþykkis sýslunefnda«. Og til þess, að þetta þurfi ekki að reka sig á, er jeg að hugsa um að taka aftur staflið a, við 5. gr., og mætti svo leiðrjetta þetta í háttv. Nd.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Ísaf. (M. T.) talaði um, að þingið ætti að sýna vilja sinn í því að hjálpa bágstöddum, með því að samþykkja brtt. hans, þá skal jeg geta þess, að brtt. nefndarinnar voru einmitt þess eðlis, að hægt var að veita ótakmarkaða hjálp samkvæmt þeim, þar sem þess þurfti við. En þær hjálpaði háttv. þm. (M. T.) til þess að drepa, og sýnist mjer ónauðsynlegt að tala þar um fleira.

Magnús Torfason: Eins og við vitum, er hlutverk fjármálaráðherra í öllum löndum að smala fje í ríkissjóðinn. Fjármálaráðherrann okkar má vera ánægður með að hafa tekist það vel hjer á þingi. En vitanlega skoðar hann þá líka sem sitt hlutverk að »passa« upp á gullið í gjánni. Þess vegna hefi jeg átt bágt með að skilja, hvers vegna dýrtíðarhjálpin hefir verið látin heyra undir fjármálaráðherrann, en ekki undir innanríkisráðherrann, eins og alstaðar tíðkast í heiminum. Jeg hjelt, að fjármálaráðherrann hjer ætti engin undantekning að vera annara fjármálaráðherra heimsins.

Hann var að gera mikið úr hækkun útgjalda fyrir landssjóðinn, sem brtt. mínar mundu valda. En ef fyrsta varatill. mín yrði samþ., yrði hækkunin aldrei yfir 150,000 kr. fyrir landssjóðinn, með $^1/_3$ endurgreiðslu af upphæðinni. 3. brtt. mín hækkar endurgreiðsluna að eins um $^1/_6$, og þarf ekki að endurgreiða nema alt að helmingi. Þar með er ekki sagt, að reglan geti ekki verið að veita að eins 3. hluta, þó að lengra megi fara, þegar fylsta þörf krefur. — Þá er 2. brtt. mín. Með henni á landinu að sparast fje, því að hún kemur í veg fyrir, að sveitarstjórnir sæki um styrk nema um verulega neyð sje að ræða.

Við getum hjer á þinginu fundið nóg ráð til að fylla landssjóðinn, og það er áreiðanlegt, að það verða sveitarfjelögin, sem nú stynja undir dýrtíðinni, sem fyr eða síðar koma til að borga, ef skórinn kreppir að. En jeg álít enga hjálp í því að veita þeim lán með 6% vöxtum.

Fjármálaráðherra (S. E): Jeg vil að eins benda á það, áður en gengið verður til atkv., að verði brtt. á þgskj. 355 samþ., þá eru það 12 kr. 50 aur. 90,000 sinnum eða ein miljón hundrað tuttugu og fimm þúsund krónur, sem landssjóður getur komið til með að verða að láta úti, og er það margfalt

meira fje en svo, að landið beri slík útgjöld.

ATKVGR.

Brtt. 347, a. og 355, 3, varatill., teknar aftur.

— 347, b. samþ. með 9:2 atkv.

— 355, 1., aðaltill., feld með 10:1 atkv.

— 355, 1., varatill., feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. K., M. T., S. F., G. G.

nei: G. Ó., H. St., H. Sn., S. E., S. J., E. P., G. B.

Brtt. 355, 2. tekin aftur.

— 355, 3. (aðaltill.) feld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. E., K. D., M. K., M. T., S. F.

nei: G. Ó., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., S. E., S. J., E. P., G. G., G. B.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:3 atkv. og endursent Nd.

Á 50. fundi í Nd., laugardaginn 15. júní, var útbýtt

Frumvarpi til laga um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 362).

Á 51. fundi í Nd., þriðjudaginn 18. júní, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., fimtudaginn 20. júní, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., mánudaginn 24. júní, var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 362, 375, 377).

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Svo er nú komið um þetta mál, að það er komið hingað í því nær sömu mynd og það fór. Eins og háttv. deild er kunnugt, var meiri hl. bjargráðanefndar ekki ánægður með frv., er það var fyr meir til umr. hjer, og þar sem það er enn þá í sömu mynd, leyfir meiri hl. bjargráðanefndar sjer að koma enn þá einu sinni með brtt. Aðalmunurinn á brtt. meiri hl. bjargráðanefndarinnar og frv. er sá, að til þess »að afstýra verulegri neyð af matvælaskorti« vill meiri hl. veita lán, en frv. hallærisstyrk eða gjöf. Hvor leiðin, sem farin er, verður landssjóður, eins og fjárhag hans er nú komið, að taka lán til þessarar dýrtíðarhjálpar. Að vísu mun ekki rjett að tala hjer um hallærisstyrk, því að þennan styrk eða gjöf á ekki að veita þegar hallærið er komið, heldur á að veita hann til þess að afstýra verulegri neyð eða hallæri. Mjer finst það nokkuð undarlegt að vilja gefa mönnum fje til að »afstýra hallæri«, því að verði þeim tilgangi náð með hjálpinni, þá eru líkurnar sem 10:1 fyrir því, að lánahjálpin verði endurgreidd að fullu, en ef hjálpin er veitt sem styrkur, þá eru peningarnir með öllu tapaðir landssjóði. Þetta er grundvallar-mismunurinn á skoðunum meiri hl. bjargráðanefndar og hæstv. stjórnar. Jeg tel það skyldu háttv. Alþingis að líta á fjárhag landsins, er um slík stórmál og þetta er að ræða, og ef stjórnin hefir skýrt rjett frá fjárhagnum hjer í deildinni -- og engin ástæða er til þess að efa það — þá ættu þm. í lengstu lög að reyna að forða landssjóði frá því að grípa til þeirra örþrifaráða, að búta hann niður í hallærisgjafir, og það áður en nokkurt verulegt hallæri er að höndum borið. Dýrtíðarlánin koma alveg að sömu notum og gjafirnar, að því er til þess kemur að afstýra »verulegri neyð«. Gjaf-

irnar forða mönnum ekkert fremur frá hallæri en lánin, en lánin getur landssjóður fengið að fullu endurgreidd, er í ári batnar og gjaldþol landsmanna vex. Lánaleiðin er því og verður eina rjetta leiðin, þótt hún hafi ekki til þessa fundið náð fyrir augum þingsins.

Hæstv. stjórn gerði ráð fyrir því í ástæðunum fyrir frv. sínu, að þessar dýrtíðargjafir, 5 kr. á hvern landsmann, gætu numið 450 þús. kr. Sú upphæð, sem landssjóður kemur til með að lána eftir vorum till., getur að vísu orðið helmingi meiri. Vjer gerum ráð fyrir, að landssjóður láni 10 kr. á hvern íbúa, móti því, að sveitar- eða bæjarstjórn hafi áður lagt fram 10 kr. á hvern íbúa, auk hinna venjulegu útgjalda. Það má því með rökum segja, að ef viðhöfð er aðferð stjórnarinnar, þá sje of fjár kastað á glæ, án allrar endurgjaldsvonar, þar sem með lánsaðferðinni er full trygging fyrir endurgjaldi, er í ári batnar. Þetta vil jeg biðja háttv. þm. að athuga vel, áður en til atkvæða kemur.

Auk þessa verðum vjer að líta á afstöðu þessa máls til landsmanna. Hallærisgjafirnar eru síst til þess fallnar að auka sjálfstæði þeirra eða viðleitni einstaklinganna til þess að bjargast á eigin spýtur; þær eru nokkurskonar sveitarstyrkur. Þetta er því ekki leiðin til þess að efla hug og dug einstaklinganna, heldur ala þær upp í mönnum vesalmensku og amlóðaskap og vantraust á sjálfum sjer. Ef þingið því fellst á þessa aðferð stjórnarinnar, gerir það gyllingar til þess að gera landsmenn að þurfamönnum landssjóðs, og landssjóðinn, sem verður að taka lán til þessarar gjafahjálpar, að enn ver stöddum skuldunaut, og það ef til vill þeirrar þjóðarinnar, sem vjer knýjum nú fastast á um aukið sjálfstæði. Þessa annmarka er lánaleiðin laus við.

Það er ætlast til þess, að þessi lög gildi til eins árs. Meiri hlutinn verður að telja það nokkuð mikla bölsýni, að dýrtíðin gangi á þessu ári svo milli bols og höfuðs atvinnuvegum og fjárþoli þjóðarinnar, að til þess örþrifaráðs skuli þurfa að grípa, að útbýta gjöfum. Ef slík neyð yrði, þá er jeg á sama máli og hæstv. fjármálaráðherra var hjer á dögunum, að öll sú hjálp, sem heitið yrði eftir frv. og till., hvort heldur sem gjöf eða lán, kæmi að engu gagni, og þá yrði auðvitað stjórnin að grípa til einhverra þeirra ráða, og þó að það yrðu örþrifaráð, til þess að forða mönnum frá hungurdauða. En jeg verð nú þvert á móti að álíta, og er jeg ekki talinn bjartsýnn maður, að það verði meiri hluti landsmanna, þetta ár sem lögin eiga að gilda, sem stendur jafnrjettur, hvort sem hann fær 5 kr. fjárstyrk eða ekki. Sama má að vísu segja um þetta 10 kr. lán, en sá er þó munurinn, að landssjóður fær þær aftur, eftir að þær hafa gert sitt gagn, en þessi 5 kr. smágjöf er ekki annað en sundurbútun landssjóðs til óverulegrar hjálpar, sem þó getur numið alt að $^1/_3$ milj. króna og landssjóður þannig fleygir út, án þess að þess sjáist nokkur staður. Þessi styrkur er því, eins og áður er getið, með öllu óendurkræfur fátækrastyrkur, sem þó er veittur, eftir því sem greinir í frv., ekki til þess að bjarga í verulegri neyð, heldur til þess að afstýra verulegri neyð. En verði styrkurinn til þess, að menn standi betur að vígi gagnvart dýrtíð og óáran, þá á að borga hann aftur þegar gjaldþolið vex. Jeg vil leyfa mjer í þessu sambandi að minna á hallærisárin, sem gengu yfir landið nýlega, 1883—88. Þá var svo mikið hallæri, að mönnum lá við dauða af hungri og harðæri. Ár eftir ár var fiskleysi umhverfis Faxaflóa, og grasbrestur var um alt land. Menn geta því nokkurn veginn gert

sjer í hugarlund, hvernig líðan almennings víða á landinu hefir verið. Þegar þetta harðæri steðjaði að, hafði þjóðin fyrir skömmu byrjað þjóðarbúskap sinn, og þótt svo ilt væri ástandið, þá datt samt stjórninni aldrei í hug að gefa einn eyri til hallærishjálpar, en hún veitti upp á sitt eigið eindæmi, og án þess svo mikið sem að spyrja þingið, marga tugi þúsunda að hallærisláni. Það kom heldur engri sveitarstjórn til hugar að biðja stjórnina um gjafir til þess að geta klofið örðugleikana, en þær báðu um lán, og það var þeim veitt, og veit jeg ekki betur en að öll þessi lán hafi verið endurborguð. Þá var að vísu ekki samskonar dýrtíð í landi og nú, en skortur á lífsnauðsynjum var miklu meiri en enn er orðið að þessu sinni, en undir eins og hann var hjá liðinn og í ári batnaði, þá streymdu innborganir til landssjóðsins, svo að á öllum þessum lánum mun hann, þegar öll kurl voru komin til grafar, hafa tapað sáralitlu fje. Jeg held nú, að vjer getum lært mikið á reynslu þessara ára, sem voru sannkölluð hallærisár. Reynslan hefir sýnt oss, að lánaleiðin reyndist þá mjög hentug. Þá bjó líka landið svo vel, að ekki þurftum vjer að taka lán erlendis til þess að geta veitt þessa hjálp. En aftur á móti nú, þegar landssjóðurinn er kominn í óbotnandi skuldafen, höfum vjer stjórn, er dettur slík fásinna í hug, að ausa út fje landsins í gjafir, til þess að afstýra hallæri. Jeg verð því að segja, að það sje ekki vansalaust fyrir þingið að vera að »monta« sig með að heita mönnum hallærisgjöfum, sem landið verður að taka lán til að geta veitt; hitt vansaminna, að lána mönnum fjeð, eins og ástæður vorar eru nú. Mjer virðist það skrítinn búskapur að taka lán með háum vöxtum til þess eins, að gefa peningana, og mjer er nær að halda, og er meira að segja sannfærður um, að bændur, sem sæti eiga í þessum sal, mundu ekki telja það búhnykk að fara svo að ráði sínu. Auðvitað má gera ráð fyrir því, að þótt þetta næsta ár verði ekki svo erfitt, að hallæri standi fyrir dyrum, þá geti næstu ár orðið svo erfið, að erfitt verði um endurgreiðslu lánanna, en þá er hægurinn hjá fyrir þing og stjórn að haga sjer eftir því við skuldunautana og veita þeim lengri borgunarfrest, og í versta tilfelli að gefa jafnvel upp lánin. En jeg fyrir mitt leyti álít, að á næstu árum verði meiri líkur fyrir því, að lánin borgist, heldur en að þau tapist með öllu, og því verð jeg að álíta þessa leiðina æði miklu hyggilegri búskaparaðferð fyrir landssjóðinn. Það má ef til vill hafa það sem keyri á brtt. vorar, að þessi 10 kr. lánsheimild sje helmingi stórtækari á fje landssjóðs heldur en 5 kr. gjafaheimild stjórnarfrv., en þessu er því að svara, að landið stendur sig miklu betur við að taka lán, til þess að lána það út aftur með hæfilegum vöxtum, heldur en að taka helmingi minna lán, til þess að útbýta því sem smágjöfum. Þá finst mjer, að hjer komi til athugunar, hver afstaða sveitar- og bæjarstjórna verði til þessara laga, og jeg verð að álíta, að ef samþ. verður styrkveiting stjórnarinnar, þá veiti hún minni tryggingu fyrir því, að hjálpin komi niður á rjettum stað og þar, sem þörfin er mest, heldur en ef lánaleiðin er farin.

Þessi gjafaleið freistar efnaðri sveitarfjelaga til fjárframlaga, þótt engin veruleg neyð sje fyrir dyrum, til þess að ná í þennan styrk. Efnamennirnir »spekúlera« í því að taka lán fyrir sveitina og ná í landssjóðsstyrkinn, til þess að ljetta á sjer gjöldunum til sveitarinnar, sem menn verða að greiða eftir efnum og ástæðum, og koma því mest á efnamennina, án þess að fátækling-

arnir beri sanngjarnan hlut frá borði. Á þessu er hættan minni, ef lánaleiðin er farin. Efnamennirnir verða þá að bera mest af þeirri byrði, sem á sveitarfjelagið legst, fyr eða síðar, og þá er lítil freisting fyrir nokkurn mann að stuðla að því að ná í fje úr landssjóði, og lítil von um að geta grætt á því, þegar um upphæð er að tefla, sem verður að endurborga að fullu. Þess vegna verður meiri hl. bjargráðanefndar að álíta, að sveitarfjelögin tefli meir á fremsta hlunn með að bjarga sjer sjálf, ef þessi leið er farin. Fátækum sveitarfjelögum gæti að vísu verið það þarfur ljettir, að fá þennan landssjóðsstyrk, en þau yrðu þá að leggja mjög hart að sjer til þess að verða hans aðnjótandi. Ríkari sveitarfjelög geta blátt áfram haft hann að gróðafyrirtæki fyrir sveitina, eða til hlunninda fyrir efnaðri menn í sveitarfjelögunum.

Þegar á þetta er litið, skoðar meiri hl. nefndarinnar þá leiðina, að lána sveitarfjelögunum 10 kr. á mann, í stað þess að gefa þeim 5 kr. á mann, bæði rjettlátari og hollari, og um leið er meiri trygging fyrir, að hún komi að notum og minni freisting fyrir sveitarfjelögin til að leita fjár úr landssjóði um skör fram. — Jeg segi hollari. — Það er hollara fyrir sjálfstæðistilfinningu þjóðarinnar, að þeim, sem hjálpar þurfa, sje veitt fje að láni til að sjá sjer borgið, í stað þess að gera landsbúa að þurfalingum landssjóðs.

Jeg get ekki búist við, að þessar brtt. verði samþ., heldur en fyr, en meiri hl. nefndarinnar vildi samt koma fram með þær til þess að gera enn eina tilraun til að koma málinu í viðunandi horf. En við getum ekki álitið, að málið komist í viðunandi horf, nema gengið sje inn á lánaleiðina í einhverri mynd. Í háttv. Ed. vildi nefndin ekki hætta fyr en í fulla hnefana við tilraunir til að koma frv. í þetta horf, í stað þess að fylgja fram frv. stjórnarinnar, og í þessari háttv. deild er sjálfsagt að reyna það til hins ítrasta.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer þykir leitt, að ekki skuli vera hægt að koma á einhverju samkomulagi um þetta atriði milli þings og stjórnar og milli þingmanna innbyrðis. Mjer sýnist þessu máli komið í það óefni, að ástæða sje til að reyna enn þá að finna einhverja leið til samkomulags. Jeg lít svo á, að vel hefði mátt bíða með að samþ. þessi lög þangað til rjett fyrir þinglitin. Fyr þarf ekkert á lögunum að halda. Það væri ef til vill líka rjettast að geyma að samþ. þau þangað til allra síðast.

Jeg verð að segja það, að jeg er óánægður, bæði með frv., eins og það kemur frá háttv. Ed., og líka með till. meiri hl. bjargráðanefndar. Mjer þykir leitt að heyra þingmenn nú vera að fjargviðrast út af því og berjast á móti því með hnúfum og hnefum, eins og það sje einhver fjarstæða, að landssjóður rjetti mönnum hjálparhönd til að bera dýrtíðarbyrðarnar. Þótt þingið veiti nú tæpa $^1/_2$ miljón til dýrtíðarhjálpar, þá er það ekki neitt óheyrilegt, þegar þingið í fyrra veitti svipaða upphæð í sama tilgangi, að eins til að setja niður verð á einni vörutegund og það þó ekki nema að nokkru leyti. Það er alveg samskonar, sem farið er fram á í þessu frv., og það, sem gert var í fyrra, með niðurfærslu kolaverðsins. Nú eru allar vörur dýrari en þær voru þá, og því er enn meiri ástæða til að lækka verðið. Það er ekki nema eðlilegt, fyrst að haldið var inn á þá braut að veita mönnum hjálp, að haldið sje áfram á þeirri braut.

Jeg skal játa það, að frv., eins og það kom frá háttv. Ed., er nær stjórn-

arfrv. en till. meiri hl. bjargráðanefndar. En inn í það hefir þó verið sett það atriði, sem stjórnin vildi sjerstaklega varast, en það er heimild til þess að lána úr landssjóði. Eins og frv. liggur nú fyrir, ætlast það til þess, að landssjóður bæði gefi og láni sveitarfjelögunum fje til hallærisráðstafana. Jeg verð að telja þetta mjög varhugavert atriði í lögunum og töluvert tvísýnt um, að landssjóður geti lánað fje, svo að nokkru nemi. Hann þarf fyllilega á öllu sínu lánstrausti að halda.

En það, sem lakast er við frv, eins og það kom frá Ed., er það, að eftir orðalagi þess þurfa sveitarfjelögin ekki að leggja neitt fram frá sjálfum sjer til þess að fá landssjóðsstyrkinn. Ef þau að eins taka lán, sem nemur 15 kr. á mann í sveitinni, og kaupa fyrir það vörur, til þess að útbýta meðal þeirra, sem hjálpar þurfa, þá geta þau látið sinn part sem lán, en útbýtt þessum $^1/_3$, sem landssjóður leggur til sem gjöf. Þetta gæti orðið til þess, að landssjóður legði fram fje án þess að brýn þörf kallaði að. Það er hætt við því, að sum sveitarfjelög reyndu til þess að taka þessi lán, til þess að græða á þeim styrkinn, án þess að þeim væri það óhjákvæmilegt. Það stendur að vísu í frumv., að lánin eigi að vera tekin til þess að afstýra verulegri neyð. En það gæti orðið erfitt að líta eftir því, hve veruleg neyð væri fyrir dyrum, og hætt er við, að einhverju sveitarfjelagi yrði veittur styrkur, sem ekki hefði þess brýna þörf.

Jeg þarf svo ekki að tala meira um þetta mál. Jeg sje enga frágangssök að ganga að frumv. stjórnarinnar. Það heldur að eins áleiðis sömu brautina og lagt var út á í fyrra. Aftur á móti finst mjer frágangssök að lána fje úr landssjóði, því að landssjóður á nóg með sig. Það er að minsta kosti varla heppilegri leið en hitt.

Sem sagt, þetta er frumv., sem ekkert liggur á, fyr en rjett fyrir þinglokin, og er því rjettast að samþykkja það ekki fyr en allra síðast, svo að menn geti hugsað um það til síðustu stundar. Ef til vill getur líka eitthvað komið fyrir á þeim tíma, sem gæti haft áhrif á það, hvernig frá því yrði gengið. (**S. St.**: Hve nær koma þinglokin?). Jeg geri ráð fyrir, að menn viti það að minsta kosti 3 eða 4 dögum áður en að þeim kemur, þótt ekki sje hægt að segja neitt um það enn þá. Það er varla hægt að búast við því, að þau beri svo bráðan að, að ekki verði hægt að afgreiða málið, og tæplega kemur að þeim fyrsta hálfa mánuðinn, og á þeim tíma kynni að vera hægt að finna einhverja leið til samkomulags.

Jeg tel varla hægt að bjóða upp á lán úr landssjóði, eins og hann þarf mikið á fje að halda. En ef þingið vill nú kippa að sjer hendinni með að hjálpa, sem það hefir áður útrjett, þá verður það að vera þess sök og á þess ábyrgð, ef illa fer. — Jeg fyrir mitt leyti verð að vera á móti því að bjóða upp á lán úr landssjóði, eins og hagur hans stendur nú.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg verð að taka í sama strenginn og hæstv. forsætisráðh. og óska þess, að málið verði tekið út af dagskrá og látið bíða, þangað til fullreynt er, hvort ekki er hægt að koma á samkomulagi. Í háttv. Ed. komu líka fram raddir um þetta sama, að ráða málinu ekki til lykta fyr en í þinglok, og voru þær rökstuddar á sama hátt og hæstv. forsætisráðh. gerði í ræðu sinni, að komið gætu fram ýmsar breytingar, eftir því sem tíminn líður, sem vert væri að taka til íhugunar.

Jeg hefi þegar farið mörgum orðum um þetta mál, bæði í þessari hv. deild

og hv. Ed. Jeg ætla því ekki að bæta við langri ræðu að þessu sinni. Hún mundi verða að miklu leyti endurtekning á því, sem jeg hefi áður sagt.

Viðvíkjandi tillögunum, sem fyrir liggja, vildi jeg leggja það til, að frv. yrði aftur fært í það horf, sem það var í, er það fór frá þessari háttv. deild, en tekin út lánsheimildin, sem Ed. setti inn í það.

Að því er snertir till. meiri hl. bjargráðanefndar og ástæður þær, sem háttv. frsm. (S. St.) færði fyrir þeim í ræðu sinni, þar sem hann sagði, meðal annars, að lánaleiðin væri rjettmætari en gjafaleiðin, þá get jeg vísað til þess, sem jeg hefi sagt í háttv. Ed. Jeg get með engu móti litið svo á, að komið geti til mála, að kalla það fátækrastyrk til þjóðarinnar, þótt landssjóður veiti þessa dýrtíðarhjálp. Þá hefði líka, eins og hæstv. forsætisráðh. tók fram, verið ástæða til þess að kalla það fátækrastyrk, þegar niðurfærslan á kolaverðinu var veitt í fyrra. Jeg hefi ekki orðið var við það, að neinn hafi tekið það í mál. Þessi leið er líka farin hjá öðrum þjóðum, t. d. hjá Dönum. Þeir hafa veitt dýrtíðarstyrk, vissa upphæð á mann í sveitarfjelögunum, og bæði þar og annarsstaðar hefir verið veitt niðurfærsla á vörum, t. d. smjöri, en hvergi hefi jeg orðið þess var, að þessi hjálp hafi verið kölluð fátækrastyrkur. En jeg tel heppilegra fyrir sveitarfjelögin að fá ákveðna upphæð, þótt ekki sje fullnægjandi, heldur en að binda sig í skuldasúpu, sem tvísýnt er um, hve nær þau geta leyst sig úr.

Háttv. frsm. (S. St.) var að bera hallærishjálpina núna saman við hallærishjálpina, sem veitt var árin 1880—88. Jeg lít nú svo á, að hagur landsins sje, þrátt fyrir alt, betri nú en hann var þá. En jeg skal ekki fara frekar út í það. Þá hjelt hann (S. St.), að ef haldið væri inn á styrkleiðina, þá mundu efnamennirnir leggja kapp á að ná í styrk handa sveitarfjelögunum, til þess að ljetta útgjaldabyrði af sjálfum sjer. Jeg álít að niðurstaðan yrði alveg öfug. Til þess að ná í landssjóðsstyrkinn, verða sveitarfjelögin að leggja á sig meiri byrði en venjulega. Þessi aukna byrði kemur að sjálfsögðu þannig niður, að hærri upphæð verður að jafna niður eftir efnum og ástæðum. Hún lendir því aðallega á efnamönnunum. Mjer þykir ólíklegt, að þeir vildu fara að stuðla að því, að jafnað væri niður hærri upphæð. Jeg get ekki skilið það.

Jeg verð að líta svo á, að hjálpin, sem frv. fer fram á, sje svo takmörkuð, sem frekast er unt. Og landssjóður getur betur staðið sig við, að veita svo takmarkaða hjálp en að binda sig við að lána, eftir því sem þörf gerist. Lánaleiðin er alls ekki heppileg frá landssjóðsins sjónarmiði.

Jeg ætla svo ekki að bæta fleiru við það, sem jeg hefi áður sagt. En jeg vildi óska þess, að málið yrði tekið út af dagskrá að þessu sinni, og reynt að finna einhverja leið, sem þingið gæti sameinað sig um. Jeg segi ekki, að það sje örvænt um, að hægt sje að finna einhverja leið.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Það var víst síðastliðinn mánudag, sem málið var tekið út af dagskrá, að jeg held, eftir beiðni hæstv. fjármálaráðh. Jeg hafði ekkert á móti því þá, og hjelt, að það væri gert til þess, að koma með brtt., sem gengi eitthvað í áttina til samkomulags. En þessi von hefir brugðist. Alt til þessa hefir ekki bólað á neinni samkomulagstilraun, og verð jeg þó

að álíta, að málið hafi ekki verið tekið út af dagskrá til neins annars en þess, að reyna að koma á samkomulagi.

Það er síður en svo, að meiri hluti bjargráðanefndar hafi neitt á móti því, að málinu sje frestað. Hann hefir fullan vilja á því, að komist verði að einhverri skynsamlegri niðurstöðu en útlit er fyrir að komist verði að nú. Ef það tækist, þá væri málinu góðu heilli frest að. En eigi það að takast, þá verður stjórnin að gera einhverja tilraun til þess að koma á móti nefndar meiri hl. Í trausti þess, að hún ætli sjer að gera það, og geri það, get jeg fallist á, að málinu sje frestað. En það er líka það eina, sem jeg get fallist á í ræðum beggja hæstv. ráðh.

Hæstv. forsætisráðh. vildi byggja dýrtíðarstyrkinn á því, að þingið í fyrra fór einnig inn á þá leið, að veita dýrtíðarhjálp. Það er alveg rjett, að þingið í fyrra hjelt inn á þessa braut. En óvíst er hve margir þeir eru nú hjer í salnum, sem telja nú að t. d. niðurfærsla kolaverðsins hafi verið hyggileg ráðstöfun. Líklega eru þeir fleiri, sem telja, að dýrtíðarráðstafnir þær sumar, sem gerðar voru í fyrra, hafi reynst hið mesta óráð. Að því er lánin snertir, hefir reynslan sýnt, að þegar til framkvæmdanna kom, sá stjórnin sjer ekki fært að veita lán með svo góðum kjörum, sem lögin ákváðu. Hún hafði blátt áfram ekki fje handbært til þess. Það er síður en svo, að jeg lái stjórninni, þótt hún gæti ekki framkvæmt þau lög. En reynslan bendir þá til þess, að nú verði að taka upp aðra aðferð en þá var tekin. Um dýrtíðarkolin held jeg, að jeg verði að segja það, að líklega fengist nú ekki eitt einasta atkvæði með því, að veita þann afslátt aftur. En eftir ræðu hæstv. forsætisráðh. á að skoða dýrtíðarráðstafanirnar í fyrra að eins sem byrjun, og að nú sje sjálfsagt að halda lengra á þeirri braut. En það dugir ekki að halda áfram á einhverri braut, þótt byrjað sje á henni, ef reynslan sýnir, að brautin hafi verið óheppilega valin. Þá er að læra af reynslunni og reyna að finna aðra leið, sem líklegt er að reynist betur.

Mjer er með öllu óskiljanleg sú fjármálapólitík, að heppilegra sje að gefa en lána, þegar lánin koma þiggendum að sömu notum og gjafir, og líkur eru til að lánin geti orðið endurborguð fyr eða síðar. Jeg verð að játa, að mig brestur skilning til að skilja þá fjármálapólitík; sú ákvörðun í 5. gr. frv., að lánin megi veita úr landssjóði, virðist mjer vera óþörf og koma inn í frv. eins og »deus ex machina«, eða fjandinn úr sauðarleggnum. Því að þess ber að gæta, að í 7. gr. er einnig heimild til lántöku fyrir stjórnina, og jeg lít svo á, að sú heimild eigi ekki einungis við lánin, sem talað er um í 6. gr., heldur öll þau lán, sem lögin hljóða um.

Að hægra sje fyrir landssjóðinn, að gefa en lána, er mjer öldungis óskiljanlegt. Og vilji menn styðjast við þá reynslu, sem fyrir liggur frá 1880—88, þá var farin lánaleiðin í miklu verulegri neyð en nú er sjáanleg fyrir dyrum í nánustu framtíð, og kom hvergi að baga. Hitt væri ærinn skorbítur í fjárhag landsins, ef nú ætti að fara að búta $^1/_2$ miljón niður í gjafir og strá þeim út um sveitirnar. Menn verða að líta á hag landssjóðs, líta á það, að hann hefir fje af mjög skornum skamti. Þótt auðugri þjóðir geti leyft sjer að veita verulega dýrtíðarhjálp, sem um munar, með gjöfum úr ríkissjóði, þá leyfir hagur landssjóðs það ekki. Það dugir ekki að vitna í aðrar þjóðir, sem hafa miklu meira fje handbært.

Jeg sje ekki heldur neina hættu á því, að dýrtíðarhjálpin verði frekar misbrúkuð þótt hún sje veitt sem lán, held-

ur en þótt hún sje gjöf, nema miklu síður.

Jeg verð að álíta, að það sje skylda þingsins, að ganga inn á einhverja aðra leið en það gekk inn á í fyrra. (**Fjármálaráðherra:** Það var lánaleiðin). Það var alt önnur lánaleið. Og geti landið fengið $^1/_2$ milj. kr. lán, til þess að úthluta sem styrk, þá efast jeg ekki um, að lánstraust þess sje svo gott, að það geti fengið 1 milj. kr. til þess að lána landsmönnum. En munurinn er sá, að láni landssjóður landsmönnum 1 miljón kr., til þess að afstýra neyð, getur hann vænst þess að fá meiri hluta þess fjár endurgreiddan, en veiti hann $^1/_2$ miljón kr. styrk, verður það fje aldrei endurgreitt.

Það þótti því strax undarleg aðferð í frv. stjórnarinnar, er hún fer nú, eftir reynsluna frá því í fyrra, að bjóða út að fyrrabragði $^1/_2$ milj. kr. að gjöf, og það á því herrans fullveldisári 1918. Það er ófyrirsynju, að stimpla þjóðina með öreigastimplinum, í sömu andránni sem hún krefst þess, að henni sje fenging fullveldi mála sinna í hendur. Og enn undarlegra er, að sama stjórnin, sem ekki gat veitt lögákveðna hjálp í fyrra, sökum fjeleysis, skuli nú bjóða fram hallærisgjafir. Þetta væri verjandi, ef ástandið væri svo miklum mun verra, en í fyrra, að yfir vofði hallæri og mannfellir. En svo ilt er þó ekki í efni.

Jeg hygg, að jeg geti sagt fyrir hönd bjargráðanefndar, að hún hafi ekkert á móti því, að málinu sje frestað. En nefndin vonar þá, að hæstv. stjórn komi til móts við hana og reyni að lagfæra verstu misfellurnar á frv., sem eru svo miklar, að nefndin hikar sjer ekki við, að greiða atkvæði gegn því, verði þeim ekki kipt í lag.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg þori ekki að fullyrða hvort það eru 3 eða 4 dagar síðan jeg æskti þess, að málið væri tekið út af dagskrá. Jeg hefi íhugað málið síðan, en er ekki algerlega undirbúinn undir að ræða það enn þá. Jeg ætlaði að hafa tal af hv. bjargráðanefnd um málið, en er jeg kom á fund hennar, vildi svo til, að hún hafði þegar gert till. sínar.

Mjer finst háttv. frsm. (S. St.) ekki í fullu samræmi við sjálfan sig. Hann gat þess, að lánsleiðin hafi ekki reynst vel í fyrra. Þar er jeg honum algerlega sammála, og það var einmitt af þeirri ástæðu, að stjórnin vildi snúa frá þeirri leið og inn á aðra braut. Ef lán yrðu veitt, yrði það stór halli fyrir landssjóðinn.

Ástæðan til þess, að dýrtíðarlánin voru ekki veitt í fyrra, var ekki sú, að ekki væri fje fyrir hendi. Fje var nægilegt til þess, en hefðu lánin verið veitt, hefði landssjóður orðið fyrir stórhalla. Því þó að það hjeti einungis lán, þá hefði landssjóður tapað margfalt meiru, heldur en þótt ákveðin upphæð væri veitt sem styrkur. Þegar málið var hjer fyrst til umræðu, var stjórninni fundið það til foráttu, að styrkurinn væri alt of lítill. Þetta var aðalmótbáran þá.

Háttv. framsm. (S. St.) mintist á kolaúthlutunina. Skildist mjer hann fara þeim orðum um hana, að hann liti svo á, að hún væri ófyrirsynju, og lýsti hann því, sem sú væri skoðun fólks almennt. En jeg er sannfærður um, að mikill þorri manna lítur svo á, að hún hafi verið til afarmikils góðs, og jeg veit fyrir víst, að svo hefir verið. Enda hlýtur öllum að vera það skiljanlegt, að þar sem kolin voru í svo háu verði, að allur fjöldi manna gat ekki keypt þau, þá hefði orðið hreinasta neyð með-

al almennings, hefði landið ekki veitt neinn afslátt af þeim.

Þá segir háttv. framsm. (S. St.), að landsstjórnin sje að bjóða út gjafir. Þetta er ekki rjett. Landsstjórnin býður ekki út styrkinn, hún bindur hann einmitt skilyrðum. Sveitarstjórnirnar verða að leggja á sig talsverðar byrðar, en svo var ekki í fyrra. Í þessu er fólgið það eftirlit, er vantaði í fyrra, en full þörf er á. Er því algerlega rangt að segja, að landsstjórnin bjóði styrkinn út. Því að vitanlega er ekki tilætlun að veita hann, nema hans sje full þörf.

Háttv. framsm. (S. St.) sagði enn fremur, að ekki væri rjett að taka til greina reynslu annara þjóða, t. d. Dana. Þar væru menn miklu auðugri. En hyggur háttv. framsm. (S. St.) ekki, að þótt þeir sjeu ríkir, þá muni þeir samt fara þær leiðir, er þeir álíta hagfræðislega bestar. Vitanlega verður að gera ráð fyrir því, að hver hyggin þjóð fari þær leiðir, sem völ er á. (**S. St.**: Þar hefir lánaleiðin verið farin). Háttv. framsm. (S. St.) segir, að lánaleiðin hafi verið farin þar. Jeg hygg, að sú leið sje ekki farin af þeim þjóðum, er fara viturlega með fje sitt, að þær teymi almenning ekki út á lánabrautina. Það er vitanlegt, að óholt er að taka lán til annars en til þess að auka framleiðsluna. Lán til einstakra manna til eyðslueyris, eru lítt holl.

Miklu rjettari er sú leið, að segja við almenning, að svo eða svo háa upphæð skuli hann fá. Þá veit landssjóður, hve há útgjöldin til þessa verða í hæsta lagi, og þá geta allir þeir fengið styrk, sem uppfylla þau skilyrði, er sett eru.

Háttv. framsm. (S. St.), sem er sjálfsagt mikill ráðdeildarmaður, mun og á því, að einstaklingum er óholt og hættulegt að draga fram lífið með lánum. Og hann veit, að Danir muni ekki vilja leiða fólk sitt inn á þá braut.

Eftir að háttv. framsm. (S. St.) er nýbúinn að segja, að auðugri þjóðir geti veitt styrk, þá segir hann, að þessi þjóð sje að stimpla sig með því að veita öreigastyrk. Jeg á bágt með að skilja, hvað hann er að fara. Hann hefir gripið sig fastan í lánaleiðina. En þó geri jeg ráð fyrir, að hann vilji eigi hleypa mönnum alment inn á þá leið. Sú leið er ekki heldur holl.

Stjórnin hefir haft það fyrir augum, að taka fult tillit til landssjóðsins og binda honum ekki of þunga bagga. En hún vill og taka tillit til almennings. Þegar allar vörur eru í jafn-háu verði, sem nú, útlenda varan afardýr og innlendar vörur ekki síður, þegar smjörpundið kostar yfir 3 kr. og mjólkurpotturinn 52 aura og ekkert er gert til þess að halda verðinu niðri, þá á almenningur heimtingu á styrk. Og algerlega er rangt að kalla það ölmusu, þó að landssjóður hlaupi undir bagga með almenningi. Jeg geri ráð fyrir því, að þeir sem vinna við landbúnað, ættu að geta unnað almenningi einhvers styrks, þar sem afurðir þeirra eru í svo háu verði.

Hv. framsm. (S. St.) ber einmitt landssjóðinn ekki fyrir brjósti, því að hann gætir þess ekki, að lánin verða til margra ára, 5 ára. Þá verður ófriðurinn vonandi á enda, en verði hann það ekki, þá fær landssjóður ekki heldur lánin endurgreidd á þeim tíma. Frá sjónarmiði háttv. framsm. (S. St.) ætti landssjóður að geta fremur veitt 450,000 kr. styrk, en 1 milj. króna lán. Landssjóður stendur sig betur við það, að sjá af 450,000 heldur en af 1 milj. kr. á þessum tímum, þegar vandræðin, er stafa af ófriðnum, kreppa að; honum veitist ljettara að standast ófriðarörðugleika, með því að gefa 450,000 kr., heldur en veita 1 milj. kr. lán.

Setjum svo, að öll sveitarfjelög á landinu fengju þennan styrk, þá mundi það

nema um 450 þús. kr. Það mundi ekki þýða annað en að almenningur yrði þeim mun færari til þess að taka þátt í ófriðarbyrðinni á eftir.

Styrkurinn er takmarkaður og bund inn föstum skilyrðum. Hann getur því aldrei verið hættulegur. En lánabrautin er hættuleg. Jeg hefi oft rekið mig á það, að sú er skoðun mjög margra manna, einnig innan þingsins, að landssjóður geti veitt lán takmarkalaust til hinna og þessara fyrirtækja, án þess að nokkur trygging sje fyrir því, að þau verði endurgreidd. Og margir hafa komist inn á landssjóðinn á þennan hátt. Háttv. þingmenn hafa ekki verið eins gætnir, að hamla á móti lánum, eins og á móti beinum styrkveitingum. Því er styrkveiting heppilegri en lánveiting. Þingið er ávalt betur á verði gegn styrkveitingum.

Verði málið tekið út af dagskrá, sem jeg vona, fæ jeg ekki sjeð, að nauðsyn sje á frekari umræðum um málið að sinni. Því að vonandi finst þá leið í málinu, sem allir geta unað við.

Forsætisráðherra (J. M.): Ef hæstv. forseti verður við þeim tilmælum, er komið hafa um að taka málið út af dagskrá, og háttv. framsm. (S. St.) hefir tekið vel í, þá er tilgangslaust að ræða málið frekar að þessu sinni. Ef til vill verður hægt að finna aðrar leiðir, er ekki verður deilt um, og er þá gagnslaust að ræða málið frekar, eins og það liggur fyrir nú. Verði málið tekið út af dagskrá, ætti hæstv. forseti ekki að leyfa frekari umr. um það, nema að mótmælum verði hreyft gegn því, að málið sje tekið út, en til þess hygg jeg ekki að muni koma.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Ef málið verður tekið út af dagskrá, get jeg geymt mjer að leiðrjetta allan þann misskilning, sem kom fram í ræðu hæstv. fjármálaráðherra.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. júlí, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 362, 375, 377, 475).

Afbrigði leyfð og samþ. um brtt. 475, er of seint var fram komin.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg sje enga ástæðu til, að halda nú uppi löngum umr. um þetta mál, en að eins vil jeg leyfa mjer að gera stutta grein fyrir þeim brtt., er jeg hefi leyft mjer að flytja, og stjórnin öll er sammála um.

1. brtt. fer í þá átt, að gera það með öllu ljóst, að sveitarfjelögin megi verja meiru en þeirri upphæð, 15 kr, sem tekin er til í 1. gr., að sveitarfjelögin megi verja til dýrtíðarhjálpar af eigin ramleik, ef sveitarfjelögin fá til þess leyfi sýslunefnda. Það var alt af meining stjórnarinnar, að hún vildi ekki á neinn hátt takmarka það fje, er sveitirnar veittu til dýrtíðarhjálpar, en af því að sumir virðast hafa misskilið þetta, eins og það er orðað í greininni, þá er nú sagt með brtt., að þessar 15 kr. megi veita án samþykkis sýslunefndar, sem sýnir, að með samþykki sýslunefndar má verja meiru.

Hin önnur brtt. gengur út á að taka það fastlega fram, að úr landssjóði skuli ekki veita neitt fje fyr en sveitarfjelögin eru búin að leggja fram þær 10 kr., sem gert er ráð fyrir sem skilyrði fyrir styrknum úr landssjóði. Jafnframt er líka þrengdur vegurinn að þessum landssjóðsstyrk, því að það er sett sem skilyrði fyrir því, að styrkurinn úr landssjóði verði heimtaður, að þessum 10 kr. hafi verið jafnað niður á sveitarfjelagið.

Svo er loks 3. brtt. við 5. gr., sem heimilar, ef ástandið í einhverjum slíkum hreppi er svo vont, að ekki sje hægt að ná inn með niðurjöfnun upphæð þeirri, er sveitin þarf að leggja fram, samkvæmt þessum lögum, þá megi undir þessum alveg sjerstöku ástæðum veita hreppnum lán úr landssjóði, og heimilast landsstjórninni að veita sveitarstjórninni þessi lán, en þó þannig, að þau fari ekki yfir 100 þús. kr., og skulu þau veitt með venjulegum bankakjörum.

Í háttv. Ed. var bætt því ákvæði inn í stjórnarfrv., að auk styrksins var gefin heimild til að lána undir vissum kringumstæðum. Þessi lánsheimild þótti stjórninni of stór, en til samkomulags var gengið inn á, að lána megi 100,000 kr. alls. Og vil jeg geta þess, að ef brtt. þessi verður samþ, sem jeg vona, mun mega telja víst, að háttv. Ed. muni ganga að frv. í þeirri mynd.

Sje jeg svo ekki ástæðu til frekari orða um málið, en að eins vil jeg mæla með því, að brtt. stjórnarinnar verði samþyktar.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg get tekið undir það með hinum hæstv. fjármálaráðherra, að það þýði lítið að eyða tíma í umr. um þetta mál frekar en orðið er. Jeg skal geta þess, að bjargráðanefnd hefir ekki gefist kostur á að kynna sjer brtt. stjórnarinnar, en hefir að eins talað við hæstv. fjármálaráðherra nú í gær, en þá voru brtt. ekki tilbúnar. Jeg skal lýsa yfir því fyrir mitt leyti, og jeg geri ráð fyrir, að flestir bjargráðanefndarmenn hugsi líkt, að mjer er jafnilla við frv. nú sem áður, þótt brtt. hæstv. stjórnar verði samþ. En þó skal jeg lýsa yfir því, að atkv. nefndarmanna eru með öllu óbundin af því, sem jeg segi. En það er enn sem fyr, að nefndin vili fara lánaleiðina og telur hana þá rjettu leið í þessu máli. Jeg fyrir mitt leyti skal lýsa yfir því, og jeg hygg að svo sje um fleiri bjargráðanefndarmenn, að verði brtt. á þgskj. 375 ekki samþ., þá mun jeg greiða atkv. móti frv. þessu. Þessar brtt. hæstv. fjármálaráðherra fara að vísu nokkuð lengra í að þrengja aðganginn að þessum styrk, en jeg álít, að þessi dýrtíðarhjálp eigi engan veginn öðruvísi að vera en lán, þar sem um það er að ræða, að afstýra hallæri. Jeg er með því, að veita lán til þess, en ef hallæri er afstýrt, þá er það ófyrirsynju, að veita gjafir. Það væri annað mál, ef hallæri væri komið, og þar af leiðandi veruleg bágindi, að styrkja þá með gjöfum þá, sem bágast ættu.

Fjármálaráðherra (S. E).: Að eins vildi jeg láta þess getið, sem jeg geri reyndar ráð fyrir, að óþarfi sje að taka fram, að stjórnin mun að sjálfsögðu gæta allrar gætni í framkvæmdum þessa máls, og aldrei veita styrkinn nema þörfin sje ótvíræð.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara inn á baráttu þá, sem hjer á sjer stað milli »princip« anna í þessu máli. En jeg hefi kynt mjer málið frekar og leitað upplýsinga um dýrtíðarráðstafanir annara þjóða, og hafa þær þjóðir, sem best hafa frá dýrtíðarmálunum komist, yfirleitt komist að þeirri sömu niðurstöðu og stjórnin, að lánaleiðin væri óheppileg.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Hæstv. fjármálaráðherra hefir fyr sagt, að erlendis væri styrkleiðin almennari en lánaleiðin. Jeg skal ekki bera á móti því, en hjer verður fleira að koma til samanburðar. Jeg held, að vjer verðum líka að líta á, hvernig fjárhagur landsins er. Með þessum lögum er fje landssjóðs bútað og stykkjað niður í

óafturkræfar gjafir, en lánin er þó altaf von um að fá endurgreidd. Vjer höfum reynsluna fyrir oss frá lánunum, sem veitt voru 1880—88. Jeg veit ekki betur, en að hver eyrir af þeim lánum væri endurgreiddur, þegar batnaði í ári. En þetta er sú reynsla, sem við höfum við að styðjast. Það getur vel verið, að þeir, sem þurfa að fá almenna dýrtíðarhjálp og fá hana með láni, verði vel færir til að borga það aftur, og þá fær landssjóður hjálpina að fullu endurgreidda, en hallærisgjafirnar eru honum altapaðar, án þess að þeim, sem þeirra njóta, sje nokkuð meiri hjálp í þeim í bráðina.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er að eins örstutt athugasemd með tilliti til þess, sem jeg sagði áður, að menn eru miklu gætnari í framlögum sínum, þegar um endanlega greiðslu er að ræða heldur en lán.

Jeg vildi leyfa mjer að skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki mætti fresta atkvgr. um stund, með því að jeg sje, að nokkra háttv. þm. vantar enn þá, t. d. hæstv. forsætisráðherra; veit jeg að hann vildi gjarna vera viðstaddur við þessa atkvgr.

ATKVGR.

Brtt. 375, 1. feld með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. J., M. Ó., P. J., P. O., S. S., S. St., Þorl. J., Þór. J., B. K., Ó. B.
nei: G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., P. Þ., St. St., Sv. Ó., B. Sv., B. J., B. St., E. Árna.

E. A. greiddi ekki atkv. af ástæðu, er forseti mat gilda.

Einn þm. (Þorst. J.) fjarstaddur.

Brtt. 375, 2. og 3. teknar aftur.
— 475, 1. samþ. með 13 : 2 atkv.
Brtt. 475, 2. a. og b. samþ. með 13 : 1 atkv.
— 475, 3. samþ. með 13 : 4 atkv.
— 377. kom því eigi til atkv.
— 375, 4. tekin aftur, en tekin upp af S. S., 1. þm. Árn., og talin samþ. án atkvgr., með því að enginn mælti í móti.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. M., J. B., M. G., P. Þ., S. S., Sv. Ó., B. Sv., B. J., B. St.
nei: J. J., M. P., M. Ó., P. J., P. O., S. St., St. St., Þorl. J., Þór. J., B. K., Ó. B.

Tveir þm. (E. A. og Þorst. J.) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed. með fyrirsögninni *Frumvarp til laga um almenna dýrtíðarhjálp.*

Á 62. fundi í Ed., fimtudaginn 11. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um almenna dýrtíðarhjálp,

eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 479).

Á 64. fundi í Ed., föstudaginn 12. júlí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 479).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg þarf ekki að halda langa ræðu um þetta mál. Nokkrar breytingar hefir Nd. gert á frv., þar á meðal eina, sem miðar að því að gera örðugleikana meiri fyrir því, að verða dýrtíðarhjálparinnar aðnjótandi.

Þá er tekin úr frv. sú breyting frá

Ed., að landsstjórninni heimilist að lána sveitarfjelögum fyrir hverjar 10 kr., en í stað þess bætt inn í því ákvæði, að lána alt að 100.000 kr., þar sem erfiðleikarnir eru mestir. Jeg sje annars ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. Jeg veit að stjórnin muni gera sjer far um að veita ekki dýrtíðarhjálpina, nema nauðsyn beri til. Vænti jeg þess svo, að deildin leyfi málinu fram að ganga.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Mjer kemur það nokkuð á óvart, að málið er tekið á dagskrá nú. Þó er það samkomulag með okkur, sem hjer sitjum, að setja okkur ekki á móti því, að atkvæðagreiðsla um málið fari nú fram. Jeg býst við að greiða atkvæði með frv., þótt jeg sje ekki allskostar ánægður með það. Jeg vona að þörfin fyrir dýrtíðarhjálp verði ekki mjög mikil þ. á., en ef svo verður, að stjórnin láti þá ekki lánsheimildartakmarkið, 100,000 kr., hindra sig að veita þá hjálp, sem nauðsynlegt er að veita.

Magnús Torfason: Eins og hv. deildarmönnum er kunnugt, hefi jeg litið svo á, að þessi dýrtíðarhjálp sje alveg ófullnægjandi, ef einhverja verulega neyð bæri að höndum.

Til samanburðar skal jeg geta þess, að kolaafslátturinn, sem kom á Ísafjörð síðastliðinn vetur nam 17850 kr. og sló þó lítið á kolaekluna. Nú ætlar landssjóður að leggja fram alls 100,000 kr. móti 20,000 kr. frá bænum. Þessu er þannig fyrir komið, að jeg get varla skilið, að bæjarstjórnin geti notað þetta, því að hún hefir ekki ráð á að leggja fje það fram, sem krafist er í móti. Frá þessu sjónarmiði verð jeg því að greiða atkv. á móti frv.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg sje ekki ástæðu til að fara að hefja aftur umr. um málið, en vísa til þess, sem jeg hefi sagt áður. Landsstjórnin verður að sníða sjer stakk eftir vexti, og þó að hún gjarna vildi hjálpa betur, þá sjer hún sjer ekki fært að leggja meira fram, enda ætti þessi hjálp að geta komið að allgóðu haldi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7 : 2 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 501).

---

2. Stimpilgjald.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 4. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stimpilgjald (A. 55).

Á 17. fundi í Nd, mánudaginn 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Þegar jeg skýrði háttv. deild frá fjárhag landsins, ljet jeg þess getið, að stjórnin mundi leggja eitt, eða fleiri tekjuaukafrumvörp fyrir þingið. Ástæðan til þess að frv. voru ekki lögð fyrir í þingbyrjun, var sú, að stjórnin hafði lengi vel hugsað sjer að koma með engin skattafrumvörp. Var ekki álitlegt, að koma með slík frv., þar sem gangur tekjuaukafrv. var mjög örðugur gegnum síðasta þing, og jafn sjálfsagður tekjuauki eins og tekjuskattur af mesta gróðanum, stórgróðanum 1916, var feldur úr tekjuskattsfrv., sem varð að lögum á því þingi. Auk þess voru stjórninni kunnar örðugar ástæður almennings.

En er búið var að gera yfirlit yfir fjárhagsástand landsins, þá leist stjórninni svo, að það væri með öllu nauðsynlegt, að leggja tekjuaukafrv. fyrir þingið. En fjárhagsyfirliti þessu var lokið rjett fyrir þing, og því lítill tími til undirbúnings frv.

Það voru ekki miljónirnar, sem teknar voru til þess að reka landsverslunina og önnur nauðsynja fyrirtæki, sem riðu hjer baggamuninn, en það var landsbúskapurinn á árinu 1917, sem bar sig mjög illa samkvæmt yfirlitinu, og horfur þær, sem draga mátti af honum um árið 1918. En sýnilega mjög óholt að hafa lánin í hreinan eyðslueyri; með því stefnir alt niður á við. Hjer var því sýnilegt að fylla þurfti í skörðin með auknum sköttum.

Hjer er vitanlega að ræða um bráðabirgðaskatt, sem jeg vona, að hið háa Alþingi, sem þegar hefir kynst fjárhagnum, taki vel, og sjerstaklega þar sem líkt frv. lá fyrir síðasta þingi.

Þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frv., miða allar til hækkunar, og er gerð grein fyrir því í greinargerðinni.

Í 4. gr. a—c, þar sem ræðir um afsalsbrjef o. fl., nemur hækkunin 1%.

Það er vitanlega mjög erfitt, að ætla nákvæmlega á, hversu miklar tekjur verði af þessu, þar sem ekki er hægt að fá nákvæmar upplýsingar um, hversu mikið er þinglesið á öllu landinu. Hins vegar býst jeg við, að í Reykjavík hafi 1917 verið þinglýst því, sem svaraði 7 miljónum króna, og ef mætti gera ráð fyrir, að þinglýst hafi verið því, sem svaraði 8 miljónum á öllu landinu, þá mundi tekjuaukinn af þessu nema 80 þúsundum.

Nú mun því ef til vill verða borið við, að það sje hart, að leggja slíkan skatt á það, sem selt hefir verið, en þessu vil jeg að eins svara því, að alt, sem selt hefir verið, hefir verið selt með miklum gróða.

Auðvitað hefði verið rjettast að leggja á verðhækkunarskatt, en hins vegar er það mjög erfitt að finna nokkurn grundvöll fyrir verðhækkuninni.

Um skuldabrjefin er erfitt að segja, hversu miklu er þinglýst, en ef má áætla það 6 miljónir, þá mundi tekjuaukinn verða 60 þús.

Þá er einn nýr liður í þessu frv., sem ekki var í frv. í fyrra, og það er liðurinn um farmskírteinin.

Jeg verð að játa það, að þótt þessu hafi verið bætt inn í frv., þá er þetta ekki rjettlátur skattur, því í »principinu« er það með öllu rangt, að leggja skatt á framleiðsluvörur. En nú er þörfin svo mikil á peningum í landssjóð, að ekki dugir að hirða um »princip«, eða þess háttar; aðalatriðið er að ná fje í landssjóðinn, og þá verður oft að víkja frá »principunum« í bili, og jeg álít það skyldu mína, sem fjármálaráðherra, að gera það, einmitt af því, að jeg hefi von um að koma tekjuauka í þessari mynd í gegnum þingið.

Því vil jeg taka það fram, að ef hv. deild gæti fundið einhvern annan tekjustofn, sem komið gæti í stað þessa og væri rjettlátari, þá mundi jeg með glöðu geði taka á móti því.

Annars er mjög erfitt að áætla tekjur af þessum lið, því að allur útflutningur frá landinu er svo óviss. Þó tel jeg, að óhætt muni að áætla, að fluttar verði út vörur fyrir það, sem svarar 10 miljónum, og jeg álít, að þetta sje alls ekki hátt reiknað, heldur meira að segja mjög lágt, en lágu tölurnar skaða aldrei. 1914 vörur vörur fluttar út fyrir 20 miljónir. 1916 var upphæðin miklu hærri og 1917 er áætlað að vörur hafi verið fluttar út fyrir 20—30 milj.

Þegar jeg því áætla hjer, að á árinu verði fluttar út vörur fyrir 10 miljónir, þá er upphæðin mjög lág, en jeg vil ekki nefna aðrar tölur en þær, sem byggja má á. Af þessari tekjugrein yrði því tekjuaukinn 100 þúsund.

Víxlar hygg jeg að í báðum bönkunum sjeu seldir fyrir 50 miljónir, og er lágt áætlað, að tekjuaukinn af þeim yrði 50 þúsund.

Jeg hygg reyndar, að ef frv. yrði samþykt, þá mundi það gefa meiri ágóða, en jeg held mjer við lægri tölurnar, því að þær skaða ekki.

Í greinargerðinni, sem hjer liggur fyrir, er getið nokkurra útgjalda upphæða, svo sem dýrtíðaruppbótar embættismanna, sem áætlað er að nemi 350 þús. kr. Almenn hjálp vegna dýrtíðarinnar, sem gert er ráð fyrir í stjórnarfrumv. að geti orðið alt að 450 þús. kr., og áætlaður tekjuhalli á árinu er ca. 400 þúsund.

Auk þess eru aðrar greinar, sem gera ráð fyrir að falli til útgjalda á árinu 1918, þótt útgjaldaliðir fjárlaganna geri ekki ráð fyrir þeim. Jeg hygg, án þess að nefna nokkrar ábyggilegar tölur, að hallinn á árinu 1918 muni nema ca. 2 miljónum króna.

Mjer hefir þótt skylda mín, að láta svörtu hliðarnar, engu síður en þær björtu, koma fram, er jeg lýsti fjárhagsástandinu, því að jeg álít að Alþingi og yfirleitt allir eigi að þekkja ástæðurnar eins og þær eru.

Leyfi jeg mjer svo að lokinni umr., að gera það að tillögu minni, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar.

Gísli Sveinsson: Jeg býst við, að fleiri þm. hafi farið líkt og mjer, er þeir sáu tekjuaukafrv. stjórnarinnar, að þeir hafi ekki oltið um af aðdáun. Það frv., sem hjer liggur fyrir til 1. umr., er sama frv., sem við í fjárhagsnefnd þessarar háttv. deildar í fyrra lögðum til, að samþykt yrði á þingi þá, en komst ekki fram. — Jeg ætla mjer nú ekki að fara að ræða um frv. þetta í heild sinni, heldur verður það, sem jeg segi, að eins nokkrar almennar athugasemdir.

Stjórnin hefir að vísu breytt að litlu leyti ýmsu í frv. frá því sem var, er það á síðasta þingi kom úr höndum fjárhagsnefndar, en breytingarnar eru ekki þær, að stjórnin hafi fundið nokkurn veg út úr því fjármálafeni, sem landið, að skoðun ýmsra, er sokkið niður í. Það ætti þó að virðast geta haft einhverja þýðingu, að þriggja manna stjórn er komin á í landinu, og til þess væri ætlandi, að fjármálastjórnin gæti fundið, ef ekki nýmæli, þá að minsta kosti eitthvert góðmæli, um tekjuauka. En það er kunnugt, að fyrri fjármálaráðherra tókst það ekki á síðasta þingi og þessum hefir ekki tekist það fremur.

Annað frv., sem hjer er um að ræða, frv. til laga um hækkun á vörutolli, er að eins tvöföldun á tveim liðum og lá auðvitað nærri, að grípa til þess, að hækka vörutollinn, svo að ekki ber það frv., fremur en hitt, vott um, að stjórnin hafi lagst mjög djúpt, til þess að finna nýjar tekjulindir. Bæði þessi frv. eru því síst á þann veg gerð, eða vel löguð, til þess að menn geti dáðst að uppfyndingasemi stjórnarinnar. Og er þó þess að gæta, að segja má, að þetta verk ætti að vera aðalverk hinnar sjerstöku fjármálastjórnar. Annað er það, sem kemur hálfundarlega fyrir sjónir í þessu sambandi, og það er, að stjórnin skuli ekki hafa lagt tekjuaukafrv. sín fyrir þingið þegar í þingbyrjun. Nú er ef til vill komið undir þinglok. Undir öllum kringumstæðum ætti þetta þing að vera hálfnað. Hæstv. fjármálaráðh. hefir skýrt þetta þannig, að ekki hefði verið hægt að leggja frv. fram, fyr en fjármálayfirlit það, sem hann lagði fram

í þingbyrjun, hefði verið samið. En þetta er engin afsökun. Þó að stjórnin hafi ekki vitað nákvæmlega um fjárhaginn fyr en þing kom saman, þá mátti hún þó vita svo mikið, að tekjuauka þyrfti með og átti að hafa búið sig fyrir löngu undir það að hafa frv. tilbúin í tíma.

Það var öllum í landinu kunnugt um, hversu mikið var eytt. Og stjórnin átti þó ekki að vera fáfróðari en almenningur um fjárhagsástandið. Slíkt er ómögulegt að ætla henni. Frv. gátu því komið í þingbyrjun, og áttu að koma þá, einkum þegar þau eru ekki merkilegri en það, að tekið er upp, eins og jeg hefi getið um, lagafrv. frá síðasta þingi með örlitlum breytingum, og hitt er um það eitt, að hækka vörutollinn um 100%. Hæstv. fjármálaráðh. sagðist vænta þess, að Alþingi mundi taka þessu frv. vel; það kann vel að vera, að Alþingi geri það, því að háttv. þm. vita, að brýn nauðsyn er á tekjuauka og að stjórninni bar að sjá fyrir honum þegar í þingbyrjun. Jeg skil líka þessi frv. stjórnarinnar svo, að landsstjórnin ætlist til þess, að þau verði að eins samþykt sem bráðabirgðalög, þótt ekki sje það tekið fram í frv. Er þess því að vænta, að menn andæfi ekki málinu sjálfu, þó að nndirbúningurinn hafi verið vanræktur. Hins vegar er þó ekki að dyljast, að ýmiskonar kostnaður fellur á menn við frv. þessi. Sjerstaklega verður stimpilgjaldsfrumv. til þess, að íþyngja einstökum mönnum á ýmsan veg, auk sjálfskattsins, og kemur ekki eins alment niður, eins og hitt. Það er því ósannað mál, þótt öllum sje það ljóst, að þörf sje á tekjuauka, og þótt háttv. þm. hafi yfirleitt tekið vel í slíkt mál, að mikið fylgi fáist með frv. stjórnarinnar. Það munu fleiri vera með sama marki brendir og jeg í því, að þeir hafa búist við frv. mergjaðri en raun varð nú á.

Hæstv. fjármálaráðh. talaði mikið um það, að honum væri mikið áhugamál, að svarta hliðin á fjármálaástandinu kæmi í ljós, ekki síður en sú bjarta. Hann getur verið alveg rólegur fyrir því, að þjóðin muni ekki síður koma auga á fjárhagsvoðann, sem ef til vill er fyrir höndum; og honum átti að vera ljóst, að svarta hliðin var orðin svo áberandi, að hann bar skylda til þess að koma í tíma með eitthvað, sem lýsti upp ástandið, eitthvað, sem segja mætti um, að við gætum með góðum hug gengið til samþyktar á.

Sigurður Stefánsson: Það mun engum hafa komið á óvænt, að kveðja þyrfti Alþingi saman til aukafundar á þessu ári. Til þess gat svo margt borið nú á þessum tímum, þegar næstum því hver dagurinn getur fært þjóðinni þau verkefni, sem heimta bráða úrlausn af bestu mönnum hennar. En hins vegar mátti og búast við þeirri nærgætni af landsstjórninni við fjárhag landsins og þingmenn þá, er í fjarlægð búa, að hún kveddi þingið ekki saman á dýrasta tíma fyrir landið og lang óhentugasta tíma fyrir fjarlæga þingmenn, nema svo bráð nauðsyn bæri til samkomu þingsins, að fyrir henni yrðu allir erfiðleikar og allar kostnaðarástæður að lúta í lægra haldi.

En yrði stjórnin neydd til að gegna þessari bráðu nauðsyn, þá var henni þó ekki minna ætlandi en að hún að sínu leyti hefði alt svo vel undirbúið, að þingið gæti að vörmu spori gengið að verkum með henni í þeim málum, er hún hafði kallað það saman til að fjalla um.

Það var nú svo í vetur, er þingboð stjórnarinnar kom út á landsbygðina,

að þingmenn, að minsta kosti flestir, höfðu enga hugmynd um, hver þau stórnauðsynjamál væru, er stjórninni þótti svo mikils við þurfa um, að hún kallaði þingið saman í vetur og á óhentugasta tíma fyrir þingmenn og dýrasta tíma fyrir landið. En stórnauðsynjamál hlutu það að vera, bráðnauðsynleg bjargráð fyrir land og lýð. Í þeirri trú fór jeg að minsta kosti að heiman, og svo hygg jeg hafi verið um flesta þingmenn.

Þegar í þinglok 1917 voru fjárhagshorfur landsins þannig, að samkvæmt fjárlögunum var alt að miljón króna tekjuhalli eftir fjárhagstímabilið. Auk þess hafði þingið samþykt mörg lög og ályktanir, sem hlutu að auka tekjuhallann stórkostlega, að því ógleymdu, að mörg aðsteðjandi vandræði gátu bakað landinu stóraukin útgjöld umfram allar áætlanir og samþyktir þingsins. Þetta mátti öllum og hlaut öllum hugsandi mönnum að vera ljóst, nema ef til vill hinum háttv. fjármálaráðherra, ef dæma skal eftir því, sem nú er fram komið.

Eitt af sjálfsögðustu skylduverkum stjórnarinnar var því, að finna nýjar tekjuleiðir fyrir landið og aukaþingið til samvinnu og samþykkis um þær. Það bjargráðið hlaut því að vera fyrsta og stærsta málið á dagskrá þessa þings, ef fjárhag landsins ekki skyldi tefla í beinan voða. Til hvers er að vera að þrefa og þjarka aftur og fram hjer á þingi um hin og önnur bjargráð á þessum vandræðatímum, ef ekkert fje er fyrir hendi til framkvæmdar þeim ráðum?

Stjórnin átti ekki að kalla saman þingið til þess að láta það leita að tekjum til bjargráða landinu; hún átti sjálf að hafa fundið þær, þegar er þingið kom saman, svo að það strax gæti tekið þar til óspiltra málanna.

Þetta var lífsnauðsyn í augum hverrar hugsandi stjórnar, sem þekti skyldu sína og vildi gera hana, og engum átti hún að vera ljósari en hinum háttv. fjármálaráðherra. Enginn hefir heldur fært betri rök fyrir henni en hann sjálfur í fjárhagsyfirliti því, er hann þuldi upp fyrir deildinni á öðrum fundi hennar. Hann átti, og hann gat löngu áður en þingið kom saman, að hafa gert sjer það ljóst, að hjer þurfti bráðra aðgerða við, fjárhag landsins til viðreisnar. Hin sívaxandi útgjöld landsins sökum heimsstyrjaldarinnar, »skakkaföllin« óskaplegu í fjármálastjórn landsins, hin yfirvofandi fjárhagsvandræði, — alt þetta hrópaði til hans að gera nú skyldu sína.

Þegar síðasta Alþingi feldi verðhækkunartollsfrv. stjórnarinnar, sem jók tekjur landsins, ef samþykt hefði verið, um hundruð þúsunda króna, — árið áður nam tekjuauki verðhækkunartollslagganna yfir $^1/_2$ miljón kr., — þá hefði hver stjórn talið sjer svo misboðið, að hún óðara hefði svarað þinginu með því að leggja niður völdin. En eins og þessi stjórn gerði það; henni er annara um þau en svo!

En hins mátti þó vænta, að stjórnin nú í enn meiri nauðsyn lands og lýðs freistaði þess á nýjan leik, að afla landinu nýrra tekna, ekki með meira málamyndarkáki, heldur þannig, að verulega dragi um upp í miljóna tekjuhallann, sem nú er fyrirsjáanlegur.

En hvað heyrir maður svo frá háttv. fjármálaráðherra nú? Að hann er enn hræddur við, að leggja tekjuaukafrv. fyrir þingið, hræddur við þingið, hræddur við þjóðina, sökum undirtektanna í fyrra; hann er hræddur við að gera þá skyldu sína, að benda þinginu á leiðir út úr fjárhagsvoðanum, sem hann sjálfur hefir játað, að gæti verið fyrir höndum. Manni dettur í hug: »Er það ekki aðallega hræðslan um að missa völdin,

sem hjer hrjáir og hrekur hjarta háttv. fjármálaráðherra? Er það ekki skiljanlegasta ástæðan til alls atferlis hans í þessu máli?«

Þingið kemur saman, ekkert tekjufrv. lagt fyrir það af stjórninni, en þar á móti frv. um allverulegan útgjaldaauka. Dag frá degi rignir yfir þingið frá stjórnarskrifstofunum erindum, sem öll hafa útgjöld í för með sjer. Engin bending frá stjórninni, hvernig hún hafi hugsað sjer að fara með þessa fjárbeiðni, sem ómögulegt var að fara með á þinglegan og formlegan hátt, nema með fjáraukalögum, og loksins nú fyrir einum eða tveimur dögum barst það svar frá stjórninni, að hún fyrir sitt leyti ætli ekki að leggja fjáraukalög fyrir þingið.

Dagar líða, vikur líða, vjer sitjum hjer yfir frv. frá stjórninni, sem eru hjegómamál í samanburði við það lífsspursmál þjóðarinnar á þessum tímum, að fá meiri tekjur í landssjóðinn og tryggja honum hagkvæm lán — Vanalegur aukaþingstími er þegar liðinn. Vjer höfum að eins heyrt það fyrir munn fjármálaráðherrans, að tekjuhallinn geti vart orðið minni en tvær milj. á þessu ári, líklega meiri og sívaxandi eftir því, sem ófriðurinn stendur lengur. Loksins í fyrradag 4. maí birtist bjargráðið frá háttv. fjármálaráðherra, þetta frv. um stimpilgjald, sem nú er til umr. Þegar jeg sá það, datt mjer í hug gamla vísan:

»Forðum lögðust fjöll á gólf,
fengu strangar hríðir;
eftir vikur tíu og tólf
tísti mús um síðir«.

Það vanta miljónir til þess að tekjur landsins hrökkvi fyrir útgjöldunum nú þegar á þessu ári; ekkert líklegra en landið þurfi á miljónalánum að halda mjög bráðlega, ekki bráðabirgðarlánum, sem engin eða lítil von er um að geta borgað, heldur lánum til margra ára. Engin vitneskja um tilraunir stjórnarinnar í þá átt. Að eins þetta hálf-andvanafædda fóstur hennar, sem, ef þinginu tekst að tjarga í það lífinu, á, samkvæmt yfirlýsingu hæstv. fjármálaráðherra, að auka tekjurnar um einar 2—300 þús. kr. á ári. Það er alt og sumt upp í miljóna tekjuþörfina. Frv. er skrifað upp úr gömlum Alþingistíðindum, með helmingshækkun á stimpilgjaldinu frá því, sem þar er ákveðið, en aðalhækkunina á að fá með stimpilgjaldi á farmskírteinum útfluttrar vöru; það er grímuklædd hækkun á útflutningsgjaldinu, sem kemur harðast niður á öðrum aðalatvinnuvegi landsins, sjávarútveginum. Hjer er farin krókaleið, í stað þess að ganga beint framan að framleiðendum með því að hækka útflutningsgjaldið.

Háttv. fjármálaráðherra sagði í ræðu sinni, að það væri þvert á móti skoðun sinni og ekki rjettlátt, að leggja skatt á framleiðsluna, en eina úrræðið verður þó fyrir honum, að fara þessa leið til þess að afla landinu tekna. Skemtilegt er það okki, en þó skal jeg ekki svo mjög saka hann um það; má skoða það sem neyðarúrræði, en því þá að vera að reyna að dylja það fyrir þjóðinni með þessari krókaleið.

En svo er annað. Þessi tekjugrein er mjög óviss; minki framleiðslan, eins og nú er fult útlit fyrir og það stórkostlega, þá getur orðið næsta lítið úr þessum tekjuauka. Fyrir landssjóðinn getur því þetta bjargráð stjórnarinnar orðið eins og að gefa hungruðum manni $^1/_{20}$ úr lítilli tvíböku, eða á óhefluðu alþýðumáli eins og »krækiber í helvíti«.

Tekjuauki þessi gerir fyrsta árið að öllum líkindum ekki betur en að vega upp á móti þeim tugum og hundruðum

þúsunda af landsfje, sem horfið hafa í Tjörneshlíðina og Öskjuhlíðarfarganið fyrir ráðleysi og hirðuleysi stjórnarinnar.

Þvert á móti því, sem við mátti búast af hverri stjórn, sem var vitandi viti um hinar iskyggilegu fjárhagshorfur landsins og hafði bæði vit og vilja til að ráða eitthvað verulega fram úr þeim, verður ekki annað sjeð af atferli stjórnarinnar en að hún hafi kvatt þingið saman áður en henni sjálfri hafði hugkvæmst nokkur skapaður hlutur landinu til verulegra bjargráða fram yfir það, sem fyrri þing höfðu áður samþykt.

Hún veit, er þingið kemur saman, bersýnilega ekki sitt rjúkandi ráð; fjármálaráðherrann þylur upp eins og páfagaukur þetta fjárhagsyfirlit, þetta yfirlit, sem hann löngu áður átti að hafa gert sjer ljóst, þetta yfirlit, sem var hverri stjórn hin sterkasta hvöt til að leggja þá þegar fyrir þingið ákveðnar og vel athugaðar till. til fjárhags- og bjargráðabóta fyrir landið. En í stað þess kemur á elleftu stundu þetta stimpilgjaldsfrv., sem vel má nefna »stimpil« á rænuleysi og úrræðaleysi misviturrar og lítilsigldrar fjármálastjórnar.

Að endingu skal jeg taka það fram, þar sem jeg býst við, að mjer verði núið því um nasir, að jeg hafi fyrstur manna haft góð orð um að taka vel tekjuaukafrv, og kveðið upp úr um skyldu þm. í því efni, að jeg mun treysta á fremsta hlunn um sannfæringu mína, bæði hvað viðvíkur þessu frv. og öðrum, er miða að því sama, að auka tekjur landsins.

Mun jeg nú láta hjer staðar numið að sinni, þar sem jeg nú hefi sagt það, er jeg þurfti að segja, og skyldan bauð mjer.

Fjármálaráðherra (S. E): Jeg held, að á hverju þingi, sem jeg hefi átt sæti með háttv. þm. N. Ísf. (S. St.), hafi jeg altaf heyrt hann flytja eina glymjandi, orðmarga ræðu um sparnaðinn. En þegar jeg á eftir hefi farið að hugleiða, hvað háttv. þm. (S. St.) hafi sagt, þá hefir mjer dottið í hug sama erindið og háttv. þm. (S. St.) hafði yfir og hljóðar svo á latínumáli: »Partiriunt montes, nascitur ridiculus mus«. Fjöllin tóku jóðsótt og fæddist lítil mús.

Því var skotið að mjer þegar í byrjun þings, á bibliumáli því, er háttv. þm. (S. St.) temur sjer, að hann mundi ætla að vaka eins vandlega yfir sál fjármálaráðherrans, eins og sá gamli lengra niðri vakir yfir mannssálunum. En eftir að jeg hefi hlýtt á ræðu hans, þá sje jeg, að hann ætlar sjer ekki eingöngu að vaka yfir minni sál, heldur ætlar hann að láta barnslegu, saklausu fjármálaaugun sín vaka yfir allri stjórninni, enda eru frv. þau, er hjer liggja fyrir, ákveðin í sameiginlegu ráði.

Þeim árásum, sem hv. þm. (S. St.) hóf mál sitt með, var aðallega beint að forsætisráðherranum, sem þm. (S. St.) sjerstaklega styður með sinni alkunnu trygð. Háttv. þm. (S. St.) fáraðist yfir því, að stjórnin hefði kallað þingið svo snemma saman. Og hann spurði með sínum mikla eldmóði: »Hvers vegna var þingið kallað svo snemma saman?« Jeg held, að hver einasti kjósandi í þessu landi gæti svarað þessu spursmáli. Svo stór og mikilsverð mál eru nú á dagskrá þessarar þjóðar, að það er stórfurðulegt, að öldungurinn úr Vigur, sem var að vitna í gráu hærurnar sínar, skuli spyrja þannig. Í raun og veru er nægilegt að minna á fánamálið, minna á synjunina í ríkisráði á því, og ætti það mál eitt að vera ærið nóg til þess, að stjórnin kallaði þingið saman. Nóg ástæða var þar fyrir stjórnina til þess að kalla fulltrúana saman til að ráða ráðum sínum við þá um,

hvað gera skuli. Háttv. þm. (S. St.) lítur nú ef til vill öðruvísi á þetta, og minnist jeg þess af fyrri samvistum, hvað einkennilega loðinn hann var í þessu máli. En þó að þessu máli væri slept, þá liggja hjer fyrir önnur mál, sem beinlínis krefjast nærveru þingsins. Mál, sem skifta svo miklu fyrir þjóðina, að hver einasta stjórn mundi telja skyldu sína að ná þinginu saman vegna þeirra.

Eins og kunnugt er, standa nú yfir samningar við Breta. Þeir samningar eru svo alvarlegt mál, að þeir snerta hvert mannsbarn í landinu, og sú niðurstaða getur orðið af þeim, að þessi þjóð þurfi að breyta með öllu lifnaðarháttum sínum. Og skyldi þá ekki vera ástæða til, að þingið sæti, skyldi þá ekki vera ástæða til fyrir stjórnina, að hafa fulltrúana sjer við hlið, ef slíkar snöggar breytingar þarf að gera á lífi þjóðarinnar. Hvernig getur háttv. þm. (S. St.) kvartað yfir því, að þingið er kallað saman út af svo alvarlegu efni? Veit þm. (S. St.), hvað hann er að tala? — Þetta var fyrsta ákæran.

Þá talaði þm. (S. St.) um, að stjórnin hafi ekkert gert í, að undirbúa dýrtíðarmálin fyrir þing. Þetta er rangt — með öllu rangt. Stjórnin hefir lagt fram frv. um dýrtíðarráðstafanir. Háttv. þm. (S. St.) hlýtur að hafa lesið það; hann er í þeirri nefnd, sem hefir frv. til meðferðar. — Sami háttv. þm. (S. St.) kom aftur að því, að þingið væri komið saman til að eyða þúsundum króna í ónýtt hjal. Þetta er algerlega ósæmileg og ranglát árás á Alþingi Íslendinga, og vil jeg mótmæla henni kröftuglega. Síst ættu þingmenn sjálfir að gera sitt til þess að veikja traust og álit þingsins; nóg er að láta utanþingsmenn gera tilraunir til þess að veikja álit þess með gróusögum sínum.

Þá leyfði háttv. þm. (S. St.) sjer að segja, að stjórnin hefði ekkert gert fyrir fjárhag landsins. Jeg vil leyfa mjer að skjóta því undir dóm háttv. þm., sem hjer eru staddir í salnum, hvort ummæli þessi sjeu af sanngirni töluð. Það ættu þó allir að vita, og háttv. þm. (S. St.) einnig, að stjórnin hefir útvegað landinu mikil lán síðan þingi sleit; nema þau í kringum 10 miljónum. Þetta fje hefir fleytt áfram nauðsynjafyrirtækjum landsins, landsversluninni og skipunum. Ummæli háttv. þm. (S. St.) í þessa átt eru því lítt sæmileg. Háttv. þm. (S. St.) segir að stjórnina vanti það, sem sje »nervus rerum«, sem sje peninga. Ekki er þetta með öllu rjett, því að þegar fjárhagurinn var gerður upp 8. apríl, voru til í sjóði á fjórðu miljón og loforð til fyrir $1^1/_2$ miljón. Þegar svo mikið fje er til, mundi þó síst af öllu rjett að segja, að sjóðurinn sje tómur.

Yfir höfuð lítur svo út, sem hv. þm. (S. St.) hafi látið blöð andstæðinga stjórnarinnar æsa sig. Er það öllum kunnugt að þau hafa blásið mjög að þeim kolunum, að æsa gegn stjórninni. En þær árásir hefir stjórnin látið sjer í ljettu rúmi liggja. Fyrir oss er það hreinn hjegómi, þótt yfir oss dynji skammir í blöðum, eða annarsstaðar; hitt er oss aðalatriði, að vjer af fremsta megni reynum að ráða fram úr öllum þeim miklu vandræðum, sem yfir dynja á þessum tímum. Hver stjórn, sem finnur til ábyrgðar, lætur smánartilraunir lítilsigldra sálna sig engu skifta. Hitt er aðalatriðið, að vinna svo, að ekki þurfi að draga neitt undan dagsbirtunni. Stjórnin hefir lagt öll sín kort á borðið. Í fjármálaræðu minni í byrjun þingsins, leitaðist jeg við að láta dökku hliðarnar á fjárhagnum koma fram, svo að þingið gæti gert allar ráðstafanir sínar samkvæmt því. Jeg vík að því aftur, sem jeg mintist á áðan í sambandi við þingsamköllunina, að það liggur í hlut-

arins eðli, að ef þing hefði verið kallað saman seinna en nú var gert, þá er það ljóst, auk þess sem jeg hefi áður sýnt, að of seint kynni að verða að gera ýmsar ráðstafanir, sem nú kann að þykja þörf á að gera.

Vona jeg því, að háttv. deild játi það með mjer, að það var full og óhjákvæmileg nauðsyn á því, að kalla þingið saman. Og þá vona jeg, að háttv. deild játi einnig með mjer, að sú staðhæfing, að stjórnin hafi ekkert gert til þess, að sjá fyrir fjárhagnum, er hreint og beint — jeg verð að við hafa rjetta orðið — hreint og beint bull. En hitt er annað mál, eins og jeg vjek að í fjármálaræðu minni, að þótt miljónalán hafi verið fengin, og þó að það sje nauðsynlegt, til þess að bera áfram fyrirtæki landssjóðs, þá er hins að gæta, að of mikið af miljónunum fari ekki til þess að fylla í skörðin. En það varð fyrst sjeð, þegar búið var að athuga landsbúskapinn 1917, hvernig tekjurnar mundu hrökkva til, og á því getur maður einnig búið sjer til dálitla framtíðarmynd af því ári, sem nú stendur yfir. En nú var ekki hlaupið að því, að fá yfirlit yfir árið 1917, það var fyrst gert eftir 30. mars, þegar búi var að ljúka reikningunum hjá landsfjehirði. Bókfærslan er en svo gamaldags í stjórnarráðinu, að hún gefur ekkert heildaryfirlit yfir hag landssjóðs og veldur það því mikilli fyrirhöfn, að ná í það yfirlit. En fyrst, að því loknu, ákvað stjórnin, að koma með tekjuaukafrumvörp. Jeg skýt því hjer inn í, að stjórnin er nú að undirbúa nytísku bókhald í stjórnarráðinu og verður þá öll stjórn fjármálanna ljettari. Ætti að hafa verið búið að bæta úr þessu fyrir löngu. Annars er það dálítið einkennilegt, að háttv. þm. (S. St.) hefir varla minst á frumv. þau, sem hjer liggja fyrir. Það hefir að eins verið notað sem tilefni til þess að hefja eldhúsdagsumræður. Fyrir mjer má herða á þeim eins mikið og hver orkar.

Jeg hefi áætlað, að tekjur samkvæmt frv. þessu mundu nema 2—300,000 kr. En eins og jeg tók fram í dag, þá kæmi mjer ekki á óvart, þótt tekjuaukinn næmi 400,000 kr. á ári, eða 800,000 kr. á fjárhagstímabilinu, og einhverntíma hefði háttv. þm. N.-Ísf. ekki talið það neitt smáræði. Háttv. þm. (S. St.) sagði, að það hefði átt að koma með tekjuauka, sem næmi miljónum, en það er mjög mikið álitamál, hvort nú sje fært að leggja svo gífurlega skatta á þjóðina, þegar harðast sverfur að. Þinginu yfirsást í því, að skattleggja ekki stríðsgróðann, sjerstaklega á árinu 1916. En þegar frá honum er horfið, þá mun örðugt að hitta á rjettlátа tekjustofna. Hvar eru þeir? Getur háttv. þm. (S. St.) bent á nýjar og betri leiðir? Hefir honum á andvökunóttum sínum heima í Vigur, út af fjárhagnum, birst nokkrar nýjar leiðir. Og hverjar eru þær? Trúin á aðfinslurnar verður minni, ef þeir, sem finna að, geta ekki bent á neitt betra, eða á neitt annað. Þá vaknar grunurinn um að hjer sje verið að búa út fótakefli fyrir stjórnina. Ef jeg nú spyr háttv. þm. (S. St.) á hvaða leiðir hann vilji benda, þá býst jeg við, að fá ekkert svar. Jeg veit, að háttv. þm. (S. St.) er meistari í að berja barlómsbumbuna. En er það — einmitt það, sem okkur ríður mest á, á þessum tímum? Jeg efast um það. Hitt er víst, að þessi háttv. þm. (S. St.) setur sjer ekki fyrir mark, að telja kjark í þjóðina; það er eins og hann sje altaf að reyna að sannfæra alla um það, að hún sje að fara niður fyrir bakkann. Og það er eins og guðsmaðurinn í Vigur sje að bíða eftir því, að blessa yfir þjóðina, þegar hún sje komin niður fyrir bakkann.

640, að eftir þeim upplýsingum, sem hv. frsm. (M.P.) hefir gefið mjer í ræðu sinni, þá munum við taka hana aftur nú. Háttv. frsm. (M. P.) hefir sem sje skýrt frá því, að í 13. gr. fjárlaganna sje einmitt fjárveiting, sem sje ætluð að nokkru leyti til að lagfæra Kambaveginn og færa til veginn úr Smiðjulaut. Svo að jeg skal ekki tala um það frekar. En það voru hjer 2 brtt., sem jeg og háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) fluttum, og háttv. frsm. síðari kafla fjárlaganna (B. J.) hefir ekki fallið sem best í geð. En áður en jeg fer frekar út í það vildi jeg mega spyrja háttv. þm. Dala. (B. J.), hvort hann hafi ekki lesið 4. gr. þingskapanna, þar sem mælt er fyrir, hvernig þingmenn skuli nefndir. Jeg hefi orðið var við það, að hann kallar mig ýmsum »bínöfnum«, í staðinn fyrir að kenna mig við mitt kjördæmi, eins og skyldugt er. Í svipinn man jeg eftir 3 nöfnum, sem hann hefir látið sjer sæma að nefna mig, sá góði mann. Hann hefir ýmist kallað mig »síðameistara« deildarinnar, Cicero, eða þá mentafrömuð. Þetta eru að vísu alt ljómandi falleg nöfn, og jeg get fyrirgefið það þess vegna. En eftir því sem þingsköpin mæla fyrir þá er þetta aldeilis óleyfilegt.

Þingsköpin koma beint í veg fyrir að gera þetta. En það er ekkert varið í að ræða þetta, ef hann laumast burt þegar jeg bið um orðið. Jeg gæti líka líkt honum við ýmsa menn, þótt hann sje ekkert líkur þeim. Sókrates þykir mjer offallegt, Neró ofljótt, en jeg gæti t. d. sagt, að hann sje nokkurs konar Jóhannes skírari, þótt ekki skíri hann í Jórdan, heldur í orðaflaumi einum; en af því, að hann er íslenskur maður og þjóðlegur, vil jeg helst líkja honum við íslenskan mann. Má þá líkja honum við mann, sem margir hafa heyrt getið, og hjet Sölvi Helgason. Hann þóttist hafa vit á öllum sköpuðum hlutum milli himins og jarðar, en var ekkert vitrari en aðrir og skeikaði stundum, rjett eins og hv. þm. Dala. (B. J.).

Háttv. þm. Dala. (B. J.) var að grenslast eftir, hvers vegna við háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) komum fram með brtt. á þgskj. 680. Jeg ímynda mjer helst, að fyrir báðum okkur hafi vakað, að hjer væri dálitið sparað, og auk þess vakti það fyrir mjer að minsta kosti, að þessum liðum mætti að skaðlausu fresta, og í slíkri dýrtíð lægi ekkert á að samþykkja þá. Hjer sparast þó nokkur þúsund kr., og í slíku árferði, sem nú er, má láta sig muna um minna, og ekki síst ef svo mætti líta á, sem þessir liðir væru að sumu leyti óþarfir. Annars býst jeg við, að þessir liðir verði látnir standa, eins og vanalega er um styrki til einstakra manna, enda er mjer ekkert sjerstakt áhugamál um liðina 12—16 í 15. gr. En um síðasta liðinn, 73. lið, er alt öðru máli að gegna. Það er um styrk til Bjarna míns frá Vogi, til þýðingar á Goethes Faust. Jeg áleit, að eftir úrslitum þess máls á þingi í vetur hefði stjórnin enga minstu heimild haft til að setja þessa styrkveitingu í fjárlögin. Þá var rætt um þingsályktunartill. frá 5 mönnum um að veita B. J. frá Vogi 1200 kr. á ári til þýðingar á Goethes Faust, af upphæð þeirri, er ætluð er skáldum og listamönnum. Var þá samþykt rökstudd dagskrá þess efnis, að veita þetta fje af skálda- og listamannastyrknum, en alls ekki ætlast til að taka það annarsstaðar frá. Jeg skal ekki þreyta háttv. deild með því að lesa upp till. eða dagskrána, en vona að menn sjái, að jeg fer hjer með fullrjett mál.

Það lítur út fyrir, að þegar átti að afhenda Bjarna Jónssyni þetta fje til þýðingarinnar, þá hafi skálda- og lista-

mannastyrkurinn verið upp etinn, nema einar 400 kr. Því hafa verið teknar upp í fjáraukalögin 800 kr. til að fylla upphæðina. Jeg ljet þá upphæð í fjáraukalögunum í friði, því að jeg áleit hana svo til komna. En í fjárlögum get jeg ekki látið hana í friði, því að þar stendur hún í fullu heimildarleysi. Þegar svo greinilega stendur í þingsályktunartill. og dagskránni, að styrkinn skuli veita af skálda- og listamannastyrknum, verð jeg að álíta óheimilt að taka hann upp hjer. (**Atvinnumálaráðherra:** Það var ekki nema tillaga.) Það var dálítið meira, eftir þeim aths. er fylgdu, og er mjög undarlegt, að stjórnin skuli hafa misskilið það. Jeg mótmæli því, að þessi liður sje hafður hjer í fjárlögunum, og er þá betra að hækka skálda- og listamannastyrkinn. Hjer er að eins um það að ræða, að svo framarlega sem skálda- og listamannastyrkurinn endist til að uppfylla þarfir þeirra, er úthlutunarnefndinni þykir eiga að bera fje úr býtum, kemur Bjarni Jónsson frá Vogi þar til greina máske sem hver annar hæfur maður, en reynist upphæðin oflág, þá er það ráðið að hækka hana, en ekki að flytja einstaka menn inn í fjárlögin að óþörfu.

Við háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) höfum leyft oss að bera fram varatillögu, til þess að tryggja þó það, að eitthvað verði gætt að, hvort Bjarni gerir eitthvað að þýðingunni eða ekki. Jeg er ekki svo vel að mjer í þeim efnum, að jeg viti, hvort 150 kr. á örk er sanngjörn ritlaun, en þegar litið er á það, að venjulegt mun að borga 30 kr. fyrir svipuð verk, þá virðast 150 kr. yfrið nóg borgun fyrir örkina. Annars er jeg ekki bær að dæma um það, en vil leggja áherslu á það, að hvorki Bjarni Jónsson nje aðrir, sem falið er verk að vinna, komist hjá að vinna það, eins og dæmin hafa sýnt að ýmsir menn hafa gert, sem ár eftir ár hafa notið styrks af opinberu fje.

En svo að jeg lengi ekki umræður meir en jeg þarf, vil jeg minnast örfáum orðum á brtt. á þgskj. 679, sem við háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) höfum einnig flutt. Hún er við 18. gr., að veita síra Gísla Kjartanssyni 800 kr. í eftirlaun. Jeg get ekki leynt því, að mjer sárnaði við 2. umr., er þessi eini styrkþegi í 18. grein var feldur burt. Maður þessi var og er sómamaður, hefir mist heilsuna, er mjög fátækur, og þeir, sem þekkja til, munu ekki telja eftir honum, þótt hann sje styrktur að þessu leyti, sjerstaklega ef þess er gætt, að eftir 18. gr. er mörgum þeim veittur styrkur, sem að vísu eiga heiðursverðlaun skilið, en eru stórríkar persónur, og hafa styrksins ekki minstu þörf. Það verður að taka tillit til þess, hvort maðurinn er illa staddur efnalega, eða hefir alls enga þörf fyrir styrk. Vona jeg, að þessi upphæð verði vel þegin, þótt hún hafi fyrir óhapp lækkað um 200 kr. frá því, sem fyrst var til ætlast, og þótt ekki sje meiri en 800 kr., býst jeg við, að manninum verði mikill styrkur að og þinginu heiður, en enginn ósómi, að hafa hlaupið hjer undir bagga.

Hjer hafa komið fram ýmsar brtt., en þær vil jeg ekki rekja, til að tefja ekki tímann, og mun jeg sýna með atkvæði mínu afstöðu mína til þeirra allra.

Jörundur Brynjólfsson: Úr því að jeg verð að taka til máls get jeg ekki látið hjá líða að tjá háttv. fjárveitinganefnd þakkir fyrir undirtektir hennar undir málaleitun þá, er jeg sendi henni, þar sem hún hefir tekið upp í 3. lið brtt. sinna á þgskj. 722 styrk til sjúkra- og styrktarsjóðs verkmanna hjer í bænum. Vænti jeg þess, að háttv. deild líti á þetta sömu augum,

því að hjer er um nauðsynlegan styrk að ræða, og það er ætíð best að reyna að tryggja afkomu og líðan einstaklinganna, og rjett að ríkið leggi eitthvað af mörkum til þess. Þessi sjóður á nú að eins að bæta úr brýnasta skorti, er verkamenn verða fyrir af slysum eða sjúkdómum, en hann er svo fátækur, að hann getur það ekki nema að litlu leyti. En mjer þykir leitt að sjá í till. orðin »í eitt skifti«, en þrátt fyrir það get jeg ekki annað en tjáð nefndinni þakkir fyrir, að hún tók málaleitun þessa til greina.

Um einstakar brtt. fjárveitinganefndar skal jeg ekki fjölyrða. Flestar þeirra eru svo sanngjarnar, að það er lítil ástæða til að hafa mikið á móti þeim. Að vísu geta verið skiftar skoðanir um einstaka liði, en munar venjulega svo lítið upphæð, að vel má á sama standa, og flestar ætla jeg svo úr garði gerðar, að þær geti orðið að gagni.

Svo hefi jeg leyft mjer að koma fram með þrjár viðaukatill., á þgskj. 671, 672 og 673. Hin fyrsta fer fram á að veita ungfrú Hólmfríði Árnadóttur 500 kr. hvort ár til kvöldskólahalds í Reykjavík. Henni hafa verið veittar 500 kr. hvort ár fjárhagstímabilsins, sem yfir stendur. Hefir hún haft kvöldskóla undanfarin ár, og sýnt, að henni er mjög sýnt um að stjórna skóla. Nemendur hafa sótt í skóla hennar góða mentun, og það, sem mest er um vert, vanist góðri stjórn og góðri reglu. Skil jeg ekki, hvers vegna hæstv. stjórn hefir ekki lagt til, að fjárveitingin hjeldi áfram. Jeg þori að fullyrða, að ekkert það hefir komið fram, er rjettlæti það, að fjárveitingin falli niður, ef það hefir verið rjettmætt að veita styrkinn í fyrstu. Jeg er þess fullviss, að engin þeirra unglingaskóla annara, er landssjóður styrkir, hafi meiri rjett til styrks en þessi skóli, ár þess að jeg vilji í nokkru kasta rýrð á þá. Jeg þorði ekki að fara fram á meiri fjárveitingu til þessa skóla, þótt það hefði verið eðlilegt og sjálfsagt, vegna aukinna erfiðleika af dýrtíðarinnar völdum. Þegar jeg fer svo hóflega í sakirnar, vona jeg, að háttv. deild samþykki till. Það, sem jeg hefi hjer sagt um skóla þennan, segi jeg af þekkingu á starfi hans. Þessi skóli er ekki fyrir Reykvíkinga nema að nokkru leyti. Stúlkur þær annarsstaðar að, sem dvelja í Reykjavík að vetrinum og stunda verklegt nám að deginum, leita þangað fræðslu á kvöldin. Vona jeg, að deildin sýni þá sanngirni að fella ekki þessa fjárveitingu.

Önnur brtt. er á þgskj. 672. Sú till. var hjer við 2. umr., en jeg tók hana aftur þá, af því að borist höfðu ýms skírteini frá þessum námsmanni, sem fjárveitinganefnd hafði ekki unnist tími til að athuga. Hann hefir góð meðmæli. Hann sótti um 1200 kr., en jeg hefi farið fram á 800 kr. Jeg álít þetta mjög þýðingarmikið nám fyrir framtíðina, er tekið verður að beisla fossana hjer á landi. Þessi ungi námsmaður er fátækur og á engan að, er styrkt geti, og væri því mjög vel farið, ef þingið sæi sjer fært að styrkja hann ofurlítið. Í sambandi við þetta má geta þess, að með brtt. á öðru þingskj. er farið fram á að styrkja annan mann til samskonar náms. Er það lík upphæð, og fjarri því, að jeg hafi nokkuð á móti henni. Þótt menntirnir sjeu tveir, er þeim alls ekki ofaukið, ef eitthvað verður aðhafst.

Þriðja brtt. er á þingskj. 673 og fer fram á 500 kr. þóknun hvort ár til Jóns Helgasonar, fyrrum vitavarðar á Reykjanesi. Jeg þekki manninn ekki vitund og get ekkert sagt um hann, en kunnugir segja, að það sje gamall maður og fátækur, og það er kunnugt

öllum háttv. þingm., að hann hefir verið lengi í þjónustu landsins. Hann er ómagamaður og á erfitt uppdráttar. Þess vegna flyt jeg þessa till., að maðurinn hefir verið lengi í þjónustu landsins, og legg jeg það á vald háttv. deildar, hvort hún vill að einhverju draga úr erfiðleikum hans. Frekar vil jeg ekki lengja umr. að sinni.

Þorsteinn Jónsson: Jeg vil minnast örfáum orðum á brtt. á þgskj. 647, fyrir hönd samgöngumálanefndar. Það er efni till., að lagt verði síðara ár fjárhagstímabilsins til brúargerðar á Hofsá alt að 16,000 kr., gegn því, að $^1/_3$ kostnaðarins komi annarsstaðar frá. Eins og menn muna bárum við þm. N.-M. fram frumv. um það hjer í þinginu fyrir nokkru, að landið kostaði brýr á Hofsá og Selá í Vopnafirði að $^2/_3$ hlutum. Þessu frv. var vísað til samgöngumálanefndar, og eftir að hafa athugað það komst hún að þeirri niðurstöðu að láta frv. ekki ganga fram, en leggja til að veita í fjárlögum þessa upphæð, 16,000 kr., til brúar á Hofsá síðara árið. Get jeg lýst yfir því, sem annar flutnm. frumv., að jeg sætti mig við, að frumv. nái ekki fram að ganga, ef þessi fjárveiting verður samþykt. Samgöngumálanefndir beggja deilda samþyktu þetta á fundi sínum með öllum atkv. gegn 2. Þær þóttust sjá, að nauðsyn þessarar brúar væri brýn, þar sem þessi á er ein meðal verstu vatnsfalla, og þriðja stærsta á öllu Austurlandi, og auk þess á þeirri leið, þar sem mestur er fólksstraumur milli Norðurlands og Austurlands, og rennur um annað fjölmennasta hjerað Austurlands. Auk þess er það, eins og jeg hefi tekið fram áður hjer í deildinni, að árlega hlýst mikið tjón af því, að áin er óbrúuð. Í henni ferst árlega margt af sauðfje, þar sem hjeraðsmenn austan árinnar verða að reka fje sitt yfir hana vor og haust, er þeir reka á afrjettina og af henni aftur. En um það leyti, er þeir reka á afrjettina á vorin, er áin ófær, og verður þá annaðhvort að reka fjeð á sund eða ferja það yfir, en ferjustaðir eru afarslæmir. Er það yfir 6000 fjár, sem yfir hana er rekið á hverju vori. Þeir, er versla í Vopnafjarðarkaupstað, verða að reka á sund eða ferja sláturfjeð yfir hana á haustin. En það eru ekki einungis íbúar Vopnafjarðarhjeraðs, heldur og margir Úthjeraðsmenn, sem reka fje þangað og bíða tjón af völdum árinnar.

Annars var jeg búinn að taka fram áður helstu ástæður fyrir brúargerð þessari, og skal ekki taka þær upp aftur, en vil geta þess, að meiri hluti fjárveitinganefndar er brtt. hlyntur. Auðvitað getur svo farið, að engar brýr verði bygðar á næsta fjárhagstímabili, þar sem efni er dýrt og sumpart með öllu ófáanlegt, og fer þá auðvitað um þessa brú sem aðrar.

Jeg sje, að hjer liggja fyrir brtt. um brýr, sjerstaklega á Norðurlandi. Ekki færri en tvær stórbrýr í þeim landshluta voru ákveðnar í fjárlögunum við 2. umr., brýrnar á Hjeraðsvötnin og Eyjafjarðará, svo að jeg vænti, að háttv. deild telji efasamt, hvort rjett sje að veita nú fje til fleiri stórbrúa á Norðurlandi, en telji sanngjarnt, að Austfirðingar beri eitthvað úr býtum í þessu tilliti, þar sem Alþingi hefir aldrei veitt fje til stórbrúa á Austurlandi, nema Lagarfljótsbrúarinnar.

Þá hefi jeg flutt brtt. á þgskj. 670, um að hækka styrk til Sigfúsar Sigfússonar á Eyvindará. Jeg tók fram við 2. umr., hver væri ástæðan til, að honum væri veittur styrkur, og er hún sú, að þessi maður hefir varið mestum tíma sínum til að safna alþýðlegum íslenskum fræðum, og heldur því enn á-

fram á gamals aldri. Þingið hefir oft sýnt og sýnir nú enn, að það er örlátt á styrki til rithöfunda og slíkra manna. Vil jeg síst lasta það, en finst þingið jafnan smátækara, ef rithöfundurinn er ekki í lærðra manna tölu, heldur alþýðlegur fræðimaður, sem unnið hefir baki brotnu fyrir lífsuppeldi sínu, og varið frístundum sínum frá vinnu í þarfir þjóðlegra fræða. Hækkunin er svo lítil, að jeg vona, að menn samþykki aðaltill., um 200 kr. hækkun, eða þá að minsta kosti varatill., um 100 kr. hækkun.

Þriðja brtt., sem jeg er einn af flutningsmönnum að, er á þgskj. 678, og fer fram á utanfararstyrk til Jóns Sveinssonar, lögfræðinema, til að leggja stund á fjármál. Oskar hann þess að geta notið þessa styrks, er hann hefir væntanlega lokið lögfræðiprófi að vori komanda. Jeg hefi talað við háttv. 2. þm. Árn., prófessor Einar Arnórsson, kennara hans, og er hann einn meðflutningsmaður að till. Telur hann hann mjög efnilegan mann, og rjett af þinginu að styrkja hann. Jeg skal geta þess, að jeg þekki þennan mann persónulega. Hann er óvenjulega duglegur maður. Hann hefir komist þetta áleiðis við nám, bláfátækur, af eigin ramleik, og aldrei notið neins styrks, nema venjulegs námspiltasyrks. Síðustu árin hefir hann stundað útgerð á Austfjörðum á sumrin og rekið hana af miklum dugnaði.

Það hefir mikið verið talað um það að lagfæra þyrfti bankana, og þætti mjer því líklegt, að þeim, sem hæst tala um það, væri það líka áhugamál að stuðla að því, að þekking aukist í landinu á þeim málum, og veittu því þessum manni styrk til að kynna sjer þau fræði.

Jeg skal að lokum geta þess, að fái Jón Sveinsson þennan styrk, þá hefir hann hugsað sjer að fara til Ameríku til að afla sjer haldgóðrar fjármálaþekkingar.

Matthías Ólafsson: Það er með samþykki fjárveitinganefndarinnar, að jeg ber fram brtt. á þgskj. 663, um styrk til Sigurðar Þórðarsonar, til tónfræðináms í Þýskalandi. Þessi piltur er nú líklega rúmlega 20 ára gamall. Hann hefir verið hjer heima þangað til í fyrra vetur, að hann sigldi til útlanda. Hjer heima gekk hann í verslunarskóla, og var því næst við verslun á Akureyri og þar á eftir í Landsbankanum hjer í Reykjavík, en gat ekki felt sig við þá vinnu, af því að hugurinn var allur hjá tónfræðinni. Hann hafði einkum stundað fiðluleik, og hafði lært mest hjá sænska fiðluleikaranum, sem hjer var, Oscar Johansen. Sömuleiðis mun hann hafa lært pianoleik hjá frú Petersen og Sigfúsi Einarssyni, og hefir góð vottorð frá þeim báðum. Enn hafði hann samið nokkur lög áður en hann fór hjeðan, og eru þau, að dómi Sigfúsar Einarssonar, mjög lagleg.

Þessi maður fjekk lán í fyrra, til þess að geta komist utan, en nú mun þetta lán vera uppetið, sem vonlegt er. Hann fer nú fram á að fá 2000 kr. styrk fyrra árið, til þess að geta haldið áfram námi sínu; síðan vonar hann, að hann verði þess umkominn að vinna fyrir sjer með kenslu.

Vegna óhagstæðra ferða milli landa hefir pilturinn ekki getað komið heim brjefi með vottorðum um það, hvernig hann stundi nám sitt, en jeg hefi sjeð brjef frá Páli Ísólfssyni, þar sem hann minnist á þennan mann, og lætur mikið af áhuga hans og iðni við námið.

Ef Sigurður yrði nú fyrir þeim vonbrigðum, að þingið vildi ekki sinna þessari ósk hans, þá yrði hann að öllum líkindum að hætta við alt nám, og væri það mjög ilt fyrir Íslendinga, því

að maðurinn er mjög efnilegur, en ekki margir, sem slíkt nám stunda, svo að ekki er hætt við »Overproduktion« af mönnum á því sviði.

Fjárveitinganefndin ætlaðist til, að Sigurður fengi 2000 kr. styrk af fje því, sem hún vildi veita til skálda og listamanna, 16 þúsund krónur, en nú lækkaði þessi háttv. deild styrkinn, eins og kunnugt er, niður í 12 þús., og því hefi jeg komið fram með þessa brtt.

Jeg skal geta þess, að mjer veitist það ljett, samvisku minnar vegna, að greiða atkvæði með þessu atriði, því að jeg hefi verið nægjusamur fyrir kjördæmi mitt á þessu þingi. Kjördæmi mitt á sem sje ekki von á neinni fjárveitingu nú í fjárlögunum, nema 600 kr. til Dynjandaánna, og getur það varla talist mikið. Mjer hefir ekki sýnst það ráðlegt að gera mikið að fjárbænum nú, en þessa fjárbeiðni þykist jeg geta varið, bæði fyrir kjósendum mínum og almenningsálitinu.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Jeg vona, að allir sjái, að rjett er að samþykkja þessa fjárveitingu. Það getur hver og einn stungið hendinni í sinn eiginn barm og spurt sjálfan sig, hvað hann mundi gera, ef eitthvert skyldmenni hans væri statt suður á Þýskalandi og yrði að hætta við nám, ef ekki fengi örlítinn styrk. Það er svo illa ástatt fyrir oss Íslendingum, að vjer eigum enga þá sjóði, sem slíkir menn geti fengið styrk úr, og hvílir þá einskonar skylda á landssjóði til að styrkja þá.

Að síðustu skal jeg geta þess, að jeg vil heldur veita liðsinni mitt til að að styrkja þá menn, sem síðar kynnu að sýna það, að þeir voru þess ekki verðir, heldur en vera á móti styrk til þeirra, sem efnilegir eru, því að það getur orðið landinu að miklu tjóni.

Björn Kristjánsson: Jeg á hjer brtt. á þgskj. 710. Hún er svo til komin, að á þinginu 1915 var veitt fje til að koma upp húsi yfir listasafn Einars Jónssonar, myndhöggvara. Þessi upphæð, sem veitt var, var 10 þús. kr. Nú kom það þegar í ljós, að ekki voru tiltök að byrja á byggingunni með svo lítilli upphæð. Þá var það, að nokkrir menn, sem áhuga höfðu á þessu máli, fóru þess á leit við stjórnina, að byrjað yrði á verkinu, ef 10 þús. kr. fengjust í viðbót við fjárveitinguna. Stjórnin varð við þessum tilmælum, með því skilyrði, að 20 þús. kr. ksemu annarsstaðar frá. Nú söfnuðust þessir peningar, og gekst yfirdómslögmaður Oddur Gíslason fyrir þessum samskotum. Þrátt fyrir þetta komst húsið ekki upp, af því að landssjóður tók efnið til annars. Samt sem áður gera gefendurnir enga kröfu til að fá fjeð aftur, en þeir eiga sanngirniskröfu til þess. Þess vegna hefi jeg komið fram með þessa breytingartillögu. Aðalkrafa mín er sú, að alt fjeð verði borgað aftur. Flestir gefendur gáfu 500 kr. hver, en einn gaf 7000 kr. og annar 1000 kr. Varatillaga mín er þá, að þessum tveimur mönnum verði borgað til baka, öðrum 6500 kr. en hinum 500 kr., svo að þeir leggi jafnt til og aðrir. Jeg geng raunar út frá því sem vísu, að sá maðurinn, sem gaf 7000 kr., taki ekki sjálfur við peningunum, en myndi afhenda þá Einari Jónssyni. Jeg hefi heyrt sagt, að fjárveitinganefndin sje mótfallin aðaltillögu minni, en vona, að hún sje samþykk varatillögunni.

Þá á jeg hjer líka aðra tillögu á sama þgskj., sem fer fram á, að Sigurður Eiríksson, regluboði, fái 500 kr. í fjárlögunum, í stað þess, að hann hefir áður haft 300 kr. Þessi maður er nú orðinn aldraður, er heilsubilaður og fátækur, en dýrt að lifa nú, eins og allir vita.

Jeg vona, að enginn hafi á móti þessari tillögu, þar sem aðrir líkir styrkir hafa nú verið hækkaðir nokkuð svipað þessu.

Jeg rek mig hjer á aðra tillögu, þar sem ætlast er til þess, að stórstúkan missi allan styrk, en að Sigurður fái í þess stað 1000 kr. Jeg verð að vera á móti þessari tillögu, bæði af því, að jeg vil, að stórstúkan fái þann styrk, sem hún hefir haft, og líka af því, að jeg veit, að Sigurði er engin þökk á þessu. Jeg vona, að allir verði minni tillögu samþykkir, því að það er alkunnugt, að þessi maður hefir unnið mestan hluta æfi sinnar í almennings þarfir.

Þá á jeg hjer enn eina brtt., um að læknirinn í Keflavík fái styrk til að halda aðstoðarlækni yfir vetrarvertíðina. Í hjeraði hans sækir um þann tíma fjöldi af fátækum sjómönnum, og er þar því ærið að starfa fyrir lækninn, en ekki eins mikið í aðra hönd. Læknirinn hefir orðið undanfarin ár að taka aðstoðarlækni um þennan tíma á eigin kostnað, enda er maðurinn orðinn gamall. Jeg skal geta þess, að jeg hefi borið þetta undir landlækni, og hefir hann fremur lagt á móti því, að þetta væri veitt, en það mun vera af því, að hann álítur lækninn hafa nóg efni til að borga þetta fje úr eigin vasa. Þar til er því að svara, að það myndi vera fjárhagslegur hagnaður fyrir landið að veita þennan styrk, fremur en að læknirinn segði af sjer embætti, því að þá fengi hann eftirlaun, sem eru um 1000 kr. eða meira.

Jeg skal ekki gera tillögur nefndarinnar að umræðuefni í þetta sinn. En af því, að fáir munu þekkja Frímann B. Arngrímsson, þá skal jeg nota tækifærið til þess að mæla með styrkveitingunni til hans. Þótt maðurinn sje einkennilegur, þá veit jeg, að hann er mjög gáfaður og fjölfróður. Jeg þekti til hans fyrir mörgum árum, þegar hann var í Edinborg, og vissi, að hann var þá sístarfandi við efnafræðistörf og mjög áhugasamur við verk sín. Jeg teldi það mjög æskilegt, að þessi maður sem hefir óverðskuldað soltið mikinn hluta æfinnar, fengi nú einhvern tíma að njóta hæfileika sinna, og að hann geti starfað í næði að áhugamálum sínum, þjóðinni til nytsemdar. Þá mun það sannast, að hann lætur enn eitthvað gott af sjer leiða. Því miður er styrkurinn altof lítill til þess, að nokkuð verulegt verði fyrir hann gert.

Jeg skal svo ekki minnast á fleira að þessu sinni.

Þórarinn Jónsson: Jeg á alls 3 brtt., á þgskj. 692, 689 og 669.

Brtt. á þgskj. 669 er frá mjer og hv. 1. þm. Skagf. (M. G.). Hún er fram komin vegna annarar brtt., sem meiri hluti samgöngumálanefndar flytur, um brú á Hofsá í Vopnafirði. Fyrst kom fram hjer í deildinni frv. um brýr á Hofsá og Selá. Það lá fyrir samgöngumálanefnd, og varð niðurstaðan sú, að nefndin vildi koma Hofsá inn í fjárlögin. Jeg og nokkrir fleiri nefndarmenn voru á móti þessu. Mjer fanst ekki koma til mála að fara að veita fje til brúar á Hofsá nú, og það af þrem ástæðum. Í fyrsta lagi er ekki fyrir hendi neitt álit frá vegamálastjóra um þetta mál. Í öðru lagi er brúin á sýsluvegi. Og í þriðja lagi hafa ýmsar brýr, sem vegamálastjórinn mælir með að þegar verði gerðar, ekki verið settar í fjárlögin nú. Meðal þeirra er fyrst og fremst brúin á Miðfjarðará. 1913 bar jeg fram þingsál.till. um, að brúarstæði á þeirri á væri rannsakað og kostnaðurinn áætlaður. Þetta var gert, og teikning af brúnni og kostnaðaráætlun er löngu tilbúið, en brúin þó ekki komin enn í fjárlögin. Í áætlun vegamálastjórans 1915 var Eyjafjarðarbrú-

in talin fyrst, þá brú á Miðfjarðará, þá brú á Jökulsá, þá brú á Hjeraðsvötnum. Nú er Eyjafjarðarárbrúin tekin í fjárlögin og fyrri borgun til Jökulsárbrúarinnar, og skal jeg engum ágreiningi út af því valda, þótt Jökulsárbrúin sje að þessu leyti látin ganga á undan Miðfjarðarárbrúnni, þar sem telja má víst, að báðar komi í næstu fjárlög. En af því, að samgöngumálanefnd vildi bæta Hofsárbrúnni í hópinn, komum við með þessa brtt., því að það getur engum efa verið undir orpið, að Miðfjarðará á að ganga fyrir. Það er alkunna, að þetta vatnsfall hindrar einatt póstgöngur; stundum verða póstar að bíða við ána og stundum er póstflutningnum mikil hætta búin, þegar lagt er í ána. Það ætti því engum að koma til hugar að taka á undan brú á óþektri á, sem álit vegamálastjórans er ekki til um. En þar sem nú er örðugt um byggingu brúa, þá munum við taka aftur brtt. okkar, ef brtt. á þgskj. 647 verður feld. En þegar svona stóð á, var ekki hægt annað en að bera hana fram. Hvað snertir brú á Hjeraðsvötnum skal jeg að vísu fallast á, að hún komi á eftir brú á Jökulsá. En þar stendur samt sjerstaklega á. Hjeraðsvötnin eru altaf að breyta sjer. Svifferja er í póstleiðinni á aðalálnum. En hinir álarnir eru altaf að dýpka, svo að þeir eru að verða næsta örðugir yfirferðar og geta oft talist ófærir; því að álitlegt getur ekki talist að sundriða jökulvatn á söndum og sandbleytu. Á því getur ekki leikið nokkur vafi, að brú á Hjeraðsvötnum eigi að ganga fyrir Hofsárbrúnni. Brtt. okkar er ekki borin fram í því skyni að íþyngja landssjóði, eins og jeg hefi áður tekið fram, heldur af því, að fylsta sanngirni mælir með, að þessar brýr verði teknar í fjárlögin, ef nokkrum verður bætt við.

Þá er brtt. á þgskj. 689, um að bæta skólanum á Hvammstanga inn í athugasemdina við 14. gr. Legið hafa frammi á lestrarsalnum skjöl þessu viðvíkjandi, en ekki veit jeg, hvort háttv. þingmenn hafa kynt sjer þau. Jeg vona því, að mjer verði virt til vorkunnar, þótt jeg rifji þau upp fyrir mönnum. Skólinn hefir ekki enn starfað nema 4 ár. Hann er stofnaður af áhugamanni, sem er einkarsýnt um skólastjórn. Maður þessi byrjaði skólann af eigin hvötum og fekk 500 kr. styrk úr sýslusjóði. Landssjóðsstyrk fjekk hann nokkurn að auki. En hann hefir fundið, að honum er um megn að halda skólanum áfram, nema styrkurinn verði meiri. Árlegur styrkur þyrfti að vera að minsta kosti 2000 kr. Þessi leið til að hækka styrkinn virðist líka sjálfsögð, að skólinn njóti sömu rjettinda og skólinn að Núpi í Dýrafirði og Hvítárbakkaskólinn. Meðal skjalanna, sem þessu máli fylgja, er ítarlegt yfirlit yfir kostnað við skólahaldið og styrki, sem skólinn hefir fengið. Þá eru meðmæli með skólanum frá 6 merkum mönnum. Allir þessir menn þekkja vel til skólans. Fræðslumálastjóri mælir eindregið með, að styrkur til skólans sje aukinn. Eitt fyigiskjalið er frá prófdómurum skólans, síra Jóhanni Briem á Melstað og Valdemar Baldvinssyni. Presturinn ætti að bera skyn á þessi mál, og hinn maðurinn hefir mentast bæði hjer á landi og erlendis. Þeir segja svo meðal annars, að hjer sje »rjettur maður á rjettum stað«, og má það teljast hið eindregnasta álit, er uppi verður látið. Þetta er ekkert einstætt hól um skólastjórann. Það er samhljóða öllum öðrum ummælum um skólann. Jeg tek þetta, til að grípa einhversstaðar niður. Vottorðin eru frá sýslumanni Húnvetninga, sýslunefndarmönnum, fyrverandi þingm. o. fl., sem jeg nenni ekki upp að telja. Sömuleiðis er fyrir hendi skólaskýrsla.

Síðasta vetur voru 24 fastir nemendur í skólanum, en aukakenslu nutu 12 manns. Nemendurnir höfðu sameiginlegt mötuneyti, og kostaði fæði fyrir karlmanninn kr. 1,09, en fyrir kvenmann 80 a. á dag. Þetta er dálítið meira en hjer sunnanlands, t. d. í Hvanneyrarskólanum. En ýmislegar nauðsynjavörur eru þar fyrir norðan dýrari en hjer, t. d. útlend matvara. Þetta má því teljast mjög góð afkoma. Yfirleitt var öll kensla í ágætu lagi, og má það eingöngu þakka forstöðumanninum. Hann er bæði ábyggilegur og áhugasamur, góður kennari og vandaður maður.

Háttv. þingm. Dala. (B. J.) hefir borið fram brtt. við mína brtt. Ætlast hann til, að Hjarðarholtsskólanum verði líka bætt í athugasemdina. Jeg tek meðmælum hans með minni till. þakksamlega, en get ekki að svo stöddu um það sagt, hvernig jeg tek hans máli. Ekkert liggur fyrir um þann skóla, sem hann vill koma að. Þar fyrir getur hann haft jafngildar ástæður og jeg. Jeg er honum fyllilega samdóma um, að rjettara sje að styrkja heimavistarskóla til sveita en kaupstaðaskólana. Það er mitt álit, að það sje ekki óhollari mentun, sem heimavistarskólar í sveitum veita, en kaupstaðaskólar.

Jeg vænti, að háttv. deild verði ekki mótfallin þessari till. minni. Hjer er ekki um meira að ræða árlega en 1500 kr., og hækkunin frá þeim styrk, sem skólanum hefir verið veittur, ekki nema á 6. hundrað krónur. Vert er það líka að athuga, hvað liggur við. Það er tvísýna á, að skólinn geti haldið áfram, ef hann fær ekki þennan styrk. Nú eru erfiðir tímar, og óráðið, hvort skólar starfa að vetri. Þessum skóla er þó öðruvísi farið en flestum öðrum. Kennarinn verður að borga leigu eftir dýrt hús, hvort sem skólinn verður eða ekki. Í sumar hefir hann starfað að því að sjá skólanum fyrir eldsneyti. Það væri því mikil ástæða til að halda þessum skóla uppi, jafnvel þótt aðrir skólar yrðu að hætta.

Þá er enn ein brtt. mín eftir, till. á þgskj. 692. Jeg er háttv. nefnd þakklátur fyrir það, hve vel hún hefir tekið í þessa till. mína. Hjer er að eins um endurveiting að ræða, og ekkert útlit fyrir, að fjeð verði notað á fjárhagstímabilinu. Veitingin er miðuð við áætlun, sem gerð var fyrir stríðið. Nú mundi bryggjan kosta þrisvar sinnum eins mikið. En kjósendur mínir vildu heldur, að fjárveitingin stæði í fjárlögunum. En það er óhugsandi, að byrjað verði á verkinu meðan útlit er fyrir, að kostnaðurinn fari mikið fram úr áætluninni, sem gerð var 1914.

Hvað aðrar till. snertir mun jeg sýna með atkvæði mínu, hvernig jeg lít á þær. — Þó vil jeg minnast á styrkinn til skálda og listamanna. Við 2. umr. kom fram einkennileg skoðun hjá háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.); hann hjelt því fram, að hækka ætti þá menn, sem þegar hafa verið teknir upp, en veita svo afganginn, sárlitinn, til yngri skálda og listamanna. Þetta get jeg ekki felt mig við. Það bæri vott um kyrrstöðu. Eftir því ætti að dæma menningarstig þjóðarinnar eftir hinum eldri mönnum, en ekki að taka yngri menn til greina. Nýju mönnunum ætti ekki síður að veita styrkinn. Það má ekki kyrkja þá í uppvextinum. Þeir menn, sem áður hafa hlotið þennan styrk, eru auðvitað alls góðs maklegir. En það á líka að taka fult tillit til hinna yngri manna. Þessari skoðun háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) var ekki mótmælt af háttv. framsm. fjárveitinganefndar (B. J.), og það var einungis þess vegna, sem jeg

greiddi atkvæði á móti tillögu nefndarinnar. Framsm. nefndarinnar (B. J.) nefndi þingeysk alþýðuskáld, sem væru rjett borin til styrksins. Ekki man jeg til, að hann nefndi Jakob Thorarensen, og stendur hann þó mjög framarlega meðal þeirra nýju manna, sem styrksins ættu að njóta, og hefir sýnilega meira skáldasnið á sjer en fjöldinn hinna yngri skálda. Sá, sem á skilið að fá viðurkenningu, hann á skilið að fá styrkinn, og eiga listamennirnir að fá að njóta hans strax og þeir koma í ljós og eru viðurkendir.

Hákon Kristófersson: Jeg á brtt. á þgskj. 694. Við 2. umr. talaði jeg fyrir henni, og benti á þörf þessarar fátæku ekkju, frú Lorange. Jeg álít óþarft að fara að endurtaka það nú.

Þá á jeg brtt. á þgskj. 695, um fjárveitingu til bryggjugerðar í Flatey. Vísa jeg til orða háttv. framsm. fjárveitinganefndar (B. J.) um þessa brtt., og treysti því, að deildin samþykki hana.

Enn á jeg brtt. á þgskj. 696. Brtt. er við 15. gr., en ekki 16. gr., eins og misritast hefir á þgskj. Þar er farið fram á, að hækkaður verði styrkur, sem samþyktur var við 2. umr., til einkar efnilegs ungs manns, Helga Hermanns Eiríkssonar. Framsm. fjárveitinganefndar (B. J.) gat þess, að nefndin hefði gengið eins langt og hún hafi sjeð sjer fært. Jeg vil endurtaka þakklæti mitt til nefndarinnar, en jeg er ekki á sama máli og framsm. (B. J.) um það, að ekki væri hægt að ganga lengra. Jeg hefi ástæðu til að halda, að nefndin hafi svo gjarnan viljað ganga lengra, en álitið vonlaust, að deildin mundi samþykkja hærri styrk en 1200 kr. hvort árið. Mjer er persónulega kunnugt um efnahag þessa unga manns, og er jeg í vafa um það, hvort hann muni geta haldið áfram námi, ef hann fær ekki hærri styrk en 1200 kr. Hann er af fátæku fólki kominn, eins og jeg hefi áður skýrt frá.

Skjöl þau, er við koma umsókn hans, hafa legið hjá háttv. fjárveitinganefnd; og skýt jeg því til hennar, að varla mun nokkur umsókn vera studd með betri meðmælum, eða meiri líkindi til, að fjestyrkur komi annarsstaðar að betra haldi en sá, sem veittur kann að verða manni þessum. Hins vegar eru horfur hans um framhaldsnám mjög óskyggilegar, ef hann verður ekki ríflegs styrks aðnjótandi, og skal jeg því til sönnunar, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp fáein orð úr brjefi hans til kunningja sins hjer. »Jeg bíð með óþreyju«, segir hann, »eftir aðgerðum þings, því að þær gera út um forlög mín í náinni framtíð«. Jeg býst við, að háttv. þm. muni mjer samdóma um, að þótt 1200 kr. sjeu að vísu sómasamlegur styrkur, þá muni landið það ekki miklu, þótt hann sje hækkaður upp í 1500 kr., en það getur þó ráðið úrslitum um framtíðarkjör þessa unga og efnilega manns. Jeg fel svo háttv. deild málið til bestu fyrirgreiðslu, og treysti því, að háttv. deildarmenn sýni nú með atkvæði sínu, hvort þeir vilja styrkja unga og efnilega listamenn, eða verða þess valdandi, að þeir verði að engu, sökum skammsýni fulltrúa þjóðarinnar.

Þá kem jeg að brtt. á þgskj. 697, um styrkinn til Patrekshrepps til rafveitu. Háttv. framsm. (B. J.) fór hlýjum orðum um hana, og er jeg háttv. nefnd þakklátur fyrir undirtektir hennar. Því miður munu háttv. þm. ekki hafa átt kost á að kynna sjer drög þau, sem liggja til grundvallar fyrir beiðni þessari; því að jeg trúi ekki öðru en að það mundi hafa áhrif á afstöðu þeirra, sem kynnu að vera málinu mótfallnir.

Jeg er máli þessu persónulega kunnugur, og veit, að ef þingið synjar um

lánbeiðni þessa, þá er bæði hreppsfjelaginu og öllu sýslufjelaginu stefnt í beran voða og óþægilegar ógöngur. Þegar byrjað var á rafveitunni, lá fyrir áætlun frá verkfræðingi, sem gerði ráð fyrir, að kostnaðurinn mundi ekki fara fram úr 40000 kr., og á þessu var bygt, þegar ráðist var í fyrirtækið. Nú er búið að kaupa efnið, byggja stöðvarhús og grafa skurð fyrir vatnsleiðsluna o. fl. o. fl. En þess má geta, að pípur þær, sem leiða átti vatnið eftir, sitja í Englandi, og hefir það hamlað fljótum framgangi á fyrirtækinu, þótt gert væri ráð fyrir, að það yrði fullbúið síðasta haust. Það er nú auðsjeð, að þegar fyrirtækinu er lokið, þá muni kostnaðurinn vera orðinn yfir 80000 kr. Ýms óhöpp hafa komið fyrir, sem hleypt hafa kostnaðinum fram. Flutningskostnaðurinn einn á pípunum mun verða um 11000 kr. hærri nú en áætlað var og samið hafði verið um.

Hjer á þingið kost á að sýna, hvort það vill styrkja þjóðþrifafyrirtæki með því að hlaupa undir bagga, eða verða þess valdandi, að hreppsfjelag og sýslufjelag komist í hin alvarlegustu vandræði.

Jeg treysti því, að háttv. deild muni fara eftir tillögum háttv. fjárveitinganefndar, sem hefir kynt sjer málið og er öll á því, að lánið sje veitt. Fjölyrði jeg svo ekki meira um þetta, en óska, að von mín um góðar undirtektir háttv. deildar rætist, en láti sjer ekki til skammar verða.

Jeg vil svo með örfáum orðum minnast á einstöku tillögur háttv. fjárveitinganefndar á þgskj. 722, sjerstaklega tillöguna um 30000 kr. fjárveitinguna til loftskeytastöðvar í Flatey. Er jeg háttv. nefnd mjög þakklátur fyrir undirtektir hennar undir það mál. Að vísu hnýtir hún aftan við tillöguna um það, að hjeraðið taki þátt í kostnaðinum, eftir því sem stjórnin ákveður. Þetta má kallast nokkuð laust og óákveðið, en af því að jeg ber gott traust til stjórnarinnar, að hún sýni þar fulla sanngirni, geri jeg mig nokkurn veginn ánægðan með athugasemdina og úrslit málsins, eftir atvikum. Hjer er ekki einungis að ræða um lyftistöng til framfara fyrir hjeraðið, heldur og allálitlega tekjulind fyrir landssjóð. Það væri hrapallegt og nær því broslegt, úr því að komið hefir verið upp dýrri loftskeytastöð í Reykjavík, ef ekki væri komið upp loftskeytastöðvum í sambandi við hana, þar sem erfitt er um símalagning, en hún látin standa einangruð, gagnslítil og arðlítil fyrir landið. Jeg vona, að háttv. deild leyfi tillögu þessari að ganga fram, og get þess í sambandi við þetta, að landssímastjórinn hefir mælt eindregið með því, að loftskeytastöð yrði reist í Flatey næst eftir Reykjavík, enda væri frekari dráttur á því alveg óforsvaranlegur, eftir því sem á stendur.

Jeg er samþykkur háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) um listamannastyrkinn, að ekki beri eingöngu að taka tillit til eldri skálda, heldur líka hinna yngri, við úthlutun hans. Að öðru leyti er jeg á því, að best fari, að stjórnin, ásamt meðráðamönnum sínum, hafi óbundnar hendur um það, hvernig styrknum sje úthlutað.

Jeg sleppi því að tala um aðrar tillögur, sem hjer liggja fyrir, en mun með atkvæði mínu sjálfsagt sýna, hvernig jeg lít á þær.

Sigurður Sigurðsson: Að þessu sinni á jeg hjer eina brtt., sem jeg er einn um, og við aðrar tvær er jeg riðinn með öðrum. Þessi brtt., á þgskj. 640, hefir á vissan hátt fengið góðar

undirtektir hjá háttv. nefnd, eftir því sem framsm. hennar (M. P.) hefir skýrt frá. Jeg tel svo vera, þar sem ásetlað er, að varið skuli af fje því, sem ætlað er til Suðurlandsbrautarinnar, nokkru til að færa úr stað veginn úr Smiðjulaut á Hellisheiði og brúa árnar í Ölfusinu. Tel jeg þetta sama sem að sá hluti tillögunnar sje samþyktur. Þótti mjer vænt um að heyra, að háttv. framsm. (M. P.) bygði orð sín um vegfærsluna á áliti landsverkfræðingsins, og eins um hitt, að álit landsverkfræðingsins sje og tilætlun, að Kambavegurinn sje síðar færður úr stað. Er því ekki vert að káka meir við þann veg en nauðsyn krefur, úr því að það liggur við borð að flytja hann til, og tókum við því tillöguna aftur.

Hin brtt., sem jeg á hjer, er á þgskj. 644, og fer hún fram á, að styrkur sá, sem staðið hefir í tveim síðustu fjárlögum, til að gefa út dýralækningabók, fái enn að standa. Bókin er þegar fullsamin, en hefir ekki verið gefin út af því, að öll bókaútgáfa er nú svo dýr. Hins vegar hefði jeg kosið, að styrkurinn fengi að standa í fjárlögunum, svo að hægt yrði að gefa út bókina á fjárhagstímabilinu, ef til batnaðar breytist. Háttv. framsm. (B. J.) minnir mig á, að jeg muni muna eftir því að koma styrk þessum inn í næsta fjárlagafrv. Vera má, að svo verði. En hitt er óvíst, að jeg og háttv. framsm. (B. J.) lifi til 1919, því að ekki er víst, að þeir lifi jafnan lengst, sem hjúum eru leiðastir, og þá má vel vera, að aðrir gleymi að bera fram tillöguna, og vil jeg því ekki eiga á hættu, að tillögunni sje slept nú. Jeg skil ekki í því, hvers vegna háttv. nefnd vildi ekki taka hana upp, og jeg fulltreysti því, að háttv. deild samþykki hana nú, þegar hún er komin fram.

Um till. á þgskj. 693, frá háttv. þm. Mýra. (P. Þ.), er það að segja, að jeg tel hana á góðum rökum bygða, því að óvíða eru verri vegir hjer á landi en á Mýrunum. En með því að samskonar tillaga var við 2. umr. feld fyrir okkur þingmönnum Árnesinga, má búast við, að þessi tillaga sje einnig dauðadæmd.

Á þgskj. 647 er tillaga um að brúa Hofsá í Vopnafirði. En jeg sje, að einnig eru komnar fram tillögur um að veita fje til brúargerða á Miðfjarðará, Hjeraðsvötn og Svarfaðardalsá. Þykir mjer þetta undarlegt nú í þessu árferði, og ekki annað sýnilegt en að þær sjeu bornar fram til höfuðs tillögunni á þgskj. 647. Það er ekki útlit fyrir, að á næsta fjárhagstímabili muni verða fært að vinna að brúargerðum, þótt nauðsynlegar sjeu, og mun því rjettast að fella allar tillögurnar, enda er mjer ekki grunlaust um, að sumar þeirra sjeu bornar fram í þeim tilgangi, og til að draga hinar í gröfina með sjer.

Þá kem jeg að brtt. á þgskj. 710, um að hækka fjárveitinguna til listasafnshúsbyggingarinnar, og um endurgreiðslu til þeirra manna, sem lagt hafa fram fje, eða lofað því, til húsbyggingarinnar. Mjer kemur þetta undarlega fyrir, að þeir menn, sem hafa lofað fje eða gefið til húsbyggingarinnar, skuli nú ætla að kippa að sjer hendinni og ætlast til, að landssjóður endurgreiði þeim framlög sín. Þetta minnir mig á orð Guðmundar ríka, er tilrætt varð á Alþingi um, hvað gera skyldi við fje það, er skotið var saman til bóta fyrir víg Höskuldar Hvítanessgoða, og er margir lögðu til, að fjenu skyldi skilað þeim aftur, er fram höfðu lagt; þá mælti Guðmundur: »Þá skömm kýs ek mjer eigi til handa, at taka þat aftur, er ek gefið hefi, hvárki hjer nje annarsstaðar«. Var góður rómur gerður að þessum orðum Guðmundar, enda reglan gullvæg og eftirbreytnisverð.

Jeg hefi oftast getað orðið samferða háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) og fylgt honum að málum, sjerstaklega þegar um styrki til einstakra manna hefir verið að ræða. En nú get jeg ekki fylgt honum í till. hans á þgskj. 680, og hefði honum, þeim góða manni, verið ráðlegra að vera nú í samvinnu við mig, sem fyr. Það er að eins síðasta tillagan, sem jeg gæti ljeð fylgi mitt. En við vitum báðir, að hún er ódrepandi, eins og hann er ódauðlegur í Dalasýslu, maðurinn, sem hún beinist að, háttv. þm. Dala. (B. J.).

Gísli Sveinsson: Jeg á hjer, eins og fleiri góðir menn, eina brtt., og mun þykja hlýða, að jeg mæli nokkur orð með henni. Það er brtt. á þgskj. 650, um að veitt sje lítil fjárupphæð til bókaútgáfu til Einars Gunnarssonar, sem gefið hefir út ýmsar bækur, og sumar ágætar að efni og frágangi. Nú var hann byrjaður á að gefa út safn eitt, sem ekki orkar tvímælis að gagnlegt sje fyrir almenning; það eru lög Íslands. Allir vita, að lög vor eru mörg og margbrotin, og margur mun hafa orðið þess var, að mjög eru þau á víð og dreif, og erfitt fyrir almenning að hagnýta sjer þau eða vita, hvað nú eru gildandi lög hjer og hvað ekki. Nú hefir Einar Gunnarsson byrjað á að gefa út stórt lagasafn og fengið til þess að sjá um útgáfuna þann mann, sem einna færastur mun allra til þess, prófessor Einar Arnórsson. Útgáfunni er það á veg komið, að út eru komin 10 hefti, og ná þau frá 13. öld til 1869. Eftir munu vera um 20 hefti, því að lagafjöldinn hefir óðum farið vaxandi og breytingar á eldri lögum komið til. Eins og nú er ástatt mun ókleift að halda áfram útgáfunni styrklaust, jafnvel þótt bókin yrði seld með ókjörum.

En þar eð þetta upprunalega er stílað til að vera almenningsbók, má verðið ekki vera mjög uppskrúfað.

Till. mín gengur út á að veita útgefandanum 1500 kr. hvort árið og ekki meira. Fyrir þessa upphæð skuldbindur útgefandinn sig til að gefa út alt verkið, að meðtöldum lögunum frá þessu þingi, og það ákvæði er sett til tryggingar, að helming fjárins fær hann ekki fyr en hálfnuð er útgáfan, en til þess vantar mörg hefti, og hinn helming fjárins ekki fyr en bókin er öll út komin. Jeg vænti þess, að háttv. þingmenn sjái, að hjer er um mál að ræða, sem verðskuldar aðhlynningu, einmitt frá hálfu þeirra, sem standa fyrir samningu hinna mörgu laga, sem almenningur á ekki greiðan aðgang að að þekkja. Nú er þessi útgáfa ekki ætluð lögfræðingum, því að þeir geta náð til allra laganna og hafa þau bæði í huga og höndum, en almenningur veit engin deili á lagasúpunni, sem altaf vex. Jeg álít þennan útgjaldalið þarfari ýmsum öðrum útgjaldaliðum til bókaútgáfu, sem nú eru í fjárlögum, og þó ekki mega falla, enda er sjálfsagt, að þeim verði haldið áfram. Jeg býst við, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) geti orðið mjer sammála um þetta, bæði af því, að hann vildi ekki fylgja vini sínum, hv. 1. þm. Rang. (E. J.), að niðurskurðarverkinu, og eins vegna hins, að hann flytur sjálfur till. um fjárveitingu til útgáfu bókar, sem líklegt er að almenningi sje þörf á að fá gefna út, en þó ekki meiri en þessa. Lagasöfn hafa eigi heldur áður verið gefin út öðruvísi en með opinberum styrk, og eigi heldur dómasöfn.

Hvað snertir ýmsa aðra liði hjer þá get jeg látið mjer í ljettu rúmi liggja, hvort þeir ná fram að ganga eða ekki. Að eins vil jeg drepa á till. þeirra fjelaga, hv. 2. þm. Rang. (E. J.) og hv. 2. þm. S.-M. (B. St.), sem samferða hafa orðið að niðurskurðinum, sem á víst að

vera til sparnaðar, en verður þó heldur óverulegur, því að ekki munar meiru en nokkrum þús. kr., en þessi niðurskurður gildir útgáfu fornbrjefasafnsins, alþingisbókanna fornu, dómasafns landsyfirrjettarins og þýðingar íslenskra skáldrita á tungur Norðurlanda. Mjer er óskiljanlegt, úr því að takmarkið er að spara með þessu, að þeir skuli ekki líka vilja skera niður styrkinn til Bókmentafjelagsins, Fornleifafjelagsins, Þjóðvinafjelagsins og Sögufjelagsins, því að þessi fjelög öll eru styrkt til að gefa út fræðibækur, sem álitið hefir verið nauðsynlegt að kæmu út. Jeg get ekki sjeð, hvers vegna þeir hafa ráðist á þessa liði, en látið aðra í friði, sem meira var hægt að spara á að fella. Mjer þykir kynlegt, að háttv. þm., þótt ágætir sparnaðarmenn sjeu, skuli leyfa sjer að ráðast á slíka liði sem þessa, því að það er til hneisu fyrir þá að ljá ekki fylgi sitt til slíkra fjárveitinga, svo framarlega sem þeir eru ekki komnir inn í þingsalinn með það fyrir augum að brjóta niður alt andlegt vald í landi þessu, útrýma allri fræðimensku og koma í veg fyrir útgáfu allra bóka í landinu. Frá mínu sjónarmiði er þetta svo fráleitt, að það má ekki ómótmælt standa, enda er það afkáralegt, ef það á að vera gert til sparnaðar, því að það sparast ekki neitt á því þessi tvö ár, sem neinu munar.

Síðasti liðurinn af þessari hörmulegu tillögu er að fella styrkinn til að þýða Goethes Faust, sem þó er að eins 1200 kr. Rjettmæti þessa styrks var viðurkent af þinginu í vetur, og því sjálfsagt, að hann kæmi í fjárlagafrumv. stjórnarinnar, því að ekki var ástæða fyrir stjórnina til að ætla, að þingið, sömu mennirnir, hefðu skift um skoðun frá því í vetur. Það má nú gera ráð fyrir, að þessum styrk verði ekki velt, úr því að það var ekki gert hjer við 2. umr., þegar alt var hjer í sukki og kös. Síðari liður þessarar tillögu eða varatill. er þó enn fráleitari, því að hún ætlar styrkinn ekki til að þýða Faust, heldur til að gefa hann út. Þetta ber vott um svo mikla vanþekkingu á málinu, og ekki síst á bókaútgáfu, að furðu gegnir. Þeir fjelagar vilja fara að gefa út Faust, jafnframt því sem þeir eru að fella styrki til útgáfu annara bóka, sökum þess, hve dýrt er nú að gefa bækur út. En ef ætti að gefa Faust út, þá er þetta enginn styrkur, því að þetta er ekki nema nokkur þóknun til þýðandans. Það hefir glatt mig að sjá tillögur sumra ágætra sparnaðarmanna nú, sem eru niðurskurðarmenn á sjálfsagðar fjárveitingar, og sumir hverjir á móti slíkum fjárveitingum alveg út í bláinn; nú koma þessir sömu menn með till. til útgjalda, og sumar þeirra eru styrkir til manna, sem enginn þekkir og eng inn veit hverjir eru. Það er víst, að þessir sömu þingmenn hefðu leyft sjer að vera á móti fjárveitingum til annara manna, sem mikið betri skilríki hefðu. Þetta sýnir, að þessir menn eru ekki nema í orði kveðnu á móti hinum og þessum fjárveitingum, af einhverjum óskiljanlegum ástæðum, því að þegar til þeirra kasta kemur, eru þeir hin mestu góðmenni og eru fúsir á að flytja slíkar fjárbeiðnir inn á þing.

Jeg er sammála hv. 1. þm. Árn. (S. S.) í ummælum hans um brtt. fyrv. fjármálaráðherra, hv. 1. þm. G.-K. (B. K.), um að hækka styrkinn til listasafnsins og ákveða um leið að endurgreiða tillag þeirra manna, sem lagt hafa fram fje til húsgerðarinnar af fúsum og frjálsum vilja. Jeg held, að jeg verði að taka undir þau ummæli háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), ef hann hefir meint það, að þetta sje ómaklegt í garð þeirra manna, sem fjeð hafa lagt fram, því að jeg tók svo eftir, að háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hefði

borið þessa brtt. fram upp á eigið eindæmi, án hvata þessara manna og í heimildarleysi frá þeirra hálfu, og hlýt jeg að telja það mjög óviðeigandi. Það getur ekki komið til mála, að þingið ákveði að fara þennan veg, því að þá lítur svo út, sem þeir menn, sem lagt hafa fram fje til hússins, hafi gert það eingöngu til að sýnast. Hjer hafa fáir viljað styrkja listir og vísindi, og hefir því ekki verið öðru að tjalda en landssjóði, því að hjer eru engir sjóðir til slíks eða Mæcenasar, er styrkja vilji listir og vísindi. Það hefir verið sagt, að þetta væri að breytast til batnaðar, því að nokkrir hefðu af fúsum og frjálsum vilja lagt fram fje til þessa listasafns. Nú er það ilt afspurnar, ef þingið grípur fram fyrir hendur þessara manna, því að ef þeir hafa ætlast til, að þingið færi að endurgreiða þeim þetta fje, hefðu þeir alls ekki átt að forma að gefa.

Nokkrar brtt. eru fram komnar, sem jeg vil mæla með, og er þá fyrst ein frá hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), um Hvammstangaskólann. Jeg hefi átt kost á að kynna mjer skilríki þessa skóla, og sje ekki annað en að hann standi fyllilega á sporði hinum unglingaskólunum sem nefndir eru í þessari aths. Það mælir einnig með að veita þessum skóla styrkinn, að unglingaskólar úr öllum öðrum fjórðungum landsins eru nefndir í aths., og því ekki nema sanngjarnt, að einn slíkur skóli í Norðlendingafjórðungi njóti líka samskonar styrks. Sömuleiðis er hjer fram komin till. um að veita kvöldskóla jungfrú Hólmfríðar Árnadóttur í Reykjavík lítinn styrk. Jeg get ekki sjeð, að nein ástæða hafi verið fyrir stjórnina að sleppa þeim skóla af fjárlagafrv., því að jeg býst við, að skólinn vinni sama gagn og áður. Jeg get hugsað mjer, að þótt aðrir skólar legðust niður, þá gæti þessi skóli starfað áfram og komið að góðum notum, því að mikið leggur hann ekki í eyðslu, og fjöldi af stúlkum þeim, sem þennan skóla sækja, koma ekki aftur til bæjarins, og þetta er eina tækifærið fyrir þær að afla sjer einhverrar mentunar. Því er svo farið með marga aðra, að þeir eru námsmenn af »profession«, og lesa því utanskóla, ef skólarnir verða lagðir niður, en því eiga þær stúlkur, sem þennan skóla sækja, ekki kost á.

Enn fremur vil jeg mæla hið besta með styrknum til Frímanns B. Arngrímssonar. Mjer hefir runnið það til rifja, eins og fleirum, hvernig sá maður hefir einatt orðið út undan, þrátt fyrir mikla mentun og brennandi áhuga. Þessi litli styrkur getur nú komið honum að nokkru haldi, þótt hann sje kominn á efri ár.

Þá fellur mjer illa, að feld var hjer við 2. umr. styrkveiting eða eftirlaun til síra Gísla Kjartanssonar, og eigi síður fyrir þá sök, að um leið og hún var feld var samþykt önnur veiting til annars prests, sem reyndar var ekki nema sjálfsagt, en hitt var líka engu síður sjálfsagt, að veita þessum presti slíkan styrk, sem alls ekki má vera lægri en brtt. fer fram á. Jeg sje, að hjer er komin brtt. frá háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) um að hækka fjárveitinguna til Sigurðar Eirikssonar, regluboða, úr 300 kr. upp í 500 kr., og er það ekki nema maklegt. Hins vegar sje jeg enga ástæðu til að veita honum þann styrk, sem Goodtemplarar hafa haft, úr því að sá styrkur var ekki látinn falla með öllu. Jeg er sömu skoðunar og jeg var, þegar um það var rætt hjer við 2. umr., að ekki ætti að veita Goodtemplurum, sem slíkum, neinn styrk, því að jeg skoða bindindismálið eingöngu frá uppeldis sjónarmiði, og álít því, að þennan styrk ætti að veita til bindindisfræðslu, og hafði fengið þá hugmynd, að það

væri vel til fallið, að Kennarafjelagið hefði þá fræðslu á hendi. Það kom reyndar fram í ræðu hjá háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.), að styrkur þessi myndi geta runnið til ungtemplarastarfsemi, og væri það vel farið; en ef stórstúkan yfirleitt á að fá hann, verður að gæta þess, að hann gangi ekki til þess að borga gamlar skuldir, eða til að halda samkomur, sem eru að meira eða minna leyti óþarfar, heldur til fræðslu. Jeg ætlast til þess, að stjórnin fái skilríki fyrir því, að styrkur þessi, eins og aðrir, sje notaður á rjettan hátt, því að ef hann er notaður til þess að hafa áhrif á ungmenni landsins í hófsemisáttina, þá er maklegt að veita hann. En hitt, að fara að styrkja Goodtemplara sem slíka, finst mjer ekki geta komið til mála í bannlandi.

Jeg sje hjer fram komna beiðni um lán til rafmagnsstöðvarbyggingar á Austfjörðum, en bjóst ekki við, að farið yrði að veita lán til slíkra fyrirtækja nú, nema verkið væri langt komið eða undirbúið til fullnustu. Jeg hafði hugsað mjer að bera fram eina beiðni um slíkan styrk, en sá engin tök á því, eins og nú stóð á, og áleit enda slíka fjárbeiðni ekki rjettmæta nú, því að jeg get ekki búist við, að í slík fyrirtæki verði ráðist á næsta fjárhagstímabili. Jeg væri hlyntur slíkum styrk sem þessum á rjettum tíma, en eins og nú stendur á álít jeg ekki áríðandi að veita hann.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi verið svo óheppinn að bera fram 2 brtt. Jeg segi óheppinn, af því að háttv. fjárveitinganefnd hefir tekið afstöðu á móti þeim báðum, og þar er við raman reip að draga, sem hún er, því að það er vitanlegt, að hún er tviefld, þar sem hún legst á móti, því að hún getur notað þann rjett sinn, að $^2/_3$ atkvæða þurfi til að koma því máli fram, sem hún er andvíg. Önnur þessi brtt. er á þgskj. 643 og lýtur að byggingu á Hallormsstað, sem er skógarjörð landssjóðs. Háttv. frsm. (B. J.) lagði á móti þessari till., en ekki heyrði jeg hann færa fram aðra ástæðu en þá, að húsin á jörðinni myndu enn geta lafað um hríð. Jeg skal ekki um það segja, hve lengi þau lafa, en það veit jeg, að einn góðan veðurdag falla þau. Hve margir dagar verða þangað til get jeg ekki sagt, en húsin eru fyrir löngu orðin alveg ófær og allsendis ósamboðin slíkum stað sem Hallormsstað. Jeg vil geta þess, að Hallormsstaður er einna mest heimsóttur af öllum sveitabæjum á Austurlandi, bæði af innlendum mönnum og útlendum, og það er því meira en lítil vanvirða, að staðurinn skuli vera svo illa hýstur, að vísa verði fáum, góðum gestum frá eða í hlöður til gistingar. Baðstofan er orðin mjög gömul, sigin í ýmsar áttir, skökk og skæld.

Af úttektum frá Hallormsstað hefi jeg náð í eina frá 1905. Þá var baðstofan í því ástandi, að á hana voru lagðar 200 kr., og vitanlega hefir henni hnignað í þessi 12 ár, sem síðan eru liðin. Skógarvörðurinn hefir verið svo nægjusamur, að hann hefir ekki farið fram á þessa fjárveitingu fyr. Hvort byggingin getur komist fljótt upp, ef fjárveitingin fæst, er undir ýmsum atvikum komið, meðal annars því, hvort sement fæst, en tilgangurinn er að koma henni upp svo fljótt sem auðið er. Af því að háttv. framsm. (B. J.) tók svo ólundarlega í þetta og viðhafði ekki önnur rök en þau, að húsin gætu víst lafað eitt ár enn, dettur mjer í hug að spyrja hann, hvort vjer munum ekki geta komist af eitt ár enn án þess að fá Goethes Faust þýddan. Jeg ætla ekki að leiða neinar getur að, hvernig aðrir háttv. þingdm. muni líta á þetta mál,

en jeg ætla að vona, að háttv. fjárveitinganefnd beiti ekki við þessa brtt. mína því ákvæði þingskapanna, sem jeg hefi áður nefnt, því að þá gæti verið, að þetta slysaðist í gegn, og það verð jeg að segja, að margir liðir hjer í fjárlögunum eiga ekki meiri hjett á sjer en þessi, og skal jeg þó ekki storka hlutaðeigendum með því að telja þá upp.

Aðra brtt. á jeg hjer, á þgskj. 645, en hún lýtur ekki að fjáreyðslu, heldur lánsheimild, og fer fram á að fá til rafmagnsveitu á Fáskrúðsfirði 60,000 kr. lán. Á móti þessu hefir háttv. fjárveitinganefnd haft það, að verkið væri ekki nægilega undirbúið, og því ofsnemt að veita til þess lán. Jeg hefi nú hjer við höndina skjöl, sem sanna það, að mikið er búið að gera þarna til undirbúnings, og verkið væri sjálfsagt komið töluvert áleiðis, ef stríðið hefði ekki tafið fyrir frekari framkvæmdum. Skjöl þessi hafa legið hjer á lestrarsal margar vikur og opin háttv. fjárveitinganefnd. Þessu verki verður hiklaust haldið áfram, þegar stríðsófögnuðinum linnir. Þeir, sem þarna eiga hlut að máli, geta ekki beðið, því að þegar er búið að starfa töluvert að verkinu. Jeg get búist við, að um slíka lánsheimild sem þessa fari eins og um aðrar líkar upphæðir, að fjeð verði ekki handbært, þegar til á að taka, en veitist þá þegar um hægist.

Mjer finst það ekki alls kostar vingjarnlegt af háttv. fjárveitinganefnd að setja sig á móti þessari lánsheimild, þegar sukkað er nær á öllum sviðum. Þetta eru aðaltillögurnar, sem jeg hefi borið fram. Að vísu stendur nafn mitt á fleiri brtt. með hv. samþingismanni mínum (B. St.), en hann mun gera grein fyrir þeim. Um tillögur annara þingmanna hefi jeg fátt eitt að segja. Þó eru tvær brtt., sem mig langar til að athuga dálítið nánar. Þær eru á þgskj. 689, og 729 og lúta báðar að því að tryggja tveimur skólum allmikla fjárupphæð af því fje, sem ætlað er til unglingaskóla úti um land. Eins og fjárlögin bera með sjer eru ætlaðar til þess 14,500 kr. Af þessari upphæð hafa 4 skólar fengið sjer trygðar sínar 1500 kr. hver, og flutnm. að þessum brtt. fara fram á að tryggja tveimur skólum í viðbót þessa sömu upphæð. Með því móti væri höggið svo mikið skarð í upphæðina, sem ætluð er til unglingafræðslu hvarvetna á landinu, að lítið verður eftir handa öðrum skólum. Ef þessar brtt. verða samþyktar, þá er að minsta kosti búið að eyða 9000 kr. af þessum 14,500, og sjá þá allir, að það, sem eftir er, er ekki mikið til úthlutunar í marga staði. Jeg er ekki á móti því, að þessir skólar sjeu styrktir, en jeg vil ekki, að þeir gíni yfir öllum þeim styrk, sem ætlaður er til allrar unglingafræðslu. Jeg legg því eindregið móti þessum breytingartill. og einkarjettarstefnu þeirra.

Aðrar tillögur get jeg leitt hjá mjer að tala um. Það kemur fram við atkvgr., hvernig jeg lít á þær. Jeg býst líka við, að forlög flestra þeirra sjeu fyrirfram ákveðin, svo að ekkert þýði um þær að ræða. En jeg get ekki stilt mig um að minnast á það, að mjer þótti hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) fara óþarflega óvirðulegum orðum um brtt. á þgskj. 680. Mjer hefði fundist, að hann hefði vel getað verið dálítið kurteisari í garð flutnm. að þeim brtt. Það er að vísu svo, að jeg á ekki neinn þátt í þeim. En jeg er þó í dálitlum vafa um, hvort sumar fjárveitingarnar, sem þar er farið fram á að fella í burt, eru svo sjálfsagðar, að nein goðgá geti talist, þótt við þeim sje hróflað. Jeg get t. d. ekki litið svo á, að styrkurinn til að þýða Faust sje

frambærilegur á þessu bjargráðaþingi. Á aukaþinginu í vetur var það tekið skýrt fram, að þennan styrk skyldi greiða af fjenu til skálda og listamanna. Það var alls ekki til þess ætlast, að standandi fjárveiting yrði tekin upp í fjárlög. Líka var þá litið á styrkinn sem nokkurs konar dýrtíðarráðstöfun til einstaks manns. Jeg verð að segja það, að þótt þessi þýðing sje gott verk og mikið fyrir hana gefandi, þá er Faust ekki það guðspjall, sem gefa beri stórfje fyrir, og fráleitt kemst þýðandinn í tölu guðspjallamannanna. Þetta skáldverk er ekki heldur svo einstætt í bókmentum heimsins, að útleggingu þess beri að gera að opinberri ráðstöfun. Ekki fjekk Sveinbjörn Egilsson styrk af almannafje til að þýða Hómerskvæðin, eða Jón Þorláksson til að þýða Paradísarmissi. Þau verk eru að skáldlegri list nokkuð hliðstæð Faust, og á þeim tíma, sem þau voru þýdd, og að minsta kosti við þau kjör, sem Jón Þorláksson lifði, var verkið ekki minna vert en nú er að þýða Faust. En þessir menn unnu sjer til frægðar, en ekki fjár, unnu eftir köllun sinni og óeigingjarnt. Það er gert svo mikið veður út af þessari þýðingu, að undrum sætir, og því líta margir á þetta úti um land eins og hjegómamál. Þegar á það er litið, að margir af þeim, sem á annað borð mundu lesa bókina, geta lesið hana á útlendu tungumáli, þá verður að kannast við það, að hjer er um enga nauðsyn að ræða.

Stefán Stefánsson: Jeg á hjer, ásamt háttv. samþingismanni mínum (E. Árna.), brtt. á þgskj. 698. Tillagan er um launaviðbót og húsaleigustyrk til póstafgreiðslumannsins á Siglufirði. Jeg hafði hugsað mjer að bæta þessari upphæð við á liðinn til póstafgreiðslumanna utan Reykjavíkur. En jeg mintist þess, að allar tillögur um hækkun á þeim liðum voru feldar við 2. umr. Þess vegna tók jeg það ráð að flytja tillöguna fram á þennan hátt, en nú hefir háttv. fjárveitinganefnd þóknast að leggja á móti tillögunni. Jeg vona samt, að þótt jeg taki nú tillöguna aftur, þá sýni nefndin henni þá velvild síðar, er jeg vísa henni inn á þann stað í fjárlagafrumv., sem mjer skilst að hún ætlist helst til, að hún verði ekki fjárveitingunni andvíg. Tillagan er því tekin aftur.

En svo eigum við aðra brtt. á þgskj. 690, og er hún fram komin af þeirri ástæðu, að meiri hluti samgöngumálanefnda beggja deilda hefir verið svo örlátur að bera fram brtt. um að veita fje til brúar á Hofsá í Vopnafirði. Hjer er því farið fram á að fá fje til brúar á Svarfaðardalsá. Það mun vera líkt á komið með báðar þessar brýr að því leyti, að báðar eru á sýsluvegi, og þar við má bæta því um brúna á Svarfaðardalsá, að búið er að skoða brúarstæðið fyrir 7 eða 8 árum og gera áætlun um brúargerðina og allan kostnað. Umferð er mjög mikil yfir ána, bæði af innsveitismönnum og öðrum ferðamönnum, og einnig með fjárrekstra, eins og hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) tók fram — eflaust með rjettu — um Hofsá. Nú hafa Svarfdælir lagt fram margar þúsundir kr. til brúargerða í dalnum, og ætti það að vera meðmæli með því, að þeir fengju, ekki síður en aðrar sveitir, fjárveitingu til nauðsynlegrar brúar, sem er á sýsluvegaleið. Annars hefði jeg ekki komið fram með þessa brtt., ef tillagan um framlag til brúar á Hofsá hefði ekki komið fram frá samgöngumálanefndinni, og verði sú tillaga feld, dettur mjer ekki í hug að halda minni tillögu fram. Jeg vil geta um þetta, til þess að menn sjái, hvers vegna jeg ber brtt. fram. En þess vil jeg geta, að

máli þessu var hreyft á þingmálafundi nú í vor í Svarfaðardal, og lagt mjög ríkt á að fá fjárveitingu til þessarar brúar, ef þess yrði nokkur kostur. Jeg taldi því sjálfsagt að koma með brtt., þegar önnur samskonar var komin fram, sem að mínu áliti hefir alls ekki meiri rjett á sjer. — Jeg hirði ekki að minnast á aðrar brtt. Jeg mun sýna það við atkvgr., hvernig afstaða mín er til þeirra. Að eins skal jeg minnast á skólann á Hvammstanga. Jeg tel ekki síður sjálfsagt að styrkja hann en aðra samskonar skóla, sem trygður er styrkur í fjárlögunum. Jeg þekki allvel þennan skóla, af náinni afspurn, og get að öllu leyti undirskrifað þau meðmæli, sem hann hefir hlotið frá 1. þm. Húnv. (Þór. J.).

Einar Arnórsson: Jeg ætla að hafa sama formála og aðrir, að lofa að vera mjög stuttorður. Nafn mitt stendur að eins á tveimur brtt.; önnur er tekin aftur, en hinni hefir háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) mælt svo vel með, að jeg þarf engu við það að bæta. Jeg stend því að eins upp til að tala um brtt. á þgskj. 680. Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir sagt margt vel og rækilega um þessar brtt., og farið maklegum orðum um þær. Jeg mun nú reyna að taka í sama strenginn, og vil jeg þá byrja á því að athuga stuttlega hvern lið fyrir sig af þeim, sem lagt er til að skuli niður falla.

1.—4. Styrkir til að vinna að útgáfu fornbrjefasafnsins, alþingisbókanna og útgáfu dómasafnanna tveggja. Um þessa liði ætla jeg ekki að fjölyrða. Þó að þeir verði ekki teknir aftur, þá getur það ekki orkað tvímælis, að þessar fjárveitingar eru svo sjálfsagðar, að ekki kemur annað til mála en að fella brtt. Þá kem jeg að 5. brtt., og um hana ætla jeg að fara nokkrum orðum. Sá liður, sem þar er farið fram á að fella burt, er 1000 kr. styrkur til að þýða íslensk skáldrit á tungur Norðurlandabúa, dönsku, sænsku og norsku. Stjórnin hefir tekið þessa fjárveitingu upp í frv. sitt, og fjárveitinganefnd ekki dottið í hug að breyta því. Svo stendur á, að í þessum löndum er myndaður fjelagsskapur, sem hefir að markmiði að kynna þjóðunum framleiðslu hverrar annarar í andlegum efnum. Fjelög þessi hafa boðið okkur að vera með, og fengið tryggingu fyrir því, að ef við tökum þessu boði, þá verði lagt fje fram úr ríkissjóðum allra þessara landa, til þess að styrkja þýðingar á skáldritum þeirra í bundnu eða óbundnu máli á íslenska tungu. Jeg tel, að okkur sje svo mikill sómi sýndur með þessu tilboði, að við megum ekki við því að drepa hendinni við þeim sóma. Það er tvöfaldur gróði fyrir okkur að þiggja þetta boð frænda vorra á Norðurlöndum. Bókmentir vorar aukast við það að fá góðar þýðingar á úrvalsskáldritum Norðurlandaþjóðanna, og það er gróði bókmentum okkar, að okkar verkum sjeu gerð sömu skil. Þetta hvorttveggja er svo mikils virði, að ekki getur talist eftirsjón að þessum 1000 kr., til þess að þessi skifti komist á. Þó að jeg geri alls ekki lítið úr okkar verklegu framkvæmdum, þá hefir það þó verið svo hingað til, að það eru bókmentirnar, sem sjerstaklega hafa gert garðinn frægan út á við. Að láta þennan lið standa er því ekki nema sjálfsögð kurteisi við frændþjóðirnar. Það væri hrein og bein ókurteisi, ef hann væri feldur burt, og nú á tímum er okkur sjerstaklega ómissandi að halda vinfengi við aðrar þjóðir. Jeg vænti þess, að ef þetta fje verður veitt, þá verði myndaður hjer fjelagsskapur með sama markmiði, og að þeir, sem

hann mynda, eigi atkvæði um það, hverjir fengnir verða til að þýða, og hvaða skáldrit verða til þess valin.

Þá ætla jeg enn fremur að fara nokkrum orðum um síðustu brtt. á þessu þgskj., um að fella burt styrkinn til að þýða Goethes Faust. Jeg ætla ekki að segja mikið um bókmentagildi þessa rits; um það vita líklega flestir. Um það, hvort Bjarni Jónsson sje hæfur til að þýða þetta rit, ætla jeg ekki heldur að tala. Hann er orðinn svo þektur af þýðingum sínum, að allir vita, að hæfileikar hans í þá átt eru ofar mínu lofi. Nægir í því efni að benda á tvær bækur, Helheima og Huliðsheima, sem hann hefir þýtt úr norsku. Höfundur bókanna fór þeim orðum um þýðinguna, að hún væri betri en frumritið, eftir því sem jeg hefi fyrir satt. Stafar það auðvitað af því, að íslenskan er fullkomnara mál en norskan og fer skáldskap betur, þar sem hann er hjer með stuðlum og höfuðstöfum.

Þessi styrkur kom til umræðu á aukaþinginu í vetur. Við 6 gamlir lærisveinar þýðandans bárum fram þingsályktunartillögu um að veita honum 1200 kr. á yfirstandandi ári af fje því, sem veitt er til skálda og listamanna, til að halda áfram þýðingunni. Þessi tillaga er á þgskj. 61 í þingtíðindunum frá í vetur. Var hún afgreidd með rökstuddri dagskrá, sem er að finna á þgskj. 92 og í ræðuparti B. III., dálki 512. Dagskráin hljóðar á þá leið, að deildin treysti herra Bjarna Jónssyni til vandaðrar þýðingar á Goethes Faust, að hún telji víst, að nefndin, sem gerir tillögur um úthlutun fjár þess, sem hjer um ræðir, leggi til, að honum verði greitt nægilegt fje til að halda áfram þýðingunni, án beinna afskifta þingsins. Þetta er efni dagskrárinnar, og geta menn lítið í þingtíðindin 1916—17, til að sannfærast um, að rjett er með farið. En af því að fjeð er lítið, en margir maklegir, sem um hafa sótt, þá hefir nefndin ekki sjeð sjer fært að taka meira af þeirri upphæð til þessa verks en 400 kr. Stjórnin hefir auðvitað greitt þá upphæð, sem nefndin stakk upp á. En af því að stjórnin skildi dagskrána svo, að þýðandanum væri ætlað að fá þá upphæð, sem tillagan fór fram á, þá tók hún það, sem á vantaði, í frv. til fjáraukalaga fyrir 1916 og 1917. Það er því fullkomið heimildarleysi hjá hv. 2. þm. Rang. (E. J.) að halda því fram, að stjórnin hafi ekki haft heimild til að taka þennan lið upp í fjárlögin. Stjórnin hafði ekki ástæðu til annars en að ætla, að deildin vildi, að þetta væri fastur styrkur. Enda er það fásinna að styrkja menn til einhvers verks, en hætta því að hálfnuðu verki. Það er rjett hjá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að þessir menn, sem hann nefndi, unnu verk sín án endurgjalds. En jeg hygg þó, að landinu hefði verið sómi að því að styrkja þá menn, og annar þeirra að minsta kosti hefði þurft þess með, að landið reyndist honum betur en raun varð á. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að menn, sem eiga fyrir öðrum að sjá, geti eytt tímanum frá matarstritinu, til þess að vinna verk, sem ekkert er borgað fyrir, og jafnvel þótt það sje verk, sem manninum er mjög hugleikið. Það er auðvitað svo um þennan mann, sem hjer er um að ræða, að ef hann fær ekki þennan styrk, verður hann að vinna sjer inn fje með tímakenslustriti, ef það þá fæst, þótt af því verði minna bókmentagagn. Jeg veit, að hann vill ekki hafa skifti á þeim störfum, en hann verður að gera það, ef hann verður sviftur styrknum. En það var eitt atriði í ræðu háttv. 2. þm. Rang. (E. J.), sem segja má að hafi verið fult vit í, að upphæðin gæti heyrt undir 20. liðinn í 15. gr. Það er auðvitað rjett, að styrkurinn á þar heima, og skiftir litlu

máli, hvar hann er settur, En úr því að háttv. þm. (E. J.) er svo rjettsýnn að ætlast til, að styrkurinn sje veittur, þá hefði hann átt að leggja til, að 20. liðurinn yrði hækkaður, um leið og hann kom með brtt. um að fella 37. liðinn í burt. (E. J.: Jeg er ekki skyldugur til að sjá um það.). Jú, því að ef þessi styrkur verður tekinn af þeirri upphæð, þá er ekkert eftir, þegar búið er að greiða þeim mönnum, sem sjálfsagt er talið að njóti styrks af þessu fje. Jeg hefi talið saman styrkinn til þeirra manna, sem eigi verður hjá komist að veita fje af 20. lið, og eru það mennirnir, sem fjárlaganefnd 1915 tilnefndi. Eins og stjórnin tekur fram í greinargerð sinni geri jeg ráð fyrir, að styrkur Einars Hjörleifssonar verði hækkaður upp í 2400 kr., og að Einari Jónssyni verði veittar 2000 kr. (E. J.: Er það jeg?). Jeg bið háttv. þm. afsökunar á því, að jeg átti ekki við hann, heldur Einar Jónsson, myndhöggvara frá Galtafelli. Það var full von á, að þm. tæki það til sín, því að hann er listamaður. Allir vita, að hann er viðurkendur ræðusnillingur deildarinnar. En honum tókst nú ekki að slíta þráðinn hjá mjer. Jeg var að tala um það, að styrkurinn til þeirra manna, sem fyrirfram er ákveðið að skuli styrks njóta, nemi 8600 kr., þegar miðað er við áætlunarupphæðirnar í fjárlögunum 1916—1917, og athugasemdir stjórnarinnar nú um tvo áðurnefnda menn. Nú bætir stjórnin því við í athugasemdum sínum, að þeir menn, sem notið hafi styrks um mörg ár, eigi að fá ríflegri styrk nú, vegna dýrtíðarinnar. Jeg geri ráð fyrir, að þessi hækkun nemi 10—15%. Það er varla hægt að hafa hana minni, ef hækkað er á annað borð. Þá eru komnar 9500 kr. til fyrirfram ákveðinna manna. Þá eru eftir $2^1/_2$ þúsund handa öllum öðrum, sem um styrk sækja. Jeg gæti nefnt fjölda manna, ef jeg vildi þreyta deildina á að hlýða á það, sem hafa notið styrks af þessu fje, og aðra, sem ekki hafa notið styrks, en eiga fulla rjettlætiskröfu til, að tillit sje til þeirra tekið. Það er því vandi að úthluta þessum 2500 kr. Ef þessar 1200 kr. væru auk þess teknar af þessu fje, þá er svo sem ekkert eftir. Það hefði því verið full ástæða fyrir háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) til að koma um leið með brtt. um tilsvarandi hækkun á 20. lið.

Þótt undarlegt kunni að virðast, þá ætla jeg að enda orð mín með þakklæti til háttv. tillögumanna. Þakklætið er fyrir það, hversu þeir hafa orðið ósamkvæmir sjálfum sjer, fyrir það, að þótt þeir hafi ráðist á þessa liði, þá hafa þeir samt látið standa liði, sem búast hefði mátt við að gerð yrðu sömu skil, ef samræmi á í að vera, t. d. jarðabók Árna Magnússonar og árbók Fornleifafjelagsins. Það er langt frá því, að jeg mæli á móti þessum ritum; þvert á móti álít jeg þau nauðsynleg, en þau eiga að hlíta sömu reglu sem hin.

Jeg vil jafnframt geta þess um tillögumennina, sem eru sparnaðarmenn, er víst þykir lofsvert, að þótt þeir með þessum liðum hafi lagt til þess að spara 9600 kr., þá hafa þeir í öðrum tillögum, bæði í samlögum við mig og fleiri, farið fram á 36800 kr. hækkun á útgjöldunum, en ef þeir vilja spara, þá eiga þeir ekki að fara fram á hækkun.

Jeg skal loks benda á eitt atriði, sem lýtur að 13. gr. B, sem sje það, að till. um brúargerðir virðast ekki eiga vel heima nú, vegna þess, að erfitt er að að hlaða eða gera brýr nú, með því að í þær þarf mestmegnis útlent efni, svo sem sement, járn og timbur. Öðru máli gegnir um vegi; þá er yfirleitt hægt að leggja, hvernig sem stendur á um útlent efni, því að þess þarf ekki hjer til,

nema eitthvað lítils háttar af sementi og járni í smábrýr og rennur. Þess vegna mun jeg greiða atkvæði á móti brúm, en með vegum yfirleitt, þeim sem ekki eru sýsluvegir eða hreppsvegir, af þeim ástæðum, sem jeg hefi greint, að ekki er viðlit að gera brýr á næstu tímum, þótt í sjálfu sjer sjeu nauðsynlegar.

Björn Stefánsson: Jeg er riðinn við 6 brtt. við þessa umr.; 4 þeirra hafa aðrir gert grein fyrir, svo að best er, að jeg byrji þá á þeim, sem ekki hafa enn verið nefndar. Háttv. fjárveitinganefnd hefir tekið hörðum höndum á brtt. á þgskj. 642, svo að hún vill nú neyta þess rjettar, sem hún hefir, að krefjast $^3/_5$ atkv. til þess, að till. verði samþykt. Mig furðar á því, að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) skuli vera með í þessum samtökum; það er ámóta og jeg mintist á um háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) í ábúðarlögunum, hvað hann var nægjusamur í breytingum á þeim. Ástæðan hjá nefndinni er sú, að annað frv. liggi nú fyrir, sem taki vitana í kerfi, og því sje ótækt að raska. Þar til er því að svara, að það frv. hefir að eins verið hjer til 1. umr., svo að nógur tími er, ef það verður vel reiðfara, að kippa þessum vita út úr því frv. Í annan stað eru nú 4 vitar í fjárlögunum, og þeim fylgir sú athugasemd, að ef erfitt verður að koma þeim upp, þá sje heimilt að fresta gerð þeirra þessi ár. Jeg get ekki búist við því, að ef einhver þessara vita fellur niður á næsta fjárhagstímabili, þá ætlist háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) til þess, að hann bíði þangað til kerfinu er fullnægt. Í þriðja lagi er það tekið fram í frv., að færa megi vitana til í kerfinu, svo að jeg skil ekki, hvers vegna háttv. nefnd ber fram þessa yfirskinsástæðu. En til þess að sýna rjettmæti þessarar till., þá skal jeg benda á það, að af 31 vita landsins eru að eins 3 á Austfjörðum, svo að Austfirðingar hafa sannarlega orðið út undan. Nú er það öllum kunnugt, að Austfirðir liggja svo, að þar að koma fyrst útlend skip, er hingað koma, svo að einungis Reykjanes eitt er ef til vill sá staður, sem fleiri skip koma oftar að fyrst, er úr hafi koma, og er mjer þó efi á því.

Mjer hefir verið brigslað um ósamræmi, síðast af háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), þar sem jeg annnars vegar leggi til sparnaðar, en hins vegar komi með eyðslutillögur. Þessi ásökun er ekki rjettmæt. Jeg vil benda á það, að jeg átti enga brtt. við 2. umr., þegar alt var í sukkinu, eins og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) komst að orði, og það var ásetningur minn að vinna að því, að útgjöldin yrðu ekki mikið hækkuð á þinginu. En þegar jeg sá, að aðrir voru hóflausir í kröfum sínum, þá fanst mjer ástæðulaust að láta rjettlátari kröfur frá Austfirðingum liggja niðri.

Jeg gleymdi að geta þess áðan um Kambanessvitann, að vitamálastjórinn hefir lagt það til, að hann yrði tekinn inn í fjárlögin nú, en stjórnin hefir smokkað því fram af sjer, án þess að gera nokkra nánari grein fyrir því. En samt mundum við ekki hafa leyft oss að bera till. fram, ef ekki hefðum við haft meðmæli vitamálastjórans til þess, því að í rauninni er það annar viti, sem Austfirðingar óska alment fyr, sem sje Seleyjarvitinn, en við vildum ekki fara ofan í tillögur vitamálastjórans, enda færði hann þær ástæður fyrir því, að rjettara væri að fresta Seleyjarvitanum í þetta skifti, sem við vildum taka til greina.

Þá er jeg meðflytjandi að brtt. um fjárveitingu til þess að gera vegarspotta á Völlum. Sú brtt. er ekki borin fram í trássi við vegamálastjórann, því að hann hefir tekið fram, að það væri að

ýmsu leyti hagkvæmt að gera eða bæta þennan veg, samtímis Hróarstunguveginum, með því að þar er svo stutt á milli, að sami verkstjórinn getur hæglega stjórnað hvorri tveggja vegabótanna; auk þess svo fyrirhafnarlítið að flytja á milli áhöld og verkfæri, eftir því sem hentar eða með þarf á hverjum stað. Hann hefir þannig játað, að heppilegt væri, að þessar vegagerðir færu saman, og því ekki mælt á móti. Í annan stað vil jeg benda á það, að í tillögum fyrverandi landsverkfræðings Jóns Þorlákssonar, sem prentaðar eru í fgskj. við fjárlagafrv. stjórnarinnar 1915, er þessi vegarspotti talinn eiga að ganga fyrir öðrum, en jeg hygg nú, að allir þeir vegir, sem þar var ætlað að hafa forgangsrjett, sjeu nú komnir í fjárlögin, annaðhvort hin núgildandi eða þau, sem nú eru í smíðum, nema þessi vegur, svo að jeg vona, að menn sannfærist um það, að ekki er hjer farið fram á neina óhæfu.

Um aðrar brtt. okkar þingmanna S.-M. þarf jeg ekki að fjölyrða, með því að hv. samþingism. minn (Sv. Ó.) hefir gert rækilega grein fyrir þeim. Að eins skal jeg geta þess, út af orðum háttv. framsm. (B. J.) um húsin á Hallormsstað, að þau mundu geta lafað um tíma, að jeg get fullvissað hann um, að þetta er ekki rjett. Jeg kom þar á matsferð í fyrra, og spurði þá skógarvörðinn, hvort húsin mundu verða látin hanga í vetur, og sagði hann svo mundu vera, því að annars væri ekki kostur. Annars skal jeg taka það fram, að það framhýsi, sem minst hefir verið á, er að eins notandi til gestabústaðar á sumrum, en annars er þetta vindblásinn timburhjallur, óhæfur til vetrarbústaðar. Jeg skil ekki, þar sem landið á jörðina og húsin, hvernig Alþingi getur farið að synja um þessa fjárveitingu, jafnvel þótt háttv. nefnd segi í nál., að hún treysti sjer ekki til að mæla með því, að ráðist verði í húsagerð nú; jeg held miklu fremur, að þessi orð hennar stafi af því, að hún taki ekki trúanlegt, að þörfin sje svo brýn, sem hún er í raun og veru.

Þá skal jeg snúa mjer að brtt. á þgskj. 680. Það hefir nú margt verið um þær brtt. skrafað, og þær hlotið harða dóma, einkum hjá háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.). Mjer skilst næstum á þessum háttv. þm., sem hjer sje farið fram á einhverja goðgá, og háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, að þetta væri enginn sparnaður, þrátt fyrir það, þótt tillögurnar á þessu þgskj. feli í sjer 9600 kr. sparnað, ef þær ná fram að ganga. Jeg held, að látin sjeu liggja niðri störf, sem meiri bjargráð geyma en þessir liðir, þótt jeg hins vegar játi, að allir þessir liðir geymi verk, sem vinna þarf, en vjer höfum verið mintir á að spara bæði orð og skriftir, svo að mjer finst, að verk sem þessi geti beðið að skaðlausu, með því líka að þau eru ekki dauð, þótt frestað sje framkvæmd þeirra þangað til pappír og prentun verður ódýrara en nú og fjárhagur betri.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) mintist á tillögin til Bókmentafjelagsins, Þjóðvinafjelagsins, Fornleifafjelagsins, Sögufjelagsins og Fræðafjelagsins. En hjer gegnir alt öðru máli. Hjer er um faststarfandi fjelög að ræða, en ekki einstök verk, og í annan stað er ekki loku fyrir það skotið, ef þessar tillögur okkar verða nú samþyktar, að þá megi kippa burt þessum liðum líka, ef hv. þm. (E. A.) álítur, að þeir geti beðið, alveg eins og þessir liðir. Jeg sje ekki, að fornbrjefasafnið, alþingisbækurnar og dómasöfnin sjeu sú þjóðarnauðsyn, að ekki megi bíða á þessum vandræðatímum. Jeg býst við, að t. d. þeir, sem halda þurfa á nýjum dómum landsyfirrjettar,

sjer til leiðbeiningar, geti fengið greiðan aðgang að þeim, með því að snúa sjer til yfirdómaranna.

Nokkuð öðru máli gegnir um fjárveitinguna til þýðinga á íslenskum skáldritum á tungur Norðurlanda, með því að það er nú upplýst, að hjer er að ræða um samvinnu milli Norðurlandaþjóða, og þá kurteisi frá vorri hálfu gagnvart öðrum bræðraþjóðum vorum. En í aths. stjórnarinnar við fjárlagafrv. eru nafngreindir 3 menn, sem mjer skilst vera ætlað að hafa á hendi umsjón eða stjórn þessa fyrirtækis; 2 þeirra eru ókunnir sem rithöfundar og ritdómarar, en sá þriðji hefir að vísu margt skrifað, en allmisjafnlega falla dómar manna um smekkvísi hans, og víst mundi mörgum þykja fulllangt farið, ef Dúna Kvaran yrði þýdd, sem sami maður hefir valið í Skírni. Yfirleitt eru mjög skiftar skoðanir manna um skáldrit allajafna, og jafnan mætti þá gera ráð fyrir hlutdrægni. Alt öðru máli hefði verið að gegna, ef hjer hefði verið um þýðingar á fræðiritum að ræða; þá hefði till. verið miklu aðgengilegri.

Þá kem jeg að þýðingunni á Goethes Faust. Um þá fjárveitingu er sama að segja sem um hina liðina, að hjer er um illa forsvaranlega dýrtíðarráðstöfun að ræða, af því að þjóðarnauðsyn liggur ekki við, en margt annað nauðsynlegt verður að liggja niðri. Það hefir raunar verið bent á það, að hlutaðeigandi sje mjög vel hæfur til þessa verks, og býst jeg ekki við, að nokkur vefengi það. En þótt þingið hafi gefið þann úrskurð í vetur, að maðurinn sje vel hæfur til að leysa verkið af hendi, þá liggur það ekki í dagskránni, sem samþykt var út af þingsál.till. í vetur, að um nokkurt nauðsynjaverk sje að ræða. Enda verðum vjer nú að láta marga góða krafta ónotaða, og hyggnir menn neita sjer um ýms þægindi og skemtanir í harðærum, sem þeir veita sjer í góðum árum, en þessa fjárveitingu má vel heimfæra hjer undir. Í annan stað sýndi nefnd dagskrá í vetur að eins það, að deildin teldi þennan mann vel hæfan til þess að keppa um hlutdeild í styrknum til skálda og listamanna.

Um varatillöguna er það að segja, að mjer finst sjálfsagt að samþykkja hana, ef aðaltillagan er feld. Ef hjer væri um mann að ræða, sem þingið teldi sig, sóma sins vegna, verða að sjá fyrir, þá væri nokkuð öðru máli að gegna.

En hjer er ekki því til að dreifa um þennan mann. Hann hefir fast embætti með viðunandi launum, og er að því leyti betur settur en almenningur. Það er því ekki ástæða til að gjalda honum fje fyrir annað en verk, sem hann vinnur, og með því skilyrði hefði jeg ekki á móti því, að hann fengi alt að 200 kr. fyrir örkina, ef þess væri talin þörf. Það er sagt, að skáldin geti ekki starfað nema þegar andinn sje yfir þeim, og því megi ekki mæla laun þeirra á sama mælikvarða sem annars tíðkast. En það er ekki ástæða til að gjalda þeim skáldum mikið fje, sem andinn kemur sjaldan eða aldrei yfir, og yfirleitt rjettust regla að greiða ekki fyrir annað en það, sem er unnið.

Það hefir þótt vera í ósamræmi við aðrar brtt. okkar háttv. 2. þm. Rang. (E. J.), að við höfum á þgskj. 679. borið fram till. um, að sira Gísla Kjartanssyni sjeu veittar í eftirlaun 800 kr. á ári. Jeg skal játa það, að þessi styrkur ætti að vera annarsstaðar niður kominn en í 18. gr., en finst þó, að þingið geti varla staðið sig við að taka þennan eina mann út úr, en samþykkja alla hina halarófuna. Rjettast hefði mjer þótt, að hann hefði staðið í 14. gr. A. a. 3 — þar á hann best heima — og að styrkurinn til uppgjafaprests hefði verið hækkaður þar.

Jeg tel mesta tryggingu fyrir því, að þeir prestar, sem maklegastir og nauðþurftugastir eru, fái styrkinn, ef þannig er um hnútana búið. Það er engin trygging fyrir því, að einmitt hinir verðugustu leiti til þingsins eða fái áheyrn hjá því; hitt einmitt eins líklegt, að sumir þeirra hreyfi sig ekki, en beri harm sinn í hljóði, en hinir, sem framfærnari eru og treysta því, að þingið láti fáa synjandi frá sjer fara, koma. Við höfum fengið ámæli fyrir að greiða atkvæði gegn 16.000 kr. til listamanna og skálda. Jeg mundi síður hafa verið á móti fjárveitingu þessari, ef jeg hefði ekki orðið þess var, að verið er að smeygja inn annarsstaðar því, sem beint heyrir undir þennan lið, svo sem styrknum til þýðingarinnar á Faust.

Á meðan á fundi hefir staðið sje jeg, að útbýtt hefir verið hjer í deildinni till. um að hækka fjárveitinguna til að kaupa fyrir íslensk listaverk úr 2000 kr. á ári upp í 3000 kr. Jeg tel það ganga í rjetta átt að kaupa af listamönnum verk, sem þeir hafa unnið, og hið sama hefði líka átt að ná til skáldanna, að þeim væri að eins borgað fyrir unnin verk, og varla fyrir önnur verk en þau, sem bera á sjer listamannsmót. Ef engir eða sárfáir vilja kaupa af þeim, sem við listir fást, ætti það að vera bending fyrir þing og stjórn að fara varlega í að styrkja þessa menn, og fyrir þá sjálfa bending um að hverfa út af listamannabrautinni og snúa sjer að öðru, sem þeim ljeti betur.

Jeg gat þess áðan, að mjer fyndist styrkurinn til síra Gísla Kjartanssonar eiga betur heima í 14. gr. A. a. 3. En eins vil jeg segja um alla 18. gr., að mjer virtist best við eiga, að allar þær fjárveitingar, sem eigi gætu flust þaðan yfir í 14. gr. A. a. 3, væru dregnar saman í eitt og stjórninni fengin einhver ákveðin upphæð til úthlutunar; því að það er leiðinlegt og óviðeigandi að vera að togast á um nöfn einstakra manna, eins og hjer er gert.

Jeg býst við, að sumt af því, sem jeg hefi sagt, leiði til þess, að jeg þurfi að standa upp aftur, og þá mun jeg ef til vill minnast á einstöku brtt. frá öðrum.

Einar Árnason: Það mun vera venja að fylgja brtt. sínum úr garði með nokkrum orðum, og vil jeg ekki bregða út af þeirri venju, heldur minnast lítið eitt á brtt. á þgskj. 691, frá okkur þm. Eyf.

Hjer á í hlut maður, sem ráðist hefir af eigin ramleik til náms, ef hann mætti á þann veg verða landi sínu til meira gagns en ella. Hann er efnalaus, en hefir með mesta dugnaði klofið nám í 5 ár, fyrst þrjú hjer heima og síðan tvö í Noregi; hefir hann nú lokið þar prófi í rafmagnsverkfræði með góðum vitnisburði, og góð meðmæli þaðan fylgja umsókn hans. Býst hann við að þurfa enn að halda áfram námi tvö ár, og er í því skyni kominn á leið til Ameríku, til að kynna sjer rafmagnsverkfræði Ameríkumanna, sem að allra dómi eru komnir manna lengst í þeirri grein. Það er til þessarar Ameríkuferðar, sem hann skortir tilfinnanlega fje, og neiti þingið honum um þessa litlu upphæð, sem hjer er farið fram á, verður hann að hætta við skólanám. Fyrir mínum augum er það nauðsynlegt fyrir oss að fá sem flesta menn með góðri, verklegri þekkingu, því að þar erum vjer víst skemst á veg komnir. Jeg býst nú samt við, að till. þessi fari veg allrar veraldar, eftir undirtektum háttv. fjárveitinganefndar að dæma, enda er jeg hjer engrar ölmusu að beiðast, en vil, að háttv. deild sýni með atkvæði sínu, hvort hún telji oss þörf á mönn-

um með verklegri þekkingu, og hvort hún vilji láta mann þennan hætta að hálfnuðu námi.

En fyrst að jeg á annað borð stóð upp, þá vil jeg lýsa afstöðu minni til ýmsra útgjaldaliða. Jeg álít, að nú sjeu sjerstakir tímar hvað fjárveitingar snertir. Við 2. umr. fjárlaganna greiddi jeg atkvæði móti mörgum þeim liðum, sem fóru fram úr því, sem í stjórnarfrv. stóð, eða bættu nýju við; yfir höfuð greiddi jeg atkvæði gegn því, sem mjer fanst að á nokkurn hátt gæti beðið til seinni tíma. Með því er ekki sagt, að jeg sje í sjálfu sjer mótfallinn sumu af þessu, þegar það er tímabært og þjóðarbúið þolir þau útgjöld, sem af því leiða.

Jeg býst við, að jeg muni nú greiða atkvæði móti ýmsum till. háttv. fjárveitinganefndar, t. d. 11., 12. og 13. lið á þgskj. 722. Ekki var svo að skilja, að jeg teldi það ekki geta verið gott og gagnlegt, ef það er tekið á sínum rjetta tíma. En nú, þegar vjer stöndum andspænis vandræðum á flesta vegu, þá verður að fara varlega í útgjöldin, og þótt jeg búist ekki við, að komist verði hjá því að taka lán, þá ætti þó að takmarka sem mest það lánið, sem yngi beinn eyðslueyrir. Jeg hefi í sjálfu sjer ekki á móti skynsamlegum lántökum til arðvænlegra fyrirtækja, en aðrar lántökur skyldi jafnan takmarka sem mest. Jeg hefi þó greitt atkvæði með þeim liðum, sem til hækkunar horfðu, og mun enn gera, ef þeir liðir miða að því, að veita þjóðinni atvinnu, og jeg mundi hafa getað veitt háttv. fjárveitinganefnd fylgi, jafn vel þótt hún hefði farið enn hærra í till. sínum um þá liði, sjerstaklega þó ef hún hefði ætlað enn meira fje til þjóðvega og akfærra sýsluvega.

Ef atvinnuleysi dynur yfir, eins og við má búast, er sjálfsagt heppilegt að fá mönnum atvinnu við vegagerð, og í frv. því um dýrtíðarhjálp, sem nýlega var afgreitt hjer úr deild, var sveitavöldum fengið töluvert vald til þess að ráða fram úr vandræðunum, eftir því sem best hentaði á hverjum stað; geri jeg ráð fyrir, að sýslunefndir muni á ýmsum stöðum snúa sjer að sýsluvegagerð. Fjárveitingar í þessa átt úr landssjóði gætu því komið að miklu liði, og þær vil jeg styðja, en fara varlega í þær fjárveitingar, sem ekki er knýjandi nauðsyn til.

Þorleifur Jónsson: Jeg er svo heppinn að eiga sjálfur enga brtt. við frv. að þessu sinni, en þó get jeg ekki stilt mig um að minnast á brtt. á þgskj. 679, sem fer fram á, að Gísla presti Kjartanssyni sjeu veittar 800 kr. í eftirlaun á ári. Tel jeg mjer skylt sem kunnugum manni að fara nokkrum orðum um þetta mál.

Hjer hafa legið frammi skjöl frá 115 Öræfingum um að veita síra Gísla Kjartanssyni 1000 kr. árleg eftirlaun, og eru þar færðar ástæður fyrir þessu. Háttv. fjárveitinganefnd tók umsókn þessa til greina, en fyrir óhöpp og ókunnugleika var till. fjárveitinganefndar feld við 2. umr., og var það mjög leiðinlegt, því að hjer var að ræða um nauðsynlega og maklega fjárveitingu. Prestur þessi hefir orðið að láta af embætti sökum heilsubrests, og getur hvorki haft ofan af fyrir sjer nje hefir efni við að styðjast, svo að fjárþörfin er mikil.

Nú hafa verið samþykt hjer í deild eftirlaun handa síra Lárusi Halldórssyni og síra Jónasi Jónassyni, og þar sem síra Lárusi eru ætlaðar 1500 kr. á ári, þá vona jeg, að þessi fjárveiting, sem er nálega helmingi lægri, verði og samþykt.

Eins og jeg gat áðan um er efnahagur síra Gísla hinn erfiðasti; hann á 4 börn innan fermingaraldurs og er

sjálfur ófær vegna heilsubrests að bjarga sjer, og er þar líkt á komið með þeim síra Lárusi, að báðir eru fátækir og ófærir til vinnu.

Jeg hefi talað við biskup um málið, og hefi orð hans fyrir því, að hann vill gjarnan, að styrkur þessi sje veittur. Tillagan fer fram á, að öll eftirlaun síra Gísla verði 800 kr. Lögmælt eftirlaun hans munu vera rúml. 300 kr., svo að hækkunin verður ekki nema um 500 kr.

Háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) vildi heldur, að fjárveiting þessi stæði í 14. gr. A. a. 3. en í 18. gr. Jeg færði einmitt þetta í tal við biskup, og hann kaus heldur, að fjárveitingin til beggja þessara presta, sem honum þótti maklegt að styrktir væru, stæði í 18. gr. en í 14. gr.

Það er kunnugt, að síra Gísli var mesti gáfu- og atgervismaður, en nú eru kraftar hans þrotnir, og vona jeg, að háttv. deild leiðrjetti nú mistök þau, sem urðu við atkvæðagreiðsluna síðast, sjálfsagt fyrir ókunnugleika sumra háttv. þingdm.

Jeg þekki svo lundarfar síra Gísla, að honum mundi þykja sárt að vera að öllu leyti upp á aðra kominn. Hann dvelur nú sem stendur á Fagurhólsmýri, en fjölskylda hans er hjer á Suðurlandi.

Jeg vona, að þessar upplýsingar mínar verði teknar til greina við atkvæðagreiðsluna í kvöld, og það því fremur, sem hjer er farið fram á svo hóflega fjárveitingu, til að ljetta undir með þessum mæta manni.

Framsm. fjárveitinganefndar (Magnús Pjetursson): Það hefir ekkert verið sjerstaklega haft á móti brtt. nefndarinnar við þann kafla fjárlaganna, sem jeg er framsögumaður fyrir, og þarf ekki mikið að svara fyrir þær.

Skal jeg þá snúa mjer að þeim einstöku þm., sem flutt hafa brtt., er nefndin hefir ekki getað fallist á.

Það var vist háttv. þm. Mýra. (P. Þ.), sem var enn að tala um þennan vegarkafla á Mýrunum, og gat þess, að sýslunefnd hefði veitt fje til rannsókna. Það er leiðinlegt, að ekki skuli hafa orðið meira úr þessari rannsókn. Jeg átti tal við vegamálastjóra í dag, og kvað hann enga rannsókn hafa fram farið og sjer með öllu ókunnugt um vegarstæðið. Sjá allir, að það er ómögulegt, að þingið fari að kasta fje í einhvern vegspotta, þegar vegamálastjóra er með öllu ókunnugt um hann, og vegarstæðið er ófundið. Sje slíkt gert, má jafnan eiga á hættu, að sá vegspotti verði með öllu ónýtur, ef vegarstæðið er illa valið, og hefir þá fje þessu verið fleygt í »mýrarnar«, til engra nota. Vona jeg, að allir hv. þm., og háttv. flutnm. (P. Þ.) líka, sjái, að jeg er ekki að amast við því, að Mýramenn fái vegi, sem aðrir menn, heldur vil jeg, að slík fyrirtæki fái fullnægjandi undirbúning. Það er ekki nema lofsvert, að Ungmennafjelögin hafa byrjað á veginum, en óvarlegt að halda áfram, meðan því er ekki slegið föstu af verkfræðingum eða öðrum, hvar vegurinn eigi að liggja. Háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) bar saman þessa brtt. og fjárveitinguna til vegar yfir Flóguflóa. Það voru einungis veittar 500 kr. til að gera þann flóa reiðfæran.

Út af athugasemd hæstv. atvinnumálaráðherra um loftskeytastöð í Flatey á Breiðafirði verð jeg að taka það fram, að hann hefir líklega ekki heyrt, að nefndin ætlast ekki til, að hún verði bygð, ef hún verður tiltölulega dýrari en loftskeytastöðin hjer í Reykjavík. Vona jeg, að menn skilji, að jeg á við það, ef efnið verður hlutfallslega dýrara.

Þá er brtt. frá háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) um að veita hjeraðslækninum í Keflavík styrk til að fá sjer aðstoðarmann yfir vertíðina. Fjárveitinganefndin hefir ekki getað fallist á till., og eins og hann tók fram hefir landlæknir lagt á móti henni. Nefndinni fanst, að ef þarna þyrfti aðstoðarlækni, mundi arðvænlegt fyrir lækninn að fá sjer mann upp á eigin spýtur. Það er náttúrlega alveg rjett, sem háttv. flutnm. (B. K.) sagði, að það yrði dýrara landssjóði, ef læknirinn segði af sjer og kæmi á eftirlaun. En jeg held, að þingið geti yfirleitt ekki fylgt þeirri stefnu, að styrkja eldri lækna til að fá sjer aðstoð, svo að þeir geti setið þess lengur, og síst ef nógur verður kostur ungra lækna til að taka við embættinu. Þótt það yrði nokkur hundruð króna sparnaður á ári, býst jeg ekki við, að sú stefna verði upp tekin.

Þá skal jeg snúa mjer að þessum litla vegarkafla á Völlunum, sem háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) mintist á. Nefndin getur ekki lagt með því að leggja fje til þessa vegar. Það er ekki af því, að hún sje á móti því, að hann sje lagður. Hann er á lögskipuðum vegum, á að leggjast og er í því vegakerfi, sem ráðgert er að lagt verði innan viss tíma. Það er líka rjett, að vegamálastjórinn álítur ekki ósanngjarnt, að hann verði lagður samhliða Hróarstunguvegi. Nefndin er móti þessari brtt. af sömu ástæðu og Öxnadalsveginum við 2. umr. Hún vill ekki bæta fleiri vegarköflum en komið er í fjárlögin, en ætlast þó til, að unnið verði að þessum vegarköflum eftir hentugleikum, og er ekki þröskuldur í vegi þess, að það verði gert næsta fjárhagstímabil, ef á annað borð verður hægt að vinna meira en þegar stendur í fjárlögum. Það er gert ráð fyrir brúafje, og ef brýr verða ekki byggðar, mun það fje lagt í vegi, eftir till. vegamálastjóra. Nú telur vegamálastjóri þessa með þeim fremstu, Öxnadalsveg og þann er hjer um ræðir, og þennan þó engu fremri, og býst við og telur þegar allar líkur til, að ekki verði byggðar brýr fyrra ár fjárhagstímabilsins, svo að þá kemur þegar eitthvert fje fram yfir það, sem beint er ákveðið til vega, svo að einhverjir kaflar verða gerðir fram yfir það.

Þá skal jeg snúa mjer að þessum stóru brtt. um brúarbyggingarnar. Jeg veit ekki, hvað er á ferðinni hjer í deildinni. Það lítur helst út fyrir, að menn sjeu komnir út úr öllu samhengi við tímann og álíti, að nú sjeu alt aðrir tímar en hjer hefir heyrst áður, er þeir leggja til, að lagt sje út í fjölda fyrirtækja, sem vitanlegt er að kostnaðurinn við er mestmegnis efniskostnaður. Þessar brtt. fara ekki fram á nein smáræðis útgjöld; það er öðru nær. Þær myndu hafa í för með sjer um 130 þús. kr. útgjöld að minsta kosti.

Skal jeg þá fyrst snúa mjer að brtt. frá meiri hluta samgöngumálanefndar um brú á Hofsá í Vopnafirði. Jeg verð að telja það mjög undarlegt, að háttv. samgöngumálanefnd lætur fá sig til að flytja slíka fjárbeiðni sem þessa. Það er ekki nema eðlilegt, að einstakir þm. flytji fjárbeiðnir fyrir sitt kjördæmi, sem þeir annaðhvort hafa verið beðnir um, eða þykjast hafa siðferðisskyldu til, eða mega til með að láta sjást eftir sig og gera til málamynda, þótt þeir ekki búist við, að þær nái fram að ganga. Þeir hafa þó látið að óskum sínna kæru kjósenda og gert það, sem þeir gátu. En það er öðru máli að gegna, þegar stór meiri hluti jafnstórrar nefndar og hjer er um að ræða leyfir sjer að leggja til að rífa sundur heilt kerfi, sem búið er að undirbúa, um fyrirhuguð stórvirki í samgöngum landsins, og er í raun og veru nokkurs konar lög. Á þinginu

1915 var þessu fyrirhugaða kerfi slegið föstu, því að till. um það voru á fylgiskjali við fjárlagafrv. stjórnarinnar þá, og þá staðfestar af fjárlaganefndum þingsins. Er venjulega litið svo á, að slíkt sje bindandi lög fyrir framtíðina, eða þeim jafngilt. Og það er ekki einungis þingið 1915, sem hefir samþykt þetta kerfi, heldur hefir og þetta þing bygt á því hingað til, og er óhætt að segja, að fyrirætlanir þess um brúa- og vegagerðir í framtíðinni byggjast að mestu leyti á því. En ef þessi tillaga nær fram að ganga, er það röskun á því, sem þar er slegið föstu, að hinar einstöku stórbrýr skuli bygðar í vissri röð. Sje ein einstök brú tekin inn þar fyrir utan, hlýtur það að valda ruglingi, því að þá er opin leið fyrir aðra, sem jafnan rjett þykjast hafa, til að víkka glufuna, sem verður þar á hinni upphaflegu röð.

Jeg hjó eftir því hjá hv. fim. (Þorst. J.), að hann kvaðst tala fyrir hönd meiri hluta samgöngumálanefndar. Jeg áttaði mig ekki á því í fyrstu, en fann það síðar, að það var sjerstök ástæða fyrir hann til að taka það fram, að hann talaði ekki fyrir sinn eigin munn. Ræða hans og till. sjálf er sem sje algerlega í ósamræmi við það, sem hann sagði, er hann var að tala fyrir lagafrv. sínu um brú á þessa sömu á, sem hjer er um að ræða. Hann lýsti þá yfir því, hvað eftir annað, að það væri alls ekki meiningin, að þessi brú ætti að sitja í fyrirrúmi fyrir þeim landsbrúm, er þegar væri ákveðið að byggja á þjóðvegum. En nú er sýnilega svo til ætlast, og eigi varð annað skilið á orðum hans en að hann legði beint á móti því, að þær brtt., sem hjer eru á ferðinni, um slíkar lands-stórbrýr, næðu fram að ganga. En þessar 2 brýr, brýrnar á Miðfjarðará og Hjeraðsvötn, eiga einmitt samkvæmt till. vegamálastjóra, samþ. af þingunum, að vera á undan Hofsárbrúnni. Þetta er því undarlegra, þar sem hann sagði þá, að það væri ekki tilætlunin að hraða brúarbyggingunni, heldur einungis að gefa hlutaðeigendum bendingu um að safna fje og búa sig undir að taka sinn hlut í fyrirtækinu. Það virðist hafa annaðhvort farið fram hjá hv. þm. (Þorst. J.), eða hann ekki álitið vert að taka það til greina, er jeg gat um, hvað vegamálastjóri hefði sagt um þessar brýr, og vil jeg því endurtaka það. Hann lýsti yfir því, að ekki þyddi að samþykkja fleiri brýr en samþyktar voru við 2 umr., því að eigi mundi fást nægur mannafli nje verkfræðingar til að sjá um starfið. Það er ekki rjett hjá háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.), flutnm., að ekkert hafi verið lagt til brúa á Austurlandi nema Lagarfljótsbrúarinnar. (**Þorst. J.**: Ekki stórbrúa). Jeg skal ekki segja, hvað hann kallar stórbrú, en 1913 munu hafa verið veittar 11000 kr. til brúar á Hamarsá í Geithellnahreppi, og jeg veit ekki, hve mikið hefir verið lagt til brúar á Jökulsá á Dal. Og þótt þessar brýr sjeu ef til vill ekki á Austfjörðum, þá eru þær þó á Austurlandi. Hefði ef til vill verið rjettara af honum að orða þetta svo, að ekkert hafi verið lagt til stórbrúa í Borgarfirði eystra.

Mjer finst sem sagt þetta mikið alvörumál fyrir hv. deild, vegna þess, að þeir þm., er þar eiga hlut að máli, hafa talið sjer skylt að koma með brtt. um brúarbyggingar í sínum kjördæmum, af því að lögákveðið er, að þær skuli sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum, og þar á meðal þessi brú á Hofsá. Enda hafa þeir lýst yfir því, að þeir mundu taka brtt. sínar aftur, ef þessi yrði feld. Verð jeg því að skjóta því til hæstv. forseta, að þessi brtt. verði borin undir atkv. fyrst af brúartill., og er það ekki einungis með tilliti til þess, að hinar verða tekn-

ar aftur, ef þessi er feld, heldur og þess, að fjárveitinganefnd telur sjer siðferðislega skylt að greiða hinum brtt. atkv., ef þessi gengur í gegn. En jeg vil jafnframt skjóta því til hv. flutningsmanns — (**Þorst J.**: Það er samgöngumálanefnd.). Já, jeg býst ekki við, að meiri hluti samgöngumálanefndar mundi hrófla við því, er hann gerði í þessu — hvort hann vildi ekki taka saman við hina um að taka brtt. sína aftur ásamt hinum. Það væri heldur mannssómi en hitt, sem háttv. meiri hluti samgöngumálanefndar mætti vel við una. Jeg held, að það yrði ekki til neinna bóta í framtíðinni, nje flýtti fyrir brúabyggingum, þótt þessi brú væri nú keyrð hjer í gegn, á kostnað annara. Jeg skal geta þess, að jeg talaði við vegamálastjóra einmitt um þessa brú, og hjelt hann fast við fyrri skoðun þings og verkfræðings, að þessi brú væri ekki einu sinni næst í röðinni. T. d. stæði brú á Hvítá hjá Ferjukoti miklu nær en Hofsá. Jeg er hissa á því, að hv. samgöngumálanefnd skyldi ekki taka upp það ráð, sem jeg benti henni á, er frv. um margnefnda brú var til umr. í deildinni, að semja og bera fram till. til þingsályktunar um að skora á stjórnina að láta skoða brúarstæði á verstu ám og hættulegustu og gera yfirlit yfir, hvar þyrfti að brúa og í hverri röð. Það hefði verið góð undirstaða, og með því haldið áfram því, sem hingað til hefir verið gert.

Annars skal jeg ekki fara að tala sjerstaklega á móti hinum brúnum, þótt nefndin sje yfirleitt á móti þeim öllum. En því er ekki hægt að neita, að fjárveitinganefnd hefði heldur kosið að setja sumar þær brýr í fjárlögin, ekki síst Miðfjarðarárbrúna, sem þegar hefir verið skotið aftur fyrir, til þess að geta tekið Jökulsárbrúna strax. Hafa verið höfð áraskifti á þeim brúm. Jeg ætla ekki að fara að rengja það, að nauðsyn sje á þessari brú, Hofsárbrúnni. Það er vitanlega nauðsynlegt að fá fjölda margar ár brúaðar. En þegar menn fara að draga reipi um, hvar mest sje þörfin, er hætt við, að menn geri sem mest úr usla þeim, er árnar valda. Og Austfirðingar, sem ef til vill eru ekki eins kunnugir á þessum slóðum og hv. frsm. samgöngumálan. (Þorst.J.), hafa sagt mjer, að þeir hafi aldrei heyrt getið um neina sjerstaka fjárskaða, er á þessi hafi valdið. (**Þorst. J.**: Hvaða Austfirðingar?). Jeg sagði, að þeir væru ef til vill ekki eins kunnugir. (**Þorst. J.**: Þeir hafa kann ske aldrei komið þar nærri.). Getur verið, en það mun frjettast úr einni sveit í aðra, og jafnvel sýslna á milli, ef miklir skaðar verða.

Jeg vona nú, að háttv. deild sje þetta mál ljóst, þótt jeg segi ekki meira í svip. En ef háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) tekur til máls, býst jeg við að verða að svara honum. Jeg býst sem sagt við, að háttv. deild sje það ljóst, að hjer er ekki að eins að ræða um 16,000 kr. útgjöld fyrir landssjóð, heldur er hjer miklu meira alvörumál á ferðinni, að fara að setja inn í fjárlögin, sjerstaklega á þessum tímum, stórfyrirtæki, sem ómögulegt er að geti komist í framkvæmd, þótt alt gengi betur en á horfist nú, því að jeg geri ráð fyrir, að háttv. flutnm. (Þorst. J.) ætlist ekki til þess, að brú þessi sje bygð á undan þeim, sem þegar er búið að setja í frv.

Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) talaði með einni brúartill., og ætla jeg ekki að mæla sjerstaklega á móti honum, þótt sú brú sje ekki ein þeirra fyrirhuguðu, heldur standi jafnfætis Hofsárbrúnni. Jeg skal ekki lá honum, þótt hann glæptist til að bera fram þessa brtt., er hann sá þetta mikla örlæti háttv. samgöngumálanefndar.

Jeg ætla ekki að svo komnu að fara meira út í þennan kafla og brtt. við

hann, og ætla að sleppa að minnast á Kambanessvitann, því að jeg sje, að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) er búinn að biðja um orðið, svo að jeg býst við að segja það sama og hann, ef við tölum báðir um þetta. Enda beindi háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) sjerstaklega máli sínu til hans.

Matthías Ólafsson: Það var svo að heyra á háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.), að honum hafi verið það vonbrigði, hvernig fjárveitinganefnd tók í till. hans um vitann, og hann furðaði sig á því, að jeg skyldi ekki greina mig frá nefndinni um það atriði.

Jeg get nú sagt háttv. þingmanninum (B. St.) það, að það er ekki venja mín að kljúfa þær nefndir, sem jeg er í. Jeg beygi mig venjulega undir meiri hlutann í þeim atriðum, sem ekki skifta því meira máli. En jeg get sömuleiðis frætt háttv. þingmanninn á því, að í þessu atriði stóð svo á, að jeg var nefndinni algerlega sammála. Að jeg var nefndinni sammála var af þessum þremur ástæðum. Í fyrsta lagi af því, að jeg vissi, að nú er nýbúið að setja þennan vita í frv. um vitabyggingar, sem er nú hjer fyrir deildinni og legið hefir fyrir sjávarútvegsnefndinni, sem við erum báðir í, háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) og jeg. Honum er þetta því fyllilega kunnugt.

Í öðru lagi var jeg sammála nefndinni um þetta af því, að jeg vil ekki að veitt sje neitt til vitabygginga í fjárlögunum. Jeg er sem sje á þeirri skoðun, að það sje rjett að hætta að þjarka hjer í þinginu um það, hver vitinn skuli fyrst bygður, heldur fela það algerlega vitamálastjórninni og landsstjórninni að ákveða það. Þær hljóta að hafa miklu viðtækari þekkingu á því máli heldur en þingmennirnir, þar sem hver togar sinn skækil og reynir sem best að hlynna hver að sínu kjördæmi. Enn fremur þykir mjer líklegt, að ekki verði mjög langt á milli bygginga þeirra vita, sem standa í kerfinu um vitabyggingar, og hinna, sem nú standa í fjárlögunum.

Í þriðja lagi var jeg sammála nefndinni af því, að jeg er ekki sannfærður um, að það sje sannngjarnt, að fyrsti vitinn, sem bygður er, verði reistur á Austfjörðum. Jeg held því sem sje fram, að Austfirðir sjeu ekki illa staddir hvað vita snertir. Til þess að dæma um vitaþörfina er það áreiðanlegast að gera sjer grein fyrir því, hvort skipströnd sjeu tíð eða ekki í þessum landshluta. En nú eru skipströnd þarna mjög fátíð, og bendir það á annað tveggja, að annaðhvort sje þarna hreinn sjór eða að siglingar þar sjeu ekki miklar. Jeg veit það, að vitaþörfin er meiri á Vesturlandi en á Austurlandi.

Háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) gat þess, að þessi viti hefði verið borinn undir stjórnina af vitamálastjóranum. Jeg skal ekkert um þetta segja, en ef hann heldur, að það sje undan mínum rifjum runnið, að gert er ráð fyrir, að Vestfjarðavitinn verði bygður á undan, þá get jeg frætt hann á því, að það er ekki rjett. Jeg átti þar engan hlut að máli, enda álít jeg aðra vita vera nauðsynlegri.

Jeg skal játa það, að jeg álít vitana fyrir austan ekki vera fullnægjandi, en Austfirðir eru þó ekki ver staddir en Vestfirðir, hvað þá Suðurland. Að vísu er þar þokusælla en annarsstaðar á landinu, en þá duga vitarnir ekki neitt; þá koma þokulúðrarnir einir að gagni.

Jeg hygg nú, að háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) sje svarað, og vona jeg, að hann sjái nú, af hverju jeg gerði ekki ágreining í nefndinni, og að jeg hefi í þessu máli á rjettara að standa en hann.

Háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) kvaðst

vilja fella till. fjárveitinganefndar um að veita 5000 kr. styrk til þess að kaupa fyrir söngvasafn Jónasar heit. Jónssonar, þinghúsvarðar. Eins og menn muna þá var Jónas heit. starfsmaður þingsins í fjölda mörg ár og hafði styrk í fjárlögunum til að rannsaka íslenska sálmasöngfræði. Það hefði því ekki verið undarlegt, þótt ekkjan, sem er efnalítil, hefði leitað til þingsins um styrk, en þetta vill hún ekki gera. Hún vill miklu fremur fara þessa leið, að selja landinu safn þetta, af því að það var ósk Jónasar sáluga. Frá mínu sjónarmiði er það velgerningur af ekkjunni að selja landinu þetta safn við þessu verði, því að henni mun vera boðið hærra verð fyrir það, enda telja þeir, sem vit hafa á, safnið vera miklu meira virði en þetta, einungis peningalega sjeð, en auk þess er þar að finna miklar bókmentalegar upplýsingar, sem við eigum ekki kost á annarsstaðar hjer á landi.

Jeg skal ekki orðlengja þetta frekar; vona, að menn samþykki tillöguna.

Þorsteinn Jónsson: Jeg býst við því, að þótt fjárlögin fari hjeðan nú líkt og þau fóru frá 2. umr., þá verði þetta ekki talið sparnaðarþing, og verður þá háttv. frsm. nefndarinnar (M. P.) varla talinn minstur fjáraustursmaður. En því einkennilegra er það, að honum skuli vera svona sjerlega í nöp við þessa litlu breytingartillögu frá samgöngumálanefndinni, sem jeg hefi tekið að mjer að tala fyrir. Honum sýnist ekki geta gengið annað til þess en að honum sje ekki ant um þennan landshluta, sem fjárveitingin á að ganga til, og vilji ekki láta hann hafa nema sem minst úr landssjóði. Til þess að sýna rjettlætið í þessu hjá háttv. frsm. (M. P.) skal jeg leyfa mjer að gera hjer samanburð á því, sem veitt er nú í fjárlagafrumvarpinu til brúa- og vegagerða í Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungi. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir, að Norðlendingafjórðungur fái í þessu skyni 154,200 kr. og auk þess að sínum hluta af sýsluvega- og fjallvegafje. Til Austfirðingafjórðungs er ásetlað í þessu augnamiði einar 20 þús. kr. Mismunurinn verður 134,200 kr. Samgöngumálanefndin hefir ekki getað skoðað það sem neina goðgá, þótt veittar væru 16 þús. kr. í viðbót til að brúa vonda og stóra á, sem henni er kunnugt um að oft hefir valdið fjársköðum og öðru tjóni, þótt háttv. frsm. (M. P.) vilji bera á það brigður.

Það virðist nokkuð undarlegt, þar sem svona er ástatt, að þingmenn úr Norðlendingafjórðungi skuli ganga berserksgang á móti þessari tillögu okkar og komi hver á fætur öðrum með tillögur, sem þeir játa sjálfir að ekki hafi annan tilgang en að vera settar til höfuðs þessari fjárveitingu. Eitt hjerað í Norðlendingafjórðungi er þó út undan í fjárlögunum; það er Þingeyjarsýsla, enda er þingmaður Norður-Þingeyinga (B. Sv.) meðmæltur þessari till. samgöngumálanefndarinnar. En þingmenn Eyfirðinga, sem hafa fengið 85 þús. kr. til brúa- og vegagerða í Eyjafirði, heimta nú að fá 25 þús. kr. í viðbót, til þess að brúa á í Svarfaðardal, sem þar er á sýsluvegi, og auk þess vilja þeir, að landssjóður leggi fram alt fjeð, sem þarf til að brúa hana, en til brúar á Hofsá er ekki farið fram á að fá nema $^2/_3$ á móti því. Hjeraðið leggi fram $^1/_3$ kostnaðarins eða meira. Það sjá því allir, að hjer er um ólíka sanngirniskröfu að ræða. Sama máli gegnir um brtt. þeirra hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) og háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.). Þar er ekki gert ráð fyrir því, að hjeraðið leggi fram einn einasta eyri, og þó fara háttv. flutningsmenn fram á að fá samtals 90

þús. kr. fjárveitingarviðbót við þær, sem áður er búið að samþykkja hjer í deildinni til hjeraða þeirra.

Hjer er á sá mikli munur og með Hofsárbrú, að hlutaðeigandi hjerað þarf að leggja á sig fjárútlát til að fá landssjóðsstyrk, til byggingar hennar. En til brúnna í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum eiga hlutaðeigandi hjeruð ekki að leggja nokkurn hlut.

Það er auðsjeð, að þá kreppir skórinn, þegar fje er boðið fram frá hjeraðanna hálfu, en hins vegar er auðsjeð, að ekki er þörfin brýn að brúa þær ár, sem hjeruðin vilja ekki leggja fram einn eyri til verksins.

Háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) vissi ekki enn, hvort þessi á væri til eða ekki. Það er í meira lagi leitt, að þekking einstakra þingmanna er ekki meiri í íslenskri landafræði en hjer lýsir sjer.

Jeg skal geta þess, út af tilmælum um það, að jeg tæki þessa till. aftur, að til þess hefi jeg enga heimild. Tillagan er sem sje borin fram af 12 manna nefnd, og af þeim 12 mönnum voru einungis 2 á móti, en 8 með tillögunni. **(Þór. J.:** Þetta er ekki rjett; það voru fleiri á móti). Það er víst rjett. Það voru 2 á móti, en 8, sem greiddu atkvæði með, og 2 voru ekki á fundi, en þeir munu báðir vera með tillögunni.

Háttv. þm. Stranda. (M. P.) þótti það einkennilegt og óeðlilegt, að samgöngumálanefndin bæri fram þessa till. Þetta get jeg ekki sjeð. Jeg sje ekki betur en að samgöngumálanefndin eigi einmitt að láta sig varða samgöngumálin á sjó og landi. Annars væri það undarlegt, að samgöngumálanefndin vildi sjerstaklega hlynna að Vopnafirði, ef hjer væri ekki um sanngirniskröfu að ræða. Sami hv. þm. (M. P.) sagði, að ef þetta yrði samþykt, þá væri með því raskað kerfi því, sem þingið 1915 hefði sett í samgöngumálunum. Mjer finst þetta nú, satt að segja, veigalítil ástæða. Það þing er ekki rjetthærra en önnur þing, og jeg býst ekki við, að þetta þing vilji samþykkja allar gerðir þess.

Annars þykir mjer einkennilegt, að háttv. þm. Stranda. (M. P.) skuli verja svona miklum tíma til að mæla á móti þessari brú. Þessi till. er þó betur hugsuð en flestar aðrar fjárveitingar, sem samþyktar hafa verið hjer í deildinni, enda eru henni meðmæltir að minsta kosti 3 menn úr háttv. fjárveitinganefnd, auk fjölda annara deildarmanna.

Jeg bið alla að athuga það vel, að hjer er ekki að ræða um annað en styrk til að byggja þessa brú, en ekki farið fram á, að alt fjeð sje veitt úr landssjóði, eins og þeir fara fram á, sem allra manna mest hafa fengið handa sínum kjördæmum, svo sem er um flesta eða alla andmælendur mína, nema ef til vill háttv. þm. Stranda. (M. P.). Jeg man ekki, hvort hann hefir fengið svo mikið handa sínu kjördæmi, og jeg held jafnvel, að svo sje ekki, en honum mun hafa runnið blóðið til skyldunnar við Húnavatnssýslu, því að hann er nær henni en Vopnafirði og býst víst ekki við því að þurfa að leggja leið sína yfir Hofsá.

Jeg vil minnast örfáum orðum á skilyrðin um styrkveitingu til unglingaskóla.

Í fljótu bragði virðist ekkert athugavert við skilyrðin, sem þeir 1. þm. Húnv. (Þór. J.) og þm. Dala. (B. J.) vilja setja fyrir styrk til unglingaskólanna. Jeg efast ekki um, að það sjeu góðir skólar, sem þeir hvor um sig bera fyrir brjósti. En háttv. fjárveitinganefnd virðist ekki hafa athugað það, að þegar föst fjárupphæð, tiltölulega há, er ákveðin til þessara skóla, þá mink-

ar styrkurinn til annara unglingaskóla að sama skapi. Það verður til þess, að sumir unglingaskólarnir fá svo að kalla engan styrk. Þess vegna ætti helst engan skóla að taka út úr, heldur láta fræðslumálastjórnina dæma milli þeirra um styrkupphæðina. En ef þingið sjálft ákveður tiltölulega há tillög til einstakra skóla, þá ætti að minsta kosti að hækka styrkinn í heild sinni um leið. Þetta má enginn skilja svo, að jeg álíti styrkinn til þessara skóla, sem til eru teknir, ofháan. Þvert á móti. En jeg vildi benda á þessa villu, þótt jeg hafi ekki mikla von um, að hún verði leiðrjett að þessu sinni.

Framsm. fjárveitinganefndar (Bjarni Jónsson): Jeg skal ekki stofna til neinnar deilu með orðum mínum.

Fyrst vildi jeg minnast á brtt. á þgskj. 680. Það er óefnilegt af ungum þm. að bera fram slíka brtt. Sumir af þeim liðum, sem þar er farið fram á að falli burt, mættu einmitt síst falla. Sparnaðarástæður geta naumast legið til tillögunnar. Er það auðsætt af því, að þessi ungi þm. (B.St.) og aðrir fleiri bera fram brtt., sem mundu auka útgjöldin um tugi þúsunda kr., ef þær væru allar samþyktar.

Mjer er það ekki ljóst, hví ekki skuli keypt ódýrt safn nýdáins starfsmanns þingsins. Ekkjunni stendur nú til boða að selja safnið á 6 þús. kr., og fyrir því hefi jeg sögu kunnugra manna, að safnið muni vera fullra 10 þúsunda virði.

Jeg get ekki heldur skilið, að nokkur ástæða geti verið til að fella burt litla fjárupphæð, sem ætluð er til varðveislu íslenskra þjóðmuna. Það þarf ekki miklar skemdir á þjóðmunum til þess að vega upp á móti þessari fjárupphæð. Verði fje þetta ekki veitt, mun skaðinn nema hinni margfaldri.

Sama er að segja um orðabókarstyrkinn. Það væri viturlega ráðið af þinginu og þakklátt að veita þennan styrk, og er mjer óskiljanlegt, að nokkur þm. skuli vilja hafa sig til að mæla á móti slíkri fjárveitingu. Jeg skal ekki rekja, hvernig þessi fjárveiting er til orðin, en tiltökumál væri það, ef þingið vildi halda henni í sama farinu.

Brtt. á þgskj. 735 varð að láta prenta sjer, því að þær höfðu gleymst.

Í fyrri liðnum er ætlast til, að sú launaviðbót, sem um er að ræða, komi að gagni nýja kennaranum, sem sennilega kemur í haust í stað dr. Björns frá Viðfirði.

Annar liðurinn er við 15. gr. Till. stjórnarinnar var 2000 kr., en nefndin áleit þá upphæð oflitla, þar sem hún lítur svo á, að besti styrkurinn til listamanna sje að kaupa verk þeirra af þeim. Jeg hefi ástæðu til að halda, að stjórninni sje þessi litla hækkun kærkomin. Jeg vil benda mönnum á, að það eru bestu kaup á því, sem keypt er nú, er íslensk list hefst. Það þarfa ekki að líða 10 ár til þess, að hvert verk verði mörgum sinnum dýrara. Það er því í sjálfu sjer gróðafyrirtæki fyrir landið að kaupa listaverkin nú.

Þá vil jeg með örfáum orðum minnast á skólann í Hjarðarholti, út af því, sem hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) sagði til mín og hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.). Um það kemur mjer og háttv. 2. þm. N.-M. saman, að það sje í raun og veru rangt að taka nokkra skóla út úr, en úr því að ekki er hægt að varna því, þá er gott að koma sem flestum góðkunnum skólum að. Í þetta skifti vanst þó ekki tími til að koma með till. um hækkun á styrknum í heild sinni. En þar sem brtt. var fram komin um að bæta skólanum á Hvammstanga inn í athugasemdina, þá gat jeg ekki annað en komið með brtt. um, að skólinn í Hjarðarholti fylgdi

með. Það var sagt, að engin skjöl um skólann væru við höndina. Skólinn sendir árlega skýrslu sína fræðslumálastjóranum. Hjer á þinginu hefir verið minst á hann annaðhvert ár. Sira Ólafur í Hjarðarholti er þar að auki svo góðkunnur maður, að ekki mun þörf langrar ræðu til að sýna mönnum fram á, að þetta er rjett mál. Jeg vona líka, að menn verði fúsir á að greiða brtt. atkvæði.

Þá er skálda- og listamannastyrkurinn. Háttv. 1. þingm. Húnv. (Þór. J.) virtist hafa misskilið það, sem jeg sagði um þennan styrk á dögunum. Nefndin taldi nauðsynlegt, að hann væri hækkaður meðal annars af því, að mörg góð skáld, sem ekki hafa áður notið hans, munu sækja um hann. Jeg nefndi Sveinbjörn Björnsson, en man ekki, hvort jeg nefndi Jakob Thorarensen, sem jeg legg þó að jöfnu við Sveinbjörn. Þeir eru báðir ágæt alþýðuskáld. Það er nauðsynlegt, að styrkurinn verði svo rúmur, að hægt verði að bæta nýjum mönnum við. En ótækt væri að fella þá burt, sem áður hafa notið styrksins. Þingið í vetur neitaði skáldum og listamönnum um að bæta þeim hallann, sem þeir hafa beðið við verðfall peninga, eins og aðrir, og ætti því nú að vera full ástæða til að fara þá leið að hækka styrkinn.

Þá hefir verið mikið talað um sparnaðartill. tveggja þingm. á þgskj. 680. Sá sparnaður, sem þeir fara fram á, nemur 9600 kr. bæði árin. Þessir sömu háttv. þingm. eru annars við riðnir aðrar brtt., sem til samans fara fram á 36,800 kr. hækkun á útgjöldum. Þeir vilja því spara fje, sem nemur einum fjórða parti af því, sem þeir vilja hækka útgjöldin um. Jeg vil ekki ræða frekar við þá um þetta mál, síst þá fjárveitingu, sem 1. þingm. Árn. (S. S.) sagði um að væri, »því miður, ódrepandi, eins og maðurinn sjálfur«. Raunar vissi jeg eigi fyr, að hann vildi mig feigan, sem ráða má af þessum vel samsettu erðum hans. Jeg hafði ætlað mjer að gefa skýrslu um, hvernig jeg hefi farið með þetta fje, en geymi mjer það til einnar umræðu, sem líklega er eftir hjer í deildinni, um fjárlögin, eða sameinaðs þings.

Einar Jónsson: Ekki er að tjá sig um það, þótt maður hafi orðið þess valdur, að umræðurnar hafa orðið lengri og fjörugri en ella. En fjörugastar hafa þær orðið vegna till. okkar 2. þingm. S.-M. (B. St.) á þgskj. 680, og brtt. samgöngumálanefndar um brú á Hofsá. Um þessi tvö atriði hafa umræðurnar aðallega snúist.

Það er sjerstaklega vegna brtt. á þgskj. 680, að jeg stend hjer nú upp. Út af henni hafa ýmsum hrotið hörð orð í garð flutningsmanna.

Háttv. þingm. V.-Sk. (G. Sv.) vítti okkur flutnm. fyrir að vilja spara. Jeg býst við, að orðin hafi komið út úr honum öðruvísi en hann hefir ætlast til, því að enginn er hann eyðslumaður.

Annars hefi jeg ekki orðið hjartveikur út af þessum orðum hans. Jeg hygg, að allir þessir liðir, sem við viljum fella burt, geti beðið hentugri og betri tíma. Mjer kemur það einkennilega fyrir sjónir, að Gísli Sveinsson, sem er Vestur-Skaftfellingur, skuli tala til svona. Mjer virðist svo, sem flestir bitlingar lendi hjer í Reykjavík, og eru það helst Reykvíkingar, sem berja þá fram. Þess vegna á það illa við, að þingmenn austan úr Skaftafellssýslu svari mjer um óþarfa sparsemi, þótt jeg vilji draga úr óþörfum gjöldum á þessum örðugu stríðs- og neyðartímum.

Háttv. 2. þingm. Árn. (E. A.) tók í sama streng og háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Hann áleit, að heimild væri til þessarar

fjárveitingar til Bjarna Jónssonar í fjárlögum, samkvæmt þingsáltill. og dagskrá, sem samþykt var í vetur. En jeg mótmæli því. Lesið till. á þgskj. 61 í Alþt. 1916—17, A-deild.

Jeg álít, að hjer sje þingið farið að skifta sjer af þessum styrk, og sný ekki frá því, að af skálda- og listamannastyrknum á Bjarni Jónsson að fá lítils háttar hjálp til að þýða »Faust«. Hitt er jeg sannfærður um, að þýðingin kemur aldrei að notum. Almenningur mun ekki lesa hana. Því væri alt eins gott að láta þýðandann hvíla sig. Enda veit jeg ekki, til hvers er verið að þýða slík rit; ekki var þessi Faust betri en það, að hann gaf sig hinum vonda á vald, og mun það síst hvetja menn til góðs lífernis.

Í sambandi við þetta skal jeg minnast á það, að háttv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að styrkurinn til listamanna mætti ekki vera minni en 20,000 kr. Jeg skal ekki þræta um þetta við hann; en þar sem hann sagði, að hægra væri að skilja eftir af styrknum en að skilja eftir styrkþurfandi menn, þá mun varla að kvíða því, hve hár sem styrkurinn yrði settur, að ekki myndu finnast nógir til að eta hann upp. Víst er það, að þegar háttv. þm. (B. J.) var ráðunautur, hásællar minningar, tókst honum einum að eta upp á einu ári jafnmikið og allur skálda- og listamannastyrkurinn er. **(B. J.:** Hvað eta bolarnir á Geldingalæk?). Heyrudda, en það gerir þm. Dala. sjer ekki að góðu.

Einn liður er það, sem talsvert hefir verið talað um; það er að kaupa söngfræðisafn Jónasar Jónssonar, háskóladyravarðar. Tveir hv. þingdm. hafa um þetta talað, og hefir mjer fundist ekki sem best samræmi í ræðum þeirra, og þeir ekki einu sinni vera í samræmi við sjálfa sig.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) segir, að gustuk sje að hjálpa ekkju Jónasar, sem sje fátæk, og kaupa safnið, en í öðru orðinu segir hann, að hún geti selt það dýrara öðrum. Þetta get jeg ekki samrýmt, að hún ætli að gefa landinu, og að landið eigi að hjálpa henni fyrir fátæktar sakir. En af því að jeg álít, að þessi fróma heiðursekkja sje alls góðs makleg, þá sýnist mjer ekki rjett, að landið kaupi safnið af henni, nema hún fái eins mikið fyrir það eins og aðrir bjóða, og jeg vil ekki, að landið sje að ásælast þessa heiðursekkju, með því að kaupa þetta dýrmæta safn lægra verði en aðrir bjóða, og skaða hana með því. Hjer er svo mikið ósamræmi í orðum háttv. þm. (M. Ó.), að það er eins og verið sje að blekkja menn, og að hún geti ekki selt safnið annarsstaðar. **(B. J.:** Ætlar hv. þm. nú að fara að halda þingbíó sitt?). Háttv. þm. (B. J.) ætti að fara fram á það að fá styrk til einstakra manna, til að fara í bíó fyrir og sitja á kaffihúsum. En fyrst að hv. þm. (B. J.) er altaf að uppnefna mig og kalla mig siðameistara deildarinnar og Ciceró, mentafrömuð o. fl., þá ætti hann að hlýða mjer í öllu. Hann kannast víst við þessar hendingar um Cicero:

»Gullritna Ciceros frægð
aldrei dulgleymi fal«.

Athugi háttv. þm. (B. J.) þetta og keppi eftir að ná gullritinni frægð Cicerós hins eldra og líka hins yngra, með dáð og drenglyndi, og vinna svo heiðarlega sín störf, að dulgleymi þurfi eigi að fela.

Björn Stefánsson: Það er ekki gustuk að lengja umræður úr þessu, og lýsi jeg yfir því, að jeg mun hætta að tala um nokkra liði fjárlaganna eða brtt., sem jeg hafði ætlað mjer að minnast á; en að eins svara háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) nokkru.

Háttv. þm. (M. Ó.) kvaðst heldur hafa viljað beygja sig fyrir meiri hluta nefndarinnar en gera ágreining í þessu. Það er ekki heldur það, sem jeg ásaka hann

fyrir, heldur hitt, að hann skyldi láta það við gangast, að þessari harðdrægni væri beitt við atriði, sem snertir sjávarútveginn.

Háttv. þm. (M. Ó.) sagði, að sjer væri ekki sjerlegt kappsmál, að till. okkar þm. S.-M. á þgskj. 642 gengi fram að þessu sinni. Mig furðar á þessu, því að jeg bjóst við, að hann, þessi aðalsvaramaður sjávarútvegsins, mundi styðja allar þær tillögur, sem snerta sjávarútveginn, og miða að því að efla hann og tryggja. Af því, að jeg hafði þetta traust á honum, átti jeg nokkurn þátt í því, að hann komst í fjárveitinganefnd. Vænti jeg þess, að með því væri fyrir því sjeð, að sjávarútvegurinn ætti ötulan málssvara í þeirri nefnd. Háttv. þm. (M. Ó.) kvað það ekki muna miklu, hvort viti þessi væri tekinn í fjárlög nú eða næstu fjárlög. Það munar þó alt af um tvö ár, og getur margt tjón hlotist af vitaleysinu á þeim tíma, enda ekki einu sinni víst, að hann verði settur í næstu röð. Ein ástæða háttv. þm. (M. Ó.) móti tillögunni var sú, að hann vildi ekki, að meira væri lagt til vita á þessu fjárhagstímabili en þegar væri ákveðið. Nú erum við sammála um það, að landið skuldi vitasjóði stórfje, þar sem það hafi haft miklu meiri tekjur af vitunum en því nemur, sem það hefir lagt fram til þeirra. Hvernig sem á er litið fundust mjer aðgerðir hv. þm. (M. Ó.) koma úr hörðustu átt.

Háttv. þm. (M. Ó.) kvaðst ekki vita, hvers vegna stjórnin hefði tekið út úr þennan vita, sem hjer ræðir um, en taldi víst, að það hefði verið gert í samráði við vitamálastjórann. Jeg held, að það hafi varla verið, heldur muni stjórnin hafa gert það af eigin hvötum, þótt jeg viti ekki, hvað henni hefði átt að hafa gengið til þess, nema ef vera skyldi, að hún hefði vænt þess, að Austfirðingar mundu una því betur en aðrir að vera hafðir út undan; þeir væru, hvort sem væri, því svo vanir.

Hv. þm. (M.Ó.) talaði um, að skipskaðar væru færri á Austurlandi en annarsstaðar hjer við land. Jeg hefi ekki í höndum mjer skýrslur til að hrekja þetta með, en efast þó stórum um, að þetta sje rjett, að tiltölulega færri skip farist þar en annarsstaðar. Um vjelbáta getur þetta rjett verið, en það stafar af því, að þar eystra er ekki vertíð í háskammdeginu. Háttv. þm. (M. Ó.) vefengdi það, sem jeg sagði, að ekki væru nema 3 vitar við Austurland; hann tilnefndi hinn 4., en þess er að gæta, að sá viti getur ekki, nema ef vera skyldi að hálfu leyti, talist til Austfjarðavita. En fyrst að okkur ber ekki á milli nema um hálfan vita, tekur það því ekki að gera mikla rekistefnu út af því.

Matthías Ólafsson: Það er leitt, að háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) skuli ekki geta skilið ástæður mínar fyrir framkomu minni. Það er misskilningur hjá háttv. þm. (B. St.) á stöðu minni, ef hann telur það skyldu mína að framfylgja öllum tillögum og kröfum, sem kunna að koma fram frá sjávarútvegsmönnum, hve ósanngjarnar sem þær kunna að vera, eða hversu mjög sem þær kunna að ríða í bág við kröfur annara sjávarútvegsmanna eða hagsmuni sjávarútvegsins í heild sinni.

Jeg vil ekki, að rjettur sjávarútvegsmanna sje fyrir borð borinn, og að því mun jeg stuðla eftir megni, að svo verði eigi, en jeg vil þó eigi, að öðrum atvinnuvegum sje traðkað, og einkum vil jeg reyna að hafa heildaryfirlit yfir hagsmuni alls landsins, en ekki eingöngu einstakra hjeraða, og á ferðum mínum hefir mjer tekist að ná því að nokkru, að því er sjávarútveginn snertir, og mun jeg með atkvæði mínu jafnan reyna að fylgja því, er jeg tel til mestra

hagsmuna fyrir sem flesta, því að jeg tel mig fyrst og fremst þingmann alls landsins, en ekki einstaks hjeraðs eða einstakrar atvinnugreinar, þótt jeg af eðlilegum ástæðum leggi mest til málanna um þann atvinnuveginn, sem jeg þekki best og mál þess hjeraðs, sem jeg er kunnugastur í og kosinn fyrir.

Enn eru t. d. ekki komnir nema 2 vitar á Vestfjörðum, en jeg fæst ekki svo mjög um það, meðan jeg veit, að annarsstaðar er hættan meiri og vitaþörfin enn ríkari.

Háttv. þm. S.-M. (B. St.) heldur því fram, að hættan sje jafnmikil við Austurland sem annarsstaðar, þótt hann geti ekki fært full rök, og ber því við, að hann hafi ekki getað rannsakað skýrslur um það. En það er sama, hvað mikið sem hann rannsakar, þá getur hann aldrei fært sönnur á það. Strönd hafa verið fátíð við Austurland, og hefir þó fjöldi franskra fiskiskipa verið þar að veiðum. Aftur hlýtur háttv. þm. (B. St.) að vita eitthvað um, hvílíkur fjöldi skipa hefir strandað við suðurströnd landsins, og eins getur honum ekki verið ókunnugt um, hvílíkt gagn er að því að hafa þar vita. Þá hafa þau ekki heldur verið fátíð, ströndin, hjer við Mýrarnar.

Það er satt, að landssjóður mundi vera í skuld við vitasjóð, ef vitagjöldunum hefði verið haldið út af fyrir sig, og reikningar gerðir upp milli þeirra sjóða. En jeg hefi aldrei ætlast til, að landssjóður borgaði beinlínis það fje út, en tel það nægja, að landssjóður ábyrgist það lán, sem þarf til vitabygginga, og sjái um borgun þess. Jeg ætla ekki að svara háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) miklu. Flest, sem hann sagði út af ræðu minni, var bygt á helberum miskilningi. Jeg trúi því ofurvel, að háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) viti ekki mikið um safn þetta; hann hefir líklega haft lítið fyrir að kynna sjer það, enda óvíst, hvort hann ber fult skyn á að dæma um verðmæti þess, og það getur verið vorkunnarmál, því að það mun ekki á allra færi; en hitt ætti háttv. þm. (E. J.) að vera vorkunnarlaust að skilja, að ekkjunni muni ekki standa það á sama, að safn þetta dreifist eða sje selt úr landi, þar sem maður hennar hafði lagt jafnmikið í sölurnar sem hann gerði, bæði af fje og tíma, til að koma því upp, og óskaði þess, að það geymdist ósundrað hjer í landi, öðrum til gagns. Vilji háttv. þm. (E. J.) skilja þetta, þá mun hann heldur óska þess, að landið njóti þess en aðrir, jafnvel þótt hún fái minna verð fyrir það en hún gæti fengið. Hins vegar er hún langt frá svo efnum búin, að hún geti gefið það með öllu.

Þegar háttv. 2. þm. Rang, (E. J.) athugar þetta, hygg jeg, að hann þurfi engan kinnroða að bera, fyrir hönd landsins nje sína eigin, fyrir að þiggja þessa gjöf, sem hann er að tala um, og betur, að hann ljeti aldrei blekkjast meir en þótt hann fylgi tillögum mínum í þessu máli, því að eftir dómi þeirra, sem gott skyn bera á, er hjer um mjög merkilegt og torfengið safn að ræða.

Framsm. fjárveitinganefndar (Magnús Pjetursson): Jeg ætla að víkja fáum orðum að einstökum atriðum, sem fram hafa komið í umræðunum, en fara þó fljótt yfir sögu.

Sný jeg mjer þá fyrst að varatillögu þeirra háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) og háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) um að veita Bjarna Jónssyni frá Vogi, fyrir að þýða og gefa út Goethes Faust, 150 kr. fyrir örkina, alt að 1200 kr. hvort árið. Jeg held, að það væri miklu sæmra að fella alveg burt liðinn úr fjárlögunum, eins og aðaltillagan fer fram á, en að samþykkja þetta. Jeg held, að þeir, sem nokkurt vit hafa á þessu starfi, mundu meta það líka borgun fyrir

að þýða Faust og gefa út fyrir 150 kr. örkina, eins og að eiga að moka flór fyrir 10 aura um tímann.

Jeg get ekki komist hjá því að svara háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) nokkru út af því, sem hann talaði til mín. Jeg geri ráð fyrir, að hann hafi ekki, er hann var að ryðja úr sjer, ætlað að syndga upp á náðina, af því að hann var dauður, í því trausti, að ekki mundi verða lagst mjög grimmilega á náinn. Háttv. þm. (Þorst. J.) fór mjög geistur og rasandi og talaði af þjósti allmiklum og vanstillingu, og var öllu háværari en hvað hann var sannfærandi. (**Þorst. J.**: Jeg bið forseta að áminna háttv. þm.). Forseti gerir það sjálfsagt, ef honum sýnist þess þörf, en jeg þykist hafa ástæðu til ummæla minna, því að það er óvenjulegt hjer á þingi, að ráðist sje þannig persónulega á frsm. nefndar, eins og háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) rjeðst á mig. Hann ætti þó að vita það, að það, sem jeg talaði, talaði jeg sem umboðsmaður fjárveitinganefndar. Jeg talaði fyrir hönd nefndarinnar og samkvæmt hennar vilja; hagaði jeg því í sumum greinum nokkuð öðruvísi orðum en ef jeg hefði talað fyrir mig einan, og þá hefði það ekki verið honum í hag.

Háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) talaði um, að jeg hefði átt mikinn þátt í, að útgjöldin hafi orðið svo há.

Jeg hygg, að fáir aðrir sjái það mark á fjárlagafrumvarpinu, að mjer verði fremur öðrum eignuð sú stefna, sem fylgt hefir verið.

Það kom fram í ræðu háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.), að hann hafði hvorki gefið gaum því, sem sagt var um brúna á Hjeraðsvötnin, nje heldur lesið tillögu fjárveitinganefndar, að til hennar skyldi varið 10000 kr., en ekki 25000 kr., eins og háttv. þm. (Þorst. J.) hjelt fram að ætlast væri til, að til hennar ætti að ganga.

Háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) bygði svo mikið á þessari sanngirniskröfu, sem Austfirðingafjórðungur hefði til aukinna fjárveitinga, þegar þess væri gætt, hve lítið hann hefði fengið, í samanburði við hina landsfjórðungana. Ef fara ætti út í það og halda því fram, að allir fjórðungarnir ættu jafnan að fá jafnmikla fjárveitingu hver um sig á hverju fjárhagstimabili, þá er jeg nú hræddur um, að Vestfirðingafjórðungur mundi reynast fremur afskiftur. En þessi samanburður og þessi fjárskiftaaðferð nær annars engri átt. Fjárveitingarnar verða mjög að fara eftir staðháttum og ástæðum í það og það skifti. Jeg býst ekki við, að Norðlendingafjórðungur muni fara að bera sig upp undan því, þótt honum sje ekki nú ætlað jafnmikið fje til áveitu og til varnar gegn landskemdum, eins og Sunnlendingafjórðungi.

Háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) lagði mikla áherslu á það, að tilætlunin væri, að hlutaðeigandi hjerað legði svo mikið fram móti landssjóðstillaginu til brúargerðarinnar á Hofsá, en ekkert slíkt væri boðið fram til brúargerðarinnar á Miðfjarðará og Hjeraðsvötnin.

Jeg býst við, að aðrir háttv. þingdm. sjeu það betur að sjer í vegalögunum, að þeir viti, að það hvílir lagaskylda á landssjóði að brúa þessi vatnsföll, en ekki Hofsá.

Jeg verð, að nokkru, að vefengja það, sem háttv. þm. (Þorst. J.) sagði, að meiri hluti fjárveitinganefndar sje fylgjandi þessari fjárveitingu, eða að minsta kosti þrír menn. Jeg veit það, að í gærkveldi var talsverður meiri hluti nefndarinnar á móti henni. Jeg veit ekki, hvernig kann að hafa skipast síðan; þó þykja mjer lítil líkindi, að

mikið hafi breyst síðan, en háttv. þm. (Þorst. J.) þykist má ske vita það betur, því að svo mikið þykir honum undir komið að hafa þetta brúarmál sitt fram, að hann hefir fátt annað gert í dag en ganga milli manna og leita atkvæðafylgis. (**Þorst. J.:** Sanni þingmaðurinn það). Það er ekki svo auðvelt að sanna það, síst svona umsvifalaust frammi fyrir öllum þingheimi. En undarlega kunnugur hlýtur háttv. þm. (Þorst. J.) að vera hugsunum þeirra, er fjárveitinganefnd skipa, þar sem hann lagði svo mikið upp úr því, að hann hefði fylgi hálfrar annarar stórnefndar í þessu máli. Þess er og að gæta, að tveir menn úr samgöngumálanefnd eru og í fjárveitinganefnd, og þarf ekki að gera ráð fyrir, að þeir skifti um skoðanir eftir því, í hvorri nefndinni þeir starfa. En við þetta breytist útkoman nokkuð.

Háttv. þm. (Þorst. J.) kvaðst ekki hafa leyfi til að taka tillöguna aftur, þótt hann vildi. Má vera, að svo sje. Þó geri jeg ráð fyrir, að samgöngumálanefndin mundi ekki víta hann harðlega fyrir það, þótt hann reyndar segi, að hún hafi komið tillögunni af stað. Háttv. þm. vildi ekki gera mikið úr eða vera bundinn við ályktanir þingsins 1915 í þessu máli. Það er nú svo, en nokkuð hæpin stjórnmálastefna og ekki alltíð er það að rugla áætlunum fyrirrennara sinna, þótt nýir menn komi til sögunnar; að minsta kosti þurfa að vera meiri ástæður til þess en hjer, ef vel á að fara og eitthvert samhengi í stjórnarstörfunum. Háttv. þm. (Þorst. J.) er annars í allgóðu samræmi við sjálfan sig um það að vilja ekki binda sig fast við stefnur og skoðanir fyrri þinga, úr því að hann ekki einu sinni bindur sig við sínar eigin stefnur eða skoðanir, sem hann hjelt fram fyrir nokkrum dögum. Því að þegar frv. um brúargerð á Hofsá og Selá var til umræðu hjer í deildinni fyrir skömmu, fórust honum þannig orð í ræðu, sem hann þegar hefir leiðrjett: »Jeg vona, að enginn misskilji frv. þetta svo, að við flutningsmenn ætlum að fara að bola þessum brúm fram yfir þær, sem áður hafa verið ákvarðaðar.« Kvað hann þó með þessu ætla að greiða götu málsins og auka hjeraðsbúum kjark til að byrja á fjársöfnun, en gangi út frá, að þetta geti ekki orðið svo fljótt. Það er því ekki ástæðulaust, þótt mjer finnist háttv. þm. (Þorst. J.) hafa skift um skoðun, síðan hann mælti framannefnd orð.

Jeg man ekki, hvort háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) komst þannig að orði, að jeg hefði ráðist grimdarlega á brtt., en jeg held það. Jeg veit ekki annað en að jeg hafi talað stillilega um málið og verið stiltari en hann. Ef hann ætlar að fara að álasa mjer fyrir það, að jeg er Húnvetningur, þá þykir mjer það dálítið skrítið, því að jeg fæ ekki sjeð, að það komi málinu nokkuð við. Ef jeg hefði verið í reipdrætti fyrir kjördæmi mitt hjer, þá hefði það átt við að tala um, hvaðan jeg væri. Það er ekki gott að segja nema jeg eigi eftir að koma þarna austur, en það get jeg sagt, að á síðustu árum hefir leið mín ekki legið oftar um Húnavatnssýslu, en aðra landshluta. Jeg get ekki varist þess að benda háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) á, að þegar við erum komnir inn á þing, verðum við að hafa víðari sjóndeildarhring en okkar eigið kjördæmi, ekki síst í stórmáli sem þessu. Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar og læt því hjer staðar numið, en vona, að háttv. deildarmenn kunni að meta hjer rök og rakaleysi.

Þorsteinn Jónsson: Háttv. þm. Stranda. (M. P.) hefir ráðist á mig með ónotum svo miklum, að jeg sje mjer

ekki annað fært en að gera stutta aths. við ræðu hans, þótt jeg annars láti mig það litlu skifta, sem sá maður segir. Ræða hans gekk aðallega út á það, að jeg hefði talað ofhátt. Það býst jeg ekki við að þingheimur lasti, þótt jeg tali hærra en þm. Stranda. (M. P.). Annars fann jeg ekki, að hann kæmi með neinar nýjar röksemdir í málinu, sem deilt er um. En honum fer þannig, að hann notar skæting í stað röksemda. Það var eitt atriði úr hinni þingmannlegu ræðu háttv. þm. Stranda. (M. P.), sem jeg verð að drepa á. Hann sagði sem sje, að jeg hefði gengið á milli manna, til þess að biðja þá um atkvæði. Jeg býst við, að það verði erfitt fyrir hann að sanna þetta. Jeg get ímyndað mjer, að þessi andi, sem kom fram í ræðu hans, komi ekki út af þessari brú, heldur öðru. Það var sem sje snemma á þinginu í sumar, að hann vildi komast í kosningasamband við Framsóknarflokkinn, og á móti því var ekki haft fyrst í stað, en þá gerði hann það að skilyrði, að hann yrði kosinn í fjárveitinganefnd, en það vildi flokkurinn ekki, og átti jeg góðan þátt í því. En þá fór hv. þm. (M. P.) til annars flokks hjer í þinginu, en þar var honum neitað, og þá fór hann til þriðja flokksins, og um fleiri flokka var ekki að gera, og þar tókst honum loks að komast í kosningasamband og í fjárveitinganefnd. Hann hefir að vonum sótt það eins fast að verða framsm. eins og að komast í nefndina, hvort sem hann hefir ætlað að nota þá stöðu til að hafa óvirðuleg orð um einstaka þm. eða ekki. Þessi ræða hans átti víst að vera hefnd fyrir það, að jeg vildi ekki stuðla til þess, að hann kæmist í fjárveitinganefnd.

Fleiru ætla jeg ekki að svara honum, því að jeg vildi tala um málið sjálft, en beindist ekki að honum persónulega, þótt jeg segði, að leið hans myndi liggja oftar um Húnavatnssýslu en Austfirði.

Framsm. fjárveitinganefndar (Magnús Pjetursson): Jeg ætla bara að segja það, að jeg virði þennan þm. (Þorst. J.) ekki svars. Jeg get svarað honum á öðrum vettvangi en þessum, ef hann væri þess verður, úr því að honum fanst viðeigandi að koma með svona »rök« fyrir brúnni sinni.

ATKVGR.

Brtt. 722, 1. samþ. með öllum greiddum atkv.
— 646., aðaltill., feld með 15 : 3 atkv.
— 646., varatill., feld með 14 : 6 atkv.
— 722, 2. samþ. með öllum greiddum atkv.
— 722, 3. a. samþ. með 18 shlj. atkv.
— 722, 3. b. — — 20 shlj. atkv.
— 722, 4. — — 19 shlj. atkv.
— 698, 1.—2. tekin aftur.
— 722, 5. samþ. í e. hlj.
— 640. tekin aftur.
— 641. feld með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. St., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., P. O., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J.

nei: B. Sv., B. J., B. K., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., S. S., S. St., St. St., Þór. J., Ó. B.

Brtt. 693. feld með 15 : 4 atkv.
— 647. — — 13 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. B., P. O., P. Þ., Sv. Ó, Þorl. J., Þorst. J.
nei: B. J., B. K., E. A., J. M., M. G., M. P., M. Ó., P. J., S. S., S. St., St. St., Þór. J., Ó. B.

Brtt. 722, 6. samþ. með öllum greiddum atkv.

Brtt. 690. tekin aftur.
— 669. — —
Brtt. 722, 7. samþ. með 15:2 atkv.
— 722, 8. — — 15:8 —
— 722, 9. — — 18 shlj. atkv.
— 642. feld með 19:3 atkv.
— 735, a. samþ. með 17 shlj. atkv.

Afbrigða var leitað um brtt. 722, 10, með því að hækkun á þeim lið var áður feld í deildinni. Afbrigðin leyfð og samþ. án atkvgr.

Brtt. 722, 10. samþ. með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., E. A., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Ó. B.
nei: B. Sv., B. St., E. Árna., E. J., H. K., M. G., P. O., S. S., S. St., St. St., Þór. J.

Brtt. 729. samþ. með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., E. J., G. Sv., H. K., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., S. St., St. St., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.
nei: B. K., B. St., E. A., E. Árna., J. J., P. Þ., S. S., Sv. Ó., Þorst. J.

Brtt. 689. feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., E. A., G. Sv., H. K., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. O., S. St., St. St., Þór. J., Ó. B.
nei: B. Sv., B. K., B. St., E. Árna., E. J., J. J., J. M., P. J., P. Þ., S. S., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J.

Brtt. 671. samþ. með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: B. Sv., B. J., B. St., E. J., G. Sv., H. K., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. Þ., S. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.,
nei: B. K., E. A., E. Árna., J. J., P. J., P. O., S. S., St. St., Sv. Ó.

Brtt. 722, 11. feld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., E. A., G. Sv., J. B., M. P., M. Ó., P. J., St. St., Þorl. J.
nei: B. K., B. St., E. Árna., E. J., H. K., J. J., J. M., M. G., P. O., P. Þ., S. S., S. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

Brtt. 735, b. samþ. með 16:3 atkv.
— 722, 12. — — 14:5 —
— 680, 1. feld — 18:2 —
— 680, 2. — — 19:4 —
— 680, 3. — — 18:3 —
— 680, 4 — — 19:2 —
— 650. — — 13:13 —,
að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., E. A., E. Árna, G. Sv., H. K., J. M., J. B., M. G., M. P, St. St., Þór. J., Ó. B.
nei: B. K., B. St., E. J., J. J., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J.

Brtt. 680, 5. feld með 16:5 atkv.
— 663. samþ. með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., E. A., G. Sv., H. K., J. J., J. B., M. P., M. Ó., P. J., S. St., St. St., Þorl. J., Þór. J.
nei: B. St., E. Árna., E. J., J. M., M. G., P. O., P. Þ., S. S., Sv. Ó., Þorst. J., Ó. B.

Brtt. 710, 1. feld með 14:1 atkv.
— 710, 2. — — 17:9 — ,
að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., J. M., M. P., M. Ó, P. Þ., Þorl. J., Þorst. J.
nei: B. St., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. B., M. G., P. J., P. O., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þór. J., Ó. B.

Brtt. 722, 13. samþ. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., G. Sv., J. J., J. B., M. P., M. Ó., P. Þ., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J.
nei: B. St., E. A., E. Árna., E. J., H. K., J. M., M. G., P. O., S. S., S. St., Sv. Ó., Ó. B.
P. J. greiddi ekki atkvæði.

Brtt. 670, aðaltillaga, feld með 16:2 atkv.
— 670, varatillaga, feld með 16:3 atkv.
— 680, 6., aðaltillaga, feld með 15:5 atkv.
— 680, 6., varatillaga, feld með 17:2 atkv.
Brtt. 691. feld með 16:5 atkv.
— 696. — — 15:2 —
— 678. — — 14:12 —, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. A., G. Sv., H. K., J. J., J. B., M. Ó., Sv. Ó, Þorst. J.
nei: E. Árna., E. J., J. M., M. G., M. P., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

Brtt. 672. feld með 14:4 atkv.
— 673. — — 13:12 —, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. K., E. Árna., H. K., J. J., J. B., P. O., P. Þ., S. S., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J.
nei: B. J., B. St., E. J., G. Sv., J. M., M. G., M. P., M. Ó., P. J., S. St., St. St., Þór. J., Ó. B.
E. A. greiddi ekki atkv., af ástæðu, sem gild var tekin.

Brtt. 722, 14. samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. St., E. A., E. J., H. K., J. J., M. G., M. P., M. Ó., P. J., S. St., Þorl. J., Þór. J.
nei: B. K., E. Árna., G. Sv., J. M., J. B., P. O., P. Þ., S. S, St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Ó. B.

Brtt. 722, 15. samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., E. Árna, G. Sv., H. K., J. J., J. B., M. P., M. Ó., P. J., St. St., Sv. Ó., Þorl J., Þorst. J., Þór. J.
nei: B. St., E. A., E. J., J. M., M. G., P. O., P. Þ., S. S., S. St., Ó. B.

Brtt. 722, 16. samþ. í e. hlj.
— 643. feld með 15:8 atkv.
— 644. — — 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., J. M., M. G., M. P., P. J., S. S., S. St., St. St., Þór. J., Ó. B.

nei: B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. J., J. J., J. B., M. Ó., P. O., P. Þ., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J.

Brtt. 694. samþ. með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., J. J., J. B., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Þorst. J.
nei: B. K., E. J., J. M., M. G., M. P., M. Ó., P. J., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

Brtt. 692. samþ. með 16 : 4 atkv.
— 695. — — 18 : 1 —
— 722, 17. samþ. með 14 : 8 atkv.
— 711. tekin aftur.
— 722, 18. samþ. með 15 shlj. atkv.
— 722, 19. — — 17 — —

Leitað var afbrigða um brtt. 679, með því að hærri styrkur til sama manns hafði áður verið feldur í deildinni. — Afbrigðin leyfð án atkvgr.

Brtt. 679. samþ. með 17 shlj. atkv.
— 685. tekin aftur.
— 645. feld með 16 : 3 atkv.
— 697. samþ. með 19 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K, E. A., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. B., M. P., M. Ó., P. J., P. O., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.
nei: B. St., E. Árna., J. M., M. G., P. Þ., S. S., Sv. Ó.

Brtt. 722, 20. samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 1. sept., var útbýtt

Frumvarpi til fjárlaga fyrir árin 1918 og 1919,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 750).

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 3. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Magnús Torfason: Jeg hefði búist við því, þegar fjárlagafrv. yrði lagt fyrir þessa háttv. deild, að þá myndi stjórnin öll vera viðstödd, og hefði jeg haldið, að það væri að minsta kosti eitthvað, sem stjórnin myndi þurfa að taka fram, til athugunar fyrir væntanlega nefnd í málinu, en það lítur ekki út fyrir, að því sje að heilsa. (**K. D.:** Má ske, að þeir viti ekki af því, að málið sje komið til umræðu.). Jeg gerði ráð fyrir, að hæstv. forseti myndi sjá um, að ráðherrarnir fengju vitneskju um það. (**Jóh. Jóh.:** Forsætisráðherra er að halda ræðu í Nd.).

Það er í fyrsta sinni, að fjárlög koma fyrir þessa háttv. deild eftir að ný skipun hefir orðið á henni, og eins og við vitum allir hefir þessi háttv. deild engu síður orðið ímynd og skuggsjá þjóðarviljans hjer á landi heldur en hin deildin, þar sem hún að nokkru leyti er valin með allsherjaratkvæði, og ætti þess vegna að vera úrval af bestu mönnum þjóðarinnar að nokkru leyti.

Jeg fyrir mitt leyti hefi litið svo á, að ekki væri nema eðlilegt og sjálfsagt, að hvor deildin fyrir sig hefði tækifæri til að hafa alment tal af stjórninni, og eins að stjórnin myndi hafa gott af því að geta fengið að vita um óskir manna og vilja, alveg eins í þessari hv. deild sem hinni, því að við vitum, að það er ýmislegt, sem er á seiði hjer í þinginu, sem ekki kemur fram beint í lagafrumvarpsformi, og hins vegar vist, að þingmenn finna ekki ástæðu til að fara að koma með sjerstakar þingsályktunartill. eða fyrirspurnir um mál, enda þótt

ástæða væri til að hreyfa þeim eitthvað.

Í þetta sinn hjelt jeg, að fremur hefði verið ástæða til þess að minnast á, hvernig stjórn landsins hefir farið úr hendi, heldur en áður, einmitt af því, að stjórninni hafa aldrei verið lagðar þyngri skyldur á herðar en í þetta sinn.

Stjórnin var í vetur aukin og styrkt til að ráða fram úr ófriðarvandræðunum, og jeg vil segja, að aðal- og einasta hlutverk stjórnarinnar hafi átt að vera það að sjá okkur farborða. Jeg fyrir mitt leyti legg svo mikla áherslu á það, að þótt engar tillögur aðrar hefðu komið frá stjórninni um bjargráð, og svo fjárlögin, þá hefði jeg verið ánægður, ef það hefði farið vel úr hendi.

Nú ætla jeg ekki að fara að leggja neinn dóm á það, hvernig þessum bjargráðum hefir verið fullnægt. Menn vita það, að stjórnin hefir átt við ýmsa erfiðleika að stríða, og þess vegna verðum við líka að fara í það með allri gætni í dómum vorum. Og þingið hefir ekki fengið að vita neitt um gerðir stjórnarinnar, jafnvel ekki þær, sem engin sjáanleg ástæða var til þess að halda leyndum. En þótt stjórnin sje nú svona þoku vafin, má þó gera sjer nokkra grein fyrir einstöku atriðum, og af þeim hefi jeg hugsað mjer að benda á tvö atriði, sem sjerstök ástæða er til að minnast á.

Grundvöllurinn undir öllum bjargráðum landsins á þessum tímum er aðflutningurinn á nauðsynjavörum. Það er því auðsætt, að framar öllu átti að sjá landinu fyrir nægum skipakosti, nægum tækjum til þess að flytja alt, sem nauðsynlega hefir þurft með, til landsins. Mjer hefir ekki auðnast að fá að sjá skýrslu landsstjórnarinnar til bjargráðanefndanna um þetta atriði, en mjer virðist ýmislegt benda á, að hún hafi verið æði sein í snúningunum. Ekki skorti þó á, að hún hefði töluvert aðhald eða uppörvun frá þinginu um að hafa hraðann á. Síðustu orð þingmanna til stjórnarinnar á þinginu í vetur voru: Það sem þú gerir, ger þú skjótt. Og það var því fremur ástæða til þess að leggja áherslu á þetta, að öllum skynbærum mönnum var ljóst, að alt mundi verða því dýrara og aðflutningar því erfiðari, sem lengur drægist. En ekki verður annað sagt en að þetta hafi alt gengið seint og sígandi. Við það verður þó að kannast, að sjeð hefir verið fyrir þörfum landbúnaðarins, en þarfir sjávarútvegsins hafa hins vegar orðið tilfinnanlega út undan. En það tjáir nú víst ekki að sakast um orðinn hlut, en jeg vildi óska þess, að stjórnin skýrði nú þegar frá, hvaða ráðstafanir hún hefir með höndum til þess að sjá um, að sjávarútvegurinn fari ekki í kalda kol. Öllum hlýtur að vera ljóst, hvað í veði er, ef ekki er vel og skjótlega úr því ráðið, og skal því ekki fleirum orðum að því eytt. Því örðugra sem varð um aðdrætti, því nauðsynlegra var, og því meiri hvöt ætti það að vera fyrir stjórnina að sjá um, að úthlutunin færi vel fram. Í öðrum löndum er meiri og meiri gaumur gefinn þessari hlið málsins, eftir því sem þrengist um nauðsynjar.

Jeg gerði fyrirspurn út af þessu á þinginu í sumar, og færði rök fyrir því, að vöruúthlutun stjórnarinnar hefði verið ábótavant.

Hefði nú mátt vænta þess, að stjórnin hefði reynt að bæta ráð sitt, og jeg veit til, að hún hefir að sumu leyti gert það, þótt því verði ekki neitað, að enn sjeu þar talsverðir þverbrestir á. Á jeg hjer sjerstaklega við úthlutunina á steinolíu Steinolíufjelagsins, og er það aðallega hennar vegna, að jeg hefi staðið upp við þessa umræðu.

Búast hefði mátt við, að stjórnin hefði keypt alla steinolíu, sem til landsins hefir flust síðan, samkvæmt bendingu

frá bjargráðanefnd og dagskrá þeirri, sem samþykt var hjer í háttv. deild, er fyrirspurn mín var á döfinni. En þetta hefir stjórnin látið fyrir farast. Jeg veit ekki betur en að Steinolíufjelagið sje látið nokkurn veginn einrátt um það, hvernig með steinolíuna er farið. Það ræður, hvert hún fer, hver fær hana og hvernig hún er send. Hefir margs konar misrjetti af þessu hlotist. Olíunni hefir ekki verið úthlutað eftir þörfum, og fyrir bragðið hefir hún hækkað mjög í verði frá því, sem vera þurfti.

Jeg veit, að stjórnin hefir haft einhverjar ástæður til þess að fara þannig að, og vil því í allri vináttu óska skýringar á, hvaða nauður hafi rekið hana til að láta Steinolíufjelagið vafsast þannig með steinolíuna. Jeg bið um skýr rök fyrir þessu, ekki að eins fyrir mig sjálfan, heldur og fyrir menn í mínu kjördæmi og víðar um land.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Eins og háttv. þm. Ísaf. (M. T.) tók fram þá er það óþægilegt, að allir úr stjórninni skuli ekki vera viðstaddir, en jeg ætla samt sem áður að minnast á einstöku atriði í ræðu hans. Það er vitanlega eðlilegt, að þessi hv. þd. vilji hafa tal af stjórninni, þó að vandsjeð verði, hvort vilji deildarinnar komi fram, þó að einn eða tveir þingmenn taki til máls, þegar málið er ekki afgreitt í neinu sjerstöku formi.

Það er rjett, sem háttv. þingm. (M. T.) mintist á, að aldrei hafa stjórn á þessu landi verið lagðar þyngri skyldur á herðar en þeirri, er nú situr, enda mun hún hafa fundið mikið til ábyrgðarinnar við að taka að sjer að koma þjóðinni út úr ógöngunum, sem að líkindum lágu fram undan. Jeg kemst svo að orði sökum þess, að í raun og veru var ekki um miklar ógöngur að ræða, þegar þingi sleit. Og það má vitanlega þakka það ýmsu, að ástandið er nú ekki verra en raun er á orðin. Það má þakka það forsjóninni, samtökum einstakra manna og væntanlega landsstjórninni, að einhverju leyti. Því að jeg vil vera svo djarfur að halda því fram, að furðanlega vel hafi úr ráðist, enn sem komið er. Regluleg neyð hefir hvergi átt sjer stað, en vitanlega nokkur vöntun á ýmsu, þar sem við erum svo langt frá heimsmarkaðinum og svo örðugt hefir verið um skipakost. Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) mintist á skort á kolum og olíu. Jeg sje ekki ástæðu til að þylja langt mál um það efni. Stjórnin hefir sent bjargráðanefndunum skýrslu, þar sem gerð er grein fyrir tilraunum landsstjórnarinnar til þess að birgja landið sem best. Jeg held, að nokkuð megi af því ráða, hvernig stjórninni hafa farist þessi mál úr hendi, af því að þær nefndir hafa ekki enn borið sig upp undan neinu sjerstöku í þeirri skýrslu.

Það er alveg rjett hjá háttv. þm. (M. T.), að tvö atriði skifta hjer mestu máli og hafa aðallega vakað fyrir stjórninni. Annars vegar var það að draga sem mest af vörum til landsins og hins vegar að koma þeim til landsmanna. En eins og útlitið var hlaut stjórnin að leggja meiri áherslu á aðdrættina. Það var ekki hægt að segja um, hve nær fullkomnum slagbrandi yrði skotið fyrir alla aðflutninga á nauðsynjavörum, jafnvel frá Ameríku. Háttv. þm. (M. T.) ljet það í ljós, að seint hefði gengið fyrir stjórninni að útvega skipin. Þetta er að vísu vægilega að orði komist, en mikið álitamál er, hvort stjórnin gat verið fljótari, og fram á það sýndi þm. (M. T.) eigi. Hjer var úr vöndu að ráða, og ekki álitlegt að hlaupa eftir hverju tilboði, hversu óaðgengilegt sem það var. Um skipakaupin er það að segja, að jeg hygg, að fullyrða megi, að þau hafi tekist heldur

vel. Og jafnvel þótt þess sje gætt, að alt var verra eftir því sem lengra leið, verður ekki annað sagt en að kaupin hafi verið eins góð og frekast var hægt að búast við, eftir að kafbátahernaðurinn hófst.

Það er rjett hjá háttv. þm. Ísaf. (M. T.), að stjórnin hefir fyrst og fremst hugsað um að afla matvæla til landsins, og þá ekki eingöngu fyrir þá, sem landbúnað stunda, því að sjávarútvegsmenn þurfa einnig slíkra muna með. Hitt er vitanlegt, að landbúnaðarmenn fylgja fremur þeirri reglu að birgja sig upp með matvöru á haustin heldur en t. d. íbúar Reykjavíkur, Akureyrar og Ísafjarðar.

Minst hefir verið á tilraunir stjórnarinnar til að viða að kol og salt. Úr þeim tilraunum hefir það dregið nokkuð, að stjórnin hafði treyst á merkt fjelag hjer í bænum, sem gerði ráð fyrir að fá mörg skip með þær vörur ningað. Þetta fórst fyrir af ýmsum orsökum, og sama er að segja um skip landsstjórnarinnar; þremur þeirra var sökt. Jeg vil taka það fram, að salt það, sem komið hefir til landsins, hefir mestmegnis gengið til sjávarútvegsins, svo að jafnvel sauðfjárbændur hafa nú ekki nægilegt salt til haustkauptíðar, þótt vonandi rætist úr því. Oftast hefir verið um það hugsað að bæta úr brýnustu þörfunum, í því trausti, að ekki yrði loku skotið fyrir frekari aðdrætti.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) spurði að því, hvaða ráðstafanir stjórnin hefði gert, sjerstaklega viðvíkjandi salti, kolum og steinolíu til sjávarútvegsþarfa. Um steinolíuna er það að segja, að allmiklar líkur eru til, að hægt verði að draga sæmilegar birgðir til landsins. Vitanlega er ekkert hægt um það að fullyrða, því að segja má, að engu megi treysta fyr en skipin eru komin í höfn. En ekkert mun verða vanrækt, er að gagni má koma í því efni. Sama er að segja um saltið. Má gera sjer góðar vonir um, að einnig takist að ná því, þótt auðvitað sje ekki hægt að sjá í bráð fyrir fjarlægum vertíðum, hvað það snertir.

Um úthlutunina má það segja, að flestu var svarað um hana, er fyrirspurn um það efni var á ferðinni hjer í deildinni fyrir nokkru. Jeg sje á einu af þgskj., sem útbýtt hefir verið hjer í hv. deild í dag, að komið hefir fram fyrirspurn í háttv. Nd. um líkt efni. Hv. þm. Ísaf. (M. T.) lagði áherslu á olíufarm Steinolíufjelagsins, en jeg býst við, að um það atriði verði rætt í sambandi við fyrirspurnina í hv. Nd., og mun jeg þá geyma mjer að svara því þangað til þar að kemur.

Eins og jeg gat um í upphafi ræðu minnar hygg jeg, að fullyrða megi, að ábyrgðartilfinning stjórnarinnar hafi verið vakandi, og þótt ef til vill megi hitt og annað finna að gerðum hennar og benda á ýmislegt, sem betur hefði mátt fara, þá er líklegt, að svo hefði farið um fleiri, sem þessum störfum hefðu átt að gegna. Enda mun það um flest störf mega segja, eftir á, einkum ef ekkert þarf að rökstyðja, að betur hefði mátt haga ráðum og framkvæmdum. Þykist jeg því mega vona, að það komi síðar fram, að stjórnin hafi ekki átt minstan þátt í því, að ekki hefir orðið meiri skortur á nauðsynjavörum en raun hefir á orðið.

Magnús Kristjánsson: Eins og kunnugt er hefir það verið venja í þinginu, að þm. hefir gefist kostur á að segja stjórninni til syndanna við 1. umr. fjárlaganna. Þetta hefir jafnan þótt merkisdagur og tilhlökkunarefni fyrir þá kjósendur, sem hafa átt kost á að hlusta á þær umræður. En ekki er ólíklegt, að þessi eldhúsdagur verði

nokkur vonbrigði fyrir menn, og naumast eins skemtilegur og hann hefir oft verið áður. Til þess eru eðlilegar orsakir og skiljanlegt, að á meðan svo stóð á, að aðallega voru 2 andstæðir flokkar í þinginu, stjórnarflokkur og andófsflokkur, þá hefir andófsflokkurinn notað tækifærið vel til þess að benda á gallana, sem hann hefir þóst finna hjá stjórninni. Nú víkur þessu öðruvísi við, þar sem núverandi stjórn er skipuð mönnum úr öllum flokkum þingsins og að sjálfsögðu studd af öllu þinginu að því leyti, sem hún hefir ekki brotið af sjer það traust, sem flokkarnir hafa borið til hennar. Það er því óeðlilegt, að sú stjórn, er nú situr að völdum, verði fyrir alvarlegum ákúrum. Ef flokkarnir eru ráðnir í að styðja hana framvegis, er ástæðulaust að víta hana fyrir gerðir hennar. En væru gerðir hennar svo vítaverðar, hefðu flokkarnir eðlilega gert ráðstafanir til að mynda nýja stjórn. Nú er mjer ekki kunnugt um, að nokkuð þess háttar liggi í loftinu, og bið jeg því afsökunar á því, að jeg mun fara fljótt yfir og að eins minnast á örfá atriði. En hitt á ekki illa við, að þingmenn beini nokkrum fyrirspurnum til stjórnarinnar við þetta tækifæri, sjerstaklega þegar svo stendur á, að óánægjuraddir hafa heyrst úr ýmsum áttum um aðgerðir stjórnarinnar. Hygg jeg það vera til gagns fyrir alla málsaðilja, bæði landsstjórn, þing og kjósendur, að opinberlega verði minst á nokkur atriði, sem eru orðin aðalumræðuefni manna úti um land alt, og það því fremur sem ekki er laust við, að menn sjeu misjafnlega ánægðir með sumar af þeim ráðstöfunum.

Jeg ætla þá að leita upplýsinga hjá stjórninni um tvö náskyld atriði, er bæði snerta landsverslunina, eins og hún er rekin nú. En jafnvel þótt þau sjeu skyld, verð jeg að fara nokkrum orðum um hvert þeirra fyrir sig.

Því verður ekki neitað, að talsverðar óánægjuraddir hafa heyrst um fyrirkomulag það, sem er á ýmsum framkvæmdum landsverslunarinnar. Sjerstaklega hefir það komið fram, að mönnum hefir fundist hún nokkuð þunglamaleg og seinfær í vöfum. Mönnum hefir þótt sem þeir ættu ekki greiðan aðgang að fá fljóta og góða úrlausn mála sinna og oft ekki vitað, hvert þeir ættu að snúa sjer með málaleitanir sínar. Þetta er ofureðlilegt með því fyrirkomulagi, sem verið hefir, og þinginu er fremur um að kenna en stjórninni, hafi það ætlast til, að framkvæmdirnar allar væru í höndum stjórnarinnar sjálfrar. Reynslan hefir sýnt, að þetta fyrirkomulag er lítt viðunanlegt. Ef stjórninni á að vinnast tími til að gegna almennum og sjálfsögðum stjórnarstörfum, þá er ekki við því að búast, að hún sje altaf viðbúin að greiða úr málum, er snerta landsverslunina. Er því eðlilegt, að afgreiðsla þeirra mála gangi tregt. Afleiðing þessa er sú, að mönnum verður æ ljósara, að þetta fyrirkomulag er ekki heppilegt framvegis, allra síst, ef þetta ástand, sem nú er, hjeldist lengi. Jeg hygg því almennt álit manna úti um land, að landsverslunin þurfi að vera aðskilin frá eiginlegum landsstjórnarstörfum. Til forstöðu hennar þurfi menn, sem sjeu verslunarfróðir, eða að minsta kosti verslunarvanir, og hafa sýnt, að þeim fari slík störf vel úr hendi. Hygg jeg, að ekki mætti komast af með færri en 3 menn, er hefðu forstöðu landsverslunarinnar. Að sjálfsögðu er ekki ætlast til, að þeir sjeu alveg einráðir um allar framkvæmdir. Þeir yrðu að bera undir stjórnina allar mikilvægari ákvarðanir til framkvæmda, er þeim virðast

heppilegar. Sjá allir, hve miklu auðveldara það yrði stjórninni að skera úr málum, er kæmu undirbúin til hennar. Landsstjórnin hefði, eins og nú, yfirstjórn verslunarinnar, en þyrfti ekki að eyða eins miklum tíma til þess frá öðrum mikilvægum störfum. Jeg hygg, að þingið geti ekki skilið svo að þessu sinni, að það geri ekki ráðstafanir til þess, að stjórn landsverslunarinnar verði hagað á þennan hátt. Jeg hafði hugsað mjer, ef þessi orð mín mættu sín nokkurs, að einn af 3 forstöðumönnunum hefði aðallega umsjón með innanlandsviðskiftum, en hinir 2 önnuðust viðskiftin út á við, svo sem vörukaup, skipaleigu og þess háttar. Jeg ætlast þó ekki til, að hver og einn forstjóranna sje einráður um þau mál, sem honum eru aðallega falin. Jeg á við, að undirbúningi málanna sje skift þannig á milli þeirra, en þeir beri sig svo saman um allar mikilvægari ráðstafanir, og loks þurfi samþykki landsstjórnarinnar til þeirra. Jeg ætla svo ekki að fjölyrða um þetta atriði, vildi að eins lýsa yfir minni skoðun á því.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) hefir drepið á það, að talsverð óánægja hafi risið út af ráðstöfunum stjórnarinnar um vöruflutninga kringum landið nú fyrir skemstu. Eins og hæstv. stjórn mun kunnugt hafa komið fram kvartanir um það, að flutningsgjald af vörum hafi verið ákveðið óhæfilega hátt. Er mönnum það því óskiljanlegra, sem fullvissa mun nokkurn veginn vera fyrir því, að flutningsgjaldið hafi verið mismunandi á ýmsa staði og ýmsum vörum. Jeg hefi t. d. heyrt það staðhæft, að flutningsgjald á steinolíu hafi verið fjórfaldað frá því, sem það var næstu ferð á undan. Menn hafi greitt 20 kr. í flutningsgjald fyrir tunnuna í síðustu ferð »Botníu« til Norðurlandsins, en næstu ferð á undan hafi flutningsgjaldið verið 5 kr. Þetta er svo gífurlegt stökk, að ekki er furða, þótt að því hafi verið fundið. Enn fremur er fullyrt, að flutningsgjald á matvöru til sumra hafna, að minsta kosti í Þingeyjarsýslu, hafi lækkað um þriðjung á sama tíma. Þessu hefi jeg ekki getað áttað mig á, og æski því upplýsinga um þetta atriði. Það getur ekki verið nema til gagns fyrir alla hlutaðeigendur að fá vitneskju um, hvernig á þessum ráðstöfunum stendur. Jeg vænti svo góðs af stjórninni, að hún reyni að kippa þessu í lag og lækki að minsta kosti flutningsgjald á steinolíu. Jeg álít ekki verjandi, að það sje hærra en 10 kr. fyrir tunnuna. Því að það er auðsætt, að hefði skipið flutt olíu eingöngu, þá hefði flutningsgjaldið líklega numið alls 30—40,000 kr. með 10 kr. gjaldi á tunnuna. Og ekki fæ jeg annað skilið en að það hefði átt að geta staðið straum af þeim kostnaði, sem landið hefir haft af skipinu þá ferð. En þótt þetta flutningsgjald greiddi eigi allan kostnaðinn, þá hygg jeg, að það yrði ekki lagt stjórninni til ámælis, þótt hún hefði sent þessa vöru fyrir lægra verð en kostnaðinum svaraði, þar sem alkunnugt er, að sjávarútvegurinn á mjög erfitt uppdráttar. Og með þeirri heimild, er aukaþingið í vetur gaf stjórninni, hafði hún fult vald til að ákveða flutningsgjaldið lægra. En eins og þetta hefir komið fram er erfitt að mæla því bót. Jeg vona, að hæstv. stjórn taki þetta til íhugunar og endurgreiði helming þess flutningskostnaðar, sem um er að ræða.

Jeg skal svo láta staðar numið að sinni. Hygg það ekki viðeigandi að tína til ýmsar sakir, ímyndaðar og jafnvel tilbúnar. Það hefir altaf átt sjer stað, að einstakir menn úti um land hafa haft tilhneigingu til að koma á stað æsingum

meðal fólks. Jeg hefi sjálfur ekki slíka tilhneigingu, og sje því ekki ástæðu til að veitast neitt að stjórninni að svo komnu.

Forsætisráðherra (J. M.): Því miður átti jeg ekki kost á að vera hjer viðstaddur, er umræðurnar hófust, þar sem jeg þurfti nauðsynlega að vera í háttv. Nd. Enda hygg jeg ekki, að þess hafi verið brýn þörf, þar sem jeg býst við, að hæstv. atvinnumálaráðherra hafi svarað ræðu háttv. þm. Ísaf. (M. T.).

Jeg finn ástæðu til að taka það fram einnig hjer, sem jeg tók fram við samskonar tækifæri í háttv. Nd., að jeg get ekki viðurkent, að stjórnin hafi verið sein á sjer í skipakaupum. Áður en heimildin fyrir stjórnina til skipakaupa var samþykt af þinginu í vetur, ljet stjórnin biðja framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins, herra Emil Nielsen, sem þá var staddur í Kaupmannahöfn, um að grenslast eftir skipakosti. Síðar var endurnýjuð beiðnin til nefnds framkvæmdarstjóra um útvegun skipa. En það viðurkenni jeg, að verði það talið seinlæti, að stjórnin gaf herra Nielsen ekki þegar í stað ótakmarkað umboð til skipakaupa, þá hefir hún gert sig seka í seinlæti. En slíka heimild áleit stjórnin ekki verjandi að gefa einum manni fyrirfram. Svo leið og beið. Hr. Nielsen fjekk ekkert tilboð, sem hann hugði stjórnina geta gengið að, nema um eitt skip, er bundið var við skylduferð til Englands. Það getur verið, að kaup á þessu skipi hafi farist fyrir vegna þess, að hr. Nielsen hafði ekki umboð til að kaupa, án nánara samþykkis ráðuneytisins, en önnur skipakaup, sem vert var að sæta, hafa ekki gengið undan. Nú fór svo fyrir stjórninni, sem oft vill verða, að hún gerðist óþolinmóð og ljet þá óþolinmæði sína í ljós við framkvæmdarstjórann og stjórnarskrifstofuna í Kaupmannahöfn. Fjekk stjórnin það svar frá framkvæmdarstjóranum, að ekki væri viðlit að kaupa hvern skipsræfil, sem kostur væri á, og margfalt betra væri að bíða í heilan mánuð eftir góðu skipi heldur en að kaupa strax skip, sem ekki væri hægt að nota hjer við land. Fyrir aðstoð hans keypti stjórnin svo skip, sem álitin eru mjög hentug, fyrir sæmilegt verð. Jeg hygg því ástæðulaust fyrir háttv. þingmenn og aðra að ásaka stjórnina fyrir aðgerðaleysi og seinlæti í þessu efni. Jeg viðkenni, að stjórnin á lítið þakklæti skilið fyrir þessar aðgerðir sínar; þær eru aðallega að þakka herra Emil Nielsen og herra Krabbe, skrifstofustjóra. Hefði illa farið, myndi stjórnin hafa hlotið ámæli af, en af því að vel tókst til, þá hygg jeg, að hún eigi ekki álas skilið. Þessar ásakanir á stjórnina eru því alveg ástæðulausar; það var ekki hægt að ná hentugum kaupum fyr, og vilji háttv. þm. sjá brjefið frá herra Nielsen, þá er það velkomið.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) mun hafa fundið að því, að stjórnin hafi ekki sjeð fyrir sjávarútveginum sem skyldi. Það getur satt verið, en því er til að svara, að það var bókstaflega ókleift fyrir stjórnina að sinna honum sem skyldi. Stjórnin tók þau skip á leigu, sem nokkur vegur var að fá. Urðu þau skip fyrst framan af að flytja til landsins matvæli og kol. Að vísu sá stjórnin ekki fyrir salti þá, því að útlit var fyrir, að útgerðarmenn myndu annast það sjálfir, og tóku margir þeirra skip á leigu í þeim tilgangi. Eins og þegar er sagt áleit stjórnin því, að flutningur á matvælum, sykri og kolum ætti að ganga fyrir, meðan svo þröngt var um skipakost. Landsstjórnin átti þá talsvert af kolum og gat hjálpað útgerðarmönnum um, og var það fremur að þakka fyrverandi stjórn,

sem hafði sjeð fyrir talsverðum kolabirgðum. Í vor tók svo stjórnin að útvega salt. Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) mun hafa fundið að því, að brugðið hafi verið loforði við útgerðarmenn á Vestfjörðum um saltbirgðir. Það getur verið, að eitthvað sje í þessu hæft, en jeg verð að segja, að stjórnin á enga sök á því, og gerði það eitt, sem sjálfsagt var. Ísfirðingar munu hafa átt von í um 500 smálestum af salti úr ákveðnu skipi, og hefðu ekki átt að vera nein vandræði, að þeir fengju það, þar sem öðrum landsfjórðungum var ætlað salt úr 3 öðrum skipum. En þegar saltskip það, sem Ísfirðingum var ætlað salt úr, kom til landsins, kom sú fregn, að öllum hinum skipunum þremur hafi verið sökt, svo að segja á sama tíma. Austfirðingar voru þá saltlausir, og var því til bragðs tekið að láta þá fá nokkuð af því salti, sem Ísfirðingum var ætlað; en Ísfirðingar fengu að eins 300 smálestir. Það er síður en svo, að Ísfirðingar hafi verið rangindum beittir með þessu, þar sem þeir eru ekki enn þá orðnir saltlausir, en aftur á móti er saltlaust á Austfjörðum, eða sama sem.

Það er satt, að Ísfirðingum hafði verið gefinn ádráttur um saltið, en þegar svona atvik komu fyrir, var ekki hægt viðgerðar. Jeg veit ekki, hvort háttv. þm. Ísaf. (M. T.) mintist á þetta atriði nú, því að jeg var ekki inni, er hann hóf ræðu sína, en jeg vildi taka þetta fram í tilefni af ummælum hans um þetta efni hjer áður í deildinni.

Þá talaði háttv. þingm. Ísaf. (M. T.) um úthlutun steinolíunnar.

Jeg er þessu atriði ekki vel kunnugur, en jeg hygg, að hjer sje um nokkurn meiningarmun að ræða.

Jeg býst við, að háttv. þingm. Ísaf. (M. T.) og ýmsir háttv. þingm. hafi viljað láta taka allan hinn umræddu steinolíufarm eignarnámi, en ráðuneytið taldi það ekki rjett, enda hefir það aldrei verið gert við vörur þær, er kaupmenn hafa flutt til landsins. Það hefir verið talið rjett, yfirleitt, að þeir mættu sjálfir selja þær. Að vísu hefir það einu sinni komið fyrir, að fáeinar tunnur, er fluttar voru hingað á dekki, voru keyptar af landsstjórninni, en það var gert eftir samkomulagi við flytjanda; annars hefir verið álitið, að það væri ekki rjett að hindra það, að kaupmenn gætu flutt vörur til landsins, og að þeir gætu sjálfir selt varning sinn. Stjórnin hefir að eins viljað hafa hönd í bagga um það, hvernig vörunum hefir verið úthlutað. Jeg skal ekki með vissu segja um það, hvort úthlutunin hefir verið í lagi, en það mætti síðar upplýsa um það.

Í sambandi við þetta var það, er háttv. þingm. Ak. (M. K.) var að ræða um flutningskostnaðinn til Akureyrar. Það er satt, að flutningskostnaðurinn á steinolíunni til Akureyrar varð mikill. Háttv. þingm. Ak. (M. K.) taldi, að skipið væri fullhlaðið með 3000 tunnur af steinolíu (**M. K.:** Alt að 4000 tunnur). Það er rjett, að full hleðsla af steinolíu í Botniu er um 3000 tunnur, og er fullhátt. Háttv. þingm. Ak. (M. K.) hjelt, að 10 kr. flutningskostnaður væri nægur á hverja steinolíutunnu.

Jeg held, að háttv. þm. Ak. (M. K.) geri sjer enga hugmynd um, hversu mikið fje skipin kosta; kostnaðurinn við för Botniu norður nemur alls um 60 þús. kr., og þótt gjaldið væri sett eins hátt og gert var, 20 kr. á steinolíutunnuna, þá varð samt halli á förinni; jeg held, að hann nemi eitthvað 6—8 þús. kr. Því hefir verið haldið fram í háttv. Nd., að það beri að reka svo verslun landssjóðs, að hún beri sig.

Jeg skal játa það, að það er hart

fyrir Norðlendinga að greiða 20 kr. í flutningskostnað á hverja steinolíutunnu, þegar Vestfirðingar þurfa ekki að greiða nema 10 kr. í flutningskostnað á tunnuna, eða helmingi minna, en það er að vísu miklu styttra þangað, og það munar mjög miklu.

Áður en steinolían kom til Steinolíufjelagsins voru Eyfirðingar mjög hræddir um það, að þá mundi vanta steinolíu til útgerðarinnar, og báðu landsstjórnina að sjá um, að þeir gætu fengið steinolíuna þegar í stað, og þyrfti landsstjórnin að vera búin við því að flytja hana norður til þeirra, en þegar steinolían kom, þá var nauðsynin ekki jafnbrýn. En vegna þessara óska þeirra, hafði Botnia verið leigð til að flytja steinolíuna norður. Eyfirðingar töldu þá, vegna þess, að þeim lá ekki eins á olíunni, að eins hagkvæmt að flytja olíuna norður með mótorskipum. En landsstjórnin taldi það ekki heppilegt. Mótorskipin eyða miklu af olíu á móts við, hversu mikið þau flytja, og af því að við vitum, að það getur komið fyrir, að allir flutningar til landsins á olíu verði hindraðir, þá telur landsstjórnin það ekki rjett að eyða olíunni til flutnings, og því fanst henni rjett að leigja Botniu til þessa. Ef hið háa Alþingi vill, að landssjóður skaðist á flutningum, þá mun landsstjórnin ekki hafa á móti því, en á annan hátt getur flutningsgjaldið ekki orðið eins lágt og háttv. þingm. Ak. (M. K.) vill. En jeg hygg, að landsstjórnin gæti má ske bætt upp flutningskostnaðinn svo, að hann yrði 15 kr. á tunnuna; það getur verið, að það mætti afsaka það, og mun ráðuneytið athuga það, en eins og jeg hefi áður tekið fram hefir það komið fram í háttv. Nd., að rjett sje að setja flutningsgjaldið eftir því, hvað förin kostar.

Sami háttv. þingm. (M. K.) talaði um það, að lægra flutningsgjald hefði tekið verið fyrir eitthvað af vörum til Húsavíkur. Jeg er ókunnugur þessu atriði. Jeg heyrði það fyrst nú alveg nýverið, en jeg hefi spurst fyrir um það. Afgreiðslumaður Sameinaða gufuskipafjelagsins sagði mjer, að dálítið af vörum þeim, er landsstjórnin sendi til Akureyrar og Húsavíkur, hafi verið flutt gegn lægra gjaldi. Það er nú komin fram fyrirspurn um þetta efni í háttv. Nd., og verður því þá svarað nánar, enda þá betur upplýst.

Háttv. þingm. Ak. (M. K.) var að tala um fyrirkomulag landsverslunarinnar, og geta ummæli hans í sjálfu sjer verið góð og bending fyrir bjargráðanefndina, er hefir málið með höndum, en þau koma í bága við það, er bjargráðanefnd háttv. Nd. hefir ætlast til. Mjer hefir skilist svo, sem hún vildi, að sjerstök skrifstofa, laus við stjórnarráðið, annaðist útbýtinguna á vörum innanlands, en að stjórnarráðið annaðist innkaupin. Þar sem háttv. þingm. (M. K.) var að tala um það, að rjett væri að setja þriggja manna nefnd til að standa fyrir landsversluninni, þá verð jeg að skilja það sem hverja aðra bendingu til bjargráðanefndar.

Jeg býst ekki við því, að landsverslunin verði eins og aðrar verslanir landsins. Það skyldi þá helst vera sykurverslunin. Jeg geri ráð fyrir því, að kaupmenn fái vörur, og ef ekki hindrast aðflutningar hingað frá Ameríku, þá stendur kaupmönnum þar opinn markaður. Eins og nú er þá er ekki öll sykurverslunin, ekki öll steinolíuverslunin og ekki öll mjölverslunin í höndum landsstjórnarinnar, og hlutverk landsverslunarinnar er það fyrst og fremst að sjá um, að nógar birgðir sjeu í landinu og að hvergi sje skortur. Að þessu er unnið, meðal annars með skýrslusöfnun, og jeg held, að skýrslurnar sjeu í sæmilegu lagi.

Jeg held, að það sje ekki hægt að gera þá kröfu til landsstjórnarinnar, að hún sjái um nóga aðflutninga og vöru handa sjávarútveginum. Einhvern tíma hættir stríðið, og þá falla vörur í verði, og þá verður tap á þeim fyrir landsverslunina, og tjónið verður þeim mun meira sem birgðirnar eru meiri.

Háttv. þingm. Ísaf. (M. T.) var að tala um skýrslu stjórnarinnar til bjargráðanefndarinnar, og um að hún væri ekki öllum kunn. Það er satt, en jeg var hálfvegis að vona, að skýrslan yrði prentuð svo að segja öll, og þá fá háttv. þingm. skýringu á ýmsum atriðum, sem þeir eru nú að spyrja um.

Magnús Torfason: Jeg fór í fyrri ræðu minni ekki eins út í ýms atriði og jeg hefði ella gert, af því að hæstv. stjórn hafði ekki tíma nje tækifæri til að vera við.

Það, sem jeg tók fram, voru engar árásir nje ádeilur á stjórnina, heldur fram komið sakir nauðsynja hjeraðs þess, sem jeg er þingmaður fyrir.

Svo að jeg snúi mjer að hæstv. atvinnumálaráðherra, þá verð jeg að segja það, að hann reyndi yfirleitt ekkert til að svara því, sem var mergur málsins í ræðu minni, því, að landsstjórnin yrði að sjá um, að sjávarútvegur landsmanna færi ekki í kalda kol. Hann að eins drap á þetta, en hann svaraði því ekki að neinu leyti, og hið sama er að segja um hæstv. forsætisráðherra, en af orðum hans var helst að heyra, sem hann álíti, að sjávarútvegurinn yrði sjálfur að sjá sjer farborða. Í sambandi við það drap hann á, að landssjóður mundi tapa miklu á landsversluninni í lok ófriðarins, en um það er ilt að spá, ekki víst, að vörur falli jafnmikið eða jafnskjótt í verði og hann býst við. En jeg vil slá því föstu, að það, hvort landssjóður tapar í lok ófriðarins eða ekki, er ekkert aðalatriði, heldur er og verður aðalatriðið, að atvinnuvegir landsins eyðileggist ekki, því að þá er eyðilagður grundvöllurinn fyrir öllum tekjum landsins í framtíðinni.

Jeg skal ekki fara út í ummæli hæstv. forsætisráðherra um saltið til Ísafjarðar; það hefir áður verið talað um það hjer í háttv. deild, og svaraði jeg því þá, er fram kom, en vegna þess, að hann var að tala um saltþörfina annarsstaðar, skal jeg taka það fram, að hún var ekki meiri en svo, að það átti að nota eitthvað af saltinu til þess að salta með kjöt nú í haust. Læt jeg þetta nægja hjer um.

Í skipakaupum stjórnarinnar eru ýms atvik, er benda á það, að hún sje heldur seinfara, og þótt mjer sem þm. hafi verið fyrirmunað að sjá skýrslu þá, er stjórnin hefir gefið bjargráðanefndinni, þá hygg jeg, að jeg megi fullyrða, að hún sanni að svo sje. En svo er annað atvik, er bendir til, að stjórnin sje seinfara. 10. apríl þ. á. sendi bæjarstjórn Ísafjarðar stjórninni símskeyti um, að þar væri yfirvofandi saltleysi, og þessi saltbeiðni var endurnýjuð 4 sinnum í sama mánuðinum. Samt liðu yfir 100 dagar þar til Ísfirðingar fengu lítinn hluta af saltfarmi. Jeg er ekki að leggja neinn harðan dóm á stjórnina fyrir þetta, en jeg vil ekki heldur gefa landsstjórninni neina syndakvittun fyrir það.

Þá sný jeg mjer að hinu atriðinu, um kaup á steinolíu þeirri, er Steinolíufjelagið flutti, en um það hefi jeg ekki fengið neitt svar. Það hefir verið reynt að svara því með því, að stjórnin hafi ekki tekið vörur af kaupmönnum, og ber þá líklega að skilja það svo, sem það sje stefna stjórnarinnar að taka ekki neinar vörur af kaupmönnum til almenningsnota, hversu sem á stendur.

Þetta þykir mjer harla einkennilegt.

Það vita allir, að stjórnir ytra gera það iðulega, þegar birgðir vantar, og það þarf ekki að fara lengra í því efni en til bræðra vorra Dana. Þeir taka hverja vörutegundina á fætur annari eignarnámi, og það er mikið millibil á milli þess að taka allar vörur allra kaupmanna eða að taka ekkert af þeim. — Stjórnin hefir og fulla heimild til að gera það, og í vetur var ýtt undir hana með að nota þetta vald sitt, og jeg held, að hjer hafi verið ástæða til þess, steinolíuvandræðin almenn, og hjer átti sá hlut að máli, sem landsstjórnin gat ekki borið neitt traust til að úthlutaði steinolíunni, svo að vel væri.

Annars er erfitt fyrir mig að skilja það, hversu flöt stjórnin virðist hafa legið fyrir hinu svo nefnda íslenska Steinolíufjelagi, sem hún þarf ekki á nokkurn hátt að taka hið minsta tillit til, og mjer er óhætt að fullyrða, að landsmenn hefðu æskt þess, að stjórnin notaði þar harðar hendur. Stjórnin hefir látið það átölulaust, að Steinolíufjelagið hefir látið gæðinga sína fá olíu í stórum skömtum, en svo verður allur almenningur að fara bónarleið að því að fá olíu, og svo hefir stjórnin liðið það, að Steinolíufjelagið setur upp að stórum mun verðið á olíunni. Fyrst átti tunnan að kosta 67 kr., en áður en nokkurn varði er hún komin upp í 73 kr., og fyrir þessu er færð sú hlægilega ástæða, að Steinolíufjelagið hafi gleymt að reikna tunnuverðið!

Þetta er ástæða, sem bágt er að trúa, að kaupmenn geti fengið sig til að bera fram, og allra síst eins verslunarvant fjelag og hjer er um að ræða.

Eftir steinolíureglugerð þeirri, sem gefin var um þetta leyti, var hjeraðsvöldum gefinn rjettur til að taka olíuna, en það gátu þau ekki gert, nema að borga þeim, sem áttu hana, bæði það, sem hún kostaði og sæmilegan kaupmannsgróða að auki. Þau urðu því að knjekrjúpa kaupmönnum og gera við þá samninga.

Afleiðingin af þessu varð sú, að steinolíutunnan, sem upphaflega kostaði hjer 67 kr., kostaði vestur á Ísafirði 92 kr

Að vísu var það nokkuð misjafnt, vegna þess, að það er misjafnt, hve mikið kaupmenn vilja vera þektir fyrir að taka af almenningi. Og til voru kaupmenn, sem seldu hana þar fyrir 85 kr.

Jeg segi fyrir mitt leyti, að jeg á erfitt með að skilja, hvers vegna stjórnin fór svona að, og ljet Steinolíufjelagið leika svona á sig.

Jeg hafði ímyndað mjer, að ástæðan hafi verið sú, að hún hafi trúað Steinolíufjelaginu ofvel, búist við, að það hagaði sjer eins og aðrir viðskiftamenn þess.

En nú verð jeg, eftir ræðu hæstv. forsætisráðherra, að trúa því, að það sje bein stefna stjórnarinnar að taka enga vöru af kaupmönnum.

Ef til vill er það ekki heldur neitt undarlegt, þar sem kaupmenn hafa átt tvo fulltrúa í stjórninni. Vald þeirra er líka sterkast hjer í Reykjavík, og eins og kunnugt er þá er kaupmannastjettin allra stjetta frekust aðgöngu og átti hægast með að liggja í eyrum stjórnarinnar.

Nú þykist jeg vita, að hæstv. stjórn muni svara því, að misjafnar skoðanir sjeu á því, hve eftirlát hún hafi verið kaupmönnum, og svo mikið er víst, að í háttv. Nd. var henni láð það, að hún legði þá í einelti.

En það er síður en svo, að ástæða sje til þeirra ummæla.

Það er alkunna, að það voru einmitt kaupmennirnir, sem drógu allan mátt úr atburðum fyrverandi stjórnar til að birgja landið að vörum. Og margt bendir til þess, að kaupmenn hafi líka dregið

úr bjargráðatilraunum núverandi stjórnar. En út í þá sálma ætla jeg ekki að fara langt í þetta sinn.

Yfirleitt verður því ekki neitað, að stjórnin hefir allmjög dregið taum kaupmanna og farið að þeirra ráðum.

Er þar um steinumun að ræða, sem hefir haft víðtæk áhrif á alla landsverslunina. Hún er vitanlega ekkert annað en samvinnufjelag allra landsmanna, og því var sjálfsagt að stjórna henni eftir þeim reglum, sem um samvinnuverslun gilda. En í þess stað byrjar þáverandi stjórn á því að fela verslunina uppalningi einhverrar örgustu einokunarverslunarinnar hjer á landi. Og var þar með stefnan mörkuð.

En núverandi stjórn hefir ekki bætt úr skák. Hún átti völ á einum af bestu mönnum samvinnufjelaganna, forstjóra eins reyndasta kaupfjelagsins, í sína þjónustu, en af einhverjum óskiljanlegum ástæðum tók hún ekki því boði.

Um það er jeg og sannfærður, að stjórnin hefir líka orðið af öðrum ágætum verkamanni, einmitt af því, að hún tók ekki því boði.

Enginn vafi er á því, að þetta hefir orðið til stórskaða fyrir landsverslunina, og þó til enn meiri skaða fyrir samvinnufjelögin hjer á landi, og er það illa farið, því að annar fjelagsskapur hefir ekki orðið heillavænlegri fyrir þetta land.

Ef hæstv. stjórn hefði snúið sjer í þá átt, hefði hún getað stuðst við þá reynslu og þekkingu, sem þar var fengin. En eigi þarf að lýsa því, hver styrkur samvinnufjelögunum hefði orðið að því að geta hagnýtt sjer reynslu landsverslunarinnar. Síðar hefðu samvinnufjelögin aftur grætt á þeirri reynslu, sem fæst við landsverslunina, og þetta þannig orðið til styrktar á báðar hliðar.

Þessi orð mín á ekki að skilja svo, sem jeg sje andvígur innlendri kaupmannastjett. Jeg hefi áður í öðru sambandi fengið tækifæri til að lýsa skoðun minni í þeim efnum, og munu þau orð mín ekki bera neinn vott um kala til þeirrar stjettar.

En jeg held því fram, að það hafi verið afaróheppilegt hjá hæstvirtri stjórn að ganga alveg fram hjá samvinnufjelagsskapnum.

Jeg hefi minst á þetta sakir þess, að stutt var á samvinnustefnuna í háttv. Nd.

Kaupmenn og kaupfjelög eiga að fá að þróast í friði og frjálsri samkepni.

Og landsverslunin er ekki annað en samvinnukaupfjelag, sem á að starfa í frjálsri samkepni við kaupmenn og kaupfjelög.

Þau orð hæstv. forsætisráðherra, að stjórnin sjái sjer ekki færar leiðir til þess að styðja og halda uppi sjávarútvegi landsins, gefa mjer ástæðu til þess að beina þeirri alvarlegu áskorun til hæstv. stjórnar, að hún grípi til þeirra ráða, sem duga mega, til þess að halda uppi atvinnuvegum landsins. Geri hún það ekki, bakar hún sjer ábyrgð, sem aldrei verður fyrirgefin.

Þótt landssjóður verði skuldugur, þegar jeli því ljettir, sem nú fer yfir, þá mun hægt að bæta úr því, ef atvinnuvegirnir standa rjettum fótum.

Jeg vil taka það fram, að orð mín ber að eins að skoða sem varnaðarorð, enda á stjórnin hjer vini í hverju horni. (**Atvinnumálaráðh.**: »Vinur er sá, er til vamms segir«). Já, jeg vil gera það að mínum orðum.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg hefi ekki mörgu að svara. Það náði ekki margt til mín af því, sem háttv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði. Jeg vil að eins benda honum á, að hann hefir ekki tekið eftir því, sem jeg svaraði fyrirspurn hans um, hvað hefði verið

gert til þess að útvega nauðsynjavörur fyrir sjávarútveginn. Jeg mintist á sált og olíu og gat þess, að gott útlit væri fyrir, að takast mætti að birgja landið að þeim vörum fyrir langan tíma. En eins og jeg sagði áður er ekki hægt að fullyrða neitt um það fyr en skipin, sem vörurnar flytja, eru komin inn á höfnina.

Annars vil jeg benda á það, að það ætti vel við og gæti orðið til mikils stuðnings fyrir stjórnina, ef sjávarútvegsmenn og lögreglustjórar kæmu sjer saman um að senda ákveðnar pantanir til stjórnarinnar. Þá mundi síður hætta á, að stjórninni sæist yfir, hve nauðsynlegt væri að fá mikið af vörunum, og síður hætt við því, að hrúgað væri saman miklum birgðum, t. d. af kolum, án þess að hún vissi, hvort skipin hjeldu áfram að ganga eða ekki.

Jeg býst við, að stjórnin mundi gera sitt til að fullnægja slíkum pöntunum, og ef hún beitir öllum kröftum sínum, þá ætti hún ekki að teljast ásökunarverð. Hitt sýnist nokkuð óeðlilegt, að stjórnin, ótilkvödd og stuðningslaust, eigi að geta sjer til um allar hugsanlegar þarfir og vera við því búin að fullnægja þeim út í ystu æsar, á hvaða tíma sem er, fyrirvaralaust, og án þess að vita, hvaða aðdráttaaðstöðu verslunarstjett landsins hefir. Slíkt væri eigi unt, nema með því móti, að landsstjórnin tæki að sjer algerlega einkasölu á helstu nauðsynjavörum. Til slíks kann að draga, ef vandræðin með vöruleyfi til innflutnings aukast stórkostlega. En enn sem komið er hefir ekki verið ástæða til þess, heldur hafa aðdrættir stjórnarinnar einkum miðað að því að útvega varaforða og fylla upp í þau skörð, sem orðið hafa hjá verslunarstjettinni, af eðlilegum ástæðum.

Af þessu sjest það, meðal annars, hversu fáránleg fjarstæða það er, sem sumir virðast halda fram, að landsverslunin hafi haft þann tilgang að vinna á móti verslunarstjettinni á þessum vandræðatímum, þar sem hún hefir kostað kapps um að vinna með henni að því hlutverki, sem stjettin hafði á hendur tekist, en var nú ekki fær um að fullnægja, á þessum breyttu og erfiðu dögum.

Hingað til hefir mest áhersla verið lögð á að draga vörur að landinu til brýnustu nauðsynja, en nú er vonandi, að skipakostur reynist svo góður, að hugsa megi frekar fyrir vörum þeim, sem nauðsynlegar eru til atvinnurekstrar, svo sem sjávarútvegs o. fl.

Jeg skýrði ekki frá því áðan, hvernig stjórnin hugsaði sjer að koma vörunum út um land, en von hefi jeg um það, að nú rýmki svo um, að hægt verði að beita fleiri skipum til þess, ef skip þau, sem nú eru í Englandi, komast hingað slysalaust.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi ekki tekið þetta sem ákúrur til stjórnarinnar, hvorki orð háttv. þm. Ísaf. (M. T.) nje orð háttv. þm. Ak. (M. K.). En jeg verð að leyfa mjer að segja, að vandlifað sje fyrir stjórnina. Í háttv. Nd. er hún sökuð fyrir að hafa níðst á kaupmönnum, en hjer fyrir að hafa hossað þeim og í hávegum haft, og fyrir að hafa lagst á samvinnufjelögin. En hún hefir hvorugt gert, heldur reynt að þræða hinn gullna meðalveg og látið kaupmenn og kaupfjelög þróast í friði, eins og háttv. þm. Ísaf. (M. T.) komst fagurlega að orði. Þess vegna fær hún líka árásir frá báðum hliðum.

Stjórnin hefir haft þá reglu að láta kaupmenn í friði og lofa þeim að draga að vörur eftir megni, og ekki viljað taka af þeim vörur. Þess vegna vildi hún ekki heldur taka hörðum höndum á Steinolíufjelaginu, því að hún leit svo á, að mikið

riði á því, að það dragi að olíu sem mesta og sem fyrst. Að ákveða verð vörunnar heyrir verðlagsnefnd til. Jeg get ekki heldur fundið neinar sjerstakar ástæður til þess að taka olíuna nú.

Olíuskortur er ekki tilfinnanlegur sem stendur og olíuskip stjórnarinnar er farið frá New-York, og mun þess ekki langt að bíða, svo að ekki lítur út fyrir nein vandræði með þá vöru fyrst um sinn.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að æskilegast hefði verið, að allir hefðu verið ánægðir með gerðir stjórnarinnar í verslunarsökum. Það er fagurlega mælt, en fáum mun hafa komið til hugar, að svo yrði; að minsta kosti hafði sjálf stjórnin engar vonir um það.

Sami háttv. þm. (M. T.) benti á það, til sönnunar seinlæti stjórnarinnar, að Ísfirðingar hefðu pantað salt 10. apríl, en ekki fengið það fyr en eftir 100 daga. Slíks munu vera fleiri dæmi; að minsta kosti kemur það oft fyrir, að kaupmenn fá ekki pantanir sínar fyr en eftir mjög langan tíma.

Aldrei voru það mín orð, að stjórnin vildi ekki styðja og styrkja atvinnuvegi landsins eftir besta megni, en hitt er annað mál, að hún getur ekki ábyrgst sjávarútveginum nægt salt og kol. Og vandi mun úr að ráða, ef það er satt, sem borist hefir til eyrna stjórninni, að útgerðarmenn mótorbáta muni telja sig neydda til að hætta útgerðinni, ef þeir fá ekki salt fyrir 150 kr. tonnið og olíu fyrir 50 kr. fatið.

Jeg veit ekki, hversu þakklátir þeir mundu verða stjórninni, ef hún kaupir salt fyrir 300 kr. tonnið og olíu fyrir 100 kr. fatið, eða, með öðrum orðum, við svo háu verði, að ekki sje hægt að nota það. Jeg veit til þess, að útgerðarmenn hafa nú ekki viljað þessa vöru, þó að hægt hafi verið að fá hana með miklu lægra verði.

Jeg held, að jeg þurfi ekki að svara þessu frekar. Jeg skal að eins taka það fram, að það er sjálfsögð skylda stjórnarinnar að reyna að útvega sjávarútveginum þessa vöru, ef hægt er, eins og stjórnin hefir reynt að undanförnu.

Magnús Kristjánsson: Jeg verð að byrja á því að beina örfáum orðum til háttv. þm. Ísaf. (M. T.). Mjer fellur reyndar illa að þurfa þess, því að hann hefir að mörgu leyti verið á sömu skoðun og jeg og komið með margar góðar bendingar til stjórnarinnar. En þegar fram í ræðu hans kom, fór hann, því miður, að tala yfir sig. Jeg álít, að hann hafi eyðilagt nytina að nokkru leyti, eins og kallað er, svo að jeg viðhafi ekki stærri orð.

Jeg skildi ekki háttv. þm. (M. T.), er hann komst inn á þá braut að tala um hlutdrægni stjórnarinnar gagnvart samvinnufjelögunum og kaupmönnum. (**M. T.:** Jeg nefndi ekki hlutdrægni.) Jeg held, að sá kafli ræðu hans hefði mátt falla niður. Jeg er sammála hæstv. stjórn um, að hún hafi reynt þar að sigla milli skers og báru, þó að sú leið sje vandfarin.

Jeg mótmæli því, sem háttv. þm. (M. T.) sagði, að kaupmannastjettin hafi haft skaðleg áhrif á bjargráð landsins. Því að jeg þori að fullyrða, að hún hefir fram að þessu síðasta ári flutt um $^9/_{10}$ af nauðsynjavörum til landsins, sem landsstjórnin hafði engin tæki til þess að afla. Jeg álít það að eins til þess að ala á illindum og úlfúð og metnaði, að gera upp á milli kaupmanna og samvinnufjelaganna.

En það er víst steinolíusalan, sem leiddi háttv. þm. (M. T.) út á þessa braut. En því er nú svo varið, að það er víst í eðli hans að halda, að nú sje öll kaupmenska rekin í sama einokun-

arforminu og þegar selstöðuverslanirnar voru hjer á landi. En þetta er alveg ástæðulaus ímyndun, af hverju sem hún kann að vera sprottin. Því að það má með sanni segja, að nú er ekki ein einasta slík selstöðuverslun á landinu og ekki heldur á Ísafirði. (**M T**: Jeg mintist ekki á selstöðuverslun.) Slíkt tal sem þetta er þess vegna alt út í bláinn.

Þá vildi háttvirtur þm. (M. T.) vita landsstjórnina fyrir að hafa falið þeim manni forstöðu landsverslunarinnar, sem haft hefir hana á hendi að undanförnu. Slík ávítun finst mjer alveg ástæðulaus. Þetta er valinkunnur og vel þektur verslunarmaður og vanur að hafa á hendi verslunarstjórn. Og mjer virðist miklu fremur ástæða til að átelja stjórnina fyrir að hafa slept honum úr þjónustu sinni, ef hún gat á annað borð haldið honum.

Jeg þarf ekki að beina fleirum orðum til háttv. þm. Ísaf. (M. T.), enda er hann dauður. (**M. T.**: Jeg fæ tækifæri til þess að minnast á þetta síðar).

Þá skal jeg minnast fáeinum orðum á ástæðurnar, sem forsætisráðh. færði fyrir ráðstöfunum, sem jeg mintist á áðan, og þótti þá eigi hafa farið sem best úr hendi hjá hæstv. landsstjórn.

Aðalástæða hans var sú, að ekki hefði verið gott að gefa ívilnun á farmgjaldinu, af því að þetta hefðu ekki verið landssjóðsvörur. Jú, þetta má nú auðvitað segja. En hinu má líka með sanni halda fram, að heppilegra hefði verið, að þær hefðu talist landssjóðsvörur. Það er rjett hjá hv. þm. Ísaf. (M. T.), að það kostaði menn talsvert fje, að fjelagið fjekk ótakmörkuð umráð yfir vörunum. Og jafnvel þótt jeg sje þeirrar skoðunar, að stjórnin eigi sem minst að blanda sjer í viðskifti og vöruflutninga kaupmanna, þá virtist athæfi fjelagsins svo vaxið í þessu efni, að ástæða hafi verið til að taka í taumana. Fjelagið bauð steinolíuna fyrir 67 kr. tunnuna, en eftir örstuttan tíma var tunnan seld á 73 kr. Það er þetta, sem, því miður, hefir haft óheppilegar afleiðingar. En um hitt, sem forsætisráðh. vildi halda fram, er það að segja, að mjer og öðrum er það líklega eins ljóst og stjórninni, hversu mikið það kostar að koma vörum kringum landið, en jeg hygg, að sanna megi, að ef ferðunum hefði haganlegar verið fyrir komið, hefði flutningsgjaldið eigi þurft að vera hærra en 10 kr. á tunnuna. Það er auðsætt, að ekki þýðir að vitna í þetta, þar eð skipið var látið koma við á fleiri höfnum og leggja þar upp vörur, sem það hafði flutt fyrir lægra gjald en olíuna. Ef skipið hefði að eins flutt olíuna og hraðað ferð sinni með hana, mundi vel mátt hafa komast af með 10 kr. gjald á tunnuna. Það sjá allir, að það er ekki heppilegt, að fluttar sjeu vörur þannig, að taka 100 kr. fyrir tonnið af sumum, en á sama tíma og með sama skipi 30—40 kr. af öðrum. Þar að auki er þess að gæta, að skipið tafðist vikutíma í þoku úti fyrir Reyðarfirði, sem er sjaldgæft á sumardegi. En sú töf verður líklega lögð á sameiginlegan kostnað skipsins.

Jeg bið hæstv. stjórn að athuga þetta, áður en hún ákveður til fullnustu endurgreiðslu farmgjaldanna. Jeg held, að 5 kr. lækkun geti ekki dregið úr þeirri óánægju, sem orðið hefir af farmgjaldshækkuninni. Menn mundu ekki verða þolanlega ánægðir með minna en 10 kr. lækkun.

Jeg þarf svo ekki að eyða fleirum orðum að þessu. Alt, sem jeg hefi tekið fram, sannar mál mitt, að ekki muni

ástæðulaust að íhuga, hvort eigi megi koma landssjóðsversluninni í betra horf en verið hefir.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg held, að það sje ekki rjett, sem háttv. þingm. Ak. (M. K.) sagði, að Botnía hafi tafist vegna þoku. Hún tafðist um daginn á suðurleið í þoku fyrir utan Reyðarfjörð.

Það getur komið til mála, að flutningsgjaldið verði lækkað um 5 kr., en ekki meira, án samþykkis þingsins. Nú er svo komið, að ekki er hægt að flytja vörur nema fyrir afarhátt gjald.

Magnús Torfason: Jeg skal ekki svara háttv. þingm. Ak. (M. K.) að þessu sinni; jeg mun fá tækifæri til þess síðar.

Í sambandi við ummæli hæstv. forsætisráðherra skal jeg geta þess, að það er ekki rjett, að ekki sje saltskortur við Ísafjarðardjúp. Sum skip hafa orðið að liggja inni vegna saltleysis, og margir bátar hafa ekki getað farið á flot, vegna þess, að þá hefir vantað salt í fiskinn; annars hefir stjórnin hingað til lifað á óveðrum, því að vestanlands hafa verið verri gæftir í sumar en menn muna dæmi til um þann tíma árs.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13. shlj. atkv.

Frv. vísað til fjárhags- og fjárveitinganefnda (sjá A, bls. 1602 og 1603) með 9 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., laugardaginn 8. sept., var frv. tekið til 2. umr.

(A. 750, n. 835 og 845, 811, 829, 830, 831, 832, 833, 834, 836, 837, 838, 840, 841, 842, 854).

Að tillögu fjárveitinganefndar ákvað forseti að skifta svo frv., að fyrst skyldi ræða og til lykta leiða tekjubálk þess, 1.—6. gr., og síðan gjaldabálkinn, 7.—19. gr., og þar með 20.—22. gr.

Frsm. fjárhagsnefndar (Halldór Steinsson): Það þarf engan að furða á því, þótt útlitið sje ekki glæsilegt, að því er snertir samanburð á tekjum og útgjöldum landssjóðs. Þetta eru mjög erfiðir tímar; altaf kreppir meir og meir að; erfiðleikarnir á því að fá vörur í öðrum löndum verða meiri, eftir því sem líður á stríðið, skipakomur verða strjálli, en af þessu leiðir aftur, að öll framleiðsla hlýtur að minka að mun.

Aðaltekjur landssjóðs eru tollar á útlendum vörum og útflutningsgjald af innlendum vörum.

Eins og gefur að skilja hljóta þessar tekjur að rýrna, eftir því sem erfiðleikarnir vaxa. En það eru einungis þessar tekjur landssjóðs, sem minka, því að, eftir því sem framleiðslan í landinu verður minni, eftir því verður gjaldþol manna yfirleitt minna, og að sama skapi hlýtur að draga úr flestum gjöldum, er hvíla á landsbúinu og renna í landssjóð.

Ef litið er á aðalatvinnuvegi landsbúa, landbúnað og sjávarútveg, þá hefir annar þeirra, sjávarútvegurinn, orðið fyrir stórkostlegum hnekki í ár. Þetta stafar af því, hversu erfitt hefir verið að ná í nauðsynleg efni til framleiðslunnar, en þar við hefir bæst aflaleysi, að minsta kosti hjá þeirri útgerð, sem rekin er í stærstum stíl og mestan kostnað hefir í för með sjer, en jafnframt, þegar vel lætur, gefur einna

mestar tekjur í landssjóð. Ofan á þetta bætist svo, að landið er í þann veginn að missa helming af botnvörpuflotanum, svo að það má fara nokkuð nærri um það, hvernig sjávarútvegurinn horfir við í nánustu framtíð, ef stríðið heldur áfram.

Landbúnaðurinn stendur auðvitað talsvert fastari fótum, og stafar það mest af því, að segja má, að hann geti fremur verið sjálfum sjer nógur, eða hann geti fremur komist af með afurðir sínar, en þurfi síður að vera upp á aðra kominn. Þó hefir einnig hagur hans harðnað á síðustu tímum, og verður harðari og harðari, eftir því sem á stríðið líður.

Tekjur landssjóðs hljóta því að minka, en á hinn bóginn er ekki hægt að draga úr útgjöldunum að sama skapi; með öðrum orðum, það hlýtur að verða tekjuhalli.

Það var líka bersýnilegt, að í frv. stjórnarinnar voru tekjurnar ofhátt áætlaðar, en hins vegar ýmsir bráðnauðsynlegir útgjaldaliðir oflágir.

Það var eins og hæstv. stjórn hefði verið að stritast við að láta tekjur og útgjöld landssjóðs mætast, en þótt það sje fallegt á pappírnum, þá er þetta villandi, og jeg hygg, að enginn sanngjarn maður hefði getað álasað stjórninni fyrir það, þótt hún nú, á þessum erfiðu tímum, hefði látið fjárlagafrumvarpið fara frá sjer með talsverðum tekjuhalla.

Hæstv. stjórn hefir verið legið á hálsi fyrir það, að hún hefði ekki lagt fyrir þingið frumvörp, sem hefðu auknar tekjur í för með sjer, en jeg get ekki álasað henni svo mjög fyrir það, því að auknar tekjur verða að eins með auknum sköttum og tollum, en jeg fæ ekki sjeð, að á þessum tímum megi leggja öllu meiri byrðar á hendur landsbúum en nú þegar hvíla á þeim.

Þótt þau tekjufrumvörp, sem liggja fyrir þinginu, hafi ekki miklar auknar tekjur í för með sjer, þá verður því ekki neitað, að þau koma allhart niður á sumum stjettum, enda hafa heyrst háværar raddir á móti þeim, og bendir það til þess, hversu heppilegt hefði verið að ganga miklu lengra, eins og sumir hafa viljað.

Háttv. Nd. hefir gert nokkrar breytingar á tekjubálki fjárlaganna. Flestar af þeim breytingum ganga í þá átt að færa niður tekjurnar. Fjárhagsnefndin er sammála háttv. Nd. um þetta, en henni finst að eins, að ekki hafi verið farið nógu langt í að lækka einstaka liði. Aftur hefir háttv. Nd. hækkað einstaka liði með tilliti til frv. þeirra, er liggja hjer fyrir hinu háa Alþingi, en þar er fjárhagsnefndin á alt öðru máli.

Jeg skal svo fara nokkrum orðum um brtt. þær, er fjárhagsnefndin hefir lagt til að gerðar væru við tekjubálkinn.

Það er þá fyrst, að hún leggur til að tekjuskatturinn verði hækkaður um 20 þús. kr. fyrra árið. Þetta er gert með tilliti til þess, að nú er fyrir þinginu frv., er fer fram á talsverða hækkun á tekjuskattinum, frv., sem ekki er ólíklegt að nái fram að ganga. Ef það verður að lögum, má búast við allmikilli hækkun fyrra árið, 1918, því að þá á að greiða skatt af tekjum ársins 1916, en það mátti heita gott ár, og þá var góður afli. En það er ljóst, að tekjurnar 1919 verða miklu minni; það þarf ekki annað en líta á árið í ár, til þess að sannfærast um það, en þá á að greiða skatt af þessa árs tekjum. Því var það, að fjárhagsnefndin taldi sjer ekki fært að hækka þennan lið síðara árið.

Þá leggur nefndin til, að vitagjaldið verði lækkað fyrra árið um 15 þús. kr. Þetta gjald fór smáhækkandi til ársins 1914; þá var það rúm 62 þús. kr., en síðan hefir það farið lækkandi, og 1916

var það rúmar 36 þús. kr., og nú frá nýári til síðasta júní hefir það orðið 9625 kr. Þetta eru afleiðingar af stríðinu, skipaferðirnar verða strjálli og strjálli, og því er það, að þótt samþykt hafi verið hjer frv. um hækkun á vitagjaldi, þá þótti nefndinni það sett hæfilega hátt, að áætla það 35 þús. kr. fyrra árið; en nefndin vildi ekki lækka það síðara árið, og var það með þeirri von, að úr muni rætast, skipakomur aukast og samgöngur batna.

Tóbakstollinn vill nefndin lækka um 50 þús. kr. hvort árið. Þessi tollur hefir að vísu altaf farið smáhækkandi, en fyrri hluta þessa árs ($^1/_1$—$^{30}/_6$) nam hann 97800 kr.

Þótt hliðsjón væri höfð af frv. því, sem nú liggur fyrir þinginu, um hækkun á þessum tolllið, þá má gera ráð fyrir, að innflutningur á tóbaki verði nokkru minni á næstu árum, ef marka má, hve dregið hefir úr honum í ár.

Kaffi- og sykurtoll og vörutoll þykir nefndinni ekki varlegt að áætla meiri en 450000 kr. fyrra árið hinn fyrnefnda, en 275000 kr. hinn síðarnefnda.

Það virðist mega ganga að því vísu, að eftir því, sem tímarnir verða erfiðari, eftir því verði neyslan í landinu minni. Og eftir því, sem stríðið stendur lengur, eftir því verður erfiðara með alla aðdrætti til landsins, og því minni tekjur af þessu. En nefndin hefir eigi viljað lækka þessa liði síðara árið. Hún vonar, að þá verði eitthvað farið að rætast úr, og viðskiftin komin í betra horf.

Jeg skal geta þess, að vörutollurinn hefir orðið tímabilið $^1/_1$—$^{30}/_6$ 1917 alls 81277 kr., og þótt hann yrði nokkru meiri síðara hluta ársins, þá yrði hann talsvert minni í ár en fyrirfarandi.

Nefndin leggur til, að pósttekjurnar verði hækkaðar um 50 þús. kr. á ári, og er það gert með tilliti til frv. þess, sem liggur fyrir háttv. deild, um hækkun burðargjalds, og telja má mjög líklegt að nái samþykki þingsins.

Síðasta brtt. nefndarinnar er örlítil breyting á 5. gr. frv. Sú brtt. má teljast svo sjálfsögð, að um hana þurfi ekki að tala, og læt jeg mjer nægja að vísa um hana til nefndarálitsins.

Þótt fjárhagsnefndin hafi eigi gert fleiri brtt. við tekjubálk fjárlaganna, þá blandast henni ekki hugur um það, að ef stríðið heldur áfram næsta ár, þá eru ýmsir fleiri tekjuliðir áætlaðir ofhátt. Má þar til telja t. d. útflutningsgjald, vínfangatoll o. fl. tekjuliði, sem þá munu alls ekki standast áætlun.

En á þessum tímum er ómögulegt að gera nákvæma áætlun yfir tekjur og gjöld landssjóðs; slíkt verður að vera nokkuð af handahófi, en eitt er víst, að tekjuhallinn verður mikill — hve mikill, er ómögulegt að giska á með neinni nákvæmni; tíminn og reynslan verður að skera úr því.

Fjármálaráðherra (S. E): Í þetta sinn stend jeg upp að eins til þess að gera örlitla athugasemd. Jeg hefi hugsað mjer að fara síðar nokkrum orðum um fjárhag landsins, annaðhvort við þessa umr. fjárlaganna eða við 3. umr. þeirra.

Um tekjubálkinn vil jeg geta þess, að jeg álít ekki ástæðu til að fara nákvæmlega út í hvern lið fyrir sig, því að litla þýðingu hefir, hvort liðirnir eru færðir upp eða niður um nokkur þúsund.

En rjett er að fara sem varlegast í sakirnar, þegar alt er eins óvíst og nú er.

Óviðkunnanlegt þykir mjer, eins og háttv. nefnd hefir gert, að miða tekjurnar við ýms tekjufrv., sem nú eru á ferðinni gegnum þingið, því að óvíst er um sum þeirra, að þau gangi fram.

Um tekjuskattinn býst jeg við, að

óhætt sje að ganga út frá áætlun nefndarinnar, þótt hún hafi hækkað fyrra árið, jafnvel þótt tekjuskattsfrumvarpið verði ekki að lögum, en um kaffi- og sykurtollinn tel jeg aftur á móti ekki ósennilegri áætlun Nd.

En auðvitað er hjer, einnig um alla þessa liði, að eins um áætlun að ræða, og þótt áætlunin, eins og hún er nú, verði að teljast gætilega gerð, þá má þó vera, að hún reynist ofhá.

Yfirleitt mun jeg greiða atkv. með till. nefndarinnar.

ATKVGR.

1. gr.,
samkv. atkvgr. um 2.—6. gr., samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr.

Brtt. 834, 1. a. samþ. með 11 : 2 atkv.
— 834, 1. b. — — 11 shlj. —
— 834, 1. c. — — 10 — —
— 834, 1. d. — — 11 — —
— 834, 1. e. — — 12 — —
— 834, 1. f. — — 8 : 6 atkv.,
að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. J., E. P., G. Ó., H. St., H. H., H. Sn., S. E., G. B.
nei: G. G., Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. K., M. T.

Greinin, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr., óbreytt, — — 12 — —
4. gr., — , — — 12 — —

5. gr.

Brtt. 834, 2. samþ. með 12 shlj. atkv.
Greinin, svo breytt, samþ. með 13 shlj. —
6. gr., óbreytt, — — 12 — —

Framsm. fjárveitinganefndar (Eggert Pálsson): Það hefir leikið orð á því, að þessi háttv. deild eyddi ekki tímanum í ónytjumælgi, og jeg vildi ógjarnan verða til þess að svifta hana þeim heiðri.

En það liggur í hlutarins eðli, að ekki verður hjá því komist að verja nokkrum tíma til umræðu, þegar um svo mikilsvert mál er að ræða sem fjárlögin.

Eins og tekið er fram í nál. hefir fjárveitinganefnd þessarar háttv. deildar farist svo í gerðum sínum, að heita má, að hækkanir og lækkanir, sem hún hefir gert, standist á.

Eftir því, sem mjer telst til, hefir lækkunin orðið 59200 kr., en hækkunin 57000 kr. Hún hefir því lækkað útgjöldin um 2200 kr. Enda er þetta af sumum kallað einungis nart hjá nefndinni.

En eins og tekið er fram í nál. þá sá nefndin sjer ekki fært, þrátt fyrir góðan vilja, að strika út nein stórvægileg útgjöld, sökum þess, að þar var einungis um að ræða útgjöld, sem þýðingarmikil eru til atvinnubóta og annara nauðsynja. Þess ber líka að gæta, að flestir stærstu liðirnir eru lögákveðnir og verða því ekki lækkaðir.

Einu stórliðirnir, sem hægt væri að breyta, eru útgjöldin til samgöngubóta og verklegra fyrirtækja.

Um vegagerð t. d. er nú það að segja, að fjárveitinganefndin er á sömu skoðun og sama nefnd í háttv. Nd., að þrátt fyrir ilt útlit þá megi ekki lækka þau útgjöld, þar sem verkið er til stórnytja fyrir landsmenn, auk þess sem það veitir fjölda manns atvinnu. Það mundi því enginn beinn hagnaður af því leiða að lækka útgjöldin til samgöngubóta. Verk þau, sem áætluð eru útgjöld til í 13. gr. frv., og helst væri hugsanlegt að lækkuð yrði fjárveiting til, eru auðvitað þau helst, sem útlent efni þarf til. En nefndin sá ekki ástæðu til að strika út neina af þeim liðum, með tilliti til þess, að með athugasemdum, er þeim

fylgja, er stjórninni heimilað að leggja ekki fjeð fram, meðan framkvæmdirnar eru einhverjum annmörkum bundnar.

Ef tekin eru saman þessi útgjöld, þá telst mjer til, að til brúargerða skuli verja 51900 kr. f. á. og 76200 kr. síðara árið, samtals 128100 kr. Til símalagninga 25500 kr. og 45000 kr., samtals 70500 kr. Til vita 15000 og 25500 kr., samtals 40500 kr.

Útgjöld þessi verða til samans á fjárhagstímabilinu 239100 kr. En verk þau, sem hafa útgjöld þessi í för með sjer, er ekki ákveðið að framkvæma skuli á fjárhagstímabilinu, ef ekki rætist úr örðugleikunum.

Ef nú verður samþykt sama athugasemd við fjárveitinguna til loftskeytastöðvar í Flatey og listasafnsbyggingarinnar, þá bætast þar við 70000 kr., og eru þá alls 300 þús kr. fullar, sem veittar eru með þessum fyrirvara.

Nefndin sá því ekki ástæðu til að lækka þessa liði eða fella þá. Reyndar eru þeir flestir svo vaxnir, að ekki er hægt að færa þá niður, heldur verður að strika þá út, ef hreyft er við þeim á annað borð, því að kostnaðaráætlanir við framkvæmd þeirra eru bygðar á útreikningum, sem forstjórar þeirra hafa gert.

Þá sný jeg mjer að brtt. þeim, sem fjárveitinganefndin hefir komið fram með. Eins og gefur að skilja eru þær allmisjafnar að þýðingu og mikilvægi. Í nál. er vikið að þeim flestum, sem mikilsvarðandi eru, og getur það sparað mjer orð um þær.

Hins vegar eru nokkrar, sem ekki þótti taka að fara orðum um í nál., en viðkunnanlegra mun þykja, að minst sje á í framsögunni.

Jeg sje ekki ástæðu til að rekja það nejtt nákvæmlega eða skýra betur það, sem fram er tekið í nefndarálitinu, nema þá, ef vera kynni, í stöku tilfelli.

1. brtt. nefndarinnar, við 9. gr., þarf jeg ekki að gera frekari grein fyrir en gert er í nál.

Í 2. brtt., við 10. gr., felst stórvægilegasta lækkunin, sem nefndin hefir lagt til að yrði í fjárlögunum. Það er niðurfærslan á alþingiskostnaðinum. Háttv. Nd. samþykti, eftir tillögu fjárveitinganefndar þar, að alþingiskostnaðurinn skyldi áætlaður helmingi hærri en stjórnin hafði gert. Þetta fanst fjárveitinganefnd Ed. óþarft. Vitanlega má gera ráð fyrir, að alþingiskostnaðurinn fari vaxandi; hann hefir farið sívaxandi að undanförnu, og mun áreiðanlega vaxa framvegis. En nefndinni fanst með öllu óþarft að hækka hann svona mikið, sjerstaklega þegar þess væri gætt, að aukaþingskostnað, þótt til kæmi, bæri ekki að áætla eða taka upp í fjárlög, enda er það í samræmi við nýlega gefna yfirlýsingu frá hálfu forsetanna. Þessi kostnaður nær því að eins til reglulegs Alþingis, og fanst nefndinni því nægja að áætla hann 50% hærri en stjórnin hafði gert.

Í 11. gr. B. 5. leggur nefndin til að gerð sje lítilfjörleg hækkun, sem þó gæti haft verulega þýðingu, ef eigi væri sint. Það er sem sje hækkun á fjárveitingu til skipamælinga. Þessar mælingar eru mjög vandasamt verk, og hefir ákveðinn maður, Páll skólastjóri Halldórsson, haft þetta á hendi. En hann hefir látið í ljós, að hann mundi láta af þessum starfa, ef þóknun sú, sem fyrir hann hefir verið greidd, yrði ekki eitthvað hækkuð. En ef svo færi, að hann ljeti af þessum starfa, mundi vandfenginn maður í hans stað. Þess vegna hefir nefndin lagt til, að þóknunin yrði hækkuð um 200 kr. á ári.

Um 4. brtt. nefndarinnar, við 11. gr. B. 8, þarf jeg ekki að fjölyrða, en læt mjer nægja að vísa þar til nál.

Þá hefir nefndin gert þá breytingu,

við 11. gr. B. 10., að athugasemdin við þennan lið falli burt. Meiri hluti nefndarinnar var sammála um þetta, enda má segja, að það sje í samræmi við skoðanir þær, sem nefndin ljet í ljós í fjáraukalögunum, um aðhlynningu sjúkraskýla.

Þá er brtt. við 12. gr. 12., sem leggur til, að Jóni lækni Kristjánssyni skuli veittur dýrtíðarstyrkur að eins fyrra árið. Þessi styrkveiting er þannig rökstudd af fjárveitinganefnd Nd., að hún sje veitt vegna dýrtíðarinnar. En þar með er gefið í skyn, að styrkurinn verði ekki veittur eftir að dýrtíðinni ljettir af. Þess vegna hefir fjárveitinganefnd Ed. lagt til, að styrkur þessi skuli að eins veittur fyrra árið, í þeirri von, að dýrtíðinni verði þá ljett af. Þessi till. er líka í fullu samræmi við þá tillögu nefndarinnar, að Landakotsspítali skuli að eins njóta styrks fyrra árið.

Við 13. lið þessarar greinar, 12.gr., hefir nefndin ekki gert neina breytingu.

Við 14. lið sömu gr. hefir nefndin lagt til að felda niður 1000 kr. síðara árið til undirbúnings landsspítalabyggingarinnar. Nefndinni var ekki ljóst, hvaða tilgangur gæti verið í því að veita svona litla fjárhæð ár eftir ár. Hún hyggur, að hjer geti ekki verið um annan undirbúning að ræða en þann, að sjá út hentugan stað undir spítalann, og ef til vill að gera einhverjar frumteikningar. En nefndin gat ekki látið sjer detta í hug, að fje yrði veitt til spítalabyggingarinnar í næstu fjárlögum, því að vitanlega mundi hún kosta stórfje, og verður hún ekki framkvæmd, nema með miklum undirbúningi. Vjer ættum að láta oss vitin að varnaði verða, og ráðast ekki í þetta verk fyr en vjer vitum fótum vorum forráð. En þó að sjóðsöfnunin sje virðingarverð viðleitni, þá er henni hins vegar enn svo skamt komið, að það fje, sem safnast hefir, er ekki meira en kræki ber í ámu, í samanburði við það, sem á vantar. En nefndin vonar, að söfnuninni verði haldið áfram, og því meira sem safnað er, því fyr verður hægt að ráðast í að byggja spítalann.

Þá hefir nefndin gert þá breytingu við 16. lið 12. gr., að veittar verði 2000 kr. fyrra árið til ljóslækningatækja á Vífilsstöðum. Læknirinn þar hefir gert skýra grein fyrir því, að þessi lækningaraðferð hafi gefist framúrskarandi vel, og kveður meira að segja svo að orði, að ekkert vit sje í að sinna þessu máli ekki frekar en gert hefir verið. Læknirinn fer og fram á, að gerð sje sú breyting á herbergjaskipun heilsuhælisins, að komið sje upp sjerstakri barnadeild við hælið, og að reist sje sjerstakt íbúðarhús handa lækninum. Mun öllum hv. deildarmönnum skiljast, að margt mælir með þessu. Eftir áætlun, sem Rögnvaldur heitinn Ólafsson gerði, mundi þetta kosta um 20000 kr. En nefndin sá sjer ekki fært að leggja það til, að húsið yrði bygt að þessu sinni, heldur lætur hún sjer nægja að hafa það með öðrum störfum, sem kynni að verða ráðist í að undirbúa á næsta fjárhagstímabili.

Þá hefir nefndin gert þá breytingu við 17. lið 12. greinar, að styrkurinn til sjúkraskýlanna verði hækkaður um 2000 kr. frá því, sem Nd. ákvað hann. Er óþarft að orðlengja frekar um þetta atriði, því að um það er ekki annað að segja en nefndin hefir þegar gert í nál. sínu fyrir fjáraukalagafrumvarpinu fyrir árin 1916 og 1917.

Þá kemur nýr liður, þar sem ákveðinn er styrkur til Landakotsspítalans. Fyrir þessari styrkveitingu er gerð grein í nál. Landlæknir flutti nefndinni og mælti með erindi frá forstöðukonum Landakotsspítalans, og sýndi fram á, að nauðsyn bæri til að rjetta

spítalanum hjálparhönd, einkum vegna hins afarháa kolaverðs. Þetta er stofnun, sem ekki er hægt án að vera, því að ef svo slysalega skyldi til takast, að nauður ræki til að loka spítalanum, stæði ógn og dauði fyrir dyrum.

Við þennan lið (17. lið) er lagt til að gerðar sjeu enn fremur smávægilegar breytingar. Skal jeg taka það fram til athugunar, að stafliður b verður vitanlega c, ef styrkurinn til Landakotsspítalans verður samþyktur. Einnig hefir nefndin lagt það til, að á eftir orðunum »og að sýslufjelag það« komi: eða hreppsfjelag. Orsökin til þessarar viðbótar er sú, að Siglfirðingar hafa óskað hennar, vegna þess að Siglufjarðarhreppur hefir í hyggju að reisa sjúkrahús, sem hann ætlar að reka á eigin kostnað, og á ekki að koma neitt við sjálfri Eyjafjarðarsýslu. Nefndinni þótti sjálfsagt að verða við jafnmeinlausri bón.

Þá hefir nefndin hækkað utanfararstyrk hjeraðslækna um 500 kr. Orsökin til þessarar hækkunar var sú, að nefndin hefir viljað leyfa, að þeim sjeu ætlaðar 200 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis, í stað 150 kr.

Í 13. gr. A. 3. d. hefir nefndin leiðrjett prentvillu. Í fjárlagafrumvarpinu stendur, að veittar skuli 6500 kr. til húsaleigu á stærri póstafgreiðslum, utan Reykjavíkur. En nefndin þykist vita, að þetta sje prentvilla, er var þeim mun meinlegri, sem hún sýnilega hefir haft áhrif á fjárhæðina utan striks.

Í 13. gr. B. I. 1. b. hefir nefndin lagt til, að skrifstofukostnaður vegamálastjóra skuli hækkaður úr 1500 kr. upp í 2000 kr. Vegamálastjórinn hefir farið fram á þessa hækkun, í því skyni að geta fengið sjer aðstoð við ýms vandaminni ritstörf, svo að hvorki hann nje aðstoðarverkfræðingurinn þyrftu að sitja í slíku. Og nefndinni fanst hyggilegast, að til þessa starfa væri fenginn einhver ritfær maður ódýrari en sjálfur verkfræðingur landsins.

Þá hefir nefndin gert breytingu undir staflið C í 13. gr., sem ekki er vikið að í nál. Vitanlega kemur þessi liður fjárlaganna ekki beinlínis þessari nefnd við, heldur snertir hann samgöngumálanefndina. En þessi athugasemd, sem vjer leggjum til að strikuð sje út, eru leifar frá því, er hugsað var til, að Eimskipafjelagið hjeldi uppi strandferðum og fjekk styrk til þess. Hygg jeg, að fjárveitinganefndinni verði fyrirgefinn þessi slettirekuskapur.

Þá er 13. gr. D. IV. 12. Þar er lagt til að hækka styrkinn til símstöðvarinnar í Vestmannaeyjum. Orsökin til þessarar hækkunar er sú, eins og bent er á í nál., að við það að bera saman fje það, sem í núgildandi fjárlögum er veitt til ýmissa ritsímastöðva, við fjárhæðir þær, sem í fjárlagafrumvarpinu nú eru ætlaðar, kom það í ljós, að ritsímastöðin í Vestmannaeyjum var sú eina, sem ekkert var hækkað hjá. En nefndin áleit nauðsynlegt að taka hjer til greina dýrtíðina, sjerstaklega hið dýra eldsneyti, því að það mun ekki síður hafa hækkað í verði í Vestmannaeyjum en annarsstaðar, nema fremur sje. Vestmannaeyjar hafa ekki mó til þess að brenna, heldur að eins kol.

Þá kem jeg að lið E. I. a. Þar leggur nefndin til að hækka laun vitamálastjórans um 200 kr. á ári. Þessi maður hefir nú lengi verið í þjónustu landsins og hefir nú farið þess á leit, að laun sín verði hækkuð um þetta. Hann hefir látið í ljós, að sjer stæðu aðrar vel launaðar stöður til boða, og þó að hann kynni best við sig hjer á landi, þá gæti svo farið, að hann neyddist til að fara af landi burt, ef hann sæi, að þingið kynni ekki að meta störf sín að

verðleikum. Það má segja, að þessi krafa sje eðlileg, með því að vegamálastjóri fær þegar 4000 kr. kaup, og er því von til, að hinum, sem setið hefir hjer lengi, finnist, að hann hafi rjett til, að tekinn sje til greina aldur sinn. Nefndin hefir og hækkað skrifstofukostnað hans úr 700 kr. upp í 1000 kr. Var það gert með hliðsjón af skrifstofukostnaði vegamálastjóra.

Þá kem jeg að 14. gr. Á það er ekki drepið í nál., að nefndin hefir hækkað styrkinn, sem ætlaður er til húsabóta á prestssetrinu Bergsstöðum. Þetta er sami styrkurinn sem farið var fram á hjer á þingi áður. Var þá farið fram á 1200 kr. En síðan hefir alt hækkað svo í verði, að nefndinni fanst, að ekki mundi veita af að hafa styrkinn 1500 kr. En á þessa styrkveitingu má ekki líta sem gjöf. Með henni eignast landið betri húsakynni á þessari jörð, sem það á. Því að vitanlega fylgir henni sú kvöð, að prestinum beri að skila húsunum í því standi, sem samsvarar þessum 1500 kr., að viðbættu andvirði og álagi hinna gömlu jarðarhúsa. Þess vegna er þetta ekki tapað fje, heldur á landið það í bættum húsakynnum á jörðinni.

Þá er 14. gr. B. I. a. Þar leggur nefndin til, að háskólalaunin hækki um 200 kr., og stafar þessi hækkun af því, að nefndin ætlast til, að Sigurður háskólakennari Sívertsen fái notið þeirra 400 kr. árlegu persónulegu launaviðbótar þetta fjárhagstímabil, er hann hefir haft að undanförnu. En nefndin ákvað ekkert um það, hvort þessi viðbót skyldi veitt um lengri tíma. En ástæðan til þess, að nefndin ákvað þessa hækkun nú, er sú, að prófessorinn neyddist til að sigla sjer til heilsubótar, og sú ferð hefir hlotið að kosta hann mikið á þessum erfiðu tímum.

Þá er 14. gr. B. VII. 3., þar sem nefndin leggur til, að 3000 kr. síðara árið til skólahalds á Eiðum falli burt. Það er auðsætt, að þessi styrkveiting á að falla niður síðara árið, með því að þingið hefir ákveðið, að landssjóður annist skólann, og verður þá veitt til hans framvegis samkvæmt lögum þeim, er um það efni hafa verið samþykt.

Í 14. gr. B. XIV. a. fer nefndin fram á 500 kr. hækkun til unglingaskóla. Hækkun þessi stafar af því, að nefndin ætlast til, að unglingaskólinn á Hvammstanga, sem eftir öllum upplýsingum verður að teljast góðs maklegur, fái notið sömu hlunninda sem t. d. unglingaskólinn á Núpi í Dýrafirði.

Þá hefir nefndin bundið styrkveitinguna til Flensborgarskólans því skilyrði, að skólanum sje veitt að minsta kosti 1000 kr. tillag úr bæjarsjóði Hafnarfjarðar og sýslusjóði Gullbringusýslu. Eina fjeð, sem skóli þessi styðst við, auk landssjóðsstyrksins, er eftirgjald af Hvaleyri, sem er að eins 135 kr. Annað hefir skólinn ekki, að fráskildum afnotum af húsum sínum. Nefndin áleit þess vegna skólanum fyrir bestu, að þessi brtt. yrði samþykt. Það yrði til þess að styrkja hann og efla í framtíðinni. Þessi breyting hefir að vísu í för með sjer aukin útgjöld fyrir viðkomandi hjeruð. En þá er þess að gæta, að þau njóta mest góðs af skólanum, eins og skólaskýrsla síðasta árs sýnir ljósast, þar sem flestir nemendurnir eru úr Hafnarfirði, en að eins nokkrir annarsstaðar frá.

Á þgskj. 854 hefir nefndin lagt til, að sú breyting yrði gerð við 15. gr. 1. b., að laun 1. bókavarðar Landsbókasafnsins skuli hækkuð um 200 kr. á ári. Nefndin viðurkennir, að hjer sje, ef til vill, farið ofskamt og að sanngjarnt væri að hækka launin meir. En nefndin taldi þó þessa hækkun betri en ekki neitt.

Við 15. gr. 1. f. hefir nefndin gert þá breytingu, að í stað 10,300 kr. til bókakaupa Landsbókasafnsins komi 11,300 kr. Ætlast nefndin til, að 1000 kr. sje árlega varið til þess að kaupa bækur og handrit Jónasar þinghúsvarðar Jónssonar. Landsbókasafninu hafa verið boðnar bækurnar til kaups fyrir 5000 kr., og ef samningar takast, væri hægt að kaupa safnið þannig á 5 árum. Fari svo, má segja, að það sje að nokkru leyti hagnaður fyrir landssjóð, því að ekkjan hefir lýst yfir því, að hún teldi bæði hagsmunum sínum og sóma borgið, ef landssjóður keypti safnið af henni, en ef þingið hins vegar vill ekki sinna þessu, þá er við búið, að það hefði talið sjer skylt að hlynna eitthvað að ekkju þessari í framtíðinni, eins og svo mörgum öðrum.

Þá er brtt., er snertir Þjóðmenjasafnið, b-liðinn, um að hækka þessa litlu upphæð um 250 kr., til þess að þessir menn, eða konur, sem aðstoðina veita, geti fengið einhverja þóknunarhækkun um klukkutímann. Það er svo lítil upphæð, að jeg sje ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um það.

Þá er sú till. nefndarinnar, að Einari Gunnarssyni, bókaútgefanda, sjeu veittar 1500 kr. á ári til að ljúka við útgáfu safnsins »Lög Íslands, öll þau, er nú gilda.« Slíka útgáfu telur nefndin þarft verk, svo að menn geti haft öll lögin við hendina og þurfi ekki að vera neyddir til að moða í öllum þessum mörgu lögum okkar.

Þá leggur nefndin til, að gerð sje nokkur breyting á styrknum til skálda og listamanna. Það er bæði efnis- og »redaktions«-breyting. Það, sem er undir 37. lið, til Bjarna Jónssonar frá Vogi, til að þýða Goethes Faust, vill nefndin flytja þarna undir; engin breyting er gerð á liðnum sjálfum, heldur að eins lagt til, að hann standi þarna, í hópi skálda og listamanna.

Einum manni áleit nefndin sjer skylt að bæta inn þarna; lá það þá helst fyrir að gera það fyrra árið. Það er Gunnlaugur Blöndal. Uppi á Hlaðbúð hafa legið fyrir nokkrar teiknimyndir, gerðar af þessum manni. Jeg er enginn sjerlegur listþekkjari, en jeg hlaut að dást að, hve vel þær voru gerðar, þegar jeg bar þær saman við mennina, sem jeg þekti, enda er mjer kunnugt um, að auk þess, sem maður þessi er lærður af Stefáni Eirikssyni, þá er hann af framúrskarandi listgefinni ætt; hann er allmikið í ætt við Benedikt Gröndal, og gefur það mjer, auk sýnishorna þeirra, sem fyrir liggja, von og traust á því, að hann sje listamannsefni. Nefndin leggur þess vegna eindregið til, að honum verði veittar 1200 kr. En af þessu leiðir það, að upphæðin til listamanna kemur til að verða talsvert hærri fyrra árið en hið síðara, þegar þessi maður kemur með og annar maður, er samþyktur var í Nd. Þá kemur til að standa samt. 15,200 kr. fyrra árið, en 12,000 síðara árið, og með tilliti til þess að jafna upp þann mun lagði nefndin til að hækka styrkinn síðara árið upp í 14,000 kr., enda sennilegt, að fram geti komið fleiri menn með listahæfileikum, er þörf væri á að styrkja eitthvað, eins síðara ár fjárhagstímabilsins eins og hið fyrra.

Þá lagði nefndin til að lækka 23. lið ofan í 3000 kr. hvort árið. Það er íslenska orðabókin. Hefir það verið svo að undanförnu, og þótti nefndinni engin ástæða til að ganga lengra. Vitanlega hefir það vakað fyrir háttv. Nd., að þau yrðu tveir menn, er að henni störfuðu. Hverjir mennirnir eru skal jeg ekkert um segja, en það þótti nefndinni alls óvíst, þótt tveir menn væru við

starfann, að þeir yrðu svo samhendir sem skyldi, og því ekki ástæða til að leggja svo mikið fje fram í þessu skyni. Óhætt væri að minsta kosti að bíða þess, að hinn nýi maður kæmist inn á einhverja braut í þessu máli, og að hann svo kæmi til að hafa orð að segja um þetta atriði.

Þá leggur nefndin til að breyta 27. liðnum, til dr. Helga Jónssonar. Þar vill nefndin láta haldast það, sem hann hefir fengið cg staðið hefir áður í fjárlögunum, til mýrarannsókna og grasafræði, 1800 kr. hvort árið, eins og verið hefir, en svo til rannsókna á næringargildi þörunga 1200 kr. fyrra árið og það, sem athugasemdin segir, allan kostnað við efnagreining og ferðalög, eftir reikningi. En að setja það bæði árin virtist nefndinni óþarft, því að þetta er ekki starf, sem þarf að vinna ár eftir ár; ef rannsóknin er ekki búin fyrra árið, þá er lítil von, að henni verði lokið síðara árið.

Þá er lítil breyting við 40. liðinn — hennar er ekki getið í nefndarálitinu — til Helga H. Eirikssonar, til verkfræðináms. Þessi maður var við Kaupmannahafnarháskóla, og naut þar styrks, sem venja er til, en hann afsalaði sjer öllu því og fór yfir til Englands, til að leggja stund á námaverkfræði og vjelfræði. Þar er dýrt að lifa; man jeg ekki í tölum, hvað skýrsla hans segir, að dvölin þar kosti, en jeg man svo mikið, að þessar 1500 kr. eru ekki nema styrkur til þess, sem hann þarf að leggja fram til dvalar sinnar þar. Þessi fræðigrein, sem hann leggur fyrir sig, virðist nefndinni einkar þörf, eftir því sem nú hagar til hjá oss.

Nefndin leggur til, að 51. liður falli burt, 1000 kr. hvort árið til Sigurðar Eirikssonar, regluboða, og að hann verði tekinn inn í 18. gr. með 500 kr. styrk hvort árið. Nefndin verður að líta svo á, að honum sje það ekki síður hallkvæmt en landssjóði, því að þótt hann hefði fengið að standa þarna, þá væri óvíst, hvernig færi síðar, en ef hann væri fluttur í 18. gr., væri framtíð hans betur borgið, enda þótt upphæðin sje þar tiltekin helmingi lægri.

Í 54. lið hefir nefndin lagt til, að styrkurinn til Frímanns B. Arngrímssonar falli niður seinna árið.

Þá er jeg kominn að 16. gr. Fyrsta brtt., sem nefndin leggur til, er að Búnaðarfjelagi Íslands verði að eins veittar 2000 kr. síðara árið, í því skyni að kosta eina eða fleiri konur — mjer er ekki kunnugt um, hvort heldur er — til undirbúnings undir að stjórna húsmæðraskóla. Það er álit nefndarinnar, að nóg sje að veita styrkinn síðara árið. Nú er erfitt að sigla, bæði fyrir karla og konur, og svo er ekki sennilegt, að húsmæðraskólinn komist svo fljótt í framkvæmd, að ekki sje nægilegt að byrja á þessum undirbúningi seinna árið.

Þá er lítilfjörleg athugasemd við 3. liðinn, sem nefndin áleit rjett að skjóta inn, þetta, að uppbótin til starfsmanna Búnaðarfjel., ráðunauta o.fl., fari eftir sömu reglu og uppbót til starfsmanna landsins. Að vísu má líta svo á, að það þyrfti ekki að sjást, en það getur ekki skemt, að því sje skotið inn.

Þá er talsverð upphæð, sem nefndin sá sig neydda til að bæta inn. Það er 2200 kr. styrkveiting til að fullgera Miklavatnsmýraráveituna. Á seinasta fundi nefndarinnar barst henni brjef þess efnis, frá vegamálastjóra, að bráðnauðsynlegrar aðgerðar þyrfti með. Það hafði komið fram, að Þjórsá kastaði sandi upp að skurðmynninu og stoppaði hann svo, að vatnið gæti ekki runnið inn, og að þetta þyrfti aðgerðar við, og jafnframt þyrfti að sprengja í stöku stað upp úr botni aðfærsluskurðarins

klappir, er einnig hindruðu framrensli vatnsins. En það fylgdi ekki með í samningi þeim, er gerður var við þá Ágúst Helgason í Birtingaholti og Gest Einarsson á Hæli, að þeir græfu skurðinn dýpra niður en ofan á klöpp, þar sem hún kynni að verða fyrir. Nefndin áleit því, þegar ekki var um meira að ræða en 2200 kr., að sjálfsagt væri að veita þetta, svo að ekki strandaði á því, að hægt væri að njóta verksins, sem þegar er búið að leggja svo mikið fje í.

Þá hefir nefndin lagt til að hækka sandgræðslustyrkinn um 1000 kr. hvort árið, og er gerð grein fyrir því í nefndarálitinu.

Þá er breyting við 12. lið b., sem ekki er getið um í nefndarálitinu, sú að hækka styrk Gísla Guðmundssonar, gerlafræðings, upp í 1800 kr. Að vísu hefir hann nú launahækkun, meðan hann veitir forstöðu efnarannsóknarstofunni, en það hefir kostað hann það, að hann hefir orðið að segja sig frá ýmsum öðrum störfum, og er þá ekki svo auðhlaupið að því fyrir hann að ná þeim aftur, þegar hann missir þetta starf, sem honum er falið til bráðabirgða; hefir hann ekki eftir nema einar 1500 kr., þar sem hann er þá búinn að missa af öllum öðrum störfum, er hann hafði áður. Því taldi nefndin sanngjarnt, að laun hans væru að einhverju leyti hækkuð.

Þá er dálítil breyting við 17. liðinn. Það er, held jeg, engin efnisbreyting, upphæðin látin halda sjer, liðurinn að eins orðaður öðruvísi, og hygg jeg það í fullu samræmi við það, sem formælendur liðsins hafa ætlast til.

Þá er komið að hinni verulegustu hækkun fjárveitinganefndar, um að hækka laun verslunarerindreka erlendis um 8000 kr. Það er hin mesta hækkun, næst dýrtíðarstyrknum til Landakotsspítalans. Þetta stafar af því, að nefndin leit svo á, að þessar 4000 kr. til verslunarerindreka erlendis væru svo lítil laun, að fyrir þá upphæð myndi ekki hægt að fá neinn mann nú á tímum, og að það mætti ekki minna vera en það, sem fjárveitinganefnd Nd. lagði til, sem sje 12000 kr. En nefndin ætlaðist jafnframt til þess, að þegar búið væri að slá þessu föstu, þá yrði annar erindrekinn síðar, eða alt eins og engu síður, skipaður eða útsendur fyrir hönd landbúnaðarins sem sjávarútvegsins. En eins og bent er á í nefndarálitinu þá datt nefndinni það í hug, að skeð gæti, að nota mætti þennan erindreka, á meðan landbúnaðurinn hefir engum sjerstökum manni eða erindreka á að skipa, til þess að kynna sjer niðursuðu á kjöti og flutning á frystu kjöti til útlanda og öðrum þeim efnum, sem landbúnaðinn varða.

Við 21. liðinn er samskonar athugasemd og áður við 3. lið þessarar greinar.

Þá er næsta brtt. við 23. lið a., um laun 4 síldaryfirmatsmanna. Eru þau hækkuð um 800 kr., og er það tilætlun nefndarinnar, að sú hækkun gangi til þeirra tveggja, sem nú hafa lægst laun, sem sje til yfirsíldarmatsmannanna fyrir austan og vestan, svo að þeir allir komi til að hafa jafnt, 1000 kr.

Við 28. liðinn er brtt., sem ekki er getið um í nefndarálitinu; það er til bóndans á Tvískerjum, að hann fái einnig 300 kr. seinna árið. Jeg hygg, að það megi fremur telja það leiðrjettingu á ritvillu, og að það geti ekki hafa verið meining háttv. Nd. að fella styrkinn burt síðara árið.

Þá er brtt. um að flytja þrjá menn úr 18. gr. yfir í þessa grein. Það er fyrst Elín E. Briem, og eru henni ætlaðar 1000 krónur fyrra árið, fyrir vel unnið starf, en hins vegar telur nefndin efnahag hennar svo háttað, að hún muni ekki styrks þurfandi. Sama er að segja

um Einar Guðmundsson. Nd. hefir í 18. gr. tekið það fram, að styrkur þessi væri að eins fyrra árið. Virtist nefndinni því betra, að það stæði hjer, en ekki í 18. gr. Enn fremur hefir nefndin lagt til, að styrkurinn til ekkjufrúar Emilie Lorange væri að eins fyrra árið, í staðinn fyrir, að í frv. stendur styrkur fyrir bæði árin, en sjálf fer frúin að eins fram á 500 króna styrk á fjárhagstímabilinu; er styrkur þessi veittur með tilliti til þess, að þörfin fyrir hann muni vera rík. Þá er viðurkenningin til Magnúsar smáskamtalæknis Guðlaugssonar á Bjarnastöðum. Þessi maður er kominn á sjötugsaldur og hefir fyrir mörgum börnum að sjá. Hann hefir verið — eftir því sem nefndinni hefir verið skýrt frá — mjög þarfur, enda þótt hann væri ólærður læknir; hefir henni verið svo frá skýrt, að hann hafi reynst bjargvættur margra manna, bæði í Strandasýslu, Dalasýslu og jafnvel í Húnavatnssýslu, og hafi hann þannig eytt bæði tíma sínum og kröftum til hjálpar öðrum, en nú er hann kominn að fótum fram, og á, eins og jeg sagði, mörg börn í ómegð. Vitanlega er þessi 500 króna styrkur í eitt skifti fyrir öll ekki til að bæta verulega úr erfiðum hag hans, heldur miklu fremur til þess að gleðja þetta gamalmenni og sýna honum viðurkenningu fyrir vel unnið starf.

Við 18. gr. hefir nefndin ekki lagt til að miklar breytingar yrði gerðar. Að eins að hækka styrkinn til prófastsekkju Jóhönnu S. Jónsdóttur. Venjan er sú, að úr því að launaviðbót er veitt þannig lagað, þá er það ekki haft minna en 300 krónur; en um þessa prófastsekkju er það segja, að maður hennar var einn af þeim mestu og bestu kennimönnum þessa lands, Zophonias Halldórsson. Auk þess er kjörum konu þessarar svo háttað, að hún er blásnauð, en er sárilla komin að heilsu.

Svo er einn maður, sem nefndin leggur til að bætt sje inn í þessa grein. Það er Jónas Eiríksson, sem var forstöðumaður Eiðaskólans, að mig minnir í 17 ár; leysti hann starf það af hendi með heiðri og sóma. Leit nefndin svo á, að þetta væri í fullu samræmi við það, sem áður hefir verið gert, að þessum manni beri að veita viðurkenningu.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um brtt. nefndarinnar, en víkja nokkrum orðum að brtt. frá einstökum þingmönnum.

Þá skal jeg fyrst nefna brtt. við 12. gr. 5., á þgskj. 831, frá háttv. 2. þm. G.-K. (K. D); fer hún fram á að veita hreppsbúum í Kjósarhreppi 300 krónur hvort árið til að leita sjer læknishjálpar. Væntanlega er þessi till. í samræmi við það, sem átt hefir sjer stað í fjárlögum áður; ekkert nýtt held jeg að hafi bæst við í þessu skyni í fjárlögunum, nema styrkurinn til Flateyjarhreppsbúa í Þingeyjarsýslu, en þar er ekki farið fram á nema 100 krónur hvort árið; hjer er aftur á móti farið fram á 300 krónur. Nefndin hefir ekki getað fallist á þessa till., en ekki heldur gert nein samtök á móti henni, þótt henni þyki hjer helst til frekt í farið.

Brtt. frá sama háttv. þm. (K. D.), við 12. gr. 17. i, á þgskj. 832, lætur nefndin alveg afskiftalausa og hefir ekkert á móti henni.

Þá er brtt. á þgskj. 829, við 14. gr. B. X, frá háttv. þm. Ísaf. (M. T.), um að hækka styrkinn til kvenfjelagsins Ósk, úr 1600 krónum í 1800. Nefndin hefir ekki getað fallist á þessa tillögu, því að henni virðast ekki nægar ástæður hafa komið fram fyrir henni, sjerstaklega ef þess er gætt, að líkur eru fyrir, að skólahald leggist niður í vetur.

Brtt. er komin frá háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) við brtt. nefndarinnar við styrkinn til skálda og listamanna. Þar

er farið fram á, að í stað 12000—14000 komi 13400—15400, og til vara 13000—15000. Nefndin hefir orðið að vera á móti þessu, og heldur hún sjer við þær upphæðir, sem hún sjálf hefir lagt til að samþyktar verði.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) hefir komið með brtt. við 15. gr. 20. d., um byggingu yfir listasafn Einars Jónssonar. Leggur hann það til, að þessum 40000 króna, sem verja á til byggingarinnar, verði slept. Talsverður veigur er í þessari tillögu, og sparnaður ef hún yrði samþykt. En nefndin lítur hins vegar svo á, að eins og nú er komið verkinu, muni tæplega vera unt að hætta við það. Jeg benti á það, þegar þetta mál kom fyrst fyrir þingið, að þetta fyrirtæki mundi verða talsvert dýrara en mönnum var þá skýrt frá, enda hefir einnig sú raunin orðið á. En nú er ofseint að hætta. Veggir. eru langt komnir, og yrði það til háðungar fyrir þennan bæ, og land alt, ef svo búið væri látið standa. Nefndin mun því ekki greiða þessari brtt. atkv.

Aftur á móti er brtt. frá háttv. þm. Snæf. (H. St.), á þgskj. 840, um að svo hljóðandi athugasemd bætist aftan við sama lið: »Stjórninni er heimilt að fresta þessari fjárveitingu meðan striðið stendur yfir og efni og vinna verða ekki að mun ódýrari«. Nefndin viðurkennir, að margt mælir með þessari brtt., og mun greiða atkv. með henni.

Þá er brtt. frá sama háttv. þm. (H. St.), á þgskj. 841, við 15. gr. 27, um styrkinn til Helga Jónssonar. Vill hann láta setja það inn í athugasemdina við liðinn, að stjórnarráðið úrskurði reikning þann, sem frá þessum manni komi. Nefndin lítur svo á, sem þetta sje í raun og veru óþarfi, því að það liggur í hlutarins eðli, að stjórnarráðið getur ekki látið útborga reikning, sem það álítur vera rangan. En fyrst að þessi till. er á annað borð fram komin, þá virðist nefndinni ástæðulaust að amast við henni.

Sami háttv. þm. (H. St.) hefir enn fremur komið með brtt. á þgskj. 842, við 15. gr. 49, um styrkinn til Guðmundar Hjaltasonar. Fer hann fram á, að styrkurinn sje hækkaður úr 800 kr. upp í 1000 kr. hvort árið. Meiri hluti nefndarinnar er á móti þessari brtt. og telur 800 kr. nægar. Ekki er það fyrir þá sök, að honum virðist ekki þessi maður eiga alt gott skilið, en honum finst ástæða til þess að ætla, að styrkurinn muni ekki koma að meiri notum, þótt hann verði hærri. Jeg er ekki í neinum vafa um, að þessi maður hafi verið ánægður með þann styrk, sem hann hefir haft, þó að hann hafi ekki meiri verið. Enda er maðurinn gæddur þeirri sjaldgæfu gáfu, að geta gert sig ánægðan með lítið.

Þá kem jeg að brtt. hv. 4. landsk. þm. (G. G.) á þgskj. 837, við 16. gr. 20, um að láta 8000 kr. nægja til erindreka Fiskifjelagsins, í stað 12000, sem nefndin stingur upp á. Nefndin hefir vitanlega ekki getað aðhylst þessa brtt., því að hún telur ekki veita af þeirri upphæð, sem hún hefir sjálf mælt með.

Háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) hefir komið fram með brtt., á þgskj. 833, um að bæta við nýjum lið 500 kr. fjárveitingu hvort árið til Jóns Helgasonar, fyrv. vitavarðar á Reykjanesi. Meiri hluti nefndarinnar hefir orðið að leggja á móti þeirri tillögu.

Þá er að lokum brtt. á þgskj. 830, við 21. gr., frá háttv. þm. Ísaf. (M. T.), um að Ísafirði sjeu lánaðar 90000 kr. til raflýsingar. Er þessi brtt. í fullu samræmi við gerðir þingsins í vetur, enda eðlilegt, að Ísafjörður hafi hjer sama rjett og aðrir, en við búið, að landssjóð hafi ekki handbært nægilegt fje.

Jeg hefi svo ekki meira að segja að sinni. Jeg lofaði í upphafi ræðu minn-

ar að reyna að vera stuttorður, og held jeg, að mjer hafi tekist það, eftir atvikum, sæmilega vel. Því að á margt hefir þurft að minnast, eins og í liggur í hlutarins eðli.

Kristinn Daníelsson: Jeg hefi leyft mjer að koma með brtt. á 4 þgskj., þótt þær muni flestar þykja heldur smávægilegar, enda skal jeg ekki þreyta menn á löngu máli um þær.

Jeg kem þá fyrst að brtt. á þgskj. 831, um styrk til hreppsbúa í Kjósarhreppi, til þess að leita sjer læknishjálpar, 300 kr. hvort árið. Jeg hygg, að hv. deildarmönnum sje kunnugt um þá erfiðleika, sem þessi afskekta sveit á við að búa í þessu efni. Hún varð fyrir því einsdæmi í sögu læknisskipunarinnar, að læknir var tekinn af henni, sem hún var þegar búin að fá. Hefir verið farið fram á það, hvað eftir annað, við þingið, að læknir fengist aftur, en menn hafa þreyst á því, sökum þess, að allar tilraunir í þá átt hafa orðið árangurslausar. Nú er hins vegar reynt að fá þingið til að ljetta dálítið undir með hjeraðsbúum með smávegis fjárveitingu. Jeg leyfi mjer að vænta þess, að deildin sjái sjer nú fært að verða við þessum óskum, og samþykki brtt.

Um brtt. á þgskj. 832 þarf jeg ekki að tala, því að háttv. framsögumaður nefndarinnar (E. P.) hefir lýst yfir því, að nefndin hafi ekkert á móti því, að styrkurinn verði færður yfir á fyrra árið. Þessi nemandi, sem hjer ræðir um (Lára Sigurðardóttir), er búinn að vera eitt ár við nám sitt og býst við að verða þrjú ár í alt. Virðist því eiga vel við, að hún fái styrkinn á miðju námsskeiðinu.

Þá er brtt. á þgskj. 833. Þar er farið fram á, að Jóni Helgasyni, fyrv. vitaverði á Reykjanesi, verði veittar 500 kr. hvort árið. Nefndin mun hafa kynt sjer málefni þessa manns af skjölum þeim, sem borist hafa þinginu, og svo er vafalaust um fleiri þingmenn. Þessi maður hefir verið við vitavarðarstarf í 30 ár og stundað verk sitt vel, og er mjer persónulega kunnugt um, að hann hafði mikla ánægju af því að stunda þetta starf. En árið 1915 báru hásetar á skipi nokkru á hann, að vitinn hefði staðið nokkra stund, er ljós átti að vera á honum. Sjálfur hefir hann og menn hans ávalt borið á móti þessu og þóst geta fært sönnur á, að þessi áburður væri með öllu rakalaus. Svo hafa og nábúar hans borið það, að þeir hyggi víst, að hann hafi rjett fyrir sjer í þessu. Enn fremur hafa honum gagnast vitni fjölda skipstjóra, er telja vitann ávalt hafa verið í besta lagi. En alt hefir þetta komið fyrir ekki. Manninum var vikið úr stöðu sinni án allrar rannsóknar eða án þess að yfirheyra vitavörð og heyra, hvaða málsbætur hann hefði fram að færa. Var þetta gert á versta tíma árs, í byrjun júlímánaðar, þegar allir eru búnir að ráðstafa sjer í sumarvinnu, enda stóð nú maðurinn uppi vegalaus og ráðalaus með stóran barnahóp. Jeg geri ráð fyrir, að jeg þurfi ekki að lýsa þessu meir, en viss er jeg þess, að margur maðurinn hefir nú full eftirlaun hjer á landi, sem meiri sakir hafa verið á en þessum manni. Nú á hann afarerfitt uppdráttar, og vona jeg, að deildin sje mjer samdóma um það, að hann sje ekki óverðugur þess að hljóta þennan lítilfjörlega styrk, sem farið er fram á í brtt. Þó að mjer sje kunnugt um, að hugur hans hafi helst staðið til þess að fá eftirlaun, þá hefi jeg þó sett hann í 16. gr., því að jeg hugsa ekki til, að styrkurinn verði veittur nema á þessu fjárhagstímabili. Ástæðan til þess að samþykkja þetta er því meiri, sem ekki vantaði nema herslumuninn til þess, að

það yrði samþykt í háttv. Nd. um daginn.

Þá kem jeg að fjórðu brtt. minni, á þgskj. 838, um styrkinn til skáldanna. Jeg geri ekki ráð fyrir, að það muni þykja vinsælt verk að fara fram á að fá þann styrk hækkaðan, eða líklegt til kosningabeitu. En jeg verð að játa það, að jeg hefi ávalt haft veikleika fyrir þeim mönnum, sem halda uppi bókmentaorðstír landsins, því að þar eigum við vorn besta auð.

Háttv. frsm. (E. P.) mælti á móti brtt. minni, en jeg heyrði ekki á ræðu hans, að hann hefði athugað, til hvers jeg hefði ætlast með þessari hækkun. Vona jeg því, að nefndin líti öðruvísi á málið, er hún hefir heyrt ástæður mínar fyrir brtt. Jeg hefi haft skáldið Guðmund Guðmundsson fyrir augum með þessari hækkun. Eins og mönnum er kunnugt sótti Einar Hjörleifsson um 2400 kr. styrk, og tók stjórnin þá umsókn til greina og hækkaði skáldastyrkinn úr 11000 í 12000 í fjárlagafrv. sínu með það fyrir augum. Fjárveitinganefndirnar hafa verið þessu samþykkar, og er vonandi, að hann fái þessa fjárupphæð. Því fer líka mjög fjarri, að jeg vilji draga úr því, að sá maður njóti góðs, en mjer virðist Guðmundur Guðmundsson standa honum að miklu leyti jafnfætis, og að allar ástæður sjeu svipaðar. Hagur þeirra beggja er að því leyti líkur, að báðir munu eiga örðugt með að hafa ofan af fyrir sjer með öðru en því góða pundi, sem þeim er gefið, ef þeir eiga á annað borð nokkuð við það að fást. Það vita allir, að lítill gróðavegur er að bókaútgáfu hjer á landi, en þjóðin eignast ljóðin; þau verða auður hennar, og mundi hún vilja þá menn ókvalda, er gefa henni jafngóðan auð.

Guðmundur Guðmundsson er mjög vinsælt skáld, enda er snildin frábær á verkum hans. Auk þess eru ljóð hans siðbætandi og holl. Einn af ágætustu gáfumönnum þessa lands sagði, þegar bók hans »Friður á jörðu« kom út, að ef hún hefði komið út hjá stórþjóð, þá mundi höfundurinn hafa hlotið Nóbelsverðlaun fyrir, en því miður er ekki slíku til að dreifa hjer á landi. Afkastamaður er Guðm. Guðmundsson mjög mikill, og hefir nú gefið út á þessu ári gullfallegt ljóðasafn. Ætti því vel við, að þjóðin sæi þetta við hann og hækkaði nú styrkinn nokkuð. Annað verk mun hann hafa í smíðum, og segja þeir menn, er sjeð hafa, að það muni verða ágætisverk.

Jeg vona, að jeg þurfi ekki meira um þetta að segja. Þessi maður hefir notið 1000 kr. styrks undanfarið, og nú fer jeg fram á, að styrkur til hans verði hækkaður um 1400 kr. og gerður jafn styrknum, sem Einari Hjörleifssyni er ætlaður. Þó hefi jeg látið varatillögu fylgja, ef vera mætti, að mönnum geðjaðist hún betur. Vona jeg, að háttv. deildarmönnum vaxi þetta ekki svo í augum, að þeir geti ekki orðið við tilmælum mínum, og vænti jeg þess, að þessi maður verði ekki látinn gjalda þess, að jeg hefi flutt mál hans, af vanefnum mínum og ekki eins vel og skyldi.

Aðrar tillögur mun jeg lítt minnast á, en sýna með atkvæði mínu, hvernig jeg lít á þær. Þó er ein tillaga, sem jeg get ekki leitt hjá mjer að minnast lítið eitt á. Það er 27. brtt. nefndarinnar, um styrkinn til Flensborgarskólans. Leggur nefndin til, að hann sje því að eins veittur, að 1000 kr. tillag komi og frá Hafnarfirði og Gullbringusýslu. Vona jeg fastlega, að nefndin haldi ekki fast við þetta og að deildarmenn lagfæri þetta í frv., því að

ákvæðið má ekki fyrir nokkurn mun standa. Það er beinlínis tilræði við skólann. Það hefir aldrei áður verið hugsað til þess, að skólinn skyldi eiga tilveru sína undir þessum sveitarfjelögum, heldur ávalt farið með hann sem landsskóla og hann verið styrktur eftir þörf af þingi. Nemendur hafa einnig sótt skólann hvaðanæfa af landinu, og sýnir það bæði, hve mikla þörf hann hefir bætt og hve velmetinn hann hefir verið. Jeg get alls ekki búist við, að Hafnarfjörður vilji leggja neitt meira til skólans en hann þegar gerir. Lætur hann skólanum í tje ýms hlunnindi, svo sem ókeypis vatn og ljós, og auk þess leikfimihús. Meira er ekki hægt að ætlast til af Hafnarfirði, því að hann hefir að sjálfsögðu ekki neinar sjerstakar skyldur við skólann. Og enn fjær sanni er að ætlast til, að Gullbringusýsla leggi sjerstaklega til skólans. Og hví er þá ekki Kjósarsýsla tekin með? Gullbringusýsla virðist eiga þess að gjalda, að hún liggur upp að Hafnarfirði, en það gerir Kjósarsýsla líka, og alt er þetta í sama lögsagnarumdæminu, svo að mjer er ómögulegt að sjá, hvað sú aðgreining á að þýða. Annars veit jeg með vissu, að Gullbringusýsla leggur ekkert til skólans, enda hefir hún nógar aðrar byrðar að bera. Og þótt sýslan liggi að þessum kaupstað, sem skólinn er í, þá notar hún hann ekki meir en aðrar sýslur. Það má sjá í skýrslum skólans, að undanfarandi ár hafa t. d. verið 5—7 nemendur að meðaltali úr Húnavatnssýslu, en ekki nema 1—3 úr Gullbringusýslu. Stæði þá nær Húnavatnssýslu að leggja eitthvað af mörkum til skólans, ef eftir þessu ætti að fara, heldur en Gullbringusýslu. Þessi athugasemd er því ekki á neinum rökum bygð, og getur háttv. deild ekki látið frv. frá sjer fara með henni. Hún myndi ríða skólanum að fullu, en það var víst ekki tilgangurinn. Ætli þingið að varpa frá sjer þessum skóla, með þeim vinsældum, sem hann á að fagna um land alt, með því stórmikla gagni, sem hann hefir gert, og sögu hans, myndi það fara öðruvísi að. Að vísu veit jeg, að ýmsar raddir hafa oft risið hjer í þinginu á móti skólanum, en þó hefir betri kosturinn altaf verið tekinn, að styrkja hann eftir þörfum, og vona jeg, að svo verði einnig nú. Læt jeg svo útrætt um þetta atriði, í þeirri von, að háttv. fjárveitinganefnd og háttv. deild haldi ekki fast við þessa brtt.

Þá vil jeg drepa á 39. brtt. nefndarinnar, á þgskj. 811. Það er styrkurinn til Frímanns B. Arngrímssonar. Neðri deild samþykti að veita honum 600 kr. hvort árið, en nú leggur háttv. fjárveitinganefnd til, að styrkur þessi verði að eins veittur fyrra árið. Jeg veit ekki, hvort þessi maður á nokkra formælendur hjer í háttv. deild, og vildi jeg því leggja honum liðsyrði. Maðurinn er mjög gáfaður og hefir haft brennandi áhuga og löngun til að vinna fósturjörð sinni gagn, þótt auðnan hafi eigi brosað við honum. Hann hefir barist við fátækt erlendis, árum saman, og er nú hniginn að aldri. En þótt hann sje nú aldraður, hefir hann enn löngun til að vinna. Vil jeg því fastlega mæla með því, að styrkurinn verði látinn standa óhaggaður.

Þá leggur nefndin til, að fjárveitingin til þess að semja íslenska orðabók, verði lækkuð um helming, eða úr 6000 niður í 3000 kr. Jeg verð að telja það misráðið, að háttv. nefnd hefir komist að annari niðurstöðu í þessu efni en háttv. Nd. Jeg hefi ávalt litið svo á, að þetta væri ekki eins manns verk, ef það ætti að koma að nokkru gagni. Með öðrum þjóðum vinna ætíð margir menn að slíku verki. En þótt vjer sjeum fáir og fátækir, þá er tunga vor þó eins auðug

og annara þjóða, og síst minni fyrirhöfn að semja vísindalega orðabók yfir hana. Væri því vert, að við legðum fram krafta okkar til þessa starfs. Jeg hygg því rjettara, að þessi háttv. deild yrði samferða systurdeild sinni í þessu atriði.

Magnús Torfason: Jeg er svo óheppinn að eiga 2 brtt., og neyðist því til að fara um þær fáum orðum. Önnur þeirra er á þgskj. 829. Sú brtt. fer fram á, að styrkurinn til húsmæðraskólans á Ísafirði verði hækkaður um 200 kr. á ári, eða úr 1600 kr. í 1800 kr. Ástæðan til þess, að jeg ber þessa brtt. fram, er sú, að kvenfjelagið »Ósk« á Ísafirði, sem stendur að þessum skóla, hafði farið fram á það við stjórnarráðið, að styrkurinn yrði hækkaður. Í aths. við þennan lið í fjárlagafrv. er tekið fram, að styrkurinn verði því að eins veittur, að 600 kr. tillag komi í móti annarsstaðar frá. Þessi krafa er harðari en venja er til, því að engum öðrum skóla er gert að skyldu að leggja fram meira en þriðjung til móts við landssjóðsstyrkinn, í mesta lagi. Brtt. fer nú fram á, að þessu lágmarki verði náð og landssjóður leggi til 1800 kr., gegn 600 kr. tillagi annarsstaðar frá. Til samanburðar vil jeg geta þess, að iðnaðarskólarnir eiga að leggja fram $^1/_5$ gegn $^4/_5$ úr landssjóði. Skóli þessi er eini sjerskólinn, sem til er í Vestfirðingafjórðungi, sem landssjóður leggur nokkurn styrk. Hann er í upphafi stofnaður af fátæku kvenfjelagi af megnum vanefnum, og vantar enn þá mikið af nauðsynlegustu áhöldum. Jeg vænti þess, að fjelaginu sje gert það kleift að halda skólanum sæmilega uppi, en til þess þarf það meiri styrk en áður, sökum dýrtíðarinnar.

Þessi skóli er, eins og jeg gat um, eini skólinn í Vestfirðingafjórðungi, sem hefir styrk úr landssjóði. Það hefir verið farið fram á, að stofnaður yrði gagnfræðaskóli á Ísafirði, en það var kveðið niður. Síðan var farið fram á, að sjómannaskóli yrði settur þar, en því var ekki heldur sint, og vita menn afdrif þess máls hjer í þinginu. Skóli sá, er hjer er um að ræða, veitir hagnýta mentun, sjermentun. Jeg vil geta þess, að fjelagið hafði í huga að stækka hann að mun. Það var mjer að kenna, að ekki var farið fram á fjárveitingu í þessu skyni. Var þó full þörf á að stækka hann, þar eð aðsóknin er mjög mikil og fer sívaxandi. Skólinn er fyllilega þess verður, að hann verði aðnjótandi styrks úr landssjóði. Hann hefir gert stórmikið gagn og alið upp mörg húsfreyjuefni. Hann leggur áherslu á reglusemi og hagnýtni í hvívetna, og það er á allra vitorði þar vestra, að hann hefir haft mikil og góð áhrif, og menn enn betur kunnað að meta gagn hans í dýrtíðinni. Skólanum er vel stjórnað og mikil áhersla lögð á alla háttprýði, kurteisi og siðsemi, og er bersýnilegt, að nemendur hans aukast mikið að manngildi. Fjelagið, sem stofnaði hann, hefir gert mjög mikið gagn. Hika jeg ekki við að lýsa yfir því, að kvenfjelagið »Ósk« er langmyndarlegasta kvenfjelagið hjer á landi, að Thorvaldsensfjelaginu einu undanteknu, þótt það hafi hingað til starfað af mestu vanefnum, og að því standi mest fátæklingar. Jeg vona því, að þessari litlu brtt. verði vel tekið. Á þessu þingi virðist sú stefna mjög rík, að landssjóði beri að styrkja fjórðungana til að halda uppi mentastofnunum heima hjá sjer. Þingið hefir samþykt Eiðaskólann, og einnig verður vafalaust samþyktur kvennaskóli á Norðurlandi, sem verður mjög stór í vöfum. Og sje skólinn á Ísafirði borinn saman við þann skóla,

er það augljóst, að kvenfjelagið hefir sparað landssjóði mikið fje með því að halda skólanum uppi með sjerstakri framsýni og sparnaði. Jeg sje, að til undirbúnings Norðurlandsskólanum eru ætlaðar 2000 kr. Jeg skal síst telja það eftir, en vil að eins benda á, að allur styrkurinn til Ísafjarðarskólans nemur ekki þessari undirbúningsfúlgu.

Háttv. frsm. (E. P.) gat þess, að því síður væri ástæða til að hækka þennan styrk, sem í ráði væri að leggja alla skóla niður í vetur. Því er til að svara, að þingið hefir einmitt hækkað styrkinn til annara skóla vegna dýrtíðarinnar. En dýrtíðin kemur vitanlega niður á þessum skóla jafnt sem öðrum, og yrði hann þá út undan, að sínu leyti líkt og símastöðin í Vestmannaeyjum átti að verða. Mjer skildist á háttv. frsm. (E. P.), að nefndin hefði ekki þorað að leggja til, að styrkurinn yrði hækkaður, þar eð hana hefði brostið kunnugleika. Vona jeg nú, er jeg hefi lýst hag skólans og starfi hans, að háttv. nefnd geti fallist á hækkunina með góðri samvisku.

Hin brtt., sem jeg er fim. að, er á þgskj. 830, við 21. gr., að Ísafirði sje veitt 90 þús. kr. lán úr viðlagasjóði til raflýsingar. Er sú tillaga í samræmi við það, að Patreksfirði er veitt 55 þús. kr. lán í sama skyni. Jeg skal geta þess, að það er ekki tilætlun Ísfirðinga að nota þessa heimild, nema mjög mikið batni í ári, og býst jeg við, að þessi lánveiting verði fremur á pappírnum heldur en verkið komi til framkvæmda á þessu fjárhagstímabili. Er því óhætt að samþykkja tillögu þessa, eins og líka háttv. fjárveitinganefnd hefir lagt til að gert verði.

19. brtt. nefndarinnar, á þgskj. 811, við 13. gr. E. I. a., fer fram á, að laun vitamálastjóra verði hækkuð um 200 kr. á ári, úr 4000 kr. í 4200 kr. Þessari brtt. get jeg ekki gefið atkvæði mitt, sjerstaklega eftir að hafa heyrt ástæður háttv. frsm. (E. P.) fyrir henni. Jeg álít sem sje hollast að hafa Íslendinga til að sinna störfum okkar. Og þá ekki síst þeim störfum, sem þannig eru vaxin, að menn þeir, sem þeim eiga að sinna, verða að vera nákunnugir högum vorum og landsháttum.

Einnig býst jeg við því, að settur verði sjerstakur hafnarverkfræðingur fyrir alt landið, og yrði þeim störfum þá ljett af þessum manni, er ekki var í upphafi ætlast til að hann gegndi, enda veit jeg ekki til, að hann hafi neina sjerþekkingu í þeim greinum.

Jeg hafði búist við því, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) gæfi deildinni upplýsingar um fjárhag landsins. Það er ef til vill til ofmikils mælst, því að þótt hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) gangi að vísu ekki í barndómi enn þá, þá er hann þó svo nýr af nálinni, að hann hefir ef til vill ekki getað kynt sjer, hvernig fjárhag landsins væri komið, eins vel og hann hefði óskað. En gott væri þó að fá einhverjar upplýsingar í þessu efni.

Fjármálaráðherra (S. E.): Hv. deild er kunnugt um það, hve stuttur tími er síðan jeg tók við embætti. Jeg hefi því ekki getað athugað fjárhag landsins eins ítarlega og æskilegt hefði verið. Jeg vil einnig leyfa mjer að taka fram, að fyrirrennari minn gaf nákvæmt yfirlit yfir fjárhag landsins um leið og hann lagði fjárlagafrv. fyrir þingið. Sje jeg því ekki ástæðu til að drepa á nema fáein atriði.

En fyrst vil jeg leyfa mjer að lýsa yfir því, sem öllum háttv. þingmönnum að vísu er kunnugt, en jeg vildi þó að sæist í Alþingistíðindunum, að hin nýafstöðnu ráðherraskifti stafa ekki af neinum ágreiningi milli hins fráfarandi

ráðherra og Sjálfstæðisflokksins. Hins vegar vildi Sjálfstæðisflokkurinn ekki skorast undan þeirri ábyrgð að taka þátt í stjórn landsins á þessum erfiðu tímum.

Samkvæmt landsreikningnum fyrir árið 1914 er tekjuhallinn á því ári		kr.	311,307 95
En í landsreikningnum er fært til jafnaðar fje, er lagt var til landsverslunarinnar		—	394,315 85
Er því tekjuhallinn á því ári		kr.	705,623 80
Tekjuafgangur á árinu 1915 er samkvæmt landsreikningnum		—	129,769 52
Tekjuhalli er því á fjárhagstímabilinu 1914—1915		kr.	575,854 28
En frá honum má aftur draga þá upphæð, er lögð hefir verið til landsverslunarinnar á því tímabili, og var hún 1914	kr. 394,315 85		
og árið 1915	— 131,645 60		
		—	525,961 45
Eru þá eftir		kr.	49,892 83
En samkvæmt svörum stjórnarinnar við athugasemdum endurskoðenda landsreikninganna virðist mega hækka þennan tekjuhalla um	kr. 21,946 01		
er stafa af skakkri sjóðsuppgerð hjá landsfjehirði 1914, og enn fremur um	— 52,680 83		
sem stafar af því, að sú upphæð hafði verið tekin út af innieign landsverslunarinnar í Íslandsbanka árið 1915, til afborgunar og vaxtagreiðslu af láni landssjóðs frá 1909, en það var þeim ókunnugt um, er útgjaldahlið landsreikninganna samdi		—	74,626 84
og verður tekjuhallinn á fjárhagstímabilinu þá í raun og veru		kr.	124,519 67
Tekjuafgangur hefir orðið á árinu 1916, eftir því sem næst verður komist		—	298,778 00
og virðist þá tekjuafgangur á árunum 1914—1916 vera alls		kr.	174,258 33

En þessar tölur skýra að eins frá hag landssjóðs í þrengra skilningi. Landssjóður hefir varið miljónum til vörukaupa og skipa, og hefir þá eins mikla þýðingu að fá að vita, hvað þeim reikningum líður. Í gær gat jeg þess, hver hagur landsverslunarinnar var 1. maí síðastliðinn. Get jeg ekki að svo stöddu gefið frekari upplýsingar um það atriði. En þó get jeg bætt því við, að landssjóður hefir orðið að binda sig mjög miklum lánum. Víxlar hafa verið teknir til skipakaupa, er nema ca. kr. 2,360,000, og verslunarvíxlar eru að upphæð um kr. 2,800,000. Auk þess hefir verið tekið lán í Kaupmannahöfn, kr. 3,500,000. Á móti þessum lánum — hjer eru ekki gömlu föstu lánin — eru vitanlega miklar eignir, 3 skip, Villemoes, Borg og Sterling, og miklar birgðir af verslunarvörum, en hve miklar hefi jeg ekki enn getað rannsakað. En þessar skuldir, þótt eignir sjeu miklar á móti, sýna, að landið hefir reynt töluvert á lánstraust sitt, og eins hitt, að skuldum þessum er mjög illa fyrir komið. Og

þegar litið er á fjárlagafrv. fyrir árin 1918—1919, sem nú liggur fyrir háttv. deild, má búast við alt að einnar miljónar kr. tekjuhalla. Jeg segi þetta ekki til þess að mála ástandið með ofsvörtum litum, enda býst jeg við, að þótt fjárhagur landssjóðs sje þröngur, þá hafi landið grætt á ófriðarárunum. Jeg tek þetta að eins fram til að færa mönnum sönnur á, að ástæða er til að fara eins varlega á ýmsum sviðum og frekast er unt. Hins vegar hefi jeg ekki, á þessu stigi málsins, sjeð mjer fært að bera fram brtt. í þá átt að lækka útgjöldin, veit, að slíkar tillögur mundu engan byr fá, því að flestir liðirnir eru nú fastráðnir, en þær breytingartillögur, sem komið hafa fram hjer í háttv. deild nú, skifta ekki svo máli, að þær hafi, hvernig sem um þær fer, veruleg áhrif á hag landssjóðs. Og sje jeg ekki ástæðu til að eyða tíma í að tala um hverja breytingartillögu fyrir sig, en mun með atkvæði mínu sýna afstöðu mína til þeirra.

En það vil jeg taka fram, eins og jeg vjek að áðan, að mjer virðist skuldum landssjóðs ekki vel fyrir komið; mjer virðist hann vera ofmikið bundinn við víxla og dýr hlaupandi lán, og mjer virðist hann, eins og stendur, fullbundinn við bankana hjer. Að því ber og að gæta, að ef þrengir að atvinnuvegum, sjerstaklega sjávarútveginum, þá eiga bankarnir örðugra aðstöðu, og ef landssjóður bindur bankana ofmikið, þá þrengja þeir að kosti einstaklinganna. Mjer virðist því, að landssjóður verði að reyna að fá sjer stórt lán með hagkvæmum kjörum, ekki að eins til að losa sig við víxlana, heldur einnig til að tryggja framtíð landsins á þessum örðuga tíma. Að þessu vil jeg reyna að vinna af fremsta megni, en hvernig það tekst veit jeg ekki.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg vil ekki segja, eins og háttv. þingm. Ísaf. (M. T.), að jeg sje svo óheppinn að eiga hjer tvær breytingartillögur við fjárlögin. Jeg tel það hvorki hepni nje óhepni; það er gert með frjálsum og fúsum vilja, en hepni eða óhepni er ekki annað en það eitt, sem ekki er hægt að ráða við.

Jeg vil fyrst minnast á brtt. mína við 15. gr. 20. c, um að sá liður falli niður; það er með öðrum orðum, að eigi verði nú eytt 40 þús. kr. til þess að auka við byggingu þá, sem reist hefir verið uppi á Skólavörðuholtinu, fyrir hið svonefnda listasafn Einars Jónssonar.

Jeg hefi athugað það, að svo lítur út, sem fjárveitinganefndir beggja deilda hafi haft þá reglu að taka ekki upp í fjárlögin fjárveitingar til fyrirtækja, er krefjast aukins kostnaðar fyrir útlent efni, en til þessarar byggingar þarf mikið útlent efni, sement, og ef hún verður bygð nú, þarf að leggja út fyrir það fje, og viða það að landinu, og mun margt vera meiri þarfaflutningur og brýnni þörf fyrir en sement til þessa. En svo ber líka að gæta þess, að sement er nú margfalt dýrara en það hefir verið nokkru sinni áður, og væntanlega miklu dýrara en það verður í framtíðinni, svo að það er óheppilegt og fjárhagslegt tap að kaupa meira af því nú en beinlínis er nauðsynlegt. Og að þetta hafi verið stefna fjárveitinganefndanna skilst mjer vera bert, þegar litið er á það, að þær vilja láta fresta t. d. brúargerðum o. fl. slíku, er útlend efni, svo sem sement, þarf til, og ólíku þarfari eru þó brúargerðir en þetta, og rjettara að verja fje til þeirra. Jeg lít svo á, en það getur verið að það sje fáfræði, að þetta sje eitthvert hið óþarfasta verk, sem peningum hefir verið varið til nú í langan tíma, og að til fyrirtækis þessa hafi

stofnað verið með lítilli, eða engri fyrirhyggju. Byrjað var á því að leggja fram 4000 kr. til þessa fyrirtækis, og var þá sagt af talsmönnum þess, að sú upphæð nægði, en nú, þegar verst stendur á, erfiðast er með fje og efni dýrast, þá er farið fram á að bæta við 40000 kr. í þessu skyni. Þetta sýnir ljósast, hversu fyrirhyggjan er mikil, og hversu rjett áætlun talsmanna þessa máls var. En svo er ekki nóg með þetta. Auk þessara fjárframlaga hafa einstakir menn verið gintir til að leggja fram stórfje til þessarar byggingar, alls 19400 kr.; eftir því sem jeg hygg, og fram kom undir umræðum málsins í háttv. Nd., þá á ekki að endurgreiða þeim neitt af fjárframlögum sínum af þessum 40 þús. kr., sem hjer eru veittar. Og ekki gerir þetta fyrirtækið glæsilegra eða forsjálegra.

Ef menn vilja gæta að upphafi þessa máls, þá er það svo, að þingið tók að styrkja ungan mann og óreyndan til náms, og það styrkti hann án þess að það vissi með vissu, hvernig hann mundi reynast, en þótt það gerði það, þá getur það ekki verið skuldbundið til þess að ala önn fyrir honum eða ausa út fje til hans fyrirhyggjulaust ár eftir ár og má ske öld eftir öld. Því að ekki er alt búið þótt húsið verði bygt; einhvern rekstrarkostnað þarf við það á ári hverju. Og þótt húsið komist upp, þá er mikið eftir samt; það þarf að gera það vel notandi og fagurt á að líta, og það skyldi ekki undra mig, eftir því áframhaldi, sem verið hefir á þessu máli, þótt næst yrði farið fram á 400 þús. króna fjárveiting í því skyni, og gott ef það dugir. Það er margt, sem eftir er að gera við húsið; það er sett niður uppi við Skólavörðu, innan um tómt eggjagrjót, á einhverjum ljótasta staðnum, sem til er í Reykjavík, að öllu öðru en því, að hann liggur hátt og í fjarlægð frá miðbænum — má ske til þess, að það verði síður skoðað, — og það kostar stórfje að gera svo að útbúnaði kringum húsið, að það verði fagurt á að líta og girnilegt til fróðleiks. Það er alveg einstök sjerviska að velja slíkan stað handa húsinu; það er eins og fávitar, óvitar eða ofvitar hafi hjer ráðið, og hugsað um það eitt að ausa út fje. Og svo þarf náttúrlega að höggva allar myndirnar í marmara, og ætli að þá þurfi ekki nokkrar miljónir? Og þetta hús er bygt að eins yfir eitt myndasafn, en ekki yfir flokk mynda eða fleiri söfn. Þarna verða ýmsar góðar myndir, en líka margar leiðar og ljótar.

En hvernig færi nú, ef upp risi meðal vor enn þá stærri myndhöggvari? Hvað ætti þá að gera? Því svara talsmenn þessa máls vitanlega svo, að þá eigi að byggja aðra byggingu — þeir geta ekki annað, ef þeir eiga að vera sjálfum sjer samþykkir — og þá byrja á því að veita til þess 4 þús kr., sníkja síðan út 19 þús. kr., rúmar þó, fá svo veittar 40 þús. og loks 400—500 þús. kr., eða hamingjan má vita hve mikið. Svona er gangur þessa máls; ekki er hann glæsilegur eða fagur til afspurnar.

Vegna þess, að þetta er skuggalegasti liðurinn í fjárlögunum, þá hefi jeg viljað koma fram með þessa brtt., þótt jeg heyri á undirtektum háttv. frsm. fjárveitinganefndarinnar (E. P.), að hún eigi ekki að ná samþykki. Jeg hefi samt viljað láta í ljós skoðun mína á þessu efni, og það þeim mun fremur, sem jeg hefi ekki áður haft tækifæri til þess. Og þeim mun rjettara er að samþykkja tillögu mína, þar sem nú er dýrtíð á allar lundir, og fram hefir komið tillaga um að veita fólki dýrtíðarhjálp, með því að selja eina vörutegund langt undir verði, og hjálpa með því að lána fje, sem vitanlega er tvísýnt að endurgreiðist. Það hafa verið strikuð út ýms

nauðsynjafyrirtæki, og að vera þá að moka út fje til þessa, tel jeg lítt til gagns eða sóma fyrir landið. Jeg get ekki annað en litið svo á, sem það sje ótilhlýðilega farið með peninga. Og þótt landssjóður hafi kastað út 4 þús. kr. í þessu skyni, og leitt sje, að byrjað hefir verið á verkinu, þá er þó betra að hætta áður en lengra er komið. Máltæki eitt hljóðar svo: Það er betra að stiga í eldinn en standa í honum. Það á fyllilega við um þetta.

Jeg býst við því, að sá verði endir þessa máls hjer í háttv. deild, að till. sú, er háttv. þm. Snæf. (H. St.) hefir borið fram, um að heimila stjórninni að fresta framkvæmd verksins, verði samþykt. Jeg get felt mig við þá tillögu, og að líkindum mun á sama standa, hvort mín tillaga eða þessi verður samþykt, því að skapnaður sem þessi gengur altaf aftur. En eigi nenni jeg að taka tillögu mína aftur, því að eigi tek jeg mjer svo nærri, þótt hún falli, þótt leitt sje það ætið þegar rjett mál verður að lúta í lægra haldi, en greiða mun jeg atkvæði tillögu háttv. þm. Snæf. (H. St.), eftir að mín er hnigin í valinn. En það hljóta allir að sjá, að bygging þessi er til leiðinda í alla staði, valinn versti og dýrasti tími til að koma henni á fót og hrúgað niður á auðnulitinn, óheppilegan stað, sett þarna eins og ný Steinkudys, í stað hinnar gömlu, er upp var rifin.

Þá er hin brtt., er jeg hefi gert við 20. lið 16. gr., um fjárveitingu handa erindreka Fiskifjelagsins erlendis. Í frv., eins og það kemur frá hv. Nd., er gert ráð fyrir að veita 4000 kr. hvort árið í þessu skyni, en jeg er nú það stórtækari en hv. Nd, að jeg vil færa styrkinn upp í 8000 kr. á ári. Jeg veit, að það hafa margir gert sig ánægða með minna en það, að styrkir til þeirra væru hækkaðir um helming, en eftir orðum háttv. framsm. (E. P.) þá er því ekki að heilsa hjer, því að hann vill, fyrir hönd fjárveitinganefndar, láta hækka styrkinn upp í 12000 kr. hvort árið, og segir, að það sje gert með tilliti til ferðakostnaðar og uppihalds. En jeg hygg, að 8000 kr. nægi fullkomlega til þess, og mjer skilst, að ef erindrekinn ferðast eitthvað í þágu sjerstakra atvinnuvega, þá geti sú atvinnugrein greitt honum ferðakostnaðinn eða þennan 4 þús. kr. mismun. Jeg veit, að við, sem störfum að landbúnaðinum, höfum gert svo, og lögðum 1% á kjötið í því skyni, og jeg býst ekki við, að sjávarútvegurinn þyrfti að setja slíkt gjald hærra hjá sjer en 1‰, því að þar er um svo miklu stærri tölur að ræða. Og svo datt mjer í hug, að úr því að háttv. Nd. feldi tillögu um 12 þús. kr. fjárveiting til þessa, þá væri þessi hv. deild ekki það ólík henni, að henni þættu 8000 kr. nægja og gæti aðhylst það.

Hvað það atriði snertir, að landbúnaður geti síðar fengið slíkan erindreka, þá ljæ jeg því ekki eyru. Fyrst og fremst fer jeg ekki í neinn metnað milli landbúnaðarins og sjávarútvegarins, og í öðru lagi hygg jeg, að landbúnaðurinn þurfi ekki fyrst um sinn frekari erindreka en hann getur sjálfur greitt, og jeg frábið mjer allan metnað á milli þessara atvinnuvega.

Jeg legg ekkert kapp á það, hvort þessi tillaga nær fram að ganga eða ekki, en mjer finst hún vera sanngjörn leið og stilt svo við hóf, að líklegt sje, að bæði þeir, sem eru með 12 þús. kr., og þeir, sem eru með 4 þús. kr., geti felt sig við hana.

Á eina brtt. hv. fjárveitinganefndar vildi jeg minnast og gera þar grein fyrir skoðun minni, þótt jeg að öðru leyti láti mjer nægja að gera það með atkvæði mínu. Er það brtt. nefndarinnar um Flensborgarskólann. Jeg er þar á sama máli og hv. 2. þm. G.-K.

(K. D.), að mig undrar það, að háttv. fjárveitinganefnd skyldi koma fram með þessa tillögu. Jeg álít, að það sje gersamlega rangt hjá nefndinni, að þessi skóli sje sveitaskóli; hann er landsskóli, en ekki fyrir einstakan hrepp eða sýslu, og þótt skólinn kunni að vera notaður meir úr sveitum þeim, er þar liggja að, en úr fjarlægari sveitum, þá er rangt að segja, að hann sje sýsluskóli fyrir það. Slíkt hið sama mætti þá segja um gagnfræðaskólann á Akureyri, því að mest mun hann vera sóttur af Eyfirðingum og Suðurþingeyingum, og allmjög mun muna á sókn þeirra í skólann og t. d. Sunnlendinga. En báðir skólarnir hafa líkum skyldum að gegna, og rjett til að veita nemendum viðtöku, hvaðan sem þeir eru af landinu, og Flensborgarskólinn mun öllu fremur vera gagnfræðaskóli Vestfirðinga en Akureyrarskólinn. Og jeg lít svo á, sem tillaga þessi sje þeim mun ástæðuminni, sem fullkomin reynsla er komin um það, að Flensborgarskólinn hefir reynst vel, og því ástæðulaust að krefjast þess, að Hafnarfjarðarkaupstaður, eða annað sýslufjelagið af tveimur, er liggja að honum, leggi fram fje til hans.

Skóli þessi hefir reynst vel; hann hefir útskrifað pilta, sem hafa, eins og piltar frá Akureyrarskólanum, án frekara skólanáms, gengið inn í hinn almenna mentaskóla með góðum vitnisburði. Það er því óeðlilegt og óheppilegt, að þingið fari að gera þær kröfur til skólans, sem gætu orðið honum til skaða.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg skal ekki lengja ræður mjög mikið, enda má það ekki, ef háttv. deild á að ljúka 2 umræðu í dag, enda er jeg því ekki vanur.

Jeg vildi sjerstaklega minnast á 13. gr. og 16. gr. fjárlaganna.

Um brtt. hv. fjárveitinganefndar við 13. gr. vil jeg taka fram, að þær eru ekki neitt stórvægilegar. Jeg hefi í flýti farið yfir þær, og mjer finnast þær stiltar við hóf, og ekki hægt að komast af með minna fje. Sjerstaklega vil jeg taka það fram, að hækkun á fje til vitamálastjórans er á rökum bygð, og vænti jeg því, að það nái fram að ganga.

Jeg skal ekki blanda mjer í deiluna um Flensborgarskólann — það stendur öðrum nær — en jeg man ekki eftir því, að það væru færð nokkur rök fyrir því í hv. Nd., að hjer væri um landsskóla að ræða.

Við 16. gr. hefir sú breyting komið fram, að styrkurinn til húsmæðranámsins — undirbúningur undir forstöðu skólans — verði veittur síðara árið, og sje jeg ekki betur en að við það megi una, enda hefir hv. nefnd ekki lagt á móti því.

Um 45. brtt. á þgskj. 811 hefir þess verið getið, að hún sje að eins orðabreyting, og eftir mínum skilningi er þar ekki heldur um neina verulega efnisbreytingu að ræða, að eins bætt við einu atriði um tilsögn í endurskoðun reikninga.

Mun jeg því greiða atkvæði með brtt. þessari.

Þá er brtt. 811, 46., um erindreka Fiskifjelagsins. Í stjórnarfrv. voru áætlaðar 4000 kr., en fjárveitinganefnd Nd. bar fram brtt. um hækkun upp í 12000 kr. Var það felt með litlum atkvæðamun.

Jeg lít nú svo á, að full ástæða sje og brýn nauðsyn til að styðja fjelag þetta með erindreka, sjerstaklega til Vesturheims, þar sem miklar líkur eru til, að opna megi góðan markað. Og þegar þess er gætt, að 12000 kr.

eru litlu notadrýgri nú en 4000 kr. áður, vegna dýrtíðarinnar, þá álít jeg varhugavert að fella þessa till. nefndarinnar, þótt betra væri en ekki að samþ. brtt. háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) á þgskj. 854, um að styrkur þessi verði 8000 kr.

Jeg vil því mæla með þessari brtt. nefndarinnar, því að hjer er að ræða um starf, sem er vandasamt og erfitt, en hefir verið illa launað, eins og víðar hefir viljað við brenna.

Þá er till. á þgskj. 833, frá háttv. 2. þm. G. K. (K. D.), sem fer fram á, að veita fyrv. vitaverði Jóni Helgasyni 500 kr. styrk hvort ár. Það má ef til vill segja, að þetta sje gustukastyrkur. Slík hjálp hefir nú samt oft verið veitt áður, og jeg þykist vita, að þetta sje góður drengur, sem þreyttur er orðinn á þörfum störfum í þjónustu landsins. Þykir mjer því vel sæna að veita honum styrk þennan.

Vil jeg svo enda mál mitt, á líkan hátt og aðrir, með því, að jeg muni sýna afstöðu mína til einstakra liða með atkv. mínu.

Halldór Steinsson: Jeg á hjer þrjár brtt., en get verið stuttorður um þær, sjerstaklega þegar tvær þeirra hafa fundið náð fyrir augum háttv. fjárveitinganefndar. Jeg ætlá þó að drepa stuttlega á þær í röð.

Brtt. á þgskj. 840, við 15. gr. 20. d., fer fram á, að bætt sje aftan við liðinn um 40,000 kr. fjárveitingu til listasafns Einars Jónssonar þeirri aths., að stjórninni heimilist að fresta fjárveitingunni meðan stríðið stendur og efni og vinna verða ekki ódýrari. Mig furðar á, að stjórnin skyldi ekki setja þá athugasemd í frv. strax.

En ekki er svo að skilja, að jeg líti eins á mál þetta og hv. 4. landsk. þm. (G.G.). Jeg er algerlega á því máli, að landið reisi húsið, en verði þó að láta það bíða þangað til betur blæs og efni leyfa, svo framarlega sem safnið liggur ekki undir skemdum. Líka mætti, ef nauðsyn krefði, leigja hús fyrir safnið um nokkurn tíma, og væri það betra en að ausa út stórfje á þessum erfiðu tímum. Og jeg lít svo á, að þótt till. sje orðuð að eins sem heimild, þá leggi hún þó þá skyldu á stjórnina, að fresta verkinu meðan ekki batnar í ári.

Þá er brtt. á þgskj. 841. Hún fer fram á, að bætt sje þrem orðum við athugasemdina um ferðastyrk dr. Helga Jónssonar, grasafræðings, að á eftir orðunum »eftir reikningi« komi: er stjórnarráðið úrskurðar.

Líta mætti svo á, að með upphaflegu athugasemdinni væru engar skorður settar þeim reikningi, en ef orðum þessum er bætt við, getur því ekki orðið til að dreifa. En þótt þessi orð kunni að þykja óþörf, þá ákveða þau þó skýrt og greinilega það, sem áður var óákveðið. Jeg vil því leyfa mjer að halda fast við, að þessi till. verði samþ.

Þriðja brtt. mín er á þgskj. 842 og fer fram á að hækka styrkinn til Guðmundar Hjaltasonar um 200 kr. á ári.

Þegar jeg fór yfir 15. gr. fjárlaganna og sá, hverjum þar var ætlaður styrkur og hve mikill, þá duldist mjer það ekki, að sá maður var ranglæti beittur. Jeg þekki manninn lítið sem ekkert. Hefi heyrt hann halda þrjá fyrirlestra um mismunandi efni, og duldist mjer það þá ekki, að hann er skapaður til að vera fræðari lýðsins.

Eins og kunnugt er hefir hann átt við þröng kjör að búa. Hann fór ungur út í heiminn, komst til Noregs, og vegna þess, að hann var góðum gáfum gæddur, tókst honum að afla sjer þar góðrar mentunar, sem komið hefir að miklu gagni síðar, bæði honum sjálfum og mörgum öðrum.

Hann hefir nú ferðast um landið í mörg ár og haldið fyrirlestra um margs konar efni, því að maðurinn er sjerlega fjölhæfur. Og athugavert er það, að fyrirlestrar hans hafa verið ágætlega sóttir; bendir það ótvírætt á, að eitthvað hefir þótt til þeirra koma.

Þá má líka geta þess, að Ungmennafjel., sem enn þá eru hjer í æsku, eiga honum mikið að þakka. Hefir hann verið þeirra stoð og stytta. Hv. frsm. (E. P.) gat þess, að hann mundi láta sjer nægja 800 kr. En hver getur sagt um það? Hann hefir að vísu ekki farið bónarveg til fjárveitingarnefndarinnar og ekki heldur til mín nje neins annars þm.

En háttv. nefnd ætti að geta sett sig inn í það, að 800 kr. eru engin laun, þar sem þetta er aðalstarf hans. Og ef þingið samþ. brtt. mína, þá sýndi það um leið, að það metur starfið einhvers og vill styðja mentun íslensku alþýðunnar.

Um till. nefndarinnar þarf jeg ekki að fjölyrða. Mun sýna afstöðu mína til þeirra með atkv. mínu.

Brtt. háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) um að styrkja fyrv. vitavörð Jón Helgason er jeg alveg samþykkur. Eftir skjölum þeim, er hjer liggja frammi, hefi jeg komist á þá skoðun, að hann hafi verið beittur misrjetti af vitamálastjórn og landsstjórn, og álít jeg, að ekki væri oflangt farið, þótt áskorun væri gerð til stjórnarinnar um að taka málið upp aftur. Að minsta kosti væri styrkur þessi ekki ofmikil viðurkenning á ranglæti því, sem hann hefir verið beittur.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Háttv. þm. Snæf. (H. St.) minti mig á eitt atriði, sem mjer láðist að geta um áðan. Það var 39. brtt. á þgskj 811, sem jeg get ekki verið með. Hún fer fram á að taka 600 kr. styrkinn af Frímanni B. Arngrímssyni síðara árið. Þessi maður er vel gáfaður og hefir áhuga á mörgu, sem að gagni mætti verða, svo sem notkun rafmagns o. fl. Leitar hann nú styrks þessa til að ferðast um landið og safna jarðar- og steintegundum og leggja þær síðan fram til rannsóknar. Nú getur hann alls ekki komist af með minna en 2 ár til ferða þessara og rannsókna, og bersýnilegt er, að ekki er ofreiknaður ferðakostnaðurinn á 600 kr. hvort árið. Mannsins vegna álít jeg það ekki til ofmikils mælst, að einu sinni komi í ljós, að þjóðin vilji sinna áhuga hans, og verði það sýnt með því að láta hann hafa styrk þennan óskertan. Jeg mun því ekki greiða atkv. með þessari brtt. nefndarinnar.

Kristinn Daníelsson: Út af orðum þeim, sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) sagði um ráðherraskiftin, þá voru þau sjálfsagt á rökum bygð, en mega ekki skiljast sem hula á, að augu kunni að vera opnari eftir en áður fyrir göllunum á þannig samsettri stjórn af öllum flokkum til frambúðar.

Jeg get lýst þakklæti mínu til háttv. þingdm. fyrir undirtektir þær, sem brtt. mínar hafa fengið. Þó hefi jeg ásett mjer að taka aftur till. á þgskj. 831, um styrk til Kjósarhrepps, og till. á þgskj. 833, um styrk til Jóns Helgasonar, í því skyni að koma með þær aftur í öðru formi við 3. umr. Geri jeg það í samráði við háttv. fjárveitinganefnd. Er það gert vegna þess, að hæstv. forseti hefir tjáð mjer, að hann telji sig ekki geta, samkvæmt þingsköpum, leyft þeim aðgang aftur, ef þær verða feldar nú. Vona jeg svo, að hæstv. forseti taki þetta til greina við atkvgr.

Framsm. fjárveitinganefndar (Eggert Pálsson): Jeg hefi tiltölulega litlu að svara, því að fáir hafa tekið til máls, og till. nefndarinnar litlum mótblæstri mætt. Jeg þarf því ekki mikið að verja fyrir hennar hönd. En eðlilegt er, að menn hafi staðið upp til þess að mæla með brtt. sínum. Skal jeg nú minnast á þær í þeirri röð, sem formælendur þeirra tóku til máls.

Fyrstur var háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.). Um brtt. hans á þgskj. 831 og 833 þarf ekki að ræða frekar, þar sem þær eru teknar aftur. Um brtt. á þgskj. 832 er ekkert að segja heldur, því að um hana er engin ágreiningur. Þá er eftir brtt. hans á þgskj. 838, um að hækka skáldastyrkinn. Skýring hans var sú, að hækka bæri styrkinn við Guðm. skáld Guðmundsson með tilliti til þess, að hækkað er við Einar skáld Hjörleifsson.

Guðm. Guðmundsson er að vísu þaðan upp runninn, að jeg stend mig illa við að mæla á móti honum, en þó álít jeg, að samanburður geti ekki átt sjer stað á milli þessara tveggja manna. Einar Hjörleifsson er orðinn aldraður maður, og þótt kraftar hans sjeu enn óskertir til skáldskapar og geti enn varað langa tíð, þá hljóta þeir að fara þverrandi á öðrum sviðum, er að því stefna að bjarga sjer. En Guðm. Guðmundsson stendur upp á sitt besta til hvers sem vera skal.

Skáldskaparstefnan verður líka að koma til athugunar. Einar er söguskáld, en Guðm. ljóðskáld. Nú er það engin óvissa, hvort betur muni borga sig. Söguskáldið hefir ekkert nema ritlaunin, sem lág hljóta að verða hjer í fámenninu. Ljóðskáldið getur aftur á móti unnið sjer inn peninga á ýmsan hátt með gáfu sinni. Þess eru líka mörg dæmi, að hagyrðingar hafa aflað sjer fjár, við ýms tækifæri, með ljóðum sínum. Jeg get því ekki sjeð, að þessir menn þurfi að fylgjast að við styrkveitinguna.

Þá er sami háttv. þm. (K. D.) óánægður með till. nefndarinnar um Flensborgarskólann; sömuleiðis hefir háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) fundið hvöt hjá sjer til þess að verja skólann gegn þessari árás, sem svo er kölluð.

En þetta er alls ekki árás, heldur miðar það til þess að tryggja skólann sem best. Og jeg lít svo á, að þeir, sem ekki geta verið með till. þessari, beri ekki hag skólans fyrir brjósti, heldur hag Hafnarfjarðar og Gullbringusýslu.

Ef þetta er borið saman við það, sem venja er með aðra kaupstaðarskóla, þá getur tillagið alls ekki kallast hátt.

Eins og gefur að skilja stendur þessi till. nefndarinnar í sambandi við það, að þessi hjeruð hafa skólans mest not.

Ef athugaðar eru skýrslur skólans, kemur það í ljós, að skólaárið 1916—1917 hafa sótt hann 19 nemendur úr Hafnarfirði og 7 úr Kjósar- og Gullbringusýslu af 57 nemendum alls. Tæpur helmingur allra nemenda hans hefir því verið úr þessum hjeruðum.

Háttv. þingm. (K. D.) benti á það, að Kjósarsýsla ætti eins að styrkja skólann og Gullbringusýsla. En eftir skólaskýrslunni hefir ekki verið nema einn einasti nemandi úr Kjósarsýslu, og verður því Gullbringusýsla frekar skyldug til að leggja eitthvað af mörkum.

Því var haldið fram af sama háttv. þm., og líka af háttv. 4. landsk. þm. (G. G.), að líta bæri sömu augum á Flensborgarskólann og Akureyrarskólann. En það er ekki rjett, vegna þess, að hjer er annar skóli, gagnfræðadeild Mentaskólans, sem samstæður er gagnfræðaskólanum á Akureyri. Og jeg er ekki í neinum vafa um, að ef landið hefði ótakmarkað eignarforráð yfir

Flensborgarskólanum, og svo væri álitið, að hann væri samstæður gagnfræðadeildinni hjer, þá mundi ekki þessum tveimur skólum vera haldið uppi til lengdar, hvorum við hliðina á öðrum.

Það ber þess vegna ekki að skoða Flensborgarskóla sem fullkominn landsskóla, eins og t. d. Akureyrarskólann eða gagnfræðadeild Mentaskólans. Því að ef skoða bæri hann sem slíkan, þá lýsti það fávisku af hálfu þings og stjórnar að halda uppi tveim samskonar skólum, hvorum við annars hlið. Enda vitum vjer, að Flensborgarskóli er stofnaður með gömlu gjafabrjefi, sem ekki er hægt að breyta. Jeg get ekki skilið, að þessar tillögur fjárveitinganefndar sjeu tilræði við skólann. Nefndin hefir litið svo á, að forstöðumönnum skólans mætti einmitt þykja vænt um þær, og að Hafnarfjörður og Gullbringusýsla mættu sjá sóma sinn í að styrkja lítið eitt þennan myndarlega skóla.

Um brtt. háttv. þingm. Ísaf. (M. T.) er það eitt að segja, að þar er ekki um annað að ræða, sem á milli ber, en þessa 200 kr. hækkun til húsmæðraskólans á Ísafirði, og gefur að skilja, að jeg get ekki sem framsögumaður lagt krafta mína fram til þess að berjast um jafnlitla fjárhæð, — slíkt mætti skoða sem að deila um keisarans skegg. En fjárveitinganefndin verður samt að standa þar við sínar gerðir. Hún leit svo á, að hjer væri ekki um brýna nauðsyn að ræða, og ræða háttv. flutnm. (M. T.) hefir ekki sannfært mig um hið gagnstæða.

Hann lýsti því, hversu mikið gagn væri að þessum skóla og hversu mikils góðs mætti vænta af honum í framtíðinni. Og efast jeg ekki um, að sú lýsing sje rjett. En þess ber þó jafnan að gæta, að oft er lítt mark takandi á meðmælum manna með sínum eigin málstað; þá er oftast alt gott og blessað. (M. T.: Jeg skal muna eftir háttv. framsm. (E. P.), er hann kemur með till. frá sjálfum sjer).

Þá skal jeg víkja mjer að háttv. 4. landsk. þm. (G. G.).

Orðum hans um Flensborgarskólann hefi jeg þegar svarað.

Þá lagði háttv. þingm. (G. G.) það til, að 15. gr. 20. d. — 40000 kr. til listasafnshússins — falli burt, og verð jeg að segja, að jeg er ekki algerlega mótfallinn þeirri tillögu fyrir mitt leyti, og mundi hiklaust greiða henni atkvæði mitt, ef ekki væri þegar búið að eyða miklu fje til þessara efna. Því að þegar þessum litlafingri var smeygt inn í fjárlögin, að taka á móti og flytja heim listasafn Einars Jónssonar, var jeg á móti því. En það reynist hjer sem annars staðar, að þegar búið er að segja a, þá verður líka að segja b. Nú hafa verið lagðar 19,400 kr. til þessa húss frá einstökum mönnum, og hver veit, nema þessar 40,000 kr. sjeu að meira eða minna leyti bundnar? Vjer getum eins vel gert ráð fyrir því. Því að, eins og háttv. þingm. (G. G.) man, var upphaflega gert ráð fyrir þessari fjárveitingu í fjáraukalögunum. Og menn gera sjer oft von um, að þeir megi treysta því, sem þar stendur. Það gæti þess vegna komið sjer bagalega, ef þessi liður yrði feldur nú. — En samt skal jeg geta þess, að þetta er að eins ágiskun mín. — En jeg býst við, að reyndin verði sú, eins og háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) gat til, að þó að þessi liður yrði feldur að þessu sinni, þá muni hann ganga aftur, og þá finst mjer varnaglinn í till. háttv. þingm. Snæf. (H. St.) vera nægilegur.

Þá gat sami hv. þm. (G. G.) um fjárveitinguna til fiskierindrekans. Í brtt. sinni fer hann fram á, að þessum manni sjeu veittar 8000 kr. hvort árið. Hann kannast samt við það, eins og nefndin

gerði líka ráð fyrir, að 8000 kr. mundu ekki nægja til þess, að þessi maður geti lifað sómasamlegu lífi, tekist á hendur ferðalög og rekið vel starf sitt erlendis. En fyrir honum vakir hitt, að viðbótarinnar megi afla á annan hátt. Og í því sambandi benti hann á það, að um stutt skeið hefði erindreki samvinnufjelaganna verið fyrir landbúnaðinn, og hefði verið kostaður af samvinnufjelögunum. En jeg álít, að hvort sem um samvinnufjelög í land- eða sjávarsveitum er að ræða, þá sje í eðli sínu rangt, að þau kosti manninn af sínu eigin fje. Því að gagnið, sem þessir menn kunna að vinna, rennur ekki einvörðungu til þessara fjelaga, heldur verður það alþjóðargagn. Þess vegna eiga þessir menn að vera kostaðir af alþjóð. Enda mundi þetta alt koma í sama stað niður, að því er til landssjóðs kemur. Því að ef Fiskifjelagið greiddi erindrekanum viðbótina, mundi afleiðingin af því verða sú, að landssjóður yrði að auka tillag sitt til Fiskifjelagsins að sama skapi. Því að síst mun fjelagi þessu vera ætlað tillag um of í fjárlögunum; að minsta kosti mundi fjelagið ekki vilja kannast við það.

Háttv. þingm. Snæf. (H. St.) þarf jeg fáu að svara. Brtt. hans á þingskj. 840 og 841 hefir fjárveitinganefndin gefið meðmæli. Það er að eins brtt. hans á þingskj. 842, um að hækka styrkinn til Guðmundar Hjaltasonar, sem nefndin hefir ekki getað tjáð sig meðmælta. Þessi hækkun er vitanlega ekki mikil. En þrátt fyrir það, að nefndin viðurkennir þennan mann góðan og nýtan á sínu sviði, þá hefir hún samt ekki getað hallast að þessari hækkun. Jeg hygg líka, að það sje gagnstætt hugsunarhætti þessa mæta manns, að landssjóður ausi út styrkhækkun til hans. 800 kr. eru að vísu ekki mikil fjárhæð; en það er samt töluvert fje í samanburði við þann styrk, sem hann byrjaði með og var þá þakklátur fyrir. Mjer er illa við að mæla á móti þessari hækkun, því að hlutaðeigandinn er þarfur maður og vel hugsandi og hefir gert mikið gagn. En jeg hygg samt, að hann sje ekki óánægður með þann styrk, sem hann hefir haft, og því síður með þessar 800 kr., sem eru þó 200 kr. hærra en eru í núgildandi fjárlögum. Það er lögmál lífsins, að þeir eru nægjusamastir, sem geta komist af með lítið.

Hæstv. atvinnumálaráðherra fann að því, að nefndin hefði felt niður styrkinn til Frímanns Arngrímssonar síðara árið. Jeg skal ekki deila um það. Jeg lít svo á, að vel kunni að vera þörf á styrk til þessa manns. En hins vegar get jeg ekki gert mjer von um mikinn árangur af störfum hans, þó að liðurinn hljómi vel í eyrum.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg þarf ekki að svara háttv. framsm. (E. P.) mörgu. Jeg heyri, að hann er í raun og veru á sömu skoðun og jeg um brtt. mína á þgskj. 836, og jeg vorkenni honum, að hann, sem fleiri, vill reyna að bera »myki« að þessum ófrjóa stofni, ef ske kynni, að hann fyrir það bæri einhvern ávöxt. Jeg býst nú reyndar við, að ávöxturinn verði aldrei betri en það, að mannvirki þetta, að ytra áliti, verði ekki þjóðinni til vansa, en saga þess verður það þó altaf.

Þess ber líka að gæta, að kostnaðurinn til þessarar stofnunar verður annar og meiri en sá, að koma upp húsinu. Þegar húsið hefir verið reist, og einhver telur sjer fært að skoða gripina, sem í því eiga að verða geymdir, þarf sjálfsagt einhvern þjóðsagnafræðing til þess að standa fyrir sýningunni, því að mörg líkneskin eru steypt upp úr gömlum þjóðsögnum, og eins og vjer vitum þá eru þær ekki allra meðfæri. Einnig

þarf þessi maður að vera fær í erlendum tungumálum, til þess að geta leiðbeint útlendingum, sem þangað kynnu að koma, ef þeir þættust svo skóaðir, að þeir gætu gengið í þetta ódáðahraun, eða lagt í það sóma síns vegna.

Þá skal jeg minnast ofurlítið á Flensborgarskólann. Háttv. framsm. (E. P.) sagði, að það liti svo út, sem jeg hefði fremur hagsmuni Hafnarfjarðar fyrir augum en gagn skólans. En á það ber þá að líta, að þetta er ekki hjeraðsskóli, og þess vegna virðist mjer, að ekki geti komið til mála, að Hafnarfjörður greiði tillag til hans. Þeir hafa aldrei skoðað hann sem sinn eigin skóla, fremur en skóla, sem allur almenningur hefir gagn af. Vjer getum þess vegna átt það á hættu, ef þeir verða skyldaðir til að greiða skólanum tillag, að þeir neiti því, og að þá verði að loka skólanum.

En þar sem þm. (E.P.) sagði, að í skólanum hefðu verið 7 nemendur úr Gullbringu, þá er það tilviljun ein. Næsta vetur gætu komið 7 nemendur úr Ísafjarðarsýslu, því að, eins og vjer vitum, er það algengt, að ef einhver ætlar að stunda nám við einhverja námsstofnun, fylgjast fleiri með honum úr hjeraðinu. Þetta kenni jeg vel af Ólafsdalsskólanum. Stundum voru flestir nemendurnir þar úr Dalasýslu, en oft var líka meiri hluti þeirra utan þeirrar sýslu. Þetta er því tilviljun ein. Þess vegna álít jeg alveg rangt að skylda Gullbringusýslu og Hafnarfjörð til þess að greiða tillag til skólans. Þá hefði eins mátt leggja Kjósarsýslu þessa skyldu á herðar.

Jeg skal ekki halda því fram, að Flensborgarskólinn sje alveg hliðstæður gagnfræðadeild Mentaskólans eða Akureyrarskólanum. En jeg veit dæmi til, að hann hefir unnið sama gagn og þeir. Piltar, sem lokið hafa prófi við Flensborgarskóla, hafa oft komist upp í lærðu deild Mentaskólans, án frekari undirbúnings, eða með mjög litlum undirbúningi.

Jeg álít því mikinn skaða orðinn, ef skólanum yrði lokað, enda þyrfti þá að stækka gagnfræðadeild Mentaskólans, því að einhversstaðar yrðu þeir 60 nemendur að vera, sem eru í Flensborgarskóla. En jeg hygg nú, að þar sjeu nógu margir nemendur fyrir. Og loks skal jeg taka það fram, að jeg held, að áhrif þau, sem nemendur verða fyrir í Flensborgarskólanum, sjeu fult eins holl og áhrifin, sem þeir mæta í gagnfræðadeild Mentaskólans, ef þeir hugsa ekki um frekara nám.

Kristinn Daníelsson: Hv. frsm. (E. P.) sagði, að jeg hefði sagt, að Flensborgarskólann væri alveg hliðstæður Akureyrarskólanum. En þetta hefi jeg aldrei sagt. En hitt bar jeg saman, að gagnið, sem þessir skólar gerðu, væri líkt. Því að nemendur hafa farið úr Flensborgarskólanum inn í lærdómsdeild Mentaskólans, án svo sem nokkurs frekari undirbúnings, á sama hátt og nemendur Akureyrarskólans, að öðru en því, að þeir hafa orðið að taka próf. Það bar jeg einnig saman, að landið tekur nú að sjer skóla á Austurlandi, með stofneign líkri þessa skóla, og er að stofna húsmæðraskóla á Norðurlandi. Þess vegna virðist mjer það ærið kynlegt, að á sama tíma skuli Flensborgarskólanum vera sýnt þetta tilræði. Jeg kalla þetta tilræði við skólann, því að mjer er vel kunnugt um, að Gullbringusýsla getur ekki greitt, og mun ekki greiða, skólanum þetta tillag, en án þess getur skólinn ekki haldið áfram, þar sem hann gæti einkis landssjóðsstyrks notið, nema þessu skilyrði væri fullnægt. Nemendur skólans eru úr öllum fjórðungum, jeg vil jafnvel segja, úr öllum sýslum landsins. Og virðist mjer

þess vegna sanngjarnast, að landið styrki skólann.

Jeg þarf ekki að bæta fleiru við orð hv. 4. landsk. þm. (G. G.), sem talaði mjög hlýlega og viturlega í garð skólans.

ATKVGR.

7. gr.,
samkv. atkvgr. um 8.—19. gr., samþ. með 14 shlj. atkv.

8. gr.
samþ. með 14 shlj. atkv.

9. gr.
Brtt. 811, 1. samþ. með 14 shlj atkv.
Greinin, svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

10. gr.
Brtt. 811, 2. samþ. með 12 shlj. atkv.
Greinin, svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

11. gr.
Brtt. 811, 3. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 811, 4. — — 12 — —
— 811, 5. — — 10 — —
Greinin, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

12. gr.
Brtt. 831. tekin aftur.
— 811, 6. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 811, 7. — — 8 : 3 atkv.
— 811, 8. — — 10 shlj. atkv.
— 811, 9. — — 11 — —
— 811, 10. — án atkvgr.
— 811, 11. — með 12 shlj. atkv.
— 811, 12. — — 12 — —
— 811, 13. — — 12 — —
— 811, 14. — án atkvgr.
— 832. samþ. með 12 shlj. atkv.
Greinin, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

13. gr.
Brtt. 811, 15. samþ. án atkvgr.
— 811, 16. — með 9 shlj. atkv.
— 811, 17. — — 13 — —
— 811, 18. — — 10 — —
— 811, 19. — — 8 : 2 atkv.
— 811, 20. — — 10 shlj. atkv.
Greinin, svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

14. gr.
Brtt. 811, 21. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 811, 22. — án atkvgr.
— 811, 23. — með 11 shlj. atkv.
— 811, 24. — — 11 — —
— 829. samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. J., G. Ó., H. St., H. H., K. D., M. K., M. T., S. E., G. B.
nei: E. P., G. G., H. Sn., Jóh. Jóh., K. E.

Brtt. 811, 25. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 811, 26. — án atkvgr.
— 811, 27. feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. Sn., Jóh. Jóh., K. E., M. K., S. J., E. P.
nei: G. Ó., H. St., H. H., K. D., M. T. S. E., G. G., G. B.
Greinin, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

15. gr.
Brtt. 854. samþ. með 10 : 1 atkv.
— 811, 28. — — 11 shlj. —
— 811, 29. — án atkvgr.
— 811, 30. — með 9 shlj. atkv.
— 811, 31. — — 10 : 1 —
— 838. (aðaltill.) feld með 8 : 3 atkv.
— 838. (varatill.) — — 8 : 5 —
— 811, 32. samþ. með 9 shlj. atkv.
— 811, 33. — — 11 — —
— 836. feld með 10 : 2 atkv.

Brtt. 840. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 811, 34. samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. K., M. T., E. P., G. Ó, H. St., H. H., H. Sn., Jóh. Jóh., K. E.
nei: S. E., S. J., G. G., K. D., G. B.

Brtt. 811, 35. a. og b. samþ. með 9 : 3 atkv.
— 841. samþ. með 9 shlj. atkv.
— 811, 36. samþ. án atkvgr.
— 811, 37. samþ. með 8 shlj. atkv.
— 842. felld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. St., H. H., K. D., M. T., S. E. S. J., G. B.
nei: E. P., G. G., G. Ó., H. Sn., Jóh. Jóh., K. E., M. K.

Brtt. 811, 38. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 811, 39. felld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. P., G. G., G. Ó., H. Sn., Jóh. Jóh., K. E., G. B.
nei: K. D, M. K., M. T., S. E., S. J., H. St., H. H.

Greinin, svo breytt, samþ með 14 shlj. atkv.

16. gr.

Brtt. 811, 40. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 811, 41. — — 11 — —
— 811, 42. — — 9 — —
— 811, 43. — — 9 — —
— 811, 44. — — 8 : 1 atkv.
— 811, 45. — — 8 : 1 —
— 811, 46. — — 10 : 2 —
— 837. sjálffallin.
— 811, 47. samþ. án atkvgr.
— 811, 48. — með 9 shlj. atkv.
— 811, 49. — án atkvgr.
Brtt. 811, 50. a. samþ. með 8 : 1 atkv.
— 811, 50. b. — — 10 : 1 —
— 811, 50. c. — — 10 shlj. atkv.
— 811, 51. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 833. tekin aftur.
Greinin, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

17. gr.,
óbreytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

18. gr.
Brtt 811, 52. samþ. með 8 shlj. atkv.
— 811, 53. — án atkvgr.
— 811, 54. a. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 811, 54. b. — — 12 — atkv.
— 811, 55. samþ. án atkvgr.
Greinin, svo breytt, samþ með 12 shlj. atkv.

19. gr.,
óbreytt, samþ. með 13. shlj. atkv.

20. gr.,
með áorðnum breytingum samkvæmt atkvgr. um 2.—6. gr. og 8.—19. gr., samþ. með 19 shlj. atkv.

21. gr.
Brtt. 811, 56. samþ. án atkvgr.
— 830. samþ. með 13 shlj. atkv.
Greinin, svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

22. gr.,
óbreytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. sept., kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 3. umr.
(A. 867, 876, 879, 880, 881, 882, 883, 886, 889, 890).

Frsm. fjárhagsnefndar (Halldór Steinsson): Jeg veit ekki, hvort það er heppilegt að hraða fjárlögunum eins mikið og hjer er gert. Með þessu móti er ekki unt fyrir þingmenn að fá tíma til þess að átta sig á brtt. þeim, er fram koma, og mjer eða fjárhagsnefndinni hefir ekki unnist neinn tími til að athuga tillögu þá, er hjer liggur fyrir um tekjubálkinn. Jeg verð því að geyma mjer rjett til að tala um hana síðar.

Annars væri æskilegt, að málið væri tekið út af dagskrá eða fundi frestað.
(Margir þingmenn: Sjálfsagt að fresta fundi).

Forseti: Samkvæmt óskum háttv. þingmanna fresta jeg fundi til kl. 4 í dag.

Kl. 4 var fundur aftur settur, og hófust umræður af nýju.

Frsm. fjárhagsnefndar (Halldór Steinsson): Það hefir orðið samkomulag milli mín og háttv. flm. (Jóh. Jóh.), að hann skýrði fyrst mál sitt, áður en jeg talaði um brtt. hans.

Forseti: Jeg tel rjett, að fylgt verði nú við þriðju umræðu fjárlaganna sömu reglu og gert var við aðra umræðu, þannig, að tekjubálkurinn verði ræddur fyrst, og síðan gjaldabálkurinn.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg á brtt. á þingskjali 876, sem fer í öfuga átt við allar hinar brtt. Hún miðar nefnilega ekki til þess að auka útgjöld landssjóðs, heldur hins gagnstæða, að auka tekjurnar, og það ekki að óverulegum mun.

Skal jeg nú í fám orðum gera grein fyrir því, hvernig á henni stendur og málinu er varið.

Árið 1904 fjekk Valdemar Petersen, stórkaupmaður í Kaupmannahöfn, yfirlýsingu frá stjórnarráði Íslands um það, að tilbúningur hjer á landi á »bitteressens«, sem hann kallar »Kínalífselixír« kæmi ekki í bága við lögin frá 12. jan. 1900, um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja. Bjó hann síðan til heilmikið af elixír þessum hjer á landi, til þess að komast hjá að greiða aðflutningsgjald af honum, sem þá var búið að leggja á innflutning allskonar bittervökva, en greiddi auðvitað aðflutningsgjald af vínanda þeim, sem notaður er í elixírinn.

Með lögum frá 16. nóvember 1907 var lagt sjerstakt gjald á allskonar bittergerð og þau lög látin gilda aftur fyrir sig, þannig að þau náðu einnig til þess bittervökva, sem búið var að búa til áður en þau voru sett.

Eftir þessu var það samróma álit þings og stjórnar, að Kínalífselixír V. Petersens bæri eigi að telja til áfengis, og að lög þau, er gilda um tilbúning og sölu áfengis, næðu ekki til hans, enda var hann seldur af kaupmönnum um land alt, hvort sem þeir höfðu áfengissöluleyfi eða ekki, fram til ársloka 1915, og fann ekki nokkur maður að, því að elixírinn hefir aldrei, svo að jeg viti, verið notaður sem áfengi. Það enda ekki hægt, af því að í honum er svo mikið af öðrum efnum, einkum niðurhreinsandi, að ekki er hægt að neyta hans óblandaðs nema í dropatali, og sje hann blandaður með vatni eða öðru en áfengi, verður blandan að vera

svo dauf, til þess að hún sje drekkandi, að áfengisins, sem í elixírnum er, gætir alls ekki.

Elixír þessi hefir verið mikið notaður sem læknislyf hjer á landi, og mun alment höfð trú á honum sem líku.

Tollurinn af honum er $^{2}/_{8}$ krónu af hverri $^{3}/_{16}$ líterflösku og fellur í gjalddaga um leið og elixírinn er tekinn úr tollgæslu, sem hann er í, undir umsjón lögreglustjórans á Seyðisfirði, og hefir landssjóður haft um 5000 kr. hag á sölu hans árlega undanfarin ár.

Með úrskurði, dagsettum 17. nóvember 1915, á athugasemd við bittergjaldsreikning tjeðs lögreglustjóra fyrir árið 1914, hefir stjórnarráðið talið sölu á elixír þessum óheimila kaupmönnum og öðrum, eftir 1. gr. laga 30. júlí 1909 (bannlaganna), og var því allri sölu á honum hætt í árslok 1915. Enn fremur lítur stjórnarráðið svo á, að V. Petersen beri að greiða toll af elixírnum, er hann verði fluttur af landi burt.

Þar sem V. Petersen hafði fengið stjórnarráðsyfirlýsingu um það, að tilbúningur elixírsins hjer á landi kæmi ekki í bága við bannlögin gegn tilbúningi áfengis, frá 1900, áður en hann bjó til elixírinn, og þingið hafði staðfest þennan skilning stjórnarráðsins með því að tolla elixírinn, og þar sem elixírinn auk þess fram til ársloka 1915 var seldur átölulaust, sem hver önnur vara, þá verður ekki annað sjeð en að Petersen sje nú mjög hart leikinn, þar sem sala þeirra hjer um bil 60000 $^{3}/_{16}$ líterflaska, sem hann á enn óseldar hjer á landi, er algerlega bönnuð. Elixírinn er leyndarlyf, og því ekki tekinn upp í lyfjaskrána. Geta læknar og lyfsalar því ekki heldur selt hann.

Þá þykist allur almenningur og hart leikinn, er sala elixírsins er bönnuð. Eins og jeg gat um áður hafa menn alment trú á honum sem læknislyfi, þótt leyndarlyf sje. Um það get jeg borið; því að síðan salan var bönnuð hafa margir hvaðanæfa af landinu snúið sjer til mín, sem lögreglustjóra á Seyðisfirði, um undanþágu frá sölubanninu, og í fyrra sumar sneri bóndi úr Árnessýslu sjer til stjórnarráðsins og bað um undanþágu, en allir hafa fengið afsvar. Tjeður bóndi bað um 10—20 flöskur handa syni sínum magaveikum. Segir hann elixír þennan hið eina, sem hafi bætt hann, og hafi drengurinn þó áður verið búinn að leita margra lækna og vera lengi undir læknishendi, en árangurslaust.

Loks verður landssjóður hart úti, ef sölubanninu verður fram haldið.

Það borgar sig nefnilega ekki fyrir V. Petersen — að minsta kosti ekki meðan farmgjöldin eru há — að flytja elixírinn út og greiða af honum tollinn. Verði sölubanninu því haldið áfram, neyðist hann til að hella elixírnum niður, því að það er dýrt fyrir hann að leigja hús árum saman til að geyma elixírinn í, auk ábyrgðargjalds og umsjónarmannslauna. En um leið og elixírnum er helt niður missir landssjóður 40000 kr. spón úr askinum sínum, sem hann á löglegt tilkall til.

Til þess að bæta úr því harðræði, sem V. Petersen og öllum almenningi er sýnt, og til þess að firra landssjóð 40 þús. kr. tekjumissi, hefi jeg borið fram brtt. á þingskjali 876.

Vænti jeg, að ekki einasta háttv. deild, heldur alt þingið, fallist á, að jeg flyt hjer rjett og sanngjarnt mál, er málavextir eru orðnir því kunnir, og að það væri hreinasta fjarstæða — að jeg viðhafi ekki sterkari orð — að hafna nú á tímum tekjuauka þeim, sem hjer er í boði.

Frsm. fjárhagsnefndar (Halldór Steinsson): Háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) hefir gert grein fyrir till. sinni um að leyfa að selja Kínalífselixír og afla landssjóði með því 20 þús. kr. tekna á ári. Það má segja um Kínalífselixírinn, að hann sje meinlítill og gagnslítill, en það er alkunna, að alþýða manna hjer á landi hefir talsverða trú á honum, og að trúin getur flutt fjöll. Jeg hygg því, að notkun elixírsins gæti í einstöku tilfellum orðið til bóta, ef hann er rjett notaður. En fá meðul eru svo meinlaus, að ekki geti orðið til skaða, ef þau eru misbrúkuð. Það hefði því verið eðlilegasta leiðin að heimila lyfsölum að hafa elixírinn til sölu, undir umsjón lækna, en að fleygja honum út um landið eftirlitslaust tel jeg alveg ófært.

Auk þess er það eftir mínu viti brot á bannlögunum, því að í elixírnum eru 50% af alkóhóli, en slíka vökva má ekki selja án lyfseðla, samkvæmt ákvæðum bannlaganna.

Og þótt það sje bagalegt fyrir mann þennan að liggja með birgðirnar hjer á landi, og hins vegar sjeu margir, sem neyta vilja elixírsins, þá sje jeg samt ekki fært að fara eftir till. þessari, þar sem hún brýtur í bág við gildandi lög.

Jóhannes Jóhannesson: Út af orðum háttv. þm. Snæf. (H. St.) vil jeg geta þess, að jeg hefi borið mig saman við landlækni um mál þetta. Hefir hann tjáð mjer, að hann teldi ófært að taka bitterinn í lyfjaskrá, sökum þess, að hann heyrir undir þau lyf, er kallast leyndarlyf.

Mjer hefði verið kært að fara þá leið, sem háttv. þm. Snæf. (H. St.) benti á, en sú leið er ófær af þessum ástæðum.

Eins og kunnugt er hefir bitter verið seldur hjer á landi eftirlitslaust í fjöldamörg ár, en ekki hefi jeg heyrt eitt einasta dæmi þess, að menn hafi neytt hans sem áfengis, eða hann gert mein á annan hátt.

Hann var meira að segja seldur hjer til ársloka 1915, löngu eftir að bannlögin gengu í gildi. Það væri því engin nýlunda, þótt leyft væri að selja þessar 60000 flöskur eftirlitslaust.

Jeg tel það vafasamt, að það kæmi í bága við bannlögin þótt svo væri gert, þar sem bæði stjórn og þing hafa lýst yfir þeirri skoðun, að hjer væri ekki um áfengi að ræða, með því að hefta ekki sölu bittersins fyr en í árslok 1915.

Og jeg geri ekki ráð fyrir, að nokkur bannmaður hjer sje svo ofstækisfullur, að hann, af þeim ástæðum, vilji svifta landið þessum 40000 kr. tekjum.

Þess ber líka að gæta, að bannlögin gilda að eins um það, sem flutt er inn í landið, en bitter þessi er búinn til hjer.

En þótt nú svo væri, að þetta væri talið koma í bága við bannlögin, þá fyrirbyggir athugasemdin, sem liðnum fylgir, allan vanda, því að með henni er þá veitt heimild til undantekningar frá bannlögunum.

Jeg hefi borið mig saman við hæstv. forsætisráðherra, og telur hann þessa leið vel færa.

Frsm. fjárhagsnefndar (Halldór Steinsson): Jeg er ekki lögfræðingur, en get þó ekki betur sjeð en þetta sje brot á bannlögunum, þar sem bitter þessi inniheldur 50% af alkóhóli, en slíka vökva er bannað að selja án lyfseðla. Mjer finst það ekki þurfa að koma neinu ofstæki við, hvort menn eru með eða móti þessu.

Þótt það sje ekki algengt, að menn hafi drukkið sig ölvaða í meðali þessu, þá býst jeg við, að miklar líkur sjeu til þess, að það verði notað í þeim tilgangi, ekki síður en aðrir vökvar, sem

menn nú neyta í því skyni, þótt sumir þeirra geti engan veginn lystugir kallast.

Af því, sem enn er fram komið, hefi jeg ekki getað sannfærst um, að þetta sje ekki brot á bannlögunum, og get jeg því ekki greitt atkv. með till.

Eggert Pálsson: Jeg segi fyrir mitt leyti, að ef svo yrði álitið, sem brtt. þessi væri brot á bannlögunum, þá mun jeg ekki greiða atkvæði með henni. Og ef menn gætu drukkið sig kenda í bitter þessum, sjer að skaðlausu og án þess að spilla heilsu sinni, þá yrði því ekki neitað, að það væri brot á bannlögunum að leyfa, að hann væri seldur.

En nú finnast mjer upplýsingar þær, sem fram eru komnar í málinu, benda í þá átt, að slíkt sje ekki mögulegt.

Það eru til ýmsir vökvar, sem menn neyta til þess að verða ölvaðir, en jafnframt verða mönnum að heilsutjóni og bannlögunum er ekki ætlað að ná og geta ekki náð yfir.

Jeg lít því svo á, að heimfæra megi bitter þennan undir áfengi, sem spilt er til drykkjar, en er þó leyft að selja. Og með það fyrir augum mun jeg geta greitt till. atkvæði.

Hættan við að selja bitterinn mundi því ekki verða meiri en hættan við að selja ýmsa aðra áfenga vökva, sem þannig eru gerðir óhæfir til drykkjar. Og þar sem gætileg nautn þessa meðals virðist geta bætt heilsu manna, þótt ekki sje nema fyrir trúna eina, þá finst mjer ekki ástæða til að útiloka almenning frá neyslu þess, og það því síður, þar sem það á hina hliðina veitir landinu tekjur allmiklar, sem ekki fást með öðru móti.

Jeg sje því ekki ástæðu til að vera á móti því, að heimild þessi verði veitt, svo sem brtt. fer fram á.

Kristinn Daníelsson: Mjer þykir leitt að geta ekki hallast að till. þessari, þar sem svo virðist, sem hilli undir tekjur allmiklar, ef hún yrði samþykt.

Því er haldið fram, að þetta riði ekki í bága við bannlögin, og að bitter þessi sje samsettur af þeim efnum, að enginn þoli að neyta hans í óhófi sem áfengis.

En ekki get jeg annað en borið á móti því, að bitter þessi hafi ekki verið notaður sem áfengi. Jeg hefi, meira að segja, verið bæði sjónar- og heyrnarvottur að því, að menn hafa keypt hann í því skyni. Hvernig þeim mönnum hefir orðið af nautn hans veit jeg ekki.

Eitt af því, sem sjerstaklega hvetur mig til þess að vera á móti till., er það, að mjer þykir hörmulegt til þess að vita, að fólk skuli vera að kaupa slík svikalyf, sem eftir orðum læknanna koma engum að liði, nema ef vera skyldi fyrir trúna á þau. Mjer hefir gramist mjög að sjá fátækan almúgann fleygja út stórfje fyrir ýms leyndarlyf, og það gladdi mig, þegar þessi Brama- og Kínapest tók að rjena, og jeg hygg ekki gott til þess, ef hún legðist aftur yfir landið.

Jeg verð að segja það, að jeg sá eftir aurunum úr sveitarsjóði þeim, er jeg átti að gæta, sem beðið var um í því skyni að kaupa slík lyf. Það var leiðinlegt að neita um þá, en enn þá leiðinlegra að fleygja þeim út í slíkan hjegóma.

Það kann að vera rjett, að það sje bagalegt fyrir manninn, ef birgðir þær, er hann á hjer, verða til ónýtis. En þó hygg jeg, að hann sje búinn að græða miklu meira en því nemur, af almenningi hjer.

Jeg hefði að vísu ekkert á móti því að fá þessar krónur í landssjóð, en þeg-

ar alls er gætt, hygg jeg að þær yrðu ofdýru verði keyptar.

Magnús Kristjánsson: Jeg get ekki sagt, að hjer sje um stórmál að ræða. Þó finst mjer, ef hægt er með þessu móti að útvega tekjur, að þá sje ábyrgðarhluti að hafna því. Jeg lít svo á, að með því væri fulllangt gengið, þrátt fyrir það, þótt mönnum hætti til þess hjer að leyfa sjer að gerast fjárráðamenn annara og hafa jafnvel áhrif á það, hvers menn neyta.

Jeg efast ekki um, að hv. þm. Snæf. (H. St.) hafi flutt ræðu sína af sannfæringu, en því er nú einu sinni svo varið, að læknum hættir til að hafa óbeit á öllum leyndarlyfjum. Ef til vill er það ekki altaf að ástæðulausu, en oft mun vera ofmikið úr því gert. En reynslan er sannleikur, og því verður ekki neitað, að mörgum hefir orðið gott af að neyta slíkra lyfja. Jeg geri því ekki mikið úr þeim mótbárum gegn till., að það geti orðið mönnum að heilsutjóni að neyta lyfsins; slíkar mótbárur geta verið góðar og gildar frá hans sjónarmiði, þar sem þessir hleypidómar eru nú einu sinni svona ríkir hjá læknunum.

Þá var sjerstaklega tvent, sem jeg vildi benda á. Í fyrra lagi það, að úr því að löggjöfin veitir mönnum heimild til atvinnurekstrar, þá verður því ekki neitað, að það er illa að farið, þegar komið er aftan að mönnum, þeim óvörum, og stóreignir þeirra gerðar verðlausar, eins og hjer á sjer stað. Og líklega mundi hver einasti íslenskur borgari þykjast harðrjetti beittur, ef fyrir slíku yrði. Í öðru lagi virðist mjer það hreinn og beinn Molbúaháttur, ef jeg má viðhafa slík orð, að hafna þessu. Og ástæður þeirra, sem móti mæla, get jeg alls ekki talið svo veigamiklar, að þær nægi til þess að hafna till., sem bæði getur orðið til þess að afla tekna og bæta úr rangsleitni, sem framin hefir verið gegn eiganda birgðanna.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um málið, en verð að álíta það, vægast sagt, hlægilegt að fella till., vegna ástæðna þeirra, sem þegar eru fram komnar.

Frsm. fjárhagsnefndar (Halldór Steinsson): Jeg get ekki fundið neitt hlægilegt við það, þótt till. þessi yrði feld. Háttv. þm. Ak. (M. K.) kvaðst ekki furða sig á því, að jeg væri á móti henni, vegna þeirrar óbeitar, sem læknar hefðu alment á öllum leyndarlyfjum.

Jeg þykist þó ekki hafa gefið neina ástæðu til þeirrar ályktunar í ræðu minni. Jeg taldi elixírnum miklu fremur nokkuð til gildis. Jeg sagði, að hann væri meinlítill og gagnslítill, en það er annað en gagnslaus. Jeg gat þess líka, að þess væru dæmi, að hann kæmi að gagni, ef menn tryðu á hann.

Aðalatriðið í mótbárum mínum var ekki óbeit á lyfinu, heldur hitt, að jeg verð að vera því mótfallinn, að lyf, sem geta spilt heilsu manna, verði seld allri alþýðu hindrunarlaust.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) hjelt því fram, að líta bæri á lyf þetta sem hvert annað áfengi, sem óhæft er gert til drykkjar.

En hæpið finst mjer að samþ. till. með það fyrir augum. Enda er það alkunna, að slíkrar vöru er neytt til drykkjar, og tel jeg alls ekki heppilegt að auka tölu þeirra lyfja, sem þannig geta orðið til þess að spilla heilsu manna. Þar að auki er jeg enn þá á sömu skoðun og áður, að þetta stefni á móti anda bannlaganna, og mun jeg því ekki greiða till. atkv. mitt.

Magnús Torfason: Það var þessi »Molbúi« hans nafna míns, háttv. þm.

Ak. (M. K.), sem herti á mjer að standa upp.

Jeg er einn af þeim, sem eru á móti till., og vildi jeg gera stutta gr. fyrir því. Jeg vil þá láta þess getið, að það eru fleiri en Valdemar Petersen, sem ættu að eiga heimtingu á að fá bættan skaða, sem af því leiddi, að bönnuð var sala á lyfi þessu. Til eru margir menn úti um land, sem liggja með birgðir af því, sem gerðar voru upptækar; meðal annars hefi jeg allmikið undir höndum.

En enga ástæðu finn jeg til þess að fara nú að ýta undir ásókn manna í lyf þetta, einmitt þegar þeir eru farnir að sætta sig við að vera án þess. Fyrst eftir að salan var bönnuð komu margir til mín að biðja um glas og glas, en líku er alveg hætt nú.

Sjerstaklega vil jeg þó leggja áherslu á það, að með því að leyfa söluna er haft fje út úr fátæku fólki, og það svo að allmiklu nemur. Jeg get ekki talið það rjettmætt, að landssjóður afli sjer tekna með slíku móti, og naumast getur það heitið samboðið sæmd þingsins.

Það mætti eins setja eina milliþinganefndina enn til þess að finna upp einhvers konar »Voltakross« til þess að græða fje á í landssjóð.

En ef sala væri leyfð á þessu lyfi, finst mjer, að leyfa ætti einnig sölu á »bitter« yfirleitt.

En það var hjer um árið, að læknir ráðlagði mjer að neyta bitterblöndu, mjer til heilsubóta, og gerði jeg það uns bannlögin gengu í gildi, en varð þá að hætta vegna þess, að svo var litið á, að óleyfilegt væri að selja hann lengur.

ATKVGR.

Brtt. 876 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. Sn., Jóh. Jóh., K. E., M. K., S. J., E. P., G. G.

nei: H. St., K. D., M. T., S. E., G. Ó., G. B.

H. H. var ekki á fundi.

Framsm. fjárveitinganefndar (Eggert Pálsson): Brtt. þær, sem fjárveitinganefndin hefir leyft sjer að koma með, eru hvorki margar að tölu nje viðtækar að efni. Að tölu eru þær að eins 5.

1. brtt., sem á við 13. gr. A. 2., fer í þá átt að færa niður fje það, sem áætlað er til póstflutninga, úr 80,000 í 68,000. Jeg get ímyndað mjer, að hv. deild komi þessi niðurfærsla á óvart. Frv. hafði farið í gegnum tvær nefndir, fjárveitinganefnd Nd. og Ed. og verið samþ. í Nd. með þessum 80,000 kr. En nú kemur fjárveitinganefnd hjer alt í einu, og svo að segja á síðustu stundu, með till. um 12 þús. kr. lækkun á þessum lið. Það býst jeg við, að háttv. þm. muni virðast þurfa skýringar. En svo stendur á þessu, að póstmeistarinn fór upphaflega fram á það við stjórnina, að hún ætlaði 80,000 kr. hvort árið til póstflutninga, í stað 68 þús., er verið hefir. Hann gerir þannig grein fyrir þessari hækkun, að hún standi í sambandi við dýrtíðina og sje ætluð til þess að greiða póstum skakkafall, sem þeir kunni að verða fyrir af henni. Vitanlega hafði fjárveitinganefnd Nd. ekkert við þetta að athuga. Henni þótti eðlilegt, að þessi útgjaldaliður yrði hærri en hann hefir verið hingað til, og svo leit einnig fjárveitinganefnd Ed. á þetta mál. En nú hefir formaður bjargráðanefndar lýst yfir því á síðustu stundu, að nefnd sú ætlist til, að í frv. um dýrtíðaruppbót embættismanna komi dýrtíðaruppbót til pósta, er ekki nemi minnu en þessum 12,000 kr., og gerir fjárveitinganefndin ráð fyrir, að þingið samþykki þetta, og verður þá þar af leiðandi óþarft að ætla þessar 12,000 líka

í fjárlagafrumvarpinu. Það er líka óviðkunnanlegt að láta þessa einu dýrtíðaruppbót standa í fjárlagafrumvarpinu, en allar hinar dýrtíðaruppbæturnar í sjerstökum lögum. Nefndinni fanst betur fara á, að allar dýrtíðaruppbæturnar standi í einu og sömu lögunum. Þá hefi jeg skýrt frá ástæðunum til þessarar hækkunar, og hygg jeg, að jeg þurfi ekki að eyða fleirum orðum að henni. Vona jeg, að öllum háttv. þingdm. sje nú ljóst, hvernig á þessari till. fjárveitinganefndarinnar stendur.

Þá er 2. brtt., sem er að eins athugasemd, er nefndinni virtist rjett, eftir atvikum, að skotið væri hjer inn, sem við aðra liði, þar sem farið er fram á fjárveitingar til einhverra sjerstakra starfa, svo sem vita, brúargerða, símalagninga o. s. frv. Þetta var eini liðurinn, sem slíka athugasemd vantaði við, og fanst nefndinni rjett að setja hana við þennan lið, sem alla aðra samskonar liði.

Þá er 3. brtt. nefndarinnar, sem miðar til hækkunar. Þar er farið fram á, að launin við Mentaskólann hækki um 400 kr. á ári. Svo stendur á þessari hækkun, að rektor Mentaskólans hefir borið sig upp undan því, að við þá breytingu, sem varð, er fyrsti kennari skólans fluttist úr skólahúsinu, hafi ýms störf viðvíkjandi skólanum flust yfir á sig, sem meðal annars eru fólgin í því að strika og skrifa við í prófbókum skólans og ýmsu fleiru. Hafi svo mikil störf verið á sig lögð með þessu, að hann þykist eiga rjett á að fá dálitla launaviðbót. Og fjárveitinganefndinni fanst ekki sanngjarnt að slengja svo miklum störfum á einn mann, án þess að honum yrði greidd einhver uppbót. Þess vegna hefir hún lagt það til, að launin skuli hækkuð um 400 kr.

Þá er 4. brtt., sem einnig miðar til dálítillar hækkunar. Þar er farið fram á að veita Þórbergi Þórðarsyni, málfræðinema, 600 kr. hvort árið, til þess að safna fornum og sjaldgæfum orðum úr íslensku alþýðumáli. Þessi piltur er að allra dómi mjög efnilegt málfræðingsefni og hefir ágæt meðmæli frá háskólakennurum sínum, Birni M. Ólsen, Bjarna frá Vogi, Alexander Jóhannessyni og Holger Wiehe. Þeir ljúka allir lofsorði á þennan pilt og telja víst, að ef hann fengi þennan styrk, mundi það að miklu gagni geta komið. Hugsun hans er sú að ferðast um landið á sumrum og safna fágætum orðum, sem annars mundu deyja og gleymast úr málinu. Hugsar hann til að koma þessu síðan í eitt safn og leggja það til Landsbókasafnsins, þar sem það á að vera geymt til afnota handa þeim, sem fæst við að semja íslensk-íslensku orðabókina. Dr. Björn M. Ólsen segist hafa sjeð dálítið orðasafn hjá honum, einkum af Vesturlandi, og kveður hann svo að orði, að sjer lítist mjög vel á það.

Þá er 5. brtt., sem er að eins orðabreyting. Hún miðar að því að lagfæra fyrirkomulagið á 18. gr., og nefndin boðaði þessa breytingu í nál. fyrir fjárlagafrumvarpinu. Geta háttv. þingdm. nú borið um, hvernig þeim líst á þessa breytingu. Nefndinni fanst þetta fyrirkomulag líta smekklegar út og vera greinilegra en það var í fjárlagafrumvarpinu. Það er sýnilegt, að ef fyrirkomulagið á þessari grein hefði verið látið standa óbreytt framvegis, eins og það var í fjárlögunum, mundi það verða óaðgengilegra að finna í því hina einstöku liði. Um þessa breytingu er í raun og veru ekkert fleira að segja. En sakir þess, að »útkoman« kemur ekki alveg heim við 18. gr., eins og hún var upphaflega, þykist jeg þurfa að skýra breytinguna dálítið nánar, og það geri jeg best með því að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, greinargerðina fyrir brtt.

þessari, sem er á skjali, er liggur hjer fyrir framan mig. Og hljóðar hún svo:

Aðalupphæð greinarinnar, eins og hún var eftir 2. umræðu í deildinni, er . . . . . kr. 191,196 94

Frá þessari upphæð dragast:

1. Eftirlaun Þorgríms læknis Johnsens, sem nú er dáinn, en þau voru bæði árin . . . — 3,172 40
2. Uppeldisfje drengsins Jóns Baldurs Jónssonar, hjeraðslæknis í Hróarstunguhjeraði Jónssonar, en hann dó í fyrra úr mislingum á Seyðisfirði . . — 160 00

Alls — 3,332 40

Þá er eftir af aðalupphæðinni . . . . . — 187,864 54

En við þessa upphæð bætist svo:

1. Hækkanir á tveim prestsekkjum, svo að styrktarfje þeirra standi á heilum krónum
   a. Ástu Þórarinsdóttur úr 129,94 kr. upp í 130 kr., sem gerir bæði árin . . . — 0 12
   b. Ragnheiðar Jónsdóttur úr kr. 105,40 upp í 106 kr., sem gerir bæði árin . — 1 20

   Alls — 1 32
2. Eftirlaun ekkju Þorgríms Johnsens, Soffíu, sem stjórnarráðið hefir ekki reiknað nákvæmlega út, en sagt, að væru um 400 kr.; þau eru hjer áætluð þannig, að öll upphæðin í þeim flokki, embættismannaekkjur og börn, stendur á heilum tug króna, og verða þannig bæði árin kr. 806 14
   Viðbótin gerir þá alls -- 807 46
   Verður þá aðalútkoman á greininni . . . — 188,672 00
   En við þessa breytingu verður lækkun í fjárlagafrumvarpinu, sem nemur . . . . — 2,524 94
   sem stafar aðallega af fráfalli þessara tveggja manna.

Þá hefi jeg skýrt frá öllum þeim brtt. nefndarinnar, sem fyrir liggja.

En þá skal jeg snúa mjer að brtt. frá einstökum mönnum.

Þar er fyrst brtt. á þingskj. 890, sem er frá fjármálaráðherra (S. E.). Hún fer fram á styrk til skrifstofuhalds handa sýslumönnum og bæjarfógetum utan Reykjavíkur. Þetta mál hefir legið fyrir báðum fjárveitinganefndum þingsins. Málaleitun í þessa átt kom fyrst til fjárveitinganefndar Nd. Var hún þá að vísu í ófullkomnara gervi en hún er nú, enda sendi nefndin stjórninni hana til umsagnar. En stjórnin sendi hana fjárveitinganefnd þessarar háttv. deildar. En nefndin vildi ekki gerast frumkvöðull að þessum styrkveitingum, en lýsti yfir því, að hún mundi eigi verða þeim mótfallin, ef hæstv. stjórn vildi bera hana fram.

Þá er brtt. á þingskj. 879. Hjer er farið fram á þriðjungi lægri styrk en gert var við 2. umr. fjárlaganna. En sú styrkbeiðni var þá tekin aftur. Jeg get lýst yfir því fyrir hönd nefndarinn-

ar, að meiri hluti hennar var brtt. þessari meðmæltur.

Næst er brtt. við 13. gr. A. 1. b. 1., á þingskj. 889. Þessi brtt. er komin frá atvinnumálaráðherranum og miðar að því að hækka laun póstafgreiðslumanna í Reykjavík, og nemur sú hækkun 1300 kr. á ári. Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. atvinnumálaráðherra muni gera grein fyrir, hvernig þessi hækkun eigi að koma niður, og bíð jeg því eftir að fá að vita, hvernig hann hugsar sjer, að þessi hækkun eigi að koma niður á hvern einstakan póstafgreiðslumann. Mjer er óhætt að segja, að atkvæði fjárveitinganefndarinnar um brtt. þessa er algerlega óbundið, og er því ástæðulaust að óttast, að nefndin verði móti henni sem heild.

Þá er brtt. frá háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) á þingskjali 886. Þetta er að eins athugasemd, sem fjárveitinganefndin gerir hvorki að mæla með nje móti. Jeg tel þessa athugasemd hafa litla þýðingu sem slíka í frv. Jeg álít, að betra hefði verið, að þessi athugasemd hefði, svo sem einskonar bending, því að annað er hún ekki, falist í sjálfu nefndarálitinu. Nefndin lítur svo á, að þó að þessi athugasemd standi í frv., þá verði að greiða styrkinn, hvort sem fjelögin leggja áherslu á þetta atriði eða ekki. Hins vegar sjer nefndin þó ekki neitt á móti þessari athugasemd.

Þá er brtt. á þingskj. 883. Af því að brtt. þessi er þannig fram komin, að hún er frá einum nefndarmanna, sem er málinu sjerstaklega kunnugur, vildi nefndin, að hann bæri hana fram sjerstaka. En nefndinni var hins vegar ljóst, hvað um var að ræða, og jeg get lýst yfir því fyrir hennar hönd, að hún var brtt. fremur meðmælt en hitt.

Þá er brtt. á þingskj. 882., frá háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.). Þessi brtt. fer fram á að veita Jóni Helgasyni, fyrverandi vitaverði, 1000 kr. í. á. Við 2. umr. fjárlaganna bar sami háttv. þm. fram brtt., sem fór fram á 500 kr. hvort árið handa manni þessum. En svo mun mega líta á, að sú brtt. mundi ekki hafa haft byr hjer í deildinni, með því að það hefði mátt gera ráð fyrir, að þetta yrði áframhaldandi styrkur, enda tók hv. þm. (K. D.) hann aftur. En sakir þess, að hjer er farið fram á 1000 kr. annað árið, þá mun tilgangurinn með því vera sá, að styrkbeiðandinn njóti ekki styrks til langframa. Nefndin hefir komið sjer saman um, að atkvæði hennar skuli óbundið um þennan lið.

Þá er brtt. á þingskj. 881, sem fer fram á 1000 kr. hvort árið til stórstúku Goodtemplara. Um þessa brtt. er það sama að segja og um brtt. næstu á undan, að nefndin hefir komið sjer saman um, að atkvæði hennar skuli vera óbundið um hana.

Fleiri brtt. liggja ekki fyrir, og læt jeg því hjer staðar numið að þessu sinni.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg ber fram brtt. á þingskj. 890. Hún fer fram á styrk til skrifstofuhalds handa sýslumönnum og bæjarfógetum utan Reykjavíkur.

Ástæðan til þess, að brtt. þessi er fram komin, er brjef, sem sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu sendi fjárveitinganefnd Nd., og fer hann þar þess á leit, að sjer sje veitt fje til skrifstofukostnaðar. Sýnir hann fram á, að hann þurfi að kosta svo miklu fje til skrifstofuhalds, að ekki verði nema 1500 kr. eftir af launum þeim, sem honum eru ætluð.

Fjárveitinganefnd Nd. fanst sjálfsagt að taka þessa styrkbeiðni til greina. En jafnframt áleit hún sjálfsagt að veita sýslumönnum yfirleitt fje til skrifstofuhalds.

Í fyrsta lagi er það vegna stríðsástandsins í heiminum, að sýslumenn og bæjarfógetar á landinu hafa mist miklar tekjur, nema bæjarfógetinn í Reykjavík, sem hefir miklar aukatekjur; þótt þær ef til vill sjeu ekki eins miklar og áður, eru allra annara miklu minni. En aftur á móti hafa störfin, sem hvíla á þessum embættum, aukist ár frá ári, og það hefir við gengist, að störfum hefir jafnt og þjett verið bætt á þá, án þess að tekið væri nokkurt tillit til launa þeirra. Auk þess er þess að gæta, að þessi árin, sem nú standa yfir, er skrifstofuhald margfalt dýrara en áður; það gera kolin, sem til skrifstofuhaldsins þarf, meðal annars.

Þá skal jeg leyfa mjer að láta þess getið, hvað skrifstofukostnaðurinn hefir numið miklu, eftir því sem sýslumenn hafa gefið upp, er dýrtíðaruppbótin var reiknuð út fyrir þá.

	Skrifst.kostn. kr.	Föst laun. kr.
Í Mýra- og Borgarfj.sýslu	1200	3500
- Snæfellsnessýslu . .	1300	3000
- Dalasýslu	760	2500
- Barðastrandarsýslu .	1580	2500
- Strandasýslu . . .	600	2500
- Húnavatnssýslu . .	1326	3500
- Skagafjarðarsýslu .	600	3000
- Þingeyjarsýslu . .	1400	3500
- Norður-Múlasýslu .	2800	3500
- Suður-Múlasýslu . .	2300	3000
- Skaftafellssýslu . .	1064	3000
- Rangárvallasýslu .	775	3000
- Vestmannaeyjasýslu	1600	2000
- Árnessýslu	2765	3500
- Gullbringusýslu . .	2570	3500

Þegar litið er á alt þetta og þegar litið er á föstu launin og á aukatekjurnar, er sýslumenn hafa, þá sjest, að fáein embætti eru vel launuð, en flest svo, að lítt sæmilegt er, og auk þess hafa aukatekjurnar brugðist nú. Þegar svo er litið á það, að allur kostnaður við embættin muni verða langtum hærri næstu ár en verið hefir, og að þessir embættismenn gegna mörgum stórum og umsvifamiklum embættum, að þeir hafa á hendi allar fjárheimtur landsins, þá sjá allir, að ekki má við svo búið standa um launakjör þeirra. Hjer er að eins að ræða um bráðabirgðaaukning, sem ráðuneytið hefir fallist á að veita fyrir næsta fjárhagstímabil. Ef menn líta með sanngirni á þetta, þá munu menn komast að sömu niðurstöðu, að ómögulegt sje annað en að taka þetta til greina, og að þessum embættismönnum verði að veita skrifstofufje. Þingið gerir líka kröfur um, að öll störf þeirra gangi sem hraðast, en þá verður það líka að sjá um, að þessir embættismenn hafi svo mikið skrifstofufje, að það geti orðið.

Eins og jeg tók fram áðan þá gegna þessir menn þýðingarmiklum störfum. Þeir verða að vinna sem mest sjálfir og spara allan kostnað sem mest, en þeim verður þá erfitt að láta alt ganga eins fljótt og heimtað er.

Vona jeg svo, að háttv. deild taki vel í þetta og samþykki þessa breytingartillögu, sem að eins fer fram á að veita þessum embættismönnum lítilfjörlegan skrifstofukostnað á þessum erfiðu tímum.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg ætlaði lítið eitt að minnast á brtt. fjárveitinganefndar við 13. gr. fjárlaganna, lækkunina á póstflutningafjenu. Það vakir fyrir mjer, að það muni kannske vera hæpið að samþykkja lækkunina, því að þótt líta megi á málið eins og háttv. frsm. nefndarinnar (E. P.) tók fram, þá er þess að gæta, að hækk-

unin er samt ekki mikil frá því sem verið hefir, en hins vegar líklegt, að póstflutningar aukist með landpóstum, og þar af leiðandi þurfi fleiri hesta og meiri tilkostnað.

Jeg vek að eins athygli á þessu vegna þess, að mjer fyrir mitt leyti finst hæpið að samþykkja þessa brtt., því að það mun koma á daginn, að ekki veiti af þessu fje.

Till. nefndarinnar á þgskj 880, undir tölulið 4, get jeg verið meðmæltur, og það því fremur, sem þessi háttv. deild hefir lækkað næsta liðinn á undan, orðabókarstyrkinn. En þessi till. miðar til þess að greiða götu málsins og auka þann forða, sem vjer eigum til geymslu tungu vorrar.

Fyrir 5. tölulið á þgskj. 880 vil jeg láta nefndinni í ljós þakklæti mitt. Greinin verður á þann veg miklu skýrari og formið á henni aðgengilegra en áður var.

Þá vildi jeg fara nokkrum orðum um brtt. mína á þgskj. 889. Jeg veit, að mörgum muni þykja hækkunin nokkuð mikil, frá því sem hún var í núgildandi fjárlögum, að menn muni furða sig á, að hækkað sje enn um 1300 kr. Fyrir fjárveitinganefnd hefir legið skýrsla frá póstmeistaranum, sem fer nokkru lengra en jeg hefi farið hjer. Lýsing póstmeistara sýnir ljóslega, hve erfið kjör póstmanna hjer hafi verið; þeir hafi mist heilsuna og orðið svo að hröklast burt, störf þeirra orðið svo mikil, að það sje ekki tiltök, að þeir geti leitað sjer aukaatvinnu annarsstaðar. Jeg vil enn fremur benda á það, að starfskraftar þeirra þriggja elstu póstmanna, sem póstmeistarinn hefir nú, væri ekki hægt að fá aftur með jafnri mannatölu, ef þeirra misti við. Til þess myndi þurfa í byrjun minst helmingi fleiri menn, svo að það væri fjárhagslegur skaði að missa þá. Það er ætlast til, að þessi viðbót lendi aðallega hjá þremur elstu póstmönnunum. Þorleifur Jónsson, sem er þeirra elstur, á að fá 3000 kr., en hinir tveir, Páll Steingrímsson og Óli Blöndal, 2800 krónur hvor. Þá eru eftir 200 krónur, sem ætlast er til að gangi til tveggja yngri manna við póstafgreiðsluna, sem ekki hafa eins langan vinnutíma.

Jeg held, að póstmeistarinn sje alþektur að því að vera mjög varkár maður í peningaefnum og mjög ant um hag póststofunnar, og því megi vænta þess, að það sje ekki að ástæðulausu farið fram á þessa hækkun, heldur sje það af því, að mönnunum sje ekki lífvænt með þeim launum, sem þeir hafa, en á hina hliðina áreiðanlegt, að póststofan hefir best af því, að þessi hækkun fáist.

Jeg mun svo ekki frekar skýra frá afstöðu minni til sjerstakra till. einstakra þingmanna, nema að eins drepa lítið eitt á brtt. á þgskj. 882. Jeg þykist skilja, að hún sje nú í þessu formi komin með tilliti til þess, sem jeg benti áður á, og ætti að verða þess valdandi, að menn fylgdu henni. Þetta, sem hjer ræðir um, er hjálparstyrkur í eitt skifti fyrir öll, og það sjest best á því, eins og hv. framsm. (E. P.) tók fram, að upphæðin er sett á eitt ár og því ekki verið að hugsa um framhaldsstyrk frá fjárhagstímabili til fjárhagstímabils.

Jeg vænti þess, að hv. deild sýni það við atkvgr., að hún vilji hlynna að því, að póstmeistarinn hjerna geti haldið starfsmönnum sínum, þeim er nú eru, með því að gera launakjör þeirra viðunandi.

Kristinn Daníelsson: Jeg hefi komið með þrjár brtt., og er ekki mikið um þær að segja. Tvær þeirra er mönnum kunnugt um, því að jeg bar þær áður fram við 2. umr. Jeg vil að

eins leyfa mjer, að láta í ljós þakklæti mitt til hv. framsm. nefndarinnar (E. P.) fyrir hlýleg ummæli hans um þær.

Þá vildi jeg minnast á till. mína um læknishjálp til Kjósarhreppsbúa. Jeg breytti henni í það form, sem hún er nú komin í, með því að mjer skildist svo, að hún hefði þá meira fylgi hjá nefndinni og hv. deild.

Sama er að segja um brtt. á þgskj. 882, styrkinn til Jóns Helgasonar. Jeg breytti henni líka í þetta form eftir bendingu hv. nefndar- og deildarmanna. Þessi styrkur verður þá að eins fyrra árið, til þess að sýna, að þetta eigi ekki að vera árleg greiðsla, eins og ef til vill hefði mátt skilja af till., eins og hún lá fyrir síðast.

Svo er jeg með nýja brtt. á þgskj. 881. Það er um styrk til stórstúku Goodtemplara á Íslandi, 1000 kr. hvort árið. Jeg hefi litið svo á, að það væri sjálfsagt, að þessi brtt. kæmi hjer fram, því að það myndi í raun og veru alls ekki vera tilgangur þingsins að svifta stórstúkuna þessum styrk, sem hún hefir nú notið um margra ára bil, enda stóð þessi styrkur í tveim útgáfum fjárlaganna á þessu þingi í Nd., en við 3. umr. þar komst — jeg veit ekki fyrir hvaða tilvik — þessi breyting að, sem hv. deild er kunn, og hún að nokkru leyti leiðrjetti við síðustu umr. málsins. Svo sem kunnugt er var breytingin í því fólgin, að í stað stórstúkunnar var settur sá maður, sem hefir haft mest starf á hendi fyrir regluna hjer á landi. En eins og jeg sagði get jeg ekki ímyndað mjer, að það hafi verið tilgangur þingsins að svifta þetta heiðursfjelag þeim styrk, sem það um mörg ár hefir notið. Jeg hygg, að allir viðurkenni, hve miklu góðu það hefir komið til vegar í aðaláhugamáli sínu, þótt sumir vilji í þeim efnum fara aðrar leiðir en það. Jeg hygg, að allir kannist við það góða, sem það hefir gert, þótt það hafi unnið það eftir sínum reglum. En fyrir utan aðaltakmark sitt, útrýming áfengisbölsins, hefir fjelag þetta altaf haft með höndum mikið mannúðar- og menningarstarf, sem jeg skal þó ekki fara út í að lýsa að sinni. Sjálfur hefi jeg að vísu aldrei verið templar, en þó haft nóg tækifæri til þess að kynnast og fylgjast með starfsemi fjelags þessa.

Að fara nú að svifta stórstúkuna þessum styrk held jeg að ekki geti talist maklegt nje nein ástæða til þess, því að söm er þörfin og sömu verðleikarnir eins og áður; er þetta hvorttveggja vegna þess, að hún heldur enn þá uppi fullu starfi sínu í öllum greinum þess, og ef mönnum kynni að finnast hún hafa nokkuð dregið úr því um sinn, fyrir bannlögin, þá hygg jeg, að menn hljóti að játa, að einnig að því er til þeirra tekur hafi reglan enn þá eðlilega verkefni fyrir höndum.

Þetta er öllum svo kunnugt mál, að jeg þarf ekki að þreyta menn á lengri ræðu; jeg hefi kann ske sagt óþarflega mikið, en vona samt, að hv. deild taki þessu máli vel og drengilega.

Guðmundur Ólafsson: Jeg á eina smábrtt. á þgskj. 886; jeg þarf ekki að segja mikið um hana. Háttv. frsm. fjárveitinganefndar (E. P.) hefir minst hennar hlýlega, en hann hjelt, að hún myndi gera lítið gagn, einkum af því, að hún stendur í frv.; hefði verið betra, að hún stæði í áliti nefndarinnar. Jeg skal ekki deila um það; má ske hún geti samt gert nokkurt gagn, þar sem hún er, ef hún verður samþykt. Hún verður vonandi til þess að hvetja fjelög þau, er styrkinn eiga að hljóta, til þess að gera eitthvað í þessu efni. Jeg er á sama máli og háttv. frsm. (E. P.) um það, að ekki geti annað komið til mála en að styrkurinn verði alveg eins

útborgaður, hvort sem fjelögin gera mikið eða lítið nú í þessu máli, en ef þau leggja stund á og hvetja menn menn til þess að bæta prjónlesið, þá tel jeg það vel farið. En þótt jeg sje ekki heimilisiðnaðarfjelögunum persónulega kunnugur, þá held jeg þó, að þau hafi fremur notað útlent efni í ýmsa þá hluti, sem frekar hafa verið til þæginda, heldur en að nokkur arður hafi verið af þeim.

Jeg veit, að öllum háttv. þm. er kunnugt um, að þessi iðnaður, prjónlesið, er talsvert notaður til útflutnings enn þá, þótt miklu meira væri það áður, en verðlagið á því sýnir best, hve það er dæmalaust óvandað, því að menn fá mjög lítið fyrir það. Jeg leit í verslunarskýrslu fyrir árið 1913; þar sjest, að prjónles hefir verið flutt út fyrir kr. 14207.00 alls, og er verðið á hinum einstöku tegundum sem hjer segir:

Tvíbandssokkar	parið á	72	au.
Eingirnissokkar	— »	82	—
Hálfsokkar	— »	52	—
Belgvetlingar	— »	34	—
Fingravetlingar	— »	53	—

En þá hefir ullarpundið sjálfsagt verið eina 80 aura eða meira, og er þá auðsjeð, að ekki hafa menn þá fengið mikið fyrir vinnuna, en auðvitað er, að ef iðnaður þessi tæki framförum, þá gæti það orðið til þess að hækka hann mikið í verði, og jafnframt til að auka eftirspurnina. Það er meira að segja svo, að hjer er flutt inn prjónles, t. d. færeyskar peysur, sem allir þekkja; það er áreiðanlega ekki svo vönduð vinna á þeim, að ekki væri hægur hjá að komast upp á að útbúa þær, og það alt eins vandaðar og þessi innflutta vara er.

Það, sem enn fremur ýtti undir mig að koma fram með þessar till., var það, að nú kvað vera mjög erfitt fyrir þessi fjelög að útvega hið útlenda efni í þá hluti, sem þau hafa til þessa aðallega lagt stund á að búa til. Virðist því ekki nema sjálfsagt, að þau snúi sjer þá að þeim hlutum, sem nota má innlent efni til, sem auðvelt er að útvega nú.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þessa till., en leyfa mjer að vænta þess, að till. verði samþykt.

Karl Einarsson: Jeg á brtt. á þgskj. 883, þar sem farið er fram á, að veittar sjeu 3300 kr. til endurgjalds hafnarsjóði Vestmannaeyja fyrir útlagðan kostnað við rannsókn á hafnarstæði í Vestmannaeyjum og undirbúning hafnargerðar. Á þingi 1911 voru í fjárlögunum veittar 4000 krónur til þessarar rannsóknar, og var þá búist við hafnargerð, sem kostaði um 60 þús. krónur. Fje þessu var varið þannig, að sýslunefndin sneri sjer til landsstjórnarinnar og bað hana að útvega sjer verkfræðing til þess að framkvæma rannsóknina og gera áætlun um kostnað hafnargerðarinnar. Landsstjórnin varð við beiðni þessari og útvegaði nefndinni verkfræðing, sem svo framkvæmdi þetta verk; en það kostaði kr. 7305,64, eins og reikningur hafnarsjóðs Vestmannaeyja fyrir árið 1913 ber með sjer. Árangurinn af þessari rannsókn varð sá, að samin voru lög og samþykt, sem heimiluðu sýslunefndinni hafnargerð í Eyjunum, og var þá gengið út frá þessum undirbúningi og bygt á þessum áætlunum, enda var ráðist í fyrirtækið, eins og kunnugt er. Þegar beiðnin um fjárveitingu til rannsóknar hafnarstæðisins var borin fram í þinginu 1911, sjest á framsögu málsins, að sanngjarnt er talið, að landssjóður kosti rannnsóknina, og er þessu svo vel tekið, að enginn andmælir því,

en annar þingmaður mælir með tillögunni, og hún svo samþykt.

Þar sem nú rannsóknin varð svo mun dýrari en búist var við, en það stafaði einungis af því, að rannsóknin var ítarlegri og hafnargerðaráætlunin stærri og því dýrari, þá vænti jeg, að háttv. deild verði við þessari beiðni, sem sýslunefndin í Eyjum sendi þinginu 1914. Að málið kom þá ekki fram var af því, að fjáraukalögin voru feld í háttv. Nd., en svo láðist mjer á þinginu 1915 að bera beiðnina fram fyr en svo seint (við eina umr. fjárlaganna í Ed.), að háttv. deildarmenn sumir vildu ekki setja fjárveitinguna inn, þar sem háttv. Nd. þá ekki, ein út af fyrir sig, gat átt kost á að taka ákvörðun um málsatriði þetta.

Jeg vona, að þetta sje nægilegt til skýringar þessu, og vænti, að hv. deild sje það ljóst, að hjer er um sanngirni að ræða, að minsta kosti.

Fyrst að jeg stóð upp á annað borð, vildi jeg leyfa mjer að minnast örfáum orðum á brtt. á þgskj. 890. Sumir kunna ef til vill að líta svo á, sem þetta mál snerti mig persónulega, og þess vegna eigi jeg ekki að greiða atkv. um það. Jeg get ekki litið svo á. Málið snertir heila stjett manna, og finst mjer því, að jeg geti ekki skorast undan að greiða atkv. um það. Hjer er um allar sýslur landsins að ræða, að Reykjavík einni undanskilinni, og er það af þeirri skiljanlegu ástæðu, að samþ. hafa verið lög hjer á þinginu um skiftingu bæjarfógetaembættisins, og er þar gert ráð fyrir sjerstökum skrifstofukostnaði til hvors mannsins fyrir sig.

Jeg vildi að eins taka þetta fram til þess að fyrirbyggja misskilning.

Magnús Torfason: Mig langar til að minnast með örfáum orðum á brtt. á þgskj. 890, sem snertir mig persónulega að nokkru. Jeg skoða þetta ekki, þó að samþ. verði, sem neina dýrtíðarhjálp eða launaviðbót, heldur sem endurgreiðslu á skrifstofukostnaði, sem landið er skyldugt að bera. Þegar launalögin frá 1875 voru samin, var gengið út frá því, að þau föstu laun, sem þá voru ákveðin, væru sæmileg, en ónauðsynlegt þótti að hafa nokkurt sjerstakt skrifstofufje, sökum þess, að skrifstofukostnaður var því nær enginn. Nú er það á allra vitorði, að störfum þessara embættismanna hefir fjölgað stórum, svo að segja ár frá ári. Hefði því verið eðlilegt, að haldið hefði verið áfram á sömu brautinni og lagt var inn á með Reykjavík, sem sje að veita sjerstakt skrifstofufje. En því hefir ekki verið að heilsa, heldur hafa sýslumönnum og bæjarfógetum verið ætlaðar sjerstakar aukatekjur, í sambandi við aukin störf og aukna ábyrgð. Nú hafa þessar aukatekjur fallið niður alstaðar utan Reykjavíkur, og lít jeg þess vegna svo á, að það sje skylda löggjafarvaldsins að bæta þetta upp. Að því er mig persónulega snertir þá ætla jeg ekki að greiða atkv. um brtt., en láta það ráðast, hvort þeir óhlutdrægu menn, sem hjer eiga atkv. um málið, líta svo á, að um fulla sanngirniskröfu sje að ræða eða ekki, og samkvæmt því lýsi jeg yfir því, að ef úrskurður hæstv. forseta skyldi falla á þá leið, að jeg sje skyldur að greiða atkv., þá mun jeg greiða atkv. móti till. Jeg vil ekki draga fje í minn vasa með atkv. mínu.

Fjármálaráðherra (S. E): Jeg vil að eins taka það fram, í sambandi við brtt. á þgskj. 890, um skrifstofufje til sýslumanna, að hjer er alls ekki um neinn bitling að ræða. Ef svo væri, þá væri það algerlega óhæfilegt af stjórninni að koma fram með annað eins á þessum tímum. Hún hefir litið á málið

frá alt öðru sjónarmiði. Hún lítur svo á, að það sje óhamingja fyrir landið að launa mönnum svo illa, að þeir geti ekki rækt fyllilega skyldustörf sín. Hvorki þing nje stjórn geta gert fullkomnar kröfur til embættismanna, sem eru svo illa launaðir, að þeir hafa ekki nægilegt til nauðsynja lífsins. Og jeg vil sjerstaklega taka það fram, að jeg álít það stórhættulega braut að ætla mönnum, sem hafa stórkostlegar fjárinnheimtur með höndum, svo lítil laun, að þeir eigi erfitt með að draga fram lífið. Eins og jeg er sannfærður um, að það er óheppilegt að auka mjög embætti í landinu, eins er jeg viss um, að það er hættulegt að launa illa. Ef embættismönnum eru ekki bætt launin neitt upp, þá eru þeir neyddir til að fara að fást við annarleg störf — fara að »spekulera«. Og jeg hygg, að mönnum dyljist ekki, að hollara verður að hafa starfskrafta þeirra óbundna, og geta þá gert þess meiri kröfur.

Jeg er þakklátur háttv. deildarmönnum fyrir það, að brtt. hefir sætt svo litlum mótmælum, og hygg jeg það stafa af því, að mönnum sje ljóst, að hjer sje um nauðsynjamál að ræða.

Halldór Steinsson: Jeg lýsi yfir því, að jeg er að mestu samþykkur brtt. háttv. fjárveitinganefndar og mun greiða þeim atkvæði mitt.

Um brtt. einstakra þingmanna ætla jeg ekki að tala, en mun greiða atkvæði á móti meiri hluta þeirra. Þó er ein brtt., sem jeg get ekki greitt atkvæði á móti án þess að skýra frá því, hvers vegna jeg geri það. Það er brtt. á þgskj. 890, um skrifstofufje sýslumanna. Jeg viðurkenni, að laun sýslumanna eru altof lítil, en jeg hefi áður lýst yfir því, að jeg vil ekki láta taka einstakar stjettir út úr og bæta kjör þeirra, því að það getur orðið til þess að tefja fyrir almennum bótum á launakjörum embættismanna. Fyrir þessa sök eina verð jeg að greiða atkvæði á móti brtt. hæstv. fjármálaráðherra (S. E.).

Guðjón Guðlaugsson: Það voru orð háttv. þm. Ísaf. (M. T.) í sambandi við brtt. á þgskj. 890, sem komu mjer til þess að standa upp. Mjer finst skilningurinn á fjárveitingunni skifta hjer mestu máli, en síður upphæðin sjálf. Ef jeg á að geta greitt brtt. atkvæði, þá verður það eingöngu með þeim skilningi, að hjer sje um fullkomna dýrtíðaruppbót að ræða. Jeg vil ekki, að litið verði á, að þessi fjárveiting eigi að ganga þegjandi inn í næstu fjárlög, sem launaviðbót, því að það er alveg rjett, sem háttv. þm. Snæf. (H. St.) sagði, að ótækt er að taka sjerstakar stjettir út úr embættismannahópnum, þar sem við borð liggur að athuga launakjör embættismanna í heild sinni. Það yrði eingöngu til þess að tefja framgang þess máls. En mikil sanngirni mælir með því að veita þessa upphæð sem bráðabirgðaráðstöfun að eins.

Jeg heyrði, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E) tók það fram, að hjer væri ekki um neina bitlinga að ræða. Jeg þurfti alls ekki að fá að vita það, heldur hvort sanngirni mælti með því að veita þessa upphæð, vegna dýrtíðar. Jeg vildi þess vegna gjarnan fá aftur að heyra skýringu hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) og umsögn hans um það, hvort hjer væri eingöngu um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, sem ætlast væri til, að eingöngu ætti að gilda þetta fjárhagstímabil.

Um aðrar brtt. ætla jeg ekki að tala, en mun sýna með atkvæði mínu, hverjum augum jeg lít á þær.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil taka það fram, að stjórnin ætlast

vitanlega að eins til, að hjer sje um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, sem jeg þykist hafa rökstutt að þörf sje á. Flestir sýslumenn hafa nú mist mikinn hluta af tekjum sínum vegna ófriðarins. Svo er t. d. um Múlasýslur báðar, Eyjafjarðarsýslu, Vestmannaeyjasýslu og Ísafjörð o. fl. Þau embætti, sem voru vel launuð áður, eru nú illa launuð. En þrátt fyrir það er skrifstofukostnaðurinn mjög svipaður, og verður ekki hjá því komist að bæta það upp. Sýslumenn, sem hafa 2—3000 kr. í tekjur, verða að gjalda 1000 kr. í skrifstofukostnað, og afleiðingin af því hlýtur óumflýjanlega að verða sú, að þeir reyna að minka kostnaðinn og láta störfin þá ganga hægara. Alþingi leggur stöðugt á þá nýjar byrðar, og er mikill vafi á því, að heppilegra sje að spara launin, svo að öll afgreiðsla mála verði fyrir þá sök að tefjast úr hófi. Annars er svo að sjá, að Alþingi virðist sjálfsagt, að allir aðrir starfsmenn landsins fái sjerstakt skrifstofufje, ef þeir þurfa þess með. Hjer er orðalaust samþykt skrifstofufje til vegamálastjóra, vitamálastjóra, póstmeistara o. s. frv., en það er eins og komið sje við hjartað í sumum mönnum, þegar minst er á sýslumennina. Og þegar litið er á, hve störf þeirra eru margbrotin, þar sem þeir hafa dómsstörf auk allskonar umboðsstarfa, þá verður því ekki neitað, að þessi ráðstöfun er í alla staði rjettmæt, ekki síst þegar þess er gætt, að nú fer allur ferðakostnaður að sjálfsögðu hækkandi, auk þess sem eldsneytiskostnaður er nú að verða gífurlegur. Það verður ekki komist hjá því að samþykkja brtt., ef menn ætla sjer ekki beinlínis að hafa rangsleitni í frammi við þessa menn.

Hvað viðvíkur fyrirspurn háttv. 4. landsk. þm. (G. G.), þá get jeg endurtekið það, að ráðuneytið lítur svo á, sem hjer sje eingöngu um bráðabirgðaráðstöfun að ræða.

Framsm. fjárveitinganefndar (Eggert Pálsson): Jeg ætti ekki að þurfa að vera langorður í þetta sinn. Brtt. nefndarinnar hafa ekki sætt neinum verulegum mótmælum, en hins vegar hafa ýmsir háttv. deildarmenn látið það í ljós, að þeir væru þeim fylgjandi. Hæstv. atvinnumálaráðherra gat þess, að hann væri sjerstaklega þakklátur fyrir brtt við 18. gr. Þetta er að vísu engin efnisbreyting, en eingöngu orðabreyting, sem betur þótti fara á. Hins vegar var svo að heyra á hæstv. atvinnumálaráðherra, að honum þætti miður um 1. brtt. nefndarinnar um lækkunina á póstflutningi. En um hana er það annars að segja, að þetta er einungis áætluð upphæð, sem vitanlega þokast til eftir ástæðunum, svo að það er engin hætta á ferðum, þótt hún sje færð niður. En á hina hliðina var uppfærslan, sem stjórnin gerði í frumvarpinu, gerð sem dýrtíðaruppbót. Sje hún numin hjeðan burt, færist hún yfir í sjálft dýrtíðaruppbótarfrumvarpið. Og það þótti nefndinni viðkunnanlegra.

Um brtt. hæstv. atvinnumálaráðherra, sem fer fram á að hækka laun póstafgreiðslumanna, get jeg lýst yfir því, að nefndin í heild sinni er ekki á móti henni. Hins vegar get jeg ekki ábyrgst, hvernig atkvæði hvers einstaks nefndarmanns um hana kunna að falla. Það er rjett hjá hæstv. atvinnumálaráðherra, að póstmeistarinn hefir farið fram á það, að afgreiðslumenn fengju laun sín miðuð við tillögur milliþinganefndarinnar. Og fjárveitinganefnd Nd. bar fram brtt. um, að laun þeirra yrðu hækkuð, svo sem þar er stungið upp á. En brtt. sú var feld, og vildi nefndin hjer þess

vegna ekki taka hana upp í sama formi, því að hún bjóst við, að hún yrði þá aftur feld í háttv. Nd. Nú hefir hæstv. atvinnumálaráðherra farið nokkurs konar milliveg með breytingu þessa, svo að ekki er víst, að hún eigi aftur sömu afdrifum að mæta í háttv. Nd. Jeg álít þess vegna, að óhætt sje að samþykkja hana hjer, og geri ráð fyrir, að háttv. Nd. geti fallist á það. En yfileitt vildi jeg, að ekkert kæmist hjer að, sem líklegt væri til þess að valda ágreiningi á milli deildanna hjeðan af, svo að fjárlögin þyrftu eigi að fara í sameinað þing, er ekki mundi leiða til neins sparnaðar.

ATKVGR.

Brtt. 890. samþ. með 8 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. E., K. D., M. K., S. E., S. J., E. P., G. G., G. B.

nei: H. Sn., G. Ó., H. St.

Jóh. Jóh. og M. T. greiddu ekki atkvæði. H. H. var fjarverandi.

Brtt. 879. samþ. með 9 shlj. atkv.
— 889. — — 10 — —
— 880, 1. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 880, 2. — — 12 — —
— 880, 3. — — 10 : 1 —
— 880, 4. — — 11 : 1 —
— 881. samþ. með 7 : 6 atkv.
— 886. — — 7 shlj. atkv.
— 883. — — 9 — —
— 882. — — 7 — —
— 880, 5. samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv., og endursent Nd.

Á 58. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. sept., var útbýtt

Frv. til fjárlaga fyrir árin 1918 og 1919,

eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 900).

Á 60. fundi í Nd., föstudaginn 14. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 900, 906, 909, 910, 911, 912, 913, 915, 916, 919, 924, 925, 926, 927, 928, 929, 932, 934, 951, 952).

Framsm. fjárveitinganefndar (Magnús Pjetursson): Jeg var að kynoka mjer við að standa upp, af því að það var svo mikill ys og þys í deildinni. En jeg skal reyna að vera stuttorður, svo að menn geti heldur verið kyrrir.

Jeg þarf ekki að vera langorður um þennan kafla fjárl., 1.—13. gr. En jeg skal geta þess, að yfirleitt getur fjárveitinganefnd Nd. verið háttv. Ed. þakklát, því að fjárveitinganefnd Ed. hefir yfirleitt hallast að sömu stefnu, sömu tillögum og nefndin hjer í Nd., og tekið upp sumar till. hennar, sem feldar voru hjer í deildinni. En þótt vjer nefndarmenn getum yfirleitt verið þakklátir efri deildar nefndinni, vildi jeg geta þess, að svo virðist, sem háttv. fjárveitinganefnd Ed. sje óánægð við fjárveitinganefnd Nd. fyrir það, hve lengi hún hafi setið á fjárlögunum. Það kemur fram í nál. um fjárlögin, að þau hafi verið óvanalega lengi í Nd. og komið þaðan óvenjulega seint.

Eins og jeg gat um við 2. umr. voru sjerstakar ástæður til þess, að fjárlagafrv. kom 2 dögum síðar úr nefnd en 1915. En þótt nefndin telji þetta ekki móðgandi, síður en svo, vil jeg benda þeim einstökum háttv. þm., sem lesið hafa nál. Ed. nefndarinnar, á, að þetta er misskilningur háttv. nefndar. Fjárveitinganefnd Ed. hefir aldrei haft eins góðan tíma til að athuga fjárlögin

og nú. Er það af því, að samkvæmt nýju þingsköpunum eru nefndir kosnar í byrjun þings, en 1915 var það t. d. ekki fyr en 15. júlí. Þetta gerir það að verkum, að fjárveitinganefndirnar geta setið að störfum allan þingtímann, og fjárveitinganefnd Ed. fylgst með okkur. Við sendum henni í lok hvers fundar útdrátt úr gerðabók okkar, svo að hún gæti fylgst með. Það sýnir sig líka, að fjárveitinganefnd Ed. hefir nú setið á 50 fundum, en 1915 á einum 20 fundum.

Út af því, að svo lítur út í nál., sem fjárlögin hafi gengið miklu fljótar nú í Ed., frá því þau komu frá Nd., en áður, vildi jeg geta þess, að 1915 voru þau afgreidd frá Nd. 27. ágúst og komu til 2. umr. í Ed. 4. september, en nú voru þau afgreidd frá Nd. 30. ágúst og komu til 2. umr. í Ed. 8. september. Þau hafa því verið 2 dögum lengur nú en 1915.

Jeg segi þetta að eins fjárveitinganefnd Nd. til afsökunar og til að benda á, að þetta er misskilningur hjá háttv. Ed.

Sný jeg mjer þá að frumvarpinu, og skal fyrst geta þess, að í Ed. hefir tekjuhallinn aukist um 35 þús. kr., svo að heita má, að þar sje lítið, sem skakkar frá því, er var, sjerstaklega þegar þess er gætt, að það leiðir aðallega af einum lið.

Nú hefir fjárveitinganefndin samt leyft sjer að gera nokkrar brtt., en ekki viljað fara langt, nje ganga í berhögg við Ed., svo að málið þurfi ekki að fara í Sþ.

Er þá fyrst brtt. á þgskj. 934, sem er nýmæli frá nefndinni, tekið upp eftir tilmælum skrifstofustjóra Alþingis. Er hún gerð í því skyni, að ljúka megi prentun á hverri örk fjárlaganna jafnóðum, en hingað til hefir hvað bundið annað, og því orðið að ljúka leiðrjettingu á öllu frumvarpinu áður en hægt hefir verið að ljúka við fyrstu örk, og sjá allir, að þetta hefir verið mesta óhagræði.

Umbætur þær, sem hjer er farið fram á, ættu að verða til þess, að þingmönnum bærist fyr í hendur leiðrjett fjárlagafrumvarp, að lokinni umræðu.

Að öðru leyti fer og betur á þessu. Mönnum hlýtur að þykja það haganlegra til yfirlits — þeim er skyn bera á málið — að geta gengið að samtölum greinanna á einum stað.

Geta má þess, að skrifstofustjóri þingsins hefir áður átt tal um málið við landritara, og fjellst hann að öllu leyti á þessa breytingu á tilhögun frumvarpsins, og gerði ráð fyrir, ef til hefði komið, að hann hefði haft með höndum samningu fjárlagafrumvarpsins nú, að haga því eins eða á líkan hátt og brtt. fer fram á.

Það mun naumast þörf að taka fram, að nefndin væntir þess, að fjárlagafrumvarp stjórnarinnar verði eftirleiðis með þessu sniði, ef brtt. gengur fram.

Jeg kem þá að brtt. nefndarinnar á þgskj. 906. Þær hafa í för með sjer nokkra lækkun á útgjöldunum.

1. brtt. er um að lækka skrifstofufje sýslumanna niður í 5000 úr 10300 kr. hvort árið, og auk þess vill nefndin breyta orðalaginu svo, að kalla styrkinn dýrtíðaruppbót á embættisrekstri, því að nefndin vill taka það greinilega fram, að þetta eigi ekki að vera til frambúðar. En því hefir nefndin ekki sett fjárveitinguna eins hátt og Ed., að nú hafa sýslumenn miklar tekjur af landssjóðsversluninni, og þar sem nú er svo gengið frá því máli, að þeir munu hafa þær framvegis, þá þótti nefndinni rjett að taka tillit til þess.

Nefndin vill, að stjórnin ráði því,

hvernig fjenu er skift, en vill láta þess getið, að hún hefir miðað upphæðina við það, að slept verði lægstu sýslunum, og upphæðirnar, sem stungið var upp á í háttv. Ed., yfirleitt lækkaðar um helming. Jeg skal að síðustu geta þess, að nefndin var ekki öll sammála um þetta, því að minni hluti hennar vill fella alla fjárveitinguna niður.

Brtt. 906, 3, við 12. gr., skal jeg ekki tala um nú, því að áður hefir verið gerð grein fyrir henni.

Brtt. 906, 4, við 12. gr. 13. lið, um að hækka styrkinn til Jóns Kristjánssonar upp í 2000 kr. fyrra árið, er komin fram til samkomulags. Háttv. Ed. vildi færa hann niður í 1500 fyrra árið, en Nd. hafði samþykt að veita 1500 hvort árið.

Um brtt. 906, 5, við 12. gr. 15. lið, er það að segja, að nefndin vildi, að stæði við það sama, sem áður hafði verið ákveðið.

Þá vildi nefndin einnig, að vitamálastjórinn hefði sömu laun og vegamálastjórinn, og færir því fjárveitinguna í sama horf og hún var í áður en frumvarpið fór hjeðan úr deildinni.

Þá er lokið þeim brtt. nefndarinnar, sem jeg tala um að sinni, og skal jeg þá snúa mjer að brtt. annara, og byrja þá á brtt. á þgskj. 928, við 12. gr. 8 b., um að binda styrkinn til augnlæknisins því skilyrði, að hann komi á land á viðkomustöðum skipanna. Þetta getur gert lækninum þau óþægindi, að hann geti ekki rannsakað sjúklinga, svo sem þörf er á, því að í skipinu hefir hann myrkraherbergi, sem er nauðsynlegt að hafa, en óvíst, að því verði við komið að hafa það alstaðar í landi. En hins má geta, að sjeu sjúklingarnir ófærir um að komast um borð, þá mun læknirinn altaf fús á að fara í land til þeirra. Nefndin verður því að vera á móti tillögunni.

Þá er brtt. á þgskj. 909, um að veita Steinunni Guðmundsdóttur 1000 kr. styrk til að geta rekið lækningastofu sína. Nefndin er sömuleiðis á móti þessari tillögu, því að heyrst hefir, að lækningastofan mundi hætta að starfa, af því að hana skorti rafmagn.

Um brtt. á þgskj. 916, frá háttv. þm. Eyf., skal jeg ekki tala, fyr en þeir hafa talað fyrir þeim. Þó vil jeg minnast á þá síðustu, um Öxnadalsveginn, að mjer virðist það harla undarlegt að vera að þessum sífelda reipdrætti, og koma í sífellu fram með brtt., sem allar hljóða um það sama, þótt tölunum sje lítið eitt vikið við, en margbúið er að fella.

Þá eru loks brtt. á þgskj. 913. Nefndin er á móti þeirri fyrstu, um að lækka skrifstofufje vegamálastjórans. Nefndin er þakklát stjórninni fyrir, að hún kom þessu inn í háttv. Ed. Háttv. flutnm. er það víst ekki kunnugt, að þetta er sparnaður, því að með því að hafa fjárveitinguna svo háa sparast dýrari mennirnir frá venjulegum skrifstofustörfum. Auk þess er maður þegar ráðinn með 2000 kr. launum.

2. brtt. á sama þgskj. er sú sama og nefndarinnar, og því óþarfi að minnast á hana. En um þá þriðju er það að segja, að nefndin álítur 1000 kr. ekki ofhátt, og er því á móti tillögunni.

Björn Kristjánsson: Jeg sje, að háttv. fjárveitinganefnd leggur enn til að fella styrkinn til Kjósarhrepps til þess að sækja lækni. — Eins og menn muna lagði stjórnin til, að 300 kr. væru veittar á ári í þessu skyni, en það var felt hjer í deildinni, samkvæmt tillögum háttv. fjárveitinganefndar. Nú hefir háttv. Ed. sett aftur inn 200 kr. á ári. Jeg skal leyfa mjer að lesa hjer upp, með leyfi hæstv. forseta, kafla úr

erindi Kjósarhreppsbúa, þar sem þeir rökstyðja þessa beiðni sína. Kaflinn hljóðar svo:

»Allir, sem hlut áttu að máli undirbúningi laga nr. 24, 13. okt. 1899, um skipun læknahjeraða á Íslandi o. fl., töldu þörf á að bæta úr ástandinu, sjerstaklega hvað Kjósarhrepp snerti, þar á meðal þáverandi hjeraðslæknir Reykjavíkur, núverandi landlæknir, enda var með þeim lögum stofnað nýtt læknishjerað, Kjósarhjerað. Mun atfylgi hjeraðslæknis hafa miklu þar um ráðið.«

Svo stóð nefnilega á, að fyrir 1899 heyrði Kjósin undir læknishjerað Reykjavíkur, en það var örðugt og því var þar stofnað nýtt hjerað. Þar var svo læknir í nokkur ár, en svo sótti enginn um hjeraðið á ný, og var það því afnumið 1907 og læknirinn þá fluttur, ekki aftur til Reykjavíkur, heldur til Hafnarfjarðar, en með því var Kjósarhreppsbúum gert enn örðugra fyrir með að sækja lækni en verið hafði fyrir 1899. Hreppurinn á því alveg sjerstaka sanngirniskröfu á að fá þennan styrk, þar sem svo illa hefir verið með hann farið. Þeir eiga líka mjög örðugt með að sækja lækni til Hafnarfjarðar, enda er reyndin sú, að það er ekki gert, nema í lífsnauðsyn, þótt um næma sjúkdóma sje að ræða, eins og taugaveikina, sem kom upp í vor á Möðruvöllum. Jeg geri nú ráð fyrir, að nefndinni sje þetta ekki sjerstakt áhugamál að fella fjárveitinguna, enda er hjer ekki um stóran sparnað að ræða.

Þá vildi háttv. nefnd einnig binda styrkinn til Flensborgarskólans því skilyrði, að bæjarsjóður í Hafnarfirði leggi honum til 800 kr. Sú fjárveiting fór áður breytingalaust gegnum þessa deild, og er því undarlegt, að þetta skuli koma nú fram. Enda er ekki hægt að binda bæjarsjóð Hafnarfjarðar svona óumsamið til að greiða þetta. Skólinn legst því niður, ef þetta verður samþykt, og skal jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp símskeyti frá sýslumanninum í Hafnarfirði, því til sönnunar. Það hljóðar svo:

»Út af fram kominni tillögu í Nd. um tillag, 800 kr., úr bæjarsjóði Hafnarfjarðar, sem skilyrði fyrir styrk úr landssjóði fyrir Flensborgarskólann, tilkynnist yður, að einkis tillags er að vænta, hvorki úr bæjarsjóði nje sýslusjóði til skólans, sem skilyrði fyrir landssjóðsstyrk. Skólinn nýtur nú ókeypis frá bænum rafljósa, vatns og húsnæðis fyrir leikfimi, sem mun vera 4—500 kr. virði. Kensla í skólanum stendur engu fremur bæjarbúum eða sýslubúum en öðrum landsbúum til boða.«

Svona er skeytið. Bærinn hefir lagt skólanum rafljósingu, gefið eftir vatnsskattinn og lagt skólanum til leikfimihús. Það svarar því, sem aðrar sýslur eru óbeinlínis vanar að leggja til skóla. En þennan skóla sækja nemendur úr öllum sýslum landsins. Jeg vona, að till. verði feld, enda sje jeg ekki, hvaða ástæða væri til að breyta því, sem deildin hefir samþykt við þrjár umræður. — Þetta voru þær till., sem snerta kjördæmi mitt.

Jeg vildi líka minnast á till. nefndarinnar um stórstúkustyrkinn. Vill nefndin aftur færa þann styrk yfir á nafn Sigurðar Eiríkssonar, dannebrogsmanns. Styrkur hans hefir áður verið talinn í 18. gr., og er það svo að skilja, að það sje lífstíðarstyrkur. En ef honum er veittur styrkurinn eftir 16. gr., þá er það svo að skilja, að hann nái að eins til tveggja ára. Er manninum gert rangt til, ef hann er fluttur yfir í þessa grein, því að þá er alls ekki sjálfsagt, að hann haldi styrk sínum áfram. — Mjer þykir það leiðinlegt, að fjelag þetta hefir verið haft að skotspæni hjer

í deildinni. Goodtemplarafjelagið er með merkustu fjelögum þessa lands, og ættum við, sem hjer sitjum, miklu fremur að líta upp til þess en að fara svona óvirðulega með það. Það er stofnað á grundvelli kærleikans, eingöngu til að hjálpa öðrum. Fjelagarnir hafa lagt úr eigin vasa svo að hundruðum þús. kr. skiftir. Út yfir tekur till. á þingskj. 951. Er mjög leitt, að slíkar till. skuli geta komið fram. Vona jeg fastlega, að hv. deild láti standa við það, sem hv. Ed. hefir samþykt.

Annars skal jeg ekki nefna aðrar till. en till. á þingskj. 929. Jeg tel hana rjettmæta vegna þess, að búið er að veita fje til annars skóla af sama tægi, sem bæði er minni og miklu yngri. Styrkurinn er að eins 300 kr., og samsvarar það að eins einni smálest af kolum. Vona jeg, að háttv. deild sýni þá sanngirni að samþykkja tillöguna.

Að öðru leyti skal jeg ekki lengja umræðurnar. Vona jeg, að deildin líti með sanngirni á orð mín.

Frsm. fjárveitingan. (Bjarni Jónsson): Háttv. 1. þm. G.-K. (B.K.) hefir sagt málavexti um 1. lið í brtt. 906. Skal jeg ekki orðlengja það frekar.

Orðabókarstyrkinn hefir háttv. Ed. illu heilli fært niður um helming. Skil jeg ekki, hvað deildinni hefir gengið til. 8. brtt. á þgskj. 906 er um að hækka hann aftur. Nefndin ætlaði 6 þús. kr. til þessa starfs í því skyni, að nú yrði samin vísindaleg orðabók. Er það gert eftir aðaltillögu dr. Björns frá Viðfirði, en honum ætlar stjórnin að fá í hendur forustuna fyrir orðabókarstarfinu. Fylgja þessu meðmæli próf. dr. Björns M. Ólsens. Nú á að snúa þessu verki svo, að það verði til gagns og sóma. Þingið getur ekki haldið áfram að veita uppihaldsstyrk einstökum mönnum sem orðabókarstyrk. Ef jeg vissi, að deildin myndi fella brtt. nefndarinnar, þá hefði jeg talið rjettast að bera fram varatill. um að fella styrkinn alveg burt. En jeg ljet það farast fyrir af þeirri ástæðu einni, að jeg hafði eigi brjóst á því, þar sem jeg veit, að það yrði til þess að drepa einn góðan mann og svelta annan. En jeg vona, að háttv. deildarmenn samþykki till. nefndarinnar. — Ekki skal jeg gera þá kröfu, að þeir fari eingöngu að orðum mínum um þetta efni. En þeir geta verið ugglausir um, að það sje rjett, sem próf. Björn M. Ólsen segir um íslensk fræði. Í sömu átt fara og ummæli dr. Björns frá Viðfirði, og enn ummæli Jóhannesar Lynge á Kvennabrekku, sem mun hafa einna best vit á þessum hlutum af núlifandi Íslendingum. Enda vil jeg geta þess, að Jón heitinn Ólafsson sagði um Jóhannes, að hann hefði meira vit í litla fingrinum á íslenskri málfræði en margur sprenglærður kandidat í kollinum. Ef sami ótti, sem vart varð við í Ed., skyldi eiga sjer stað hjá einhverjum þm. þessarar deildar, að styrksins eigi að njóta einhverjir vargar, sem ekki geta unnið saman, skal jeg skýra lauslega frá, hvernig verki þessu er háttað. Við skulum hugsa okkur, að orðabókarhöfundarnir þurfi að orðtaka bækur. Við skulum segja, að annar orðtaki Alþingisbækurnar og Alþingistíðindin frá upphafi, en hinn Diplomatarium, að undanteknu 1. bindinu, sem þegar er orðtekið. Það sjer hver maður, hvaða tækifæri mönnum við slíkan starfa er gefið til að sitja og hnakkrífast. Annars má þess geta, að þeir þrír menn, sem sótt hafa um orðabókarstörf, eru slíkir geðprýðismenn, að enginn veit til, að þeim hafi nokkurn tíma sinnast. Jeg skal ekki fjölyrða frekar um orðabókina. En reglulegt sómaverk væri, ef þingið snýst svo við þessu verki, að það verði Íslendingum nú og á ókomnum tímum til mikils gagns.

Þá er brtt. 906, 10. Háttv. Ed. hefir gert þá breytingu, að Helgi Jónsson fái 1800 kr. bæði árin, en 1200 kr. viðbót fyrra árið til þörungarannsókna. Mjer samir ekki að fara í kapp út af þessum manni, þar sem hann er bróðir minn.

Öðrum doktor eru ætlaðar 2500 kr. á ári. 500 kr., sem Helga bróður mínum voru ætlaðar fram yfir það, voru ætlaðar honum vegna þeirra bagga, sem deildin batt honum um þörungarannsóknir. Að öðru leyti má heita líkt um þessa nafna.

Í nál. Ed. er það talið sennilegt, að rannsókninni verði lokið á einu ári. Það lítur út fyrir, að sá misskilningur hafi læðst inn hjá deildinni, að hjer væri eingöngu um hallærisráðstöfun að ræða. En svo er ekki. Væri það harla fávíslegt að halda, að vísindalegri rannsókn á þörungum yrði lokið á einu ári. Leggur nefndin til, að Helgi Jónsson fái líka 1200 kr. til þörungarannsóknarinnar síðara árið. Þá hefði hann bæði árin 3000 kr. Býst jeg við, að háttv. deild muni fallast á þetta. Ef deildin skilur við þetta mál eins og háttv. Ed. hefir gert, þá situr Helgi bróðir minn með einar 1800 kr. síðara árið, en nafna hans eru ætlaðar 2500 kr. bæði árin. Er þetta ekki sagt af neinni óvináttu til dr. Helga Pjeturssonar, heldur að eins til samanburðar.

Þá er brtt. 906, 12, námsstyrkur til Ingunnar Magnúsdóttur. Það er nýr liður. Þessi stúlka er alin upp hjer í Reykjavík. Eru þær margar systurnar. Þær eru einstaklega háttprúðar og hafa verið öllum geðfeldar, sem þeim hafa kynst. Er ein þeirra alin upp af prof. Guðm. Magnússyni. — Stúlka þessi varð fljótt vel að sjer í öðrum málum. Nú dvelur hún í útlöndum og ætlar sjer að verða skjalþýðari. Undanfarið hefir hún jafnframt námi sínu haft á hendi skrifstofustörf. En nú í vor ætlar hún að taka próf, og hefir því ekki tíma til að vinna fyrir sjer í vetur, eins og áður. Fjárveitinganefnd hefir ekki viljað synja um þennan styrk þetta eina ár. Jeg býst við, að eins verði um háttv. deild.

13. liður í brtt. 906 er um stórstúkustyrkinn. Nefndin var á því máli, að þinginu beri ekki að styrkja þessa stofnun. Hefir hún því tekið upp þá till. sína, að fjeð gangi til Sigurðar regluboða Eiríkssonar. En þar sem heyrst hefir, að hann muni ófús að taka við fjenu, og vilji heldur vera áfram á sama stað í fjárlögunum, sem hann hefir verið á, þá er nefndin ekki viss um, að till. sín verði samþ. Kom hún því fram með varatill., sem hún telur rjettmæta. Er engin stofnun betur að styrknum komin en Bræðrasjóður Mentaskólans. Nú er hann orðinn svo stór, að hann getur að töluverðum mun hjálpað fátækum nemendum. Það ætti vel við, að þingið veitti nú Bræðrasjóði þennan styrk, þar sem það hefir altaf verið að klípa utan úr »ölmusunni«, — öll eru heitin virðuleg — en svo er námsstyrkur mentaskólasveina og meyja nefndur. Gott væri, ef þessu væri haldið áfram í nokkur ár, helst þangað til Bræðrasjóður væri orðinn svo stór, að nemendurnir þyrftu ekki lengur að knýja á dyr þingsins til að afla sjer námsstyrks. Það, sem tilfinnanlegast vantar í þessu landi, eru styrktarsjóðir fyrir unga menn. Í öllum öðrum löndum er mikið til af slíkum sjóðum. Við Háskólann hjer eru að eins til tveir. Var annar stofnaður þegar Geir heitinn Einarsson varð úti, en hinn hefir Benedikt kaupmaður Þórarinsson gefið. Jeg býst því við, að hver háttv. þm. muni greiða brtt. þessari atkv., sá er ekki vill setja Sigurð regluboða Eiríksson í stað stórstúkunnar.

Í 18. gr. er bætt inn handa prests-

ekkjunni Kirstínu Pjetursdóttur, sem ekki hafði komið málaleitun frá og nefndin ekki haft í huga, er hún var að fást við fjárlögin og samdi till. sínar. En ekki verður sagt, að ekkja þessi eigi minna tilkall til styrks en aðrar ekkjur, sem styrks njóta eftir 18. gr. Síra Lárus Halldórsson, maður hennar, var þjóðkunnur prestur og eina tíð alþm. Treysti jeg því, að háttv. þingdm. muni fúslega samþ. þessa till., eins og aðrar slíkar till.

Þá er hjer till. um, að skólinn á Hvammstanga sje látinn falla úr tölu þeirra unglingaskóla, sem sjerstyrks eiga að njóta. En jafnframt er hjer brtt. frá mjer um að gera unglingaskólanum í Hjarðarholti ekki lægra undir höfði en hinum skólunum. Hefir till. um þetta verið áður fram borin, en fjell þá með jöfnum atkvæðum. Nú vona jeg, að háttv. deild lofi Hvammstangaskólanum að standa á þeim stað, sem háttv. Ed. hefir sett hann, en bæti Hjarðarholtsskólanum við. Það er svo líkt á komið með þessum skólum, að ekki er annað hæfilegt en að eitt gangi yfir þá báða.

Á þgskj. 929 er brtt. frá háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) um 300 kr. styrk á ári til kvöldskólans í Bergstaðastræti. Meiri hluti nefndarinnar er á móti styrkveitingu þessari.

Þá eru nokkrar brtt. á þgskj. 915, sem jeg vona, að háttv. flutnm. taki aftur; að öðrum kosti verð jeg síðar að segja nokkur orð um þær, sjerstaklega hina síðustu.

Brtt. á þgskj. 911 er ekki annað en orðabreyting, er nefndin lætur hlutlausa. Það þarf alls ekki að tortryggja fræðimann þann, er þar á hlut að máli, um vinnubrögð hans, og að því leyti er till. fullkomlega rjettmæt.

Meiri hluti nefndarinnar var á móti till. á þgskj. 925. Hún hafði það á móti henni, að ekki væri fært að leggja út í húsbyggingu á Hallormsstað í svona árferði, þegar alt byggingarefni er svo geipidýrt.

Þá kem jeg að till. háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) um að færa fjárveitinguna til sendimanns Fiskifjelagsins úr 12000 kr. niður í 8000 kr. á ári. Nefndinni er ekki kunnugt um, að nokkurt skipafjelag, útlent eða innlent, hafi heitið því að flytja mann þennan ókeypis; ekki veit hún heldur þess vonir, að honum muni verða veitt gefins húsnæði eða fæði, þar sem hann dvelur. Nú mun það varla teljast sæmilegt, að sendimaður lands vors þurfi að lifa á bónbjörgum eða liggja úti. Þá munu þeir, sem athuga málið, sjá, að nú í þessari dýrtíð er upphæð sú, sem honum er ætluð í frv., síst of há; vona jeg því, að háttv. þm. (E. J.) taki till. sína aftur.

Brtt. á þgskj. 919, um 500 kr. viðurkenningu handa smáskamtalækni Sigurði Jónssyni frá Litla-Lambhaga, er meiri hluti nefndarinnar mótfallinn; þó hefi jeg ekki ástæðu til að mótmæla henni, því að jeg þekki ekki þennan mann, og vil jeg fyrst heyra, hvað flutnm. hennar, háttv. þm. Borgf. (P. O.) hefir um hana að segja. En mig furðar á því, að háttv. þm. (P. O.) vill fella burt annan lið, sem háttv. Ed. setti inn, ef till. þessi fellur, því að hvorugur maðurinn er betur farinn, þótt báðir falli. Við skulum sem snöggvast hugsa okkur, hvernig færi, ef þessari reglu háttv. þm. (P. O.) væri alment fylgt í fjárlögunum. Setjum svo, að einhver háttv. þm. vildi koma inn í fjárlögin fjárveitingu til vegarspotta, og hefði í hótunum, að ef hann fengi hann ekki, þá skyldi hann stuðla að því, að fjárveiting til annars vegarspotta yrði líka feld. Það mundu ekki þykja hyggnir löggjafar nje sanngjarnir, sem svo færu að ráði sínu; og jeg trúi því ekki fyr

en jeg reyni, að háttv. þm. Borgf. (P. O.) sje alvara með að vilja fella 34. liðinn í 16. gr., ef till. hans kemst eigi fram.

Háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) ber fram tillögu um, að niður sje feldur 40. liður í 16. gr.: »Til hafnarsjóðs Vestmannaeyja, endurgreiðsla á útlögðum kostnaði við rannsókn á hafnarstæði og undirbúningi hafnargerðar«. Svo stendur hjer á, að á þingi 1911 voru veittar 4000 kr. til að rannsaka hafnarstæði í Vestmannaeyjum, og mun þá hafa verið ætlun manna, að fje þetta myndi nægja til rannsóknarinnar, en reyndin varð sú, að hún kostaði rúmlega 7300 kr., enda var rannsóknin yfirgripsmeiri en menn hugðu í fyrstu að hún mundi þurfa að vera.

Þingið 1911 ljet svo um mælt, að landið mundi borga allan rannsóknarkostnaðinn. Hingað til hefir það verið talið heiðarlegt að halda orð sín, og sumir hafa verið svo djarfir að segja, að löggjafarþing ætti að vera svo vandað að virðingu sinni, að það vildi halda orð sín, eins og einstakir menn, og sumir svo heimtufrekir að heimta beinlínis slíkt. Það er því sjálfsagður hlutur að fella tillögu þessa, og því skyldara er landssjóði að greiða fje þetta, þar sem Eyjarnar eru eign landsins, og það hin besta þeirra, og sú, sem vonandi verður síðast seld. Jeg vona, að háttv. þm. (E. J.) hafi ekki aðra gleði af till. sinni en að hann, sem sparnaðarmaður, hafi ófyrirsynju eytt tíma þingsins og aukið kostnað. Það skyldi vera, að hann hefði borið till. fram af tómum brjóstgæðum við prentarana og til að auka þeim atvinnu.

Þá er hjer brtt. frá hæstv. fjármálaráðherra (S. E.); hann hefir að vísu eigi talað um hana enn; þó mun jeg fara um hana nokkrum orðum.

Fjárveitinganefnd samþ. till. þessa að öllu; og skal jeg benda á, að þessi maður hefir unnið lengi að þýðingarmiklu starfi í þjónustu landsins og fengið ófrílleg laun fyrir. Hann hefir unnið minstan hluta starfstíma síns með eftirlaunarjetti, og mundu eftirlaun hans, hin löghelguðu, því verða lítil, er hann ljeti af embætti. Mest styður það þó till. þessa, að maður þessi, Indriði skrifstofustjóri Einarsson, hefir með höndum ýms ritverk, sem hann vonar að geta unnið að og lokið við, ef hann fær næði til þess. Eitt af þessum ritum, og það sem er líklegt að verði höfuðritverk hans, er »Dansinn í Hruna«. Lítil von er, að hann gæti lokið þessum verkum í hjáverkum, við hliðina á erfiðum embættisstörfum. Það er því til gagns fyrir landið og sóma fyrir þingið, að till. sje samþ.

Indriða Einarsson má telja forgöngumann leikskáldskapar hjer á landi; og væri gott til þess að vita, að hann fengi nú á efri árum næði til að fullgera verk þau, sem hann hefir geymt í huga frá æskuárum, því að þótt hugsanafrjósemin minki, er aldur færist yfir menn, og hugmyndirnar sjeu ekki eins áleitnar eins og á unga aldri, þá eiga rosknir menn auðveldara með að færa hugmyndir æskuáranna í fagran og sæmilegan búning. Jeg þarf ekki að skýra nánar slíka hluti; slíkt má sjá í öllum bókmentasögum. Skal jeg að eins nefna til sönnunar þessu stórskáldið Goethe; hans bestu verk eru frá fullorðinsárunum, en smíðuð úr æskuhugmyndum.

Mun jeg svo ekki fara fleirum orðum að sinni um málið, en vona, að háttv. deild fylgi till. nefndarinnar í sem flestu, einkum þó í höfuðatriðum öllum. Á örsmáa liði leggur hún minni áherslu. En er hún á að fara að gera út um þær tillögurnar, sem við er bundinn heiður þingsins og gagn þjóðar í nútíð

og framtíð, þá vona jeg, að það komi í ljós, að í þessari deild sitji sannir og góðir Íslendingar.

Sveinn Ólafsson: Jeg á hjer 3 litlar brtt. En ekki á jeg því láni að fagna, að háttv. nefnd hafi viljað taka þær upp á arma sína. Að því leyti hefir henni líkt farið og við 3. umræðu, er hún lagði á móti öllum tillögum mínum, og stend jeg því ekki í neinni þakklætisskuld við hana.

Þessar brtt. hafa nú það til ágætis sjer, að þær fara eigi fram á fjáreyðslu úr landssjóði; að því leyti ættu þær að vera öllum meinfangalausar. Og þótt ein þeirra hækki lítillega gjaldahlið fjárlaganna, þá er það að eins flutningur úr einni pyngju landssjóðs til annarar. Í brtt. minni á þgskj. 925 er farið fram á, að skógræktarfjeð verði hækkað um 2000 kr. hvort árið, eða úr 12 þús. kr. upp í 14 þús. kr., og að af fje þessu sje 2700 kr. hvort árið varið til íbúðarhússbyggingar á Hallormsstað. Jeg flutti þetta sama erindi, þó í nokkuð annari mynd, hjer inn í háttv. deild við 3. umr. fjárlaganna. Fór jeg þá fram á, að veittar væru 5400 kr. í einu lagi til húsbyggingarinnar, en nú legg jeg til, að upphæðin sje greidd á tveim árum, en að fjeð, sem veitt er til skógræktar, minki ofurlítið. Jeg hygg, að þetta geti staðist, og þótt skógræktin kunni að bíða einhvern lítinn hnekki við það í bili, þá held jeg, að það sje betra en að þetta fornfræga höfðingjasetur sje látið níðast niður. Höfðingjasetur leyfi jeg mjer að nefna Hallormsstað, því að staðurinn ber þess órækan vott, að vitrir menn og sannir höfðingjar hafa þar setið og varðveitt skóginn fagra frá eyðingu. Það er vansæmd að láta þessa fögru eign landssjóðs níðast niður og jafngóða jörð standa húsalausa; og síst er það metnaðarauki fyrir oss, er útlendingar heimsækja þennan landsfræga gróðrarreit, að sýna þeim hann í slíkri vanrækslu, sem hann er nú.

Það hefir verið haft á móti þessari tillögu minni, að byggingarefni sje ófáanlegt. Ef svo er, þá nær það ekki lengra og fjeð sparast. En jeg hygg, að ýmislegt af efninu sje fáanlegt, og nokkuð af því þegar fengið, og því sje rjett að veita fjeð nú. Jeg hygg, að þeir, sem Hallormsstað þekkja, telji það illa farið, ef hann er látinn leggjast í kaldakol, og að þingið muni lítla viðurkenningu fyrir þá sparsemi hljóta, sparsemi, sem stingur svo átakanlega í stúf við alt fjárlagasukkið í þetta sinn. Þess ber að gæta, að þegar hefir verið lagt allmikið fje og vinna í að bæta stað þennan og skreyta, miklu verið kostað til girðingar um skóginn allan og gróðrarreitanna; væri hrapallegt, ef hætta ætti nú við hálfunnið verk, því að húsalaus getur jörðin ekki verið. Jeg vona því, að tillögunni verði leyft að fljóta, og að háttv. þingdm. átti sig á því, að með þessari litlu fjárveitingu er til sæmdar og gagns unnið.

Önnur brtt. mín er á þgskj. 928, um það, að það sje gert að skilyrði fyrir fjárveitingunni til ferðalaga augnlæknisins, að hann komi á land á viðkomustöðum skipanna.

Þessa ósk hefi jeg borið fram af því, að einn af hjeraðslæknum austanlands hefir kvartað um, að sjúklingar, sem vanfærir eru til ferða, einkum gamalmenni og börn, sem ekki hafa verið fær um að fara út í skip, hafi ekki haft not af komu augnlæknisins. Mjer finst það sanngjarnt, þótt farið sje fram á, að hann komi á land á viðkomustöðum skipanna.

Hv. frsm. (M.P.) tók það fram, að ástæðulaust væri að fara fram á þetta, því að augnlæknirinn hefði allan sinn umbúnað

til að taka á móti sjúklingum á skipi úti. En þótt svo sje, og þótt hann geti má ske ekki skoðað sjúklinga til fullnustu nema þar, þá er ekki stór kvöð á hann lögð, þótt hann eigi að koma á land og líta á sjúklinga þá, sem geta ekki komist út í skip til að hitta hann þar.

Það hefir viljað svo óheppilega til, að í prentuninni hefir fallið aftan af brtt. orðin »til viðtals við sjúklinga«. Leyfi jeg mjer að skjóta því til hæstv. forseta, hvort eigi muni mega leiðrjetta þetta án þess að tillagan sje nú prentuð upp.

Loks kem jeg að 3. brtt. minni á þgskj. 925, um það, að úr athugasemdinni um forgangsrjettarskólana falli Hvammstangaskóli. Þegar fjárlagafrv. fór hjeðan úr deild, voru tilnefndir 4 unglingaskólar, er hver um sig skyldu njóta 1500 kr. styrks af þeim 15000 kr., sem ætlaðar voru til unglingaskóla. Auk þess var 2 af skólunum ætlað alt að 1000 kr., er miðast skyldu við nemendafjölda.

Í háttv. Ed. var svo bætt við 5. skólanum, skólanum á Hvammstanga; hafði verið borin upp um það tillaga hjer í deild, en fallið.

Að jeg legg til, að þessi skóli sje feldur úr athugagreininni, kemur til af því, að mjer finst ekki rjett að minka styrkinn til ónafngreindu skólanna, fram úr því, sem ákveðið var hjer í deild. Nú munu vera einir 11 unglingaskólar, auk þessara 5, og kemur þá ekki mikið í hvers hlut, þegar frá eru gengnar 8500 kr. Mjer finst þeim vera órjettur ger með því að taka svona marga forgangsrjettarskóla á kostnað þeirra, og jeg hefi enga vissu fyrir verðleikum þessara, sem forgangsrjett eiga að hafa. — Jeg þykist heyra þeirri spurningu varpað fram, hví jeg vildi ekki fella þá alla. Þessu svara jeg á þann veg, að þrír af skólum þessum eru í þeim landsfjórðungum, sem minstan styrk hafa fengið úr landssjóði til skólahalds. 2 þeirra eru í Vestfirðingafjórðungi, á Núpi og Ísafirði, og einn í Austfirðingafjórðungi, á Seyðisfirði, og er ekki nema sanngjarnt, að þeir sjeu látnir njóta styrks, framar skólum þeirra fjórðunga, sem eiga marga landsstyrkta skóla, svo sem er um Sunnlendinga- og Norðlendingafjórðunga.

Á þgskj. 910 er tillaga frá háttv. þm. Dala. (B. J.), sem jeg mundi hafa látið afskiftalausa, ef hún hefði ekki staðið í svo nánu sambandi við tillögu mína á þgskj. 924. Þar er farið fram á að setja skólann í Hjarðarholti í Dölum í tölu forgangsrjettarskólanna. Jeg verð að sjálfsögðu að vera á móti þessari tillögu, því að hún gengur í öfuga átt við það, sem jeg vildi vera láta um unglingaskólana, að skifta milli þeirra eftir nemendafjölda og starfstíma, eins og verið hefir. Um aðrar brtt. ætla jeg ekki að ræða, vil ekki eyða tímanum til þess, enda tækifæri við atkvæðagreiðslu að minnast þeirra.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það var till. frá mjer um skrifstofukostnað sýslumanna samþ. í háttv. Ed. Við þann lið eru hjer fram komnar 2 brtt. Önnur er frá háttv. fjárveitinganefnd og fer fram á að lækka liðinn úr 10300 kr. niður í 5000. Hin er á þgskj. 912, og fer fram á að fella liðinn alveg. Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að ástæðan til þess, að jeg bar þennan lið fram, var sú, að það kom brjef frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu, þar sem hann fer þess á leit, að hann fái 1500 kr. í skrifstofufje, þangað til launakjör íslenskra embættismanna verði endurskoðuð. Hann gaf einnig yfirlit yfir nauðsynlegan kostnað af embættinu, sem

var svo mikill, að launaafgangurinn varð ekki nema 1552 kr. Fjárveitinganefnd Nd., sem fjekk þessa skýrslu frá sýslumanni, sendi hana stjórnarráðinu til athugunar, og virtist vilja taka mál þetta til greina á einhvern hátt. Astæðurnar til að veita sýslumönnum skrifstofufje eru, eins og sakir standa, ákaflega margar, og sá stjórnin sjer ekki annað fært en að taka þessa beiðni til greina á þann hátt að veita öllum sýslumönnum örlitinn skrifstofukostnað. Í fyrsta lagi eru ástæður, sem stafa af stríðinu, sem nú stendur yfir í heiminum, sem sje þær, að sýslumannsembætti, sem áður voru svo vel launuð, að þau þoldu nokkurn embættiskostnað, eru miklu tekjurýrari nú, því að aukatekjurnar eru sama sem engar. Flest sýslumannsembættin eru líka þannig löguð, að eins og hlaðist hefir á þau mikið af alls konar aukastörfum nú, er ómögulegt að reka þau án mikils skrifstofukostnaðar. Jeg skal leyfa mjer að skýra frá kostnaðinum við hin ýmsu embætti, samkvæmt skýrslu, sem samin var 1916, þegar dýrtíðaruppbót embættismanna var ákveðin. Jeg ætla að lesa þessa skýrslu upp með leyfi hv. forseta

Sýsla.	Föst laun. kr.	Emb.kostn. kr.
Mýra- og Borgarfj. . .	3500	1200
Snæf.n. og Hnappadals .	3000	1300
Dala	2500	760
Barðastrandar	2500	1580
Stranda	2500	600
Húnavatns	3500	1326
Skagafjarðar	3000	600
Þingeyjar	3500	1400
Norður-Múla og Seyðisf.	3500	2800
Suður-Múla	3000	2300
Skaftafells	3000	1064
Rangárvalla	3000	775
Vestmannaeyja . . .	2000	1600
Árnes	3500	2765
Gullbr.og Kj.og Hafnarf.	3000	2470

Það er engin skýrsla fyrirliggjandi frá bæjarfógetunum á Ísafirði og Akureyri, því að þeir óskuðu ekki eftir dýrtíðaruppbót. Fyrst nú að kostnaðurinn af embættinu er svona mikill 1916, þá er auðsjeð, að það er ekki mikið eftir að lifa af, þegar búið er að draga hann frá föstu launununum. Fyrir komandi ár má búast við, að kolakostnaðurinn verði svo mikill, að hann hleypi skrifstofukostnaðinum fram að miklum mun. Við þetta bætist, að þingið er altaf að leggja meiri og meiri verk á sýslumennina, án þess að auka laun þeirra á nokkurn hátt, enda er eðlilegt, að eftir því sem viðskiftalíf okkar eykst ár frá ári aukist einnig störf þessara manna. Þá er á það að líta, að þessir embættismenn sumir hverjir eru, þegar á alt er litið, víst allra embættismanna verst launaðir, en hafa þó mörgum mjög þýðingarmiklum störfum að gegna, hafa t. d. aðalinnheimtu landsins, og það má nærri geta, hve holt það er að hafa þá menn svo illa launaða, að þeir verði að leita sjer aukastarfa, til þess að geta lifað. Það er mjög nauðsynlegt, að þeir sjeu efnalega sjálfstæðir menn. Það sýnist því liggja í hlutarins eðli, að jeg þurfi ekki að fara fleirum orðum um þetta, hve mikil nauðsyn það er að láta þessa menn hafa skrifstofufje, þar sem líka sjerstaklega harðar kröfur eru gerðar til þeirra um það að afgreiða mál fljótt, eins og sjálfsagt er, en til þess að geta rekið þau með nægilegum hraða, þarf eitthvert skrifstofufje. Það er líka merkilegt tímanna tákn, að nú er eitt sýslumannsembætti laust, sem talið er með þeim betri. Það er sem sje Suður-Múlasýsla. Jeg hefi nýlega átt tal um það við tvo lögfræðinga, sem báðir sögðu, að þeir hefðu mjög gjarnan viljað sækja um það, en hafi ekki treyst sjer til þess vegna þess, hve illa það er launað. Það er yfirleitt ekki vin-

sælt að flytja mál sem þetta á Alþingi, en ætti þó að vera það, því að það er enginn bitlingur, þótt veitt sje nauðsynlegt fje til nauðsynlegra embætta, til þess að þau geti orðið rekin þjóðinni til sem mests gagns. Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um þetta að sinni, en leyfi mjer að vænta, að þessi styrkur fái að standa óbreyttur, eins og hann er í frv. nú, er það kemur frá háttv. Ed. Undir öllum kringumstæðum er ófært að hafa hann minni en háttv. fjárveitinganefnd hefir stungið upp á. Þá vil jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um 13. brtt. nefndarinnar. Hún er um stórstúku Good-Templara, og jeg skal ekki vera margorður um hana, en að eins leyfa mjer að mælast til, að hún verði feld ásamt varatill., en styrkurinn til stórstúkunnar látinn standa. Jeg verð að líta svo á, að þessi styrkur sje veittur í viðurkenningarskyni fyrir störf, sem hafa orðið til mjög mikils góðs.

Þá er brtt. á þingskj. 932, sem jeg hefi komið fram með. Jeg vil leyfa mjer að þakka háttv. fjárveitinganefnd fyrir það, hve vel hún hefir tekið henni, og sjerstaklega háttv. framsm., þm. Dala. (B. J.), fyrir ummæli hans um þessa brtt. Í raun og veru hefi jeg engu við það að bæta, sem hann sagði um hana, því að hann tók alt það fram, sem jeg hefði gjarnan viljað segja. Eins og kunnugt er hefir skrifstofustjóri Indriði Einarsson verið í þjónustu landsins í 37 ár, lengst af við mjög lítil laun, en verið fjölskyldumaður og því átt við þröng kjör að búa. Hann er búinn að starfa, sem sagt í þjónustu landsins í 37 ár, og því ekki nema eðlilegt, að hann sje dálítið farinn að þreytast, enda hefir hann auk þess, sem hann hefir starfað beinlínis í landsins þarfir, haft ýms önnur áhugamál, því að hann hefir jafnan í frístundum sínum, eða þegar eitthvert hlje hefir orðið á störfum hans, fengist við að semja skáldrit. Jeg þarf ekki að minna á starfsemi hans sem leikritaskálds eða þann skerf, sem hann hefir lagt til bókmenta þjóðarinnar, því að það er öllum kunnugt. Jeg skal að eins benda á Nýársnóttina, sem hefir verið leikin hjer hvern veturinn eftir annan, og ekkert leikrit hefir gengið eins oft og hún. Jeg veit, að það er ósk Indriða að mega nota þann tíma, sem hann á eftir æfinnar, eingöngu til skáldskapar, sjerstaklega til þess að geta lokið verki, sem hann er þegar byrjaður á fyrir löngu, en hefir ekki getað lokið við, sökum mikilla anna. Jeg sje ekki ástæðu til að fara um þetta fleirum orðum, en læt mjer nægja að vísa til þess, sem háttv. framsm. (B. J.) sagði um þetta atriði, því að honum fórust svo vel orð um það, eins og vænta mátti. Auk þess er mjer kunnugt um, að nálega alt þingið er mjer sammála um rjettmæti þessarar brtt.

Einar Jónsson: Þegar svo er orðið áliðið þingtímans og dagsins sem nú, verða menn að takmarka ræðutíma sinn. Það, sem vakti fyrir mjer með því að biðja mjer hljóðs, var það, að jeg vildi leyfa mjer að mæla með 2 brtt., sem jeg hefi komið með. Jeg áleit, að eitthvað yrði að reyna að spara í þessum fjárlögum, því að jeg sje, að útgjöldin hafa hækkað töluvert í háttv. Ed. Jeg leit því eftir, þegar fjárlögin komu þaðan, hvaða liði væri tiltækilegast að nema burt eða lækka, og lenti þá á 2, sem jeg hef gert brtt. við, og geta þær brtt. sparað landinu 11,300 kr., ef þær verða samþyktar. Jeg bjóst við, að það myndi verða vandkvæðum bundið að lækka, þótt sýnilega væri hægt að gera það.

Fyrri brtt. er við 16. gr. 21, og er um að lækka laun fulltrúa Fiskifjelags-

ins úr 12,000 kr. niður í 8,000 kr. Jeg batt mig við þá ástæðu, að í fjárlagafrv. stjórnarinnar voru honum ekki ætlaðar nema 4,000 kr., og jeg áleit það einkennilegan mismun, sem yrði á þeim lið, ef hann væri hækkaður upp í 12,000 kr. Það getur enginn álitið, að það sjeu eintómir heimskingjar bæði í stjórninni og í Nd., sem ljet þá upphæð standa, en háttv. Ed. hefir samt hækkað þennan lið um 8000 kr. Það hefir stundum verið sagt um þessa háttv. deild, að það væri óhætt að láta alt glannast í gegn hjer, því að háttv. Ed. drægi úr því aftur, en nú hefir farið á annan veg. Samt sem áður hefi jeg fengið upplýsingar um það, að rjett muni að veita Fiskifjelaginu þessa upphæð, og þess vegna ætla jeg ekki að halda þessari brtt. minni til streitu, og hefði enda tekið hana aftur, ef háttv. þm. Dala. (B. J.) hefði ekki óskað þess. Það er eingöngu vegna þess, að jeg tek hana ekki aftur, því að annars hefði jeg gert það. **(B. J.:** Hahahahahæ). Það er ekki af neinni óvináttu við háttv. þingm. Dala. (B. J.), heldur af því, að hann þykist altaf hafa húsbóndavald yfir mjer, en jeg ætla að sýna honum nú í kvöld, að svo er ekki.

Hin till. er út af fjárveitingu til hafnargerðar Vestmannaeyja. Háttv. þm. Vestm. (K. E.) hefir minst á þessa brtt. við mig og áleit, að jeg væri illviljaður Vestmannaeyingum, en svo er alls ekki. Jeg kom með þessa brtt. blátt áfram af því, að jeg álít, að landssjóð beri engin skylda til að greiða þessar 3,300 kr., sem farið hefir verið fram á, enda þótt rannsóknin hafi kostað það meira en áætlað var. Jeg skal geta þess, að í Vestmannaeyjum hafa verið gerðar rannsóknir til að vita, hvort ekki mætti bæta höfnina þar, og síðan hefir verið unnið að því, en alt farið jafnóðum í sjóinn. Þess vegna hygg jeg, að varlega sje í það farandi að ausa fje í þetta alveg óbotnandi díki. En aðallega kom jeg með þessa brtt. af því, að jeg þóttist vita, að stjórninni væri kunnugt um, hvernig til hagaði þarna, og hefði því ekki tekið þennan lið inn í frv. Auk þess finst mjer, að Vestmannaeyingar sjálfir eigi að bera ábyrgðina á þessu, því að hygnir menn þar hefðu átt að sjá, að engin tiltök voru á að gera þar höfn. Mönnum gæti eins dottið í hug að gera höfn úti við Eldey eða úti við Dranga eins og í Vestmannaeyjum, sem er klettur út í sjálfu Atlantshafi, og sjórinn er þar svo sterkur, að það getur sjálfsagt ekkert mannlegt afl ráðið við hann, þar sem hann skellur þar á klettana. Það skyldu þá helst vera einhver öfl, sem háttv. þm. Dala. (B. J.) einum er kunnugt um. Hjer er um það að ræða, hvort landssjóður eða hafnarsjóður Vestmannaeyja á að bera þann halla, sem orðinn er, og jeg hygg, að úr því að rannsókn á þessu byrjaði 1911 og kostaði þá 4,000 kr., þá hefðu Vestmannaeyingar ekki átt að halda áfram og kosta 3,300 kr. meira til, og mig furðar líka á því, að það skuli vera beðið með að koma með þetta fyrir þingið þangað til 1917. Jeg ætla nú samt eftir þær upplýsingar, sem jeg hefi fengið, að taka þessa brtt. aftur, en hina ekki vegna hv. þm. Dala. (B. J.). **(H. K.:** Jeg held, að jeg verði að taka hana upp aftur, af því að háttv. þm. (E. J.) er búinn að lýsa svo vel rjettmæti hennar).

Þá ætla jeg að minnast nokkrum orðum á þörungana, sem dr. Helgi, bróðir háttv. þm. Dala. (B. J.), á að rannsaka. **(B. J.:** Og þönglana). Það er dálítið einkennilegt, að háttv. þm. Dala. (B. J.) skyldi fara að tala um þennan lið eins og áður, því að hann talaði af svo miklum ókunnugleik, að hann áleit marhálm skepnufóður. Jeg er að vísu ekki mikið

kunnugur við sjó, en jeg veit þó, að skepnur borða ekki mikið af marhálmi. (**H. K.**: Marhálmur er ágætt skepnufóður). Jeg held ekki. (**H. K**: Jú, það er víst satt). Það er þá öðruvísi á Barðaströndinni en á Eyrarbakka, því að þar er marhálmurinn notaður í heydýnur, en ekki til fóðurs. Við skulum þá annars slá því frá okkur, en ekki hinu, að þegar háttv. þm. Dala. (B. J.) talar um þörungana og bróður sinn, þá fullyrðir hann, að ekkert gagn sje í því að veita honum þennan styrk ekki nema annað árið, heldur verði að veita honum hann bæði árin, en jeg álít, að ef þessar rannsóknir eru til nokkurs gagns, þá geti það komið að gagni að veita styrkinn bara fyrra árið. (**B. J.**: En marhálmurinn?) Þingsveinar! Viljið þið ekki taka háttv. þm. Dala. (B. J.) og leiða hann í sæti sitt.

Stefán Stefánsson: Við erum tveir flutnm. að þremur brtt. á þgskj. 916. Fyrstu tvær tillögurnar ætla jeg sjerstaklega að skýra dálítið, gagnvart póstafgreiðslumanninum á Siglufirði. Hann hafði sent erindi til landsstjórnarinnar með ósk um hækkun á launum sínum og líka hækkun á húsaleigustyrk. Áður hefir hann haft 800 kr. í laun og 150 kr. í húsaleigustyrk. Í brjefinu til stjórnarinnar er lýst nákvæmlega starfi því, sem hann hefir með höndum, og sömuleiðis því, hve miklir peningar ganga í gegnum hönd hans, eða, með öðrum orðum, hann lýsir störfunum, sem hann verður að inna af hendi, og ábyrgðinni, sem á honum hvílir. Eftir þessu brjefi er það sjáanlegt, að borgunin, sem maðurinn fær, samsvarar ekki líkt því fyrirhöfn hans og ábyrgð.

Í brjefinu stendur, að á árinu 1916 hafi verið afgreiddar ávísanir upp á . . . . . kr. 215,427,00
302 verðbögglar á . . — 32,351,00
579 peningabrjef á . . — 254,943,00
Alls kr. 502,721,00

Enn fremur 659 ábyrgðarbrjef, sem ekki eru reiknuð til verðs. Póstafgreiðslumaðurinn kemst þannig að orði: »Þetta virðist mjer vera nokkuð stórfengleg ábyrgð á manni með að eins 800 kr. launum, því margoft þarf maður hjálpar með að sumrinu, og þá er kaupgjald svo gífurlegt, að því trúir enginn, sem ekki þekkir til hjer, alt að 1 kr. og 50 aur. á tímann.«

Það er því auðsjeð, þar sem hann dag eftir dag þarf á hjálparmanni að halda að sumrinu til, hve langt þessi laun hrökkva til þess að borga manni, og til þess að hann hafi hæfilega þóknun fyrir fyrirhöfn sína. Auk þessa er þess að gæta, að hann er bláfátækur fjölskyldumaður, og hefir ráðist í að byggja stórt hús, til að geta haft póstafgreiðslu og símastöð. Hann hefir því ekki einungis bygt fyrir sig, heldur líka fyrir tvær opinberar stofnanir, og hvíla því á honum stórskuldir. Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hefir sent meðmæli með því, að hann fái hærri laun og líka hærri húsaleigustyrk. Hann getur þess einnig, að póststofan, sem notuð hafi verið, sje nú orðin ófullnægjandi fyrir allar þær póstsendingar og alla þá afgreiðslu, sem þar fer fram árlega; og í brjefi sínu tekur póstafgreiðslumaðurinn það skýrt fram, að fyrir stofu þá, sem hann nú fær 150 kr. í leigu fyrir frá landssjóði, hafi sjer boðist 1000 kr. frá öðrum, árið sem leið, og það fyrir utan ljós, hita og ræstingu. Það er því fyllilega sanngjarnt, að hann fái viðbót við húsaleigustyrkinn, auk þess sem honum ber að fá uppbót á sínum eigin launum. Nú leggjum við til, að laun hans verði hækkuð um 500

kr., auk þess, er fjárveitinganefnd ræður til, en eftir tillögum háttv. fjárveitinganefndar á hann að fá 1000 kr., eða 200 kr. hækkun frá því sem nú er. Í brjefinu fer hann fram á 2500 kr. laun. Þá fyrst telur hann sjer viðunanlega borgað, svo að hann geti fengið sjer þá hjálp, sem hann þarf á að halda. Þarna munar þá 1000 kr. frá því, sem hann fer fram á. Við húsaleigustyrkinn förum við fram á 300 kr. viðbót. Öll fjárveitingin, sem við flutnm. förum fram á, nemur því 800 kr. Jeg vildi því mega vænta þess, að tillögurnar yrðu báðar samþyktar. Jeg vil ekki tefja tímann með því að lesa upp brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um þetta erindi, en það lýsir vel, hvernig ástatt er að þessu leyti. Sjerstaklega er lögð áhersla á það, að húsnæði það, sem notað hefir verið, sje með öllu ófullnægjandi, og enn fremur bent á, að launin sjeu óforsvaranleg fyrir mann með svo miklum störfum og svo stórri ábyrgð.

Jeg skal geta þess, að við höfum ekki sett það sem athugasemd með fjárveitingunni, hvert hún eigi að ganga, en álitum, að nægja mundi að taka það fram í framsögunni, og vænti jeg þess, að enginn verði í vafa um, hvernig á fjárveitingunni stendur, nái hún samþykki, þótt hún standi ekki sem sjerstakur liður í fjárlögunum, heldur inni í þeirri upphæð, sem ætluð er til að launa póstafgreiðslumönnum á stærri póststöðvum utan Reykjavíkur; að eins þessa eins að gæta, að í upphæðinni eru þá 500 kr. sem persónuleg launauppbót til póstafgreiðslumannsins á Siglufirði, sem þá fær alls að launum árlega 1500 kr. Svo tel jeg ekki þurfa að lýsa þessu nánar. Jeg vona, að mönnum skiljist, að það er af fylstu nauðsyn, sem þetta er flutt.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að 3. brtt., sem er smávægileg fjárveiting, til framhalds þjóðveginum frá Akureyri um Þelamörk, sem nefndur er Öxnadalsvegur. Við flutnm. bárum fram brtt. um fjárveiting til vegarins við 2. umr. fjárlaganna, og fórum þá fram á 3000 kr. hvort árið. Nú er upphæðin færð niður í 2500 kr., og verður það undir áliti hæstv. forseta, hvort tillagan megi koma undir atkvæði deildarinnar eða ekki. Jeg skýrði þá afstöðu þessa máls og benti á nauðsyn vegarins, skýrði frá því, að vegur þessi væri aðalumferðar- og kaupstaðarleið tveggja hreppa, og að að eins væru ógerðir 4 eða 5 km. til þess, að báðir þessir hreppar, og enn fremur nokkur hluti Glæsibæjarhrepps, gætu notað veginn sem akveg. Mjer finst það því ærið hart leikið, ef háttv. deild legst á móti þessari litlu fjárveitingu, og það því fremur, sem fyrirsjáanlegt er, að ekki muni koma til með brúarbygging á Eyjafjarðará á þessu fjárhagstímabili. Eins og háttv. þingdm. mun reka minni til, fluttum við — þm. Eyf. — hjer áður þá tillögu, að verja mætti nokkru af brúarfjenu til þess að leggja vegarspotta þá, sem leggja þarf að brúnni, þótt hún yrði ekki bygð, en sú tillaga var feld. Það væri því nokkuð hart að gengið, ef háttv. deild ætlar líka að varna því, að þessi litli vegarkafli geti orðið lagður. Eyjafjarðarsýsla leggur þó svo mikið fram í landssjóðinn, að hún er vel að því komin, þótt þessum fáu krónum væri varið til jafnnauðsynlegra og sjálfsagðra framkvæmda. Og ef það er alvara þingsins að veita fátækum mönnum atvinnu vegna dýrtíðarinnar, þá hygg jeg, að þess greiða sje ekki síður þörf þar en víða annarsstaðar. Einmitt þar í grend er margt af fátæku fólki, sem mundi vilja og þakka fyrir að fá atvinnuna.

Ætla jeg svo ekki að mæla fleira hjer um, en treysti háttv. deildarmönnum til sanngjarnra úrslita.

Forseti: Út af ummælum háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) um brtt. sína um styrk til Öxnadalsvegarins skal jeg taka það fram, að það þarf afbrigði frá þingsköpunum til þess, að tillaga þessi verði borin undir atkvæði, þar sem þessi styrkur hefir áður verið feldur hjer í deildinni. Sama er að segja um brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) á þgskj. 925, um fjárveitingu til byggingar á Hallormsstað. Þessara afbrigða verður leitað áður en gengið verður til atkvæða.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Umræður eru nú orðnar nokkuð langar. En þó er ekkert við því að segja, ef slíkt gæti orðið til samkomulags milli deildanna. Mjer finst háttv. fjárveitinganefnd hafa gert sitt til, að þetta samkomulag geti komist á. Brtt. hennar eru þannig vaxnar, að það eru líkur til, að þær verði ekki að ágreiningsefni í háttv. Ed. Jeg segi líkur, því að jeg hefi ekkert umboð frá deildinni til að staðhæfa neitt um það. Jeg ætla því að leiða hjá mjer brtt. nefndarinnar, en snúa mjer að brtt. einstakra manna.

Fyrst kem jeg þá að brtt. á þgskj. 913. Hún er í þremur liðum, um skrifstofukostnað vegamálastjóra, laun og skrifstofukostnað vitamálastjóra. Hvað 1. liðinn snertir, þá má vísa til þess, sem áður hefir verið tekið fram, að verkfræðingar eru nú færri en áður. Skrifstofustörfin eru engu minni en áður, en færri mönnum á að skipa. Það er því erfitt fyrir þá að anna þessum störfum, án þess að fá sjer aðstoð, og raunar alveg ómögulegt. Einnig má líta á það, að nú eru að mun aukin störf þessarar skrifstofu, með tillögu til þingsályktunar um undirbúning vegamála, sem samþykt hefir verið að fela stjórninni að gera, og að sjálfsögðu lendir að mestu leyti á vegamálaskrifstofunni. Jeg vil því fastlega leggja til, að fjárveitingin til þessa skrifstofukostnaðar verði ekki lækkuð. Sama er að segja um vitamálastjórann. Háttv. deild ætlast til, að veruleg rannsókn verði gerð viðvíkjandi vitabyggingum þeim, sem fyrir liggur að gera. Þótt þessi rannsókn hvíli ekki beint á skrifstofunni, þá þarf þó hennar afskifta að einhverju leyti.

Næst kem jeg að brtt. á þgskj. 926, um laun handa erindreka Fiskifjelagsins erlendis. Háttv. þm. Dala. (B. J.) hefir tekið það fram, að þessi fjárveiting er af skornum skamti, og má síst af henni klípa. Jeg vil benda á það, sem nál. háttv. Ed. ber með sjer, að sama manni er ætlað að vinna líka að einhverju leyti fyrir landbúnaðinn. Þótt hann sje aðallega fyrir sjávarútveginn, þá er þó ekki útilokað, að hann geti kynt sjer ýmislegt, sem landbúnaðinn varðar. Að lækka þessa fjárveitingu um þriðjung finst mjer bera vott um það, að menn vilji ekki veita atvinnuvegunum mikinn stuðning. Háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) játaði, að hann legði ekki sjerstaka áherslu á brtt. sem flutnm., og þess heldur vona jeg, að háttv. deild hverfi ekki að því ráði að samþykkja hana.

Þá er brtt. á þgskj. 925, sem óvíst er hvort fær að koma til atkvæða. Hún er um fjárveitingu til hússbyggingar á Hallormsstað. Háttv. flutnm., 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), hefir tekið fram það, sem mælir með þessari brtt. En af því að jeg hefi fyrir stuttu komið á staðinn, þá vil jeg láta þess getið hjer, að mjer finst ekki sæmandi að láta við svo búið standa með byggingar á þessum

fagra stað. Áður hefir verið veitt fje til að byggja hús á Vöglum í Fnjóskadal, sem líkt er ástatt með og þetta, þótt húsum þar væri ekki eins illa farið og hjer er. Jeg leyfi mjer því að mælast til, að brtt. verði ekki feld.

Þá er ástæða til að fara nokkrum orðum um brtt. á þgskj. 916, um Öxnadalsveginn. Víðar mun nú jafnmikil nauðsyn á vegarlagningu eins og þarna. Það vita þeir, sem farið hafa þjóðvegginn alla leið frá Reykjavík og norður í Þingeyjarsýslu. Þó mun full nauðsyn á, að þessi brautarkafli sje lagður, til þess að akfæri vegurinn, sem búið er að leggja, komi að tilætluðum notum. Háttv. framsm. fjárveitinganefndar (M. P.) sagði, að heimfæra mætti þennan veg undir atvinnufyrirtæki, sem ráðist væri í vegna dýrtíðarinnar. Það skiftir ekki miklu máli, ef þetta verk kemur til framkvæmda, hvort það stendur í fjárlögunum eða ekki. Og jeg vona, að það komi á einhvern hátt til framkvæmda á næsta fjárhagstímabili.

Jeg læt mig því engu skifta, hvernig fer um þessa brtt. En það eru sjerstaklega brtt. á þgskj. 923 og 926, sem mjer þætti illa farið ef samþ. yrðu.

Sigurður Sigurðsson: Jeg á hjer nokkrar brtt., sumpart einn og sumpart með öðrum. Ein af þeim, sem jeg flyt með háttv. þm. Borgf. (P. O.), er á þgskj. 912 og fer fram á að fella í burt styrk til skrifstofuhalds handa sýslumönnum, að upphæð einar 10000 kr., eða þar í kring. Jeg lít svo á, að þessi tillög, eða þessi styrkur, til sýslumannanna sje í raun og veru, eins og ástandið er nú, ekkert annað en dýrtíðarstyrkur. Þeir fá því tvöfalda dýrtíðaruppbót, ef þessi styrkur verður veittur, fyrst eftir lögum um dýrtíðaruppbót handa embættismönnum og sýslunarmönnum landssjóðs, sem samþykt voru hjer í dag, og í öðru lagi eftir fjárlögunum, ef þessi brtt. verður ekki samþykt.

Það hefir verið gert orð á því, að sýslumannsembættin sjeu orðin svo rýr, að enginn vilji við þeim líta, og þeir, sem í þeim eru, þrífist ekki. Einhvern tíma þóttu þessi embætti feitir bitar, sem margir sóttu eftir. Vera má, að aukatekjur sýslumanna hafi rýrnað að mun á þessu ári. En aftur á móti hafa þeir þó nokkrar tekjur af landssjóðsversluninni, og munu halda þeim framvegis, því að verslunin mun líklega halda áfram að ganga í gegnum hendur þeirra. Jeg þekki ekki, hve miklu þessar tekjur nema. En jeg hygg þó, að þær hljóti að vera drjúg hjálp þessum mönnum, að því er skrifstofukostnaðinn snertir. Líka má benda á það, að sumir virðast komast af með mjög litla hjálp á skrifstofum sínum, þar sem aðrir þurfa á aðstoð að halda, án þess að meira virðist vera að gera hjá þeim en hinum. Þess vegna tel jeg ekki koma til mála annað en að fella styrkinn eða uppbótina í burt og samþykkja þessa brtt. Því minni ástæða er til að láta þennan styrk standa, þar sem frv. til laga um launahækkun handa yfirdómendunum var felt hjer í deildinni í dag, sem þó hefði legið nær að samþykkja. Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) gat þess, er hann mælti með þessum styrk, að sýslumenn ættu við svo erfið launakjör að búa, að full ástæða væri til að veita þeim þetta. Ef þeir eiga við erfið kjör að búa, þá þykir mjer skörin fara að færast upp í bekkinn hjá öllum fjöldanum. Það er enginn vafi á því, að þeir eru betur settir en flestir aðrir starfsmenn landsins.

Það er ekki nýtt á þinginu að heyra þennan jarm um bágborin kjör embættismanna, og það er ilt til þess að vita, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) skuli

verða til þess að endurtaka þann jarm. Jeg skal svo ekki orðlengja meir um þennan lið, en vona, að tillaga okkar háttv. þm. Borgf. (P. O.) verði samþykt, þrátt fyrir atlögu tveggja hæstv. ráðherra. Það mætti teljast alt að því hneyksli, ef annað yrði ofan á.

Brtt. á þgskj. 913 legg jeg minna upp úr. Þar er farið fram á, í 1. og 3. lið, að lækka skrifstofukostnað vitamálastjóra og vegamálastjóra. Upphæðirnar eru svo litlar, að þær gera hvorki til nje frá á þessu miljónaþingi. En um annan liðinn, laun vitamálastjórans, er komin fram samskonar brtt. frá nefndinni, og er þá mín brtt. óþörf, svo að jeg get vel tekið hana aftur.

En jeg á enn nokkuð meira í pokahorninu.

Á þgskj. 915 flyt jeg einn brtt., 3 liði. 1. liðinn skal jeg þegar taka aftur, enda hefir þar slæðst inn ritvilla, því að till. mín átti alls ekki við þennan lið. En um hina tvo liðina, aðstoð á þjóðmenjasafninu og styrkinn til skálda og listamanna, er það að segja, að jeg legg ekki mikið upp úr breytingu á þeim liðum. Það munar ekki svo mikið um einn blóðmörskepp í sláturtíðinni. Jeg skal að eins taka það fram, að brtt. er alls ekki komin fram af ofsókn gegn skáldum og listamönnum. Tilgangur minn var að eins sá að halda málinu í horfinu og koma jafnvægi á. En vel getur verið, að jeg geri það til geðs háttv. þm. Dala (B. J.) að taka brtt. aftur, áður en lýkur. Hluturinn er sá, að það virðist ekki þýða neitt að koma fram með nokkra brtt. í sparnaðarátttina, því að þær fá skjótan dauða, eru allar strádrepnar þegar í stað. Menn eru orðnir svo vanir að reikna með stórum tölum, að það er að engu metið, þótt komið sje með sparnaðartillögur, sem nema nokkrum þúsundum, eða jafnvel tugum þúsunda. Fjárausturinn er orðinn svo gegndarlaus, að einsdæmi mun vera, þótt ef til vill í sumum atriðum sjeu nokkrar ástæður til rjettlætingar. Það er eins og allir flokkar sjeu samtaka um það að bruðla út fje sem mest má verða. Þess má þó geta um einn flokk, sem sje framsóknarflokkinn, að hann hefir sýnt nokkra viðleitni í þá átt að fara varlega. En hann hefir samt ekki staðið einn og óskiftur, og afleiðingin hefir orðið sú, að þeir hafa vanalega orðið ofan á við atkvæðagreiðsluna, sem ósparir eru á landsfje og fjárveitingar. Samheldnin hefir ekki verið nóg, eða ef einhver hefir verið, þá hefir hún farið í mola. Menn tala hjer mest um dýrtíð og miljónir. En miljónirnar, sem þó eru teknar að láni, eða á að taka að láni, hafa stigið mönnum til höfuðsins. Tekjufrv. hafa þar móti verið drepin eða limlest, t. d. tekjuskattsfrv., svo að dregið hefir úr áhrifum þeirra eða tekjuaukanum, sem ætlast var til að ná með þeim. Og það undarlegasta er, að sjálfur fjármálaráðherra (S. E.) er enginn eftirbátur annara í bruðluninni. Það má nú að vísu fyrirgefa þeim mönnum, sem örlátir eru á sitt eigið fje, þó að þeir sjeu líka óhófsamir á annara fje. En undarlegra er, að menn, sem ekki tíma að sjá af 5 aurum úr eigin vasa, skuli ganga vasklega fram í því að sóa opinberu fje.

Það hefir svo sem ekki mikið að segja að koma með till. til sparnaðar, sem að eins hefir í för með sjer nokkurra þúsunda króna sparnað, þar sem fjárlögin nú verða með alt að 1 miljón króna tekjuhalla.

Áður en jeg sest niður get jeg ekki látið vera að minnast á brtt. þgskj. 932, þar sem lagt er til, að Indriði Einarsson fái 3500 kr. í eftirlaun og til ritstarfa, sjálfsagt þá með það fyrir aug-

um, að hann láti af embætti. Jeg ætla mjer nú ekki að tala um þessa brtt. Maðurinn er gamall maður, og hefir nokkra verðleika sem embættismaður, en þó meiri á öðrum sviðum, sem sjónleikaskáld og rithöfundur, svo að ekki er nema gott eitt um hann að segja. En jeg verð að telja þessa leið mjög varhugaverða, og hún getur leitt ljóta dilka eftir sjer, ef gengið er langt út á þessa braut. En ef þessi brtt. verður samþykt, þá vænti jeg þess — og það var það, sem jeg í þessu sambandi vildi hafa sagt — að hæstv. stjórn bresti ekki vit nje vilja til þess að skipa í embættið góðan mann, en fari þar ekki eftir bróðerni, venslum, vináttu eða pólitískum loddaraskap. Hjer þarf á verulega hæfum manni að halda, og hæfa menn eigum vjer í þetta afaráríðandi embætti, og jeg vona, að stjórnin taki mann úr þeirra flokki. Vjer eigum meira en nóg af lítt hæfum mönnum í embættum, þótt þetta embætti yrði vel skipað.

Á þgskj. 952 er farið fram á það, að heimiluð sje eftirgjöf á 12000 kr. láni, er tekið var 1915. Mjer þykir það langt gengið, og næstum birætni, að fara fram á, svo fljótt, eftir að eins tvö ár, að lán þetta sje gefið eftir. Vjer eigum ef til vill eftir að fá að heyra einhverjar ástæður fyrir þessari brtt. En undarlegt þætti mjer, ef brtt. hefði við þau rök að styðjast, að hún geti verið rjettmæt. Jeg mun því greiða atkvæði á móti þessari tillögu.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hjelt þegar háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) var mitt í ræðu sinni, að það væri eitthvað mikið, sem jeg þyrfti að svara honum, en nú finst mjer það eiginlega vera ekki neitt.

Hann hefir nú á hverju þingi haldið fallegar sparnaðarræður, sem jeg og aðrir eru honum þakklátir fyrir. En honum hefir ekki altaf verið eins gjarnt að fara eftir heilræðum sínum, að spara, þegar um hans eigið kjördæmi er að ræða. Það mun ekki vera til nokkurt eitt kjördæmi, sem lagt hefir verið í jafnmikið fje úr landssjóði. Það má sannarlega segja, að þar hafi verið miljónafyrirtæki á ferðinni, og hinn háttv. þm. (S. S.) hefir ekki verið letjandi þess að ýta þangað miljónunum, í alls konar fyrirtæki, vegi, hafnir og áveitur. Jeg hefi aldrei orðið var við, að hann hafi viljað spara eina einustu krónu, sem átt hefir að renna inn í kjördæmi hans. Jeg er ekki að lasta þetta, því að jeg hefi þvert á móti verið flestum þessum fjárveitingum fylgjandi. En það eru nú einmitt þessir liðir, sem gera útgjöldin í fjárlögunum. Það er náttúrlega gott að vilja ryðja burt smáliðum og algerlega sjálfsagt að skera alla óþarfa liði niður, jafnvel þótt þeir eigi að fara í kjördæmi háttv. þm. (S. S.). En þótt smáliðirnir sjeu feldir, þá dregur það, því miður, svo lítið úr hallanum, sem nú er í fjárlögunum. Jeg vil slá því föstu, að í fjárveitingum, sem snerta hans eigið kjördæmi, vill hinn háttv. þm. (S. S.) ekki spara.

En þetta eru nú að eins almennar hugleiðingar.

Jeg skal þá fyrst snúa mjer að fjárveitingunni til skrifstofukostnaðar sýslumanna, því að það mun aðallega vera sú till., sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) átti við, er hann vildi bregða mjer um sóunarsemi á fje landsins, þótt raunar verði ekki sagt, að jeg hafi verið ör á landsfje, þar sem jeg hefi að eins, fyrir stjórnarinnar hönd, verið riðinn við þessa einu fjárveiting á þessu þingi, sem auk þess er upp tekin af stjórninni í samráði við fjárveitinganefndir. En ef hinn háttv. þm. (S. S.) vill líta rólega á málið, þá hlýtur hann að sjá, að þessir

embættismenn búa nú sem stendur við mjög ill laun. Meðaltal launa sýslumannanna er 3000 kr.; þar af fara 1000 kr. í skrifstofukostnað, auk kostnaðar við þingaferðir, svo að allir sjá, að þegar eftir eru 1500—1800 kr. nettó af launununm, þá er ómögulegt að lifa af því nú á tímum fyrir þessa embættismenn. En þá er og á það að líta, að þetta eru trúnaðarmenn þjóðarinnar. Er það þá heppilegt fyrir sjálfa þjóðina, að dregið sje um of við þá? Það er litið svo á í öllum siðuðum löndum, að best muni að launa sómasamlega öllum þeim, sem miklar fjárheimtur hafa á hendi. Jeg veit ekki, hvernig háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) tók í frv., sem nú er fyrir skemstu afgreitt frá þinginu, sem sje um skiftingu bæjarfógetaembættisins í Reykjavík. En hitt veit jeg, að hann gerði enga brtt. við það frv., og virðist því ekkert hafa haft við það að athuga, og voru þó laun þar ákveðin 5000 kr. vaxandi upp í 6000 kr. og að auki skyldi greiddur allur skrifstofukostnaður. En hver sanngirni er þá að launa hliðstæðum embættismönnum svo sem nú er gert? Störf þessara manna eru aukin með hverju þingi, en þó mega þeir búa við sultarkjör. Jeg álít þetta óholt fyrir þjóðfjelagið, alveg eins og jeg álít óholt að fjölga embættismönnum, nema knýjandi ástæður sjeu fyrir hendi. Og á móti slíkri óþarfri fjölgun veit þm. (S. S.) ósköp vel að jeg hefi staðið og mun standa. Þess ber að gæta, að embættismenn hætta að líta við slíkum kjörum. Ef þessi kjör haldast, þá verður ekki einn maður til þess að sækja um embættin, með því að ekki verður unt að gegna þeim án þess að safna skuldum, og það á landið að forðast sjálfs sín vegna. Það er undarlegt hjá hinum háttv. þm. (S. S.) að vilja beita harðneskju við menn úti um sveitir, menn, sem hann í sömu embættum hjer í höfuðstaðnum vill launa með 5—6 þús. kr. Hvernig stendur á því? Mega sveitahjeruðin ekki njóta jafnrjettis við Reykjavík? Hann mintist á laun yfirdómaranna. Jeg er því samþykkur, að þau sjeu altof lág, en alveg eins er ástatt um sýslumennina. Og jeg vona því, að menn, þrátt fyrir sparnaðarræðu háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), sjái, að þessi uppbót til sýslumanna fyrir skrifstofukostnað er sanngjörn. Þetta hafa líka báðar fjárveitinganefndir þingsins viðurkent, þótt nefndin í þessari háttv. deild leggi til að lækka upphæðina.

Bæði háttv. þm. Stranda. (M. P.) og háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hafa sagt, að sýslumenn hafi tekjur af landssjóðsverslununni. Það getur verið; jeg hefi ekki rannsakað það. En jeg veit annað, að þessi nýju störf, sem lögð hafa verið á sýslumennina, hafa haft aukinn kostnað í för með sjer fyrir þá, aukið mannahaldið. Jeg get bætt því við, að mjer er kunnugt um, að í Suður-Múlasýslu varð sýslumaðurinn að bæta við hálfum öðrum manni í 2 mánuði vegna þessara starfa einna.

Jeg þarf svo ekki að tala meira um þetta atriði. Jeg býst við því, að deildinni þyki það svo sjálfsagt, að hún samþ. það einróma.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S) mintist á skrifstofustjóra Indriða Einarsson, en þar sem hann í sambandi við þann lið gat þess, að hann vænti, að skipun skrifstofustjórastöðunnar stjórnaðist ekki af frændsemi, bróðurkærleika, vináttu og slíku, þá veit jeg ekki, hvað hinn háttv. þm. (S. S.) meinar, hvort hann hyggur, að embættaveitingar yfirleitt fari fram eftir slíku, eða hvort hann meinar þetta til mín sjerstaklega, með því að skipun þessa embættis mun einkum heyra undir mig.

Þar sem háttv. þm. (S. S.) gaf í skyn, að hann væri á móti stjórninni, þá verð

jeg að furða mig á því, því að jeg veit ekki til, að hann hafi nokkurn tíma verið á móti nokkurri stjórn. Hann er ekki svoleiðis maður, háttv. þm. (S. S.)

Framsm. fjárveitinganefndar (Bjarni Jónsson): Það er að eins stutt athugasemd, til þess að bæta inn tveim atriðum, sem jeg gleymdi úr fyrri ræðu minni.

Í fyrsta lagi um orðabókina. Jeg gleymdi að geta þess, að henni fylgir ein smátill, um að fella niður smáfjárveiting, sem Ed. hafði samþ. Hún stendur í því sambandi við aðaltill., að ef hún verður feld, þá verður þessi tekin aftur. En ef aðaltill., hækkun styrksins til orðabókarinnar, verður samþ., þá ætlast nefndin til, að þessi smáfjárveiting felist í hækkuninni, og að sá maður, sem hennar skyldi njóta, verði þá undir umsjón aðalritstjóra orðabókarinnar.

Í annan stað þarf jeg að færa háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) þakkarávarp fyrir það, að hann lætur í veðri vaka, að hann muni taka aftur till. sína um skálda- og listamannastyrkinn. En þessi upphæð er reiknuð með námsstyrk til Sigurðar Þórðarsonar frá Söndum, sem nú er í Leipzig. Að þessum styrk meðtöldum, 2000 kr., verður upphæðin 14 þús. kr. fyrra árið, eða með öðrum orðum jafnmikið og veitt er síðara árið. Jeg vildi að eins geta þessa mönnum til skýringar, svo að þeir skilji, hvernig á þessu stendur. Jeg vil líka benda á það, að jeg get ekki sjeð, að þessi 14 þús. sje ofmikið til að bæta upp þeim mönnum, er lengi hafa staðið í fjárlögunum. Jeg vil minna menn á, að á þingi í vetur var þessum mönnum neitað um dýrtíðaruppbót, sem þó aðrir fengu. Aftur á móti var þá talað um, að þetta mundi verða bætt með ríflegu fjárframlagi sem hallærisstyrk nú á þingi, til skálda og listamanna. Og jeg sje ekki, að þetta geri meira en að samsvara þeirri uppbót, sem aðrir hafa fengið. Sumir þessara manna hafa staðið alllengi í fjárlögunum, og það hefir verið ætlast til þess, að þeir fengju einhverja hækkun. Jeg vil endurtaka það, sem jeg hefi sagt áður, fyrir hönd nefndarinnar, að henni mundi þykja það ilt, ef farið væri að gera upp á milli þeirra, er áður hafa verið jafnir í fjárlögunum, eða að taka einn fram yfir annan. Þetta var sú athugasemd, sem jeg þurfti að gera, af því að jeg gleymdi því í fyrri ræðu minni. Að öðru leyti get jeg ekki sagt annað en að menn hafa verið mjer góðir, og er því fátt eða ekkert sem jeg þarf að svara. Það var helst háttv. 2. þm. Rang. (E. J.), sem virtist vilja vefengja sumt af því, sem jeg sagði. Jeg ætla að minnast lauslega á það fyrsta, sem hann sagði, um veitinguna til hafnarsjóðs í Vestmannaeyjum. Hann var á þeirri skoðun, að það færi meira af þeim peningum í sjóinn, sem til hafnargerðarinnar þar væri veitt, heldur en það, sem að gagni kæmi. Jeg vil benda háttv. þm. (E. J.) á, að það eru peningar Monbergs, sem hefir verkið með höndum, sem þar færu í sjóinn, en ekki landssjóðs, svo að það ætti ekki að geta haft nein áhrif á atkv. manna um þetta. Nú heyri jeg, að háttv. sami þm. (E. J.) hefir tekið till. sína aftur, og er það auðvitað gott. Jeg skal svo ekki fjölyrða meir, því að jeg vildi að eins taka fram það, sem jeg hafði gleymt.

Þórarinn Jónsson: Jeg ætlaði mjer ekki að taka til máls við þessa umræðu, því að satt að segja vorkenni jeg bæði sjálfum mjer og háttv. deild að sitja undir öllum þessum löngu ræðum. En það var sessunautur minn, hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem gaf mjer ástæðu til að leiðrjetta dálítinn misskiln-

ing hjá honum. Það var viðvíkjandi brtt. á þgskj. 924.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) tók það fram, að það væri hafður órjettur í frammi gagnvart forgangsrjettarskólunum, ef Hvammstangaskólinn væri tekinn upp í þeirra tölu. Þetta er ekki rjett hjá háttv. þm. (Sv. Ó.). Jeg vil benda honum á það, að aðalstyrkveitingin til þessara skóla er hækkuð frá því sem áður var. Hvammstangaskólinn hafði áður fullar 900 kr., en á eftir þessu að fá 1500 kr. Aðalupphæðin til skólanna hefir hækkað um 500 kr., eða sem svarar því, sem bætt er við Hvammstangaskólann, svo að með þessu er engum gert rangt til, þar sem þeir munu allir fá líkt og áður. Og engin ástæða er til að halda, að skólum muni fjölga svo mjög á þessu fjárhagstímabili, eins og nú lítur út með skólahald.

Þá talaði háttv. þm. (Sv. Ó.) enn fremur um það, að það væru miklu fleiri skólar í Norðlendinga- og Sunnlendingafjórðungi heldur en Vestfirðinga- og Austfirðingafjórðungi, og það væru því aðallega hinir fyrnefndu fjórðungar, sem nytu styrksins, en hinir færu hans á mis. Þetta má vel vera rjett hjá honum, en það eru hjeruðin sjálf, sem eiga sök á þessu, af því að þau hafa ekki stofnað hjá sjer skóla og byrjað að styrkja þá með sínu eigin fje. Það er því ekki hægt að kenna öðrum um þetta en þeim sjálfum, og því síður hægt að segja, að hjer sje nokkrum gert rangt til.

Hins vegar þykir mjer líklegt, að slíkir unglingaskólar muni rísa upp í hverju hjeraði; það er ekki nema tímaspursmál, hve nær það verður. Og þá finst mjer, að viðkomandi sýslufjelög, sem byrja á að leggja fram fje til slíkra skóla og vilja leggja eitthvað í sölurnar, eigi heimtingu á að fá viðurkenningu fyrir það hjá landssjóði.

Þá er brtt. frá háttv. þm. Dala. (B. J.) á þgskj. 910, þar sem hann fer fram á, að skólanum í Hjarðarholti í Dölum sje bætt inn með hinum. Í sambandi við þetta vildi jeg að eins minna háttv. þm. Dala. (B. J.) á hans eigin ummæli um varatill. háttv. þm. Borgf. (P. O.) á þgskj. 919. Hann sagði um þá till., að hvorugur væri bættur, þó að annar fjelli. En hjer er alveg eins ástatt með þessa brtt. háttv. þm. Dala. (B. J.). Hún verður til þess að raska jafnvægi milli skólanna og kæmi ruglingi á alt saman, ef hún yrði samþykt.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta, en vil leggja það undir dóm háttv. deildar. En jeg vil þó geta þess, að fjárveitinganefnd Ed. tók þetta einróma inn í fjárlögin, og það var samþykt þar í háttv. deild í einu hljóði. Um aðrar brtt. ætla jeg ekkert að segja, en mun sýna afstöðu mína til þeirra við atkvæðagreiðsluna.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg á hjer tvær brtt., sem jeg vildi fara fáum orðum um. Fyrri brtt. er á þgskj. 909. Hún fer fram á, að Steinunni Guðmundsdóttur verði veittur dýrtíðarstyrkur, alt að 1000 kr., til þess að hún geti rekið lækningastofu sína. Hún hefir sótt um 1500 kr. styrk til fjárveitinganefndar hjer, en nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að koma með till. í þá átt. Þessi kona hefir starfað hjer við lækningar í 7 ár, og altaf haft marga sjúklinga og mikið að gera. Eftir því sem mjer er kunnugt þá hefir starf hennar borið mjög góðan árangur, enda ber það þess vott, að læknar hjer í bænum hafa oft og einatt vísað til hennar sjúklingum frá sjer. Það sem hún fæst við eru aðallega nuddlækningar, en í lækningastofu hennar hafa menn getað fengið rafmagnsböð, ljósböð o. fl.

Nú hafði jeg heyrt haft eftir nefndinni, að þessi kona hefði ekki rafmagn

til lækninga lengur, og fór jeg því að leita mjer upplýsinga um, hvernig á þessu gæti staðið. Ástæðan til þess er sú, að verksmiðjan Völundur, sem hún hefir hingað til fengið rafmagn hjá, hefir ekki efni til að vinna úr, nú sem stendur, og hefir því ekki getað látið henni í tje rafmagn til afnota. En nú mun verða ráðin bót á þessu bráðlega, því að verksmiðjan á einmitt von á skipi með efni í nóvembermánuði, og þegar það er komið, tekur hún aftur til starfa, og þá fær Steinunn rafmagn eins og hún þarf með. Þetta er því ekki veigamikil ástæða móti þessari veitingu. Hjer er að eins um lítinn tíma að ræða, sem hún verður að vera án rafmagns. Auðvitað er það ekki því til fyrirstöðu, að hún geti haldið lækningastofunni áfram, þó að aldrei nema ljósböðin vanti þennan litla tíma. Jeg vona nú, að háttv. fjárveitinganefnd sjái sjer fært að greiða þessari till. atkv., eftir þessar upplýsingar, þar sem mótbára hennar móti till. var bygð á því, að hún vissi ekki betur um málavöxtu. Jeg vil enn fremur geta þess, að síðan Jón læknir Kristjánsson setti hjer á stofn sína lækningastofu þá hefir Steinunn haft alveg jafnmikið að starfa eftir sem áður. Menn eru nú farnir að nota þessar lækningar allmikið, og aðsókn að þeim eykst mikið á hverju ári. Það mundi líka koma sjer illa fyrir sjúklingana, ef lækningastofan yrði að hætta störfum sínum, eins og menn geta skilið. Mjer finst þetta ekki vera nema sanngjarnt, með tilliti til þess, að aðrar lækningastofur hjer hafa verið styrktar og jafnvel fengið dálitinn styrk til áhaldakaupa. Þá er hin brtt. mín, á þingskj. 929, um að kvöldskólanum í Bergstaðastræti verði veittar 300 kr. hvort árið. — Þessi skóli byrjaði að starfa árið 1904 sem barnaskóli, en 1908 sem kvöldskóli. Síðan hefir skólinn haft milli 30 og 50 nemendur á ári. Og mjer er kunnugt um það, að þeir hafa fengið þar ágætisfræðslu, og skólinn altaf starfað með mestu reglusemi. Bæði skólastýru og kennurum skólans er að allra dómi mjög sýnt um að kenna, enda mun jeg ekki einn til frásagnar um það, því að þessi skóli er mörgum að góðu kunnur. Jeg vona því, að háttv. deild leyfi þessari till. að ná fram að ganga, þar sem hjer er um svo nauðalitla upphæð að ræða. Það er eins og háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sagði, að þetta er rjett fyrir einu tonni af kolum. — Það var eitt atriði hjá háttv. framsm. síðari hluta fjárlaganna (B. J.), sem jeg vildi drepa á. Það er styrkurinn til stórstúku Íslands. Það hefir nú svo mikið verið um þetta talað, að jeg þarf ekki að segja margt. Nefndin vill nú láta þennan styrk ganga til Bræðrasjóðs Mentaskólans, og segir, þessari till. til stuðnings, að hann sje þess vel maklegur og vel viðeigandi, að Alþingi styrki hann. Mjer dettur auðvitað ekki í hug að neita því, að þessi sjóður sje alls góðs maklegur, og ef hjer hefði legið till. fyrir um styrk til hans, án þess að taka það fje frá öðrum þjóðþrifafjelagsskap, þá hefði jeg hiklaust greitt henni mitt atkvæði.

En hitt álít jeg að sje talsvert erfitt, að gera upp á milli þessara tveggja aðilja. Þó tel jeg vafalaust, að þeir sjeu fleiri, sem telji starfsemi bindindisins hjer í landi öllu víðtækari og áhrifameiri fyrir land og lýð, og þá um leið nauðsynlegri, heldur en Bræðrasjóð. Þó skal jeg hins vegar ekki draga neitt úr því, hversu nauðsynlegt sje að styrkja efnilega nemendur til náms. En bæði er það hvergi nærri jafnviðtækt og hitt, og svo er þessi styrkur úr Bræðrasjóði svo nauðalítill enn sem komið er, að hann munar menn ekki miklu. Að öðru leyti get jeg ekki annað en undrast,

hvað nefndin virðist hafa gaman af að hringla með þennan styrk fram og aftur, og lætur sjer ant um, að hann lendi alstaðar annarsstaðar en hjá stórstúkunni. Jeg segi þetta ekki af því, að þetta sje mjer neitt tilfinningamál, síður en svo, því að persónulega stendur mjer á sama. En jeg get ekki annað en metið starfsemi bindindisins hjer á landi mjög mikils, og hlýt af þeirri ástæðu að átelja þetta framferði nefndarinnar.

Pjetur Ottesen: Það er aðallega viðvíkjandi brtt. minni á þgskj. 919, sem jeg vildi segja nokkur orð. Hún fer fram á, að veita Sigurði Jónssyni, smáskamtalækni frá Litla-Lambhaga, 500 kr. í viðurkenningarskyni, í eitt skifti fyrir öll.

Jeg veit, að margir af háttv. deildarmönnum munu kannast við Sigurð þennan Jónsson, sem er þektur sæmdarmaður og víða að mörgu góðu kunnur. Hann hefir nú fengist við lækningar í 50 ár, með góðum árangri, og eru þess mörg dæmi, að hann hefir hjálpað, að öðrum læknum frágengnum. Enda hefir hans oft verið leitað úr fjarlægum sýslum til veikra manna. Eins og af líkum má ráða þá hefir þessi maður orðið að setja mjög til hliðar öll heimilisverk sín, sökum sífeldra ferðalaga langt út um sveitir. En þessar lækningar hans hafa ekki verið að sama skapi arðberandi, því að eins og hann er ótrauður til hjálpar við hvern sem er, er hann og brjóstgóður mjög og má nálega ekkert aumt sjá, og hefir því látið mörgum fátæklingum hjálp sína í tje, án þess að taka nokkurt endurgjald fyrir.

Þessi erfiðu ferðalög eru nú, sem vonlegt er, farin að beygja hann. Hann er nú 75 ára gamall og mjög hniginn að heilsu, og veitist því, sem vonlegt er, erfiðlega baráttan fyrir lífinu. Mjer blandast því ekki hugur um, að aðrir sjeu mjer sammála um, að það væri vel viðeigandi að gleðja þennan sæmdarmann á æfikvöldi hans, í viðurkenningarskyni fyrir, að hann hefir alla sína æfi starfað í þarfir þjóðfjelagsins.

Jeg sje, að Magnús Guðlaugsson á Bjarnastöðum hefir verið settur í fjárlögin í háttv. Ed., og mun vera, eftir því sem jeg hefi spurnir af, líkt á komið með honum og Sigurði. Og hefi jeg því leyft mjer að koma fram með þessa brtt. mína. Þeir sóttu báðir um styrk til þingsins árið 1915, en var þá synjað. Jeg fæ ekki betur sjeð en að þessir menn standi báðir mjög jafnt að vígi, og að ekki sje mögulegt með sanngirni að gera upp á milli þeirra, síst að setja Sigurð skör lægra í þessu efni. Þess vegna hefi jeg komið með varatill. mína við 34. lið í 16. gr., að sá liður falli burt, svo framarlega sem mín till. verður ekki samþykt. En jeg vænti þess, að til þessa komi ekki, og tek jeg þá auðvitað aftur varatillöguna.

Viðvíkjandi öðrum brtt., sem jeg hefi flutt ásamt háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), þá hefir hann nú talað fyrir þeim, og get jeg því látið vera að fara þar fleirum orðum um.

En þó hefði jeg gjarnan viljað fara nokkrum orðum um skrifstofufje til sýslumanna, sem við höfum komið fram með brtt. um að niður skuli falla, og þá ekki hvað síst minnast á það, hvernig fyrirhugað er að skifta þessu fje niður, því að þar virðist nokkuð kenna áhrifa stórveldanna í valdsmannastjettinni, sem síst þurfa að kvarta, en þar sem nú er liðið langt fram á nótt og menn orðnir þreyttir á umræðum, þá get jeg slept því að þessu sinni, en vona, að till. okkar verði samþyktar.

Hákon Kristófersson: Jeg á hjer brtt. á þgskj. 952, sem jeg vildi fara nokkrum orðum um. Hún fer fram á, að stjórninni veitist heimild til að veita Guðmundi Elendínusi Guðmundssyni eftirgjöf á láni því, 12000 kr., er Alþingi 1915 heimilaði að veita honum til að starfrækja kolanámu í Sjöundárlandi í Barðastrandarsýslu. Þegar þetta lítilfjörlega lán var veitt, þá var í upphafi beðið um meira, en því synjað.

Jeg hygg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að þegar þetta gekk í gegnum Alþingi, þá var það miklu fremur talið sem styrkur heldur en lán. Þennan mann, sem hjer ræðir um, má telja verulegan brautryðjanda í kolarannsókn hjer á landi. Og með tilliti til þess finst mjer ekki óviðeigandi, að honum sje nú gefið eftir þetta lán, sem, eins og jeg áðan tók fram, mun í upphafi hafa verið skoðað frekar sem styrkur. Það mælir enn fremur mikið með þessari eftirgjöf á láninu, að svo framarlega sem hún nær fram að ganga, þá ætlar þessi maður sjer að verja fjenu til þess að afla sjer nýrra borunartækja, svo að hann geti haldið áfram kolarannsóknum og borað fyrir kolum víðs vegar úti um land. Eins og mönnum mun vera kunnugt þá varð hann að láta af hendi námurjettindin í Stálfjalli við annað fjelag, af því að hann hafði ekki nægilegt fjármagn til að reka námuna upp á eigin spítur. Jeg býst nú ekki við, að háttv. deild taki sjerlega mjúkum höndum á þessari till. minni, en jeg er nú orðinn mörgu vanur, svo að jeg kippi mjer ekki svo mikið upp við það. Mjer er það nóg, að jeg þykist hafa gert mitt til, að háttv. deild fengi tækifæri til þess að sýna sanngirni.

Sjerstaklega hefir háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) farið allhörðum orðum um þessa till mína. Hann sagði eitthvað á þá leið, að framkoma þessarar till. væri megnasta hræfni.

Þessi orð vinar míns (S. S.) get jeg varla talið frambærileg frá hans hálfu, því að jeg hygg, að flestir munu mjer sammála um, að sumar af brtt., er hann hefir borið hjer fram, sjeu engu síður hræfni, nema fremur væri. Hann sagði meðal annars, að hann mundi varla heyra þau rök í þessu máli, sem mundu sannfæra hann. Þetta má nú skoða frá tveim hliðum, bæði að jeg hefði ekki slík rök fram að bera og að hann gæti alls ekki sannfærst, hvað sterk rök sem væru fyrir hendi.

Guðmundur Elendínus er áreiðanlega alls góðs maklegur fyrir sína rannsókn í þarfir landsins. Þetta fjelag, sem hann hefir nú fengið í hendur námuna, hefir að vísu útvegað honum atvinnu þar, en þó getur það sagt honum henni upp á að eins þriggja mánaða fresti. — Jeg skal játa það með háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), að það er í alla staði lofsvert að spara við hóf. En jeg get ekki sjeð, að það sje lofsverður sparnaður yfirleitt að láta ekki fje af mörkum til þeirra fáu manna, sem hafa rutt nýjar brautir á einhverjum sviðum. Jeg verð að segja, að jeg tel þá meiri sparnaðarmenn í raun og veru, sem sjá ekki í hvern eyri til styrktar slíkum mönnum, sem vinna að einhverjum þörfum fyrirtækjum, heldur en hina, sem leggja sig þvert í götu þess. Að þessi maður hafi unnið þarft verk, um það verður ekki deilt. Og með tilliti til ýmsra annara styrkveitinga hjer, þá get jeg ekki annað sjeð en að þessi till. mín eigi alveg jafnmikla sanngirniskröfu til að vera tekin til greina eins og sumar af hinum.

Jeg sje að vísu, að það hefir enga þýðingu að fara að lýsa starfsemi þessa manns út í ystu æsar, enda brestur

mig ýms gögn til þess, og verð jeg því að fela háttv. deild úrlausn þessa máls og mun það þá koma fram við atkvgr., hvernig hún lítur á málið.

Um. brtt. nefndarinnar og einstakra manna virðist ekki ástæða til að fara mörgum orðum, enda mun jeg sýna með atkvæði mínu, hvernig jeg lít á þær. Þó get jeg ekki stilt mig um að minnast á eina af mörgum, sem sje þá, er hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) bar fram um skrifstofukostnað sýslumanna. Það er fjarri mjer að bera neinar brigður á, að þessir rjettlætisþjónar eru alls góðs maklegir, og þröngt getur verið í búi hjá þeim sem öðrum á þessum tímum, en þar sem hæstv. stjórn hefir sjeð það framboðlegt að veita þessum mönnum launaviðbót, hefði ekki verið ómaklegt að líta einnig á kjör annarar stjettar, sem á við þröng launakjör að búa, og það miklu þrengri en sýslumenn, og á jeg þar við læknana. Þeir hafa minni laun, en jeg veit, að hægt er að svara mjer með því, að þeir hafi meiri aukatekjur. Það er að vísu rjett, en það er grundvallað á því, hve margir sjúklingar eru. Það getur hver maður sjeð, hversu óviðeigandi er, að starfsmenn þess opinbera eigi lífsframfærslu sína undir sjúkdómum annara, og hefði mjer því ekki fundist óeðlilegt, að hæstv. stjórn hefði viljað bæta kjör þessara starfsmanna landsins. Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) gat þess, að það væri ekki nema sanngjarnt, að Alþingi yrði við þessari ósk, því að altaf væri verið að hrúga ýmsum nýjum störfum á þessa menn, en til þess er því að svara, að jeg veit ekki betur en að um leið og störfum hefir verið bætt á þá hafa þeir fengið nýjar tekjur, t. d. um leið og bætt hefir verið á þá innheimtu hafa þeir fengið innheimtulaun. Mjer finst það því ekki frambærilegt af stjórninni að segja, að þeim hafi verið íþyngt með nýjum störfum. Jeg segi þetta ekki vegna þess, að jeg telji það ómaklegt að veita þessum mönnum skrifstofufje, þvert á móti, jeg tel rjettlátt, að þeim sje veitt það, en þótt það sje rjettlátt í sjálfu sjer, er það þó ekki rjettlátt gagnvart öðrum embættismönnum. En sje þessi leið valin, þá finst mjer tæplega rjett að fylgja ekki alveg tillögum háttv. Ed., heldur klípa af þessum styrk, því að jeg tel hann ekki ofríflegan eftir tillögum hæstv. stjórnar, þótt talsvert megi að því finna, hvernig honum er þar jafnað niður. Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) studdi mál sitt með ýmsum röksemdum, og án þess, að jeg vilji gera lítið úr þeim, verð jeg þó að segja það, að skýrslur sumra manna eru ósannar. Það er ekki frambærilegt að taka ekki tillit til, um leið og skýrslan um skrifstofukostnað er gefin, hvort sýslumennirnir hafa póstafgreiðslu eða ekki. Mjer er kunnugt um 1—2 tilfelli, þar sem þessi rök eru ekki tekin til greina. (**P. J.**: Það er talið fram). En mjer er kunnugt um, að það framtal getur verið á miður sönnum rökum bygt. Meðal annars skal jeg geta þess, í sambandi við þetta mál, að jeg býst við, að það verði samþykt hjer í dag, að þeir, sem skrifstofuhald þurfa að hafa í þarfir þess opinbera, fái kol undir verði, en þá er jeg mjög óánægður yfir því, að læknarnir eru þar undan skildir, en sýslumenn teknir inn í fjárlög með sjerstaka fjárveitingu. Jeg skil alls ekkert í því, að læknastjettin, sem er engu ónauðsynlegri en sýslumannastjettin, skuli vera höfð þannig út undan.

Atvinnumálaráðherra (**S. J.**): Jeg hafði ekki ætlað mjer að tala aftur við þessa umr., en háttv. þm. Barð.

(H. K.) gaf mjer tilefni til þess að segja nokkur orð. Hann furðaði sig á því, að stjórnin hefði ekki viljað bæta launakjör lækna. Jeg býst við, að hann viti, að tilefnið til þess, að stjórnin fór fram á, að veitt yrði þetta skrifstofufje, voru umkvartanir frá sýslumönnum, en engu slíku er til að dreifa um læknana. Stjórnin hafði á engu að byggja með læknana, en hinar tekjurnar voru henni kunnar. Þótt það sje rjett hjá háttv. þm. Barð. (H. K.), að læknar lifi á sjúkdómum, og að það gæti því verið freisting fyrir þá að koma í veg fyrir þá, þá held jeg, að það komi ekki að meini, því að þess er líka að gæta, að með vaxandi menningu og fjölgun fólks þá vaxa aukatekjur þeirra. Þetta er ástæðan til þess, að stjórnin lagði ekki til að bæta launakjör lækna fram yfir dýrtíðaruppbótina. Þá mintist sami háttv. þm. (H. K.) á það, að sýslumenn fengju sjerstaka borgun fyrir aukastörf sín, en svo er ekki nema fyrir innheimtu, því að það leggjast á þá vaxandi skýrslugerðir, án þess að þeir fái nokkra aukaborgun fyrir, ekki síst nú, þegar þeir þurfa að svara svo ákaflega mörgum fyrirspurnum frá verslunarskrifstofu landsins og stjórnarráðinu. Þeir fá enga aukaborgun fyrir það verk, og er þó fyrirhöfnin við það mjög mikil.

Háttv. þm. (H. K.) sagði, að sumar skýrslurnar frá sýslumönnum væru ósannar. Það tekur ekki til mín að krefja hann skýringar á þeim orðum, en mjer þykir það nokkuð langt gengið að nota þinghelgina til þess að bera mönnum slíkt á brýn.

Benedikt Sveinsson: Jeg ætla ekki að þjá háttv. þingheim með neinum rökræðum um brtt. þær, er hjer liggja fyrir, en minnast að eins lítið eitt á tvö atriði í sambandi við samgöngur á sjó, sem nefnd eru í C-lið, 13. gr.

Samvinnunefnd samgöngumála athugaði, hvernig best mundi hagað strandferðunum á næsta fjárhagstímabili, þeim ferðum, sem »Sterling« er ætlað að annast. Nefndin samdi ferðaáætlun fyrir 1918 og 1919, og því uppkasti var útbýtt hjer í deildinni í dag, og vona jeg, að nefndinni hafi tekist þar að fara nærri óskum flestra, sem unt var, en þar sem hreppapólitíkin leikur lausum hala, er erfitt að gera öllum til hæfis. Það hefir slæðst nokkuð af prentvillum inn í áætlunina, sem þarf að laga, og verður gert, því að á morgun verður útbýtt hjer leiðrjettri endurprentun af þessari áætlun. Samvinnunefnd samgöngumála er skipuð 12 mönnum, sínum úr hverri áttinni, og hefir því vitanlega reynt að gera öllum til hæfis. Áætlunin hefir verið borin undir framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins, og hann hefir talið hana framkvæmanlega og hagkvæma. Það er ekki tilætlun nefndarinnar, að stjórnin sje bundin við þessa áætlun út í ystu æsar, en hún á að vera stjórninni til leiðbeiningar. Ef stjórnin hefir rök fyrir því, að hagkvæmara sje að breyta eitthvað um, þá er henni það heimilt.

Því var skotið að mjer rjett í þessu, að villurnar í áætluninni væru sannanlegar ritvillur í handriti háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.), sem skrifaði áætlunina, en ekki prentvillur, en það kemur í sama stað niður, því að á morgun verður útbýtt leiðrjettri endurprentun.

Svo framarlega sem styrjöldinni lýkur á næsta ári, er líklegt, að samgöngur verði í betra horfi 1919 og fleiri skip þá til flutninga. Nefndin býst því ekki við, að þessi áætlun þurfi að gilda nema 1918, því að hún gerir ráð fyrir breyttum háttum seinna árið. En þá koma tímar og þá koma ráð.

Hitt atriðið, sem jeg ætlaði að tala um, stendur líka í sambandi við samgöngur á sjó. Þegar þær eru slíkum erfiðleikum bundnar sem nú, er sjálfsagt, að stjórnin sýni alla tilhliðrunarsemi, til þess að gera þær greiðari, meðal annars með því að veita skipstjórum undanþágur, samkvæmt því sem heimilað er í lögum frá 1915, um atvinnu við siglingar. Mjer er kunnugt um það, að fyrir skömmu var íslenskur skipstjóri ráðinn á fiskiskip, sem keypt var frá Vesturheimi, og sigldi hann því um tíma milli hafna hjer innanlands til vöruflutninga. Síðan átti að senda skipið með farm til útlanda, en þá var skipstjóra tilkynt, að hann brysti rjettindi til þess að stýra skipinu í utanlandssiglingum, og honum synjað um undanþágu til þess, vegna þess, að hann hefði ekki hið meira skipstjórapróf. Skipstjórinn þóttist hjer beittur ósanngirni, sem von var. Skipið var um 280 smálestir að stærð, en í lögunum eru ekki ákvæði um minni verslunarskip í utanlandssiglingum en 300 smálesta. Þeir, sem hafa hið minna skipstjórapróf, hafa heimild til að fara með fiskiskip minna en 300 smálestir milli landa, og með kaupför af sömu stærð í innanlandssiglingum. Skip það, er hjer ræðir um, var fiskiskip, þótt það væri nú, út úr vandræðum, notað til vöruflutninga, og var því hjer um svo lítilfjörlega undanþágu að ræða, að furðulegt má kalla, að hún skyldi ekki þegar vera veitt. Það getur ekki einungis hnekt siglingum, ef stjórnin vill ekki veita undanþágu, þegar svo erfitt er að fá menn til að sigla sem nú, heldur kemur það og hart niður á einstökum mönnum, er þeim er synjað um svo lítilfjörlega undanþágu sem þessa. Í þessu tilfelli var engin hætta samfara því að veita undanþáguna, því að maðurinn hafði fyrst verið stýrimaður hálft fimta ár og síðan í 13 ár skipstjóri, bæði innan lands og utan, og aldrei hlekst neitt á. Er mjer kunnugt um, að undanþágur hafa oft verið gefnar þegar síður skyldi. Jeg vildi ekki láta þetta liggja í þagnargildi, heldur beina því til stjórnarinnar að hún sýni eftirleiðis íslenskum skipstjórum eins mikla tilhliðrunarsemi og hún sjer sjer fært, án þess að stofna lífi manna í hættu; en um það er ekki að tala, þegar þrautreyndir skipstjórar eiga í hlut. Í þetta skifti virðist hún hafa farið að ráðum og tillögum einhverra miður góðgjarnra manna, en það ætti hún að varast eftirleiðis.

Jeg hefi orðið að grípa síðasta tækifærið á þessu þingi til að vekja máls á þessu, og vona, að það teljist ekki þingskapabrot, þar sem málið stendur í nokkru sambandi við 13. gr. fjárlaganna.

Framsm. fjárveitinganefndar (Magnús Pjetursson): Jeg veit ekki, hvort allir þeir eru inni, sem jeg þarf að víkja orðum að, en það verður að hafa það. Jeg skal reyna að fara fljótt yfir sögu, og skal jeg þá fyrst víkja að því, sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) sagði um brtt. nefndarinnar við skrifstofukostnað sýslumanna. Jeg skal þá undirstrika það, sem jeg sagði í framsöguræðu minni, að nefndin getur einungis litið á fjárveitinguna sem dýrtíðaruppbót á skrifstofukostnaði, og álítur því, að það hafi verið misskilningur hjá hæstv. ráðherra (S. E.) og háttv. 1. þm. Árn. (S. S) að tala um þetta sem launaviðbót, en ef þetta er launaviðbót, þá er nefndin algerlega á móti því, og það er einungis með þessari skýringu, að nefndin getur gengið inn á, að þetta fje sje veitt. Jeg ætla ekki að fara mikið út í það, sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) sagði um launakjör þessara embættismanna, en jeg

verð þó að mótmæla því algerlega, að þessi stjett eigi við verri launakjör að búa en aðrir embættismenn í þessu landi. Mjer þótti leitt, að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) gat ekki gefið skýrslu um, hve miklar tekjur sýslumenn hefðu af landssjóðsversluninni, því að það gaf nefndinni tilefni til að lækka upphæðina. Jeg býst við, að hæstv. atvinnumálaráðherra geti gefið manni upplýsingar um þetta. (S. J.: Það er ekki búið að gera það upp alstaðar). Það getur verið, að það sje ekki búið alstaðar, en jeg býst við, að það sje talsverð borgun. Annars mætti gefa deildinni upplýsingar um, hvaða reglu er fylgt við þessa borgun. Annars skal jeg ekki fara frekar út í það, en geri ráð fyrir, að sanngjarnt sje að veita þeim þetta fyrir auknar skýrslugerðir, sem hæstv. atvinnumálaráðherra gat um að þeir fengu enga sjerstaka borgun fyrir

Það var vist háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), sem vildi mótmæla till. nefndarinnar um styrkinn til Kjósarhrepps og kvað hann muna litlu, og er það alveg rjett, að þetta er ekki há upphæð í fjárlögum, en það var ekki heldur það, sem nefndinni gekk til að vera á móti honum, heldur hitt, að það var von á beiðni frá að minsta kosti 4 öðrum hreppum um samskonar styrk, ef þessi yrði samþyktur. Sá erfiðleiki, að ilt er að flytja lækninn, er nú upphafinn, því að nú er kominn annar læknir í Hafnarfjörð.

Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) skýrði frá brtt. sinni á þgskj. 916, en jeg skal geta þess, að svo framarlega sem till. hans verður samþykt, verður að skoða upphæðina sem persónulega launaviðbót til þessa póstafgreiðslumanns, því að það eru í þessum launaflokki 6 menn. Jeg vil leyfa mjer að benda á, að þar sem þessi maður hefir haft 800 kr. að undanförnu, fær hann nú 1000 kr., og enn fremur er ætlast til, að húsaleiga hjá honum hækki um 100 kr., auk þess sem skrifstofukostnaður póstmanna utan Reykjavíkur gengur líka að einhverju leyti til þessa manns. Jeg get verið samdóma háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) um það, að borgunin er ekki samsvarandi starfinu, en jeg veit ekki heldur til, að nokkur póstmaður hjer á landi fái starf sitt svo vel borgað, að það geti heitið nokkur borgun, saman borið við starfið.

Mig furðar á, að háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) skuli finnast hart, að deildin sje nú á móti fjárveitingunni til Öxnadalsvegarins, þar sem sú tillaga hefir áður verið feld hjer, enda sýna fjárlögin það best, að Eyfirðingar verða ekki hart úti með fjárveitingar. Hæstv. forseti hefir nú skýrt það, að afbrigða þurfi við til þess, að sú tillaga komi undir atkvæði, og vona jeg, að ekki þurfi þá frekar um þetta að tala, því að afbrigðin verði ekki veitt.

Þá skal jeg leyfa mjer að þakka hæstv. atvinnumálaráðherra fyrir till. hans viðvíkjandi fjárveitingunni til vegamálastjórans. Hann tók málið að sjer í háttv. Ed., þótt stjórnin legðist á móti því hjer í deildinni.

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) mintist á Steinunni nuddlækni og gaf þær upplýsingar, að lækningastofan mundi ekki hætta að starfa, þótt Völundur hætti að starfa í bili. Jeg skal geta þess, að sumir nefndarmanna hafa óbundnar hendur hvað þessari till. viðvíkur. En það finst mjer órjettmætt að bera saman lækningastofur þeirra Jóns Kristjánssonar og Steinunnar, því að hann hefir mörg dýr áhöld, sem hún hefir ekki.

Af því að háttv. þm. Dala. (B. J.) er ekki við, þá skal jeg taka það fram, að nefndin er á móti því, að Guðmundi »bryggjusmið« verði gefið eftir lánið, sem hann fjekk 1915. Það væri hart að

gefa lánið eftir nú, þegar fyrirtækið er komið í hendur útlendinga. Enda verð jeg alvarlega að mótmæla því, að þingið hafi veitt þetta fje sem styrk, en ekki lán.

Það er þá ekki fleira, sem jeg hefi að segja að sinni. Jeg vona, að háttv. deild taki till. nefndarinnar vel, en vari sig á hinum, því að það gæti orðið til þess, að fjárlögin yrðu að fara í Sþ., ef sumar þeirra yrðu samþyktar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vildi einungis svara háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) örfáum orðum. Hann fann að því, að íslenskum skipstjóra hefði ekki verið veitt undanþága, sem hann sótti um og rjett hefði verið að veita honum. Jeg veit það, að þessi umræddi skipstjóri fjekk ekki þá undanþágu, sem hann sótti um, en hygg, að það hefði verið alveg gagnstætt lögum að veita hana, því að skipið, sem hann átti að sigla, var ótvírætt verslunarskip.

Jeg vona, að styrkur til skrifstofukostnaðar handa sýslumönnum fái að standa, eða að minsta kosti það, sem háttv. fjárveitinganefnd leggur til að veita þeim. Það er ekki meiningin, að það verði föst fjárveiting, heldur ber þetta að skoða sem sjerstaka dýrtíðaruppbót. Um hagnað þann, sem þeir hafa af landssjóðsversluninni, er það að segja, að sumstaðar er hann mjög lítill og fer minkandi, ef kaupmönnum og kaupfjelögum verður falin úthlutunin, enda eru tekjur þeirra hæstar 2%, annars venjulega minna. Jeg vona, að menn láti styrkinn óáreittan, því að ef menn athuga málið nógu vel, þá sjá þeir, að mjög ósanngjarnt væri að fella hann.

Hákon Kristófersson: Hæstv. atvinnumálaráðherra var að tala um, að læknar hefðu ekki sent neina beiðni um uppbót á embættisrekstri, og að þeir hefðu ekki sent neinar skýrslur um það, hvað sá rekstur kostaði. Jeg veit ekki til, að sýslumenn alment hafi sent slíkar skýrslur. Mjer vitanlega hefir ekki heldur komið beiðni í þessa átt, nema frá einum sýslumanni, svo að á því er ekki mikið byggjandi. Í sambandi við þetta talaði hæstv. atvinnumálaráðherra um, að skýrslugerð væri erfið hjá sýslumönnum. Sje hún erfið hjá sýslumönnum, þá er hún það ekki síður hjá öðrum embættismönnum.

Það er alveg talað út í hött hjá hæstv. atvinnumálaráðherra, að jeg hafi farið ómjúkum orðum um sýslumennina. Jeg skal endurtaka það utan þinghelginnar, að jeg efast um, að öll sú dýrtíðaruppbót, sem veitt var síðastliðinn vetur, sje á rökum bygð. Sömuleiðis það, að jeg álít það vera mikla freistingu, bæði fyrir sýslumenn og aðra, að finna upp sem flest til þess að ná sjer í frekari uppbót.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg skal taka það fram, að jeg óska ekki eftir því, að neinn haldi skildi fyrir mjer, því að jeg ætla ekki að svara háttv. þm. Barð. (H. K.).

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil taka það fram, að mjer þykir leitt að heyra, að það skuli, að órannsökuðu máli, dregið í efa, að skýrslur sýslumanna í þessu efni sjeu rjettar. Og er rjett að geta þess, að í sumum sýslum hafa sýslumenn fengið minni dýrtíðaruppbót, einmitt vegna þess, hve skrifstofukostnaður þeirra er hár.

ATKVGR.

Brtt. 912. feld með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. S., S. St., St. St., B. Sv., B. St, E. J., J. J., P. O., P. Þ.
nei: Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. K., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., J. M., J. B., M. P., M. Ó., P. J., Ó. B.

M. G. greiddi ekki atkv., af því að sjer væri málið skylt, og tók forseti það til greina.

Brtt. 906, 1.—2. samþ. með 14: 6 atkv.
—»— 3. feld — 15:11 —,
að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. J., M. G., M. P., M. Ó., P. J., Sv. Ó., Þór. J., B. St., E. J., G. Sv., Ó. B.
nei: J. M., J. B., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. Árna., H. K.

Brtt. 928., feld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorst. J., Þór. J., B. St., E. Árna., H. K., J. B., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Ó. B.
nei: Þorl. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. J., G. Sv., J. J., J. M., M. G., M. P., M. Ó., P. J., S. S.

Brtt. 906, 4. feld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., J. J., J. B., M. P., M. Ó., P. J., Þorl. J.
nei: B. K., B. St., H. K., J. M., M. G., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

Brtt. 909. (aðaltill.) feld með 16:4 atkv.
— 909. (varatill.) — — 14:7 atkv.

Brtt. 906, 5. samþ. með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., E. A., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. P., M. Ó., P. J., S. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv.
nei: B. K., B. St., E. Árna., E. J., M. G., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Ó. B.

Brtt. 916, 1. samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. Árna., J. M., J. B., M. G.
nei: S. S., S. St., Þorl. J., Þorst. J., B. St., E. J., G. Sv., H. K., J. J., M. P., M. Ó., Ó. B.

Brtt. 916, 2. feld með 14:7 atkv.
— 913, 1. — — 14:7 —
— 916, 3., er fór fram á fjárveitingu, sem áður hafði verið feld í deildinni, var vísað frá með 9:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., E. A., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. P., M. Ó., P. J., S. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv.
nei: B. K., B. St., E. Árna., E. J., M. G., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Ó. B.

Náðist því eigi nægur meiri hluti.

Brtt. 906, 6. samþ. með 16:4 atkv.
— 913, 2. tekin aftur.
— 913, 3. feld með 15:6 atkv.
— 924. feld með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., P. Þ., S. S., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. K., B. St., J. J.
nei: M. P., M. Ó., P. O., S. St., St. St.,

Þór. J., B. Sv., B. J., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. M., J. B, M. G., Ó. B.

Brtt. 910. feld með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. A., H. K., J. B., M. P., P. O., S. St., St. St., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K.
nei: E. Árna., E. J., G. Sv., J. J., J. M., M. G, M. Ó, P. J., P. Þ., S. S., Sv. Ó, Þorl. J., Þorst. J., B. St, Ó. B.

Brtt. 906, 7. feld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. J., M. P., M. Ó., P. J., St. St., Þór. J., B. St, E. Árna., E. J., G. Sv.
nei: H. K., J M, J. B, M. G, P. O., P. Þ, S. S., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., Ó. B.

Brtt. 929, feld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. K., E. A., J. M., J. B., P. Þ., St. St.
nei: Sv. Ó, B. J., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., S. S., S. St., Ó. B.

Brtt. 915, 1.—3. tekin aftur.
— 906, 8. samþ. með 14:7 atkv.
— 906, 9. — — öllum gr. atkv.
— 906, 10. — — 18:2 atkv.
— 911. — — öllum gr. atkv.
— 906, 11. — — 14:6 atkv.
— 906, 12. — — 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. P., M. Ó., P. J., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., E. A.
nei: E. J., H. K., M. G., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., B. K., B. St., E. Árna., Ó. B.

Brtt. 906, 13. feld með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. G., M. P, M. Ó., P. J., S. St., Þór. J., B. Sv., B. J., B. St., E. J., J. J.
nei: J. B., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. K., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K, J. M., Ó. B.

Brtt. 951. samþ. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. G., M. P., M. Ó., P. J., S. St., Þór. J., B. Sv., B. J., B. St., E. A., E. J., G. Sv., J. J.
nei: J. M., J. B., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., B. K., E. Árna., H. K., Ó. B.

Þorl. J. greiddi ekki atkv., af ástæðu, er forseti mat gilda.

Brtt. 925, um atriði, sem áður hafði verið felt í deildinni, var vísað frá með 15:8 atkv.

Brtt. 926. tekin aftur.
— 906, 14. samþ. án atkvgr.
— 906, 15. — með 19:2 atkv.
— 919, aðaltill., feld með 14:8 —
— 919, varatill., samþ. með 16:6 atkv.
— 927. tekin aftur.
— 906, 16. samþ. með 19:1 atkv.
— 906, 17. tekin aftur.
— 932. samþ. með 15:5 atkv.
— 952. feld með 18:3 atkv.

Brtt. 934, 1—5. samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og endursent Ed.

Á 58. fundi í Ed., laugardaginn 15. sept., kl. 1 miðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til fjárlaga fyrir árin 1918 og 1919 (A. 960).

Á 59. fundi í Ed., sama dag, kl. 8[58] síðdegis, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum um að mega taka málið þegar í stað til einnar umr.

Afbrigðin leyfð af viðstöddum ráðherra og samþ. af deildinni í e.hlj.

Framsm. fjárveitinganefndar (Eggert Pálsson): Eins og hæstv. forseti gat um í dag, áður en fundi var slitið, þá hefir fjárveitinganefndin komið sjer saman um að flytja engar brtt. við fjárlagafrv. Orsökin til þess, að fjárveitinganefndin hegðar sjer þannig, ber alls ekki að skilja svo, að hún sje sprottin af ótta eða hlífð við háttv. Nd. Þessi deild hefir enga ástæðu til að óttast háttv. Nd., og vjer hjer í hv. Ed. höfum farið varlega í gerðum vorum að því er fjárlögin snertir.

Það er heldur engin ástæða til þess fyrir fjárveitinganefndina að sýna hv. Nd. nokkra hlífð, og þeim mun síður, þar sem nokkrir þm. í Nd. hafa, þótt það sje ekki undir umræðum um fjárlögin, hreytt óþarfa óuotum til háttv. Ed.

Að fjárveitinganefndin ber ekki fram brtt. er því fremur sprottið af hlífð við landið og þingið í heild sinni; það er gert til þess, að ekki þurfi að lengja þingtímann og fjárlögin þurfi að fara í Sþ. Það gæti þá líka farið svo, að ýmislegt fleira, og sumt óþarft, slæddist þar inn með, svo að seinni villan yrði verri hinni fyrri.

Ekki ber heldur að skilja þetta svo, að fjárveitinganefndin sje ánægð með breytingar þær, er frumvarpið hefir tekið hjá háttv. Nd.

Breytingar þær, sem háttv. Nd. hefir gert, eru alls 17 talsins. Af þeim eru 4, sem fjárveitinganefnd Nd. hefir ekki átt þátt í, en í hinum 13 á hún þáttinn og ber ábyrgð á.

Margar þeirra eru ekki mikilsvarðandi, og get jeg þeirra að engu.

Þær, sem mikilsverðastar eru, og fjárveitinganefndin mundi hafa lagt til að breytt yrði, ef ekki væri gengið að frv. eins og það er, eru:

Fyrst, að samþykt var að lækka styrkinn til skrifstofukostnaðar sýslumanna úr 10300 kr. niður í 5000 kr. Þetta er frá sjónarmiði meiri hluta fjárveitinganefndarinnar óþörf breyting, og hann litur svo á, sem sæmra hefði verið að fella styrkinn alveg niður en fara svo með hann, sem hjer er gert, lækka hann um meira en helming. Því að hjer er orðið um svo mikla smámuni að ræða, að sýslumennina getur það engu munað upp í skrifstofukostnað sinn.

Annað atriðið, sem fjárveitinganefndin hefði talið rjett að breyta aftur, ef til hefði komið, er að háttv. Nd. hefir lækkað laun vitamálastjóra um 200 kr., frá því er Ed. vildi vera láta. Vitanlega er hjer um litla upphæð að ræða, en manni getur ekki fundist annað en að háttv. Nd. hafi hjer sýnt frámunalegan smásálarskap gagnvart þörfum starfsmanni landsins.

3. atriðið, sem nefndin hefði lagt áherslu á að breytt yrði, ef nokkru hefði verið breytt, er breyting sú, er háttv. Nd. hefir gert á orðabókarstyrknum, að hækka hann úr 3000 kr. upp í 6000 kr. Fjárveitinganefnd Ed. og háttv. Ed. álíta,

að við verðum að láta oss nægja að styrkja einn mann til þessa starfs, en fjárveitinganefnd Nd. og háttv. Nd. vill styrkja 2 menn til þess, en það er sýnilegt af breytingu nefndarinnar, að hún ætlar öðrum þeirra ekki nema 2,400 kr. í árskaup. En það mun koma fljótt á daginn, að hann telji sjer ekki lift hjer með 2,400 kr. launum, og verður þá farið fram á, að styrkurinn verði hækkaður. Því er það, að fjárveitinganefndin telur rjettara að stilla þetta við hóf og styrkja að eins einn mann til starfsins.

4. atriðið, sem fjárveitinganefndin hefði lagt til að breytt yrði, er um styrkinn til dr. Helga Jónssonar til þararannsóknar. Nefndin verður að vera sömu skoðunar og fyr um það, að þessari rannsókn eigi að mestu að vera lokið innan árs, og að allra síst eigi rannsóknin eða fjárveiting til hennar að verða áframhaldandi ár eftir ár, en það er eins líklegt, að svo verði, þar sem styrkurinn er veittur bæði árin.

5. atriðið er um, að fjárveitinganefnd Nd. hefir fengið strikaðan út styrkinn til stórstúkunnar, en í þess stað er samþykt að veita hann Bræðrasjóði Mentaskólans. Jeg hygg, að meiri hluta Ed. og fjárveitinganefndar hefði þótt betur farið, að styrkurinn hefði verið strikaður út í Nd. en að honum hefði verið breytt á þessa lund, og mjer finst þetta vera hálfvegis að gera gys að Stórstúku Íslands, um leið og styrkurinn til hennar er strikaður út, er sje með öllu ósamboðið virðingu þingmanna.

Aðrar breytingar eru ekki stórvægilegar, nema ein breyting frá stjórninni, um að bæta inn í 18. gr. 3500 kr. í eftirlaun og ritstyrk til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um þetta, en jeg býst við, að ef nefndin hefði á annað borð gert brtt. við frumvarpið, þá hefði hún athugað þennan lið, og ólíklegt tel jeg, að allir nefndarmenn hefðu orðið samþykkir svo háum eftirlaunum.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en vil fyrir hönd fjárveitinganefndarinnar mæla með því, að frv. verði samþykt óbreytt, en þó er það hvorki með ánægju nje gleði, heldur af því, að tíminn er naumur, og aðrar kringumstæður knýja til þess.

Jóhannes Jóhannesson: Eins og háttv. frsm. fjárveitinganefndar (E. P.) tók fram var nefndin ekki ánægð með, eða taldi til bóta, allar þær breytingar, sem háttv. Nd. hefir gert á fjárlagafrv. síðan það fór hjeðan.

Hins vegar verður að viðurkenna það, að sú háttv. deild hefir tekið mjög mikið tillit til þessarar deildar, þar sem stórmálin, dýrtíðaruppbótarfrv., dýrtíðarhjálparfrv. og tekjuskattsfrv., náðu fram að ganga þar í þeirri mynd óbreyttri, sem þessi deild hafði sett þau í.

Þetta hafði þau áhrif á fjárveitinganefnd þessarar deildar, að hún vildi ekki etja kappi um tiltölulega smá atriði, sem á milli bar, við háttv. Nd., og hafði það að sjálfsögðu engin áhrif á nefndina, þótt í hinni deildinni heyrðist við meðferð hinna umræddu mála einstök hjáróma rödd í garð þessarar deildar, frá þröngsýnum mönnum, já, svo þröngsýnum, að þeir sjá ekki út fyrir kjördæmi sín.

Jeg skal loks taka það fram, að í fjárveitinganefnd Ed. var engin samþykt gerð á móti brtt. hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) um eftirlaun og fje til ritstarfa til skáldsins Indriða skrifstofustjóra Einarssonar. Tel jeg víst, að við þeirri fjárupphæð hefði ekki verið reynt að hreyfa, þótt fjárveitinganefndin hefði viljað láta frv. fara í sameinað þing.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgreitt sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 970).

2. Fjáraukalög 1914 og 1915.

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 2. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915 (A. 2).

Á 2. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg hefi lítið að segja um þetta frv. Í því er að eins að ræða um upphæðir, sem búið er að borga fyrir löngu. Flestar þeirra hafa verið settar í fjáraukalögin eftir tillögum endurskoðenda landsreikninganna. Eins og kunnugt er mælir stjórnarskráin svo fyrir, að öll gjöld landsins skuli veitt í fjárlögum.

Annað hefi jeg ekki um frv. þetta að segja, en vil stinga upp á, að því sje vísað til sömu nefndar og næsta mál á undan (fjárveitingan.) og látið ganga til 2. umr.

Pjetur Jónsson: Jeg ætlaði að stinga upp á því, að þessu frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915 verði vísað til fjárhagsnefndar. Jeg geri ráð fyrir, að þingsköpin ætlist svo til, að hún taki að sjer störf reikningslaganefndarinnar, sem áður hefir verið kosin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Frv. vísað til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 1608) í e. hlj.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.

(A. 2, n. 387, 388, 426, 430).

Framsm. (Gísli Sveinsson): Um breytingar þær, sem fjárhagsnefnd leggur til að gerðar verði á fjáraukalögunum fyrir árin 1914 og 1915, nægir að vísa til nefndarálitsins á þgskj. 387. Eins og þar er hægt að sjá, hefir nefndin komist að því, að ýmsu er ábótavant í frv., og vill hún leiðrjetta það með brtt. sinum. Jeg skal geta þess, að eftir að nál. og brtt. voru komnar í prentun kom það í ljós, að ekki hafði alt verið tekið með, sem þurfti að leiðrjetta. Það sýndi sig, að 2 liðir eiga enn að falla burt úr frv., og flytur nefndin því sjerstaka brtt. um það, á þgskj. 426. Önnur brtt. er nú líka komin frá hæstv. fjármálaráðh. (B. K.), sem fer fram á að fella annan þessara sömu liða í burt.

Þá vil jeg fara sjerstaklega nokkrum orðum um 2. brtt. á þgskj. 388, um kostnaðinn við aukaþingið 1914. Nefndin tók þennan lið upp af því, að yfirskoðunarmenn gerðu tillögu um það, og af því að nefndin vildi, að það kæmi til umræðu í deildinni og álita, í eitt skifti fyrir öll, hvort aukakostnað við Alþingi skuli taka upp í fjáraukalög eða ekki. Stjórnin vísaði því frá sjer til forsetanna, en yfirskoðunarmennirnir gerðu tillögu um, að upphæðin væri tekin upp. Úr því að svona var ástatt, þá varð fjárhagsnefndin ásátt um að senda fyrirspurn til forsetanna um þetta atriði. Svar forsetanna ætlaðist nefndin svo til að kæmi til umræðu um leið. Forsetarnir hafa nú svarað þessari fyrirspurn með brjefi, sem jeg, með leyfi hæstv. forseta, ætla að lesa upp, til þess að deildin geti áttað sig á svarinu. Brjefið er á þessa leið:

Alþingi.

Reykjavík, 11. ágúst 1917.

Háttvirt fjárhagsnefnd Nd. hefir í brjefi, dags. í dag, leitað álits vors um það, hvort taka beri upp í fjáraukalög fyrir 1914 og 1915 kostnað við aukaþingið 1914.

Það er álit vort, að Alþingi beri aldrei að beiðast aukafjárveitingar fyrir aukaþingskostnaði, eða yfirleitt neinum umframgreiðslum á alþingiskostnaði, enda hefir það ekki tíðkast.

Er svo að sjá, sem yfirskoðunarmenn landsreikninganna 1914 hafi ekki gætt þess, að Alþingi er frjálst að verja svo miklu fje sem þörf krefur til þingkostnaðar; það er ekki háð neinu eftirliti af hálfu landsstjórnar; löggjafarvaldið lýtur ekki framkvæmdarvaldinu; ef þingkostnaður fer fram úr því, sem áætlað er í fjárlögum, þá leitar Alþingi aldrei samþykkis stjórnarinnar til umframgreiðslu, þarf þess ekki, á ekki að gera það. Þann umframkostnað ber að taka upp í lög um samþykt á landsreikningnum, aldrei beiðast aukafjárveitingar; sjálft fjárveitingavaldið þarf ekki og á ekki að beiðast aukafjárveitingar til umframgreiðslu á starfskostnaði sínum.

Alþingi ber að vernda sjálfstæði sitt gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Alþingi þarf ekki, og á ekki, að gera landsstjórninni nein reikningsskil á starfskostnaði sínum, og hefir aldrei gert það.

Yfirskoðunarmenn landsreikninga verða að gera sjer ljóst, að þeir eiga við tvo reikningsaðilja, annars vegar landsstjórnina, sem afhendir þeim þá eiginlegu landsreikninga, og hins vegar Alþingi, sem sendir þeim þingkostnaðarreikningana til yfirlits, annars vegar ráðherrana og skrifstofustjóra stjórnarráðsins, hins vegar alþingisforsetana og skrifstofustjóra þingsins. Hvorirtveggja þessara aðilja, ráðherrarnir og forsetarnir, bera ábyrgð gagnvart Alþingi á reikningsskilum sínum. En komi til umframgreiðslu, er munurinn sá, að þar er landsstjórnin undir þingið gefin, verður að beiðast aukafjárveitingar, en þingið sjálfstætt, þarf þess ekki.

Oss er ljóst, að það er einungis vegna athugasemdar yfirskoðunarmanna, að háttv. fjárhagsnefnd hefir borið upp breytingartillögu sína á þgskj. 388 [2]. Og vjer erum þess fullvissir, að háttv. fjárhagsnefndarmenn munu allir fallast á þessar röksemdir vorar, taka breytingartillöguna aftur og gera háttvirtri neðri deild, í eitt skifti fyrir öll, ljósa grein fyrir þessu fjárhagsmálefni.

Kristinn Daníelsson.
G. Björnson.
Ólafur Briem.

Með skírskotun til þessa álits hæstv. forseta tekur fjárhagsnefnd aftur þessa brtt. á þgskj. 388 [2], með því að hún felst á öll aðalatriðin í röksemdaleiðslu forsetanna. Með þessu þykist nefndin hafa náð tilgangi sínum með brtt., þar sem álit forsetanna liggur nú fyrir, og menn geta rætt um þessa niðurstöðu, þótt brtt. sje tekin aftur. Greinatalan breytist að sjálfsögðu við það, að þessi brtt. er tekin aftur, og sömuleiðis höfuðtalan í 1. brtt.

Jeg finn enga ástæðu til að taka fleira fram í sambandi við brtt. nefndarinnar, nje gera frekari grein en stendur í nál. fyrir hverri einstakri brtt., en geri það þó síðar, ef þörf gerist.

Fjármálaráðherra (B. K.): Áður en jeg tala um einstakar brtt., sem háttv. fjárhagsnefnd hefir komið fram með, vildi jeg skýra nokkur atriði, sem gætu ef til vill orðið til þess að hjálpa háttv. þingm. til að átta sig betur á hverjum einstökum lið, áður en þeir

greiða atkvæði. Fyrsta atriðið, sem jeg vildi leyfa mjer að vekja athygli á, er það, að fjárlög eru tvenns konar, eða fjalla um tvenns konar fjárveitingar. Í fyrsta lagi fastákveðnar upphæðir, sem stjórnin er bundin við að fylgja og má aldrei fara fram yfir, og í öðru lagi áætlaðar upphæðir, sem ekki er hægt að fastákveða fyrir þá sök, að ómögulegt er að sjá það nákvæmlega fyrirfram, hve mikið þarf að brúka. T. d. er ekki hægt að fastákveða það fyrirfram, hve mikil kol þarf handa geðveikrahælinu eða holdsveikraspítalanum, og ekki heldur hægt að reikna kolaverðið út, þegar fjárlögin eru samin. Þingið getur því ekki annað en áætlað einhverja upphæð, sem reynslan hefir sýnt að muni láta nærri sanni. Stjórnin hlýtur svo að hafa fullkomið vald til að fara fram úr þessum upphæðum, þar sem þess þarf með. Henni er sagt að greiða þessa upphæð í þessum tilgangi, og þótt kostnaðurinn verði meiri, þá verður ekki hjá því komist að greiða það, sem fram yfir er. Stofnanir, sem starfa eftir ákveðnum lögum og í ákveðnum tilgangi, verða að starfa jafnt fyrir það, þótt þingið hitti ekki á þá rjettu upphæð, sem stofnunin þarf á að halda. Löglega sjeð er það því rjettmætt að greiða það, sem fer fram úr áætluðum upphæðum, og á því þarf ekki að leita aukafjárveitingar eftir á. Þetta byggist á skoðun bestu lögfræðinga, og get jeg, máli mínu til stuðnings, vitnað til ræðu, sem Kristján háyfirdómari Jónsson, þáverandi ráðherra, hjelt í þinginu 1911. Jeg ætla að leyfa mjer að lesa upp nokkur orð úr þessari ræðu, sem eru svo skýr og ákveðin, að ekki er hægt á þeim að villast. Hann komst þannig að orði:

»... Þegar lög fyrirskipa einhverja greiðslu og upphæðin til greiðslunnar er sett eftir ágiskun, eða er áætluð, þá hlýtur stjórninni að vera bæði heimilt og skylt að inna greiðsluna af hendi, án þess að leita samþykkis þingsins til hennar á eftir í fjáraukalögum. Jeg sje því ekki, eins og jeg þegar hefi tekið fram, að hjer sje um annað að ræða en að leggja óþarfa ómak á þing og stjórn, sem vel má komast hjá....« (Alþt. 1911, B. II. 670).

Þetta er hans álit, og á því er óhætt að byggja.

Annað atriðið, sem jeg vildi benda á, er það, að fjárhagstímabilið er 2 ár. Þótt stjórnin verji meiri upphæð til einhvers annað árið en fjárlögin áætla til þess það árið, þá er henni það heimilt, ef hún fer ekki fram úr þeirri upphæð, sem til þessa er ætluð bæði árin. Jeg vil biðja háttv. þm. að taka vel eftir þessu. Það er oft nauðsynlegt fyrir stjórnina að taka mikið af fjárveitingunni annað árið, til þess að koma því í framkvæmd, sem gera á. Þetta rekur maður sig á, þegar kemur að athugasemdunum við brtt. nefndarinnar.

Þá er loks 3. atriðið, sem jeg vildi minnast á, það, að stjórninni var ekki unt að taka tillit til athugasemda yfirskoðunarmanna fyrir árið 1915. Þær komu ekki til stjórnarinnar fyr en í júní, en þá var stjórnin búin að ganga frá fjáraukalagafrumvarpinu og senda það til Kaupmannahafnar.

Þessum þremur atriðum vildi jeg biðja þingmenn að veita athygli. Það er nauðsynlegt að átta sig á þeim, áður en kemur að sjálfum athugasemdunum, því að málið er svo flókið, að það þyrfti að öðrum kosti margar bækur til að geta skilið það, sem nefndin hefir út á frv. að setja. Jeg vil því biðja menn að fylgjast vel með tillögunum, um leið og jeg kem að hverjum lið fyrir sig.

2. brtt. er um alþingiskostnaðinn. — Nefndin er búin að taka hana aftur,

svo að jeg þarf ekkert um hana að segja.

3. brtt. er um spítalana. Jeg er búinn að sýna fram á, að stofnanir verða að ganga, þótt áætlaðar upphæðir nægi ekki til rekstrar þeirra. Sú umframgreiðsla, sem hjer ræðir um, stafar af því, að allar nauðsynjar stigu í verði. Jeg held mjer við það, að þessar upphæðir þurfi ekki að koma í fjáraukalög, og það er í samræmi við skýringu Kristjáns Jónssonar, sem jeg mintist á áðan. Samt geri jeg þetta ekki að kappsmáli. Jeg get látið mjer standa á sama, þótt það verði tekið inn í lögin, en finst hins vegar ástæðulaust að gefa tvær lagaheimildir fyrir sömu upphæðinni.

4. brtt. er við 4. gr.

a. Þegar menn hafa heyrt röksemdir mínar viðvíkjandi öðrum liðum þessarar brtt., munu menn komast að þeirri niðurstöðu, að aðaltalan er röng.

b. Þessar 400 kr. eru ekki umframveiting. Í fjárlögunum voru veittar til húsaleigu fyrir bögglapóststofu 2000 kr. hvort árið = kr. 4000 00
Greiddar 1914 2400,00
—— 1915 963,97
— 3363 97
Sparast á fjárhagstímabilinu kr. 636 03
Því fer svo fjarri, að nokkur ástæða sje til að leita hjer aukafjárveitingar, þar sem kr. 636,03 hafa sparast af því fje, sem áætlað var. 4. brtt. b. er því ástæðulaus.

d. Umframgreiðsla við pósthúsbygginguna 1915. Það er viðurkent af stjórninni í svari nr. 50, á bls. 131 í LR, að upphæð þessa eigi að taka inn í fjáraukalögin. En frumvarpið var þá komið til Hafnar, svo að stjórnin gat ekki leiðrjett þetta. Það varð því að gerast í þinginu. Brtt. 4. d. er því rjett.

e. Er líklega rjett. Af sömu ástæðu gat stjórnin ekki heldur leiðrjett þetta, en hafði beðið um, að það yrði leiðrjett í svari nr. 65 við athugasemdir yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1915.

f. Er ástæðulaus. Umframgreiðslan var 1915 . . . . . kr. 13,90
1914 var sparað . . . . — 2,85
Mismunur kr. 11,05
Meira gat ekki komið til mála að leita aukafjárveitingar fyrir. Liðurinn er því alveg rjettur í frv., en aths. nefndarinnar ástæðulaus.

g. Er líka röng. 1914 var umframgreiðslan . . . . . kr. 660,71
1915 sparaðist . . . . . — 647,00
Mismunur kr. 13,71
Athugasemd nefndarinnar er því ástæðulaus og brtt. 4. g. á ekki að taka til greina.

5. b. Þessi upphæð, kr. 129,85, stendur í fjáraukalögunum í einum lið, en á að standa í tveimur liðum, þannig:
1914 kr. 0,85
1915 — 129,00
Í handritinu er þetta rjett, en hefir auðsjáanlega skekst í prentsmiðjunni. Fyrirsögnin fyrir 85 hefir fallið burt, en neðri línunni verið skotið upp, svo að talan 85 hefir skeyst aftan við kr. 129. Upphæðinni átti því ekki að breyta, en athugasemdin er rjett.

d. Er einnig rjett. Stjórnin hefir kannast við það og beðið endurskoðendur að sjá um, að upphæðin væri tekin upp í fjáraukalögin. Sbr. svar nr. 104, 1915.

e. Er ártalsskekkja, og er rjett. Hjer er auðvitað um prentvillu að ræða.

f. Er ástæðulaus. Til eftirlitsferða var veitt bæði árin . . kr. 1200,00
Þar af var goldið 1914 . . . kr. 646,83
1915 . . . . — 526,30 — 1173,13
Sparað kr. 26,87
Ef að eins er litið á árið 1914, þá virðist vera ofgoldið fyrir það ár, en

sje 1915 tekið með, kemur það í ljós, að af þessari fjárveitingu hefir orðið afgangur. Brtt. er því ástæðulaus.

g. Er líka ástæðulaus. Í fjárlögunum eru veittar 14000 kr. og hafa líka verið greiddar 14000 kr. Hjer er því ekki um neina umframborgun að ræða. En af þessu fje hafa verið greiddar 200 kr. til unglingaskóla á Akureyri. Endurskoðendur hafa gert athugasemd við þetta, og telja það ólöglegt. Það getur ef til vill verið rjett að vita þessa fjárgreiðslu, en aukafjárveiting getur ekki komið til greina, úr því að eigi var farið fram úr áætlaðri fjárupphæð. Það er alt annað, hvort endurskoðendum finst ástæða til að gera athugasemd við meðferð fjárins, eða hvort á aukafjárveitingu þarf að halda.

Að endingu skal jeg taka það fram, að síðasta brtt. nefndarinnar, 6. b, er rjett.

Þá þykist jeg hafa svarað hverri brtt. nefndarinnar fyrir sig, og vona jeg, að jeg hafi svarað svo skýrt, að háttv. þm. hafi getað áttað sig á, hvernig þeir eigi að greiða atkv. Til gleggra yfirlits skal jeg telja upp þær brtt., sem ekki eru rjettar, og því ber ekki að samþykkja. Þær eru: 1. a, 4. a, 4. b, 4. f, 4. g, 5. f, og 5. g. Eftir verða þá 6 brtt. nefndarinnar, sem eru rjettar; þar af hefir stjórnin sjálf beðið nefndina að leiðrjetta 4, en 2 hefir nefndin fundið sjálf, og er jeg henni þakklátur fyrir þær; þar af er þó 85 aura skekkjan önnur, sem jeg drap á áðan. Með þessu vona jeg þá, að nál. sje svarað.

Jeg skal loks geta þess um brtt. á þgskj. 430, að mjer láðist að gæta þess, að 2. liðurinn átti einnig að falla burt, en háttv. fjárhagsnefnd hefir nú gert brtt. um að fella báða liðina burt, og tek jeg því mína brtt. aftur, en vona, að brtt. nefndarinnar verði samþykt.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Menn hafa nú heyrt álit hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) og hlustað á svör hans við athugasemdum nefndarinnar og brtt. Jeg veit ekki, hvort menn eru hrifnir af þeim eða ekki. En hitt er víst, að nefndin hefir gengið gegnum öll gögn, sem að frv. lúta, og myndað sjer grundvallaða skoðun samkvæmt þeim. Því er það, að mig furðar á þeim tón, sem hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) leyfði sjer að tala í, og hversu hann var »staffirugur« í að mæla á móti því, sem stjórnin og hann sjálfur hafa viðurkent að væri rjett. Við nánari athugun þarf þó raunar engan að furða á slíku, þar sem það er bert, að stjórnin sjálf, eða hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) að minsta kosti, hefir ekki hugmynd um, hvað felst í frv., sem hún hefir lagt fyrir þingið, eins og t. d. hefir komið fram í þessu frv., fjáraukalagafrv.

Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) gat þess, að fjárlögin væru að eins áætlun. Það er alveg rjett, enda kemur engum til hugar að víta það, þótt greiðslur hafi farið fram úr áætlun; öðru nær. Hitt er athugavert, þegar stjórnin vill ekki á formlega rjettan hátt gera grein fyrir, eða taka upp í aukafjárlög, ýmsar umfangsmiklar greiðslur, þar sem það er þó formsins mál og formsins skylda að taka umframgreiðslur upp í aukafjárlög. Þegar yfirskoðunarmenn og fjárhagsnefnd telja bresta formlega samþykt til fjárveitingar, þá er skylt að taka greiðsluna upp í aukafjárlög. En með þessu er þó engan veginn verið að víta stjórnina, nema því að eins, að einhver greiðslan sje svo löguð, að stjórnin hljóti að sæta ábyrgð fyrir hana. En frá formsins hlið er það vítavert, að það hefir ekki verið tekið upp, sem átt hefði að taka, og stjórnin hefir vitað eða fengið að vita hjá yfirskoðunarmönnum.

Þess vegna kemur það ekkert þessu máli við, hvað Kristján justitiarius Jónsson eða aðrir álíta, hvort þeir segja, að taka þurfi upp í aukafjárlög umframgreiðslur eða ekki. Fyrir þessu eru fastar reglur; allar umframgreiðslur, sem framkvæmdarstjórnin hefir með höndum, eiga að fá formlega samþykt þingsins eftir á. Og engin stjórn ætti að hafa neitt að athuga við þetta; engri stjórn ætti að vera akkur í fjárgreiðslum, sem hún vill ekki fá formlega samþyktar eftir á. Því að þetta heimtar formið.

Þegar þetta er athugað, þá er það undarlegt, að hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) skuli taka sjer nærri brtt. nefndarinnar. Það sýnir, að hann er ekki orðinn vanur við að sitja í stjórnarsessinum, eða einhver hefir leiðbeint honum, sem ekki hefir kunnugleika eða vit á þessum málum.

Út af spítölunum ljet hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) þess getið, að óþarft væri að leita aukafjárveitingar, svo framarlega sem greiðslurnar, bæði árin til samans, hefðu ekki farið fram úr fjárveitingunni á fjárhagstímabilinu, jafnvel þótt fjárgreiðslan hafi orðið hærri annað árið. Það getur nú verið spurning um, hvort ekki beri að leita aukafjárveitingar alt um það, enda er stjórnin ekki vitt fyrir þetta, en yfirskoðunarmennirnir vilja fá upphæðirnar inn í aukafjárlögin, þegar greiðslan bæði árin fer fram úr fjárveiting, eins og einmitt hjer á sjer stað, og ætti stjórnin síður en svo að vera hrædd við að verða við því, með því að það er að eins reglan, sem krefst þess.

Í annan stað gat hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) þess, að þótt stjórnin hafi lofað yfirskoðunarmönnunum að taka umframgreiðslur upp í aukafjárl. 1915, þá hafi hún ekki getað það, með því að frv. lá í Kaupmannahöfn. En hví er þá stjórnin að lofa því, sem hún efnir ekki? Hví lofar hún að leiðrjetta sumt beinlínis og sumt með því að vísa til yfirskoðunarmanna, úr því að frv. var í Kaupmannahöfn? (**B. K.**: Þetta er rangt). Nei, allir þm. geta gengið úr skugga um það, að þetta er rjett, ef þeir vilja kynna sjer gögnin, þótt leitað sje á mörgum stöðum, í landsreikningi, athugasemdum yfirskoðunarmanna, svörum stjórnarinnar o. s. frv.

Þá kem jeg að brtt. Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) telur þær brtt. rangar, sem miðaðar eru við aðalupphæðirnar. Þetta er gersamlega rangt, því að þótt honum þyki eitthvað rangt í hinum einstöku brtt., þá kemur auðvitað samlagningin fram í aðalupphæðinni eftir hinum einstöku liðum.

2. brtt. nefndarinnar þarfnast engrar athugasemdar, því að nefndin hefir tekið hana aftur, ekki af tilhliðrun við hæstv. fjármálaráðherra (B. K.), heldur af því, að nefndinni þótti nægja, að hún kæmi til umræðu og álit forseta fengist um hana, sem nú er komið.

Um 3. brtt. ljet hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) svo mælt, að ekki væri ástæða til að taka hana til greina, með því að lagaheimild væri fyrir greiðslunni. En nú vita allir, að lagaheimildin er að eins fyrir ákveðinni upphæð, en heimild vantar fyrir umframgreiðslunni, sem formlega verður að koma fram í aukafjárlögum. Þess vegna á ekki að fella brtt., heldur að fullnægja formlegri reglu og samþykkja hana.

Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) taldi brtt. nefndarinnar 4, a. ranga alveg að ófyrirsynju, því að vitanlega fer hún, sem hefir að geyma aðalupphæðina, eftir því, sem upphæðir eru í einstökum liðum.

Brtt. 4, b. taldi hæstv. fjármála-

ráðherra (B. K.) enn ranga; þar er um að ræða 400 kr. póstleigu í Bárunni. Ekki skil jeg, hví hann telur hana ranga. Ef menn vilja fletta upp landsreikningnum, munu menn sjá, að yfirskoðunarmenn töldu hjer vera um umframgreiðslu að ræða; stjórnin komst að sömu niðurstöðu og lofar að leita aukafjárveitingar. Mundi hún hafa lofað því, ef hún hefði talið það rangt? Ólíklegt væri það, enda varð niðurstaða nefndarinnar sú sama. Þessi loforð stjórnarinnar eru ekki efnd í framkvæmdinni, en úr því að hún viðurkennir athugasemdir yfirskoðunarmannanna í svörum sínum, þá hefði mátt búast við lagfæringum frá stjórninni í samræmi við stjórnina sjálfa.

Það er rjett, að brtt. nefndarinnar 4, c. er leiðrjetting á prentvillu, að því er ætla verður. Það er leiðinlegt, að þessi mikilvægu frv. stjórnarinnar, sem varla má hagga við, skuli vera svo úr garði gerð í stjórnarráðinu, að meinlegar prentvillur sjeu í þeim, svo að stafl. verða skakkir.

Brtt. nefndarinnar 4, d. hefir stjórnin viðurkent. Sama er að segja um 4, e.

Brtt. nefndarinnar 4, f. telur hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) ranga. Yfirskoðunarmenn komust að þeirri niðurstöðu, að hjer væri skakki, sem næmi kr. 13,90. Stjórnin svarar því svo, að hún viðurkennir þetta og segist muna leita aukafjárveitingar á þessari upphæð. En hvað gerir hún? Hún leitar aukafjárveitingar, ekki á kr. 13,90, heldur á kr. 11,05, að því er hæstv. ráðh (B. K.) segir nú, af því að hún eigi einhversstaðar í pokahorninu kr. 2,85 til að fylla upp í. En hver veit um það? Niðurstaða nefndarinnar er rjett samkvæmt þeim gögnum, sem fram hafa komið, bæði fyrir yfirskoðunarmenn, þing og fjárhagsnefnd.

Um brtt. nefndarinnar 4, g. er það að segja, að stjórnin taldi þann lið ekki eingöngu rjettan, heldur kveðst hún mundu leita aukafjárveitingar á honum, sem yfirskoðunarmenn auðvitað taka trúanlegt, en stjórnin þó efnir ekki. Vitanlega hlýtur nefndin hjer að hallast að því, sem yfirskoðunarmenn hafa fundið rjett vera og stjórnin viðurkent. Ef hún nú telur það rangt, þá á hún það við sjálfa sig. Eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, er brtt. rjett.

Um brtt. nefndarinnar 5, a. er auðvitað sama að segja sem ella um aðalupphæðir, að þær breytast eftir hinum einstöku liðum, eftir því sem þingið samþykkir.

Brtt. nefndarinnar 5, b. er svo til komin, að skakkar um 129 kr., sem stjórnin lofar að leita aukafjárveitingar á, en gerir ekki, eða rjettara sagt smellir undir alt annan lið en rjett er. Þetta fje er fyrir timakenslu við Akureyrarskólann, en stjórnin leggur fjárveitinguna undir bækur og kensluáhöld, og ekki nóg með það, þessi fjárgreiðsla, sem fram fór 1915, er hjá stjórninni látin á alt annað ár, á árið 1914, og með rangri upphæð, sbr. 5, c. Stjórnin getur auðvitað sagt, að sjer hafi skotist yfir þetta, en þá ætti hún að vera að minsta kosti bljúgari í tilsvörum og ekki setja sig á þann háa hest, sem hún gerir, er um rjettmætar leiðbeiningar er að ræða.

Brtt. nefndarinnar 5, d. og 5, e. játar hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) að sjeu rjettar.

Brtt. nefndarinnar 5, f. telur hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) nú ranga, en í svörunum til yfirskoðunarmanna lofar hann að taka liðinn í fjáraukalög, en gerir það ekki. Hjer reynist sem áður, að stjórnin játar, að atriði sje rjett, en telur það svo rangt eftir á. Hjer átti að sjálfsögðu að leita aukafjárveitingar, og mundi stjórnin sjálfsagt fallast á það, ef hún athugaði það í ró og næði, en nú í flaustrinu er »öllu snúið öfugt þó«.

Brtt. 5, g. virðist stjórnin telja

rjetta, en segir þó, að nóg fje hafi verið til þessarar greiðslu. En stjórnin hafði enga heimild til að nota þetta fje á þann hátt, sem hún gerði, því að fjeð var ætlað lýðskólum utan Reykjavíkur og Akureyrar, en stjórnin tekur þar af 200 kr. til hannyrðaskólans á Akureyri. Hjer er ekki um stóra upphæð að ræða, og nefndin vítir stjórnina ekki fyrir þessa greiðslu, en hjer brestur formlega samþykt, því að vitaskuld hefir þingið aldrei ætlast til þess, að fjárveiting til lýðskóla utan Reykjavíkur og Akureyrar sje notuð til hannyrðaskóla á Akureyri. Stjórnin ætti að vera þakklát fyrir þessa lagfæringu nefndarinnar, sem að eins leggur hjer til, að leitað sje aukafjárveitingar.

6. brtt. nefndarinnar telur hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) rjetta, eins og vera ber.

Jeg býst við, að ef hv. þm. hafa haft ök á að fylgjast með og fletta upp á viðeigandi stöðum í landsreikningnum, eftir því, sem nefndarálitið vísar til við hverja einstaka brtt., þá muni þeir alveg hafa komist að sömu niðurstöðu sem nefndin og stjórnin hafði komist, er hún athugaði málin í næði heima hjá sjer.

Um brtt. hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) er það að segja, að hann mun hafa komið fram með hana af því, að honum var bent á villuna, en það er leiðinlegt, að hann skuli þá ekki hafa leiðrjett hinn liðinn líka, sem stóð við hliðina, jafnauðsæja leiðrjettingu, sem þar er um að ræða; þetta er sem sje kostnaður við fánanefnd og baðstofu á Kvennabrekku. Þetta hefir þegar verið samþykt í fyrri fjáraukalögum, fyrir 1914 og 1915, sem Alþingi 1915 afgreiddi, og eru því liðirnir óþarfir, eins og brtt. á þgskj. 426 gefur til kynna.

Að svo stöddu þarf jeg ekki að fara fleiri orðum um frv. eða brtt. Það getur verið, að hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) standi upp til þess að slá því föstu, að rjett sje rangt og rangt rjett, en jeg býst samt við, að látið verði sitja við það form, sem öll gögn benda til að sje rjett.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg skal ekki um segja, hvað mikið háttv. þingdm. hafa fræðst við hina löngu ræðu háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), býst þó ekki við, að það hafi verið mikið, og því síður, að þeim hafi fundist hún mjög sannfærandi. Jeg vona, að skýringar þær, sem jeg hefi komið með, verði teknar til greina, og að háttv. deild greiði atkvæði um till. stjórnarinnar samkvæmt þeim. Mjer dettur ekki í hug að svara ræðu háttv. frsm. (G. Sv.) orði til orðs, og vona jeg, að hvorki hann nje háttv. deild misvirði það við mig. Ræðan var auðsjáanlega ekta prókúratorræða, og mjer þykir það ekki sama að eltast við slíkar ræður. Jeg vil leitast við að taka þingmálin alvarlegar en svo, að jeg vilji beita nokkuð líkum vopnum þeim, sem háttv. frsm. (G. Sv.) beitir á stjórnina.

Háttv. frsm. (G. Sv.) bar það á stjórnina, að hún hefði ekki efnt það, sem hún hefði lofað í svörum sínum við athugasemdir yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1914. Gagnvart þessu skal jeg taka það fram, að þegar stjórnin svaraði athugasemdum yfirskoðunarmanna, gat hvorki hún nje þeir vitað, hvernig fara mundi um ýmsar greiðslur, sem koma áttu niður á bæði árin, síðara árið, með því aths. fyrir það ár voru ókomnar. Það bæði gat komið fyrir og kom fyrir, að þótt goldið hefði verið meira fyrra árið en til var tekið í fjárlögunum að greiða skyldi það ár, þá gat það sparast síðara árið eða meira til, svo að eigi yrði borgað meira bæði

árin en upphæð sú, sem fjárlögin ákváðu að greiða skyldi. Með því nú að stjórnin álítur, að ekki sje ástæða til að leita aukafjárveitinga á upphæðum, sem afgreiddar eru annað árið, ef þær sparast hitt árið, þá gat hún ekki skilyrðislaust sagt um, hverjar af slíkum ofgreiðslum hún myndi taka upp í fjáraukalög fyrir árin 1914 og 1915.

En til að sýna, hvað rjett háttv. frsm. (G. Sv.) fer með og hve vandlega hann muni hafa lesið, leyfi jeg mjer að benda á tvent, sem hann segir, að stjórnin hafi lofað að taka upp í fjáraukalög 1915; það er um aukafjárveiting til rannsókna símleiða. Þar bið jeg háttv. þingdm. að fletta upp svari stjórnarinnar undir 65. tölulið í landsreikningunum, og athuga þar, hve rjett háttv. frsm. (G. Sv.) fer með málið (G. Sv.: Það hefir þegar verið viðurkent, að hjer sje blandað málum).

Hitt er undir 104 tölulið í svörunum við landsreikninginn 1915. Þar segir háttv. frsm. (G. Sv.), að stjórnin hafi lofað að leita aukafjárveitingar á 1687 kr. 7 a., en í svarinu stendur: »Alls mun eiga að leita aukafjárveitingar fyrir kr. 1687,03, sem yfirskoðunarmenn fyrir sitt leyti væntanlega stuðla til að gert verði«. Hjer liggur ekki fyrir neitt loforð frá stjórnarinnar hendi um að taka upphæð þessa upp í fjáraukalög. Þvert á móti. Það er leitt að þurfa að reka annað eins og þetta ofan í háttv. frsm. (G. Sv.). (G. Sv.: Það er leitt, að hæstv. fjármálaráðherra skuli ekki geta tekið rjett eftir því, sem sagt er, og hart að þurfa að búa undir slíkri stjórn). Yfir höfuð eru athugasemdir háttv. frms. (G. Sv.) þannig vaxnar, að jeg vona, að hann sjái að sjer og gæti sín betur síðar, þegar hann ætlar að fara að dæma um gerðir annara. Það er eðlilegt, að háttv. frsm. (G. Sv.) geti yfirsjest í dómum sínum, því að hann getur naumast verið fullkunnugur öllum málavöxtum, en hitt er óvarlegt af honum að fara með jafnmiklar fullyrðingar, sem hann hefir gert; hætt við að slík vopn sljóvgist fljótt, ef þeim er oft beitt.

Háttv. frsm. (G. Sv.) segir, að allar umframgreiðslur eigi að taka upp í fjáraukalög. En hvorki hefir hv. nefnd sjálf fylgt þeirri reglu út í æsar, nje heldur virðast yfirskoðunarmenn landsreikninganna vera fastir á þeirri skoðun. Þeir hafa nú, meira að segja, ekki fylgt sömu reglunni alstaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1914 og 1915. Af umframgreiðslum til spítalanna í Laugarnesi og á Kleppi ætlast þeir til, að 1914 komi í fjáraukalög að eins það, sem eytt var umfram veitingu til skemtana eða í Laugarnesi kr. 192,77 af kr. 4485,39, sem alls var eytt umfram veitingu, og á Kleppi kr. 172,60 af kr. 5531,55. Við endurskoðunina á landsreikningnum 1915 leggja þeir aftur á móti til, að öll umframgreiðslan sje tekin upp í fjáraukalög. Þetta sýnir það — og þar er jeg samdóma háttv. frsm. (G. Sv.), að nauðsyn er að setja hjer einhverjar fastar reglur; og þar tel jeg þá eina reglu rjetta, að taka ekki neitt í þau, sem áður er fyrir veitingum í fjárlögunum, og eigi heldur umframgreiðslur á þeim upphæðum, sem altaf hljóta að verða áætlunarupphæðir; hitt er að veita sama fjeð tvisvar. Þó geri jeg það ekki að kappsmáli, hvorri aðferðinni þingið vill fylgja, hitt höfuðatriðið, að eftir föstum reglum sje farið. Þá kæmi ekki fram annað eins nefndarálit og þetta, og það er mikið unnið fyrir þingið að vera laust við slíkt.

Háttv. frsm. (G. Sv.) vill gera lítið úr áliti háyfirdómara Kristjáns Jónssonar á máli þessu. Það geri jeg ekki. Jeg tel hann einn hinn skarpasta lögfræðing vorn, og hann gat enga sjerstaka

tilhneigingu haft til að verja þessa skoðun; því að það voru ekki hans eigin fjárlög, sem þá var um að ræða, fremur en að þessi eru mín.

Háttv. frsm. (G. Sv.) talaði um, að jeg hefði verið ókurteis í fyrri ræðu minni. Víst var það ekki tilætlun mín. Jeg ætlaði ekki að segja stygðaryrði til nokkurs manns, heldur að eins bláberan sannleikann, og vona, að mjer hafi tekist það.

Háttv. frsm. (G. Sv.) sagði, að jeg hefði átt að vera bljúgur í andsvörum mínum. Má vera, að honum hafi sýnst svo; jeg veit ekki, hve mikillar auðmýktar hann krefst af þeim, sem við hann þurfa að ræða; jeg læt aðra dæma um það, hvor okkar hafi talað í sæmilegri eða bljúgari tón. Jeg leiði það alveg hjá mjer að fara að rekja í sundur allan þann vef, er háttv. frsm. (G Sv.) var að vefa áðan. Mótmæli því að eins, að stjórnin hafi verið svo óvandvirk, að hún hafi ekki getað tekið upphæðir rjettar upp í frv. sitt.

Jeg vona nú, að málið sje við umræðurnar orðið svo skýrt, að nú sje óhætt að ganga til atkvæða um það, og er þó sannast að segja, að háttv. frsm. (G. Sv.) hefir lítið gert til að skýra það fyrir háttv. deild. (G. Sv.: En mikið til að skýra það fyrir stjórninni).

Matthías Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að minnast fám orðum á álit hæstv. alþingisforseta um það, hvort taka ætti kostnaðinn við aukaþingið 1914 upp í fjáraukalög eða ekki. Það er rjett, að þingið hefir fult fjárveitingavald, og varð að sjálfsögðu að borga út kostnaðinn við þinghaldið eftir boði og tilætlun þingsins. Eigi að síður tel jeg rjettara, að kostnaðurinn sje tekinn inn í fjáraukalög. Stjórnarskráin segir í 27. gr.: »Ekkert gjald má greiða af hendi nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum«. Jeg skil ekki, hví verið er að skirrast við að taka þetta upp í fjáraukalög. Ekki þarf að óttast, að nokkur hafi á móti, að kostnaðurinn sje greiddur. Þá er ágreiningur um það, hvort leita þurfi aukafjárveitingar á upphæðum, sem greiddar eru umfram veitingu á öðru ári fjárhagstímabilsins, ef þær hafa sparast á sama lið hitt árið. Um það verð jeg að segja, að ákvæðin upphæð er veitt í fjárlögunum hvort árið um sig, og hvort árið út af fyrir sig er sjerstakt reikningsár. Það mun því hæpið að halda því fram, að slíkar umframgreiðslur þurfi ekki að taka upp í fjáraukalög. Hvað ættu yfirskoðunarmennn að segja, ef þeir sæju, að umframgreiðsla hefði orðið á einhverjum lið fyrra árið? Ættu þeir að þegja við því, eða ættu þeir að láta sjer nægja það svar stjórnarinnar að þeir skyldu bíða og sjá, hvernig fær seinna árið? Jeg álít rjett að taka allar slíkar upphæðir inn í fjáraukalög, en hins vegar teldi jeg það þing óbilgjarnt, sem álasaði stjórninni fyrir það, þótt hún greiði ekki sömu upphæð hvort árið, sem fjárlögin nefna, þegar þörf krefur, að eins að hún greiði ekki meira en þá upphæð, sem veitt er bæði árin.

Jeg verð að segja það, að það, sem fyrir fjárhagsnefndinni lá af upplýsingum, gat, frá minu sjónarmiði, ekki leitt til annara úrskurða en hún feldi um hina einstöku liði. Hún hafði fyrir sjer bæði athugasemdir yfirskoðunarmanna landsreikninganna og svör stjórnarinnar, og eftir því hefir hún farið,

Hitt er annað mál, að hefði stjórnin beðið með að svara athugasemdum við landsreikninginn 1914 þangað til hún sá athugasemdir við reikninginn 1915, þá mundu svör hennar líklega hafa í sumum greinum orðið öðruvísi en þau nú eru.

Magnús Guðmundsson: Jeg stend upp til að bera ofurlítið blak af fjárhagsnefnd, sem orðið hefir fyrir hörðum ákúrum af hæstv. fjármálaráðherra (B. K.). Jeg vona, að háttv. deild sjái, að ekki er við að búast, að fjárhagsnefnd geti rannsakað hvert einstakt atriði í landsreikningunum ofan í kjölinn; hún getur yfirleitt ekki farið eftir öðru en athugasemdum yfirskoðunarmanna og svörum stjórnarinnar; á þessu verður hún mestmegnis að byggja rannsókn sína og tillögur. Til þess gera yfirskoðunarmenn athugasemdir sínar, og til þess svarar stjórnin þeim.

Þegar litið er yfir þessar athugasemdir, þá sjest það, að yfirskoðunarmenn hafa á nokkrum stöðum gert tillögur um, að leitað sje aukafjárveitingar fyrir greiddum upphæðum; og stjórnin hefir svarað því, að annaðhvort muni hún gera það, eða væntanlega muni gera það, en þó oft ekki gert það.

Jeg vona, að hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) sje svo sanngjarn, að hann sjái og viðurkenni, að ekki gat nefndin vitað, að stjórnin ljeti vera að efna þessi loforð sín af því, að fje hafði sparast jafnmikið eða meira 1915 en fyrirframgreiðslunni 1914 nam, og að hún áleit því aukafjárveitingu óþarfa. Það getur verið, að aukafjárveiting sje ekki nauðsynleg, þegar svo stendur á, en eftir því, sem gögn og skilríki lágu fyrir, gat fjárhagsnefnd ekki öðruvísi að farið en hún gerði. Því að hún hefir ekki fyrir sjer hina einstöku reikninga, heldur að eins athugasemdir, svör og tillögur. Hina einstöku reikninga rannsakar hún að eins þegar ágreiningur er milli stjórnar og yfirskoðunarmanna, en í þeim atriðum, sem hjer er ágreiningur um, var engin deila milli stjórnar og yfirskoðunarmanna.

Jeg skal benda á, að þeir, sem vilja mynda sjer glögga skoðun á deiluefninu milli háttv. frsm. (G. Sv.) og hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) þurfa ekki annað en fletta upp í landsreikningunum þeim liðum, sem bent er á í nál. á þgskj. 387. Með því getur hver einstakur þingdm. dæmt um athugasemdir þær og svör þau, sem þar liggja fyrir og tillögur nefndarinnar.

Um 3. brtt. sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða; mjer liggur í ljettu rúmi, hvort hún er samþykt eða ekki, en sje þó ekki ástæðu til að fella hana. Yfir höfuð hefi jeg fylgst með öllum umræðunum, nema jeg tók ekki eftir, hvort hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) viðurkendi, að brtt. 5. c. væri rjettmæt eða ekki. (**Fjármálaráðherra B. K:** Jeg viðurkendi hana rjetta).

Að lokum tek jeg það upp, að fjárhagsnefndin gat ekki farið öðruvísi að en hún gerði, og gerðir hennar eru rjettar.

En hæstv. stjórn átti að geta vitað, hvað sparast hafði á árinu 1915, þegar hún svaraði athugasemdunum fyrir árið 1914, og gat hagað svörum sínum eftir því, því að svör hennar við athugasemdir endurskoðenda eru ekki dagsett fyr en 23. nóv. 1916. Svör hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) um þetta eru því eigi á rökum bygð og beinlínis villandi.

Fjármálaráðherra (B. K.): Út af orðum háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) skal jeg taka það fram, að þar sem hann sagði, að stjórnin hefði átt að geta vitað, hvað sparast hefði á árinu 1915, þegar hún svaraði athugasemdunum við landsreikninginn 1914, þá er það hlutaðeigandi skrifstofustjóri, sem svörin semur, en tími stuttur fyrir mig að athuga, hvernig sakir stóðu. En þetta haggar ekki þeirri grundvallarreglu, sem jeg hefi haldið fram í dag að fylgja ætti við það, hvað taka bæri upp

fjáraukalög og hvað ekki. En hvað sem þessu líður, þá hefði nefndin átt að athuga landsreikninginn sjálfan áður en hún samdi tillögur sínar. Það er ekki langrar stundar verk. Jeg sjálfur skoðaði þar í morgun öll þau atriði, sem ágreiningur er um, og tók það skammman tíma fyrir mig.

Jeg hefi í sjálfu sjer ekki á móti því, þótt allar þær upphæðir sjeu færðar í fjáraukalög, sem háttv. nefnd leggur til að gert sje, en jeg held því fram, að það sje sama sem að veita sama fjeð tvisvar, og í sjálfu sjer er það rangt; en ef þingið vill hafa það svo, þá er ekki annað en að það leggi það fyrir stjórnina, og mun hún fara eftir því.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) fanst ekki rjettu formi fullnægt nema alt væri tekið í fjáraukalög, sem veitt væri á nokkurn annan veg en bókstaflega eftir orðum fjárlaganna; þar er jeg honum ekki samdóma, eins og þegar hefir verið tekið fram.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta, en vona, að ekki verði annað samþykt en jeg hefi bent á að samþykkja eigi, án þess að jeg geri það þó að kappsmáli.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Jeg ætla að eins að segja örfá orð, því að jeg tel ekki nauðsyn á að halda áfram umræðum öllu lengur. Jeg þykist þess viss, að háttv. þingdm. muni orðnir nokkurn veginn vissir um, hvernig málinu horfir við, og að ekki muni þurfa að skýra það betur fyrir þeim.

Í raun rjettri er nú svo komið, að hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) hefir stórum lægt seglin, og hefir nú ekki á móti, að það sje samþykt sem rjett, sem hann telur rangt.

Það er ekki rjett, að umframgreiðslur sjeu jafnan veittar tvisvar, ef þær voru teknar upp í fjáraukalög; hvað segir hann, hæstv. ráðherra (B. K.), um það, ef umframgreiðslur verða bæði árin á upphæðum einhverra liða í fjárlögunum? Er hann ófáanlegur til þess að viðurkenna, að þar verði og beri að leita samþykkis? Og í raun og veru er langrjettast að taka í fjáraukalög, þótt umframgreiðsla hafi ekki orðið nema annað árið og jafnast upp hitt árið, því að það árið, sem umframgreiðslan var, hefir verið notað meira fje en fjárlög heimiluðu.

Allar stjórnir fram að þessu hafa talið sjer skylt að leita aukafjárveitinga á slíkum fjárgreiðslum sem þeim, er fjárhagsnefnd fer fram á að leitað sje, og orðið fegnar að mega það og þakklátar fyrir leiðrjettingar. Ef stjórn og þing vill hafa alt í sukki, þá er sjálfsagt að láta alt reka á reiðanum og hirða ekki um að fylgja neinni fastri reglu, heldur láta það vera komið undir handahófsáliti stjórnarinnar, hvað henni þóknast að taka í fjáraukalög í það og það sinn. En eina rjetta reglan er auðvitað, að allar umframgreiðslur komi fram í fjáraukalögum, og við það hefir nefndin miðað tillögur sínar. Fyrir því hefir hún lagt til, að allar umframgreiðslur til spítalanna t. d. bæði árin komi í fjáraukalög, en yfirskoðunarmenn ekki nema að litlu leyti fyrra árið, en að öllu leyti síðara árið. Kom þar fram ósamræmi hjá þeim, sem lagast, ef till. nefndarinnar er fylgt. Getur verið, að þessi stjórn vilji ekki fylgja þeirri regla, sem nefndin telur rjetta vera. Undanfarandi stjórnir hafa þó gert það, og annarsstaðar er það venja að gera það og sjálfsagt talið.

ATKVGR.

1. gr.,

með þeim breytingum á tölum, er síð-

ari atkvæðagreiðslur valda, samþ. í e. hlj.

Brtt. 388, 1. a. og b. kom eigi til atkv.

2. gr.

samþ. í e. hlj.

Brtt. 388, 2. tekin aftur.

3. gr.

samþ. í e. hlj.

Brtt. 388, 3. (ný 4. gr.) samþ í e. hlj.
— 388, 4. a. kom eigi til atkv.
— 388, 4. b. samþ. með 14 : 3 atkv.
— 388, 4. c.—g. (með aths.) samþ. í e hlj.

4. gr.,

svo breytt, (verður 5. gr.) samþ. í e. hlj.

Brtt. 388, 5. a. kom eigi til atkv.
— 388, 5. b.—e. samþ. í e. hlj.
— 388, 5. f. samþ. með öllum greiddum atkv. gegn 2.
— 388, 5. g. (og aths.) samþ. í e. hlj.

5. gr.,

svo breytt, (verður 6. gr.) samþ. í e. hlj.

6. gr.

(verður 7. gr.) samþ. í e. hlj.

7. gr.

verður 8. gr.) samþ. í e. hlj.

8. gr.

(verður 9. gr.) samþ. í e. hlj.

Brtt. 388, 6. a. kom eigi til atkv.
— 388, 6 b. samþ. í e. hlj.
— 426. samþ. í e. hlj.
— 430. tekin aftur.

9. gr.,

svo breytt, (verður 10. gr.) samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 467).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed, þriðjudaginn 21. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915. (A. 521).

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 23. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að máli þessu verði vísað til fjárhagsnefndar, að umræðunni lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv., og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1602) með 11 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed, laugardaginn 1. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 521, n. 703).

Frsm. (Hannes Hafstein): Eins og tekið er fram í nál. hefir nefndin ekki fundið nægar ástæður til þess að koma fram með brtt. við frv. þetta. Hún leggur því til, að það verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá háttv. Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj atkv.

2.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 3. sept., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 772).

---

3. Fjáraukalög 1916 og 1917.

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 2. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1916 og 1917. (A. 3.).

Á 2. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (B. K.): Eins og jeg mintist á um fjárlögin eru um 60 þús. kr. þegar greiddar af fjárupphæð þessara laga.

Vegna breyttra kringumstæðna munu útgjöldin vera fullhátt áætluð. Má búast við, að 2 liðir verði lægri, og jafnvel að annar falli alveg burt. Meira hefi jeg ekki um frv. þetta að segja, og leyfi mjer að vísa til frv. sjálfs og athugasemdanna við það. Jeg býst við, að allir sjeu sammála um að vísa þessu frv. til fjárveitinganefndar og fresta umræðunni.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjárveitinganefndar (sjá A, bls. 1610) í e. hlj., og 1. umr. frestað.

Á 28. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. ágúst, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 3, n. 296).

Bjarni Jónsson: Jeg hefi hugsað mjer, að þetta frv. gengi umræðulaust til 2. umr., og tala jeg því ekki meira að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 31. fundi í Nd., laugardaginn 11. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 296, 218, 248, 269).

Framsm. (Bjarni Jónsson): Það mun ekki ástæða til að fjölyrða um þetta mál að svo komnu, þar sem ekki eru fram komnar nema tvær brtt. Það er því best að segja sem fæst, en sitja fyrir svörum, ef með þarf.

Önnur brtt. er frá mjer, um uppbót á styrk til Breiðafjarðarbátsins. Það hefir verið sýnt og sannað með reikningi fjelagsins, sem gerði bátinn út, að 7,500 kr. vantaði á, að báturinn bæri sig. Jeg fer nú fram á, að sú upphæð, sem þeir sóttu um, 6,000 kr., verði veitt að fullu. Samgöngumálanefnd lagði til, að klipt væri af upphæðinni, og þóttist fjárveitinganefndin þá ekki geta lagt til hærri styrk en samgöngumálanefndin. Jeg sje ekki, að ástæða sje til að neita að greiða hallann, þar sem bátsins hefir verið full þörf. Allra síst ætti að neita um það, er lítið er til

þessa, að nú á þinginu er í ráði að veita ríflegan styrk til vjelbátaferða í kringum land alt. Þörfin fyrir flutningabát er ekki minni á Breiðafirði en annarsstaðar, nema síður sje. Það væri ósanngjarnt að láta fjelagið, sem gerir út bátinn þar, gjalda þess, að það var á undan öðrum. Einmitt fyrir það hefir fengist betri og hentugri bátur til ferðanna en kostur mun á annarsstaðar. Jeg vona, að háttv. þm. líti á þörf fjelagsins fyrir uppbótina, og hina miklu þörf hjeraðanna fyrir bátinn.

Hin brtt. er frá 1. þm. Húnv. (Þór. J.), og er viðvíkjandi kvennaskólanum á Blönduósi. Nefndin leggur til, að veittar verði 500 kr. í stað 1,500 kr., er stóðu í frv. Jeg er ungur og óharðnaður í orustum, og ekki svo harður í horn að taka enn þá, að jeg geti veist á móti fjárveitingum til skólanna; verð jeg því að fá einhverjum samnefndarmanna minna í hendur að berjast við þau tröll. Jeg gef því stjórninni og tillögumanni ávísun á formann nefndarinnar. Annars vona jeg, að tillögur nefndarinnar gangi fram og þurfi ekki frekari umræður, nema ef vera kynni, að einhverjir vilji kljást við formann nefndarinnar um skólana. **(H. K.:** Á 6,000 kr. uppbótin að ganga tiltölulega til beggja bátanna?) Það mál hefir samgöngumálanefndin þaulrætt, og m. a. fengið upplýsingar hjá háttv. þm. Barð. Hitt má háttv. þm. (H. K.) og vita, að fyrst er að vita, hvort uppbótin fæst.

Fjármálaráðherra (B. K.): Það er ekki mikið, sem jeg þarf að segja. Jeg hefi borið till. nefndarinnar undir meðstjórnarmenn mína. Við höfum ekkert að athuga við viðbætur þær, sem nefndin hefir gert; þær eru flestar nauðsynlegar; sumar óhjákvæmilegar. Nefndin hefir felt burt styrkinn til smjörbúa og námurekstrar, eftir tilmælum stjórnarinnar, enn fremur styrkinn til þess að reisa hús yfir listaverk Einars Jónssonar, en til er ætlast, að sú upphæð verði sett í fjárlögin. Það eru að eins þrjú atriði, sem stjórnin hefir nokkuð að athuga við, sem sje lækkunin á styrk til skólanna. Jeg skal því drepa á það nokkuð nánar.

Fyrst er þá kvennaskólinn í Reykjavík. Það var álit stjórnarinnar, að minni styrkur en 2,500 kr. gæti ekki komið til mála. Í árslokin 1916 var skuld skólans orðin 2,811 kr., og enn meira hefir tapið verið frá 1. jan. 1917 þar til skólanum var sagt upp. Stjórnin leggur því áherslu á, að sú upphæð verði veitt, sem hún lagði til.

Sama er um Blönduósskólann. Nefndin hefir lækkað hann úr 1,500 kr. niður í 500 kr. Skólinn er í niðurníðslu, bæði utan og innan, vegna fjárskorts; húsgögn eru ónóg; bókasafnið brann 1911, og hefir sáralítið bæst í staðinn; leikfimihús er ekkert, en þyrfti að koma sem fyrst. Ef skólar eru á annað borð styrktir, þá þarf að styrkja þá svo, að þeir geti notið sín. Stjórnin heldur fast við þessa fjárveitingu, og vonar, að nefndin verði henni ekki mótfallin.

Þá er Flensborgarskólinn. Hann getur ekki lifað nema hann njóti svo mikils styrks, sem honum er nauðsynlegur til að geta starfað. Nefndinni er nokkur vorkunn, að hún lagðist á móti styrknum til hans. Hún hafði ekki í höndum nýrri reikninga skólans en fyrir 1915. Stjórninni hefir síðan borist reikningur skólans fyrir 1916. Af honum sjest, að skuld skólans hefir hækkað um 1000 kr.; hún er því nú orðin 3616 kr. Síðan má gera ráð fyrir, að bæst hafi við minsta kosti 1000 kr., svo að ekki eru 3000 kr., sem voru ætlaðar handa skólanum, ofmikið. Nú er því svo háttað, að einstakir menn standa á víxlum

fyrir skólann. Það er ilt, að menn, sem starfa fyrir lítið eða ekki neitt fyrir skólann, skuli líka þurfa að standa í ábyrgð fyrir hann. Skólinn á engar eignir, sem teljandi sjeu. Auk húsaleigu hefir hann að eins kr. 167.90 í árstekjur af eignum. Nefndinni er vorkunn, eins og jeg sagði; hún vissi ekki, að skuldir skólans munu nú nema 3616 kr. Fái skólinn ekki 3000 kr., verður hann að leggjast niður. Skólinn er orðinn gamall og hefir altaf haft gott orð á sjer. Fæði hefir verið þar mjög ódýrt. Nemendur hafa numið þar vel. Það hafa sýnt próf þeirra drengja, sem þaðan hafa farið í Mentaskólann. Jeg vona því, að nefndin athugi þetta mál vel, áður en hún verður þess valdandi, að skólinn verði að leggjast niður, ekki síst þar sem stjórnin er svo samvinnugóð, að hún sættir sig við allar aðrar breytingar nefndarinnar.

Þórarinn Jónsson: Jeg á hjer brtt. á þgskj. 269. Háttv. framsm. nefndarinnar (B. J.) gaf ávísun á formann nefndarinnar, og tek jeg því þakksamlega. Jeg skal í stuttu máli gera grein fyrir, hvernig stendur á, að brtt. er komin fram, og þá einkum með tilliti til þess, hvernig nefndin virðist líta á málið, eftir nál. að dæma.

Á aukaþinginu í vetur sá fjárveitinganefndin sjer ekki fært að taka upp þetta ákvæði um skólann, vegna dýrtíðar. Jeg þykist vita, að stjórnin hafi tekið tillit til þessa, þegar hún tók upp að veita uppbótina fyrir 1916. Þess vegna finst mjer einkennilegt, er nefndin nú leggur til að draga dýrtíðaruppbót til skólanna frá öðrum dýrtíðaruppbótum. Sjerstök ástæða er til að veita uppbót þeim skólum, er sjá nemendum bæði fyrir fæði og húsnæði.

Dýrtíðarppbótin til kennaranna var veitt á nafn, og hefði það mátt teljast gerræði af skólastjórninni, ef hún hefði tekið þann styrk til sín. Skólinn sjálfur hefir því ekki haft bein not dýrtíðaruppbótar kennaranna, til að standast ýms aukin gjöld, sem af dýrtíðinni hafa leitt.

Jeg heyri það, að háttv. nefnd vill einkum eða eingöngu miða styrkhækkunina við verðhækkun á eldsneyti til skólanna. En svo stendur á, að háttv. nefnd mun hafa haft fyrir sjer ranga skýrslu, er hún ákvað styrkhækkunina til Blönduósskólans. Sjest þetta glögglega, þegar bornir eru saman reikningar skólans 1915 og 1916, á því, hve mismunurinn er lítill á eldiviðarverðinu bæði árin, og þó vitanlegt, að kol voru miklu dýrari síðara árið en hið fyrra; auk þess er mjer það kunnugt, að síðara árið varð skólinn að kaupa kol hjer í Reykjavík, sem kostuðu hátt upp í 3000 kr., komin til skólans. Að vísu gekk eitthvað af kolum þessum til matreiðslu í heimavistum, og ekki hægt að segja nákvæmlega, hve mikið það hafi verið. Gjaldkeri skólans hefir sjálfur skýrt mjer frá því, að eldiviðarverðið hafi ekki verið rjett tilfært á áætlun þeirri, er lá fyrir fjárveitinganefnd, heldur hafi það verið sett þar oflágt.

Jeg er þakklátur hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) fyrir undirtektir hans undir málið, og þarf því einu við að bæta það, sem hann tók fram, að auk þess sem þar skortir algerlega leikfimihús, er þar og tilfinnanlegur skortur á innanhússmunum, og bókasafnið hefir ekki verið hægt að efla, sökum fjárskorts, eins og hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) tók fram.

Þegar jeg gerði brtt. mína, vildi jeg fara sem allra hóflegast í sakirnar, sökum þess, hvernig fjárhagur landsins horfir nú við. Jeg færði því nokkuð

niður upphæð þá, sem er í stjórnarfrv., ekki þó af því, að eigi sje fylsta þörf á, að hún væri veitt öll, og að sanngirni mæli með því, heldur vildi jeg fara miðlunarveg og rjetta fram höndina til samkomulags við háttv. fjárveitinganefnd; og jeg vildi ekki fara fram á neitt handa þessum skóla, sem ranglátt væri gagnvart hinum skólunum. Er honum þó óneitanlega þörf á meiru fjárframlagi en jeg mælist til í brtt.

Að öðru leyti ætla jeg að geyma að fara fleirum orðum um málið, þangað til jeg hefi heyrt, hvað háttv. formaður fjárveitinganefndar (P. J.) hefir fram að bera.

Pjetur Jónsson: Háttv. framsm. (B. J.) hefir skotið því til mín að gera grein fyrir till. fjárveitinganefndar um styrkveitingarnar til skólanna; og má það þó undarlegt virðast, að slíkt skuli dæmast á mig, óskólagenginn manninn. En orsökin mun vera sú, að jeg er frá gamalli tíð kunnugur þessum skólamálum hjer á þingi, að því leyti, sem að fjárveitingavaldinu hefir snúið.

Nefndin gat ekki vel áttað sig á því, á hverju stjórnin hefði bygt fjárveitingatill. sínar til skólanna. Hún virðist hvorki hafa bygt þær á því, hvað skólahaldið hefir orðið dýrara ófriðarins vegna, nje heldur á fylstu þörf skólanna, eins og þeim er lýst í umsóknarskjölunum. Umsóknirnar frá öllum skólunum eru auðsjáanlega bygðar á því, að landssjóður eigi að kosta þá að öllu leyti. Frá Flensborgarskóla lá fyrir fullkominn reikningur, sömuleiðis frá kvennaskólanum í Reykjavík, en frá Blönduósskólanum ekki nema símskeyti um þingtímann í vetur. Þetta mun stjórnin hafa haft að byggja á. En síðan hefir bæst við reikningur Blönduósskólans fyrir 1915—1916 og ágrip fyrir 1916—1917.

Jeg skal strax taka það fram, að fjárveitinganefndin getur ekki gengið inn á hugsunargang umsóknanna. Hún, eða meiri hluti hennar, heldur því fram, að landssjóð beri ekki fremur skylda til að kosta þá að öllu leyti nú, þótt dýrtíð sje, en áður, og hún álítur, að hlutaðeigandi bæir og hjeruð sjeu eins vel stæð eins og landssjóður, og eigi því að sínu leyti að hlaupa undir bagga með þeim. Á þessum grundvelli eru till. nefndarinnar bygðar.

Að þessu mæltu mun jeg minnast á hina einstöku skóla og fylgja þar sömu röð sem hæstv. fjármálaráðherra (B. K.). Hann skýrði frá, sem og er alveg rjett, að kvennaskólanum í Reykjavík veitir ekki af 3000 kr. til að bæta upp tekjuhalla sinn; þar hefir stjórnin þó ekki viljað veita meira en 2500 kr. En fjárveitinganefndin vill ekki hækka styrkinn meira en eldsneytishækkuninni nemur, því að það er sú meginregla, sem hún vill fylgja. Þó er reikningurinn um þetta atriði ekki vel glöggur og ekki glögglega hægt að sjá, hvað kostnaður við rekstur skólans hefir aukist við hækkun eldiviðarverðsins, en það þó upplýst, að þegar reikningurinn var saminn í ágústmánuði 1916, þá var búið að kaupa eldivið til vetrarins 1916—1917.

Jeg hygg, að ef hærra væri farið en nefndin leggur til, þá mætti skoða það sem svo, að landið tæki upp á sig alla ábyrgð á kostnaðinum við skólahaldið, en það vill nefndin ekki.

Um Blönduósskólann er það að segja, að þar vill stjórnin ekki einungis veita fje til að bæta honum upp eldsneytishækkunina, heldur líka með tilliti til þess, að viðhald hans hefir verið vanrækt að undanförnu. Að öðru leyti hefir hann staðið sig allvel. En þess er þar að gæta, að hjeraðið hefir ekkert lagt fram til skólahaldsins, og hefði þó ekki

mátt minna vera, en að það kostaði viðhald skólahússins; svo mikið kapp lagði það á að fá hann. Flestir munu minnast þess, að Húnvetningar fengu einmitt skóla þennan fyrir þá sök, hve sómasamlegan áhuga þeir sýndu við að koma upp húsi yfir hann. Það hefði því mátt vænta þess, að þeir teldu sjer ekki annað vel sæma en að halda því við með sama skörungsskap sem þeir reistu það.

Húsaleiga fyrir skólann er reiknuð 2400 kr. á ári, og tillag sýslunnar hið sama; svo að nú á svo að heita, að hjeraðið leggi fram til skólans 2400 kr. árlega. En það er einungis leiga af skólahúsinu, en svo mun hafa verið búist við, að skólinn hefði leigulausa íbúð í húsi sínu, auk 1000 kr. framlags úr hjeraði. Því að landssjóður veitti nokkurt fje til húsbyggingarinnar upphaflega. Í reikningnum er og tilfærð renta og afborgun af skuld fyrir skólahússbygginguna, sem skólinn er látinn standa straum af; að því leyti er þá húsaleigan líka tvítalin til útgjalda skólanum. Ef þræta ætti að verða um tillag til skóla þessa, þá mundi vera ráðlegra fyrir háttv. þm. að kynna sjer reikninga hans, en það hefir stjórnin auðsjáanlega ekki gert.

Í fjárlögunum er styrkveitingin til skólans bundin því skilyrði, að hann fái 1000 kr. annarsstaðar að. Það sjest ekki, að þessu skilyrði hafi verið fullnægt, eins og áður er sýnt, nema ef svo á að heita, að húsaleigan eigi að teljast til þess; en jeg hefi þegar skýrt frá, hvernig stendur á með hana. Í stuttu máli má segja, að landssjóðsstyrkurinn til skóla þessa hafi verið sómasamlegur. Nefndin hefir viljað miða styrkhækkunina við eldiviðarverðhækkunina; en satt er það, að það hefir ekki verið auðvelt, því að reikningur sá, sem fyrir nefndinni lá, var í raun og veru ekki annað en eins konar áætlun frá gjaldkera skólans, enda skoðaði nefndin hann ekki öðruvísi, og má vel vera, eins og háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) fullyrðir, að hún hafi að einhverju leyti verið röng, og er enn tími til að athuga það mál betur.

Þá kem jeg að Flensborgarskóla. Mjer kemur það ekki á óvart, þótt þar hafi orðið 1000 kr. tekjuþurð á síðasta skólareikningi, eins og hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) skýrði frá, í viðbót við hina eldri skuld skólans. Nefndin gekk út frá því sama. Umsóknin frá skóla þessum, er, eins og hinar, bygð á því, að landssjóður standi straum af skólanum til fulls, og meðal annars farið fram á, að borguð sje 2700 kr. skuld, sem skólinn var kominn í fyrir stríðið. Það er þar jafnframt farið fram á, að kennararnir fái 800 kr. í dýrtíðaruppbót; en þess ber að gæta, að þeir hafa þegar fengið yfir 2200 kr. af dýrtíðaruppbótinni, sem veitt var í vetur sem leið. Hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) virðist ganga út frá hinu sama sem umsóknin, að landssjóður eigi að halda skólanum að öllu leyti uppi. En jeg held hinu fram, að það hafi aldrei verið viðurkent. Mjer er allvel kunnug saga skóla þessa frá upphafi, og jeg veit það, að styrkurinn til hans var um alllangt skeið einkum miðaður við það, að hann undirbjó kennaraefni; en eins og kunnugt er þá hefir Kennaraskólinn nú tekið við því, og var þá talið sjálfsagt, að fje sparaðist mjög til Flensborgarskólans. Mjer þótti undarlegt að heyra það, að skólinn ætti nú því nær engar eignir. Upphaflega átti hann þó töluverðar eignir, sem munu af gefandanum hafa verið ánafnaðar Garðahreppi (Hafnarfirði). Nú lítur út fyrir, að búið sje að eta þessa fúlgu upp. Það er þessi áhugi, sem nú á að verðlauna, sá áhugi, sem kemur fram í því að eta upp gjöf dáins sómamanns,

sem hann stofnaði til af rækt við bygðarlag sitt og í því trausti, að hún gæti orðið því til þrifa. Jeg játa það, að skólinn muni vera góður skóli; en hann verður að vera háður sömu kjörum sem aðrir unglingaskólar, hvort sem stofnaðir eru af einstökum mönnum eða heilum hjeruðum, að landssjóður styrki hann að nokkru leyti, en forráðamenn hans sjái honum fyrir því fje, sem þá vantar til.

Annars er afstaða ýmsra skóla við landssjóð ófær, eins og hún nú er. — Stjórninni má ekki leggjast undir höfuð að taka það mál til athugunar og fá komið á fullu skipulagi um það, hverjir skólar skuli vera landsskólar, hverjir hjeraða- eða bæjaskólar með styrk af landsfje o. s. frv. Sá tvískinnungur, sem nú er, má ekki lengur eiga sjer stað.

Jeg þarf ekki að svara háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) miklu, því að jeg get eigi sagt afstöðu nefndarinnar til brtt. hans. Hún byggist á upplýsingum, sem nefndin hafði ekki fyrir sjer. En mjer finst það einkennilegt, ef það er svo, að skólastjórnin meti það lítils, að kennurunum voru bætt upp laun þeirra.

Jeg skal svo enda með því, að mjer finst, að þegar eitthvert hjerað hefir barist fyrir því að koma upp skóla hjá sjer, þá eigi það að halda honum við á sinn kostnað og sína ábyrgð, með einhverjum ákveðnum landssjóðsstyrk, samkvæmt því sem aðrir samskonar skólar hafa, en smokra honum eigi af sjer smátt og smátt og eins og að óvöru.

Forsætisráðherra (J. M.): Það má vel vera, að það sje rjett, sem háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) sagði, að óljóst sje um sambandið milli landsstjórnarinnar og ýmsra skóla hjer í landi, og tillag til þeirra úr landssjóði svo mikið, saman borið við allan rekstrarkostnaðinn, að rjettara væri, að þeir væru að öllu kostaðir af landssjóði og undir fullri umsjón landsstjórnarinnar. Líklega er svo að minsta kosti um Flensborgarskóla, því að þótt hinu upprunalega gjafafje hafi ekki verið eytt, þá er rekstrarkostnaður hans nú orðinn svo mikill, að þess gætir lítið, til þess að standast hann. Það er eðlilegt, að Flensborgarskólinn þurfi meira nú í dýrtíðinni en áður, og er ekki mikið um það að segja. Það væri ekki óeðlilegt, þótt einn alþýðuskóli, kostaður af landsfje, væri á Suðurlandi, þegar nú er verið að vinna að því að koma upp slíkum skóla á Austurlandi, og er síst að jeg sje á móti því. Auðvitað má búast við, að krafa komi enn frá einum landsfjórðungi, Vestfirðingafjórðungi, um samskonar skóla, og tel jeg sanngjarnt, að henni verði fullnægt á sínum tíma, en svo verði numið staðar við það fyrst um sinn. Nokkru öðru máli getur verið að gegna um kvennaskóla, en þó get jeg ímyndað mjer, að landið taki og að sjer rekstur þeirra síðar meir. Mjer sýnist þingið annars hafa veitt þannig fje vegna dýrtíðarinnar, að ekki sje ástæða til að draga úr fjárstyrk þeim, sem stjórnin hefir lagt til að skólunum sje veittur, og að það hafi litla raunverulega þýðingu að fastbinda sig við form það, er háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) vildi láta fylgja. Mjer sýnist háttv. nefnd hafa að öðru leyti tekið sanngjarnlega í tillögur stjórnarinnar; en mælist til, að þingið sje ekki ofnaumt í tillögum sínum til skólanna; þeir þurfa aukinn fjárstyrk, ekki síður en aðrar stofnanir, í þessari dýrtíð.

Framsm. (Bjarni Jónsson): Mjer gleymdist að geta þess í fyrri framsögu minni, að ruglingur komst á hjá mjer, er jeg skrifaði brtt. við 2. gr. C. III. 10. 4. lið b. um vjelbátaferðir í N.-Þ. Það lágu tvö tilboð fyrir nefnd-

inni, annað um að endastöðvar skyldu vera á Seyðisfirði og Sauðárkróki, en eftir hinu áttu þær að vera á Seyðisfirði og Akureyri, og samþykti nefndin að taka síðara tilboðinu. Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) umgekst málið fyrir hönd samgöngumálanefndar, og fór fjárveitinganefnd eftir tillögum hennar um þetta. Þessa þótti mjer þörf að geta, til að fyrirbyggja, að þessi villa slæddist inn í lögin sjálf.

Það, sem sagt hefir verið um skólana, kemur mjer ekki við í þetta sinn. En þó vil jeg minnast á eitt atriði í ræðu háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), er hann var að tala um uppbót á launum kennara. Hann virtist leggja meira í orð nefndarálitsins en átti að vera. Þar er tekið fram, að einn liðurinn í umsóknum skólanna sje, að þeim sje veitt fje til að bæta laun kennara sinna, en af þeim lið hafi þeir þegar fengið meira en þeir sækja um fyrir árið 1916. Fanst nefndinni einsætt að draga þær upphæðir frá umbeðnum styrk, því að þetta þyrfti ekki að veita aftur. Okkur var það ljóst, að skólarnir gátu ekki tekið af þessu handa kennurum, því að það fje er ekki ætlað til rekstrar, sem ætlað er kennurum. Þetta vildi jeg segja til að skýra hugsun nefndarinnar. Annars þarf jeg ekki að auka við nefndarálitið, hefi gert þar stuttlega grein fyrir öllum liðum. Að eins vil jeg nefna lið þann, er hljóðar um styrkveitingu til Sigfúsar Blöndals. Er það atriði raunar allítarlega skýrt í nál., en ef einhver óskar frekari skýringa, er jeg fús til að gefa þær, en hygg, að þess þurfi ekki. Sigfús er mjög iðinn, glöggur og góður vísindamaður, sem ekki er annara um annað en að ganga vel frá verki. Hefi jeg þekt hann alt frá því að hann hóf skólalærdóm, og hefir hann altaf verið stakur iðju- og eljumaður. Kunnugt er, hversu mikils trausts hann hefir aflað sjer í stöðu sinni í Danmörku. Auk þess er hann svo heppinn, að fóstri hans, Björn M. Ólsen prófessor, hefir látið honum í tje alt orðasafn sitt, sem hann var að safna til alla mína skóla- og kennaratíð, eða nú yfir 20 ár. Þar er þetta kemur alt í eitt, er þetta svo merkilegt starf, að enginn horfir í að veita fje til þess, að slík bók komi út sem fyrst. Annars get jeg gefið frekari skýringar, ef menn óska. Ætla jeg svo ekki, að fleiri liði þurfi sjerstaklega að nefna, þar sem enginn hefir lagt móti till. nefndarinnar, og þessar 2 brtt. frá þingmanna hálfu eru ekkert sjerstaklega á móti nefndinni. Hefir hún óbundin atkvæði þar um.

Jeg ætla, að jeg þurfi nú ekki að tala oftar um sinn.

Jörundur Brynjólfsson: Stjórnarnefnd kvennaskólans hjer hefir sótt til Alþ. um 3000 kr. til þess skóla, og hæstv. stjórn lagt til, að honum skyldi veita 2500 kr. Nú hefir háttv. fjárveitinganefnd lækkað þá upphæð um 500 kr. Á reikningnum, sem fylgir umsókninni, er það sjáanlegt, að talsvert mun ganga á eign skólans, ef hann fær ekki talsverða uppbót, og því meir sem meira skortir á hina umbeðnu upphæð. Jeg hefi ekki komið með brtt., því að jeg vænti, að hv. deild verði svo sanngjörn að samþykkja till. stjórnarinnar, að skólinn fái 2500 kr. Í svona dýrtíð hafa þessir skólar engu af að taka nema eigum sínum, en það álít jeg afarskaðlegt. Hins vegar er það ógerningur að hækka skólagjaldið; nemendum veitir sjálfsagt fullerfitt að kosta sig hjer í dýrtíðinni, þótt þeim sje ekki íþyngt með hærri fjárframlögum til skólans en venjulega.

Jeg vil svo ekki fjölyrða frekar, en vænti þess, að háttv. þingd. samþykki till. stjórnarinnar.

Þórarinn Jónsson: Jeg vildi að eins leiðrjetta misskilning, sem mjer fanst kenna í ræðu háttv. þm. S.-Þ. (P. J.). Hann gat þess, að hjeraðið hefði lagt það á sig að halda skólann, og því væri rjettara, að hjeraðið veitti honum aukinn styrk en landssjóður. Jeg þarf ekki að taka það fram, sem öllum er kunnugt, að árlega er veitt meira eða minna úr sýslusjóðum Húnavatnssýslna til skólans. En hjeraðið hefir ekki sjeð sjer fært að ganga lengra, þegar þess er gætt, að þessi skóli er enginn hjeraðsskóli, heldur sækja hann nemendur víðs vegar af landinu. Það veitir fulla ástæðu til að leita styrks af almannafje, og þar af leiðandi skylda landssjóðs að styrkja skólann eftir föngum.

Sami hv. þm. (P. J.) gat þess, að ekki sæist á reikningi skólans, að sýslan hefði lagt annað fram en húsaleigu fyrir skólann. Þessi liður á reikn. er óglöggur. En það get jeg sýnt, að sýslurnar hafa síðustu árin styrkt skólann árlega með 1000 kr. framlagi, og þetta framlag hefir altaf etist upp til rekstrar, því að vitanlegt er, að fæðisgjald námsmeyja er svo lágt; og þetta framlag með landssjóðsstyrknum dugir því ekki upp í kostnaðinn. En með því að reikna það svo lágt, er aðgangur greiðari og ódýrari fyrir alt landið. Hvað snertir þessa reikningsfærslu, vona jeg, að hún verði löguð, því að hún getur og hefir nú valdið misskilningi. Sami hv. þm. (P. J.) kvaðst taka það trúanlegt, sem jeg bar fram um kostnaðinn, og var honum það óhætt, og brtt. mín við brtt. fjárveitinganefndar er sniðin eftir og miðuð við niðurfærslu nefndarinnar á öðrum skólum, til að koma samræmi á. Hafði jeg því hugsað mjer að vera með brtt. nefndarinnar, í því trausti, að mín brtt. verði samþ. að því er Blönduósskólann snertir. Ef till. fjárveitinganefndar verða feldar, en mín till. samþ., er Blönduósskólinn kominn í ósamræmi við aðra skóla, og mun jeg þá gera brtt. við 3. umr. til hækkunar. Þetta vildi jeg taka fram til skýringar því, að jeg vil ekki taka brtt. aftur.

Pjetur Jónsson: Jeg skal ekki bæta miklu við það, sem jeg hefi þegar sagt. Jeg held, að hæstv. forsætisráðherra hafi ekki grúskað eins mikið í reikningum skólanna og við nefndarmenn, því að mjer fanst honum ekki vera ljóst, að hve miklu leyti skólarnir hafi safnað skuldum af völdum dýrtíðar.

Jeg skýrði frá því, að eftir reikningum og ásetlunum þyrfti Flensborgarskólinn 1000 kr. í tekjuþurðina fyrir síðastliðið skólaár, og þessar 1000 kr. leggur nefndin til að verði veittar. Aftur var því fastlega haldið fram, að nefndin vildi ekki borga skuldir skólans frá því fyrir stríðið. Jeg benti á upphaf þessa skóla og gat þess, að ekki væri nema sjálfsögð krafa, að þessum skóla væri sýnd sú rækt af hálfu þeirra, er hann stofnuðu og nota mest, að hann gæti haldist í góðu lagi. Nú er mjer ekki kunnugt um, að neitt sveitarfjelag eða sýsla eða einstakir menn hafi um langt skeið lagt skólanum neitt. Þetta er ekki til eftirbreytni, og að fara að verðlauna slíka framkomu af landssjóðsfje á alls ekki við.

Þegar umræðan varð hjer í deildinni um Eiðaskólann og breytingu hans í lýðskóla, sem landssjóður tæki að sjer að fullu, benti jeg á það, að ekki væri heppilegt að slá því föstu svona upp úr þurru og umhugsunarlítið, að landið tæki að sjer slíkar skólastofnanir að fullu og öllu; því að þá mundi nálega hvert hjerað koma og heimta sinn unglingaskóla af landssjóði. En slíkt stórræði má ekki ráðast í nema með vel fyrirhuguðu ráði og fullu skipulagi og

rjettlæti; en slíkt verður eigi, ef einum og einum skóla er smeygt að. Það er þetta skipulagsleysi á skólamálunum, sem jeg hefi verið að stríða við í mörg ár, og þykir mjer ilt, þegar bestu menn stuðla að því líka, að þess háttar barátta verði árangurslaus.

Jeg vil að eins benda á það atriði, viðvíkjandi sögu Flensborgarskólans, að þegar hann veitti kennarafræðslu, var það ástæðan til þess, hve háan styrk hann fjekk. Þá var hann í senn kennaraskóli, »gagnfræðaskóli« svo kallaður og barnaskóli að einhverju leyti, og mun þá hafa komist á, að hann framfleyttist að mestu á landssjóðstillagi. En þegar kennaraskóli var settur á stofn í Reykjavík, ætlaðist nefnd sú, er við kennaraskólamálið átti, til þess, að niður fjelli tillag til Flensborgarskólans að öðru leyti en því, sem samskonar skólar annarsstaðar væru styrktir.

Um Blönduósskólann þarf jeg ekki að fjölyrða frekar. Um það þýðir ekki að rífast við háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), enda er ágreiningur um brtt. hans ekki svo mikill.

Jeg sagði ekki, að skólinn væri fyrir Húnvetninga eina; jeg vissi, að hann er sóttur víðar að. Hann hefir reynst vel, og er því sóttur víðs vegar af landinu, en hann var settur fyrir Húnavatnssýslu, og, að sagt var, í trássi bæði við guð og menn. Einu sinni var mikil þræta um, hvar kvennaskóli fyrir Norðurland ætti að vera. Þeir, sem sæmilega eru að sjer í landafræði, vita, að hann er betur settur annarsstaðar. Skagfirðingar mótmæla því gersamlega, að skólinn væri fyrir þá, og ekki er hann þar fyrir Eyfirðinga, því að skóli þeirra ljet eiginlega lífið fyrir Blönduósskólann. Húnvetningar voru að eins duglegastir að drífa skólann upp. Er hann því ekki skóli fyrir Norðurland, heldur að eins fyrir þann hluta Norðurlands, sem heitir Húnavatnssýsla.

Fjármálaráðherra (B. K.): Hv. formaður fjárveitinganefndar vissi ekki, á hverju stjórnin hefði bygt till. sínar um styrk til skólanna. Jeg sagði áður, við 1. umr. málsins, að miðað væri við þörf skólanna, hvað þeir þyrftu til að geta lifað. Flensborgarskólinn hefir t. d. í tekjur 165 kr. á mánuði. Hann getur hvorki gert kröfu til bæjar- nje sýslufjelags, því að hann er stofnaður fyrir alt landið. Hann er því ekki fyrir Hafnarf., heldur alt landið. Ef þingið treystir sjer ekki til að styrkja hann, svo að hann geti lifað, verður að leggja hann niður. Skóli þessi hefir gert mikið gagn. Það er viðurkent, að hann sje ódýr, honum sje vel stjórnað og hann veiti góða fræðslu. Finst mjer miklu nær að styrkja þá skóla, er reynslu hafa fengið, en að stofna nýja skóla. Jeg er samþykkur háttv. formanni fjárveitinganefndar (P. J.) um, að skólinn megi vera þakklátur fyrir dýrtíðaruppbót þá, er hann fekk, eins og aðrir skólar, en sú uppbót gengur ekki til rekstrar. Eins er jeg samdóma háttv. form. (P. J.) um það, að landið hefir aldrei játað, að það eigi að bera allan kostnaðinn. Spurningin er að eins þessi: Á skólinn að lifa eða ekki? Hann getur ekki gert kröfur til annara en landssjóðs, og krafan er að eins sú, hvort hann á að deyja eða ekki. Það er eðlilegt, að eigur skólans hafi rýrnað, þar sem hann hefir ekki getað sótt nægar tekjur til að standast árlegan kostnað sinn. Til dæmis munu eigur kvennaskólans rýrna, ef hann fær ekki þann styrk, er stjórnin hefir lagt til.

Björn Stefánsson: Það var dálítil fyrirspurn til hæstv. stjórnar og fjárveitinganefndar, sem jeg vildi gera.

Þegar stjórnin fór að úthluta dýrtíðaruppbót þeirri, er veitt var eftir þingsályktun síðasta þings, kom í ljós, að auk embættismanna fengu ýmsir aðrir starfsmenn landsins dýrtíðaruppbót, svo sem kennarar, brjefhirðingamenn, hreppstjórar, eða, eftir því sem jeg veit best, allir starfsmenn landsins, nema póstar og fasteignamatsmenn. Jeg veit um nokkra pósta, sem sendu fyrirspurn um, hvort þeir fengju nokkuð, og sama gerðu matsmenn Múlasýslna. Okkur Múlsýslungum svaraði stjórnin engu fyr en í vor, eftir ítrekaðar spurningar. Fengum við það svar, að stjórnin myndi leggja umsókn vora, ásamt öðrum samskonar málaleitunum, fyrir þingið. Nú sje jeg, að háttv. fjárveitinganefnd hefir tekið póstana að einhverju leyti til greina, en matsmennina ekki. Kann jeg ekki við, að þessum umsóknum sje ekki sint. Get jeg ekki betur sjeð en að matsmenn sjeu starfsmenn landsins, eins og brjefhirðingamenn og hreppstjórar. Nú er fyrirskipað, að matinu skuli lokið 15. júlí 1918, og þar, sem um stórar og fjölbygðar sýslur er að ræða, má nærri geta, að matsnefndirnar eru mjög bundnar, ef þær eiga að geta lokið starfinu í tæka tíð. Vildi jeg því gjarnan fá upplýsingar um, hvers vegna málaleitun þessari hefir ekki verið svarað af stjórninni, og fjárveitinganefnd hefir ekki heldur tekið hana til greina. Jeg veit ekki, hvort það er af því, að þeim, hæstv. stjórn og hv. fjárlaganefnd, virðast launin nógu há. Tel jeg þó varla líklegt, að hæstv. stjórn undanfelli matsnefndirnar af þeirri ástæðu, þar sem hún ætlast til — samkvæmt frv. því, sem hún lagði fyrir þingið — að embættismenn allir, sem hafa kr. 13,70 í daglaun eða minna, fái dýrtíðaruppbót, og það þótt þeir þurfi engu til embættis síns að kosta öðru en sinni eigin vinnu, en fái ferðakostnað goldinn eftir reikningi, ef þeir þurfa að heiman í embættiserindum. En matsmenn eru að mestu bundnir við þetta starf í 2—3 ár, og hafa 5 kr. á dag í laun og ferðakostnað, og annað ekki.

Úr því að jeg stóð upp, vil jeg lítillega minnast á annað mál. Hæstv. forsætisráðherra bar saman kröfur Austfirðinga og Sunnlendinga um skólana. En þar er ólíkt á komið. Austfirðingar hafa enga mentastofnun hjá sjer, en Sunnlendingar búa rjett hjá Reykjavík, og þar er gnægð allskonar mentastofnana. Finst mjer nokkuð ólíkt, hvort Hafnfirðingar þurfa að sækja skóla til Reykjavíkur, eða Austfirðingar til Reykjavíkur. Jeg ætla ekkert að leggja til málanna um Flensborgarskólann, því að hann hefir á sjer gott orð, en jeg vildi að eins gera samanburð þennan á kröfum Austfirðinga og Sunnlendinga og leyfa mjer að benda á það, að þó að landið taki við Eiðaskólanum, þá getur því, út af fyrir sig, ekki fylgt nein skylda til þess að koma á fót samskonar skólum í öðrum landsfjórðungum, því að bæði fylgja hjer svo miklar eignir, sem Austfirðingar láta af hendi, og svo er þetta ekki nema spor í þá átt að láta Austfirðinga ná því jafnrjetti gagnvart hinum landsfjórðungunum, sem þeim alt að þessu hefir verið neitað um.

Um tillagið til Breiðafjarðarbátsins er það að segja, að jeg greiddi atkv. með því í nefndinni, að styrkurinn væri ákveðinn 4000 kr. Mig skorti kunnugleika á málinu til þess að geta skorið úr, hvað væri hæfileg upphæð. Í nefndinni komu einmitt fram svo sundurleitar kröfur. Sumir vildu hækka styrkinn upp í 6000 kr., en sumir jafnvel fara niður í 2000 kr. Mjer leist því best, þar sem jeg var ekki sem kunnugastur, að aðhyllast þessa till., þar sem hún var miðlunartill. milli hinna tveggja. (B. J.: En jeg er manna kunnugastur).

En í nefndinni eru líka menn, sem jeg hjelt að væru ekki síður kunnugir, og líta nokkuð öðrum augum á þetta atriði, og þeir telja jafnvel 2000 kr. alveg nógu hátt, eftir atvikum, því að þeir halda því fram, að tap útgerðarinnar stafi sumpart af atvikum, sem þinginu eru alveg óviðkomandi, og óverjandi væri, ef það færi að bæta.

Magnús Pjetursson: Jeg skal ekki lengja umræður mikið, og skal þá fyrst víkja að ræðu háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.). Um dýrtíðaruppbót landssjóðsstarfsmanna er það að segja, að öll skjöl, sem þar að lúta, fóru jafnharðan frá nefndinni til bjargráðanefndar, því að sjálfsagt þótti, að sú nefnd fjallaði um öll þau mál, sem standa í sambandi við dýrtíðaruppbætur, úr því að háttv. deild vísaði því máli til hennar. Skjölin liggja annars nú hjer á borðinu, og sjá menn, að það er álitlegur búnki.

Viðvíkjandi fasteignamatsmönnunum er það að segja, að ekki þótti ástæða til að fara neitt út í það að sinni að ákveða þeim dýrtíðaruppbót. Eins og kunnugt er liggur nú fyrir frv. um að hækka dagpeninga þessara manna upp í 7 kr. kr. á dag, Jeg geri ráð fyrir, að háttv. deild taki frv. það til íhugunar, og er sjálfsagt að sjá fyrst, hvað úr því verður, áður en aðrar ráðstafanir eru gerðar.

Jeg vil undirstrika það, sem formaður nefndarinnar, háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) hefir sagt um skólana. Það, sem fyrir nefndinni vakir, er ekki það, hvort skólar þessir fá hærri eða lægri upphæð, heldur er það stefnan, sem nefndin getur ekki fallist á, sú stefna, sem hvað eftir annað kemur fram í umræðum hjer í deildinni, að landssjóður eigi að greiða tekjuhalla þessara skóla. Með því er gengið út frá, að þá eigi að skoða sem landsskóla, en því er nefndin eindregið á móti.

Jeg tek þetta fram til þess, að háttv. deild geti athugað það, og viti hvað um er að vera. Ef hún samþykkir uppástungur stjórnarinnar, með þeirri greinargerð, sem fyrir þeim eru færðar, þá er hún búin að slá því föstu, að landssjóður eigi að sjá skólunum borgið.

Jeg get fallist á brtt. háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), því að það er nú upplýst, að skekkja hafi orðið í eldsneytiskostnaði skólans á Blönduósi, sem jeg get gengið inn á að bætt sje upp.

Að því er snertir Breiðafjarðarbátinn, þá hefir einn úr samgöngumálanefndinni minst á það, að skiftar skoðanir hafi verið um það, hve hár styrkurinn ætti að vera. Það er síður að fara altaf eftir tillögum samgöngumálanefndar um þess konar fjárveitingar. Fjárveitinganefndin ber því fram tillögu þessa, eins og hún kemur frá samgöngumálanefnd. Þeirri nefnd er því skylt að gera grein fyrir, á hvaða rökum hún byggir það að ákveða styrkinn 4000 kr, en ekki meira.

Benedikt Sveinsson: Vegna þess að hv. þm.(M.P.) skýtur því til samgöngumálanefndar að gera grein fyrir styrk þeim til vjelbátaferða, sem fjárveitinganefndin hefir lagt til að veittur yrði, að undirlagi samgöngumálanefndar, þá finn jeg ástæðu til að lýsa yfir því, að það er rjett, sem hann sagði, að í 4. brtt., staflið b, við 2. gr., er ritvilla. Endastöðvar vjelbátaferða um Norður-Þingeyjarsýslu eru Seyðisfjörður og Akureyri, en ekki Sauðárkrókur, eins og stendur í brtt. nefndarinnar. Nefndinni hafði borist beiðni um styrk til samgöngubóta í Norður Þingeyjarsýslu. Það hjerað hefir orðið tilfinnanlega út undan með samgöngur á síðasta ári, svo að

menn þar hafa jafnvel ekki getað komið kjöti sínu burt fyr en rjett nýlega, og á sama hátt hefir þeim verið fyrirmunað um aðdrætti nauðsynja sinna. Það hefir því verið farið fram á 8000 kr. styrk til bátaferða milli Seyðisfjarðar og Akureyrar, og samningar eru þegar gerðir við Þorstein Jónsson, kaupmann á Seyðisfirði. Hann hefir til ferða þessara skip, sem er miklu stærra en ráð er fyrir gert í skilyrðum nefndarinnar. Skipið er eitthvað 70 smálestir, og byrjar ferðir sínar einmitt nú í dag. Reynt hefir verið að semja við mann þennan um að láta bátinn ganga til Sauðárkróks, en þeir samningar eru ekki komnir í kring að því er snertir svæðið milli Akureyrar og Sauðárkróks. Ef þeir samningar takast, þá verður að koma fram brtt. við þennan lið við 3. umr. fjáraukalaganna.

Jeg vil taka þetta fram til þess, að þeir, sem hlut eiga að máli, t. d. háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.), líti ekki svo á, að hjer sje um blekkingu að ræða frá nefndarinnar hálfu, að farið sje fram á styrk til ferða um stærra svæði en um er samið. Jeg skýt því til háttv. forseta, hvort eigi megi leiðrjetta þetta á þgskj. sem prentvillu, áður en gengið er til atkvæða. Samningar um bátaferðir milli Akureyrar og Sauðárkróks standa yfir, og það kemur til greina við 3. umr. að ákveða, hvern styrk skuli til þeirra veita. — Að öðru leyti get jeg lýst yfir því, að samgöngumálanefndin mælir með brtt. fjárveitinganefndar á þgskj. 218, en ekki öðrum.

Magnús Guðmundsson: Mjer þykir leitt, að háttv. frsm. (B. Sv.) skuli vilja skoða það sem prentvillu, að Sauðárkrókur sje endastöð hjer umræddra báts, því að það er blátt áfram nauðsynlegt, að endastöð þessara ferða sje á Sauðárkróki. Að öðrum kosti er Skagafjörður eini stóri fjörðurinn á landinu, sem engar bátaferðir hefir. Að vísu er það satt, að ekki var farið fram á það í vetur að fá neinar slíkar ferðir. En það var fyrir þá sök, að verslunarfjelag, sem á verslanir bæði á Akureyri og Sauðárkróki, hefir haft skip til vöruflutninga milli verslananna, og væntu menn þess, að þær ferðir mundu haldast. En nú hafa verslanirnar engar vörur að flytja, og ferðirnar því lagðar niður. Nú er því full þörf á, að bátsferðum verði komið á, með styrk úr landssjóði. Jeg legg því til, að orðalag brtt. sje látið standa til 3. umr., enda er varla hægt að skoða þetta sem prentvillu. Við 3. umr. mun jeg svo koma með brtt. um að hækka styrkinn sem svarar því, að báturinn gangi alla leið til Sauðárkróks, og þá þarf engar aðrar breytingar. Vænti jeg, að háttv. samgöngumálanefnd geti fallist á þetta, um leið og þessi liður er leiðrjettur.

Hákon Kristófersson. Háttv. þm. Stranda (M. P.) mæltist til þess, að einhver úr samgöngumálanefndinni styddi með rökum 4000 kr. styrkveitinguna til Breiðafjarðarbátsins. Mjer vitanlega mun samgöngumálanefndin ekki geta stutt hana með neinum ábyggilegum rökum. Samgöngumálanefndin setti hana af handahófi. Það, sem fyrir lá, var að eins umsókn frá útgerðarmönnum bátsins um rúman 7 þús. kr. styrk. En sú umsókn var ekki studd, eða rjettara sagt ekki gerð frekari grein fyrir henni en á þá leið, að fjelagið mundi hafa tapað sem því næmi á útgerðinni í vetur.

Mönnum kann nú að virðast það undarlegt, að jeg var á móti svona hárri styrkveitingu, 7 þús. kr., þar sem jeg þó er úr hjeraði, og þingmaður fyrir kjördæmi, sem á að njóta bátsins. En jeg hefi ekki sjeð nægа ástæðu til að veita þennan styrk eins mikinn og

fram á hefir verið farið, og það mætti því ef til vill kenna mjer um, að hann er ekki settur hærri. Mjer er ekki ljóst, við hvað beiðni útgerðarmannanna hefir að styðjast, og mjer finst það varhugaverð leið að borga svona mikið fje eftir á, því að það gæti ef til vill orðið til þess að skapa fordæmi, ef út á þá braut væri farið. Jeg bjóst við, að styrkurinn til bátsins yrði hækkaður á næsta fjárhagstímabili, þannig að hann yrði 20 þús. kr., og taldi jeg það miklu sjálfsagðara en að veita mikinn aukastyrk í aukafjárlögum. Ef háttv. þm. Dala. (B. J.) vildi koma með brtt., sem færi fram á nokkru lægri upphæð, þá mundi jeg verða með henni, því að nú er það sýnt, að þingið mundi ekki vilja veita hina umbeðnu upphæð, 20 þús. kr., til bátaferða um Breiðafjörð etc. á næsta fjárhagstímabili, sem jeg verð þó að telja fyllilega rjettmætt. En jeg tel ekki rjettmætt að borga eftir á upphæðir, sem ekki eru reikningslega studdar. Þess vegna er jeg á móti þessari styrkveitingu, eins og hún var upphaflega, eða vil að minsta kosti hafa hana að mun lægri. Jeg get líka getið þess, að eftir að þetta var til umræðu í samgöngumálanefndinni var samþykt þar aukafjárveiting til annars hjeraðs, sem var nokkru hærri en jeg taldi rjettmætt. En þar sem meiri hluti háttv. samgöngumálanefndar hefir tekið svipaðar beiðnir annarsstaðar frá til greina, að mestu eða öllu leyti, þá tel jeg ekki rjettmætt að fara aðra leið gagnvart okkur á Breiðafirði. Því mun jeg, ef til kemur, greiða atkv. með brtt., ef fram kemur, sem færi í hækkunarátt-ina, t. d. 5 þús. kr.

Forsætisráðherra (J. M.): Hv. formaður fjárveitinganefndar (B. J.) og háttv. þm. Stranda. (M. P.) leggja áherslu á það, að ekki sje samþyktur styrkur til skólanna fyrir þá sök, að með því sje viðurkend ný stefna í afstöðu landssjóðs til skólanna. Já, það er engin stefnubreyting af þingsins hálfu frá því, sem hingað til hefir verið, heldur er það nefndin, sem kemur með nýja stefnu. Þeir, sem kunnugir eru þessum málum, vita, að stefnan hefir verið þessi. Að minsta kosti er það fyrir löngu orðin hefð með Flensborgarskólann, að þingið álítur sig eiga að leggja honum það, sem hann þarf.

Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) talaði um, að stjórnin hefði ekki kynt sjer hag þessara skóla. Þetta er ekki rjett. Sýnt hefir verið fram á, að kvennaskólinn í Reykjavík hefir tapað 3000 kr. árið sem leið. Eignir hans rýrast því um þessa upphæð, ef hann fær engan styrk. Jeg sje ekki, að það geti gert neinn stefnumun, hvort skólanum er bætt upp þetta tap með 2000 kr. eða 2500 kr. Eitthvað svipað er að segja um Blönduósskólann, en því miður hefi jeg ekki fyrir mjer reikninga hans.

Um Flensborgarskólann er það að segja, að hann er orðinn skuldugur um 3000 kr. Þessa skuld verður landssjóður að hjálpa honum til að borga, því að honum kemur engin hjálp til þess annarsstaðar að. Verði honum synjað um þennan styrk, getur hann varla ráðið fram úr því. Flensborgarskólinn hefir um langan tíma verið landsskóli og aldrei fengið styrk frá öðrum. Þá er það líka kunnugt, að mjög sparlega er farið með fje skólans, og engin ástæða er til að óttast, að því sje sóað á nokkurn hátt. Hjer er því ekki um neinn stefnumun að ræða, þótt styrkurinn verði veittur. Jeg skal játa það, að um Blönduósskólann er nokkuð öðru máli að gegna. En það er þó upplýst, að hann hefir ekki nægilegt fje til nauðsynlegustu þarfa.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg ætlaði mjer ekki að segja meira en jeg var búinn. En vegna ræðu háttv. þm. Barð. (H. K.) neyðist jeg til að segja nokkur orð um brtt. mína um styrk til Breiðafjarðarbátsins. Það er alleinkennilegt að heyra þm. (H. K.) halda á móti styrkveitingu til ferða um sitt eigið hjerað, þegar það liggur fyrir í skjölum, undirskrifuðum af góðum mönnum, að fjelagið hafi tapað á útgerð bátsins 7620 kr. alls, auk þess, sem hvorki hefir verið hægt að greiða neina vexti af hlutafjenu, nje leggja neitt í fyrningarsjóð. Þetta er háttv. þm. Barð. (H. K.) kunnugt, og ef hann trúir ekki fulltrúum þriggja sýslnanna til þess að fara rjett með þetta mál, þá ætti hann að fá sitt kjördæmi skilið frá. Hygg jeg, að það mundi auðsótt. Að minsta kosti skyldi ekki standa á mjer að leggja því liðsyrði. Það getur litið nokkuð undarlega út, að ein af sýslunum, sem bátsins eiga að njóta, þykist ekkert hafa með neinn styrk að gera, og mig furðaði ekki á því, að aðrir yrðu í dálitlum vafa um það, hvernig þeir ættu að greiða atkv., ef þeir kynnu ekki að gera upp á milli mannanna.

ATKVGR.

1. gr.,
samkvæmt atkvgr. um hinar greinar frv., samþ. í e. hlj.

Brtt. 218, I. 1. samþ. í e. hlj.
— 218, I. 2. — —«—
— 218, I. 3. — —«—
— 218, I. 4. (með aths.) samþ. í e. hlj.
— 218, I. 5. samþ. í e. hlj.
— 218, I. 6. — —«—
(— 218, I.—VI. verður ný 2. gr.).
— 218, II. 1. samþ. í e. hlj.
— 218, II. 2. — —«—
— 248. feld með 15 : 4 atkv.
— 218, II. 3. samþ. í e. hlj.
Brtt. 218, II. 4. a. samþ. í e. hlj.
— 218, II. 4. b. — —«—
— 218, II. 4. c. (með aths.) samþ. í e. hlj.

2. gr.,
svo breytt, (verður 3. gr.) samþ. í e. hlj.

Brtt. 218, III. við 3. gr. B. I. b. samþ. í e. hlj.
— 218, III. — —— VIII. samþ. í e. hlj.
— 218, III. — —— XI. 1. — með 15 : 3 atkv.
— 269. samþ. með öllum greiddum atkv. gegn 1.

Liðurinn, svo breyttur, samþ. með öllum greiddum atkv. gegn 1.

Brtt. 218, III. við 3. gr. XIII. b. samþ. með 14 : 5 atkv.

3. gr.,
svo breytt, (verður 4. gr.) samþ. í e. hlj.

Brtt. 218, IV. (við 4. gr. 2.) samþ. í e. hlj.
— 218, IV. 2. (nýr liður) — - e. hlj.

4. gr.,
svo breytt, (verður 5. gr.) samþ. í e. hlj.

Brtt. 218, V. samþ. í e hlj.

5. gr.,
svo breytt, (verður 6. gr.) samþ. í e. hlj.

6. gr.
(verður 7. gr.) samþ. í e. hlj.

Brtt. 218, VI. við 6. samþ. í e. hlj.
— 218, VI. — 7. — —«—
— 218, VI. (nýr liður) samþ. með öllum greiddum atkv. gegn 1.

7. gr.,
svo breytt, (verður 8. gr.) samþ. í e. hlj.

Brtt. 218, VII samþ. með öllum greiddum atkv. gegn 1.

8. gr.,
svo breytt, (verður 9. gr.) samþ. í e. hlj.

Brtt. 218, VIII. við 2. samþ. án atkvgr.
— 218, VIII. (nýr 4. liður) samþ. í e. hlj.

9. gr.,
svo breytt, (verður 10. gr.) samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 427, 435, 444, 447, 448, 466, 474).

Forseti: Samkvæmt 32. gr. þingskapanna verður að leita afbrigða um brtt. á þgskj. 466. Bæði var henni ekki útbýtt fyr en í dag, og svo á hún við atriði, sem áður hefir verið felt hjer í deildinni.

Afbrigðin voru síðan leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorst. J., Þór. J., B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., J. J, J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Ó. B.

Fjórir þm. (B. Sv., H. K., J. M., P. J.) voru fjarstaddir.

Framsm. (Bjarni Jónsson): Jeg vil að eins leyfa mjer að benda á nokkrar brtt., sem fjárveitinganefnd hefir gert á þgskj. 447. Er það flest liðir, sem ekki hefir unnist tími til að fá upplýsingar um, en eiginlega ekkert athugavert við þá.

1. brtt. er um einskonar styrk eftir á til kaupmanns í Hornafirði, Þórhalls Danielssonar, fyrir það, sem hann hefir gert þar í almenningsþágu árið 1916 til að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Er auðvitað ekkert vit í, að hann haldi þar uppi skipaferðum fyrir ekkert. Nefndin hefir lagt til 7000 kr. Býst jeg ekki við að þurfa að mæla sjerstaklega með þessu, því að þetta er vitanlega fullkomin sanngirniskrafa.

Þá hefir nefndin tekið upp litla fjárveitingu til að setja grind í hliðið að Safnahúsinu. Mun jeg ekki lengja umr. um það, því að allir munu sjá, að trauðla sæmir, að í hliði þessu sje raftur einn, svo sem í túnhliði niðurnídds hjáleigukots. Tel jeg víst, að menn samþykki þetta. Þá hefir fjárveitinganefnd lagt til, að aftan við 10. gr. komi 3 liðir. Eru tveir þeirra á þgskj. 447 og sá 3. á þgskj. 474.

Hinn fyrsti þessara liða heimilar stjórninni að láta nota fje það, sem veitt er fyrir árin 1916 og 1917 til íslenskrar orðabókar á nafn Jóns rttböfundar Ólafssonar, ef hún getur látið starfa að bókinni á þessu ári, og verður sjálfsagt hafður sami mælikvarði á laun þeirra, er við taka, sem ákveðinn var fyrsta höfundi hennar.

Þá hefir fjárveitinganefnd, eftir tilmælum stjórnarinnar, lagt til, að undanþiggja aðflutningsgjöldum þær vörur, sem fluttar hafa verið eða fluttar verða hingað og hjeðan úr Vesturheimi, með leyfi ríkisstjórna þar, til stjórnarvalda í Færeyjum. Sakir þess, að Færeyingar hafa leitað hjer liðsinnis um flutning á vörum, þykir hart, að landið taki toll af þeim. Auðvitað verða þær vörur fluttar hingað og hjeðan með leyfi þeirra valda, er ráða nú á höfum heimsins, með þeim rjetti, er þær taka sjer, svo að Íslendingum er þar enginn vandi búinn. Hygg jeg ekki þurfa að rekja þetta frekar.

3. heimildin á þgskj. 474 er að veita Brynjólfi Einarssyni, símaverkstjóra, 1000 kr. styrk af símafje. Það er maður, sem hlaut meiðsl mikil í vinnu sinni við símann, datt úr háum símastaur á jörðu niður, og hefir legið lengi óverkfær. Er svo sjálfsagt að veita þetta, að jeg mun ekki að óreyndu fara fleirum orðum þar um. Þetta er ungur maður og fátækur, á konu og börn, og þarf hjálpar við.

Þá man jeg ekki eftir fleirum till. frá fjárveitinganefnd. Samgöngumálanefnd mun sjálf gera grein fyrir sínum brtt. Vil jeg þá minnast örfáum orðum á brtt. mín sjálfs á þgskj. 466, að til Breiðafjarðarbáts verði veittar 5000 kr. í stað 4000 kr. Háttv. samgöngumálanefnd og fjárveitinganefnd voru sammála um að veita 4000 kr., en það virtist mjer helsti lágt, saman borið við aðrar breytingar af sama tægi, og auk þess var óreynt, hvort háttv. deild vildi ekki veita hærri uppbótarstyrk. Við síðustu umr. var felt að veita 6000 kr., en þar sem aðalatriðið var samþykt, taldi jeg heimilt að bera upp nýja tillögu með annari upphæð. En nú hefir hæstv. forseti gefið þann úrskurð, að það megi ekki, nema samþykt sje af deildinni með nafnakalli, sem ætíð mun fást. Vona jeg nú, er leyfið er fengið, að menn muni svo höfðinglyndir að ætla þessum bát styrk sem öðrum. Hans hlutur væri fyrir borð borinn, ef hann fengi ekki 5000 kr. Vil jeg ekki tefja fundinn með því að rekja rök til þessa.

Um aðrar einstakar till. get jeg ekkert sagt fyrir nefndarinnar hönd. Hvorki hefir nefndin sjeð þær, nje haft tíma til að bera sig saman.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg vildi einungis spyrja háttv. fjárveitinganefnd að því, hvað hún á við, er hún segir á þgskj. 447, að undanþiggja skuli aðflutningsgjöldum þær vörur, sem fluttar hafa verið eða fluttar verða hjeðan og hingað úr Vesturheimi, með leyfi ríkisstjórna þar, til stjórnarvalda í Færeyjum. Jeg spyr að þessu fyrir þá sök, að það verður að taka það skýrt fram, að þessar vörur skuli vera undanþegnar vörutolli.

Framsm. (Bjarni Jónsson): Jeg skal svara þessari fyrirspurn svo, að nefndin orðaði þetta svona með ráðnum hug, að nefna aðflutningsgjöld, því að til þeirra heyrir vörutollurinn, og eru því vörurnar vitanlega undanþegnar honum. Undanþágan á sem sje að ná til allra aðflutningsgjalda.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg á hjer eina brtt. á þgskj. 444, sem jeg kem með til þess að færa upp styrkinn til Flensborgarskólans, úr 1000 kr. í 2000 kr. Á þessari tillögu stendur svo, að hagur skólans er nú ekki góður, og er þó alt sparað sem allra mest er mögulegt. Sjerstaklega verður að álíta það meinlegt, að skólastjórinn skuli ekki vera betur launaður en hann er. Það er alkunna, að það er mjög mikilhæfur maður, og ætti því að sýna honum sóma, svo að hann gæti stundað starf sitt með alúð. Jeg veit reyndar, að hann gerir það svo sem honum er mögulegt, en því síður er rjettlátt að sýna honum ekki einhverja viðurkenningu fyrir vel unnið starf. Jeg býst nú samt við, að þótt till. mín yrði samþykt, þá mundi það fje ekki renna til skólastjórans, en því fyr sem hagur skólans er bættur, því fyr verður mögulegt að launa hann sæmilega, og það skal jeg taka fram að lokum, að jeg álít, að landinu beri að taka skólann algerlega að sjer.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal að þessu sinni einungis minnast á eina brtt.

Það mun ekki vera ófyrirsynju, að gert er ráð fyrir skaðabótum til Brynjólfs Einarssonar. Ef það er rjett, sem mjer er sagt, að hann sje fullkominn öryrki, þá sýnist mjer, að skaðabæturnar megi ekki vera minni en 2000 kr., og miða jeg þar við þann styrk, sem sjómönnum ber, ef þeir slasast svo, að þeir verði ófærir til vinnu. Jeg segi þetta ekki til þess að mótmæla háttv. fjárveitinganefnd, heldur einungis sem bending til hennar, af því að komið hefir til orða, að rjett sje, að landssjóður bæti verkamönnum sínum slys, sem þeir verða fyrir í þjónustu hans, á sama hátt og eftir sömu reglum og sjómönnum.

Benedikt Sveinsson: Samgöngumálanefndin hefir komið með brtt. við þetta frv., á þgskj. 448. En það hafði komist inn ritvilla í brtt. fjárveitinganefndar við 3. gr. 5. b. Þar stendur nú »Sauðárkróki« í stað þess, að þar á að standa Akureyri. Frsm. fjárveitinganefndar (B. J.) lýsti yfir því við síðustu umr. þessa máls, að þetta væri ritvilla, en hæstv. forseti neitaði samt að leiðrjetta það. A þessari ritvillu stendur þannig, að það hafði komið til mála að veita sjerstakan styrk til vjelbátsferða milli Sauðárkróks og Akureyrar, og nefndin hefir nú átt í samningum við Þorstein Jónsson, kaupmann á Seyðisfirði, um að taka að sjer þær ferðir. Þessi maður hefir einnig tekið að sjer ferðirnar frá Akureyri og austur eftir, og þær ferðir eru þegar byrjaðar, en um þessar ferðir hefir þar á móti staðið í mesta stappi. Nefndinni þótti það nokkuð hátt að greiða fyrir þær 2000 kr. En sökum þess, að háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) er þetta mjög mikið áhugamál, og auk þess játar nefndin, að nokkur þörf muni að greiða fyrir samgöngum, einkum við Haganesvík, Hofsós og Kolkuós, þá gekk hún að því að lokum að greiða þessa upphæð. Það er gert ráð fyrir því, að í sumar verði farnar 3—4 ferðir. Hjer liggur fyrir brtt. á þgskj. 435, frá háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.), um að hækka styrkinn til ferðanna milli Akureyrar og Seyðisfjarðar um 2000 kr., eða úr 8 upp í 10 þús. kr., og láta jafnframt standa óbreytta ritvilluna »Sauðárkróks« fyrir Akureyrar. En þetta er röng aðferð. Um ferðirnar milli Akureyrar og Seyðisfjarðar er þegar samið að fullu, og á því verður engin breyting ger. Ef deildin vill veita fje til Sauðárkróksferðanna, þá er það eitt rjett að samþykkja till. samgöngumálanefndarinnar, leiðrjetta ritvilluna og veita síðan sjerstaka fjárhæð til þessara ferða.

Jeg vona, að hann taki þessa till. sína aftur, því að nú hefir hann haft fram allar sínar kröfur um samgöngur á Skagafirði, og þarf ekki að fleyta þeim á ritvillunni, sem slæddist af misskilningi inn í handrit frv. hjá háttv. ritara fjárveitinganefndarinnar.

Magnús Guðmundsson: Jeg er þakklátur háttv. samgöngumálanefnd fyrir það, að hún vill taka óskir Skagfirðinga um auknar samgöngur til greina. En mig greinir á við hana um það, að jeg vil ekki skifta ferðunum í tvent, ekki veita 8000 kr. til ferða milli Seyðisfjarðar og Siglufjarðar og svo aftur 2000 kr. til ferða milli Akureyrar og Sauðárkróks, heldur vil jeg láta endastöðvarnar vera Seyðisfjörð og Sauðárkrók. Við þessa tilhögun álít jeg sparast, því að báturinn þarf ekki að fara nema frá Siglufirði og til Sauðárkróks,

í stað þess, að annars þarf hann ætíð að koma alla leið frá Akureyri. Jeg hefi nú fengið fulla vissu fyrir því, að Þorsteinn kaupmaður Jónsson á Seyðisfirði gengur fúslega að þessu, en verði þessu ekki hagað þannig, þá er engin vissa fyrir, að báturinn komi nokkurn tíma til Skagafjarðar, því að maðurinn vildi ekki ganga að samningunum nema því að eins, að báturinn mætti fara beina leið frá Siglufirði, í stað Akureyri. En hugsi Þorsteinn til að fá sjerstakan bát til þessara ferða, þá er alt enn óvíst um, hvernig þeir útvegir ganga. Og vitaskuld er þetta »praktiskasta« tilhögunin.

Benedikt Sveinsson: Það er misskilningur hjá háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.), að það sje nokkru hagkvæmari sú tilhögun, sem hann vill hafa á ferðunum. Það hefir áður verið samið um ferðirnar milli Seyðisfjarðar og Akureyrar. Það þarf því sjerstaka samninga um ferðirnar milli Sauðárkróks og Akureyrar. Nefndin hefir vel athugað þetta mál. Hún hugði reyndar fyrst, að svo fremi, að Þorsteinn Jónsson tækist þessar ferðir á hendur og notaði til þeirra sama bátinn sem til austurferðanna, þá væri umsvifaminst að fara ferðirnar vestur sem útúrkrók frá Siglufirði, til þess að spara sjer að fara aftur út og inn Eyjafjörð. En nú hefir nefndin einmitt talað um það við Þorstein Jónsson, hverja tilhögunina hann kjósi heldur, og hefir hann svarað því, að hann vilji eins vel fara frá Akureyri eins og frá Siglufirði, og það hafi Skagfirðingar einnig kosið, enda muni það nauðsynlegt, því að ef skipið hafi mikinn flutning frá Akureyri til hafnanna austur, þá geti það ekki tekið flutning á vesturhafnirnar og verði því að fara þangað sjerstakar ferðir. Þetta fyrirkomulag er því ekki síður Skagfirðingum í hag. Hjer er ekki heldur um það að ræða að slíta sundur ferðirnar, heldur að semja um nýjar ferðir. En á þeim samningum mun engin fyrirstaða verða, eftir því samtali, sem jeg hefi átt við herra Þorstein Jónsson um þetta, fyrir hönd nefndarinnar.

Jeg vona nú, að till. nefndarinnar verði látin ganga fram, því að till. háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) er bygð á misskilningi.

Magnús Guðmundsson: Till. mín er ekki bygð á misskilningi. Það er alveg rjett hjá mjer, að ferðirnar eru slitnar sundur, ef farið verður eftir till. háttv. samgöngumálanefndar, og það lengir leiðina, ef báturinn verður að snúa við frá Siglufirði inn á Akureyri, til þess að mega fara þaðan til Sauðárkróks, og svo hlýtur þetta fyrirkomulag að verða miklu dýrara, því að verði mín till. samþ., sparast leiðin frá Siglufirði til Akureyrar, eins og áður er tekið fram. Það getur líka oft haft mikla þýðingu fyrir Skagfirðinga, að báturinn komi við á Siglufirði. Jeg tek það fram, að till. mín er miklu betri en háttv. samgöngumálanefndar, og vona jeg, að háttv. deild samþykki hana, en felli hina.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Hæstv. forsætisráðherra var að tala um bæturnar til Brynjólfs verkstjóra Einarssonar. Jeg skal ekki svara öðru fyrir hönd nefndarinnar en að hún skoðaði þessa fjárveitingu ekki sem skaðabætur, heldur sem styrk. Annars er jeg, fyrir mitt leyti, sammála hæstv. forsætisráðherra um þetta, og skal leggja með því, að nefndin athugi þetta til 3. umr., ef stjórnin óskar eftir því.

Um deiluna á milli háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) og háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) er það að segja, að hún er

einkennileg að því leyti, að þeir eru alveg sammála, og verður það því vandi að vita, hvorum ber að fylgja. Annars skal jeg taka það fram, að á þgskj. 448 er prentvilla. Þar stendur c. III, 10., en á víst að vera C. III, 10.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg vil að eins geta þess, út af deilunni um Skagafjarðarbátinn, að úr því að sami styrkur er veittur, þá er óneitanlega »praktiskast« að láta hann fara lengri leiðina. Því að ef ferðunum verður skift í sundur, þá legst umskipunarkostnaður á vörurnar. Þetta ætti því að vera hagnaður fyrir alla hlutaðeigendur.

ATKVGR.

Brtt. 466. feld með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. M., J. B., P. Þ., St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. K., E. A., G. Sv., Ó. B.

nei: J. J., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., S. S., Sv. Ó., Þór. J., B. Sv., E. Árna., E. J.

Tveir þm. (B. St. og H. K.) voru fjarstaddir.

Brtt. 448, 1. samþ. án atkvgr., með þeim fyrirvara, að brtt. 448, 2. verði samþ.
— 435. feld með 12:2 atkv.
— 448, 2. samþ. í e.hlj.
— 447, 1. — - - —
— 444. feld með 12:10 atkv.
— 447, 2. samþ. með 12:3 atkv.
— 447, 3. a. — — 13:6 —
— 447, 3. b. — í e.hlj.
— 474. — - - —

Frv., svo breytt, samþ. í e.hlj. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., fimtudaginn 16. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1916 og 1917,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 484).

Á 34. fundi í Ed., laugardaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að málinu verði vísað til fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e.hlj., og til fjárveitinganefndar (sjá A, bls. 1603) í e.hlj.

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 28. ágúst, var frv. tekið til 2 umr.
(A. 484, n. 617, 633, 662).

Leitað var afbrigða um brtt. 662., sem kom ofseint fram.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Framsm. (Eggert Pálsson): Jeg býst ekki við, að mörgum orðum þurfi að fara um útgjaldaliðina á upphaflega frv., sem hæstv. stjórn lagði fyrir þingið. Jeg geri ráð fyrir, að háttv. þingdm. hafi kynt sjer það, ásamt athugasemdum þeim, er því fylgdu. Þeim liðum þarf því ekki að fylgja löng greinargerð frá nefndarinnar hendi.

Sama er að segja um þá liði, sem bætt var inn í frv. í háttv. Nd. Háttv. fjárveitinganefnd þar hefir gert grein fyrir þeim, á þgskj. 296, og býst jeg við því, að háttv. þingdm. sje kunnugt það, sem þar stendur.

Það, sem skýra þarf, er því að eins breytingar þær, sem fjárveitinganefnd Ed. hefir gert á frv., og er að nokkru gerð grein fyrir þeim á þgskj. 617.

Ef vjer athugum brtt. fjárveitinganefndar á þgskj. 617, sjáum vjer, að hækkanirnar nema samtals 8500 kr., ef reiknuð er með viðbótin til Brynjólfs Einarssonar, sem ætlast er til að greidd verði af símafje. En lækkanirnar, sem eru tveir liðir, 5000 kr. til Þórhalls Daníelssonar, í stað 7000 kr., og 22921 kr. 50 au. í dýrtíðaruppbót til pósta, í stað 23865 kr. 98 au., nema samtals 2944 kr. 50 au. Niðurstaðan verður þá sú, að hinar eiginlegu hækkanir nefndarinnar nema samtals 5555 kr. 50 au.

Aðalhækkunin, sem nefndin fer fram á, er til sjúkraskýla. Fjárveitinganefnd Nd. hafði að vísu hækkað styrkinn til þeirra fyrir árin 1916 og 1917. En er fjárveitinganefnd Ed. athugaði málið, komst hún að þeirri niðurstöðu, að þessi fjárveiting væri ekki nægilega mikil. Fyrir nefndinni lágu sárar kvartanir frá stjórnarnefndum ýmsra sjúkraskýla utan af landi, t. d. frá sýslumanninum og sýslunefndinni í Strandasýslu, stjórnarnefnd sjúkraskýlisins Gudmanns Minde á Akureyri, bæjarfógeta Seyðisfjarðar, sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu, hjeraðslækninum í Vopnafirði og sýslumanni og sýslunefnd í Barðastrandarsýslu, og þar var svo aumlega borið sig, að farið var fram á 1500 kr. hækkun fyrir árið 1916 og 2500 kr. fyrir árið 1917; en nefndinni datt auðvitað ekki í hug að miða hækkunina við þessa kröfu, enda mundi fjeð, sem hún leggur til að veitt verði til þessara stofnana, skamt hafa hrokkið með þeim mælikvarða. En þetta sýnir samt, hversu hagur sjúkraskýlanna er víða bágborinn. Nefndin kannast við, að ekki veitti af í raun og veru að tvöfalda tillagið, til þess að afstýra vandræðum og koma í veg fyrir, að taka þyrfti til þess örþrifaráðs að loka sjúkraskýlunum.

Þá hefir nefndin bætt einum lið við 4. gr., sem sje 600 kr. til handavinnunáms á Akureyri. Fyrir þessari veitingu er gerð glögg grein í nefndarálitinu, og þarf því litlu við hana að bæta. En svo stendur á þessari fjárveitingu, að námsskeiðið, sem um er að ræða, hefir verið haldið, en forstöðukonan get ur ekki fengið þann 600 kr. styrk, sem hún hefir haft að undanförnu af tillagi til unglingaskóla. Endurskoðunarmenn landsreikninganna þvertaka fyrir, að styrkurinn sje greiddur af fje því, er unglingaskólunum er ætlað. En ef ekki verður greitt úr þessu, mundi forstöðukonan tapa þessum 600 kr., því að þegar hún lagði út í að halda námsskeið síðastliðinn vetur, hefir hún treyst á styrkinn, sem hún hefir haft að undanförnu.

Þá er þriðja hækkunin, 3000 kr. til bókasafns Austurlands, til þess að kaupa bækur Ásgeirs heitins Torfasonar.

Eins og háttv. þm. er kunnugt af skrá, er lögð hefir verið fram á lestrarsal, er þetta töluvert mikið safn og þar að auki mjög vel umgengið. Bandið á bókunum er ágætt, mörgum hverjum, enda er svo til ætlast, að þær verði ekki ljeðar út af safninu, heldur að eins hafðar til afnota á lestrarsal. Kaupin mega heita góð, en eftir er að vita, hvort háttv. deild vill láta bókasafn Austurlands verða aðnjótandi safnsins, fremur en önnur söfn.

Fjórða hækkunin er 700 kr. til Brynjólfs Einarssonar. Þessi maður slasaðist í þjónustu símans í mars í fyrra. Hann var uppi í símastaur við símalagningu, en símþráður slóst á hann, svo að hann fjell niður úr staurnum og varð hart leikinn. Áður hafði hann verið veill, en sá lasleiki ágerðist við byltuna, og hefir hann ekki mátt vinna síðan, að áliti lækna. Þegar hann sótti um styrkinn 28. júní í vor, hafði hann fengið 300 kr. styrk af landssjóðsfje, en nú sækir hann um frekari styrk. Og þeg-

ar hann sækir um þennan styrk, er heilsufar hans þannig, að útlit er fyrir, að hann verði aldrei heill heilsu aftur, og líkur til, að sjúkdómurinn dragi hann til dauða. Fjárveitinganefnd Nd. hefir lagt til, að honum yrðu veittar 1000 kr., en fjárveitinganefnd Ed. fanst rjett að miða styrkinn við slysatryggingarfrumvarpið, sem verið hefir til umræðu hjer í deildinni; því að ef þetta frv. hefði verið orðið að lögum, þegar slysið vildi til, mundi hann hafa fengið þessa fjárhæð.

Þá fer nefndin fram á 2000 kr. lækkun á styrk til Þórhalls kaupmanns Daníelssonar í Hornafirði. 24. nóvember 1916 hefir kaupmaður þessi sótt um 10 þús. kr. styrk til stjórnarinnar, fyrir að halda uppi samgöngum við Hornafjörð, og telst honum svo til, að samgöngurnar hafi kostað 21 þús. kr. Stjórninni hefir fundist sanngjarnt, að Þórhalli yrði veitt einhver uppbót á þessum halla. Hann segir sjálfur, að áður en stríðið hófst hafi vöruflutningar til verslunarinnar kostað sig að jafnaði 7 þús. kr. á ári, en nú hafi þessi kostnaður numið 21 þús. kr. Ef honum yrðu veittar 10 þús. kr., eins og hann fer fram á, mundu honum vöruflutningarnir ekki miklu dýrari nú en á venjulegum tímum, 11 þús. kr., í stað 7 þúsunda kr. En sá munur gæti varla náð nokkurri átt, því að allir flutningar fyrir kaupmenn hafa gert meira en tvöfaldast.

Nefndin áleit því sæmilegt að veita helming þeirrar fjárhæðar, sem kaupmaðurinn fer fram á, eða 5000 kr. Og sú skoðun kom meira að segja fram í nefndinni, eins og sjá má af þgskj. 662, að Þórhallur ætti ekki tilkall til neinnar uppbótar, með því að hann hefði lagt flutningskostnaðinn á vörurnar, eins og aðrir kaupmenn. Annars býst jeg við, að meðnefndarm. minn (K. E.) geri grein fyrir brtt. sinni, og ef hann sýnir fram á, að rjett sje að fella þennan lið burt, finst mjer það mæla heldur með því, að rjett sje að lækka hann, eins og farið er fram á á þgskj. 617.

Þá er sú brtt. frá háttv. þm. Snæf. (H. St.), á þgskj. 633, að styrkurinn til Breiðafjarðarbátsins sje hækkaður úr 4000 kr. upp í 5000 kr. Þessi háttv. þm. mun hafa fært rök fyrir því í samgöngumálanefndinni, að nauðsyn væri á að hækka styrkinn upp í 6000 kr., en nú fer hann að eins fram á 1000 kr. hækkun. Fjárveitinganefndin hefir athugað þessa styrkbeiðni og verið einróma um nauðsynina á hækkun styrksins.

Karl Einarsson: Eins og brtt. á þgskj. 662 ber með sjer hefi jeg ekki getað orðið nefndinni að öllu leyti samfara. Okkur hefir ekki komið saman um styrkveitinguna til Þórhalls Daníelssonar.

Jeg fæ ekki sjeð, að venjulegt sje að greiða fje úr landssjóði á þennan hátt. Jeg skal að vísu játa, að erfitt er um flutninga til Hornafjarðar; en þá lægi næst, að stjórnin hefði heitið þeim manni fje, sem vildi annast samgöngur við Hornafjörð, og væri þá auðvitað sjálfsagt að samþykkja kostnaðinn, því að þá vissu menn, að hverju þeir ættu að ganga, enda væri kostnaðurinn þá ekki lagður á vörurnar. En það hefir Þórhallur auðvitað gert.

Jeg sje þess vegna ekki, að nokkur sanngirni mæli með því að veita þessum manni styrk, enda álít jeg slíkt skaðlegt fordæmi.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg skal geta þess, í sambandi við ræðu háttv. þm. Vestm. (K. E.), að Þórhallur Daníelsson skýrði samgöngumálanefndinni frá því, að hann hefði farið fram á það við stjórnina, að hún sæi um sam-

göngur við Hornafjörð, og að hún hefði tekið þessari umleitan sinni vel, en samt hefði þetta ekki lánast fyrir henni, þegar til kom.

En þegar útsjeð var um, að stjórnin gæti nokkuð gert í þessu efni, dreif Þórhallur sig til, með miklum dugnaði, og útvegaði skip til þess að annast samgöngurnar á sinn kostnað. Þannig tókst honum að afstýra þeim vandræðum, sem yfir sýslunni vofðu vegna samgönguleysis. Það sannaðist líka í samgöngumálanefndinni, að vörur höfðu verið seldar með sama verði á Hornafirði og á Djúpavogi. Það votta þm. Austur-Skaftfellinga og þm. Sunnmýlinga. Og samgöngumálanefndin komst að þeirri niðurstöðu, að tapið, sem Þórhallur hafi beðið, með því að kosta samgöngurnar, hafi numið um 10,000 kr. Nefndin lagði til, að um $^2/_3$ tapsins skyldi endurgreitt úr landssjóði. En nú hefir meiri hluti fjárveitinganefndar lagt til, að Þórhalli skuli greiddar 5000 kr., en það nemur ekki nema helmingi tapsins. Og jeg get ekki trúað, að hv. deild vilji hafa þessar skaðabætur lægri, einkum þegar þess er gætt, að kaupmaður beið skaðann af því að birgja upp eina sýslu landsins að nauðsynjavörum, úr því að landsstjórninni gat ekki tekist það.

Halldór Steinsson: Jeg á brtt. á þgskj. 633, sem fer í þá átt, að styrkurinn til Breiðafjarðarbátsins verði hækkaður um 1000 kr.

Tilefnið til þessarar fjárveitingar er, að stjórn Breiðafjarðarbátsins fór fram á það við þingið, að veittar yrðu 6000 kr. í aukafjárlögunum til bátsins, aðallega vegna þess, að fjelagið hafði tapað á ferðunum þetta ár. En þetta tap stafaði af því, að báturinn var látinn halda uppi ferðum yfir veturinn, til þess að bæta úr samgönguleysinu; en á vetrarferðunum skaðaðist fjelagið mest.

Jeg sá mjer ekki fært að fá styrkinn hækkaðan upp í 6000 kr., eins og farið var fram á í fyrstu, en vildi heldur fara meðalveginn, og fór því fram á 5000 kr. Jeg vonast því til að háttv. deild taki vel þessari beiðni, því að fylsta sanngirni virðist vera í því, að fjelaginu sje að einhverju leyti bættur sá halli, er það hafði af því að halda uppi vetrarferðum, sem það bar engin skylda til. Loks skal jeg þakka háttv. fjárveitinganefnd það, hversu vel hún hefir tekið beiðninni, og álít jeg, að jeg þurfi ekki að fjölyrða frekar um þetta mál.

Karl Einarsson: Háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) gat þess, að vitnast hefði í samgöngumálanefndinni, að Þórhallur Daníelsson hefði beðið 10,000 kr. skaða af að halda uppi samgöngum við Hornafjörð.

Jeg gat þess í ræðu minni áðan, að Þórhallur hafi hlotið að leggja þennan samgöngukostnað á vörur sínar, og nú skal jeg leyfa mjer að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, verðskrá yfir helstu vörutegundir, sem kaupmaður þessi seldi sumarið 1916. Verðskrá þessi er gefin af honum sjálfum, og hljóðar þannig:

Rúgmjöl . . .	pr. 100 kg.			37,00 kr.
Rúgur	—	—	—	36,00 —
Risgrjón . . .	—	—	—	54,00 —
Bankabygg . .	—	—	—	52,00 —
Hafragrjón . .	—	—	—	58,00 —
Hveiti nr. 1 . .	—	—	—	54,00 —
Maísmjöl . . .	—	—	—	30,00 —
Hafrar	—	—	—	32,00 —
Kaffi	—	1	—	1,90 —
Export	—	—	—	1,30 —
Melís, högginn .	—	—	—	0,94 —
— í toppum .	—	—	—	0,90 —

Melís, steyttur . . .	pr. kg.	0,88 kr.
Kol pr. tonn		95,00 —
Salt — —		95,00 —
Steinolía kg. 0,46 tunnan . .		60,00 —
Sementstunnan		20,00 —

Ef vjer berum nú þetta verð saman við verð á sömu vörutegundum hjer sunnanlands á sama tíma, sjáum vjer, að verðið hjá Þórhalli er svo miklu hærra, að hann hefir hlotið að fá venjulegan verslunararð með þeirri verðhækkun, sem hann hefir lagt á vörurnar, og meira en það, flutningskostnaðinn líka. Sumar vörutegundir eru þriðjungi dýrari en þær voru þá hjer syðra.

Jeg get þess vegna ekki sjeð, að nokkur sanngirni mæli með því, að Þórhalli sje veittur þessi styrkur. Annars skal jeg ekki þrátta frekar um þetta mál. Ef háttv. deild sjer sjer fært að greiða þennan styrk, mun það verða gert.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg sje, að háttv. fjárveitinganefnd hefir ekki gert margar breytingar á frv., frá því sem það var, er það fór úr Nd., og mjer finst, að jeg geti verið henni sammála um flestar breytingar hennar.

Ein hækkunin, sem nefndin leggur til, fer í þá átt að hækka styrk til sjúkraskýla. Það er auðsætt mál, að þennan styrk verður að hækka, ef sjúkraskýlin eiga á annað borð að geta haldið áfram starfsemi sinni. Og þetta er svo mikilsvarðandi mál, að ekki gæti náð nokkurri átt að loka sjúkraskýlum, þótt skólum yrði t. d. lokað.

Um veitinguna til handavinnunámsskeiðsins á Akureyri er það að segja, að námsskeið þetta hefir verið ákaflega vinsælt og borið góðan árangur, að vitnisburði þeirra, er til þess þekkja, og á það því þennan styrk skilið.

Hið sama er að segja um styrkinn til Brynjólfs Einarssonar. Eins og háttv. frsm. (E. P.) tók fram hefði hann fengið eins miklar skaðabætur og farið er fram á í brtt. fjárveitinganefndar Ed., ef slysatryggingarlög fyrir starfsmenn í þjónustu landsins hefðu verið gengin í gildi, þegar slysið vildi til.

Einnig ætla jeg mjer að greiða atkvæði með fjárveitingunni til bókasafns Austurlands. Þetta bókasafn er eitthvert yngsta bókasafnið á landinu, og hefir ekki legið þungt á landssjóði.

Þá kem jeg að styrkveitingunum til strandferðanna, sem sje Breiðafjarðarbátsins og Hornafjarðarbátsins.

Eins og öllum er kunnugt lögðust strandferðirnar niður að miklu leyti síðastliðinn vetur, og varð þá að bjargast við þann farkost til strandferða, sem völ var á, en það voru helst smábátar. Þannig var ástatt um Breiðafjörð, að þangað höfðu ekki komið vörur um langan tíma.

En við að koma vörunum til Hornafjarðar get jeg sagt, að það mál var mikið skýrt fyrir stjórnarráðinu, þegar farið var fram á aukafjárveitingu í þessu skyni. Eftir þeim skjölum, sem lágu fyrir og því, sem stjórnarráðið fjekk þá að vita um verðlag á vörum, þótti því sanngjarnt, að maðurinn fengi einhvern styrk.

Jeg vil ekki blanda mjer neitt inn í það, sem háttv. þm. Vestm. (K. E.) sagði, að vörurnar hefðu verið miklu dýrari en við hefði mátt búast. En eftir þeim skilríkjum, sem fyrir lágu í vetur, þótti rjett að veita styrkinn.

Guðjón Guðlaugsson: Það er vegna brtt. á þgskj. 633, sem jeg stend upp, og líka vegna annarar, á þgskj. 662. Það stendur nokkuð ólíkt á með þessar brtt. Hvað snertir brtt. á þgskj. 633, um aukna borgun til Breiðafjarðarbátsins fyrir unnið starf, þá finst mjer gild ástæða til þess að samþykkja þessa

breytingu. Það varð ofan á í sameiginlegri samgöngumálanefnd þingsins að greiða að eins 4000 krónur; kom það til af því, að í nefndinni voru nokkrir menn, er mæltu mjög í móti þessari greiðslu; sjerstaklega var einn, sem fór fram á að færa hana niður fyrir rjett takmörk, og þá vill maður reyna að miðla málum, eins og hægt er. En eftir að jeg hefi talað við menn frá Breiðafirði, t. d. einn mann úr stjórn bátsins, sem nú er staddur hjer, þá verð jeg að álíta, að 5000 kr. sje rjettara en 4000 kr., því að 6000 kr. hefði ekki verið ofmikið fyrir það, sem báturinn hefir leyst af hendi ótilknúður. En auðvitað er ekki nema rjett að spara fje landssjóðs, og því get jeg verið með því, að hjer sje farið dálítið niður. Menn verða að athuga það, að ástandið í vetur var alls ekki gott, og því mjög þakkarvert, að fjelagið tókst á hendur að bæta úr því, án nokkurrar vissu um að bera það úr býtum fyrir verkið, sem það átti skilið. Hvernig hefði farið, ef Breiðfirðingar hefðu ekki haft bát? Þeir hefðu liðið talsverðan skort, og ef ekki hefði verið bætt úr samgönguvandræðunum, þá hefðu þeir ef til vill beðið óbætanlegt tjón af því að hafa engar samgöngur, og því er eðlilegt, að stjórn og þing sjái það við menn, sem gera slíkt ótilkvaddir, eins þótt það verði eftir á.

Brtt. á þgskj. 662 fer alveg í gagnstæða átt. Hún fer fram á, að fjárupphæðin til Þórhalls Daníelssonar, kaupmanns á Hornafirði, sje numin burt. Jeg álít það algerðar öfgar og verð að segja það, að jeg get ekki greitt henni atkvæði, vildi helst, að það stæði alveg óhaggað, sem er í frv. sjálfu. Jeg get því ekki greitt atkvæði með brtt. nefndarinnar, fyr en jeg sje, að þess þarf endilega með, eða fyr en jeg sje, að þess þarf til þess að komast ekki í annað verra, nefnilega brtt. á þgskj. 662. Kaupmaður þessi hefir haldið uppi samgöngum við þennan stað, sem stjórnin sá sjer ekki fært að gera neitt fyrir. Háttv. þingm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) tók fram, að þess hefði verið getið, að verðlag á vörum í Hornafirði hefði ekki verið hærra, heldur í mörgum greinum fult eins gott og á Djúpavogi, sem er þar nokkru austar, og eru strandferðir þangað styrktar af almannafje.

Um það, sem háttv. þm. Vestm. (K. E.) tók fram, að verðmunur hefði verið við það, sem hjer er sunnanlands, þá verður að gæta þess, að þar er alt annað verslunarlag en hjer; að minsta kosti verð jeg að segja það að því er snertir verslun hjer í Reykjavík; hjer þekkist varla annað en peningaverslun, nefnilega gegn peningum út í hönd, eða þá mánaðarborgun að minsta kosti. Ef á að fara að bera saman verðlag á vörum þar sem rótgróin lánsverslun á sjer stað, að eins borgað í sumar- og haustkauptíð, þá er það augljóst, að ekki er hægt að halda sama verðlagi og þar, sem alt er borgað út í hönd. Heima hjá mjer veit jeg til þess, að bændur, sem gætu borgað út í hönd ef þeir vildu, gera það ekki, af því að þetta verslunarlag er orðið svo rótgróið. Þeir eru farnir að hafa það þannig, að þegar þeir eiga inni í versluninni við nýár, þá taka þeir innieign sína og leggja hana í sparisjóðinn; vilja heldur ávaxta peninga sína þar heldur en að láta þá liggja heima hjá sjer og hafa þá til vara, þegar þeir næst þurfa að grípa til þeirra. Því verður það, að þegar eitt sinn er búið að lána, þá er láninu altaf haldið áfram — framlengt — á þessum stöðum, og þannig getur lánið varað svo að tugum ára skifti, jafnvel upp á lífstíð.

Framsm. (Eggert Pálsson): Jeg hefi ekki miklu að svara. Jeg held, að till. nefndarinnar hafi mætt fremur góðum undirtektum, nema ef vera kynni í ræðu háttv. 4. landsk. þm. (G. G.), þar sem hann gat þess, að hann vildi helst ekki lækka neitt styrkinn til Þórhalls kaupmanns Daníelssonar, en aðallega gekk sú ræða hans í móti ræðu háttv. þm. Vestm. (K. E.); myndi hann hafa svarað þeirri ræðu, ef hann væri ekki »dauður«, og því óheppilegt, að háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) skyldi ekki hafa haldið þessa ræðu sína áður en háttv. þm. Vestm. (K. E.) »dó«. Þótt jeg hafi ekki fylgst með háttv. þm. Vestm. (K. E.) um brtt. hans, þá finst mjer jeg skilja ósköp vel skoðun hans, því að þess er að gæta, að krafa Þórhalls kaupmanns Daníelssonar kemur svo að segja ekki fyr en eftir dúk og disk. Það er 24. nóv., sem hann fer fram á að fá þóknun fyrir að hafa annast aðflutninga til Hornafjarðar. Ef hjer hefði verið farið að eins og venja er til, þá hefði hann átt að semja við stjórnina um þessa flutninga. Mjer finst jeg því skilja vel þá skoðun háttv. þm. Vestm. (K. E.), að ekki eigi að veita styrkinn eftir að menn á eigin ábyrgð hafa ráðist í slíkar framkvæmdir. Enn fremur má benda á eitt, sem háttv. þm. (K. E.) gerði ekki. Hann las upp verðlag á vörum á Höfn í Hornafirði í kauptíð 1916, en sumar vörutegundir hafa stigið afarmikið eftir þann tíma, og það eru vitanlega vörur, sem hafa verið keyptar inn áður en verð fór að stiga; t. d. er verð á rúgmjöli í kauptíð 1916 kr. 37,00, en er í janúar komið upp í kr. 43,00, og rúgur kominn úr kr. 36,00 upp í kr. 43,00 pr. 100 kíló, og ýmsar fleiri vörutegundir, sem dálítið hafa stigið. Þetta er því hreint og beint fundið fje fyrir kaupmanninn, því að hann hefir ekki getað flutt inn vörur seinni hluta sumars eða haustið 1916, eftir því sem hjer til hagar. En sem sagt skal jeg ekki vera neitt að berjast fyrir þessari brtt. hv. þm. Vestm. (K. E.); jeg vildi að eins geta þessa af því, að háttv. þm. (K. E.) er fallinn frá.

Jeg hefi ekkert sjerstakt að athuga frá nefndarinnar hálfu, af því að brtt. hennar hafa ekki mætt neinum andblæstri. Jeg vil að eins taka það fram, að jeg tel það nauðsynlegt, er til atkvæðagreiðslu kemur, að bera fyrst upp brtt. á þgsk. 662, því að tilgangur hennar er annar en 4. brtt. nefndarinnar. Tilgangur brtt. á þgskj. 662 er sá, að liðurinn falli alveg burt, en í hinni sá að flytja hann að eins til. Þess vegna er rjettast að bera fyrst upp brtt. á þgskj. 662.

Magnús Torfason: Það er að eins fyrirspurn til stjórnarinnar, sem jeg vildi gera. Á síðastliðnu vori gat sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu ekki fengið neinn bát til að ganga um Djúpið fyrir 5000 kr. á ári. Það var símað til stjórnarráðsins um þetta, og það símaði aftur til okkar, að það myndi leggja til, að styrkurinn yrði 6000 kr. þetta ár, og svo gerði sýslunefndin samning við bátseiganda eftir þessu. Nú lít jeg svo á, að þetta eigi að koma í fjáraukalögum nú, en jeg sje, að það hefir ekki verið gert. Jeg vildi því hafa orð á þessu nú, stjórninni og fjáraukalaganefndinni til athugunar til næstu umræðu.

Annars verð jeg að segja það, að það gleður mig, að fleiri þm. en jeg líta svo á, að ekki sje rjett að leggjast á mál eftir að flutnm. þeirra eru »dauðir«. Jeg vil undirstrika það!

Magnús Kristjánsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka til máls að þessu sinni, því að mjer fanst háttv. framsm. (E. P.) skýra svo vel till. nefndarinnar. En hins vegar kom mjer það dálítið undarlega fyrir, þegar hann fór heldur að leggja liðsyrði brtt. á þgskj. 662. Jeg áleit, að hv. fim. till. (K. E.) mundi ekki taka sjer það neitt sjerlega nærri, þótt hún yrði feld; jeg geri ráð fyrir, að hann hafi búist við því, að hún næði aldrei fram að ganga. Jeg vil taka það fram, að jeg er algerlega sammála háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) um það, að ekki geti komið til mála að lækka þessa viðurkenningu fyrir sjerstakan dugnað í að bjarga einu hjeraði frá stórvandræðum, þar sem stjórnin sá sjer ekki fært að útvega þangað flutningatæki. Það er líka annað, sem gerir það, að jeg teldi það dálítið misráðið hjá þessari háttv. deild að fella þetta algerlega niður. Það er það, að miklar líkur hafa verið færðar fyrir því, að maðurinn hafi orðið að greiða úr eigin vasa 10,000 kr., og þar sem háttv. samgöngumálanefndir hafa fallist á hærri fjárupphæð, og fjárveitinganefnd háttv. Nd. hefir einnig fallist á þá skoðun, þá virðist mjer þessi hv. deild muni taka sjer fullmikið vald með því að fella alveg niður þennan styrk, ekki hærri en hann nú er orðinn. Jeg geri því ráð fyrir, að það verði ekki gert. Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta; jeg vildi að eins lýsa yfir skoðun minni af því, að jeg var dálítið við málið riðinn í nefndinni, og af því, að jeg áleit, að þetta væri líklegast til þess að ná fram að ganga.

Loks vildi jeg nefna þennan litla styrk til handavinnunámsskeiðs kvenna á Akureyri, en jeg þarf ekki að fjölyrða neitt um hann, vegna þess, að hv. framsm. (E. P.) hefir skýrt svo nákvæmlega frá, hvernig á því stendur, að nauðsynlegt er að taka hann hjer upp, og enn fremur hefir hæstv. atvinnumálaráðherra lagt honum liðsyrði. Að eins vil jeg benda á, að það gæti verið tilfinnanlegt fyrir forstöðukonuna, ef hún ætti að borga úr sínum vasa þessar 600 kr., svo að jeg treysti því, að þessi till. nefndarinnar, eins og reyndar allar till. hennar, nái fram að ganga.

ATKVGR.

1. gr., með þeim breytingum, er á verða hinum greinum frv., samþ. í e. hlj.

Brtt. 617, 1. samþ. í e.hlj.
— 617, 2. — án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. í e.hlj.

Brtt. 617, 3. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 633. — — 12 — —
— 662. feld — 8:1 — —
— 617, 4. samþ. — 10 — —
— 617, 5. — — 13 — —
— 617, 6. — — 10:4 — —

3. gr., svo breytt, samþ. í e.hlj.

Brtt. 617, 7. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 617, 8. — — 12 — —

4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 617, 9. samþ. með 11 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. í e.hlj.

6. og 7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 617, 10. samþ. í e.hlj.

8. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

9. gr. samþ. í e.hlj.

Brtt. 617, 11. samþ. í e.hlj.
— 617, 12. — með 12 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e.hlj.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 31. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 682, 709, 728, 730).

Frsm. (Eggert Pálsson): Nú liggja að eins fyrir 3 brtt. við frv. Ein þeirra er frá fjárveitinganefnd, en hinar 2 eru frá einstökum þingmönnum. Brtt. á þgskj. 728, frá fjárveitinganefnd, er viðbót við 10. gr. frv. og fer fram á, að stjórninni sje heimilt að láta leggja símalínu frá Borgarnesi að Svignaskarði á þessu ári. Fjárveitinganefnd er skýrt svo frá, að símalína þessi sje mjög nauðsynleg, sjerstaklega fyrir ferðamenn, er koma að austan og vestan. Hins vegar hefir nefndin fengið upplýsingar um það, að ekki þurfi nýrrar fjárveitingar til þessarar línu, þar sem talsvert af efninu er þegar fyrir hendi. Það þarf að eins heimild fyrir stjórnina til þess að leggja línuna nú á þessu sumri. — Lína þessi yrði 19 km. að lengd. Á 10 km. svæði fellur hún saman við línuna frá Borgarnesi að Grund, og þarf þá að eins þráð á þeim kafla.

En frá því að línan að Grund beygir til suðurs er hin fyrirhugaða símalína 9 km., og þarf á því svæði bæði staura og þráð. En nú mun vera til eitthvað af staurum, sem nota má á þessum kafla. Hygg jeg því, að hjer geti ekki verið um neinn stórvægilegan fjáraustur að ræða. Ef kaupa þyrfti alt efni til línunnar, mundi hún að vísu kosta 9000 kr., en þar sem mikið af efninu er fyrir hendi, verður kostnaðurinn ekki tilfinnanlegur. Nefndinni fanst því rjett að veita stjórninni þessa heimild, þar sem mikil þörf er á línunni, sjerstaklega vegna ferðamanna, eins og jeg tók áður fram. Hve mikil nauðsyn hjeraðsbúum er á henni skal jeg láta ósagt, brestur kunnugleika til að geta um það dæmt.

Þá er brtt. á þgskj. 709., frá háttv. þm. Ísaf. (M. T.). Hún fer fram á að bæta 1000 kr. við styrkinn til bátaferða á Ísafjarðardjúpi. Nefndin hefir fengið upplýsingar um það milli 2. og 3. umr. þessa máls, að sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hafi á síðastliðnu vori samið við eiganda Djúpbátsins um 6000 kr. styrk fyrir ferðirnar. Í gildandi fjárlögum eru að eins veittar 5000 kr. til þessara ferða. Vantar þá 1000 kr. til þess, að sýslunefndin geti staðið í skilum. Þetta hefir háttv. þm. Ísaf. (M. T.) upplýst fyrir nefndinni, og hefir stjórnin viðurkent, að það sje rjett. Vill því nefndin ljá þessari till. fylgi sitt.

Öðru máli er að gegna um till. háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) á þgskj. 730. Sú brtt. fer fram á að hækka styrkinn til Flensborgarskólans um helming. Eins og menn sjá eru honum ætlaðar 1000 kr. í frv. Í hinu upprunalega frv. stjórnarinnar var gert ráð fyrir 3000 kr. styrk til skólans, en liðurinn var lækkaður niður í 1000 kr. í háttv. Nd. Till. um að hækka styrkinn aftur var feld í háttv. Nd. Fjárveitinganefnd hefir nú látið upphæðina standa óbreytta, eins og Nd. gekk frá henni. Nefndinni sem heild finst ekki ástæða til að breyta henni. Henni finst styrkurinn, sem samþyktur var í Nd., sanngjarn og í samræmi við styrk til annara skóla. Ef styrkurinn til þessa skóla yrði aftur

hækkaður um 1000 kr., væri það ósanngjarnt gagnvart hinum 2 skólunum, sem eru hliðstæðir þessum. Þessi skóli virðist ekki verða svo illa úti í fjárveitingum. Því nær öll gjöld hans eru greidd úr landssjóði, og í fjárlagafrv. nú eru honum ætlaðar 8500 kr., í stað 7000 kr. í gildandi fjárlögum. Sú fjárveiting hefir fengið að standa í háttv. Nd., og geri jeg ráð fyrir, að hún standi einnig hjer í háttv. deild. Virðist skólinn því ekki afskiftur, þótt þessi hækkun verði ekki samþykt. Hins vegar hefir nefndin ekki gert nein samtök um að fella þessa brtt. Atkvæði nefndarmanna um hana eru óbundin, þótt nefndin sem heild vilji ekki mæla með henni, af þessum ástæðum, sem jeg nú hefi tekið fram.

Kristinn Daníelsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. á þgskj. 730, um lítið eitt aukinn styrk til Flensborgarskólans, og vil jeg í stuttu máli færa rök fyrir þörfinni á því.

Jeg vil þá fyrst geta þess, að stjórnin hafði, eftir umsókn frá skólanefndinni, áætlað, að skólinn þyrfti 3000 kr. fjárveitingar, í viðbót við fje það, sem honum er veitt í gildandi fjárlögum. En, eins og háttv. frsm. (E. P.) tók fram, tókst svo óheppilega til í háttv. Nd., að styrkurinn var lækkaður niður í 1000 kr., þrátt fyrir brýna þörf. Var sú lækkun þó að eins samþykt með 1 eða 2 atkv. meiri hluta. Vona jeg nú, að háttv. deild bæti úr þessu, þar sem jeg fer þann meðalveg, að skólanum verði bætt þessi lækkun að hálfu leyti. Í þessari dýrtíð er eðlilegt, að fjárveitingin 1915, fyrir árin 1916 og 1917, hafi ekki hrokkið til, enda kom það í ljós í árslok 1916, að tekjuhallinn á því ári var um 2660 kr. Reikningurinn fyrir þetta ár er að vísu ekki fullger, en menn vita, að tekjuhallinn á honum verður yfir 1000 kr. Tekjuhallinn á þessu fjárhagstímabili er þá orðinn 3660 kr., þrátt fyrir það, að skólanefndin neyddist til að neita kennurum skólans um lítils háttar launahækkun, sem þó var brýn nauðsyn á að þeir fengju. Skólastjórinn hefir sem sje að eins 1700 kr. árslaun og kennararnir 1400 kr. og 900 kr. laun. Lengra skal jeg ekki rekja fjárhag skólans, en að eins geta þess, að skólanefndin hefir því að eins getað klofið útgjöldin, að einstakir menn tækju á sig lánsábyrgð fyrir skólann.

Um verðleika skólans þarf jeg ekki að fjölyrða. Hann er besti og fullkomnasti alþýðuskólinn hjer á landi. Skólinn á miklum vinsældum að fagna um land alt. Að honum sækja menn úr öllum fjórðungum landsins. Myndi það því mælast illa fyrir, ef skólinn yrði lagður niður. Jeg sagði, að hann væri fullkomnasti alþýðuskóli hjer á landi. Skil jeg þá auðvitað undan Akureyrarskólann og gagnfræðadeild Mentaskólans. En hvorugur þeirra skóla er eiginlega alþýðuskóli. Akureyrarskólinn undirbýr menn jöfnum höndum undir það að ganga inn í lærdómsdeild Mentaskólans. En Flensborgarskólinn er eingöngu alþýðuskóli. Þó veitir hann nemendum sínum svo mikla mentun, að margir þeirra geta gengið undir próf í lærdómsdeild Mentaskólans, án þess að bæta miklu á sig. Mjer er þetta kunnugt, þar sem tveir synir mínir hafa gengið í Flensborgarskóla og tekið síðan próf upp í lærdómsdeild Mentaskólans, annar þeirra sem næst án nokkurs náms frá því, er hann tók burtfararpróf úr Flensborgarskóla. Jeg drep á þetta til þess að gera mönnum ljóst, hve mikla þýðingu skólinn hefir og hve mikil ástæða er til að styrkja hann.

Legg jeg svo á vald háttv. deildar, hverjum forlögum hún lætur brtt. mína sæta.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vona, að jeg þurfi ekki að mæla með brtt. á þgskj. 709, frekar en háttv. frsm. (E. P.) hefir gert. Fjárveiting sú hefir af ógáti fallið úr frv., og mætti kenna stjórninni um það.

Jeg hefi aðallega staðið upp til þess að minnast á 3. gr. 1., dýrtíðaruppbót pósta. Jeg hafði vonað fram á síðustu stundu, að Alþingi myndi muna eftir þessum einna þörfustu starfsmönnum landsins og veita þeim dýrtíðaruppbót fyrir árið 1917, á svipaðan hátt sem þeim er hjer veitt fyrir árið 1916. Jeg veit, að ofseint er að koma með brtt. þessa efnis, þar sem þetta er síðasta umr. málsins hjer í deildinni. En frv. gengur aftur til háttv. Nd., og mætti þá reyna að koma með brtt. í þessa átt þar.

Það er bráðnauðsynlegt, að eitthvað verði gert til þess að bæta kjör pósta. Þeir beiðast nú lausnar hver af öðrum, þar sem þeir geta ekki komist af með laun sín, oft og tíðum, í ferðakostnað, svo að alls ekkert verður eftir upp í atvinnuna sjálfa, sem átti að vera.

Jeg hugði, að bjargráðanefnd hefði munað eftir póstunum. Minni jeg nefndina nú á þá, í þeim tilgangi, að hún láti ekki undir höfuð leggjast að mæla með sómasamlegum launum handa þeim.

Framsm. (Eggert Pálsson): Jeg hefi ekki ástæðu til að minnast á annað en brtt. á þgskj. 730. Enginn hefir mælt á móti till. fjárveitinganefndar á þgskj. 728, og hæstv. atvinnumálaráðherra hefir lagt brtt. á þgskj. 709 liðsyrði sitt.

Meiri hluti fjárveitinganefndar hefir ekki getað fallist á skoðun hv. flutnm. brtt. á þgskj. 730 (K. D.), að nauðsyn beri til að hækka styrkinn til Flensborgarskóla. Það mun að vísu rjett, að Flensborgarskóli hafi tekið á 3. þús. kr. lán. En það lán hefir ekki gengið alt til þess að greiða halla af rekstri skólans síðastliðið ár, heldur munu og eldri skuldir skólans hafa verið greiddar af því. Hallinn frá síðastliðnu ári mun ekki nema meiru en þeim 1000 kr., sem skólanum verða nú veittar samkvæmt frv. Ef nú verður veitt meira fje en þessar 1000 kr., þá er álitamál, hvort nú er hentugur tími til að greiða eldri skuldir skólans.

Hagur skólans er að vísu ekki góður, sem ekki er heldur von. Skólinn hefir engar tekjur nema landssjóðsstyrkinn, og auk hans eftirgjald af Hvaleyri, sem mun nema á annað hundrað krónur. Annan styrk hefir hann ekki. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir því, að skólinn verði ekki ver settur framvegis heldur en verið hefir, þar sem honum eru nú ætlaðar 8500 kr. í fjárlagafrv., í stað 7000 kr. í gildandi fjárlögum, þótt þessi hækkun verði ekki samþykt. Það gæti og dregið skólann drjúgt, ef þeir, sem helst hafa not af honum, Hafnfirðingar og íbúar Gullbringu- og Kjósarsýslu, vildu veita þessum þýðingarmikla skóla ofurlítinn styrk. Bæjar- og sýslufjelögin ættu að sýna skólanum einhvern sóma, jafngóð og nýt stofnun sem hann er og jafnmikil not sem þeir hafa af honum, öðrum fremur. Væri með því hægt að bæta kjör hans, svo að hann verði ekki illa kominn.

Meiri hluti fjárveitinganefndar er þeirrar skoðunar að greiða ekki brtt. á þgskj. 730 atkv., en hins vegar eru atkvæði nefndarinnar óbundin, eins og jeg hefi þegar tekið fram.

Kristinn Daníelsson: Jeg ætla ekki að fara út í neinar kappræður. Vil að eins benda á það, að það er ekki svo, að skólinn eigi engan tekjustofn. Öll skólaeignin er sannarlega tekjustofn, en styrkurinn úr landssjóði að eins

rekstrarkostnaður skólans. Jeg skal fyrir hönd hlutaðeigenda þakka hækkunina í fjárlagafrumvarpinu úr 7000 kr. í 8500 kr., en sú hækkun er þó ekki í neinu samræmi við dýrtíðina. Enda fóru hlutaðeigendur fram á 10000 kr. styrk. Jeg verð að vera því algerlega mótfallinn, að krafist sje, að sýslufjelagið og bæjarfjelagið leggi eitthvað af mörkum til skólans. Enda skal jeg geta þess, að Gullbringusýsla á í svo mörg horn að líta, að hún gæti ekki styrkt skólann. Enda væri rjettast, að landið tæki hann alveg að sjer. Jeg hygg, að skólinn eigi sjer þá sögu, að hann eigi það skilið, og vil, til samanburðar, minna á, að landið er í þann veginn að taka að sjer annan skóla, með stofneign á líkan hátt.

ATKVGR.

Brtt. 709. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 730. — — 7 : 3 atkv.
— 728. — — 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 49. fundi í Nd., laugardaginn 1. sept., var útbýtt

Frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1916 og 1917,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 742).

Á 52. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. sept., var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 742, n. 783).

Frsm. (Bjarni Jónsson): Eins og nál. á þgskj. 783 ber með sjer hefir nefndin sætt sig við þær breytingar, sem háttv. Ed. hefir gert á frv. Jeg sje ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta á neinn hátt, og leyfi mjer því að óska þess, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem

l ö g f r á A l þ i n g i.

(Sjá A. 807).

Landsreikningur 1914 og 1915.

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 2. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um samþykt á landsreikningnum 1914 og 1915 (A. 4).

Á 2. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. júlí, var frv. tekið til 1. u m r.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg hefi lítið um þetta frumv. að segja. Það er alt tölur, sem fjárhagsnefnd gengur væntanlega í gegnum. Það hafa verið töluverðir örðugleikar á að finna, hvað tilheyrir þessum reikningi, og finna allar upphæðir rjettar. Jeg vil benda á athugasemdina við reikninginn. Þar mun vera skekkja, er kemur fram í svörum ráðherra við athugasemdum við þennan reikning. Sú skekkja nemur um 73 þús. kr., er landsstjórnin hafi átt minna inni hjá versluninni en talið er í athugasemdinni. Þetta vildi jeg að eins benda nefnd þeirri á, er fær frv. til meðferðar, og væntanlega verður fjárhagsnefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1608) í e. hlj.

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 412).

Framsm. (Magnús Guðmundsson): Eftir athugasemdum yfirskoðunarmanna að dæma og eftir því, sem fjárhagsnefndin kemst næst, þá er engin reikningsskekkja í landsreikningnum 1914, en í landsreikningnum 1915 eru 3 skekkjur, sem nefndin hefir gert brtt. um og jeg skal leyfa mjer að gera stutta grein fyrir.

1. brtt. fer fram á það að færa 16. tekjulið niður um kr. 10,835,10. Þetta eru símatekjur. Villan er sprottin af því, að símatekjurnar í Reykjavík eru færðar tvisvar til tekna árið 1915.

2. brtt. fer fram á það að færa 26. lið niður um kr. 458,19. Svo stendur á, að upphæðin hefir tvisvar verið færð, bæði sem endurgreiddur sakamálskostnaður, eins og hún er í raun og veru, og sem strandkostnaður.

4. brtt. er við 14. gjaldalið, símalagningar. Þar er skekkja, sem nemur kr. 113,29, og er sú upphæð vantalin. Liðurinn á því að hækka og útgjöldin samtals um þessa upphæð.

3. brtt. er að eins afleiðing af öllum hinum brtt. Vona jeg, að jafnaðarupphæðin sje þar rjett reiknuð, kr. 405,722,43, enda má enn athuga það betur.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að taka fleira fram í þessu sambandi.

Matthías Ólafsson: Háttv. nefnd hefir gert athugasemd um hina tvöföldu dagsetningu og telur hana handhæga. Jeg verð að vera á andstæðri skoðun; mjer finst það mjög óviðfeldið, að upphæðirnar komi inn miklu seinna en þær eiga að koma, og eiga þá alls ekki að teljast með þess árs tekjum, heldur útistandandi.

Í 49. lið segir nefndin um innheimtur, að rjettast sje, að landsstjórnin ráði, hver gangskör skuli gerð um innheimtur. Auðvitað ræður landsstjórnin því, en yfirskoðunarmenn hljóta að hafa rjett til þess að áminna landsstjórnina um innheimtur; til hvers mundu þeir annars settir? »Þess er að sjálfsögðu vænst, að þess sje vandlega gætt, að landssjóður verði eigi fyrir halla að óþörfu.« Það er einmitt þetta, sem yfirskoðunarmönnum þótti ástæða að brýna fyrir stjórninni.

Í 67. lið virðist mjer kenna misskilnings hjá nefndinni. Yfirskoðunarmenn töldu óhentugt, að landsfjehirðir væri í Landsbankanum, heppilegra, að hann væri í stjórnarráðinu, en laus við bankann. Þetta er fyrirkomulagsatriði, sem nefndin hefði átt að taka meira tillit til.

Um 119. lið skal jeg fyrir mitt leyti taka það fram, að jeg er þakklátur stjórninni fyrir þá greiðslu. Mín skoðun er sú, að þegar starfsmenn landsins verða fyrir slysum á embættisferðum, þá beri landssjóði að greiða skaðabætur. Þetta er nú komið á þann rekspöl, að vænta má að verði að reglu.

Jeg er ósamþykkur háttv. nefnd um 123. lið, ferðakostnað verkfræðinga. Það er rangt að telja ferðakostnað vitamálastjóra eða annara vitamanna með byggingarkostnaði vitanna. Þingið er leitt á glapstigu með slíkri skilagrein. Þegar þingið einu sinni hefir ætlað þessum mönnum ferðakostnað, þá á þar til að telja alt, sem til þess heyrir. Það er auðvitað ekki hægt fyrir einstaka þingmenn að athuga ferðakostnaðinn, af því að þeir geta ekki sjeð alla þá reikninga, sem þar fylgja.

Þá kem jeg að Hvanneyrarskólanum. Það er leitt, að nefndin skuli ekki hafa farið eftir tillögu yfirskoðunarmanna þar. Með þessu er slíkum stofnunum gefinn laus taumurinn, svo að forstöðumenn geta farið að eins og þeir vilja. Þetta þótti yfirskoðunarmönnum rjett að

vita og töldu stjórnina geta veitt umframgreiðslu, en nota ekki fje til annars en það er veitt. Hjer er fje, sem veitt er til verklegs náms, sem ekki mun vera ofmikið, notað til alls annars, í stað þess að sækja um umframgreiðslu. Mörg dæmi eru þessu hliðstæð, svo að jafnvel starfslaun eru notuð til annars en þau voru veitt. En jeg skal ekki fara nánara út í það, með því að nefndin gefur ekki tilefni til þess.

Frms. (Magnús Guðmundsson): Jeg verð þá að líta svo á, sem bæði frv. og næsta mál, till., sjeu á dagskrá í senn og að rætt verði um hvorttveggja jöfnum höndum. Jeg mun þá ganga í gegnum till. nefndarinnar og jafnframt svara háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.).

Hinn háttv. þm. (M. Ó.) taldi hina tvöföldu dagsetning villandi. Jeg sje ekkert athugavert við hana, síður en svo. Hann sagði, að með þessu lagi væri annaðhvort greitt ofseint í landssjóð eða úr honum. En þetta er ekki rjett. Það getur staðið svo á, að reikningshaldara sje ókleift að koma öllu af sjer fyrir áramót. Setjum svo, að skip komi 31. desember t. d. á höfn á Austfjörðum með tollskyldar vörur. Hvernig á þá að tilfæra greiðsluna? Þá er sýnilegt, að ómögulegt er að koma greiðslunni í landssjóð fyr en í febrúar eða mars næsta ár. Ef ekki er notuð tvöföld dagsetning í þessu tilfelli, verður annaðhvort að telja þessa upphæð greidda ofseint, sem væri rangt, því að ómögulegt er að koma henni fyrir áramót, eða telja hana með tekjum næsta árs, sem líka er rangt, því að hinar tollskyldu vörur komu ekki á því ári. Einmitt þessi tvöfalda dagsetning sýnir bæði, hvaða ári greiðslan heyrir til, og hve nær hún hefir komið inn. Þetta er svo skýrt og einfalt, að jeg er hissa á því, að yfirskoðunarmenn skuli hafa sett út á þetta.

Þá hafa yfirskoðunarmenn fundið að því, að landsreikningurinn kæmi ofseint frá stjórninni. Nefndin er þessu samþykk og leggur því til, að skorað sje á stjórnina, að landsreikningurinn fyrir hvert ár sje tilbúinn ekki síðar en í lok nóvembermánaðar næsta ár á eftir. Nú fekk nefndin ekki athugasemdirnar og svörin fyr en seinast í síðastliðnum mánuði, og er það altof seint. Að vísu er hjer um mikið verk að ræða, en samt mun vera hægt að koma því af svo tímanlega, að tilbúið sje í nóvember haustið eftir.

Þá leggur nefndin til, að hraðað sje hinni umboðslegu endurskoðun, í samræmi við till. yfirskoðunarmanna. En með því að sjálfsagt mun þetta leiða til aukins kostnaðar, leggur nefndin að eins til, að endurskoðuninni sje hraðað eftir föngum, og er þetta þá að skoða sem athugagrein fyrir stjórnina.

Þá er ágreiningur milli yfirskoðunarmanna landsreikninganna og stjórnarinnar um það, hvernig færa eigi vexti af landsfje því, sem starfsmenn landsins hafa undir höndum um lengri eða skemri tíma. Yfirskoðunarmennirnir virðast vilja telja það alt með óvissum tekjum, en stjórnin vill, þegar um stofnanir er að ræða, að vextir af geymslufje þeirra sje talið þeim til tekna. Það sýnist ekkert vera að athuga við þetta hjá stjórninni; vextirnir ganga til landsins þarfa, eins og til var ætlast og vera ber, og mun rjettast að láta fjármáladeildina ráða, hvernig hún hagar þessari reikningsfærslu.

Þá þótti háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) ekki rjett að láta landsstjórnina ráða í hverju einstöku tilfelli, hver gangskör gerð sje um innheimtur, sem eigi ganga greiðlega. Hún er þar engan veginn einráð; hún veit, hver ábyrgð hvílir á henni, ef hún vanrækir þær um skör fram; það á að vera nægilegt aðhald fyrir

hana. Hins vegar liggur það í hlutarins eðli, að þegar stjórnin er sannfærð um, að engar líkur eru til, að fjeð verði innheimt, þá er tilgangslaust að láta fara fram lögtak og ekki annað en einber kostnaður. En til að gefa stjórninni ekki ofslakan tauminn þá tekur nefndin það fram, að þess sje að sjálfsögðu vænst, að þess sje vandlega gætt, að landssjóður verði ekki fyrir halla að óþörfu. Þá sagði háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), að nefndin mundi hafa misskilið till. um laun landsfjehirðis. Getur verið, en það er þá af því, að hún er óljóst orðuð. En ef hjer er um misskilning að ræða, þá er meiningamunurinn milli hans og nefndarinnar enginn og óþarfi um þetta að deila. Þá koma enn tvær upphæðir, sem yfirskoðunarmönnunum þykja athugaverðar; önnur upphæðin er borguð landssímastjóranum fyrir að hafa umsjón með símanum í Reykjavík; eru það 500 kr. Hin er 200 kr. þóknun fyrir að semja skýrslu yfir störf landssímans. Nefndin er á því, að það sje mjög varúðarvert að láta menn í þjónustu landsins fá aukaborgun fyrir störf þau, sem heyra undir verkahring þeirra, nema þegar óhjákvæmilegt er, og í þessu tilfelli má það naumast teljast svo.

Um borgun fyrir læknishjálp vegna slysa í þjónustu landssímans hefi jeg ekki annað að segja en stendur í nefndarálitinu, og ber þar lítið á milli og þess, sem yfirskoðunarmenn segja.

Þá er að minnast á ferðakostnað verkfræðinga vegna nýrra vitabygginga. Þar er nefndin ekki á sömu skoðun sem yfirskoðunarmennirnir. Nefndin álítur eðlilegast, að ferðakostnaður við byggingu nýrra vita sje talinn með byggingarkostnaðinum, og þeirri reglu hefir verið fylgt frá upphafi; enda væri fjeð, sem ætlað er til ferðakostnaðar í fjárlögunum, altof lágt, ef ekki væri svo að farið. Það er og auðsjeð, að þingið hefir ætlast til þess; ella mundi það hafa veitt meira fje til ferðakostnaðar. Það hefir komið fyrir, að verkfræðingur hefir orðið að fara utan vegna einnar vitabyggingar. Kostnaður við þá ferð eina hefir orðið meiri en alt ferðakostnaðarfjeð það ár. Það er annars lítil ástæða til að þrátta um þetta, því að hjer er ekki um annað en reikningsfærslu að ræða, en hvorki aukin útgjöld nje sparnað fyrir landssjóð.

Þá kemur till. yfirskoðunarmanna um iðnskóla, að þeim sje því að eins veittur styrkur, að þeir sjeu í raun og veru iðnskólar, en ekki að eins alþýðuskólar. Nefndin felst á þetta og beinir því til stjórnarinnar að hafa eftirlit með því. Um styrkinn til sýslubókasafna er það að segja, að svo einkennilega stendur á, að bæði athugasemdin og svarið er rangt, en landsreikningurinn rjettur. Nefndin hefir komist að því, að villan í athugasemdinni kemur fram við það, að tillag til sýslubókasafns í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu er talið 120 kr., í stað 20 kr., og ekki tilfært tillag til sýslubókasafns Vestur-Ísafjarðarsýslu, sem var 120 kr.

Yfirskoðunarmenn leggja til, að skrá sje gerð við hver áramót yfir frímerki, sem sjeu í vörslum stjórnarráðsins og póstmeistara. Nefndin hefir ekki á móti þessu, þótt það sje dálítil fyrirhöfn og fremur þýðingarlítið; hún leggur því til, að skrá þessi sje samin og fylgi landsreikningnum til yfirskoðunarmanna.

Þá kem jeg að landsreikningnum 1915, og minnist fyrst á Hvanneyrarskólann. Í athugasemdum við landsreikninginn 1914 er það látið óátalið, að skólastjóri notaði fje, sem veitt var í einum lið, til útgjalda handa öðrum lið; aftur taka yfirskoðunarmenn 1915 nokkru

harðara á því. Nefndin hefir tekið þannig í þetta, að eftir atvikum megi það vera óátalið, að skólastjórinn á Hvanneyri hefir eigi varið fje skólans að öllu leyti eftir tilætlun fjárlaganna, þar sem ætla má, að slíkt sje gert vegna verðhækkunar, og því til þess að komast hjá að nota meira fje til skólans í heild en veitt var. Þetta er ástæðan til þess, að nefndin vill láta þessa aðferð skólastjórans óátalda að þessu sinni, og er því í raun rjettri ekki mikill ágreiningur hjer milli yfirskoðunarmanna og nefndarinnar. Jeg veit, að þessum skólastjóra er mjög illa við að fara fram úr fjárveitingu til skóla síns, og því mun hann hafa skift fjenu milli liða, til að komast hjá því. Nefndin lætur það því óátalið í þetta sinn, en slær því engan veginn föstu, að svo megi vera framvegis.

Mig furðar á því, að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) skyldi ekki minnast á 138. athugasemd yfirskoðunarmannanna 1915, um skýrslur um Þjóðmenjasafnið, því að þeir leggja það til, að fjárveitingin, 300 kr., sje talin til ábyrgðar. Það er rjett athugað hjá yfirskoðunarmönnunum, að fjeð var veitt til að gefa út skýrslurnar, en ekki til að semja þær. En það er auðsætt, að ef telja ætti þessa upphæð til ábyrgðar 1915, þá ber einnig að telja 300 kr., sem veittar voru til hins sama 1914, til ábyrgðar. Hjer er ekki um stóra upphæð að ræða, og nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri ástæða til að telja hana til ábyrgðar, meðal annars af því, að í fjárlögunum 1916 og 1917 er breytt um orðalagið, og þar, í staðinn fyrir að gefa út, sett að semja.

Síðast er þá að minnast á landsverslunina. Svo sýnist af upplýsingum, sem fram eru komnar, að töluverð skekkja sje í reikningum hennar. Jeg skil vel í, hvernig á því muni standa. Í byrjun var gert ráð fyrir, að hún mundi verða lítil og standa skamma stund, og því mun eigi hafa þótt nauðsyn að hafa sjerstakt reikningshald fyrir hana. En svo smájókst hún, án þess þó að reikningur hennar væri greindur frá landsreikningnum. Skil jeg ekki í öðru en að hægt sje að kippa þessu í lag, með því að gera gangskör að því að semja reikning verslunarinnar frá byrjun, enda stendur til, að svo verði gert, eða öllu heldur, það mun þegar byrjað á verkinu. Mun að því loknu eflaust sjást, hvernig stendur á skekkju þeirri, sem nú virðist vera í reikningunum, en búast má við að eingöngu stafi af því, að reikningum verslunarinnar var upphaflega blandað saman við reikninga landssjóðs. Þegar þessu starfi er lokið, er sjálfsagt, að reikningurinn sje fenginn hinni umboðslegu endurskoðun til athugunar og síðan yfirskoðunarmönnum landsreikninganna, er síðan láti athugasemdir sínar með svörum fylgja landsreikningunum, og að síðustu sje svo alt þetta lagt fyrir Alþingi.

Eitt vildi jeg enn mega minnast á. Það verður ekki sjeð af athugasemdum þeim og svörum, sem hjer liggja fyrir, að yfirskoðunarmenn landsreikninganna og stjórnin vinni mikið saman; liggur það þó í augum uppi, að hagkvæmt muni vera og hyggilegt, að yfirskoðunarmennirnir fari við og við til stjórnarinnar og spyrjist þar fyrir um vafaatriði; við það mundu þeir oft losast við að gera athugasemdir. Við þetta gætu landsreikningarnir með athugasemdum og svörum orðið fyrirferðarminni, gleggri til yfirlits og kostnaðarminna að gefa þá út. Annars sýnist samvinnan milli fjármáladeildarinnar og yfirskoðunarmanna ekki hafa verið sem best að þessu sinni; þar sýnist brydda á dálitilli stífni, sem alls ekki má eiga sjer stað.

Benedikt Sveinsson: Yfirskoðunarmenn landsreikninganna hafa ekki haft tíma til að gagnrýna nál. þetta sem skyldi, og verða því að sleppa ýmsu í athugasemdum háttv. nefndar, sem ástæða hefði verið til að minnast á. Mun jeg því að eins minnast á tvö atriði að þessu sinni. Háttv. framsm. (M. G.) skaut því til yfirskoðunarmanna, að heppilegt mundi vera, að þeir bæru sig saman við stjórnina áður en þeir gerðu athugasemdir sínar. Þessu er því að svara, að yfirskoðunarmennirnir hafa einmitt gert mikið að því, einkum fyrra árið; en ef mjög mikið ætti að gera að því, mundi það kosta margra mánaða daglega vinnu, og jeg er hræddur um, að stjórninni mundi þykja það ónæðissamt og ekki vinnudrjúgt að þurfa sí og æ að sinna slíkum fyrirspurnum og leita að andsvörum. Það má því telja slíkt fyrirkomulag óframkvæmanlegt. Þó leita yfirskoðunarmenn þrásinnis til stjórnarráðsins, eða jafnan þegar þeir búast við að geta fengið glöggar upplýsingar. En ef ætti að fara að bera sig saman við stjórnina um allar athugasemdirnar áður en þær væru prentaðar, þá væri það ekki hægt öðru vísi en svo, að senda þær til stjórnarráðsins sem handrit, og það sendi svo svör sín til yfirskoðunarmanna á sama hátt, og svo yrðu endilegar athugasemdir, svör og till. soðið upp úr þessu; en stórefasamt er, að það væri heppilegri aðferð en sú, sem nú er höfð og höfð hefir verið. Það flýtir fyrir yfirskoðendum að skrifa upp athugasemdir sínar jafnóðum og þeir finna eitthvað athugavert, og einatt skýrist ýmislegt síðar við yfirskoðunina fyrir þeim, án þess að þeir hafi þurft að tefja sig og stjórnina á því að leita upplýsinga hjá henni. Fyrir stjórnina er það og þægilegast að fá athugasemdirnar í einu; hún getur þá eftir hentugleikum rannsakað þær og svarað þeim.

Þá ætla jeg að minnast ofurlítið á, hvernig styrknum til Hvanneyrarskóla hefir verið varið. Skólanum voru veittar 1000 kr. hvort árið til verklegs náms. Þetta er sjálfsagt einn allra nauðsynlegasti styrkurinn, sem skólanum er veittur, og líklegastur til að verða að gagni. En hvernig er honum svo varið? Mikill hluti hans gengur til alls annars en hann er til ætlaður. Þetta er með öllu óheimilt. Hækki kol og ljósmeti í verði, svo að fjeð, sem ætlað var til að kaupa það fyrir, hrökkvi ekki, þá er engin heimild að grípa til þessa fjár; það verður að bæta skólanum upp þann halla á annan veg. Mjer finst nefndin hafa í till. sínum tekið altof vægt á skólastjóranum fyrir það að hafa leyft sjer að verja af því fje, sem skólanum var veitt í fastákveðnum tilgangi, til alls annars en til var ætlast. Árið 1914 var ekki varið til verklegs náms af 1000 kr. nema kr. 554,07; að þessu var fundið af yfirskoðunarmönnunum. Þá var því svarað þannig:

> »Verklegi styrkurinn 1914 er ekki borgaður allur út fyr en við lok skólaársins 1914—1915, að afloknu prófi; er það gert til þess, að námsmenn haldi betur út námsárið og gangi síður frá prófi. Í reikningi skólastjóra kemur þetta svo út, sem peningarnir gangi af, en þeir liggja hjá honum til að greiðast í maímánuði árið eftir.«

Ef það væri siður að geyma þannig fje ár frá ári í þeim tilgangi, sem hjer er greindur, þá ætti eftir fyrsta árið, að regla þessi er tekin upp, að vera borgað árlega jafnmikið og veitt er, og því vera varið 1000 kr til verklegs náms árið 1914, eða nær 1500 kr. ef horfið hefði verið frá reglu skólastjóra og farið eft-

ir fyrirmælum fjárlaganna, þannig að alt, sem veitt var á því ári, hefði verið goldið það ár, að viðbættu því, sem afgangs hafði orðið frá árinu 1914.

En svo kemur nú ársreikningurinn 1915, og þar kemur það í ljós, að í stað þess, að skólastjóri hefði átt að verja til verklegs náms það ár öllum 1000 kr., sem til þess voru veittar, og auk þess eftirstöðvunum frá fyrra ári, hefir hann að eins varið til þess alls kr. 458,66, eða samtals bæði árin einum kr. 987,27, — með öðrum orðum, ekki helming fjár þess, sem veitt var; þessi meðferð fjárins verður að teljast með öllu óheimil, og hefði skólastjóri átt að endurgreiða fyrra árið 445 kr. 93 a. og síðara árið 541 kr. 34 a., væri farið eftir fyrirmælum fjárlaganna. Þessi aðferð, að verja ekki helming fjár þess, sem veitt er til verklegs náms, má teljast alveg óforsvaranleg við skóla, sem einmitt á að kenna mönnum vinnubrögð. Þessu styrktarfje hefir að miklu leyti verið varið til annars, meðal annars til að kaupa svo kölluð »búnaðaráhöld«, þar á meðal »Kapítólu« og þess konar bókarusl! Af þessu sjest einnig, að svarið, sem stjórnin birtir frá skólastjóra og jeg las upp, er beint blekkjandi og rangt, og má slík óráðvendni ekki vera óátalin.

Háttv. framsm. (M. G.) sagði, að skólastjóri væri að skirrast við að láta útgjöld til skólans fara fram úr fjárveitingu. Þetta er góðra gjalda vert; en meðferð hans á fjenu, sem veitt er, sýnir, að hann vill vera einráður um það, hvernig hann ver því, en hirðir ekki um að fara eftir því, sem fjárveitingavaldið hefir fyrir mælt. En fyrst að fjárveitingarnar eru sundurliðaðar í fjárlögunum og ætlaðar til ákveðinna hluta, þá verður skólastjóri að taka það til greina, og með öllu er það ófært, að ekki sje notaður helmingur af því fje, sem ætlað er til verklegs náms, til þess, heldur til annars. Slíkt sem þetta þarf að athuga, svo að það komi ekki fyrir eftirleiðis. Það kemur að vísu víðar fyrir, að haggað sje til ákvæðum og fje fært frá einum lið til annars, en hvergi eru önnur eins brögð að því eins og hjer. Skal það játað, að fyrir getur komið, að slíkt sje ekki óheppilegt í sjálfu sjer, en þó er það til að villa þinginu sýn, ef settir eru upp liðir ár eftir ár, sem aldrei eru notaðir; það er ekki annað en sjerstök aðferð til að ná í fje út úr landssjóði undir fölsku yfirskini.

Það mundi standa yfirskoðendum nærri að fara nokkuð rækilega út í mál það, sem hjer liggur fyrir, en jeg verð þó að leiða minn hest frá því, af þeim ástæðum, sem jeg gat um í upphafi máls míns.

Matthías Ólafsson: Mjer heyrðist á háttv. frsm. (M. G.), að honum þætti jeg hafa farið nokkuð lauslega yfir ýmislegt, og skal jeg nú bæta nokkru við, og minnast þá fyrst á 234. athugasemd yfirskoðunarmanna við landsreikninginn 1914. Athugasemd þeirri er þannig varið, að 1913 fór stjórnin fram á, að veittar væru 18000 kr. til framhalds rannsókn á járnbrautarstæði austur. Þingið feldi þessa fjárveitingu; en þrátt fyrir það veitir stjórnin fje til framhalds rannsóknarinnar. Athugasemd yfirskoðunarmanna út af þessu er ekki gerð af því, að þeir væru í sjálfu sjer móti því, þótt þessari litlu upphæð væri varið til rannsóknarinnar; en þeim fanst ekki annars kostur en að víta stjórnina fyrir það, að hún hafði notað fje þetta, þvert ofan í yfirlýstan þingvilja, og bjóst jeg við, að háttv. nefnd mundi koma fram með tillögu um það.

Hvað snertir 138. athugasemdina við landsreikninginn 1915 þá verð jeg að

segja, að mjer virðist háttv. nefnd komast að einkennilegri niðurstöðu. Af því, að yfirskoðunarmennirnir ljetu hjá líða 1914 að heimta, að endurgreiddar væru þær 300 kr., sem veittar voru til að gefa út skýrslu yfir Þjóðmenjasafnið, þá sýnist háttv. nefnd telja það sjálfsagt, að yfirskoðunarmennirnir ljetu það líka vera 1915, þótt enn væri engin skýrslan komin út. Auk þess er þess að geta, að við vissum ekki ýmislegt um mál þetta 1914, sem við höfðum fengið upplýsingar um 1915. Stjórnin segir, að það liggi í hlutarins eðli, að fyrst verði að semja skýrsluna, áður en hún sje gefin út, og til þess þurfi fje. En eftir því, sem fjárveitingin er orðuð í fjárlögunum, verður ekki annað sjeð en þingið hafi ætlað, að skýrslan væri þegar samin, eða það hafi talið samning hennar eitt af skyldustörfum fornmenjavarðar. Mjer er ómögulegt að komast að sömu niðurstöðu og háttv. nefnd, hvað þetta snertir, en það er auðvitað á þingsins valdi að afráða, hvað gera skuli, þegar þannig er farið beint á móti lögunum.

Háttv. framsm. (M. G.) benti á, að endurskoðunarmennirnir ættu að ráðfæra sig við stjórnarráðið, til að spara athugasemdir. Það höfum við hvað eftir annað gert, en oft þar verið leitað ullar í geitarhús, því að margir hafa verið við að semja landsreikningana, og þá eigi altaf við í svipinn sá, er gefið gat skýringar. Við gátum því alls ekki altaf fengið skýringar. Þetta er eitt atriði af mörgum, sem bendir á, að annað fyrirkomulag ætti að hafa við samningu landsreikninganna en nú er gert.

Jörundur Brynjólfsson: Það hefir þegar verið drepið á ýms þau atriði, er jeg vildi minnast á, viðvíkjandi landsreikningunum. Mig furðar það, hvernig reikningsfærslan er í stjórnarráðinu á landsreikningunum. Jeg er sannfærður um, að hvergi í nokkurri verslunarholu er jafnóljós og óglögg reikningsfærsla og þar. Það eru fjöldamörg atriði, sem endurskoðendur hafa gert aths. við og spurt um, hvernig væri varið, en svörin, sem þeir fá frá stjórnarráðinu, eru ýmist út í hött, eða svo óljós, að vart verður sjeð, hvað rjett er. Enn fremur er fyrirkomulagið við ýmsar stofnanir öldungis óbrúklegt. Jeg skal leyfa mjer að drepa á fáein atriði, máli mínu til stuðnings, og fer þó fljótt yfir sögu. Það er þá t. d. 6. aths. endurskoðunarmannanna fyrir árið 1915, um pósttekjur. Í aths. spyrja þeir, hvernig standi á þeim mismun, sem kemur fram í reikningum milli. póststjórnarinnar hjer á Íslandi og í Danmörku um viðskifti þeirra. Hann er rúmar 2000 kr. Í svari ráðherra er sagt, að fylgt sje reikningum póststjórnarinnar, og skýring hennar er á þessa leið, er jeg nú skal lesa, með leyfi hæstv. forseta:

»Mismunurinn kemur frá póstávísanaviðskiftunum. Hann lagast og aflagast af sjálfu sjer í viðskiftum innlenda pósthússins við pósthúsin erlendis, og þegar alt það fje, sem hjer rennur inn, er greitt í banka, sem sendir það út á vissum tíma, og annast algerlega póstávísanaviðskiftin við önnur lönd, þá kemur póstávísanafjeð landssjóði ekki lengur við.«

Þetta er greinargerðin um mismun fjárupphæðanna. Það getur verið, að háttv. þingdm. geti gert sig ánægða með þetta, að mismunurinn »lagast og aflagast af sjálfu sjer«, en það verður þá að sýna, á hvaða hátt það verður. Tölurnar geta ekki lagast og aflagast af sjálfu sjer. Það verður að lýsa þessu nánar; annars er engan botn að finna í því.

Þá eru frímerkjabirgðirnar; það virðist einkennilegt, að þær skuli ekki vera

taldar um áramót, enda er það alveg óljóst, hve miklar þær eru. Það væri alveg nauðsynlegt, að slík talning færi fram, svo að ljóslega væri hægt að sjá, hve mikið fje póststjórnin hefir undir höndum í frímerkjum. Svo er að vísu svarað spurningunni, að póstmeistari láti telja um áramót, en það er engin endurskoðun, svo að í lagi sje. Það þarf ekki að vera skakt þetta, og þarf ekki að vera nein misbrúkun, en það er heldur engin vissa fyrir því, að það sje rjett, sem sagt er. Til þess að vita með vissu, hvernig þetta er, verður að gera upp póstsjóð. Viðvíkjandi frímerkjunum er rjett að geta þess, að það virðist ekkert eftirlit vera haft með gömlum frímerkjum, sem nú eru mikils virði. (**E. A.**: Nú eru þau einskis virði). Það eru t. d. þau, sem eru yfirprentuð. »Í gildi«, frá 1902—03, sem eru afardýr. Þær birgðir munu allar vera í vörslum póstmeistara, og ekkert eftirlit haft með, hve mikið selst af þessum gömlu og dýru frímerkjum. Mjer dettur ekki í hug að gefa í skyn eða ætla, að póstmeistari misbrúki vald sitt, en það er ófært samt sem áður að láta vera algerlega eftirlitslausa umsjón slíkra eigna, og á ekki að eiga sjer stað. Jeg hefi í höndum þýska skrá yfir frímerki frá 1912, og þar eru þessi íslensku frímerki talin í afarháu verði. Það getur verið, að þau sjeu ekki í afarháu verði nú í augnablikinu, eins og háttv. 2. þingm. Árn. (E. A.) benti á, en það er von um, að þau hækki aftur eftir ófriðinn. Auk þess voru þau í háu verði fyrir stríðið, og verður þó ekki sjeð, að haldin hafi verið nein skrá yfir þau þá. Þetta getur varðað afarmikilli fjárupphæð, og ófært er að láta svo búið standa, enda er það skylda þingsins að ýta undir landsstjórnina að hafa eftirlit með eignum landssjóðs. (**G. Sv.**: Það er komin till. um það). Ójá, jeg sje, að svo er að vísu, en jeg hefði óskað, að enn meiri áhersla hefði verið lögð á eftirlit og umsjá með eignum hins opinbera af hálfu þings og stjórnar heldur en mjer virðist vera gert í till.

Þá er ein aths. um símatekjurnar. Þar ber landsfjehirði nokkuð mikið á milli við landreikningana, og eftir svari landsfjehirðis að dæma, telur hann sig hafa veitt viðtöku öllu meira fje en stendur í landsreikningunum. (**M. G.**: Meira?). Já, öllu meira. Endurskoðunarmennirnir hafa gert fyrirspurn um, hvernig á mismuninum stæði. Svar stjórnarráðsins er ekki greinilegt, og hefði verið æskilegt að fá ljósari svör um þann mismun.

Viðvíkjandi endurgreiðslu skyndilána til embættismanna gera endurskoðunarmennirnir aths., því að það kemur í ljós, að eftirstöðvarnar eru ekki teknar upp í eftirstöðvalista, og sýnist þó nauðsynlegt að sjá, hve mikið landssjóður á útistandandi, því að ef það er ekki gert, má búast við, að fjárupphæðirnar týnist. Það ætti að vera föst regla að skrifa allar útistandandi fjárhæðir á eftirstöðvalista.

Loks er eitt atriði í tekjudálki, og það er um málskostnað. Það hefir verið spurt, hvernig á kostnaðinum standi, og á svari stjórnarráðsins verður ekki sjeð, hvers vegna hann er ekki afturkræfur. Það atriði þyrfti að vera gleggra. Endurskoðendur ættu að fá skýrslu um það sundurliðaða.

Þá er útgjaldaliðurinn. Þar eru nokkrar umframgreiðslur. Til símtala, símskeyta og burðareyris embættismanna eru veittar í fjárlögum 10,000 kr., en greitt kr. 23,225,84. Umframgreiðslan er því yfir 13,000 kr. Það sýnist ekki vanþörf á að hækka áætlunina á þessum lið, þegar umframgreiðslan er svona mikil. Satt að segja, kosta þau nokkuð mikið fje, öll þessi símskeyti, samtöl

og burðareyrir, og fara því sumir embættismennirnir að verða dýrir, þegar öll kurl koma til grafar.

Til þess er gerð fjárhagsáætlun, að gerð sje tilraun til að fara ekki fram úr henni, síst fram úr öllu hófi. Reikningarnir fyrir þennan lið segja endurskoðunarmennirnir að komi ósundurliðaðir frá stjórnarráðinu, en áður hefir komið fram krafa um að hafa þá sundurliðaða, og stjórnarráðið lofað því. Það ætti að gera glögga grein fyrir þessu, því að það er nauðsynlegt að vita, hvernig stendur á þessum mikla kostnaði, og ef það kæmi í ljós, að einhver eyddi óþarflega miklu í þetta, væri ekki úr vegi að leggja hömlur á það.

Loks kemur 52. atriði í athugasemdum endurskoðunarmanna, og það er um póstsjóðinn. Það er allmikill mismunur, sem þar kemur fram, yfir hálft þriðja þús. kr., sem ekki er fært til reiknings 1915. Svör stjórnarinnar eru þau, að mismunurinn hafi ekki verið kominn inn, en gangi upp í viðskiftin við dönsku póststjórnina næsta ár. Þetta er að vísu ekki stór fjárupphæð, en þessi og þvílíkar tilfærslur valda því, að ekki verður sjeð með neinni nákvæmni, hvernig reikningarnir standa það og það árið.

Þá er 65. atriði, um rannsókn símleiða. Það var spurt, hvernig stóð á ýmsu, sem varið var til rannsókna á símleiðum, og endurskoðendur fullyrða, að kostnaðinum við rannsóknina hafi verið jafnað niður af handahófi. Í svörum landssímastjórans stóð, að því hefði ekki verið jafnað af handahófi, heldur eftir nákvæmri ágiskun. Munurinn er ekki mikill, en það virðist undarlegt, að höfð sje ágiskun við það, hvað rannsókn hinna ýmsu símalína kostar, því að það ætti að vera hægt að bókfæra nákvæmlega kostnaðinn.

Svo er eitt atriði, sem jeg vil nefna, þótt nefna mætti mörg fleiri, og það er landsverslunin og það fje, sem landssjóður hefir lagt í þá verslun. Það hafa komið einar 3 greinargerðir um það frá stjórnarráðinu, en þeim ber ekki saman, og skekkjan milli þeirra og landsreikninganna leikur á mörgum hundruðum þúsunda króna, sem stjórnarráðið segist hafa lagt í verslunina um fram það, sem getið er um í landsreikningunum. Þegar endurskoðunarmennirnir biðja um skýringu og stjórnarráðið fer að leita í fórum sínum, gefur það þrjár greinargerðir; en svörunum frá því ber ekki saman, svo að málið verður því óljósara, sem fleiri skýrslur koma um það. Þótt engu fje sje hjer glatað nje misbrúkað, þá er þetta þó öldungis ófært, og verður að kippa því í lag sem allra fyrst. Hjer er ekki heldur um neina smáreikningsskekkju að ræða.

Út af einni aths. endurskoðunarmannanna viðvíkjandi því fje, sem landssjóður á í sjóði, þá kemur það upp úr kafinu, að það er nokkuð á 2. hundrað þúsund kr., sem liggur vaxtalaust í járnskáp niðri í Landsbanka. Jeg hjelt, að landssjóður hefði þó nóg við fje sitt að gera, og rjettara mundi fyrir hann að láta fje sitt ávaxtast eftir föngum. (**M. G.:** Hann þarf að hafa það til útborgana.) Hann notar alls ekki þetta fje til daglegra útborgana; það er ekki, heyri jeg sagt, farið í þennan skáp nema endrum og eins, oft og tíðum með margra daga millibili eða meira.

Það eru enn mörg atriði ónefnd viðvíkjandi landsreikningunum, sem mikil ástæða hefði verið til að minnast á, og vonandi er, að gangskör verði gerð að því að koma reikningsfærslunni í stjórnarráðinu í betra horf.

Einar Arnórsson: Það er ekki nema sjálfsagt, eðlilegt og löglegt, að endurskoðunarmenn og Alþingi finni að

því, sem aflaga fer hjá landsstjórninni, en þær aðfinslur verða þó að vera á viti og sanngirni bygðar, ef þær eiga að bera tilætlaðan árangur. Jeg verð að segja það, að sumar af aðfinslunum við landsreikninginn 1914 voru blátt áfram hlægilegar, t. d. sumar um vegamálareikningana og reikninga safnanna. Þær eru altof smávægilegar, eins og háttv. fjárhagsnefnd hjelt rjettilega fram.

Það eru að eins fá atriði, sem jeg vil víkja ofurlítið að, og það er þá fyrst um bæjarsíma Reykjavíkur. Það var víst árið 1912, að bæjarsími Reykjavíkur, sem áður var eign hlutafjelags, var lagður undir landssímann. Það varð þá að samkomulagi milli símastjórans og þáverandi ráðherra, Hannesar Hafsteins, að símastjórinn fengi sjerstaka aukaþóknun, 5—600 kr. á ári, fyrir að hafa á hendi umsjón með starfrækslu bæjarsímans. Jeg skal ekkert fara út í það, hvort þessi ráðstöfun hafi verið rjettmæt, en hvað sem um það er, þá sætti hún einhverjum mótmælum á þinginu 1913, en þó mun stjórninni ekki hafa verið skipað að ónýta þessa ráðstöfun; til þess, að það yrði gert, þyrfti sjerstaka skipun um það í fjárlögunum, að kippa bæri þessu til baka, eða þingsályktun. Það getur nefnilega verið mikið álitamál, hvað hver einstakur embættismaður er skyldur til að inna af hendi, sem embættisverk.

Þá kem jeg að till. endurskoðendanna út af ferðakostnaðinum til umsjónarmanna vitanna. Það hefir verið venja, að sjerkostnaður vegna ferðalaga í sambandi við byggingu hvers vita hefir verið tekinn á byggingarkostnaðarreikning vitans, en ekki tekinn af fjárupphæð þeirri, sem veitt er í fjárlögunum til ferðakostnaðar handa vitamálastjóra. Jeg skal t. d. benda á það, að bygging Dalatanga-þokulúðursins hafði í för með sjer utanför fyrir vitamálastjórann. Slíkur kostnaður gat ekki orðið tekinn af fjárveitingu til ferðakostnaðar. Nú spyrja yfirskoðunarmennirnir, til hvers fjenu hafi verið eytt, úr því að ekki sje goldinn með því kostnaður við nýbygging vita. Verkfræðingurinn þarf að fara margar eftirlitsferðir til að sjá um ýmsa vita á landinu. Hann getur t. d. ekki farið í sömu ferðinni að líta eftir vitabyggingu á Svörtuloftum og vitanum í Dyrhólaey. Til þessara síðastnefndu ferða hefir fjeð verið notað.

Mjer hefir verið talið það til ábyrgðar 1915, að greiddar hafi verið 300 kr. fyrir útgáfu skýrslu um forngripasafnið frá því árið 1876, án þess að bókin hafi verið gefin út. Nú er það játað, að þetta fje hafi verið greitt 1914, án þess að bókin væri gefin út. Yfirskoðunarmenn landsreikninganna það ár hafa ekki gert neina athugasemd um að telja stjórninni þetta til ábyrgðar, og vita þeir þó, að skilyrðinu er ekki fremur fullnægt þá en 1915. Jeg skal taka það fram, að það að gefa út bók er samkvæmt málvenju ekki eingöngu það að prenta hana, heldur er það alt verkið, sem útgáfan hefir í för með sjer. Á þinginu 1915 var sett inn í fjárlögin fyrir árin 1916—'17 fjárveiting til þess að semja þessa bók, svo að fjárveitingavaldið hefir þá skilið þetta á alveg sama hátt og stjórnin. Þetta er líka mjög eðlilegt. Hvernig sem annars er litið á störf fornmenjavarðar, þá væri ósanngjarnt að krefjast þess, að hann semdi þessa bók endurgjaldslaust. Annars læt jeg mig þetta mál litlu skifta, enda hefir háttv. fjárhagsnefnd litið alveg rjett á málið.

Þá kem jeg að aths. út af fje því, sem eytt hefir verið til þess að rannsaka járnbrautarlagningu. Stjórnin leit svo á, að úr því að einu sinni hefði verið byrjað á þessu verki, þá væri rjett að halda því áfram, svo að áður-

gerðar rannsóknir yrðu eigi til einkis, því að þótt aðalrannsóknin væri feld á þinginu 1915, þá leit stjórnin svo á, að óhugsandi væri, að þetta mál yrði ekki einhvern tíma rannsakað.

Þá skal jeg víkja nokkrum orðum að háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Hann stóð hjer upp og hjelt stranga reiðiprjedikun yfir stjórninni út af landsreikningunum. Sumt af því, sem hann sagði, var rjettmætt, en sumt var aftur bygt á mesta misskilningi og vanþekkingu. Jeg skal benda háttv. þm. (J. B.) á það, að fjárhagsnefnd og aðrir hafa á undan honum lagt það til, að frímerkjabirgðir landsins yrðu taldar og skrá gerð yfir þær. Jeg bendi honum á þetta af því, að mjer fanst hann tala um þetta eins og hann hefði fundið upp þetta »púður«.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) sagði um svör stjórnarinnar 1915 við aths. yfirskoðunarmannanna, þá skal jeg geta þess, að jeg ber enga ábyrgð á þeim. Það var landritari, sem stóð þar fyrir svörum. Okkur fanst rjett, að hann svaraði þeim, af því að hann var því máli kunnugastur.

Jeg nenni ekki að vera að eltast við ýmislegt smælki, sem háttv. þm. (J. B.) mintist á, svo sem málskostnað í opinberum málum og endurgreiðslu skyndilána. En eitt var það, sem hann talaði um, sem lýsti hinni róttækustu vanþekkingu, og það var þegar hann var að tala um embættissamtöl og frímerkjakostnað embættismanna. Það er ekkert um slíka reikninga að segja, því að þessu fje er varið beint í þarfir embættisins, en ekki í þarfir embættismannanna. Hann taldi það óhæfu, að þessi fjárveiting færi langt fram úr áætlun, og hjelt víst, að hún gengi beint til embættismanna, en eins og jeg hefi sagt honum þá er ekki svo. Þetta fylgir blátt áfram embættinu og gengur beint í þágu landsins. Jeg skal til dæmis nefna það, að oft getur sparast mikið fje, að sýslumaður geti símað til þess, sem á að borga toll, í stað þess, að hann yrði annars að takast ferð á hendur til að innheimta tollinn. Sömuleiðis má nefna það, að landlæknir þarf oft og einatt að síma til hjeraðslækna, þótt ekki komi upp nema örlítil veikindi, ef hætta getur verið á ferðum. Sömuleiðis má nefna það, að á okkar mælikvarða er það stórfje, sem eytt er í símskeyti beint vegna stríðsins, og yfirleitt má segja það, að eftir því, sem viðskiftalífið í landinu þróast, því meiru fje er varið til skeytasendinga. Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) ætlast til, að ríkt eftirlit sje haft með því, að embættismenn misbrúki ekki vald sitt til að senda skeyti og fá endurgreiddan frímerkjakostnað. Jeg skal nú upplýsa háttv. þm. (J. B.) um það, að það er haft eftirlit með þessu. Það eru föst ákvæði um það, hverjir megi nota þjónustufrímerki og hverjir megi senda skeyti á landsins kostnað, og jeg veit ekki nokkurt dæmi til þess, að slíkt hafi verið misbrúkað. Hafi nokkur ágreiningur orðið um það, þá hefir stjórnarráðið skorið úr. Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) láðist að geta þess, að það að senda skeyti innanlands, á kostnað hins opinbera, er í raun og veru ekki annað en að taka úr einum vasanum og láta í hinn. (**J. B.**: Jeg vissi það). Ef háttv. þm. (J. B.) hefir vitað það, þá átti hann að geta þess með fullum drengskap og sannleika. Um utanlandsskeytin er það að segja, að þau eru nær eingöngu send af stjórnarráðinu og eru sjálfsögð og óhjákvæmileg, einkum eins og nú stendur. En ef endurskoðendurnir ætluðu sjer að fara að rannsaka allan símskeytareikninginn, þá býst jeg við, að þeim veitti það erf-

itt. Hvað áætluninni um slíkan kostnað viðvíkur, þá er það að segja, að ógerningur er alveg að áætla nokkuð um það, hve mikill kostnaðurinn verður fyrir fyrra árið, hvað þá síðara ár fjárlaganna. Það sjer t. d. enginn, hve mikið fje muni þurfa til þessa árið 1919. En ef stjórnin ætlaði sjer að fara að takmarka skeytasendingar vegna kostnaðarins, þá væri það mjög vítavert. Því að það gæti kostað landið mörg hundruð þúsundir króna. Það væri líka mjög vítavert, ef embættismenn væru svo nánasarlegir að vanrækja að senda skeyti, þegar þörf væri á. Það gæti t. d. verið hættulegt, ef hjeraðslæknar vanræktu að tilkynna landlækni, ef næm sótt kæmi upp í hjeraði þeirra.

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) var með einhverja Gróusögu um það, að mikið fje væri geymt ávaxtalaust í járnskáp í Landsbankanum. Það kemur auðvitað fyrir, að talsvert fje liggur í Landsbankanum, sem ætlað er til daglegra útgjalda, og jafnvel mun það vera stundum 100 þús. kr. En jeg get frætt háttv. þm. (J. B.) á því, að kassi landssjóðs þarf oft og einatt að vera stærri en það.

Athugasemdir háttv. þm. (J. B.) út af kostnaðinn við rannsókn símleiða get jeg leitt hjá mjer. Jeg skal að eins géta þess í því sambandi, að fyrir nokkrum árum var heimtaður kaffibollareikningur af vissum manni, sem var í þjónustu landsins. Mjer virðist eitthvað líku máli að gegna um þetta. Hvorugt mun vera til eftirbreytni.

Sú athugasemd, sem háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) kom með um landssjóðsverslunina, var rjett. Það er satt, að ekki var gengið frá reikningunum nógu snemma. En nú er stjórin búin að láta gera upp reikninginn, og mun það sjást, að þar hefir ekki verið stolið stórfje.

Loks tek jeg það fram, að jeg ber enga ábyrgð á því, hvernig reikningurinn 1915 er úr garði ger. Frá honum er gengið af núverandi stjórn, en ekki mjer.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Í sambandi við landsverslunina vil jeg taka það fram, að reikningar hennar hafa verið endurskoðaðir nákvæmlega, og verða þeir allir lagðir fyrir yfirskoðunarmenn landsreikninganna á sínum tíma. Jeg lít svo á, að þeir heyri undir yfirskoðunarmennina frekar en þingið. En vilji þingnefndin kynna sjer þá, þá fer um það atriði samkvæmt stjórnarskránni.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) taldi ekki nóg að snúa sjer til stjórnarráðsins til að fá upplýsingar um landsreikningana. En jeg veit ekki, hvert annað væri sjálfsagðara að fara. Sami þm. mintist á fjárveitinguna til Hvanneyrarskólans. Það atriði skiftir ekki miklu máli. Tilgangur skólastjóra mun vera sá að eyða ekki meiru fje en veitt var alls til skólans. En auðvitað hefði hitt verið formlega rjettara að verja því, sem veitt var til verklegs náms, til þess, sem það var ætlað, og leita svo aukafjárveitingar til þeirra liða, sem fóru fram úr áætlun.

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hjelt langa ræðu, bygða á miklum misskilningi, enda er hann ekki nógu kunnugur þessu máli. Fyrst skildi hann ekki, hvernig það getur átt sjer stað, að póstávísanaviðskiftin við Danmörku löguðust eða aflöguðust af sjálfu sjer. Þetta er þó ofboð auðskilið. Hvernig getur þm. t. d. haldið, að póstávísanaviðskifti Íslands og Danmerkur standi í járnum 31. desbr. ár hvert? Það er sem sje auðsætt, að þegar bæði vjer og Danir gerum reikning, miðaðan við sama daginn, er það hrein tilviljun, ef sama upphæð kemur fram hjá báðum, vegna þess, að bæði hjer og í Danmörku hafa verið borgaðar út

og inn póstávísanir, sem ekki eru komnar til inn- eða útborgunar í hinu ríkinu. Þetta kemur alt fram á sínum tíma. Það er því hárrjett að segja, að viðskifti þessi lagist og aflagist af sjálfu sjer.

Í öðru lagi talaði þingm. (J. B.) mikið um frímerkjabirgðirnar. Jeg veit ekki, hvort hann hefir tekið eftir tillögum nefndarinnar um þetta, en, að því er jeg best gat skilið hann, þá uppfylla þær óskir hans.

Háttv. þm. (J. B.) er sýnilega ókunnugt um, að allar frímerkjabirgðir eru geymdar í lokuðum skáp í stjórnarráðinu, og ekkert afhent póstmeistara nema gegn kvittun, og þessar kvittanir sýna, hversu miklu fje hann eigi að standa landssjóði skil á. Altaf er hægt að sjá af prentunarkostnaðarreikningunum, hve mikið af frímerkjum hefir verið prentað, og með því að bera saman þessa reikninga og kvittanir póstmeistara er altaf hægt að sjá, hve mikið er til af frímerkjum óeytt, svo að enginn getur dregið sjer neitt af þeim.

Sami háttv. þm. (J. B.) kvartaði yfir, að ekki væri hægt að fá neinn botn í landsreikningunum, þegar ókunnugt væri um frímerkjabirgðirnar. En þær koma landsreikningunum ekkert við. Eða vill þm. reikna óseld frímerki sem peninga? Um það er mjer kunnugt, að hætt er að afhenda gömul frímerki í stjórnarráðinu. Þau eru geymd í sama skáp í stjórnarráðinu og önnur frímerki.

Þá er athugasemdin við símatekjurnar. Í nál. segir, að skýrslu yfirskoðunarmanna og stjórnarinnar beri ekki saman. Og vegna þessa leitaði jeg mjer, sem framsögumaður, upplýsinga um, hvort rjettara væri, og fjekk ábyggilega vissu um, að stjórnin hefir hjer á rjettu að standa. Stjórninni þarf því engar getsakir að gera út af þessu, enda væri henni skaði að, ef rangar væru.

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) talaði og af mikilli vanþekkingu um símtöl og frímerki embættismanna. Háttv. 2. þm. Árn. (E.A.) hefir svarað því. Jeg vil að eins nefna eitt atriði, sem sýnir, að framsláttur þm. (J. B.) um þetta er fjarstæða. Síðan stríðið hófst er stöðugt verið að krefja sýslumenn um ýmiskonar skýrslur og upplýsingar, og altaf eru þær heimtaðar símleiðis. Heldur nú háttv. þm. (J. B.), að þetta færi ekki fram kostnaðinn? Heldur hann, að það kosti ekki dálitið að senda hvað eftir annað símleiðis skýrslur um vörubirgðir á öllu landinu, verð þeirra í hverju kauptúni o.fl. o.fl.? Þetta ætti þm. (J.B.) að vera kunnugt um, þar sem hann situr í verðlagsnefndinni, en hún hefir ekki gert minst að því að fá skýrslur utan af landi, sem orðið hefir að senda símleiðina.

Það var óhyggilegt af þingmanninum að vera nokkuð að minnast á óendurgreidda málskostnaðinn. Jeg skil ekki í því, að hann hafi nein tök á að mynda sjer nokkra skoðun um þann lið, og orð hans sýndu, að hann hefir ekki einu sinni reynt það. Málskostnaður getur oft verið ófáanlegur, t. d. þegar menn reynast algerlega saklausir. Þá á hið opinbera að bera kostnaðinn samkvæmt lögum. Hvað það snertir, að skrá hefði átt að fylgja, þá er hún ekki til, en yfirskoðunarmenn gátu kynt sjer alt hjer að lútandi hjá stjórninni.

Yfirleitt hefir 1. þm. Reykv. (J. B.) verið að tala um það, sem hann ber ekki minsta skyn á.

Um peningaskápinn þarf ekki margt að segja. En jeg hygg, að peningarnir, sem í honum eru, sjeu ekki ver komnir, þótt bankastjórnin hefði annan lykil-

inn og landsstjórnin hinn. En fjeð þarf að vera þarna, ef stórar greiðslur koma fyrir. Þá er nauðsynlegt að geta gripið til þessa fjár. Þetta fyrirkomulag, að geyma meginhluta peninga landssjóðs í sjerstökum skáp, er tveir geyma lykla að, er gamalt, frá dögum landfógeta og landshöfðingja, og til þess gert, að fje þetta sje tryggilega geymt. Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hefir því vaðið mjög reyk í þessu efni.

Jörundur Brynjólfsson: Sumir þingmenn, sem talað hafa, hafa, að því er virðist, skilið orð mín svo, að jeg hefði verið að drótta að stjórninni eða starfsmönnum hennar, að hún muni hafa misbrúkað það fje, sem jeg taldi ekki nægilega grein gerða fyrir. Jeg sagði ekki eitt orð í þessa átt. Hitt sagði jeg, að reikningsfærslan væri ekki í eins góðri reglu af hendi hins opinbera og æskilegt hefði verið. En það er mjög óverðskuldað og óviðeigandi að koma með nokkrar getsakir í garð minn, um að jeg hafi, með orðum mínum áðan, dróttað óráðvendni að nokkrum. Jeg vænti líka, að flestir háttv. þingmenn hafi ekki misskilið orð mín á þann veg. Viðvíkjandi því, er andmælendur mínir hafa sagt, get jeg ekki farið að rekja lið fyrir lið, heldur víkja að eins nokkrum orðum að nokkrum atriðum.

Viðvíkjandi orðum háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) skal jeg geta þess, að jeg ávítaði engan fyrir það, hve mikil símagjöld opinberra starfsmanna hafa orðið. En hinu hjelt jeg fram, að það væri leiðinlegt, hve mikið bæri á milli áætlunarupphæðar og þeirrar, er borguð hefir verið. Stríðið var byrjað þegar áætlunin var gerð, og því hefði mátt búast við, að hægt hefði verið að hafa hana rjettari. Jeg sagði einmitt, að þessa upphæð hefði átt að áætla miklu ríflegar. Endurskoðunarmennirnir hafa áður farið fram á, að skýr grein væri gerð fyrir þessum lið, en stjórnin hefir ekki orðið við þessu enn. Þessi athugasemd mín er því ekki til komin af neinni vanþekkingu.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði og, að fjeð, sem geymt er í járnskápnum í bankanum, væri notað við dagleg viðskifti. En eftir því sem mjer hefir verið tjáð, og það hefi jeg frá góðum heimildum, er fje þetta alls ekki notað til daglegra þarfa, heldur sem skiftifje, og til þess þarf ekki að nota það nema endrum og eins. Það virðist ekki nauðsynlegt að láta svo stóra upphæð liggja vaxtalausa, að eins til að grípa til, ef þarf að skifta peningum.

En það lagði jeg áherslu á, að reikningsfærsla bæði landssjóðs og landsverslunarinnar þyrfti að vera miklu gleggri. Það var misskilningur hjá hv. 2. þm. Árn. (E. A.), að jeg væri nokkuð vondur út af þessu. Jeg fann bara að því, sem mjer fanst sjerstaklega aðfinsluvert.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) ætlaði, að jeg vildi viðhafa kaffibollareikning við rannsókn símleiða. Það er misskilningur. Það er enginn kaffibollareikningur, þar sem 1000 kr. eru taldar til útgjalda við rannsókn á einni símalínu, en var varið til að greiða 1000 kr. skuld, algerlega óviðkomandi þessari símalínu o. s. frv.

Háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) þarf jeg ekki mörgu að svara. Hann virtist vera undur ánægður með landsreikninginn, hvernig frá honum er gengið, en taldi aðfinslur mínar af vanþekkingu gerðar. Jeg skal ekki um þetta þrátta við hv. þm. (M. G.). Landsreikningurinn sýnir sig, og þar geta aðrir dæmt um, og jeg mun óhræddur bíða þess dóms. Svar stjórnarráðsins viðvíkjandi póstviðskift-

um milli Danmerkur og Íslands þótti honum ágætt. Gott honum, en ekki nægir það mjer.

Annars töluðu þessir tveir háttv. þm. aðallega um smáatriðin, sem jeg nefndi, en báru ekki við að rjettlæta það, sem mestu skiftir í þessu máli, sem sje þar sem mestri fjárhæð ber á milli athugasemda endurskoðenda og skýringa stjórnarráðsins.

ATKVGR.

Brtt. 412, 1. samþ. í e. hlj.

— 412, 2. samþ. í e. hlj.

— 412, 3. — án atkvgr.

Teknabálkurinn, svo breyttur, samþ. í e. hlj.

Brtt. 412, 4. samþ. í e. hlj.

Gjaldabálkurinn, svo breyttur, samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 485).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 21. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um samþykt á landsreikningnum 1914 og 1915,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 522).

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 23. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil leyfa mjer að gera það að till. minni, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar, að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv., og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1602) með 11 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., föstudaginn 7. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 522, n. 802).

Frsm. (Hannes Hafstein): Eins og tekið er fram í hinu mjög svo ítarlega áliti nefndarinnar þá hefir hún engar aðrar tillögur fram að bera en að frv. verði samþykt.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., mánudaginn 10. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 522).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 869).

5. Laun hreppstjóra og aukatekjur.

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 2. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m. (A. 7).

Á 2. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Eins og háttv. þingdm. er kunnugt var hinn 9. des. 1914 sett nefnd til að athuga launa- og eftirlaunamálið. Nefndarálitið er komið út, en hefir víst ekki verið útbýtt enn sem komið er. Þótt í fyrstu muni hafa verið til þess ætlast, að launamálið yrði tekið alt fyrir á þessu þingi, hefir ráðuneytið ekki sjeð sjer fært að leggja fram ákveðnar tillögur í þessu máli, sakir óviss peningaverðs og ýmissa orsaka annara. Það er kunnugt, að skattamálanefndin frá 1907 fór ekki eins langt, áætlaði tekjur hreppstjóra ekki eins háar og launanefndin hefir gert. Ráðuneytið hefir fallist á tillögur launanefndarinnar í þessu efni og því tekið frv. upp. Störfin eru víðast ekki nema aukastörf, en svo illa borguð, að varla má bíða lengur, að bót sje á ráðin. Með þessu frv. hækka launin um helming, og ætti að vera bót í því, þótt þau sjeu enn oflág. Þó bætir það nokkuð úr, að eftir frv. verða aukatekjurnar nokkru sæmilegri en áður. Jeg held, að Alþingi hafi gleymt að færa upp þær aukatekjur, er aukatekjur landssjóðs voru hækkaðar.

Tel jeg svo ekki þurfa að segja fleira um frumv. Vil jeg stinga upp á, að því verði vísað til allsherjarnefndar. Að vísu hefir frv. nokkur útgjöld í för með sjer, en þó tel jeg rjett, að allsherjarnefnd fái málið til meðferðar, með því að jeg býst við, að þessi nefnd eigi að starfa að þeim málum, er snerta lögstjórn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 13. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 73).

Framsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal reyna að vera ekki langorður, en verð þó að gera nokkra grein fyrir nál. á þingskj. 73. Nefndin er öll á einu máli um það, að nauðsynlegt sje að bæta eitthvað kjör hreppstjóra. Þau hafa altaf verið vesöl, og eru auðvitað verri nú en nokkru sinni fyr.

Þótt nefndin hafi fallist á tillögur stjórnarinnar í aðalatriðunum, hefir hún þó komið sjer saman um að gera nokkrar brtt.

1. brtt. er um ferðakostnaðinn. Í stjórnarfrv. er ekki gert ráð fyrir ferðakostnaði, nema ferðast sje 10 km. á landi og 5 km. á sjó. En nefndinni þótti rjett að hafa altaf ferðakostnað, og aldrei minna en 1 kr. fyrir vegalengdir upp að 10 km. á landi og 5 km. á sjó, og hlutfallslega fyrir þá vegalengd, sem þar er fram yfir.

2. brtt. er við 7. gr. Þar eru uppboðslaun til hreppstjóra færð niður úr 25 kr. í 16 kr., en aftur gert að skyldu að greiða hreppstjóra ferðakostnað samkvæmt 4. gr. Þetta þótti í samræmi við aðra hækkun, að hækka þessi laun um helming, eða úr 8 kr. í 16 kr. Þessi borgun, 16 kr., fyrir uppboð, virðist sæmileg, þegar tekið er tillit til annarar borgunar handa þeim, t. d. úttekt. Jeg held, að hreppstjóralaun verði

eftir till. nefndarinnar eins há og eftir stjórnarfrumv., að öllu saman lögðu.

3. brtt. er við 9. gr., um birting á fyrirkalli, stefnu, dómi o. s. frv. Nefndinni þótti sanngjarnt að hafa altaf sama gjald, því að verkið er altaf hið sama, hvort sem málið nemur hárri eða lágri upphæð. Landssjóður gefur eftir af gjaldinu, þegar upphæðin er undir 50 kr., en við því er varla að búast, að einstakir menn vilji yfirleitt gera hið sama.

4. brtt. er um úttekt. Nefndin leggur til að hækka gjaldið um 1 kr., eða upp í 4 kr. Þetta er vandasamt og mikið starf, og 4 kr. síst ofhá borgun.

Þá er skotið inn nýrri grein, um borgun til landskiftamanna, og er það í rjettu samræmi við úttektargjaldið.

6. brtt. er orðabreyting.

7. brtt er um nýja gr. um eftirrit og »akta«. Hingað til hefir verið greitt 50 au. fyrir hverja örk, en nefndin stingur upp á 1 kr., og 50 au. fyrir hálfa örk eða minna. Líklega þarf hjer brtt. við 3. umr., og mun nefndin athuga það, því að, eins og greinin er nú, nær hún til Þjóðskjalasafnsins, en getur ekki átt þar við í öllum greinum. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið að sinni.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg er þakklátur háttv. nefnd fyrir undirtektir hennar undir frv. Eins og stendur þykir mjer það bæta að hækka heldur en að lækka, og það sýnist nefndin hafa gert. Að eins vil jeg geta þess, að mjer finst, að 25 kr. hefði mátt standa, þótt ferðakostnaður væri og greiddur, því að vitanlega eru uppboð oft miklu smærri en svo, að uppboðslaun nemi 16 kr. Sum uppboð nema mjög lágri upphæð, 50 kr. eða minna, t. d. fyrir ómaga. Held jeg því, að 25 kr. hefðu mátt standa, en það er ekki stórt atriði. Yfirleitt sýnist mjer, að nefndin hafi bætt frv.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Að eins örfá orð. Það er rjett, að hreppstjórar verða oft að halda smá uppboð, en þá bætir ferðakostnaðurinn þau upp. Þeir fá og nú fleiri uppboð en áður. Því að nú er það felt burt, að sýslumenn skuli halda þau uppboð, sem ætla má að nemi meiru en 200 kr. Held jeg því, að fleiri uppboð muni koma til kasta hreppstjóra en áður, og hreppstjórar verði því betur settir eftir en áður.

Hákon Kristófersson: Jeg get ekki verið háttv. nefnd alveg sammála, sjerstaklega þar sem hún gerir ráð fyrir 1 kr. í ferðakostnað fyrir 10 km. eða minna á landi og 5 km. á sjó. Jeg held, að allir sjái, að þetta sje svo lítil borgun, að betra sje, að hún sje engin, og að þetta sje skyldukvöð, er hvíli á hreppstjórum, með tilliti til þess, að aðrar aukatekjur þeirra verði, ef frv. þetta nær fram að ganga, að mun meiri en verið hefir. Jeg get líka betur fallist á 7. gr., eins og hún kom frá stjórninni, en lækkunina úr 25 kr. niður í 16 kr., þó að jeg geti, að sjálfsögðu, fallist á, að það sje mjög sómasamleg borgun að fá 16 kr., en þau tilfelli munu verða mjög fá. Jeg býst við, að háttv. nefnd sje það vitanlegt, að flest uppboð, er hreppstjórar halda, eru undir 100 kr., og þurfa þeir oft að fara allangan veg til þess að framkvæma þau. Jeg sje og, að nefndin hefir ekki gert brtt. um flokkun launanna eða niðurröðun, og virðist mjer, að því hefði mátt koma betur fyrir. Eftir minni þekkingu lít jeg svo á, að þótt íbúafjöldi sje lítill í einum hreppi, þá getur staðháttum þar verið svo háttað, að hreppstjórn þar verði að mun erfiðari en í hinum fólks-

mörgu, því að íbúatala hreppa fer ekki æfinlega eftir því, hve víðlendir þeir eru; þar af leiðandi er ekki víst, að sanngjarnasti mælikvarðinn sje að miða kaupið við íbúafjölda hreppanna. Bjóst jeg því við, að háttv. nefnd mundi færa þetta eitthvað til, lækka í fyrsta flokki, en hækka í öðrum og þriðja. Að háttv. nefnd hefir enga breytingu gert á flokkaskipuninni á launununum kemur eflaust af því, að hún lítur á það atriði málsins eins og hæstv. stjórn, og tel jeg hana ekki sjerlega ámælisverða fyrir það, því að sjálfsögðu mun hún hafa athugað þetta atriði frv., og þá komist á þá niðurstöðu, að ekkert væri við það að athuga.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Háttv. þm. Barð. (H. K.) virðist hafa misskilið 1. brtt. Hún fer einmitt fram á að bæta kjör hreppstjóra. **(H. K.:** Það er engin bót.) Það er þó betra að fá dálitla borgun fyrir 5 km. á sjó en ekki neitt, og ef lengra er farið, verður borgunin tiltölulega meiri, en eftir frv. stjórnarinnar var ekki gert ráð fyrir neinum ferðakostnaði fyrir alt að 5 km. á sjó og 10 km. á landi.

Nefndin tók flokkunina til athugunar, en varð að álíta, að yfirleitt væri meira að gera í fjölmennari hreppunum, og reglur verður að setja um hið algenga og almenna. Um undantekningar verður erfitt að setja reglur.

Þótt rjett sje það, sem háttv. þm. Barð. (H. K.) sagði um uppboðin, þá gleymdi hann því, að nú má óhætt gera ráð fyrir, að fleiri og stærri uppboð komi til hreppstjóranna kasta hjer eftir en hingað til, og þá verður sú tekjugrein þeirra stærri en áður. Jeg sje svo ekki ástæðu til fleiri orða út af þessum aths.

Hákon Kristófersson: Jeg vildi að eins mega leiðrjetta misskilning, sem mjer fanst kenna hjá háttv. framsm. (M. G.).

Hann sagði, að jeg hefði slegið föstu, að uppboðin færu ekki fram úr 100 kr. Jeg sagði, að þau væru langflest undir 100 kr., og býst jeg við að leiða mætti rök að því. Verð jeg því að álíta, að mín ályktun standi óhrakin. Jeg vil í engan máta gera lítið úr hans skoðun um ferðakostnaðinn, en jeg þekki hreppa á Breiðafirði, þar sem hreppstjórinn þarf að fara alt á sjó, er hann ferðast sem hreppstjóri. Ef hann þarf nú í hvert skifti að manna út bát með fjórum mönnum, leiðir það af líkum, að 1 kr. fyrir hverja 5 km. er ekki nægileg borgun fyrir tilkostnað þann, er hann þarf að hafa.

Þórarinn Jónsson: Það er sjerstaklega einn liður í áliti nefndarinnar, sem jeg vildi leyfa mjer að gera ofurlitla athugasemd við. Nefndin leggur til, að eftirrit úr embættisbókum og skjalasöfnum sje borgað með 1 krónu fyrir hverja örk. Háttv. frsm. (M. G.) gat þess, að það gæti meira að segja álitist nokkuð lítil borgun. Jeg skal ekki hafa á móti því, að svo megi teljast. En ef hin háttv. nefnd álítur, að ekki sje hægt að skrifa eina örk fyrir minna en krónu, er þá nokkur sanngirni í því, að fyrir úttekt, skoðun eða matsgerð á fasteign sje goldið að eins 4 kr.? Gera má ráð fyrir, að dagurinn fari í það, í hvert sinn er eitthvert slíkt verk þarf að gera. Það ætti þó að vera hægðarleikur að skrifa 6 arkir á dag, með hæfilegum vinnutíma, og væru þá daglaunin við það að minsta kosti 6 krónur. Það sje fjarri mjer að telja það ofháan taxta. En er þá nokkurt samræmi í launaákvörðunum þeim, sem stungið er upp á í 4. og 5. tölul. nefndarálitsins? Vilji nefndin vera sjálfri sjer samkvæm, hlýtur hún að geta fallist á

það, að greiðsla sú, sem farið er fram á í greindum töluliðum, sje fjarska lítil, töluvert lægri en borgun sú, sem 7. töluliður fer fram á.

Jeg ætla mjer ekki að gera ágreiningsatkvæði. Vildi að eins skjóta því til háttv. nefndar, hvort hún vildi ekki athuga málið betur fyrir 3. umr., og hækka laun fyrir úttekt, skoðun og matsgerðir, svo og landskifti, svo að greiðsla fyrir þessi störf yrði í samræmi við greiðslu fyrir eftirrit úr embættisbókum og skjalasöfnum.

ATKVGR.

1—3. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 73, 1. samþ. með öllum greiddum atkv. gegn 1.

4. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

5.—6. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 73, 2. (ný 7. gr.) samþ. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., M. G., P. J., P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Ó. B.

nei: B. Sv., B. St., H. K., J. J., J. B., M. Ó., S. S, Þorl. J., Þorst. J., Þór. J.

8. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 73, 3. samþ. með öllum greiddum atkv. gegn 1.

9. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

Brtt. 73, 4. samþ. í e. hlj.

10. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

Brtt. 73, 5. (ný 11. gr.) samþ. í e. hlj.

11. gr. (verður 12. gr.) samþ. í e. hlj.

Brtt. 73, 6. samþ. án atkvgr.

12. gr., svo breytt, (verður 13. gr.) samþ. í e. hlj.

Brtt. 73, 7. (ný 14. gr.) samþ. með öllum greiddum atkv. gegn 1.

13. og 14. gr., (verða 15. og 16. gr.) samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

A 15. fundi í Nd., föstudaginn 20. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 105, 120, 126).

Framsm. (Magnús Guðmundsson): Það er örlítil brtt. hjer á þgskj. 120, frá allsherjarnefndinni, sem jeg ætla að minnast á. Hún gengur út á, að aftan við 14. gr. verði bætt því, að ákvæði hennar nái ekki til þeirra afrita, er ræðir um í 2. málsgrein 6. gr. reglugerðar 13. jan. 1916, um Þjóðskjalasafnið í Reykjavík. Um þessi eftirrit verða að gilda sjerstakar reglur, svo að brtt. er sjálfsögð.

Þá er brtt. á þgskj. 126, frá háttv. þingm. Barð. (H. K.), um laun hreppstjóranna. Nefndin hefir ekki átt kost á að bera sig saman um hana, en jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð, að hún sje til bóta. Annars ætla jeg ekki að fara fleirum orðum um hana fyr en jeg heyri rök háttv. flutningsmanns hennar (H. K.).

Hákon Kristófersson: Við 2. umr. þessa máls ljet jeg þess getið, að jeg kynni ekki við niðurröðun á launaflokkum í frumv., og þess vegna hefi jeg leyft mjer að koma fram með

brtt. á þingskj. 126, sem er svo augljós, að hún þarf engra skýringa við. Samkvæmt frumv. er gert ráð fyrir, að lægstu laun hreppstjóra sjeu 60 kr., en hæstu 120 kr. Þrátt fyrir ítarlega athugun hefi jeg enga ástæðu getað sjeð til þess að gera svo mikinn mun á hæst og lægst launuðu hreppstjórunum, eins og frumv. gerir. Í fólksflestu hjeruðunum er ætlast til, að launin verði hæst, og mælir ýmislegt með því, en aftur á móti má telja það sem gefið, að aukatekjur verði, ef ekki mörgum sinnum meiri, þá miklu meiri, í fólksmörgu hreppunum. Það meðal annars ætti að gera það að verkum, að mismunur launanna, eins og hann er gerður samkvæmt frumvarpinu, er ekki rjettlátur.

Jeg vil leyfa mjer að benda á eitt, og það er, að innheimta, t. d. á þinggjöldum, í víðlendum strandlengjuhreppum, er oft mjög erfið. Sömuleiðis er ilt að ná í skýrslur eða undirstöðuatriði til þeirra. Þetta getur alt orðið miklu hægara í fólksmörgum hreppum, sem oft eru ekki eins víðlendir. Sennilega er tekið tillit til þess í frv., að skýrslugerð sje erfiðari í fjölmennu hreppunum, og má það til sanns vegar færa, að skýrslurnar verða nokkru lengri, en að eins að línufjölda eftir mínu viti. En að launamismunurinn geti grundvallast á því, það nær ekki nokkurri átt. Og af því að jeg get ekki sjeð, að það rjettlæti helmingsmismun á launum, hefi jeg leyft mjer að fara fram á, að hæstu launin verði lækkuð og lægstu launin hækkuð, og verður þá meira samræmi í launanum. Vitanlega hefði jeg viljað hafa brtt. öðruvísi, en taldi meiri líkur til, að hún yrði samþykt í þessu formi. Jeg vænti, að meiri hluti háttv. deildar sje svo sanngjarn, að hann sjái, að þetta miðar til bóta. Mjer kæmi það á óvart, ef jafnmætur maður og jeg hygg, að háttv. framsm. (M. G.) sje, viðurkendi ekki, að brtt. miðar í umbótaátt. Háttv. frsm. (M. G.) gat þess, að nefndin hefði ekki átt kost á að bera sig saman um brtt. mína, en jeg skal ekki hafa á móti því, ef nefndin vill athuga hana, að málið verði nú tekið út af dagskrá, þótt jeg álíti það ekki nauðsynlegt. Þó vil jeg taka það fram, að jeg taldi enga þörf á því, að frv. um bætt laun hreppstjóra kæmi nú fram, en þar sem hæstv. stjórn hefir lagt það fyrir Alþ., vildi jeg að mínu leyti stuðla að því, að það yrði sem rjettlátast, og þótt jeg sje ekki ánægður með það, eins og það verður þótt brtt. mín verði samþ., álít jeg það þó nokkru betra, enda sá mjer ekki fært að koma með frekari brtt. Jeg skal ekki fjölyrða meir um þetta, því að það er augljóst, að brtt. mín er sanngjörn.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi ekki á móti því, að tillaga um að hækka lægstu laun hreppstjóra nái fram að ganga, en mjer finst óþarfi að vera að lækka þessi litlu laun niður úr 120 kr. hjá hæsta launaflokki. Jeg skil ekki í, að það sje nauðsynlegt, því að jeg hygg, að háttv. deild vaxi ekki svo í augum einar 10 kr. meira eða minna, og hún mundi áreiðanlega fást eins til að hækka lægsta flokkinn, þótt sá hæsti hjeldi sjer. Jeg held því, að rjett sje að fella staflið a, en samþykkja hina tvo, nema ef háttv. flutningsmaður vildi taka staflið a í brtt. sinni aftur. (**H. K.**: Jeg skal gera það, ef b og c verða samþyktir). Mjer finst þetta svo óverulegt. Jeg man ekki, hve margir eru í hæsta flokki, en landssjóð munar áreiðanlega ekkert um þessar 10 krónur til hvers þeirra.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg tók það áðan fram, að jeg vildi heyra rök hv. þm. Barð. (H.K.), áður en jeg

talaði um brtt. hans. Nú hefi jeg heyrt þau. En af því, að nefndin hefir ekki átt kost á að athuga brtt. eða rök þessi, óska jeg, að málið verði tekið út af dagskrá, til þess að allsherjarnefndin geti athugað hvorttveggja. Annars býst jeg við, að nefndin geti fallist á brtt.

Einar Arnórsson: Jeg vil leyfa mjer að gera þá fyrirspurn, hvort hæstv. forseti telji ekki löglegt, að a-liðurinn verði tekinn aftur, þótt brtt. í heild sinni sje ekki tekin aftur. Mjer finst ekki ætti að þurfa að taka málið út af dagskrá.

Hákon Kristófersson: Með því að það er leið til samkomulags, tek jeg aftur a-liðinn í brtt. minni, og vona þá, að nefndin samþykki hina tvo.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg tek aftur till. mína um að taka málið út af dagskrá og geng inn á stafl. b. og c. á þgskj. 126, eftir að hafa stuttlega ráðgast um það við háttv. meðnefndarmenn mína.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. 126. leyfð og samþ.
Brtt. 126, a. tekin aftur.
— 126. b. samþ. í e.hlj.
— 126. c. — - —
— 120. — - —

Frv., svo breytt, samþ. í e.hlj. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., laugardaginn 21. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 136.).

Á 14. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Magnús Torfason: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að frv. sje vísað til allsherjarnefndar, að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1607) með 11 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 136, n. 371).

Frsm. (Hannes Hafstein): Jeg vil leyfa mjer að leiða athygli háttv. þm. strax að því, að láðst hefir við prentunina á brtt. nefndarinnar að geta þess, að falla skuli niður síðasta málsgrein 10. gr frv.

En það leiðir af öðrum breytingum, sem nefndin hefir gert, að málsgrein þessi falli burt, og vona jeg, að lagfæra megi misfellur þessar við hreinprentun frv., án þess að komið sje með brtt. um það.

Annars eru breytingar nefndarinnar mest formlegs efnis. Þær eru allumfangsmiklar að ytra áliti, en frá efni frv. er þar ekki vikið svo að um muni.

Nefndin hefir lagt það til, að 1., 2. og 3. gr. frv. verði slengt saman í eina grein, og álítur hún, að í henni felist alt, sem segja þarf.

Hjer er um svo lítil laun að ræða, að ekki þótti þörf að búa til langan lista yfir launamismuninn, þótt ýmist sje 10 kr. meira eða minna. Slík flokkun er

ekki heldur í samræmi við önnur lög, sem ákveða slíka þóknun til annara starfsmanna.

Nefndin hefir því lagt til, að hreppstjóri fái í þóknun 80 kr. þar sem íbúatalan fer ekki fram úr 300 manns, og skal þóknun þessi hækka um 5 kr. fyrir hverja 5 tugi íbúa, sem umfram eru 300.

Þetta er ekki stórvægileg breyting og fer ekki fram á mikla hækkun. Skiftir ekki nema 5 kr. að neðan og mest 30 kr. í fjölmennustu hreppunum. En breyting þessi gerir reglurnar miklu einfaldari.

Brtt. 2. er líka samsteypa úr 5. og 6. gr. frv., en það, sem stendur í 4. gr. frv., er fært aftur þannig, að reglurnar um ferðakostnað og dagpeninga komi á eftir reglunum um gjöld fyrir sjerstök verk hreppstjóra. Þótti það betra en að láta reglur þær koma í miðjum kliðum, og verða svo altaf að skírskota til þeirra, eins og gert er í frv. á einum 5 stöðum. Álít jeg, að breytingar þessar geri lögin aðgengilegri fyrir þá, sem eiga að fylgja þeim og læra þau.

Þá hefir nefndin leyft sjer að bæta við nýrri grein, sem gleymst hefir við samningu frv. Það er ákvæði um skoðun skipaskjala. Er það tekið úr lögum frá 14. febr. 1902.

Getur það ekki talist nein breyting frá gildandi lögum.

Af breytingum þessum leiðir það, að greinatala frv. hlýtur að breytast. Vona jeg, að rjett sje með það farið í brtt. nefndarinnar. En sje svo, að gallar finnist, þá má leiðrjetta það við hreinprentun frv.

ATKVGR.

Brtt. 371, 1. (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

— 371, 2. (ný 2. gr.) — — 12 shlj. atkv.

Brtt. 371, 3. samþykt með 10 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, (verður 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 371, 4. samþ. með 9 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt (verður 4. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

— 371, 5. samþ. með 9 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt (verður 5. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 371, 6. a—d. samþ. með 11 shlj. atkv.

— 10. gr., svo breytt (verður 6. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

— 371, 7. (ný 7. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 371, 8. samþ. með 8 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt (verður 8. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

— 371, 9. samþ. með 8 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt (verður 9. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

14. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

— 371, 10. (ný 11. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

— 371, 11. samþ. með 10 shlj. atkv.

15. gr., svo breytt (verður 12. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

16. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., fimtudaginn 16. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 443, 459).

Magnús Torfason: Jeg vil að eins geta þess, að það hefir slæðst villa inn í brtt. þá, er hjer liggur fyrir, að hún eigi við 16. gr., í stað 13. gr., en þetta leiðrjettir skrifstofan.

Þessi brtt. fer fram á það, að laun hreppstjóranna verði reiknuð eftir þessum lögum fyrir alt fardagaárið 1917—1918, en ekki að eins fyrir hálft árið.

Þessi brtt. er svo eðlileg, og í fullu samræmi við það, sem samþ. hefir verið um laun oddvita, að jeg efa ekki, að hún verði tekin til greina.

ATKVGR.

Brtt. 459. samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

A 36. fundi í Nd., föstudaginn 17. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 489).

Á 50. fundi í Nd., mánudaginn 3. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 489, n. 530, 567).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þetta frv. er nú komið hingað aftur frá háttv. Ed., og er talsvert breytt frá því sem var, eins og sjá má. Jeg ætla ekki að fara neitt út í þessar breytingar sjerstaklega, því að það er tekið fram á þgskj. 530, hverjar þær sjeu. Og eins og það ber með sjer hefir allsherjarnefnd, að einum undanteknum, orðið ásátt um að mæla með því, að frv. verði samþykt, eins og það liggur nú fyrir. Frá þeim nefndarmanni, sem skrifaði undir nál. með fyrirvara, háttv. þm. Borgf. (P. O.), er komin fram brtt. á þgskj. 567, sem jeg vildi fara nokkrum orðum um. Þessi brtt. fer í þá átt, að borgun til hreppstjóra fyrir úttekt á jörðum og fyrir landskifti verði færð úr 5 krónum, eins og ákveðið er í frv., niður í 4 kr. Nefndin, eða öllu heldur meiri hluti hennar, leit svo á, að ekki væri ástæða til að fara að hrekja málið milli deilda, fyrir ekki meira atriði en hjer er um að ræða. Og hvað mig snertir persónulega, þá hefi jeg frá upphafi litið svo á, að 5 kr. væri hæfilegt. Því að það er kunnugra en frá þurfi að segja, að úttekt jarða er talsvert vandasamt verk, og engan veginn ofborgað með 5 kr. Enda mun hv. flutnm. brtt. (P. O.) ekki telja þetta ofhátt í raun og veru, heldur álítur hann, að þetta gjald muni koma ofþungt niður á ábúendum. En þetta er smáatriði, og ekki vert að hrekja málið milli deilda fyrir það, eins og jeg tók fram áður.

Líkt er að segja um landskifti, því að þau munu vera jafnvandasamt verk og úttektin. En eins og frv. er orðað frá háttv. Ed. getur það verið vafamál, hvort ætlast er til, að landsskiftamaður eigi að fá 4 kr. fyrir landskiftin öll, eða þá 4 kr. á dag. En jeg þykist vita, að það sje meiningin, og hjer sje átt við dagkaup, því að, eins og menn vita, þá geta landskifti oft staðið 2—3 daga. En jeg tek þetta fram til þess, að þetta geti ekki orkað tvímælis. Þetta er greinilega tekið fram í brtt. háttv. þm. Borgf. (P. O.), svo að því leyti er hún góð, en nauðsyn á brtt. um þetta tel jeg ekki.

Jeg ætla að segja það strax, að jeg býst ekki við að taka til máls, þótt hv. þm. Borgf. (P. O.) mæli með till. sinni, því að jeg veit, að hann hefir ekki aðrar ástæður fram að færa fyrir till. en þær, sem jeg hefi nefnt.

Pjetur Ottesen: Hv. frsm. (M. G.) hefir rjettilega drepið á það, hvað fyrir mjer vakti, er jeg kom fram með brtt. mína á þskj. 567. Með þessu frv. eru allverulega bætt launakjör hreppstjóra, og er það síst að lasta. Háttv. Ed. hefir breytt frv. allmikið á ýmsum

sviðum, og get jeg eftir atvikum felt mig við þær breytingar, aðrar en þær, sem jeg hefi komið með brtt. við. Háttv. Ed. hefir sem sje fært borgun fyrir úttektir upp um 1 kr., úr 4 kr. í 5 kr., og sömuleiðis fyrir landskifti. Eins og hv. frsm. (M. G.) tók fram er 6. gr. frv. svo orðuð nú, að ekki er hægt að skilja annað en að borga eigi 5 kr. fyrir jarðaskifti, eins og fyrir úttekt, en eins og menn vita geta jarðaskifti tekið fleiri daga, og er það auðvitað meiningin, að greiddar sjeu 5 kr. á dag.

Í brtt. minni eru tekin af öll tvímæli um þetta.

Það, sem fyrir mjer vakti með að koma fram með þessa brtt., er það, að mjer virðist nú orðið svo forsvaranlega gengið frá þóknun til hreppstjóra í þessu frumv., að ekki væri bein ástæða til að spenna bogann svo hátt á þessum liðum. Og sjer í lagi þegar þess er gætt, að úttektarmenn fá ferðakostnað — ef um nokkra verulega vegalengd er að ræða — í báðum tilfellunum. Svo getur það oft komið fyrir í þjettbýli, að hægt sje að taka út fleiri en eina jörð á dag. Nú er það í fleiri tilfellunum svo, að það eru einmitt fátæklingarnir, sem oft — stundum árlega — verða að flytja sig af einni jörðinni á aðra. Þessi hækkun verður þeim því mjög tilfinnanleg.

Jeg vænti þess, að háttv. deild taki vel í þessar brtt, og legg jeg þó meiri áherslu á þá, sem um úttektina hljóðar, og vil skjóta því til hæstv. forseta, að hann beri brtt. upp sína í hvoru lagi.

Hákon Kristófersson: Sú brtt., að hreppstjórarnir fái 4 kr. á dag, finst mjer sanngjörn, og sje ekki ástæðu til að fara hærra. En það, sem jeg aðallega meinti með því að standa upp, var það, að jeg vildi leyfa mjer að spyrja háttv. frsm. (M. G.), hvernig hann lítur á 6. gr. frv. Þar er ákveðið, að úttektarmenn skuli fá 5 kr. á dag, en seinna í greininni er sagt, að sama gjald greiðist fyrir lausafjárvirðingar. Nú vildi jeg spyrja, hvernig háttv. framsm. nefndarinnar lítur á það atriði, er snertir lausafjárvirðingarnar, sem nær æfinlega eru látnar fara fram um leið og úttekt, hvort greiða á samkvæmt þessum lögum sjerstakt gjald fyrir þær. Sje svo, finst mjer allra síst ástæða til að borga meira en 4 kr. hverja úttekt. Jeg verð að líta svo á, að það sje ekki altaf sjálfsagt að samþykkja allar breytingar, sem háttv. Ed. gerir á frumvörpum, sem hjeðan koma, nema því að eins, að það sje gert til þess að komast hjá að flækja málum milli deilda. Ef Nd. hefir gengið vel frá málum, finst mjer hún ekki þurfa að ganga inn á allar þær breytingar, sem gerðar eru á þeim í háttv. Ed., og jeg verð að líta svo á, að sumar þær breytingar, sem þar hafa verið gerðar á þessu frv., hafi ekki verið til bóta, heldur þvert á móti.

Framsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg skal svara háttv. þm. Barð. (H. K.) því, að jeg tel alveg vafalaust, að í borgun fyrir úttekt felist líka borgun fyrir lausafjárvirðingar, ef hið virta lausafje á að ganga upp í álag, því að þá er virðing þess partur af úttektargerðinni. Að öðru leyti virðist eiga að borga sjerstaklega fyrir lausafjárvirðingar.

Sami hv. þm. (H.K.) sagði, að ekki væri sjálfsagt að samþykkja alt eins og það kemur frá háttv. Ed. Það er auðvitað rjett, en jeg hefi ekki sagt orð í þá átt. (**H. K.**: Jeg sagði það ekki heldur). Í nál. stendur, að nefndinni hafi ekki þótt breytingarnar svo stórvægilegar, að það tæki því að flækja málinu milli deilda þeirra vegna. (**H. K.**: Getur háttv. frms. (M. G.) litið svo á, að lausafjárvirðing komi við úttekt, ef hún nemur

miklu meiru en úttektin?) Já, ef lausafjeð á að ganga upp í álagið, annars ekki. Annars verður að skera úr þessu í hverju einstöku tilfelli, því að það er ekki hægt að gefa um það reglur, sem geta gilt undir öllum kringumstæðum.

Um brtt. er það að segja, að jeg verð, fyrir nefndarinnar hönd, að leggja á móti þeim, því að þótt ekki verði nema önnur þeirra samþykt, veldur það hrakningi á málinu á milli deilda, sem jeg álít alveg óþarft.

ATKVGR.

Brtt. 567, 1. feld með 13 : 6 atkv.

— 567, 2. sjálffallin.

Frv. samþ. með öllum greiddum atkv. gegn 1 og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 769).

6. Almennur ellistyrkur.

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 2. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk (A. 8).

Á 2. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Með því að atvinnumálaráðherrann er sem stendur bundinn í Ed., vil jeg leyfa mjer fyrir hans hönd að gera grein fyrir þessu frv., þótt jeg gæti látið mjer nægja að vísa til athugasemdanna við það.

Í þessu frv. er farið fram á litla hækkun á gjaldi hvers einstaks manns, svo að það verði hið sama og ætlast var til af landsstjórninni, er hún lagði hið upphaflega frv. til laganna fyrir Alþingi.

Eftir verkkaupi nú mætti gjaldið ef til vill vera enn hærra, án þess að ofþyngja nokkrum. Gjaldið er fært úr 1,50 kr. upp í 2 kr. fyrir karlmenn og úr 0,75 kr. upp í 1 kr. fyrir kvenmenn. Það, sem hjer munar mestu, er að landssjóðstillagið er tvöfaldað, svo að í stað 50 aur. kemur 1 kr. fyrir hvern mann gjaldskyldan. Jeg þykist geta sagt með vissu, að ellistyrktarsjóðurinn komi að miklum notum. Hjer í Reykjavík hefir hann verið mikils virði fyrir ellihruma fátæklinga, þótt styrkurinn sje lítill. Auðvitað verður hægt að úthluta miklu meiru fje árlega, ef frv. nær fram að ganga. Landssjóð munar auðvitað um 20 þús. kr., en þó ekki svo mikið, að vert sje að sýta það. Í stuttu máli, ef frv. nær fram að ganga, er bæði hægt að úthluta meiri styrk til fátækra gamalmenna, og sjóðurinn vex fljótar og getur því fyr orðið að verulegu gagni. Eftir 50—60 ár yrði sjóðurinn 5 milj. króna. Vona jeg, að háttv. deild taki frv. vel, og tel jeg rjett, að því verði vísað til allsherjarnefndar.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1615) í e. hlj.

Á 11. fundi í Nd., mánudaginn 16. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 61).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Eins og nál. á þgskj. 61 ber með sjer hefir allsherjarnefnd komist að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að samþykkja frv. óbreytt. Hið eina, sem kom til tals í nefndinni gegn frv., er að það leggur

aukin útgjöld á landssjóð, og sumum nefndarmönnum þótti vafasamt, hvort rjett væri að auka landssjóðnum útgjöld, eins og nú standa sakir, en bæði var það, að nefndarmenn vonuðu, að þetta ástand stæði ekki lengi, og auk þess bæri nauðsyn til að efla sem mest ellistyrktarsjóðina. Það varð því ofan á í nefndinni að ráða háttv. deild til að samþykkja frv. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. í e. hlj.
2. gr. — - - —
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 19. júlí, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 8).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 12. fundi í Ed., föstudaginn 20. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 119).
Á 14. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., föstudaginn 27. júlí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 119).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. — — — 10 — —
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., mánudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 3. u m r.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 222).

---

7. Einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu.

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 2. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu (A. 13).
Á 3. fundi í Nd., fimtudaginn 5. júlí, var frv. tekið til 1. u m r.

Fjármálaráðherra (B. K.): Frv. þetta er fram komið samkvæmt ósk síðasta þings. Jeg gæti látið mjer nægja að vísa til athugasemdanna við það, en vil þó að eins fara nokkrum orðum um það.

Frv. segir sjálft til efnisins. Það felur í sjer heimild fyrir landsstjórnina til

þess að taka að sjer alla steinolíuverslun landsins. Sennilega yrði þeirri verslun þá hagað svo, að landið ræki að eins stórsölu. Auðvitað yrði þá um leið að setja hámarksverð á olíuna. Það mun engum dyljast, að hjer er um mjög umfangsmikið starf að ræða. En til þess, að verslunin geti komið að fullum notum og varan orðið sem ódýrust, lítur stjórnin svo á, að gefa yrði versluninni nokkuð rúmt svið, svo að henni yrði hagað eftir því, sem arðsamast þykir, t. d. ef á þarf að halda með skipakaup, húsakaup o. s. frv. Þetta er gert til þess, að verslunin hafi sem óbundnastar hendur, svo að arðurnn lendi sem mestur hjá henni.

Það getur vel verið álitamál, hvað hár skatturinn skuli vera, sem sumpart er ætlaður til tryggingar, sumpart til tekna landssjóði. Stjórnin hefir nú sett hann 6%, en auðvitað má altaf víkja því við, ef mönnum líst svo. Helst væri þá, að mönnum kynni að þykja þetta oflágt gjald.

Það er enn fremur áríðandi, að ekki verði byrjað á þessari verslun fyr en stjórnin á það víst að fá nægar birgðir handa landinu af steinolíu, og yrði tryggingin fyrir því að felast annaðhvort í bankatryggingu hjer á staðnum eða verðbrjefum, sem stjórnin gæti einnig haft aðgang að hjer. Með þessu móti væri trygt, að viðskiftanauturinn segði ekki upp versluninni fyrirvaralítið.

Enn fremur geri jeg ráð fyrir því, að ekki verði komist hjá að setja upp olíugeyma hjer á landi, að minsta kosti 1, því að altaf þarf að vera til varaforði, t. d. einn skipsfarmur. Að öðru leyti mundi heppilegast að flytja olíuna í tunnum.

Í þetta sinn sje jeg ekki ástæðu til þess að fara fleirum orðum um frv.; læt mjer nægja að vísa til athugasemdanna við það, enda er málið ofureinfalt. Legg jeg til, að frumv. verði vísað til fjárhagsnefndar.

Benedikt Sveinsson: Jeg kann stjórninni þakkir fyrir það að hafa lagt þetta frumv. fyrir þingið og taka svo til greina höfuðatriði frumvarps þess, sem jeg ásamt fyrra þm. Reykv. (J. B.) bar fram á aukaþinginu í vetur. Það hefir komið jafnvel enn betur í ljós síðan, hver nauðsyn er að koma þessu máli í gott horf.

Öllum er kunnugt, hvert ólag hefir verið á þessari verslun. Vjer höfum lent í einokunarklóm, og fjelagið, sem fyrir nokkru tók að sjer steinolíuverslunina og kallar sig »íslenskt steinolíufjelag«, er eitthvert hið illræmdasta fjelag, sem þekst hefir hjer um undanfarin ár, enda er ekki góðs af von, þar sem fjelag þetta er hamskiftingur af »D. D. P. A.« og afspringur af rót hins alræmda einokunarfjelags Rockefellers. Fjelagið setur mönnum afarkosti, skuldbindur menn með skriflegum skuldbindingum til þess að versla ekki annarsstaðar, án þess þó að setja nokkra tryggingu fyrir því að geta haft næga steinolíu, bregst meira að segja algerlega að birgja landið að olíu þegar allra verst gegnir; fjelagið lætur sjer nægja að auglýsa, að það eigi von á skipum þá og þegar og varar menn við því að kaupa steinolíu annarsstaðar, en oft hafa þessi skip alls ekki komið og jafnvel sannast, að sumar slíkar auglýsingar voru blekkingar einar, til þess að aftra framkvæmdum annara um útvegun vörunnar. Menn mundu því hafa orðið nauðulega staddir, ef ekki hefðu getað leitað til landsstjórnarinnar eða einstakra manna, sem haft hafa framkvæmdir í þessa átt. Það væri vissulega full þörf og nauðsyn á að

setja lög gegn sliku ofriki í viðskiftum, sem fjelag þetta hefir beitt, og leggja bann við því, að menn sjeu bundnir þannig á einokunarklafa. Slíkir samningar ættu ekki að hafa neitt gildi, og að minsta kosti ættu einokrararnir ekki að sleppa við ábyrgð, er þeir bregðast svo herfilega, sem hjer er raun á orðin.

Þó að frumv. þetta sje góðra gjalda vert, þá þykja mjer nokkrir verulegir gallar á því, og vil jeg fara um þau atriði fáeinum orðum.

Samkvæmt 1. gr. frumv. veitist stjórninni heimild til þess að kaupa nægilega steinolíu handa landinu, og síðar er sagt, að meðan stjórnin notar heimildina sje engum öðrum leyfilegt að flytja hingað steinolíu nema með sjerstöku leyfi hennar. Enn fremur segir, að stjórnin megi þá fyrst nota þessa heimild, er hún hafi komist að traustum samningum við verslunarhús um olíukaupin, með frekari skilyrðum. Hjer þykir mjer stjórnin eigi vera nægilega skelegg. Sjálfsagt er að fara með fullri gát að þessu máli, sem öðrum, og búa vel um hnútana, en það mundi einmitt best gert með því, að stjórninni einni væri nú þegar fengin einkaheimild til innflutnings á olíu. Ef stjórnin gæti eigi þegar aflað nægilegrar olíu, sakir þess hve erfitt er um skipakost, þá væri hægurinn hjá að veita öðrum »sjerstakt leyfi«, eins og að orði er komist í 2. gr. frumv. En jeg hygg, að landsstjórnin standi þeim mun betur að vígi en aðrir, er hún hefir fengið einkaheimildina í hendur, að ekki þurfi að bera kvíðboga fyrir því, að fremur standi á olíuflutningum hingað eftir en áður. Stjórnin hefir fengið allmikið af olíu til landsins og mundi hafa komið í veg fyrir þann stórhnekki, sem vjer höfum beðið af olíuskorti í vor, ef hún hefði ekki ofiengi treyst á »íslenska« steinolíufjelagið. Margir trúðu því og treystu, að fjelagið efndi heit sín, og þar af hlutust vandræðin. Þessu verður að afstýra. Því verðum vjer að leggja áherslu á það, að stjórnin taki málið sem fyrst í sínar hendur afdráttarlaust. Þarf hjer bæði snör og hörð handtök. Nú vill líka svo vel til, að hjer er staddur Íslendingur úr Vesturheimi, viðskiftafróður maður, mikilhæfur, sem fáanlegur mundi til þess að sjá um samninga fyrir landsins hönd, því að sjálfsagt mundi heillavænlegast að semja um olíukaup við eitthvert fjelag vestan hafs. Jeg álít mjög misráðið, ef ekki yrði notuð aðstoð þessa manns, og vil beina því bæði til nefndarinnar og stjórnarinnar, að athuga vel þetta atriði.

Sumir tala um, að nauðsynlegt sje að hafa hjer olíugeyma og flytja olíuna hingað í lestarhylkjum. Það getur verið, að hentugt sje að hafa hjer olíugeymi, en ekki má það standa fyrir framkvæmd þessa máls, enda eru annmarkar á þeim flutningum. Hingað til hefir öll olía verið flutt til landsins í tunnum. Það getur verið hentugra að hafa olíuna altaf á tunnum, vegna þess, að þannig verður greiðast um afgreiðslu hennar út um landið.

Jeg get ekki verið samþykkur því að leggja svo hátt gjald, 6 %, á þessa vöru, eins og til er tekið í 3. gr. frv.; með því móti yrði skatturinn því hærri sem olían yrði dýrari. Nú er ekki að vita, nema framleiðslulöndin leggi útflutningsgjald á þessa vöru, til þess að ná í fje upp í herkostnaðinn, á sama hátt sem Bretar lögðu skatt á kol eftir Búastyrjöldina og fullvíst er, að þeir muni gera að þessum ófriði loknum. Skatturinn mundi koma ójafnt og órjettilega niður; af tvennu illu væri þá skárra, að eitthvað víst væri lagt á hverja tunnu, en yfir höfuð get jeg engan veginn fallist á að taka upp þá stefnu að búa

þann veg til tekjulind handa landssjóði. Hitt er sjálfsagt, að búa vel um hnútana, tryggja landssjóð fyrir áhættu.

Þá þykir mjer einnig vanta ákvæði um það, hvað gera eigi við olíubirgðir þær, sem til eru, þegar þessi verslun hefst. Um það þyrfti skýr ákvæði í lögin. Ekki er heldur glögt orðalag 7. gr.; helst er svo að sjá, sem lagt sje til að afnema allan vörutoll, en vafalaust mun að eins átt við toll af steinolíu. Þetta mun nefndin lagfæra.

Annars á nú ekki við að fara út í einstakar greinar; að eins vildi jeg hafa bent á þetta til athugunar nefndinni.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg ætla að eins að segja nokkur orð, áður en frv. verður vísað til nefndar. Raunar hefir háttv. þm. N. Þ. (B. Sv.) bent á nokkur atriði, sem þetta mál varða.

Jeg ætla þá fyrst að víkja að ákvæðinu, sem heimilar landsstjórninni að veita öðrum fjelögum leyfi til innflutnings á steinolíu. Jeg býst við, að það hafi vakað fyrir stjórninni, að ef þetta fyrirkomulag reyndist erfitt, þá mætti hún fela verslunina öðrum. En jeg sje ekki neina ástæðu til þess að hafa þetta ákvæði í lögunum. Það væri óeðlilegt, ef stjórnin hefði ekki betri tök en aðrir á því að koma á hagkvæmri verslun á þessari vöru. Það hefir komið í ljós, að stjórninni hefir tekist það, sem einstökum mönnum og jafnvel sterkum fjelögum hefir reynst ókleift. Þess vegna er þetta ákvæði óþarft, og getur jafnvel verið til ills, ef t. d. stjórn sæti að völdum, sem óvinveitt væri þessu fyrirkomulagi; hún gæti þá smeygt sjer undir þetta ákvæði, og það leitt til verri kaupa, og við það versnað hagur landssjóðs. Ef til vill væri þó ástæða til þessa ákvæðis meðan ófriðurinn stendur, en því mætti þá koma fyrir í athugasemd aftan við frv. Jeg segi ekki þetta af því, að jeg vantreysti núverandi stjórn, síður en svo, en allur er varinn góður.

Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) drap á álag landsstjórnarinnar á olíuna, og þótti honum það helst til hátt. Þetta álag, 6%, finst mjer svo lítið, að ófært sje að hafa það minna. Okkur greinir á um það, að hann vill ekki láta leggja neitt á þessa vöru, en landssjóður selji hana án nokkurs ábata. Jeg er á annari skoðun. Ef hægt væri að sameina það tvent, að almenningur fengi vöruna fyrir minna verð en áður, og jafnframt, að landssjóður legði nokkuð á vöruna, og með því aflaði sjer tekna, finst mjer, að talsvert væri unnið, og að almenningur, bæði til sjávar og sveita, mætti vel una við þau málalok. Þeir tekjustofnar, sem landssjóður hefir nú, eru ekki rjettlátari. Það er augljóst, að einhversstaðar verður landssjóður að fá tekjur, og þá er að leita til þess að sanngjörnum leiðum. Þessi leið ætti að vera sjálfsögð, því að almenningur misti einkis í við hana, en landssjóður nyti góðs af.

En jeg er algerlega á móti prósentum í nokkurri mynd, því að það er ranglát leið að láta almenning borga mest þegar varan er dýrust, og hann þar af leiðandi stendur sig verst við það. Jeg vil því fara þá leið, sem við bentum á á síðasta þingi, að lagt sje á vörumagnið, en ekki vöruverðið, t. d. 2 aura á lítrann; það verður sama sem 4 kr. á tunnuna. Það er undir flestum kringumstæðum ekki hátt, og hækkar ekki, þótt varan verði dýrari. Gróði landssjóðs minkar þá ekki heldur við það, er hann fær góð innkaup.

Jeg held, að sjómennirnir íslensku hefðu ekki haft ástæðu til að kvarta, ef landsstjórnin hefði haft olíuverslunina í sínum höndum, og þótt hún hefði ofur-

lítið lagt á hana sjer í hag. Þeir hefðu grætt samt stórkostlega, þótt landssjóður hefði orðið nokkurra tekna aðnjótandi.

Það ákvæði í þessu frv., sem fer í þá átt, að landsstjórnin noti fyrst heimild þessa, er hún hefir fengið tryggingu fyrir því, að það fjelag, sem hún skiftir við, standi við þá samninga, er stjórnin gerir, er auðvitað gott og gagnlegt, en þó finst mjer það nokkuð einskorðað. Ef stjórninni hepnast ekki að fá þá tryggingu (fjárupphæð), sem nefnd er í frumvarpinu, er henni eftir þessu frv. eiginlega ekki heimilt að taka að sjer olíuverslunina. Jeg held, að það væri æskilegast, að tekið væri fram í frv., að stjórnin skyldi af fremsta megni reyna að tryggja landinu olíu til 1 árs í senn. Jeg tel víst, að hver og ein stjórn myndi reyna að ganga svo vel frá þeim samningum, sem henni væri unt, og það nægði.

Eitt atriði viðvíkjandi starfrækslunni vil jeg benda á, sem í sjálfu sjer er ekki mikils virði. Það er tekið fram, að reikningar verslunarinnar skuli vera endurskoðaðir og sjerstök bókfærsla höfð. Hjer í frv. er farið fram á, að landsstjórnin skuli skipa endurskoðendur. Það er að vísu smávægilegt, en þó kynni jeg betur við, að einhver fjelög eða menn gerðu það, sem hefðu áhuga fyrir því, að alt væri í lagi. Ef landsstjórnin skipar bæði forstjóra fyrir verslunina og endurskoðendur, verður verslunin ofbundin við landsstjórnina. Þessar aths. vildi jeg taka fram áður en málið fer til nefndar, svo að nefndin gæti íhugað þær.

Fjármálaráðherra (B. K.): Já, það er auðvitað mjög gott, að dugnaðarmenn bjóði starf og þjónustu sína fram í landsins þarfir á þessum tímum. Jeg býst við, að maður sá, er háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) benti á, sje mjög hæfur maður, en jeg hafði nú hugsað mjer, að best væri, að stjórnin stæði í beinu sambandi við olíuframleiðendur milliliðalaust. Hún ætti að sjálfsögðu að semja sjálf. Þessi verslun á að standa lengi, og engin ástæða er til að ætla nokkrum manni hag af henni, ef til vill æfilangt, úr því að um einokun er hjer að ræða. Jeg hafði sem sje hugsað mjer, að stjórnin annaðist þetta sjálf, án óþarfa milliliða.

Sami háttv. þm. (B. Sv.) gat þess, að hann vildi ekki gera þessa verslun að gróðavegi. Við erum sammála um það, að rjett sje að hlífa þessari vöru sem mest við skattlagningu. Þess vegna virtist og ráðuneytinu rjett að leggja ekki öllu hærra gjald á olíuna en nú er gert, svo að hjer er ekki um nýtt álag að ræða. En aftur á móti er það og alveg nauðsynlegt, ef stofnunin á að verða sjálfstæð, að menn leggi á sig dálítið gjald, svo að verslunin geti safnað í sjóð og staðið óhöllum fótum.

Sami hv. þm. (B.Sv.) spurði enn fremur, hvað gera ætti við olíu, sem til yrði í landinu, er landssjóðseinokun á steinolíu byrjaði. Ráðuneytinu var kunnugt um, er það samdi frv., að enginn átti hjer olíu, nema stjórnin, og hefir það smitað það. Annars væri sjálfsagt rjettara að hafa til ákvæði um það.

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) taldi óeðlilegt að gera ráð fyrir því, að stjórnin gæti ekki venjulega trygt landinu nóga olíu, og því óþarft að hafa nokkurt undanþáguleyfi frá einkasölulögunum. Það er alveg rjett, að ekki þarf að gera ráð fyrir því á venjulegum tímum, en af því, að við lifum á óvenjulegum tímum, verðum við að gera ráð fyrir, að aftur geti komið óeðlilegir tímar, því að lögin eiga að standa lengi, og þá þarf að vera útvegur til, að aðrir geti komið stjórninni til aðstoðar, ef á þyrfti að halda. Annars vill stjórnin ekki gera

þetta að neinu kappsmáli, en ráðuneytinu fanst einungis, að öll varúð væri nauðsynleg.

Sami háttv. þm. (J. B.) er á móti, að lagt sje á olíuna eftir verði í prósentum, og getur það orðið álitamál, því að einum sýnist þetta og öðrum hitt. Annars er þetta gjald svo lágt, að það getur aldrei orðið tilfinnanlegt fyrir neinn, því að ekki nær neinni átt að miða við það verð, sem nú er á olíu, enda dettur víst engum það í hug, því að það ástand, sem nú er, kemur líklega aldrei aftur.

Þá talaði háttv. þm. (J. B.) um tryggingarákvæðið, og þótti það að vísu gott, að landinu væri trygð olía, en hjelt þó, að ákvæðið gæti orðið skaðlegt. Jeg álít það alveg nauðsynlegt, og enga hættu á, að samningar myndu stranda vegna þess. Segjum nú t. d., að við settum það upp, að fjelagið keypti veðdeildarbrjef upp á hálfa miljón, sem við skuldbyndum okkur til að kaupa þegar við hættum viðskiftum við fjelagið. Hjer er um svo mikil viðskifti að ræða, að ekkert fjelag mundi horfa í að semja á þennan veg. Þetta væri næg trygging, eins og nauðsynlegt er að hafa.

Um síðasta atriðið, er snertir endurskoðendurna, er það eitt að segja, að það er stjórninni ekkert kappsmál, hverjir ráðnir verða til þess starfa. Stjórnin er nú sterkari en verið hefir, því að fleiri menn eiga í henni sæti en áður. Ráðuneytið hugði því, að þegar 3 menn skipa stjórnina, í stað eins, væri það *næg trygging* þess, að hæfir menn yrðu endurskoðendur. Annars er stjórninni þetta atriði ekki kappsmál.

Benedikt Sveinsson: Jeg stend aðallega upp til þess að girða fyrir misskilning, er mjer þótti kenna í ræðu hæstv. fjármálaráðherra (B. K.), viðvíkjandi þeim erindreka, er jeg gat um að fáanlegur kynni að vera.

Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) kvað stjórnina engan millimann vilja hafa. En það rekur sig ekki á tillögu mína, því að þessi umtalaði maður ætlar ekki að semja við stjórnina sem kaupmaður og leggja á olíuna hundraðsgjald sjer til handa, eins og hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) óttaðist, heldur kæmi hann auðvitað fram sem erindreki landsins, án þess að honum dytti í hug að fara fram á slíkt endurgjald. Því fjarlægara er það, að maður þessi sje að »bjóða þjónustu sína« til þess að verða »millimaður« — »kann ske upp á lífstið«. Hitt er höfuðatriðið, að maður sá, er jeg ræði um, hefir fullan vilja á að verða Íslandi að liði og helga því krafta sína, enda hefir hann áður gengið vel og drengilega fram í erindum þjóðar vorrar vestan hafs, án þess að fá eyri fyrir. Hann ætlar sjer, ef stjórnin vill nota starfskrafta hans, að beita sjer fyrir því að koma þessum viðskiftum í fast horf.

Hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) sagði, að stjórnin mundi semja sjálf, en jeg býst þó varla við, að ráðherrarnir ætli sjálfir að fara til Vesturheims til samninga, og efast mjög um, að betra sje að taka tilboði einhvers kaupmanns, sem vill útvega sambönd, heldur en að fá kunnugan og margreyndan atorkumann til þess að gera samninga vestan hafs fyrir landsins hönd.

Jeg vil taka það fram, að hjer er um engan »spekúlant« að ræða, er ætli sjer að pranga á steinolíunni sjer í hag.

Viðvíkjandi því, er háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) sagði um álagninguna, sem hann var hlyntur, get jeg endurtekið það, sem jeg sagði í vetur, að þessi skattur getur komið ranglátlega niður á útgerðarmenn. Þegar tveir bátar stunda veiðar og eyða jöfnu af olíu, getur annar veitt mikið og haft góðan hagnað, en hinn svo lítinn, að hann verði fyrir stórtjóni. Hvortveggi á að

borga jafnan skatt í landssjóð. Jeg vil láta þetta afl framkvæmdanna vera sem minstum gjöldum háð, en hækka þá heldur útflutningsgjaldið, ef nauðsyn krefur.

Jeg er á sömu skoðun og háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) viðvíkjandi endurskoðendunum, og tel heppilegt, að ákvæði frv. væri breytt. Jeg held, að best væri, að Alþingi kysi annan og Fiskifjelag Íslands hinn, því að fyrir það fjelag skiftir miklu máli, að verslunin sje í lagi.

Jeg vil að lokum árjetta það, að jafnvel þótt landsstjórnin gæti ekki tekið alla verslun með steinolíu í sínar hendur strax, þá ætti hún þó að hafa einkarjett til innflutnings á allri olíu, eftir að lögin öðlast gildi. Það getur orðið erfitt, ef útlend auðfjelög, eða þótt þau kalli sig íslensk, fara að gera ýms mannvirki nú, til þess að gera landsstjórninni örðugt fyrir að takast einkasöluna á hendur, er hún mundi verða að kaupa slíkar eignir þess fjelags, sem hætti, en nú eru engin mannvirki til, og því mjög hægt um vik. Er því gott að nota þegar tækifærið.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg vil að eins segja örfá orð út af ræðu háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.). Það er útlit fyrir, að okkur ætli ekki að semja um það, hvort landssjóður eigi að hafa hag af olíuversluninni eða ekki.

Það er rjett, að tilfinnanlegt er fyrir þá, er litlar tekjur hafa, að greiða hátt gjald til landssjóðs. En þeir, sem vel afla, hafa betri ástæður til þess. En jeg vona, að háttv. þm. (B. Sv.) sjái, að þeir tekjustofnar landssjóðs, sem nú eru, eru ekki rjettlátari. Gjöld manna fara nú ekki eftir gjaldþoli, því að menn greiða skatt af nauðsynjavöru, og fer það ekki eftir launum, heldur heimilisþörfum, og er það ranglátt.

Þetta ranglæti í löggjöfinni er ekki hægt að koma í veg fyrir, nema allir skattar til landssjóðs verði lagðir á menn eftir efnum og ástæðum.

Árið 1913 var flutt inn 32,000 tn. af steinolíu. Ef lagt væri á hana 2 au. á lítra, yrði það 128,000 kr. á ári. Notkun steinolíu eykst eftir ófriðinn, og yrði þetta því tekjuauki fyrir landssjóð. Það er eðlilegt, að sjómönnum, sem öðrum, sje illa við að greiða hátt verð fyrir olíuna, en jeg er þess fullviss, að þeim muni ljúft að greiða ofurlítið gjald til landssjóðs af henni, einkum ef olían er, þrátt fyrir það, miklu ódýrari hjá landssjóði en öðrum.

Þetta mál hefir verið rannsakað áður af milliþinganefnd, og það komið í ljós, að olían er miklu dýrari heldur en hún væri, ef verslunin væri í höndum þess, sem ljeti sjer nægja minni arð. Þótt lagðir væru 2 aurar á lítra, yrði hún samt ódýrari en verið hefir, og mega menn því vel una við það gjald.

Mjer finst þetta mál eiga ekki síður heima í sjávarútvegsnefnd en fjárhagsnefnd, enda geri jeg að tillögu minni, að því sje vísað þangað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til fjárhagsnefndar (Sjá A, bls. 1608) með 17 : 3 atkv.

Á 12. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. júlí, var tekið til 2. umr. (A. 13, n. 68, 84).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Eins og nefndarálitið á þingskjali 68 sýnir leggur nefndin til, að landsstjórninni verði gefin einkasöluheimild á steinolíu. Nefndinni var fullljóst, að það er varhugaverð braut að taka upp þá stefnu, að landsstjórnin taki að sjer

einkaverslun á einni eða fleiri vörutegundum. En um steinolíuna er sjerstaklega ástatt, því að nú má svo heita, að einokun sje á henni. Því er vel til fallið að reyna á henni, hvernig til tekst um einkasölu af hálfu landssjóðs.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að landssjóður hafi tölverðar tekjur af einkasölunni. Fjelagið, sem steinolíusölu hefir haft hjer á landi, hefir þótt dýrselt og því verið óvinsælt. Það virðist líklegt, að landssjóður geti, með því að taka að sjer einkasöluna, bæði útvegað landsmönnum ódýrari steinolíu en verið hefir og aflað sjer nokkurra tekna.

Stj. frv. er að eins einkasöluheimild, og því á valdi stjórnarinnar, hve nær hún færir sjer heimildina í nyt. En nefndin áleit sjálfsagt, að það yrði sem fyrst. Ekki þyrfti að bíða olíugeyma, heldur skyldi framkvæmd verða á heimildinni svo fljótt, sem mögulegt er.

Um leið og stjórnin tekur olíusöluna í sínar hendur, ber hana auðvitað skylda til að hafa nægilegar birgðir til handa landsmönnum. Eins og tekið var fram við 1. umr. er að eins ætlast til, að stjórnin hafi heildsölu; ekki væri hægt að ætlast til, að hún færi að selja í pottatali. En líklega yrði hún þó að selja, þótt um smærri kaup væri að ræða, alt niður í eina tunnu.

Nefndin hefir lagt það til, að gerðar verði fáeinar brtt. við frv., eins og það kom frá stjórninni, og skal jeg nú fara um þær nokkrum orðum.

Fyrsta brtt. er við 2. gr. frv. Vjer vildum, að það kæmi skýrt fram, að þegar landsstjórnin væri búin að taka að sjer verslunina, þá hefði hún ekki heimild til að hætta sölunni án samþykkis Alþingis. Hins vegar vildum við hafa opna heimild fyrir stjórnina til að veita einstökum mönnum leyfi til að flytja inn olíu.

Nefndinni var ljóst, að það gæti orðið nauðsynlegt í einstökum tilfellum. Jeg get þessa af því, að við 1. umræðu þótti sem það skyti nokkuð skökku við, ef öðrum væri leyft að flytja inn, eftir að landið væri búið að taka söluna að sjer.

Þá er brtt. við 3. gr., um gjaldið. Eftir frv. stjórnarinnar átti að leggja á 6% af verði aðkeyptrar olíu með umbúðum og flutningskostnaði. En eftir till. nefndarinnar er gert ráð fyrir 5 kr. af hverju steinolíufati, og eiga $^3/_4$ hlutar gjaldsins að renna í landssjóð, en $^1/_4$ hluti í veltufjár- og varasjóð verslunarinnar. En við þessa brtt. hefir komið fram brtt., frá háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), um að færa gjaldið niður í 4 kr. af tunnu. Skal jeg ekki beint hafa á móti þessari brtt., fyr en jeg heyri ástæður hans. Jeg geri ráð fyrir, að honum þyki gjaldið ofhátt 5 kr. Nefndin taldi óhætt að hafa gjaldið svona hátt, því að alment er álitið, að steinolíufjelagið hafi lagt mikið á olíuna, og bjóst nefndin við, að olían gæti samt orðið ódýrari en verið hefir. Má vera, að þar sjeu eigi öll kurl komin til grafar, og skal þessu því ekki haldið fast fram að svo komnu.

Þá er 3. brtt., að inn í frv. bætist ný gr., er verði 6. gr., um hvernig fara skuli með þær olíubirgðir, sem til eru í landinu þegar landssjóður tekur einkasöluna að sjer. Um það voru engin ákvæði í stjórnarfrv., en sýnilega nauðsynlegt að hafa þau. Leist oss rjettast að leggja það stjórninni á vald, hvort leyft skuli að selja slíkar birgðir eða þær teknar eignarnámi. Geri jeg ekki ráð fyrir, að menn hafi neitt út á það að setja, að stjórninni sje veitt slík heimild.

4. og síðasta brtt. er að eins orðabreyting á 7. gr. frv.

Nefndin athugaði allnákvæmlega aðfinningar þær, er fram komu við 1.

umr., og þær, sem ekki hafa verið teknar til greina, gat hún ekki fallist á. Það var tekið fram í umræðunum, að óheppilegt væri, að landsstjórnin skipaði endurskoðendur. Nefndin var þar á öðru máli. Hún leit svo á, að landið yrði að fá sjer framkvæmdarstjóra, sem bæri fulla ábyrgð á versluninni og ætti að sjá um hana að öllu leyti, og fanst þá nefndinni eðlilegt, að landsstjórnin setti honum endurskoðendur til aðstoðar og umsjónar. Ættu einstakra manna fjelög að skipa endurskoðendurna, gæti það komið fyrir, að engir löglegir endurskoðunarmenn væru til, ef fjelög þessi legðust niður.

Þá munu og hafa komið fram aðfinningar við 4. gr., sem hljóðar um það, hve nær byrja má að nota heimildina. Þar var nefndin á því, að best væri að fara eftir till. stjórnarinnar, því að vitaskuld verður að tryggja það vel, að olían fáist. Og ef fjelag það, sem samið er við, bregst, getur vel svo farið, að sæta verði dýrari kaupum, en með bótunum fyrir samningsrofin mætti þá greiða hallann.

Samkvæmt 1. gr. á stjórnin að búa til reglugerð fyrir steinolíuverslunina. Er þar allþýðingarmikið atriði, sem gera verður ákvæði um, en það er hámarksverð á olíunni í smásölu. Ákvæði um það á að sjálfsögðu heima í slíkri reglugerð.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál. Háttv. frsm. (M. G.) vjek að brtt. minni, og vegna hennar stend jeg upp. Jeg skal ekki fara út í þær frekari breytingar á frv., sem jeg hefði talið æskilegar, því að jeg tel það ekki hafa neina þýðingu hjeðan af.

Brtt. mín fer fram á, að gjaldið sje fært úr 5 kr. niður í 4 kr. Mjer þykja 5 kr. nokkuð hátt gjald. Ef til vill má segja, að ekki muni miklu á hverri einstakri tunnu um 1 kr., en »safnast þegar saman kemur«. Jeg get orðið sammála háttv. frsm. (M. G.), að betur færi, að olían yrði svo ódýr í innkaupinu, að landssjóður gæti selt hana við lægra verði til landsmanna en þeir hafa fengið hana áður, og víst hefir fjelagið lagt meira á hana en þetta gjald, sem nefndin leggur til. Samt þykir mjer varlegra, að gjaldið sje ekki sett hærra en 4 kr.

Jeg vildi enn drepa á eitt atriði, sem háttv. frsm. (M. G.) drap á, og það eru skoðanir hans á einkasölustefnunni. Hann gat þess, að nefndinni virtist viðurhlutamikið að ganga inn á þessa braut. Það er auðvitað mest komið undir stjórninni, sem einkasöluna hefir á hendi, hvernig fer. En ef vel og skynsamlega er að farið, getur einkasala vafalaust bæði orðið landssjóði tekjulind og landsmönnum hagur. Margar erlendar þjóðir hafa mikla reynslu í einkasölu. Þær hafa tekið einkasölu á þeim vörutegundum, sem auðvelt er að fara með, og fengið af mikinn tekjuauka. Jeg er heldur alls ekki að halda fram einkasölu á mörgum vörutegundum, heldur þeim, sem ekki er vandfarið með, rýrna lítið og mikið þarf af, eins og t. d. olíu, salti og kolum. Útlendum þjóðum hefir gefist vel einkasala á slíkum vörum, og er það sleifarlagi að kenna, ef ekki gengur vel hjer. Vil jeg nefna t. d. Þýskaland, Austurríki, Ungverjaland, Rúmeníu, Ástralíu og einstök fylki í Ameríku. Varan hefir jafnan orðið ódýrari almenningi og ríkissjóði tekjulind. En jeg er með frsm. (M. G.) í því, að hjer verði að fara gætilega, taka ekki nema lítið í einu og koma góðum rekspöl á atvinnuveginn.

Jeg vil vona, að menn fallist á brtt. mína, og að sanngjarnt sje að hafa gjaldið ekki hærra.

Fjármálaráðherra (B. K.): Háttv. frsm. (M. G.) hefir gert skýra grein fyrir frv. þessu, og er jeg þakklátur háttv. nefnd fyrir, að hún hefir fallist á það að mestu óbreytt. Um 1. brtt. hefi jeg ekkert að segja, því að hún raskar ekki efni. En í 2. brtt. finst mjer háttv. nefnd hafa farið oflangt. Jeg held, að sú mikla hækkun gjaldsins, sem þar er farið fram á, gæti stofnað mótorbátaútveginum í voða. Jeg er hræddur um, að hann þoli það ekki, því að jeg geri ekki ráð fyrir, að olían með því gjaldi yrði ódýrari en áður. Er stjórnin var að semja frv. í vetur, þótti henni 10% ofhátt; óttaðist, að það mundi hnekkja þessum öðrum aðalatvinnuvegi, sjávarútveginum.

Vildi jeg því óska, að samkomulag yrði um að færa þetta gjald töluvert niður. Að vísu hefir komið fram brtt. frá háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), en hún fer ofskamt. Jeg gæti sætt mig við 10%. Það yrðu ca. 2 kr. af olíufati hverju. Þetta gjald, sem nefndin hefir sett, er afarhátt, og myndar slæmt fordæmi fyrir aðrar verslanir í landinu. Ef landssjóður getur dregið til sín 25%, sem hann hefir lagt á vöru sína, þá mundu aðrar verslanir sjálfsagt nota sjer þá átyllu til að leggja meira á sína vöru, en hingað til hafa þær þó ekki tekið öllu meira af nauðsynjavöru en 5—10%. Landsverslun á einmitt að vera fyrirmynd og landsmönnum ódýrari. Jeg held, að sú sje orsökin til þess, að nefndin setti þetta háa gjald, að það er alment álitið, að steinolíufjelagið hafi selt með svo afarmiklum hag. Jeg efast um, að það sje rjett á litið. Þess verður að gæta, að meiri rýrnun kemur á steinolíu heldur en nokkra aðra vöru. Hana verður að flytja í trjetunnum, og má óhætt gera ráð fyrir 15—20 % álagi fyrir leka. Þess vegna verður að taka það með í reikninginn, meðan olían flyst hjer til lands í trjetunnum, og því virðist gjald þetta ofhátt áætlað.

Menn vita, að nú er hátt verð á steinolíu, og útvegurinn þolir ekki þung gjöld, og ekki víst, að hann þoli þau fyrst um sinn. Vil jeg því ráða nefndinni til að lækka gjaldið nú, en þá má heldur hækka það síðar, ef útvegurinn græðir.

Jeg vil að eins nefna aðrar brtt. nefndarinnar. 3. brtt. er vitanlega til bóta, og var yfirsjón, að ekki var gert ráð fyrir því. Jeg er þakklátur nefndinni fyrir 4. brtt.; orðalagið er þar betra. Helst vildi jeg mælast til, að nefndin tæki aftur 2. brtt. og kæmi með hana í öðru formi.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Út af því, sem háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) sagði um einkaverslun yfirleitt, verð jeg að segja það, að mjer fanst lítill munur á okkar skoðunum. Jeg sagðist ekki vilja leggja út í einkaverslun á meiru en einni vörutegund nú, heldur sjá, hversu fer með hana.

Svo var það viðvíkjandi 2. brtt. nefndarinnar, sem hefir mætt mótspyrnu, bæði frá háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) og hæstv. fjármálaráðherra (B. K.). Jeg hefi ekki getað talað við nefndina síðan mótmæli þeirra komu fram, og hefi því auðvitað ekkert umboð til að taka brtt. aftur.

Mjer hefir ekki verið sýnt, að steinolíufjelagið hafi ekki lagt meira á olíuna en hinum ráðgerða skakka nemur, og orðrómur hjer um það atriði, er þá ekki rjettur, ef það hefir ekki lagt meira á hana. Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) er þar á sama máli. **(B. K.:** Það er ekki sönnun fyrir hinu.) Jeg veit ekki, hvort hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) hefir tekið eftir því, að brtt. ætlast til, að gjaldið sje einungis greitt af þeirri

steinolíu, sem seld er hjer á landi. (B. K.: Olían fer niður í landi.) Auðvitað fer eitthvað niður, en af því borgast ekki skattur eftir till. nefndarinnar. Hvert fat er vigtað um leið og það er selt, og 5 kr. eru greiddar af 150 kg. af steinolíu. En ef á að ákveða gjaldið eftir hundraðstölu, eins og hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) vill, og miða við innkaupskostnað, er líka tekið af því, sem fer niður.

Sem sagt verð jeg að halda fast við till. nefndarinnar, að minsta kosti enn sem komið er. Náttúrlega getur nefndin tekið þetta atriði til nýrrar athugunar. En því get jeg ekki gert lítið úr, að verði till. nefndarinnar samþ., fær landssjóður miklar tekjur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e.hlj.

Brtt. 68, 1. samþ. í e.hlj.

2. gr., svo breytt, samþ. í e.hlj.

— 84. samþ. með 13:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. K., B. St., E. A., E. J., J. M., J. B., M. Ó., P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J.

nei: Þorst. J., Þór. J., E. Árna., G. Sv., H. K., J. J., M. G., M. P., S. S., Ó. B.

Þrír þingmenn voru fjarstaddir.

Brtt. 68, 2., svo breytt, samþ. í e hlj.

3. gr. þar með fallin.

4. og 5. gr. samþ. í e.hlj.

— 68, 3. (ný 6. gr.) samþ. í e.hlj.

6. gr. (verður 7. gr.) samþ. í e.hlj.

— 68, 4. samþ. í e.hlj.

7. gr., svo breytt (verður 8. gr.), samþ. í e.hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e.hlj.

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 19. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 100, 106).

Forseti leitaði afbrigða um brtt. við frv. á þgskj. 106.

Voru afbrigði um hana leyfð og samþ. af deildinni í e.hlj.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg vildi óska þess, að málið væri tekið út af dagskrá, með því að jeg hefi ekki sjeð brtt. á þgskj. 106 fyr en nú, en vil bera mig saman við fjárhagsnefndina áður en jeg tek afstöðu til þessara brtt.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 20. júlí, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Benedikt Sveinsson: Jeg er hv. fjárhagsnefnd þakklátur fyrir það, að hún hefir þó að nokkru leyti tekið til greina aths. mínar við 1. umr. þessa máls. Samt er jeg ekki fyllilega ánægður með aðgerðir nefndarinnar. Er það einkum í tveim atriðum, sem jeg get ekki verið henni samdóma. Nota jeg því tækifærið til að koma fram með brtt. við 3. umr., svo að þm. fái kost á að greiða atkv. um þessi atriði, sem mig greinir á um við nefndina.

1. brtt. er við 2. gr. Í frv. er gert ráð fyrir, að öllum sje heimilt að flytja olíu til landsins, án nokkurs eftirlits frá stjórnarinnar hálfu, til þess er stjórnin tekur allan aðflutning í sínar hendur, og ekkert ákvæði um það sett, hve nær það verður. Ýmislegt mælir með því, að landsstjórnin fái nú þegar einkaheimild til innflutnings, þótt ekki taki hún framkvæmdirnar strax í sínar hendur. Hún gæti eftir sem áður veitt einstökum mönnum leyfi til að annast innflutninginn, og mundi að sjálfsögðu

gera það. Þeir menn, sem vildu flytja inn olíu, yrðu þá að eins að biðja um leyfi til þess, en olíuverslunin gengi að öðru leyti sama gang og áður, þar til landsstjórnin tekur sjálf við framkvæmdunum. Vafningarnir við það að færa olíuinnflutninginn yfir á hendur landssjóðs mundu aldrei verða jafnlitlir og einmitt nú. Nú eru nokkurs konar tímamót í olíuversluninni, því að heita má, að engin olía sje til í landinu, og þegar svo stendur á, þá er landsstjórninni hægra að taka við heldur en þegar miklar birgðir eru hingað og þangað. Þó að eitt skip sje lagt af stað með olíuflutning til landsins, þá skiftir það engu máli. Stjórnin mundi veita steinolíufjelaginu heimild til að versla með þá olíu, eins og jeg tel sjálfsagt, að stjórnin mundi fyrst um sinn semja við einstaka menn um flutning og sölu olíunnar. Jeg sje engin vandkvæði á að samrýma það. Það virðist ekki heldur mikið haft á þá menn, sem flytja vilja steinolíu til landsins, þótt þeir verði að sækja um leyfi landsstjórnarinnar til þess. En með þessu fyrirkomulagi er rjettur landsstjórnarinnar betur trygður og henni gert hægra fyrir með framkvæmd laganna.

En aðalatriðið í þessu efni, sem mest mælir með þessari brtt. minni, er það, að með því að landsstjórnin fái nú þegar innflutningsheimildina, eru henni fengin í hendur tækin til að hafa fullkomið eftirlit með allri olíuverslun í landinu. Hún hefði það þá ávalt svart á hvítu fyrir framan sig, hvað liði olíuflutningum til landsins og á hverja staði olían kæmi, og gæti þá gengið fram í því að útvega olíu sjálf, er hún sæi, að skortur yrði á einhverjum stað. Á þetta atriði vil jeg leggja mikla áherslu. Landsstjórnin finnur miklu síður hvöt hjá sjer til að útvega olíu meðan öllum er leyfilegt að flytja hana, enda getur hún ekkert vitað um það, hvað líður olíuútvegun annara, nema þá með sjerstakri eftirgrenslan, sem örðug getur orðið í framkvæmd. Steinolía er svo áríðandi vara, að hana má hvergi vanta. Landsstjórnin verður því altaf að vera á því hreina með, hvar hún þarf að skerast í leikinn, en það getur hún því að eins, að henni sje fullkunnugt um allar útveganir, sem gerðar eru, og þá vitneskju hefir hún þá fyrst á takteinum, er hún ræður sjálf að fullu og öllu yfir innflutningsleyfinu. Mjer finst því ástæða til að mæla eindregið með brtt., enda virðist fátt mæla á móti henni. Það gæti ekki orðið olíuversluninni til neins baga, þótt hún væri samþykt. 3. brtt. er bein afleiðing af þeirri fyrstu, og þarf því engum orðum um hana að fara. Um 2. brtt. er það að segja, að mjer finst steinolía vera vara, sem í versta lagi er til þess fallin, að skattur sje á hana lagður. Jeg hefi áður bent á, að slíkur skattur getur komið ranglátlega niður, því að það getur vel viljað til, að útgerðarfjelag eða útvegsbóndi, sem eyðir lítilli olíu móts við aðra, afli mjög vel, en annað fjelag, sem eyðir meiri olíu, afli lítið og hafi þannig skaða af útgerðinni, og er þá auðsætt, að hjer kæmi fram tilfinnanlegt misrjetti. Jeg hygg, að bændur mundu ekki kunna vel við það, ef farið væri að leggja sjerstakan skatt á ljáblöð, og er hjer nokkuð líkt með steinolíuna; hún er framleiðslutæki, og það er algerlega rangt að leggja sjerstakan skatt á slíka hluti og gera þá að tekjustofni. En jeg býst nú samt við því, að fjárhagsnefndin hafi fylgi í deildinni með sínum tillögum, og veit, að hún er eindregið á gagnstæðri skoðun, eins og kom fram við 2. umr., því að hún tekur fyrst og fremst það til greina, er lýtur að því

að afla landssjóði tekna; það er hlutverk hennar að hyggja að því, og því tekur hún þessu tækifæri tveim höndum, án þess að líta nægilega á hitt, hve ranglátt þetta gjald er. En þótt deildin vilji ekki fallast á aðaltillögu mína, að olían verði seld fyrir það verð, er liðlega svarar innkaupsverði og öllum kostnaði, sem er hið eina rjetta, þá vona jeg, að hún geti þó að minsta kosti fallist á varatillöguna, er færir skattinn af hverri tunnu úr 4 kr. niður í 2 kr.

Matthías Ólafsson: Jeg get ekki sjeð, hve mikill munur er á þessari brtt. og 2. gr., eins og hún er nú. Í lögunum stendur, að enginn megi flytja steinolíu hingað til lands eftir að stjórnin hafi tekið aðflutningana að sjer, nema með sjerstöku leyfi hennar, en í brtt. stendur það sama, en frá þeim tíma, að lögin verði staðfest.

Það er gert ráð fyrir, að það líði einhver tími frá því, að lögin verða staðfest og þangað til stjórnin hafi tekið að sjer flutningana, en samkvæmt brtt. á enginn tími að vera á milli. En þetta má ekki vera svo, því að þá gætum vjer átt á hættu, að farmur, sem væri á leið til landsins þegar lögin væru staðfest, yrði sendur eitthvað annað.

Aðaltill. á þgskj. 106 er svona meinlaus og vonandi gagnslaus, því að hún segir ekkert annað en að selja skuli olíuna fyrir það, er svari innkaupsverði og kostnaði. Með öðrum orðum, tillögumaður hefir hugsað sjer að leggja það til, að landssjóður hafi alls ekkert upp úr olíusölunni; en jeg hygg, að allir, sem eru með einokun, hugsi sjer, að þeir þurfi ekki að borga hærra verð en áður, en hins vegar reiknist landssjóði nokkuð af þeim ágóða, sem kaupmenn hafa haft.

Jeg veit, að þetta gjald kemur harðast niður á sjávarútveginum, og jeg er sannfærður um, að það er ofhátt, en eins og málið horfir nú við eru allar líkur til, að það verði samþykt. Eins og jeg hefi áður tekið fram þá álít jeg, að 5 kr. gjaldið, sem fyrst var stungið upp á, sje ofhátt, og jeg er einnig á því, að 4 kr. gjaldið sje líka ofhátt. Jeg get fallist á það, sem einnig hefir verið stungið upp á, að gjaldið sje 2 kr.

Þá er síðasta brtt. á þgskj. 106. Mjer virðist það búið að sýna sig, að það sje afarvarasamt að hindra einstaka menn í því að útvega nauðsynjavörur til landsins, og að því er olíuna snertir, þá liggur það í hlutarins eðli, að enginn fer að gera það til þess að eiga það á hættu, að olían verði tekin af honum og stjórnin ráðstafi henni. Þetta liggur svo í augum uppi, að ekki þarf að fara mörgum orðum um það. Það getur einnig borið við, á hvaða tíma sem er, að stjórnin eigi von á skipi frá Ameríku, þegar hún álítur öllu óhætt, og það getur þá einmitt farist, en annað skip, sem einstakur maður á, komist heilu og höldnu, og ætti það þá að geta bjargað í svip, því að vitanlega er betra að fá dýra steinolíu heldur en alls enga.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Fjárhagsnefndin hefir athugað brtt. háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) og ekki getað fallist á neina þeirra; hann hefir borið fram fyrstu brtt. sína við 2. gr. í þeim tilgangi, að stjórnin geti altaf haft hönd í bagga með því og vitað um, hve mikið er flutt til landsins af steinolíu, og álítur hann betur trygt með því móti, að nóg verði af henni í landinu, en nefndin álítur, þvert á móti, að þegar einhver maður hafi fengið leyfi til að flytja inn svo og svo mikið af steinolíu,

þá geti það dregið úr stjórninni að fara að útvega meira.

Mjer finst það ekki nema eðlilegur hlutur, að ef stjórnin vissi, að t. d. steinolíufjelagið væri búið að fá leyfi til að flytja inn 4000 tunnur af steinolíu, þá myndi það draga úr henni að fara að panta. En ef stjórnin veit ekkert um aðra pantendur, nje þeir um hana, þá eru mestar líkur til, að enginn dragi sig í hlje, og það er það, sem oss ríður á, að reynt sje að fá vöruna, og það sem mest, því að engin hætta er á því, að það komi ofmikið af henni. Enn fremur gæti það hugsast, að þeir menn væru til, sem vildu heldur losna alveg við þessa verslun, ef þeir þyrftu að fá sjerstakt leyfi annarsstaðar til að hafa hana. Og hvað það atriði snertir, sem háttv. þm. (B. Sv.) tók fram, að hægra mundi að koma á einkasölunni, ef hans brtt. verður samþykt, því að þá væri loku skotið fyrir, að miklar birgðir gætu verið hjer á landi, þegar að því kæmi, að landssjóður tæki að sjer söluna, er því að svara, að eftir tillögum okkar nefndarmanna er mjög vel sjeð fyrir þessu atriði, hvernig fara skuli um væntanlegar steinolíubirgðir. Og setjum svo, að fjelagið eða einstakir menn finni upp á því að búa til t. d. olíugeyma eða slík dýr mannvirki, vitandi um lög þessi og það, að við borð lægi, að landssjóður tæki að sjer þessa verslun. Jeg get ekki sjeð, að neinn geti krafið landssjóð skaðabóta fyrir, að slík mannvirki yrðu verðlaus eða verðlítil, því að enginn getur fengið bættan skaða, sem hann er sjálfur valdur að og fyrirsjáanlegur er, en slíkur skaði væri fyrirsjáanlegur öllum, undir þessum kringumstæðum.

Hvað það snertir að leyfa einstökum mönnum að panta, þá held jeg, að það yrði einmitt til þess, að stjórnin tæki síður að sjer verslunina, því að þegar það lag er komið á, að þessi fái undanþágu, og svo hinn, þá myndi það vera látið ganga svo, heldur en að taka fyrir þessar pantanir, og það er síður en svo vissa fyrir því, þótt einhver panti olíu, að hún komi til landsins.

Í sambandi við þessa brtt. stendur síðasta brtt. um það, hve nær lögin eigi að ganga í gildi. Um hana er það að segja, að verði 1. brtt. samþykt, þá er hún um leið samþykt.

Þá er önnur breytingartillagan, um að færa niður eða sleppa alveg gjaldinu til landssjóðs. Hv. fim. (B. Sv.) hefir víst haft það á tilfinningunni, að hún myndi ekki hafa mikinn byr, því að hann hefir komið með varatillögu um að færa gjaldið úr 4 kr. niður í 2 kr., og jeg verð að lýsa yfir því, fyrir nefndarinnar hönd, að hún er eindregið á móti báðum þessum tillögum, því að það er eins og háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) tók fram, að það, sem rjettlætir einkasölu landssjóðs á hvaða vörum sem er, er það, að landssjóður geti haft tekjur af henni, og sje þessu grundvallaratriði kipt burt eða tekjurnar gerðar mjög óverulegar, vil jeg heldur, að frv. sje hreint og beint felt.

Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) sagði, að engin vissa væri fyrir því, að þeir, sem nota mesta steinolíu, græði mest eða sjeu færastir um að greiða skatt af útveg sínum. Þetta er nú að vísu satt, en þó verðum vjer að ganga út frá, að aðalreglan sje sú, að sá, sem leggur meira í útveg sinn, beri meira úr býtum en sá, er lítið leggur fram, og eftir aðalreglunum verður löggjöfin að laga sig, en eigi eftir undantekningum. Þetta gjald í landssjóð mundi og ekki verða tilfinnanlegt almenningi, því að olían mundi varla verða dýrari, að meðtöldu gjaldinu til landssjóðs, en hún hefir verið, að meðtaldri álagningu, sem talið er víst að hafi verið þá.

Benedikt Sveinsson: Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) var undarlega andvígur þessari 1. brtt., þar sem hann þó í öðru orðinu hjelt því fram, að á henni væri nær enginn munur og frv.-greininni. Mjer skildist, að hann vildi skilja frv. svo, að meiningin með því væri sú, að þessi lög ættu að koma strax til framkvæmda; það mætti ekki líða nema sem allra stystur tími frá því, að lögin væru samþykt, og þangað til að stjórnin tæki verslunina í sínar hendur. En þetta er einmitt ekki tekið fram í frv., og af því að óttast má, að stjórnin dragi það jafnvel árum saman að nota heimildina, eins og henni er komið fyrir í frv, þá hefi jeg einmitt borið fram breytingartillöguna, er fær stjórninni einkarjettinn í hendur þegar í stað. Það ætti því einmitt frá sjónarmiði háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) ekki að skaða, þótt þessi brtt. næði fram að ganga, þar sem hún tekur einmitt það fram, sem hann viðurkennir að sje svo nauðsynlegt, en er ekki fólgið í frv., þótt hann virðist ætla, að svo sje.

Háttv. þm. (M. Ó.) var að tala um, að brtt. gæti orðið til skaða, með því að þeir, sem kann ske hefðu pantað olíu, gætu afstýrt því, að farmurinn yrði sendur, er þeir fengju vitneskju um einkaheimild landsstjórnarinnar. Þetta kalla jeg hina mestu fjarstæðu, því að það er sannarlega hægurinn hjá að semja við stjórnina um innflutning olíunnar, því að stjórninni er það engu síður hugleikið en kaupmanninum, að olíubirgðir komi sem fyrst til landsins. Hvað ætti svo sem að geta valdið því, að olíuförmum, sem væru á leið til landsins, yrði snúið aftur vegna þessarar lagasetningar? Slíkt nær engri átt. Þetta er ekkert annað en gryla, sem slegið er fram til að hindra brtt., annaðhvort af skammsýni eða skorti á góðgirni.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) hjelt því fram, að tilgangurinn með allri einkasölu eða einokun væri sá, að afla landssjóði tekna. Tilætlunin væri sú, að varan yrði kaupendum ekki dýrari en ella, en af því, að landssjóður keypti í stórkaupum, þá gæti hann sætt betri kaupum en aðrir, og ágóðann ætti hann svo að hirða sjálfur. En það eru miklar veilur á þessum staðhæfingum. Ef landsstjórn tekur einkasölu á munaðarvöru, þá er aðaltilgangurinn sá, að afla landssjóði tekna. En þá er tilætlunin engan veginn sú, að varan verði kaupendum jafnódýr og ella. Einkasölu á tóbaki mundi landið beint taka til þess eins að græða á henni fje handa landssjóði, og ekki horfa í, þótt varan hækkaði í verði. En þegar um nauðsynjavöru er að ræða, þá er einkasalan gerð í alt öðrum tilgangi en þeim að afla landssjóði tekna. Tilgangurinn er þá, og á að vera, að afla landslýðnum vörunnar fyrir sem allra lægst verð. Jeg hygg t. d., að háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) hafi ekki komið með frv. sitt um einkasölu á steinlími til þess að afla landssjóði tekna, heldur til þess að afla landsmönnum góðrar vöru með góðu verði. Það er þannig tvens konar stefna, sem ríkir, að því er einkaverslun snertir, alt eftir því, hver varan er, sem um er að ræða. Það, sem gerði einkasölu eða einokun skaðlegasta og illræmdasta fyr á öldum, var einmitt sú misbeiting stjórnarinnar, að hún notaði einkasöluna til þess að ná gróða af nauðsynjavöru sjer til handa, — og það er þess konar misbeiting, sem jeg er að reyna að girða fyrir með brtt.

Og hvað sem því nú líður, að þeir, sem stóra útgerð hafi, græði meira en þeir, sem litla útgerð hafi, eins og hv. frsm. (M. G.) kvað að orði, þá er þar til að segja, að fyrir því er engin regla. Það er alls engin vissa fyrir því, að gróðinn sje í hlutfalli við olíueyðsluna,

og því er þessi tekjustofn ranglátur. En hins vegar skal jeg ekki lá háttv. frsm. nefndarinnar (M. G.), þótt hann haldi fast við það, sem nefndin hefir áður ákveðið, einkum þar sem nefndin er kunn að því að einblína á það eitt, er orðið getur einhver tekjugrein fyrir landssjóðinn.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það voru að eins örfá orð, sem jeg vildi segja, út af því, að háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) hjelt því fram, að óvíst væri, að landssjóður tæki að sjer einkasölu á steinolíu fyr en einhvern tíma síðar meir. Jeg tók það fram við 2. umr. þessa máls, að bein tilætlun nefndarinnar hefði verið, að landssjóður tæki að sjer einkasöluna hið fyrsta að hægt væri, en þó ekki fyr en stríðið væri á enda.

ATKVGR.

Brtt. 106, 1. feld með 9:3 atkv.

— 106, 2. (aðaltill.) feld með 14:2 atkv.

— 106, 2. (varatill.) feld með 14:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., B. St., E. A., J. B., M. Ó., P. O., P. Þ., Sv. Ó., B. Sv.

nei: E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., M. G., M. P., P. J., S. S., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

Þrír þm. voru fjarstaddir.

Brtt. 106, 3. feld í e.hlj.

Frv. samþ. í e.hlj. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., laugardaginn 21. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 134.)

Á 14. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Magnús Kristjánsson: Jeg kann ekki við það, að mál þetta gangi umræðulaust í gegnum þessa háttv. deild; tel jeg það ofþýðingarmikið til þess og álít fulla ástæðu til, að það sje tekið til rækilegrar athugunar. Býst jeg við, að frv. þetta sje fram komið út af till. þeirri, er áður var samþykt og afgreidd til stjórnarinnar, um að undirbúa mál þetta fyrir þingið.

En jeg fyrir mitt leyti hefi ekki enn þá sjeð eða sannfærst um ávinninginn af því, þótt landsstjórnin tæki að sjer einkasölu, hvort sem er á steinolíu eða öðrum vörutegundum. Hygg jeg, að til sjeu aðrar leiðir miklu heppilegri til þess að ná því takmarki, sem stefnt er að í frv.

Þar að auki mundi einkasala engu öðru koma til leiðar en því, sem einmitt nú á sjer stað, sem sje því, að landsstjórnin hafi til vörutegundir og versli með þær og haldi þeim í sanngjörnu verði, þegar verslunarfjelög eða einstakir menn, sem með vöruna versla, halda henni í alt ofháu verði. En þessu takmarki, að tryggja landsmönnum sanngjarnt verð á ýmsum vörutegundum, virðist mjer að verði náð með því fyrirkomulagi, sem nú sje á landssjóðsversluninni, sem þó ekki útilokar frjálsa samkepni.

En það er annað, sem athuga þarf í þessu máli. Það er, hvort tilgangur frv. sje ekki ef til vill sá að útvega landssjóði tekjur. Ef svo skyldi vera, þá verð jeg að álíta, að hjer sje að eins um grímuklætt skattafrv. að ræða, og virðist það ekki úr vegi, að því sje gaumur gefinn þegar í byrjun, að hjer er um háan skatt að ræða, sem lenda

mundi mestallur á einum atvinnuvegi landsins.

Þess vegna mun jeg leyfa mjer við næstu umr. að koma fram með brtt. við 3. gr. frv., þannig lagaða, að lækka skuli eða fella niður með öllu fjögra kr. gjaldið, sem þar er um að ræða.

Í þessari sömu gr. frv. er annað ákvæði, sem líka er athugavert. Þar stendur, að selja skuli olíuna fyrir það verð, er liðlega svari innkaupsverði og öllum kostnaði. Þetta ákvæði er mjög svo rúmt og ótakmarkað, og getur gjaldið orðið 6 kr. eða meira af hverri tunnu, án þess að brotið sje í bág við ákvæði þessi. Gerum nú ráð fyrir, að verðið væri 30 kr. tunnan. Er það eðlilegt verð, ef miðað er við það, sem var fyrir stríðið. Þá mundi fjögra kr. gjaldið vera því sem næst 14 %, og væri nú síðara ákvæðinu fylgt og liðlega reiknaður kostnaður allur, þá gæti svo farið, að gjaldið yrði 20 % og þar yfir.

Við nánari athugun kemur það í ljós, að skattur þessi er tilfinnanlega hár. Á vjelskipi, sem hefir 30—50 hestöfl, mundi hann nema frá 500—1000 kr. á ári.

En nú kunna menn að segja, að þetta komi ekki fram sem neinn skattur, því að landsstjórnin muni geta boðið svo miklu betri kjör en aðrir, sem verslað hafa með vöruna. En fyrir því er engin sönnun, og ekki hefir reynslan staðfest það enn sem komið er.

Býst jeg eins við hinu, að hin sterku fjelög, sem hafa haft olíuverslunina á hendi, muni geta skapað landsstjórninni verð, svo að hún geti ekki selt svo ódýrt, að hagur sje að. En fari nú svo, þá er skatturinn svo þungur, að engin sanngirni getur með því mælt að íþyngja þannig einum atvinnuvegi.

Þess vegna mun jeg, eins og jeg hefi áður sagt, leyfa mjer að koma með brtt. við frv. við næstu umr.

Guðjón Guðlaugsson: Mjer finst sessunautur minn, háttv. þm. Ak. (M. K.) vera helst til einhliða í máli þessu. Hann leggur alla áhersluna á skattahliðina á málinu. Mjer fyrir mitt leyti finst skatturinn alls ekki hár og álít ekki heldur, að hann sje aðaltilgangur frv.

Alt er undir því komið, hvort hann er útgjaldaauki fyrir kaupendur eða ekki. Og áreiðanlega er svo til ætlast með frv., að hann verði það ekki. Olían á ekki að verða dýrari, þrátt fyrir þetta fjögra kr. gjald, heldur en hún yrði, ef aðrir útveguðu hana. Og jeg hefi þá trú, að svo geti orðið, ekki þó af því, að landsstjórnin komist að betri kjörum en aðrir, heldur af því, að landsstjórnin mundi ekki hugsa um hærra álag en þetta fjögra kr. gjald, en einstakir menn mundu aftur á móti tæplega láta sjer nægja það, sem því svarar, í sinn eigin vasa. Þá virðist mjer betra, að landsstjórnin selji, þótt greiða verði ákveðinn skatt, heldur en hitt, að sætta sig við óákveðið álag seljenda. Þetta álít jeg að beri að athuga, áður en frv. er látið mæta mótmælum frekar.

Í öðru lagi tel jeg það mjög áríðandi, að athugað sje í tíma, hvort landsstjórnin muni geta uppfylt þarfirnar, ef hún fengi einkasöluheimildina, og ef svo reynist ekki, þá yrði sleginn varnagli við því í tíma og öðrum leyfð sala á steinolíu, því að það er sú vara, sem alls ekki er hægt án að vera, og er því betra að sæta illum kaupum en án að vera.

Magnús Kristjánsson: Jeg hefi ekki neitt sjerstakt að athuga við ræðu háttv. 4. landsk. þm. (G. G.). Jeg vil að eins taka það fram aftur, að eftir orðalagi frumv. er það alls ekki útilokað, að gjaldið geti orðið hærra en 4 kr.

Fyrirkomulag það, sem nú er, álít jeg best og tryggast, nfl. að stjórnin versli eftir því, sem þörf þykir og föng eru á, og sýnist ekki vera neitt því til fyrirstöðu, að þeim hætti sje haldið áfram. Það er fyrst eftir margra ára reynslu, sem það gæti komið til mála að koma á einkasölu.

Þá get jeg ekki betur sjeð en að það sje hreinn óþarfi að ákveða fast gjald fyrirfram. Landsstjórnin hefir hingaðtil gætt þess að leggja hæfilegt gjald á vörur þær, sem hún hefir verslað með, og mundi hún sjálfsagt halda við þeirri venju, án allra lagaákvæða.

Annars er það mín skoðun, að öll verslun eigi að vera frjáls, að svo miklu leyti sem frekast er unt, og þá fyrst eigi að grípa til einkasölu, þegar frjáls samkepni nægir ekki til þess að halda við sanngirni í verðlagi vörunnar.

Karl Einarsson: Jeg vil leyfa mjer að gera það að tillögu minni, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv., og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1602) með 12 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 134, 173, 211, n. 384.)

Frsm. (Sigurður Eggerz): Frv. þetta er mjög líkt lögum þeim, sem nú eru í gildi, frá 22. okt. 1912. Aðalbreytingin er ákvæðið í 3. gr. frv., að leggja skuli 4 kr. gjald á hvert steinolíufat, sem renni að $^3/_4$ hlutum í landssjóð, en að $^1/_4$ hluta í veltufjár- og varasjóð steinolíuverslunarinnar. Ekki er auðvelt að segja, hve miklu þetta gjald myndi nema, en hefði gjald þetta verið lagt á steinolíu fyrir ófriðinn, hefði það numið:

1911 kr. 94,296,00
1912 — 93,468,00
1913 — 118,000,00
1914 — 88,600,00

Líkindi eru til, að steinolíuflutningur muni aukast eftir ófriðinn, og ætti gjaldið þá að gefa nokkru meira af sjer. En þó að það næmi meiru, munu allir sjá, að hjer er ekki um mikinn skatt að ræða.

Nefndin hefir ekki gert neinar brtt. við frv., en leggur til, að það verði samþykt óbreytt. Annars hefi jeg ekki leyfi til að segja annað fyrir nefndarinnar hönd, en það, sem tekið er fram í nefndarálitinu, er jeg býst við að hv. deildarmenn hafi kynt sjer rækilega. Vonar nefndin, að frv. nái fram að ganga.

Um skoðun mína á málinu vil jeg vísa til þess, er jeg sagði 1912, er samskonar frv. var til umræðu. Þá lagði jeg áherslu á, að rjettast væri, að verslunin væri frjáls. En hins vegar er ástæðan til þess, að jeg felst á frv., hin sama sem jeg tók þá fram, að jeg get felt mig við, að landssjóður taki einkasölu á sjerstökum vörutegundum, sem einokun er þegar orðin á. Nú er svo komið, að kalla má, að einokun sje á steinolíu, þar sem kaupmenn hafa orðið að binda sig samningum við eitt fjelag. Fellst jeg því á frv.

Annars er hjer ekki um neitt nýtt að ræða. Landsstjórnin hefir sömu heimild samkvæmt núgildandi lögum. Hið eina, sem er nýtt, er 4 kr. gjaldið á hverri tunnu, eins og þegar er tekið fram. Astæðan til þessarar breytingar er sú, að takist verslunin vel, rennur þetta gjald, sem annars hefði farið í vasa

kaupmanna, beina leið í landssjóð. Jeg ætla ekki að minnast á brtt. fyr en flm. þeirra hafa gert grein fyrir þeim. Annars vona jeg, að háttv. deild taki frv. þessu vel.

Hannes Hafstein: Jeg hefi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara. Sá fyrirvari þýddi, að jeg áskildi mjer óbundið atkvæði um frv., ef jeg sannfærðist ekki um ágæti þess.

Jeg hefi ekkert á móti einkasölu á steinolíu. Jeg var sjálfur í nefnd þeirri, er bjó til gott og ítarlegt frv. um þetta efni, er lagt var fyrir þingið 1912. En þetta frv. er illa samið og ónákvæmt. Þingið 1912 drap hið vel undirbúna og rökstudda frv. nefndarinnar. En svo íðruðust menn þessa og komu fram með frv. líks efnis síðasta dag þingsins. Það frv. var flaustursverk, og nú eru þessi ólög komin fram sem frv. til laga frá landsstjórninni. Þó er felt í burt ákvæðið í 3. gr. frv., er heimilar landsstjórninni að afhenda innlendum hlutafjelögum og einstökum mönnum heimild sína og einkarjett til olíuinnflutnings. Að vísu er annað ákvæði sett inn í 2. gr. frv., er ef til vill mætti skýra á þessa leið, en jeg efast um, að það verði skilið svo. Ímynda jeg mjer, að menn muni skilja það á þá leið, að heimilt sje að leyfa mönnum að flytja inn steinolíu handa sjálfum sjer í einstöku tilfellum.

Jeg hefi ekki tekið ákvörðun um, hvort jeg greiði atkvæði með eða móti frv., ætla fyrst að sjá, hvernig fer um brtt.

Magnús Kristjánsson: Jeg á brtt. á þgskj. 173. Jeg þykist hafa fært gild rök fyrir því við 1. umr., að 4 kr. gjaldið, sem að mestu leyti kemur niður á einum atvinnuvegi, er ofhátt. Þess vegna hefi jeg gert þá brtt., að þetta fastagjald verði lækkað um helming, niður í 2 kr. Þetta fastagjald, segi jeg, því að í frv. er rúm heimild að leggja talsvert á vöruna auk þessa, o: selja olíuna fyrir það verð, er líðlega svarar innkaupsverði og öllum kostnaði. Annars skal jeg ekki endurtaka rök þau, er jeg færði við 1. umr.; þau standa öll óhrakin.

Háttv. frsm. (S. E.) taldi þennan skatt ekki tilfinnanlegan, þar eð hann myndi reynast samsvara venjulegum kaupmannahagnaði. Þetta getur rjett verið, ef vissa fæst fyrir því, að landsstjórnin gæti selt olíuna ódýrara en menn ættu kost á, væri verslun frjáls. En þar sem engin vissa er fyrir þessu, er bein þörf á að fara gætilega af stað. Vjer þurfum reynslu í þessum efnum. Það er engin ástæða til að ákveða nokkurt fast gjald á olíuna, og síst svo hátt, þar sem heimilt er að leggja svo ríflega á hana, eins og þegar er tekið fram.

Jeg vænti, að háttv. deild hafi athugað frv. svo rækilega, að hún geti aðhylst brtt. mína.

Magnús Torfason: Jeg og háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) eigum hjer 2 brtt., á þgskj. 211, þar sem farið er fram á, að þessu 4 kr. gjaldi sje skift jafnt á milli landssjóðs og veltufjár- og varasjóðs verslunarinnar, í stað þess, að landssjóður fái mikinn meiri hluta gjaldsins, en verslunin einungis $^1/_4$ hluta þess.

Ástæðan til þessa er sú, að eigi þessi steinolíuverslun að verða að gagni, þá er enginn vafi á, að búa þarf til ýmisleg tæki, er kosta afarfje. Þess vegna er nauðsynlegt, að varasjóður verslunarinnar aukist sem fyrst. Komist landsverslunin á, er ekki ætlast til, að olían verði flutt á tunnum, heldur í sjerstökum steinolíuflutningaskipum. En til þess þarf að eiga olíugeyma eða olíubrunna, er kosta stórfje. En að eiga ekki olíu-

geyma er stórskattur á versluninni. Tunnurnar, sem nú er flutt olía í, eru oft illa lekar, og hefir komið fyrir, að alt að 25% af steinolíunni hafa lekið niður. Flutningstækin verður fyrst og fremst að bæta, því að það er skylda landsstjórnarinnar að sjá um, að verslunin verði verulega hagkvæm. Það er sjálfsagt, að það verður að haga steinolíuversluninni svo, að hún verði öllum hagkvæm.

Það er sagt hjer í 2. málsgr. 3. gr., að það eigi að öðru leyti að selja olíuna fyrir það verð, er líðlega svarar innkaupsverði og öllum kostnaði, og getur þetta orð »líðlega« hjer eigi þýtt annað en að það sje heimilað að leggja á olíuna, enda er það augljóst, að svo lengi, sem olían er flutt á tunnum, þá verður að leggja ríflega á hana, ef olíuverslunin á að vera skaðlaus. Og jeg er ekki í neinum vafa um það, að það á að styrkja varasjóð sem mest og sem fyrst.

Því er haldið fram af þeim, sem mæla 4 kr. skattinum bót, að hjer sje ekki um háan skatt að ræða, en það er alls ekki rjett. Í venjulegum árum mun mega segja, að steinolíufat kosti 10 kr., og að leggja þá 4 kr. skatt á það er hár skattur. Það er 40%, sem skattupphæðin getur numið. Þetta sjá allir að er afarhátt, einkum er þess er gætt, að hjer er um nauðsynjavöru að ræða. Við vitum, að álagning á nauðsynjavörur er yfirleitt lítil; fiskkaupmenn eru ánægðir þegar þeir græða 10%, og álagning á erlenda nauðsynjavöru er oftast minni; á sykri var hún fyrir stríðið t. d. nærfelt engin.

Þingið verður að gæta þess, að hjer er um nýja braut að ræða. Hygg jeg, að það sje ekki góð braut, sem gengin er, ef landssjóður vill afla sjer mikilla tekna með háum tollum eða álagningu á nauðsynjavörur. Það er kunnugt, að landsverslun virðist hafa byr nú; það hefir komið fram hjer á þingi, að landið reki verslun með sement, og það er ekki með öllu ástæðulaust um salt, kol og gaddavír. Og eigi að fara að ganga þá braut, að reka þessa verslun, þá verða menn strax í öndverðu að gera sjer ljóst, hversu mikinn skatt megi á það leggja, en jeg hygg, að hann megi ekki vera jafnstór og hjer er ráð fyrir gert. Jeg býst ekki við því, að Alþingi vilji láta sjávarútveginn greiða svo háan skatt. En jeg er ekki í neinum vafa um það, að sjávarútvegurinn og kaupstaðarbúar nota að minsta kosti 90% af allri steinolíu, sem notuð er hjer á landi.

En jeg legg mesta áherslu á það, að arðinum af versluninni sje skift jafnt á milli landssjóðs og varasjóðs verslunarinnar, því að það er einkar áríðandi, að hann sje gerður sem öflugastur, og ef brtt. sú, er jeg ber fram um það efni ásamt háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.), verður samþykt, þá legg jeg minni áherslu á skattinn, þótt jeg telji rjett, að hann verði lækkaður. En geta vil jeg þess, að jeg tel það óvíst, að olían verði nokkru ódýrari þótt frv. nái fram að ganga, einkum fyrst, meðan verslunin er að komast í lag.

Hið eina, er við getum gengið að sem vísu, er að skatturinn verður á oss lagður.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg vil að eins lýsa yfir því, fyrir hönd landsstjórnarinnar, að hún aðhyllist brtt. þær við frumv., sem hjer hafa verið bornar fram og skráðar eru á þingskj. 173 og þingskj. 211, enda eru þessar brtt. í fullu samræmi við það, er landsstjórnin lagði til, er hún bar frv. fram.

Landsstjórnin lagði til, að álagningin næmi 6 % af verði steinolíunnar, en það er hið sama og tæpar tvær kr. á fatið með venjulegu steinolíuverði í meðalári. Þetta er því nærfelt hið sama og brtt. á þingskj. 173 fer fram á, þar sem skattupphæðin er gerð 2 kr. á fatið.

Brtt. á þingskj. 211 fer fram á, að arðurinn skiftist að jöfnu á milli landssjóðs og veltufjár- og varasjóðs verslunarinnar, og er það hið sama og landsstjórnin lagði til í frumv. sínu, en háttv. Nd. breytti því; stjórnin varð þar í minni hluta um þetta. En eftir umræðunum í háttv. Nd. og öðru skil jeg ekki, að háttv. Nd. geri þessi atriði að kappsmáli.

Jeg vil því mæla með því, að báðar brtt. nái fram að ganga.

Framsm. (**Sigurður Eggerz**): Jeg gekk að því sem vísu, er jeg tók að mjer framsögu málsins fyrir nefndina, að nokkur ágreiningur kynni að verða um mál þetta, enda sýnist mjer, að það muni rætast.

Háttv. meðnefndarmaður minn, 1. landsk. þm. (H. H.), tók það fram, að orðin »engum öðrum leyfilegt« . . . nema með sjerstöku leyfi landsstjórnarinnar« í 2. gr. yrðu að skiljast svo, að ekki væri hægt að leyfa annað en undanþágur til einstakra manna í eitt skifti eða svo; en samkvæmt þessu væri ekki hægt að framselja einkaleyfi til einstaks fjelags. Jeg vil taka það skýrt fram, að samkvæmt mínum skilningi, og það var sami skilningur hjer um hjá háttv. 1. landsk. þm. (H. H.), þá er alls ekki heimilt samkvæmt 2. gr. frv. að veita neinu fjelagi allsherjarheimild til sölu og innflutnings á steinolíu, og það er með þessum skilningi einum, að jeg fylgi greininni. Ef jeg hefði talið, að það gæti komið til orða, að svo yrði litið á, sem heimilt væri að framselja olíuverslunina, hefði jeg tafarlaust komið með brtt., og í þessu sambandi þykir mjer rjett að taka fram það, sem jeg gleymdi í fyrstu ræðu minni, að á þessu atriði er einmitt verulegur munur frá lögum frá 1912, því að samkvæmt þeim var heimilt að fela fjelagi um vissan tíma alla steinolíuverslunina.

Hvað skattana áhrærir, þá vil jeg taka það fram, að jeg teldi það eins vel farið að sleppa öllum skatti af olíunni eins og að lækka skattinn niður í 2 kr. á fatið. Það er líka álitamál, hvort það væri ekki best að fella skattinn alveg niður, og það er að minsta kosti rjettara en að lækka hann svo, að landssjóð muni hann litlu.

Ef brtt. þær, sem hjer eru bornar fram, næðu báðar fram að ganga, þá hefði skatturinn numið í hvorn sjóð:

Árið	1911	kr. 23574,00
—	1912	— 23367,00
—	1913	— 29500,00
—	1914	— 22150,00

Það sjá allir, að þessi tollur, rúmar 20 þús. kr., er svoddan smámunir fyrir landssjóð, að það tekur því ekki að ræða þá, og það væri miklu rjettara að fella þá alfarið niður og hugsa um það eitt að selja olíuna sem ódýrast.

Sje nánar litið á, hvernig þetta hefði verið árin 1911—1914, þá er það svo:

Ár	Tala tunna	Skatturinn með 2 kr.	Skatturinn með 4 kr.
1911	23574	47148	94296
1912	23367	46734	93468
1913	29500	59000	118000
1914	22150	44300	88600

En eins og frv. lítur nú út hefði það orðið svo, að landssjóður hefði fengið:

1911	70722 kr.,	en varasj.	23574 kr.
1912	70101 —,	——	23367 —
1913	88500 —,	——	29500 —
1914	66450 —,	——	22150 —

Það sjá nú allir, að ef landssjóð á að draga nokkuð skatturinn, þá má hann ekki vera minni en hjer er ráð fyrir gert í frv., enda held jeg, að það sje ekki rjett, að nokkurn dragi þessi skattur. Ef það er rjett, sem altalað er, að hið svonefnda Íslenska Steinolíuhlutafjelag græði óhæfilega mikið, þá ætti álagning þess að hafa numið svo miklu, að þessa skatts gæti ekki mikið, og menn ættu að geta fengið steinolíu sama verði og verið hefir, eða töluvert ódýrari.

Jeg vona því, að háttv. deild fallist á það, annað tveggja að hafa 4 kr. gjaldið óbreytt, eða þá að hafa það ekkert.

Nefndin getur ekki heldur fallist á brtt. á þgskj. 211; hún vill aðhyllast í því efni ákvæði háttv. Nd.

Nefndin verður að líta svo á, að nægilegt sje, að $^1/_4$ hluti sje lagður í varasjóð, og verði sú brtt. samþykt, áskilur nefndin sjer rjett til að koma fram með brtt. um, að allur skatturinn verði feldur niður.

Jeg vil endurtaka það, sem jeg hefi áður sagt, svo að það komi skýrt og berlega fram, að það, að jeg greiði atkv. með því að fela landsstjórninni steinolíuverslunina, er eingöngu vegna þess, að nú er einokun á steinolíu á landi hjer, og að nærfelt allir kaupmenn landsins hafa skuldbundið sig til þess að kaupa olíu hjá steinolíufjelaginu og engum öðrum. En jeg vil taka undir ummæli háttv. þm. Ak. (M. K.) við 1. umræðu þessa máls, að svo framarlega sem kaupmenn væru ekki bundnir vissum skuldbindingum við steinolíufjelagið, þá hefði ekkert verið því til fyrirstöðu, að landssjóður, án nokkurrar einkaheimildar, hefði getað verslað með steinolíu, þannig að fjelaginu gæti ekki tekist að beita einokun sinni.

Að endingu vil jeg óska þess, fyrir nefndarinnar hönd, að frv. verði samþykt óbreytt, eins og það kom frá háttv. Nd., en brtt. þær, er fram hafa komið, verði feldar.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Eins og tekið hefir verið fram þá er hjer um nýja stefnu að ræða, um nýjan skatt til landssjóðs. Þetta er stórt atriði, og nýbreytnisatriði.

Alls vegna álít jeg varhugavert að hafa þetta gjald hátt, — vegna þess, að hjer er um mikla nauðsynjavöru að ræða, og eins vegna þess, að það er óheppilegt að hafa mikið gjald á nauðsynjavöru. (**S. E.:** Hví hafði þá stjórnin gjaldið?) Vegna þess, að hún taldi það gjald hæfilegt, sem hún fór fram á, og að það mundi ekki nema meiru en álagning verslana þeirra, er vöruna seldu.

Þar sem háttv. framsm. (S. E.) hjelt því fram, að vjer ættum að verða betur settir eftir en áður með verðlag þessarar vöru, þá tel jeg það alls ekki víst. Það er hætt við því, svona í byrjun, að ekki takist eins vel með verslunina eins og þegar gamlir, þrautvanir og enda sjerfróðir verslunarmenn eiga við hana. Jeg hygg því, að það sje mjög hæpið að ætla, að landsmenn verði betur settir.

Brtt. á þgskj. 211 tel jeg góða; hún miðar að því að efla sem fyrst varasjóð verslunarinnar.

Ef mikill hagnaður verður á versluninni, þá má, ef svo líst, hækka gjaldið síðar meir, en að hafa það hátt strax í byrjun er varhugavert.

Magnús Kristjánsson: Hæstv. landsstjórn hefir nú lýst skoðun sinni á málinu, og hefir háttv. Nd. fært málið til verra vegar, ef svo má að orði komast, og breytt frv. frá því, sem það var í öndverðu af hálfu landsstjórnarinnar.

Mjer finst, að það megi öllum ljóst vera, að þótt háttv. Nd. hafi breytt frv. í þetta horf, þá sje þessi háttv. deild fullkomlega bær um að breyta því til batnaðar, og jeg vil enda segja, að það sje beinlínis skylda hennar að bæta úr þeim göllum, sem hún sjer á frv.

Jeg vil, með örfáum orðum, víkja að ummælum háttv. 2. landsk. þm. (S. E.), þar sem hann var að reikna það, hversu miklu þessi skattur mundi nema.

Jeg býst við því, að reikningur sá, er hann flutti, hafi verið rjettur eftir þeim grundvelli, sem hann var bygður á, en þótt svo sje, þá þarf reikningurinn ekki þar fyrir rjettur að vera. Og orsökin til þess er augljós. Háttv. þm. (S. E.) gerði ekki ráð fyrir því, að notkun steinolíunnar færi vaxandi, en það er mjög mikilvægt atriði. Þori jeg óhikað að fullyrða það, að steinolíunotkun vex mjög mikið, vex að minsta kosti um helming, og jeg hygg, að það sje ekki ofmælt, þótt gert sje ráð fyrir því, að steinolíunotkun landsmanna nemi að minsta kosti 60 þúsund fötum strax er heimsstyrjöldin hættir og viðskiftalíf vort og framleiðsla kemst í eðlilegt horf. En þetta breytir algerlega reikningi hins háttv. þm. (S. E.), breytir honum svo mjög, að ekkert verður á honum að byggja.

Af þessu leiðir það, að jeg get ekki fallist á þá kenningu þm. (S. E.), að eins gott sje fyrir landssjóð að fella niður tollinn og að lækka hann. Og þótt tollurinn nemi ekki meiru en 100 þús. kr. á ári, þá er það svo stór upphæð, að landssjóðinn munar um hana, og það er ekki nema rjett að meta hana einhvers. Jeg vænti þess, að háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) sje mjer samdóma um það, að í þessu sje þó nokkur tekjuauki.

Jeg sje ekki ástæðu til að lengja frekar umræður um þetta; málið er svo ljóst og einfalt, að jeg treysti því, að báðar brtt. þær, sem bornar hafa verið fram, verði samþyktar.

Þá má leiða fram mörg rök og dæmi þess, hversu það væri óheppilegt, ef frv. væri samþ. óbreytt, eins og það kom frá háttv. Nd., og því er ekki nema eðlilegt, að því verði breytt.

Hannes Hafstein: Eins og jeg tók fram áðan þá er að eins ein ástæða til þess, að jeg get greitt þessu frv. atkvæði mitt, og sú ástæða er, að hjer er um stutta bráðabirgðaráðstöfun að ræða, til þess að afla landssjóði tekna í bili.

En frv. þetta brestur alt til þess, að það geti að nokkru gagni orðið til langframa.

Þegar þetta mál er rætt, þá er eins og háttv. þm. gæti þess ekki, að það kostar afarmikið fje að reka olíuverslun, og því var það, að milliþinganefnd sú, er athugaði þetta mál vel og grandgæfilega, sá ekki annað ráð fyrir hendi en að menn væru neyddir til að láta fjelagi í hendur verslunina. Til þess að reka hjer olíuverslun, svo að í lagi sje, þarf að byggja hjer »tanks«, olíugryfjur, en það kostar stórfje; svo þarf að fá bygð sjerstök »olíutank«-skip til flutninga fyrir okkur. Þegar milliþinganefndin vann að þessu máli, þá rannsakaði hún þetta atriði, og þá var það svo, að öll olíuskip með »tanks« eða olíugeymum voru miklu stærri en svo, að við mættum hafa þeirra not; þau voru ætluð til stærri flutninga. Vjer þyrftum því að fá smíðað nýtt olíuskip handa okkur. Og svo þarf járntunnur undir olíuna.

Til þessa þarf feiknamikið fje; útbúnaðurinn er svo dýr, að jeg efast um, að hagnaðurinn af versluninni nægði til vaxtagreiðslu og slits. Jeg get því alls ekki fylgt þeim að máli, sem vilja láta lækka gjaldið; ef það væri gert, þá yrði þetta háskalegt kák.

Annars fer það alveg eftir því, hvernig atkv. falla um brtt., hvort jeg get fylgt frv. eða ekki, og ef gjaldið verður lækkað, er jeg staðráðinn í að greiða atkv. gegn frv.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Aðalspurningin í máli þessu er sú, hvort leggja skuli nokkurt gjald til landssjóðs á verslunina. Jeg hefi þegar játað það, að jeg er ekki harður á, að svo verði gert, en sje gjaldið nokkurt, tel jeg það ekki mega vera minna en gert er ráð fyrir í frv.

En það er hæstv. landsstjórn sjálf, sem hefir leitt þann asna inn í herbúðirnar, því að í hinu upphaflega frv. hennar er það »princip«, að skattur verði á lagður.

En verði nú brtt. háttv. þm. Ak. (M. K.) samþykt, þá verður fje það, sem skatturinn nemur, hreinasta smáræði fyrir landssjóð, og væri því hreinlegra að hafa hann engan.

Það var að vísu rjett, sem háttv. þm. Ak. (M. K.) drap á, að verslunin mundi aukast. Jeg benti líka á það í fyrstu ræðu minni, að líkindi væru til þess, þótt ekki sje hægt að ráða það af skýrslum þeim, er jeg hefi frá síðastliðnum árum. En þótt nú svo yrði, þá mundi skattur þessi ekki nema meiru en 30—40 þús. kr. og getur það engan veginn stórfje talist fyrir landssjóð.

Jeg hefi aldrei hugsað, að tilgangur stjórnarinnar með skatti þessum hafi verið sá, að íþyngja sjávarútveginum meir en nú á sjer stað; býst jeg við, að vakað hafi fyrir henni, að fást myndu svo góð kaup á steinolíunni, að kaupendur yrðu betur úti en nú gerist, þrátt fyrir skatt þennan.

En jeg álít þetta 2 eða 4 kr. gjald svo smávægilegt atriði, að ekki taki að halda á lofti löngum deilum um það, og jeg lít svo á, að betra sje að láta gjaldið falla niður en lækka það niður í 2 kr.

Skal jeg svo ekki teygja meir úr umræðunum um smáræði þetta.

Magnús Torfason: Jeg vil að eins leyfa mjer að fara örfáum orðum um brtt. á þgskj. 211. Hún fer ekki fram á, að lækkaður verði skatturinn, heldur að meira af honum fari í veltufjár- og varasjóð en gert er ráð fyrir í frv.

Eftir því, sem mjer skildist á ræðu háttv. 1. landsk. þm. (H. H.), þá er hann með því, að svo verði.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) taldi víst, að gera mætti ráð fyrir, að 60,000 tunnur af steinolíu flyttust til landsins á ári. Jeg álít, að það sje helst til lágt til getið, því að, eins og kunnugt er, hefir bifbátum fjölgað mjög á síðustu tveim árum, og margir eru í smíðum, og þegar útlendingar fara aftur að sækja hingað til landsins, þá mun þurfa miklu meiri steinolíu heldur en nú.

Og það er einmitt með útlendingana fyrir augum, sem jeg get verið með skatti þessum, því að annars mundi hann ekki verða annað en útflutningsgjald á fiskafurðum. Þetta er svo ljóst mál, að ekki ætti það að valda deilum.

Annars get jeg ekki fylgt háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) að málum í því, að skattur þessi sje hreinasta smáræði, því að hann mundi brátt verða alt að því helmingur vörutollsins. Og hann er góður að því leyti, sem hann mundi leggja þingi og stjórn þá skyldu á herðar að sjá fyrir, að olíuverslunin kæmist hjer í betra horf, og útveguð yrðu nýtileg tæki til flutninga og geymslu.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Háttv. 1. landsk. þm. (H. H.) kvaðst að

eins mundu verða með frv., svo fremi það væri að eins bráðabirgðaráðstafanir.

Jeg lít nú svo á, að hjer muni ekki koma til greina, fyrst um sinn, kostnaður við að útvega skip og geymslustaði, þótt frv. yrði samþykt, svo að ekki þyrfti, að svo komnu, að taka þesskonar með í reikninginn.

Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) komst svo að orði, að með skatti þessum hefði stjórnin leitt asnann inn í herbúðirnar. Jeg læt þessu ósvarað, því að jeg veit eigi, við hvaða asna eða herbúðir hann á. Jeg hygg annars, að það sje engin nýlunda, að lagt sje gjald á verslun. Að minsta kosti hefir það viðgengist hingað til, að gjald nokkurt hvíli á allri verslun. Hjer er að eins um ofurlítið hærra gjald að ræða en venja er til, og er það gert í þeirri von, að varan fáist á þennan hátt með betri kjörum en verið hefir, en alls ekki til þess að íþyngja einum atvinnuvegi landsins. En auðvitað má lengi deila um það, hvað hæfilegt sje að hafa gjaldið hátt; hygg jeg þó, að oft hafi hjer í þinginu verið deilt um lægri upphæð en þá, sem gjald þetta mundi nema, sem tekjur fyrir landssjóð, þótt farið væri eftir því, sem upphaflega stóð í stjórnarfrv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. — — — 12 — —

Brtt. 211, a. og b. samþ. með 9 : 5 atkv.
— 173. feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. K., M. T., S. J., G. G.
nei: H. St., H. H., H. Sn., S. E., E. P., G. Ó., G. B.

3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

4.—8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 441).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 16. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 478).

Á 50. fundi í Nd., mánudaginn 3. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 478, n. 736).

Framsm. (Magnús Guðmundsson): Það er eins með þetta mál og næsta mál á undan, að það er komið aftur frá hæstv. Ed., sem hefir breytt því í einu atriði, sem sje því, að í stað þess, að í frv., þegar það var afgreitt frá þessari háttv. deild, stóð, að $^3/_4$ af ágóðanum af steinolíuversluninni skyldi renna í landssjóð, en $^1/_4$ í veltufjár- og varasjóð, hefir nú hæstv. Ed. sett, að helmingur ágóðans skyldi renna í landssjóð, og hinn helmingurinn í varasjóð. Að öðru leyti er frumv. óbreytt. Jeg skal geta þess, að nefndinni þótti þessi breyting ekki vera til bóta, því að henni þótti nóg að láta $^1/_4$ af ágóðanum renna í veltufjár- og varasjóð, einmitt með til-

liti til þess, að gjaldið af hverri tunnu var hækkað frá því, sem það var í frv. stjórnarinnar. En af því að þetta kemur í raun og veru í sama stað niður, þar sem alt, er versluninni við kemur, er landssjóðs eign, þótti nefndinni ekki taka því að breyta frv. aftur, og leyfir sjer því að leggja til, að það verði samþykt, eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e.hlj. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 770).

---

8. Fyrirhleðsla fyrir Þverá og Markarfljót.

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 2. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót. (A. 14).

Á 3. fundi í Nd., fimtudaginn 5. júlí, var frv. tekið til 1 u m r.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Þessari háttv. deild getur ekki verið þetta mál í aðaldráttunum ókunnugt. Aðalatriði þess, sem hjer er um að ræða, er að gera tilraunir til að vinna upp gæðaland, sem tapast hefir af völdum nátttúrunnar. Það hafa þegar verið gerðar tilraunir til að fá þessu framgengt, og eins og deildinni er kunnugt voru veittar til þess verks 15000 kr. í gildandi fjárlögum.

En nú kemur málið fram í frumvarpsformi, en ekki að eins í fjárlagafrv., og stafar það af því, að svo er ráð fyrir gert, að hjeraðsbúar leggi nokkuð af mörkum til þessa verks. Hjer er vitanlega stigið stórt og óvenjulegt spor til að græða aftur upp þetta tapaða land. Og þótt ekki sje hægt að benda á nein hliðstæð dæmi, þá er hjer um svo mikið að ræða, og svo miklar vonir tengdar við framkvæmd verksins, að búast má við, að þingið taki vel í málið. Það er sem sje ætlast til þess í frumvarpinu, að hlutaðeigandi hjeruð greiði að eins $^1/_4$ kostnaðarins, og hefir það verið rætt á sýslufundum heima í hjeraði og fengið þar samþykki. Ráðuneytinu hefir þótt rjett að ljetta sem mest undir með hjeruðunum, en hefir látið málið koma fram í frumvarpsformi til að tryggja það, að hið áskilda tillag þeirra verði int af hendi.

Vegna þess, að þetta mál er háttv. þingmönnum þegar nokkuð kunnugt, og þingmenn hlutaðeigandi kjördæmis eiga sæti hjer í deildinni, hirði jeg ekki um að hafa lengri framsögu.

Jeg leyfi mjer að eins að óska þess, að málið fái að ganga til 2. umr. og verði vísað til landbúnaðarnefndar.

Pjetur Jónsson: Það er gleðilegt, að þetta frv. er fram komið. Jeg hygg, að hjer sje afarmikið verkefni fyrir hendi, sem ekki veiti af, að bæði einstaklingarnir og löggjafarvaldið hjálpist að til þess að koma í framkvæmd. Jeg ætla mjer ekki að ræða mikið um þetta mál, því að það er borið fram af stjórninni og sjálfsagt rækilega undirbúið. En jeg vildi þó leyfa mjer að drepa með fáum orðum á eitt atriði, sem jeg er ekki kominn í skilning um, hvernig vakað hefir fyrir stjórninni.

Eins og hæstv. atvinnumálaráðherra tók fram er ætlunin með frv. þessu meðal annars að styðja að nokkurskonar landvinningi, ekki einungis að verjast frekari skemdum, heldur að vinna upp áður tapað land og gera það nothæft. Þetta er aðalatriði málsins, og

það eru allar líkur til, að það takist að vinna upp mikið landflæmi. En þá er spurningin: Hvað fær landssjóður, sem ber $^3/_4$ hluta kostnaðarins, í aðra hönd, hvað fær hann af þessu nýja landi?

Mjer er ekki kunnugt um, hvort þær jarðir, sem hjer eiga hlut að máli, eru opinber eign, en ef þær eru einstakra manna eign, hvers vegna á þá að gefa $^3/_4$ hluta kostnaðarins þessum einstaklingum, úr því að hjer er jafnframt um gróðafyrirtæki að gera.

Jeg get ekki sjeð af frv., að til þess sje ætlast, að hið opinbera beri nokkuð upp af þessu nýja landi. Ef jarðirnar eru opinber eign, þá eignast hið opinbera auðvitað þetta nýja land og gagnið, sem af því flýtur. En ef þær eru einstakra manna eign, þá rennur ágóðinn í vasa einstaklinga. Um þetta vildi jeg leyfa mjer að óska upplýsinga, og væntí, að hæstv. stjórn og væntanleg nefnd taki þetta til íhugunar.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg held, að jeg hafi tekið það fram, að frv. væri sjerstaklega gert til þess að ljetta undir með hlutaðeigandi hjeruðum, og jafnframt áskilja tryggingu fyrir greiðslu þess tillags, sem þeim er ætlað að leggja fram.

Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) spyr, hvað landssjóður beri upp af þessu væntanlega uppunna landi. Það er rjett, að frv. svarar ekki þeirri spurningu, vegna þess, að það er ekki eingöngu gert fyrir Rangæinga, heldur fyrir landið í heild sinni.

Á síðasta þingi svaraði þessi háttv. þm. (P. J.) ekki þessari spurningu. Hefir ef til vill ekki lagt hana þá fyrir sig sjálfan, þótt hann væri þá með fjárveitingu til þessa fyrirtækis. Jeg skal nú skýra frá, hvað fyrir mjer vakir í þessu efni. Meginsvarið verður það, eins og ætíð, þegar um hagfeld umbótafyrirtæki er að ræða, til að græða upp landið eða auka til muna jarðargróðann, að þá er verið að leggja í sparisjóð fyrir landið sjálft, og sá höfuðstóll mun gefa landinu ríkulega vexti í framtíðinni.

Í öðru lagi væri það vandasamt verk fyrir stjórnina að fara í þessu sjerstaka tilfelli að leggja til að setja ákvæði um, hver verðaukaskattur ætti að koma á jarðirnar vegna þessara umbóta. Jeg veit það, að margir menn ætlast til, þegar um þetta eða þessu lík fyrirtæki er að ræða, að þá verði lagður á verðhækkunarskattur, sem eðlilega leiði af svona löguðum umbótum, kostuðum að miklu leyti af almannafje. En hugmyndir manna í því efni eru enn nokkuð á reiki, og engin regla komin á því viðvíkjandi. Sýnist því tæplega sanngjarnt, að byrjað sje þegar á endurgjaldskvöð í þessu sjerstaka tilfelli. Slíkt kann að koma til mála ef verkið, sem vinna skal, hepnast mjög vel, og þá í samræmi við viðteknar almennar reglur um verðhækkun yfirleitt.

Að því er snertir það, hver eigi þessi öræfi niðri í þessum breiða dal, þá get jeg ekki svarað því. En væntanleg nefnd í málinu mun geta fengið um það upplýsingar hjá stjórnarráðinu. Annars mun háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) geta gefið nokkrar upplýsingar til bráðabirgða.

Jeg verð að halda því fram, að það væri nokkuð hart aðgöngu, ef háttv. þingdeild vildi koma í veg fyrir framgang þessa máls, fyrir þá ástæðu eina, að hjer er ekki gert ráð fyrir verðhækkunarskatti eða neinu þess háttar.

Sigurður Sigurðsson: Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli á því, að það getur verið töluvert vafasamt, til hvaða nefndar eigi að vísa þessu máli. Jeg tel því ekki vel borgið hjá land-

búnaðarnefnd, án þess að jeg vilji á nokkurn hátt draga skóinn niður af þeim mönnum, sem þá nefnd skipa. Mjer virðist þetta mál eiga alveg eins vel, eða engu síður, heima í allsherjarnefnd, eða jafnvel í fjárveitinganefnd. Jeg bendi þó sjerstaklega á allsherjarnefnd, því að í henni situr háttv. 2. þm. Rang. (E. J.), sá þm. hlutaðeigandi kjördæmis, sem sæti á hjer í deildinni. Auk þess er háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) í allsherjarnefndinni, og er hann líka allvel kunnugur þessu máli. En í landbúnaðarnefnd eru flestir Norðlendingar og Austfirðingar, og án þess, að jeg vilji lasta þá eða á nokkurn hátt gera lítið úr getu þeirra og þekkingu, þá má benda á, að það hefir stundum komið fyrir, að þm. Norðlendinga og Austfirðinga hefir gengið illa að skilja þarfir og kröfur Suðurlandsundirlendisins. Þetta mál gæti líka átt heima í fjárveitinganefnd, þar sem hjer er um fjárútlát í stórum stíl að ræða. En jeg tel þó heppilegast að skipa sjerstaka nefnd í málið, af því að það er einstakt í sinni röð, og mætti svo vísa til sömu nefndar svipuðum málum, sem seinna kunna að koma fram á þinginu.

Úr því að jeg stóð upp, vil jeg leyfa mjer að segja nokkur orð um málið sjálft. Jeg ætla ekki að blanda mjer í ágreininginn milli háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) og hæstv. atvinnumálaráðherra. En þegar jeg lít á fjárhæð þá, sem ætlast er til að varið sje til þessa verks á ári hverju, einar 12000 kr., þá virðist mjer það vera mikið spursmál, hvort ekki sje ópraktiskt að veita svo lítið í einu. Þessu verki er þannig háttað, að því minna, sem unnið er að því á ári hverju, því meiri hætta er á, að það geti skemst, sem búið er að gera, og þar af leiðandi gangi fjeð, sem til verksins er varið, að meira eða minna leyti í súginn. Það þarf að ganga svo tryggilega frá því, sem á hverju ári er unnið, að það geti ekki skemst. Þetta skilja nú ef til vill ekki þeir, sem ókunnugir eru, en þetta er þó í raun og veru ofur eðlilegt, og þannig er því háttað. Það er afarnauðsynlegt, að unnið sje af sem mestu kappi að þessu verki, bæði til þess að fyrirbyggja, að það skemmist, sem þegar hefir verið gert, og annað hitt, að því meira sem gert er, því meiri trygging er fengin fyrir því, að ráðin verði bót á þeirri plágu, sem gengið hefir yfir Rangárvallasýslu af völdum Markarfljóts og Þverár. Þetta verk lýtur því ekki einungis að því að græða upp tapað land, heldur miklu fremur og fyrst og fremst að hinu, að fyrirbyggja frekari skemdir en orðnar eru.

Um arðinn, sem kann að fást af þessu verki síðar meir, er ómögulegt að segja neitt að svo stöddu. Það má búast við, að það eigi nokkuð langt í land, að nokkur verulegur arður fáist af því landi, sem nú er komið í sand og aur. Það hlýtur að taka langan tíma að græða upp þetta mikla og góða land, sem Þverá og Markarfljót hafa lagt í auðn, og það jafnvel þótt mikið verði gert af völdum mannanna til að koma því í lag.

Viðvíkjandi því, sem sagt var, að ekki væri gert ráð fyrir endurgjaldi til landssjóðs fyrir þær 15000 kr, sem veittar eru í gildandi fjárlögum, þá skal jeg geta þess, að þær voru veittar beinlínis í þeim tilgangi að fyrirbyggja, að þetta verk, sem gert er ráð fyrir í frv., valdi skemdum á eignum manna austur undir Eyjafjöllum.

Loks skal jeg geta þess, út af því sem minst hefir verið á, hvort jarðirnar þarna austur frá væru opinber eign, að þær eru bæði eign einstakra manna og

hins opinbera. Má minna á, að Oddahverfið t. d. er opinber eign og sömuleiðis Breiðabólsstaður í Fljótshlíð. Svo mun og vera um fleiri jarðir.

Jeg skal nú ekki fjölyrða frekar um málið. Að eins vil jeg endurtaka það, að jeg tel ekki heppilegt að vísa málinu til landbúnaðarnefndar. Tel rjettast að kjósa sjerstaka nefnd, en ella vísa því til fjárveitinganefndar.

Einar Jónsson: Hæstv. atvinnumálaráðherra hefir undirbúið þetta frv. og lýst skýrt og greinilega tildrögunum til þess, að það er fram komið. Hefi jeg í raun rjettri engu þar við að bæta, en af því að hæstv. atvinnumálaráðherra hefir vitnað til mín og sagt, að jeg mundi geta gefið upplýsingar í málinu, og af því að jeg veit, að sumir hv. þm. eru algerlega ókunnugir staðháttum þar eystra, finn jeg ástæðu til að fara um málið nokkrum orðum.

Í stórum dráttum lýst, er þetta mál svo vaxið, að ýmsar bestu sveitir Rangárvallasýslu eru þegar að nokkru leyti eyðilagðar og standa í mikilli hættu framvegis. Má nefna þar til hina fögru Fljótshlíð, þar sem næstum hver einasta jörð liggur í hættu fyrir ánni; en auk þess er líka Vestur-Eyjafjallahreppi, Landeyjahreppum báðum, Rangárvallahreppi og að nokkru leyti Ásahreppi, mikil hætta búin. Fyrirtækið er svo stórvaxið, að allir hljóta að sjá, að sýslufjelaginu einu er ókleift að annast kostnaðinn að öllu leyti. En þar sem það er fúst til að bera $^1/_4$ hluta kostnaðarins, sem mun nema um 40 þús. kr. eða meiru, þá er fengin sönnun fyrir því, að fyrirtækið er nauðsynlegt þeirra vegna.

Það erfitt að svara háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), þegar hann spyr, hvað landssjóður fái í staðinn fyrir það fje, sem honum er ætlað að leggja fram til fyrirtækisins, því að jeg býst við, að hann fái ekki annað í staðinn heldur en það, að þarna verður ræktað land, sem landið í heild komi til að njóta góðs af. Það er raunar furðulegt, að slík spurning skuli koma fram frá þessum háttv. þm. (P. J.), þar sem það er öllum vitanlegt, að hann hefir einatt verið öflugur stuðningsmaður slíkra eða svipaðra fyrirtækja. En þar sem hann heldur því fram, að þessu fje sje stungið í einstakra manna vasa, þá er það að því leyti rjett, að hjer á næstum hið sama sjer stað, og þegar fje er lagt til hafnargerða vega o. s. frv. Þar af fær landssjóður venjulega ekki neinar beinar tekjur, en hins vegar verður landinu í heild hagur að slíkum framkvæmdum.

Háttv. sami þm. (P. J.) mintist á, að rjett væri að leggja verðhækkunarskatt á þær jarðir, sem njóta góðs af þessu fyrirtæki. Er jeg því í sjálfu sjer ekki ósamþykkur, en álít þó, að því verði að fresta þangað til jarðeigendur eru lausir við þann kostnað, sem þeir taka að sjer í þeim fjórða hluta, sem þeim er ætlað að leggja fram.

Enn fremur spyr háttv. þm. (P. J.) um opinberar eignir á þessu svæði. Læt jeg mjer á sama standa, hvort jarðirnar eru opinber eign eða einstakra manna, ef þær eru á annað borð góðar. Annars get jeg gefið þær upplýsingar, sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir reyndar þegar bent á, að á þessu svæði liggur t. d. höfuðbólið Oddi og höfuðbólið Breiðabólsstaður, sem bæði eru opinberar eignir. Fleiri jarðir mætti nefna, sem eru eign hins opinbera á þessu svæði, og ofdýrt er landinu að láta eyðileggjast, ef annars er kostur. En þótt landssjóður eigi ekki allar jarðirnar, sem þarna eru í hættu, þá nýtur hann samt góðs af þessu fyrirtæki á ýmsan hátt, og er því skylt að styrkja það, úr því að þeim einstökum

mönnum, sem að því standa, og hlutaðeigandi sýslufjelagi er það ofvaxið.

Viðvíkjandi spurningunni um, til hvaða nefndar þetta mál eigi að fara, get jeg sagt það, að jeg treysti landbúnaðarnefndinni vel fyrir mitt leyti, þótt jeg verði að játa, að í henni sitja fleiri menn ókunnugir staðháttum heldur en í allsherjarnefnd. En af því að jeg á sæti í allsherjarnefnd, vil jeg ekki stinga upp á, að því verði vísað þangað.

Pjetur Jónsson: Mjer kom það mjög á óvart, að hæstv. atvinnumálaráðherra skildi fyrirspurn mína sem mótþróa gegn frv. því, sem hjer liggur fyrir, eða að jeg vildi bregða fæti fyrir það. Jeg tók einmitt greinilega fram, að mjer þætti vænt um, að frumv. væri komið fram, og að jeg væri því hlyntur. Enn fremur undraðist jeg stórum, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) skyldi fara að hnjóða í mig. (**S. S.**: Jeg?) Mjer skildist svo á ræðu hins háttv. þm. (**S. S.**: Þingmaðurinn ætti að taka betur eftir). Jeg vildi alls enga hindrun leggja í veg málsins, nje amast við því. Jeg var einungis að fara fram á að fá upplýsingar um, hvort landssjóður ætti að fá nokkra hlutdeild í þeim nýju löndum, sem einstakir menn fengju á þennan hátt með tilstyrk hans. Þetta var jeg að spyrja um, hvort stjórnin hefði hugsað um. Jeg kalla það ekki að bregða fæti fyrir þetta mál, þótt ætlast væri til, að sá, sem leggur $^3/_4$ í fyrirtækið, fengi einhverja þóknun, ef um »positivan« gróða væri að ræða. Eins og jeg hefi tekið fram áður verður landssjóður að hlaupa undir bagga, þegar um slík nauðsynjafyrirtæki er að ræða, sem einstökum mönnum og hjeruðum eru ofvaxin, svo að verkið verði ekki oflengi á leiðinni. Þetta litla tillag úr landssjóði 1915 var að eins undirbúningur, og gat ekki komið til mála að setja þá sjerstök skilyrði um, hver ágóðann fengi af fyrirtækinu, þegar það væri komið í framkvæmd. En þegar ákveðið er, að fyrirtækið skuli komast á og að landssjóður skuli leggja $^3/_4$ af kostnaðinum, þá er og rjett, að lögin geri ráð fyrir, hvernig gróðinn af fyrirtækinu skiftist, eða hver hans á að njóta.

Landssjóður hefir oft lagt fram tillög til hvatningar og styrks þeim, er lagt hafa í ræktunarfyrirtæki, en slík tillög hafa aldrei numið helmingi, því síður meiru, nema landssjóður hafi sjálfur átt lönd eða hagsmuni.

Hjer er alt öðru máli að gegna. Jeg vona líka, að þarna verði til með tímanum frjósöm lönd, sem ekki sje rjett að einstaklingar eignist fyrir sama og ekki neitt. Jeg segi þetta ekki eingöngu fyrir landssjóðs hönd, heldur og þeirra sýslufjelaga, er að líkindum leggja til fjeð að $^1/_4$ hluta.

Þegar hjer var rætt um járnbraut fyrir nokkrum árum, var auðvitað gert ráð fyrir því, að jarðirnar, er að henni lægju, myndu vaxa stórkostlega í verði. Þá var einnig gert ráð fyrir, að landssjóður legði fram fje til fyrirtækisins, eða ábyrgðist það og rekstrarkostnað, en fengi jafnframt eitthvað í staðinn fyrir þá verðhækkun, er þannig yrði, landeigendum að þakkarlausu. Var því jafnframt járnbrautarfrumvarpinu lagt fram frumvarp um verðhækkunarskatt. Það er rjett, einmitt um leið og stofnað er til slíkra stórfyrirtækja á landssjóðskostnað, að þá sjeu um leið gerðar ákvarðanir um, hvað landssjóður fær fyrir snúð sinn. Sýnist mjer í þessu máli helsta ráðið vera verðhækkunarskattur.

Jeg fyrir mitt leyti álít alls ekki holt, að landssjóður stingi stórfje í vasa einstakra manna fyrir alls ekkert. Hvort sú háttv. nefnd, er málið fær til með-

ferðar, vill taka orð mín til greina að nokkru, læt jeg hana um. Jeg hefi gert mína skyldu.

Jeg fyrir mitt leyti kann ekki við, að málinu sje vísað annað en til landbúnaðarnefndar. Í þeirri nefnd á sæti maður, sem allra manna er kunnugastur þeim málum, er lúta að landbúnaðinum, og jeg þykist og vita að kynt hafi sjer þetta mál.

Bjarni Jónsson: Jeg verð að taka undir það með háttv. 2. þm. Rang. (E. J.), að jeg er þakklátur stjórninni fyrir, að frv. kom fram, og þykir vænt um, að allir, sem talað hafa, eru því fylgjandi. Það spáir góðu um afdrif frv. Það var hárrjett, sem 1. þm. Árn. (S. S.) tók fram, að það getur orðið alveg ónýtt að leggja smám saman fje í að kosta fyrirhleðslur til varnar vatnagangi, og getur hæglega kostað miklu meira að gera það í annað sinn, svo að gagni komi. Það, sem hann bygði á, er að í fjárlögunum er framlagið takmarkað við vissa upphæð á ári. En jeg sje ekki annað en að stjórnin geti eftir tillögum landsverkfræðings látið halda áfram verkinu og ljúka því í einu, ef á þarf að halda, svo að garðurinn eyðileggist ekki. Jeg vildi einmitt fylgja því, að landið tæki lán til að ljúka verkinu í einu. Jeg get ekki hugsað mjer annað en að það borgi sig fyrir þetta land að fá dalinn aftur, eins og hann var á dögum Gunnars á Hlíðarenda, og þegar menn sátu í Rauðuskriðum og hjuggu skóg. En verkið er mikið, og því að eins framkvæmanlegt, að gert sje skynsamlega og alt í einu, svo að annaðhvort standi eða falli, en ónýtist ekki jafnóðum.

Hitt skil jeg ekki, að svo vöxnu máli, að ætla landssjóði verðhækkunarskatt. Það gæti þá fyrst komið til greina, er jarðirnar væri orðnar jafngóðar og áður var.

Jeg veit, að þá er jeg reið um Fljótshlíð í fyrsta og annað sinn, var þar mikill munur á, hve jarðir höfðu skemst miklu meir í síðara skiftið. Þetta er ekki ræktunarfyrirtæki, er landssjóður eigi að leggja í $^3/_4$ hluta kostnaðar fyrir ekkert. Þetta er björgunarfyrirtæki, vörn fyrir voða, er sækir á eitt hjerað í hjarta landsins. Helst gæti það talist hliðstætt brimbrjót í Bolungavík. — Margir menn hafa ágóða af slíkum brimbrjót, og þó enn fleiri hafa mestan gróða — bjarga lífinu. Þetta fyrirtæki á að vera til varnar gegn skaðlegum náttúruöflum. Náttúran sjálf græðir landið án landssjóðsstyrks, ef það er varið fyrir voðanum. Það er sama, hver voðinn er, hvort heldur Markarfljót, brim, eldgos eða sandfok. Hver myndi heimta verðhækkunarskatt af löndum, sem varin eru gegn sandfoki? Það er skylda alþjóðar að verja einstaka landshluta og einstaklinga þeim hættum, er ógna og þeir fá ekki reist rönd við.

Gísli Sveinsson: Jeg stend upp í sömu erindum og háttv. þm. Dala. (B. J.). Mjer kemur það einkennilega fyrir sjónir og eyru, að háttv. þm. (B. J) skuli tala um þetta sem sjálfsagt og brátt gróðafyrirtæki fyrir sýslufjelag það, er hlut á að máli. Þetta er fyrst og fremst vörn við skemdum. Þess vegna tekur landsverkfræðingur svo til, að landið skuli bera mestan kostnað. Þetta er alveg öfugt við annað frv., sem lagt er fram hjer á Alþingi, sem sje frv. um Flóaáveituna, sem er hreint ræktunarfyrirtæki. Þar er gert ráð fyrir, að landssjóður leggi til $^1/_4$ kostnaðar, en jarðeigendur eða fjelög þeirra $^3/_4$. Þar er að ræða um einbert ræktunarfyrirtæki, sem menn eru sannfærðir um

að veiti fljótan og beinan gróða, jafnskjótt sem það kemst á. Hjer er alt öðru máli að gegna. Allur arður er hjer svo óviss og seintekinn, að ekki getur komið til mála, að landssjóður heimti aftur þegar það fje, er hann hefir lagt fram í varnir. Þótt víst sje, að verkið muni varna frekari skemdum, veit enginn, hvort það, sem áður er skemt, grær upp. (**P. J.**: Það vita bæði guð og menn). Getur vel verið, að hinn háttv. þm. (P. J.), sem aldrei hefir komið á staðinn, viti þetta. (**P. J.**: Jeg veit eins vel og þingmaðurinn, hvað aðrir menn vita). Jeg veit vel, að hinn háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) veit ekki það, sem jeg veit í þessu máli, af alveg sjerstökum ástæðum. En hann kann að vita það, sem menn alment vita.

Hjer er þá alls ekki um það að ræða að stinga fje í vasa einstakra manna. Ef jafna mætti þessu fyrirtæki við önnur, mætti taka til dæmis brúarfyrirtæki. En nú stendur einmitt svo á, að þegar búið er að veita Þverá í Markarfljót, verður það svo mikið, að það verður að brúa, og einmitt í stokk, sem myndast við þessa fyrirhleðslu. Einmitt það, að þetta fyrirtæki kemst á, greiðir fyrir því, að fljótið verði brúað. Allir þræðir safnast að því, að vatninu verði veitt í stokk og þá brúað. Að öðrum kosti kemst brúin ekki á. En hver kostar brúarfyrirtæki og önnur þess háttar í landi hjer? Er það ekki landssjóður allajafna? Jeg held það.

Jeg tel þarflaust að lengja umræður nú við 1. umr. Tel jeg víst, að hver nefnd sem er líti sanngjarnlega á málið og eins háttv. fjárveitinganefnd, þótt formaður hennar láti svo ófriðlega. Þetta er fjárlagaatriði, og á því að rjettu lagi heima í þeirri nefnd.

Einar Arnórsson: Að eins örstutt athugasemd. Fyrst vildi jeg taka það fram, að jeg skil ekki vel, hvers vegna stjórnin hefir áætlað 12,000 kr. í fjárlögunum hvort árið. Fyrst að undirbúningurinn er þegar gerður, finst mjer þetta mál heyra undir 22. gr. fjárlagafrv., um útgjöld, sem sjerstaklega verða samþ. í einhverjum lögum, sem þingið kann að afgreiða. Finst mjer því þessi liður fjárlaganna vera villandi og eiga að fara burt. Það getur verið óheppilegt að setja bráðum framkvæmdum verksins takmörk með oflítilli fjárveitingu, og get jeg í því efni skírskotað til orða háttv. samþingismanns míns (S. S.) og háttv. þm. Dala. (B. J.), er báðir hafa tekið þetta rjettilega fram og fært full rök að því.

Þá kem jeg að því atriði, hvaða nefnd eigi að fá málið til meðferðar. Það hafa komið fram, að jeg held, 3 till. um það. Jeg vil taka það fram, að mjer finst fjárveitinganefndin fjarstæðust. Hið eina í frv., sem kemur til kasta fjárveitinganefndar, er umsögn um fjárveitingar úr landssjóði. Ef öll frv., sem hafa í för með sjer slíkar fjárveitingar, ættu að heyra undir þessa nefnd, fengi hún til meðferðar 50—75 % af öllum málum, er fyrir þingið koma. Jeg hefi skilið þingsköpin svo, að á reglulegu þingi væri það einkum útgjaldabálkur fjárlaga, er kæmi til kasta þessarar nefndar, en að öðru leyti engin mál, nema þá umsögn um fjárveitingahlið einstakra mála. Hvort landbúnaðarnefnd eða allsherjarnefnd fá málið til meðferðar, stendur mjer á sama. En mjer finst beint »princip«-brot að vísa frv. til fjárveitinganefndar. Enn er sá einn vegur, að kjósa sjerstaka nefnd, ef svo mikið skyldi vandað til. Býst jeg við,

að málið sje vel komið í landbúnaðarnefnd; þar er háttv. samþingismaður minn (S. S.) og fleiri, sem vel eru kunnugir. Í allsherjarnefnd er t. d. 2. þm. Rang. (E. J.), sem er allra manna kunnugastur staðháttum.

Pjetur Jónsson: Af því að jeg er dauður mun jeg að eins gera stutta aths. Jeg er á sama máli og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), að það er alveg rangt að vísa máli þessu til fjárveitinganefndar. Hún hefir mikið að starfa. Svo vil jeg benda á, að í henni situr enginn búsettur eða kunnugur austanfjalls. Álít jeg málið best komið í landbúnaðarnefnd, en svo geta nefndarmenn leitað sjer upplýsinga þeirra þm., sem kunnugastir eru.

Gísli Sveinsson: Að eins örfá orð út af aths. háttv. 2. þm. Árn. (E. A.). Jeg fæ ekki betur sjeð en að þetta mál sje að eins fjárlagaatriði, og byrjunin er þegar komin í fjárlögunum. En það, að frv. er fram komið um málið, mun vafalaust stafa af því, að ganga þarf frá þeirri hlutdeild, sem sýslufjelaginu er ætlað að taka í þessu. Þess vegna er till. um að vísa frv. til fjárveitinganefndar, sem borin var fram af háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) og studd af mjer, engin fjarstæða. Auðvitað getur háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) komið fram með þær brtt. um orðalag frv. eða þess háttar, sem hann hefir lyst til, eins og hver einstakur þm., enda þótt það fari ekki í þá nefnd, sem hann er formaður í (þ. e. allsherjarnefnd), en efnisbreytingar býst jeg ekki við að nokkur leggi til, nema þá um þetta atriði einungis, þ. e. fjárveitinguna. Hins vegar má segja, að það komi fyrir eitt, hvaða nefnd sje falið málið, því að höfuðatriðið, fjárveitingin, kemur til umsagnar fjárveitinganefndar fyr eða síðar.

Einar Arnórsson: Jeg skal vera stuttorður. Aðalatriðið er það, hverri nefnd verði falið málið. Jeg held fast við þá skoðun, að það eigi ekki heima í fjárveitinganefnd; get jeg um það skirskotað til þess, sem jeg tók fram áðan, og til orða háttv. þm. S.-Þ. (P. J.). Jeg vil benda háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) á það, hverjar afleiðingar yrðu, ef fylgt væri staðfastlega fram kenningu hans. Þá ætti t. d. Flóaáveitan að koma til fjárveitinganefndar og yfirleitt öll frv., sem fela í sjer fjárframlög úr landssjóði. Jeg býst við, að um það bil, sem hv. fjárveitinganefnd hefir karað öll þau frv., mundu margir háttv. þm. taka að gerast heimfúsir. Að minsta kosti munu menn játa það, að þetta er ekki hentugt vinnulag.

Það er ekki rjett hjá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að hjer sje að eins um fjárhagsatriði að ræða; í frv. felast einmitt mörg fleiri atriði, og fjárhagsatriðið er sú hlið málsins, sem síst orkar tvímælis; það er tvímælalaust sama sem að steindrepa málið, ef t. d. frv. væri breytt svo, að sýslufjelaginu væri ætlað að borga helming eða $^1/_3$ verksins.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) má ekki taka orð mín svo, að mig langi til að krukka í frv., þótt jeg vilji vísa því til allsherjarnefndar; það mundi jeg gera án þess, ef mjer litist svo.

En sannleikurinn er sá, að frv. þetta á í eðli sínu ekki heldur heima í landbúnaðarnefnd, ekki fremur en t. d. varnargarðar fyrir sjávarágangi. Sjerþekking, er þarf um þetta mál, sem sje verkfræði, er ekki til í þinginu; hana verðum vjer að sækja annarsstaðar að, frá verkfræðingum landsins. Hjer þarf þá hvorki fjárhagsþekking nje landbúnaðarþekking, heldur verkfræðiþekking. Að því leyti má því segja, að sama sje, hverri nefnd sje falið málið, en það skilur, að afleiðingarnar yrðu óheppi-

legar, ef öllum slíkum málum sætti að vísa til fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1612) með 19:1 atkv.

Á 27. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 186).

Framsm. (Stefán Stefánsson): Það eru nú liðin sjö ár síðan byrjað var á að verja lönd í Rangárvallasýslu fyrir ágangi Markarfljóts austur með Eyjafjöllum, enda þá fyrst veitt fje úr landssjóði í því skyni.

Í fjáraukalögum fyrir 1911 standa 2400 kr., sem var varið til fyrirhleðslunnar við Seljalandsmúla. Þetta var þó að eins $^1/_4$ kostnaðar, en $^3/_4$ voru veittir annarsstaðar frá, $^1/_4$ frá Búnaðarfjelagi Íslands og $^1/_2$ frá hjeraðinu.

Nú reyndist það svo, að þessi fjárveiting var langt frá því að vera nægileg. En árið 1915 fór fram rannsókn og mælingar á því landi, sem liggur undir skemdum af Þverá og Markarfljóti, og fjárveitingin í síðustu fjárlögum, 15,000 kr., studdist aðallega við þær mælingar, en þá var ekki sett neitt skilyrði fyrir fjárveitingunni um fje annarsstaðar frá, og sýndi þingið 1915 ólíkt örlæti í þessu máli en þingið 1911. Nú hefir í sumar verið unnið fyrir mikinn hluta þessa fjár að framlengingu garðsins við Seljalandsmúla, er jeg áður gat um, og endurbótum á honum, en fjenu mun ekki vera öllu eytt enn þá, enda verkinu ekki heldur lokið. Hvort eftirstöðvar fjárins munu nægja til þess að fullgera verkið, skal jeg ekki um segja, en bæði vegna þess, að verkalaun hækkuðu mjög mikið, og líka af því, að nægur vinnukraftur fekst ekki nú um heyskapartímann, var vinnunni hætt í bráð.

Jafnframt þessum framkvæmdum hefir það verið rannsakað af verkfræðingum, hvort takast muni að koma í veg fyrir allar frekari skemdir af ágangi Þverár og Markarfljóts, og hvað það muni kosta. Er það álit þeirra, að þetta megi takast og það á þann hátt að veita Þverá í hinn gamla farveg Markarfljóts, að búa svo um, að ekki verði skemdir þegar alt vatnið fær framrás vestur með Eyjafjöllunum, að gerður sje fullnægjandi útbúnaður til þess að ná jökulvatni til áveitu í Vestur-Landeyjum og víðar, þar sem hægt er. Til alls þessa er gert ráð fyrir að muni þurfa 5 varnargarða, sem eru að lengd alls 5780 metrar. Allir þessir garðar eru nefndir í athugasemdum við frumv. stjórnarinnar á þingskj. 14, og býst jeg við, að allir háttv. þingdeildarmenn hafi kynt sjer þær, svo að jeg þurfi ekki nánar að skýra það atriði. Viðvíkjandi því, hvað allar þessar fyrirhleðslur eða framkvæmdir muni kosta, skal jeg geta þess, að landsverkfræðingurinn, Geir Zoëga, áætlar allan kostnaðinn 167 þús. kr., og er þá í þeirri áætlun gert ráð fyrir 20 % hækkun frá því, sem í hinni upphaflegu áætlun var gert ráð fyrir. Þessi 20 % eru lögð á vegna verðhækkunar á efni og dýrari vinnu en áður. En nefndin vill láta þess getið, að hana mundi ekkert furða á því, þótt þessi áætlun reyndist að mun oflág. En, eins og tekið er fram í nefndarálitinu á þingskj. 186, þá vill öll landbúnaðarnefndin mæla með því, að fje verði

veitt til fyrirtækisins, eins og með þarf, eða óumflýjanlegt er til þess, að verkið verði sem tryggilegast.

Hjer er fyrst og fremst um geisistórt og fagurt land að ræða, sem liggur nú undir skemdum. Enn fremur um land, sem nú er orðið að auðn, en ætla má að grói upp og verði aftur frjósamt land, er tímar líða. Það land, sem þannig er ástatt um og heyrir undir Fljótshlíðarhrepp, hefir mælst að vera um 7,500 hektarar að stærð. En það af slíku landi, sem heyrir til Rangárvalla-, Vestur-Landeyja- og Holtamannahreppi, hefir mælst að vera um 7000 hektarar að stærð. Og alt þetta land er búist við að geti gróið upp á skömmum tíma. Hjer er því ekkert smáræðisverk að vinna, og auk þess afarmikið land að verja. Það af landinu, sem liggur í Fljótshlíðarhreppi, er að mestu gróðurlaus auðn eða árfarvegir, gamlir og nýir, sem líkur eru fyrir að grói fljótt upp. En alt landið, sem um er að ræða, liggur innan Rangárvallasýslu, og er því von, að þetta sje hið mesta áhugamál sýslubúa, enda eru þeir fúsir til að leggja fram $^1/_4$ kostnaðarins við verkið, en það verður samkvæmt áætluninni 42 þús. kr., en vel að merkja, það verður meira, sem kemur á hjeruðin, ef kostnaðurinn verður meiri en 167 þús. kr. Þetta vill landbúnaðarnefndin taka fram, og má þá segja, að landssjóður hafi gengið feti framar en áður við sviplíkar framkvæmdir, sem miða að aukinni framleiðslu; en þess ber að gæta, að hjer er arðurinn fremur seintekinn, og svo er hjer líka að ræða um land, sem liggur undir yfirvofandi hættu, en ekki venjulegt ræktunarfyrirtæki, svo sem áveitu, eða því um líkt, enda er hjer í svo mikið ráðist, að ekki er von, að hjeruðin geti borið þyngri byrði en það, sem þeim er hjer ætlað.

Annars skal jeg geta þess, að jeg hefi leitað mjer upplýsinga hjá landsverkfræðingnum um þetta mál. Mjer var nefnilega nokkur forvitni á að vita, hvort hann áliti fyrirtækið verulega trygt, og kvað hann ekki vera ástæðu til að búast við neinu því, sem væri óviðráðanlegt. Svo að því leyti ætti ekkert að vera að óttast. Þá spurði jeg hann, hvort gert væri ráð fyrir, að vagnarnir, sem flyttu að grjótið í garðana, gengju fyrir gufukrafti, og kvað hann svo ekki vera, heldur rynnu þeir eftir spori undan halla, eða, með öðrum orðum, renna af eigin þunga. En ef sá kraftur nægði ekki fyllilega, mundi hestkraftur verða notaður. Loks spurði jeg hann að, hvort gert væri ráð fyrir, að garðarnir yrðu hlaðnir ofan á sandinn; höfðu sumir getið þess til, og leist mjer það ekki sem tryggilegast. Hann kvað meininguna vera að grafa garðana svo langt niður, að sem tryggust undirstaða fengist.

Þá hefir nefndin lagt til, að með tíð og tíma yrði lagður verðhækkunarskattur á þær jarðir, sem njóta góðs af framkvæmd þessa verks, en nánari ákvæði um slíkan skatt bíða síns tíma, eða þangað til víst er um árangur verksins.

Eitt er það, sem jeg hefi ekki minst á. Það er bygging brúar, sem ráðgert er að hvíli á fyrirhleðslugörðunum milli Stóru-Dímonar og Litlu-Dímonar, og er áætlað, að hún kosti um 150 þús. kr., sem auðvitað yrðu að öllu leyti veittar úr landssjóði.

Þessa brú verður óumflýjanlega að byggja, þegar öll vötnin eru komin saman í einn farveg.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið að þessu sinni, en vona, að frv. fái að ganga fram breytingalaust.

Þórarinn Jónsson: Jeg hefði kunnað betur við það, að þessu nefndaráliti hefðu fylgt meiri upplýsingar um málið. Ef vel hefði verið, hefði þurft að prenta allar áætlanir og aðrar upplýsingar með nefndarálitinu. Þetta mál er það stórmál, að marga þingmenn mun langa til að setja sig sem best inn í það. En þetta er, að sjálfsögðu, ekki hægt með því að lesa nefndarálitið.

Mig langaði til þess að vita, á hverju sú áætlun væri bygð, að hækkunin á kostnaði við framkvæmd verksins nú, frá því sem var fyrir stríðið, næmi ekki nema 20%. Vitanlega datt mjer ekki í hug, að sú áætlun væri sennileg, og nú veit jeg, að nefndin er á líkri skoðun. En jeg fann ekki heldur neinar upplýsingar um það, á hverju þessi áætlun var bygð.

Nefndin segir einnig á einum stað í nefndarálitinu, að áríðandi sje, að rannsakað verði vatnsmagn fljótsins á öllum tímum árs, áður en gengið sje frá fyrirhleðslunni. Hafi þetta ekki verið gert áður en áætlunin var gerð, þá sje jeg ekki annað en að hún hljóti að vera gerð út í bláinn.

Þá segir nefndin, að löndin, sem nú eru í auðn, muni gróa upp, og er í sambandi við það að tala um verðhækkunarskatt á jörðunum, svo sem eins og endurgreiðslu á fje því, sem nú er lagt í fyrirtækið. Og þótt jeg telji þetta ekki mjög miklu máli skifta, þá mætti þó gera tilraun til þess; en hún er engin gerð. Annað atriði er það, sem miklu máli skiftir, hverjar upphæðir eru teknar upp í fjárlögin til framkvæmda verksins. Nú hefir stjórnin tekið upp 12000 kr. hvort árið. En jeg hygg, að hjer sje mikið athugavert við. Það er ekki ólíklegt, að svo hagi til, að mikla nauðsyn beri til að veita stórum meira fje í einu, ef svo stæði á, að fullgera þyrfti sjerstakan hluta verksins, svo að ekki ónýttist eða lægi undir skemdum alt verkið. Þetta og margt fleira verður að liggja alveg glögt fyrir, áður en byrjað er á verkinu, því að verði flanað út í það, áður en nákvæmar rannsóknir hafa farið fram í þessa átt, þá má eins búast við því, að alt verkið verði ónýtt áður en varir.

Jeg er líka dálítið hissa á því, ef þetta fer orðalaust gegnum þingið, því að vanalega hefir það verið fundið að, að ekki lægju fyrir nógu glöggar upplýsingar um verkin. Og svona hefir jafnvel verið talað um smá-brúargerðir, sem landssjóður hefir átt að kosta að einhverju leyti. En þegar svona stórmál er á ferðinni, þá er eins og alt sje gott. Þetta hefi jeg ekki tekið fram í því skyni að mótmæla því, að landssjóður leggi hjer fram fje eða hlaupi undir bagga, þar sem svo stendur á, að um stórskemdir er að ræða, en jafnsjálfsagt er það að undirbúa verkið rækilega, og mætti telja sjálfsagt, að fleiri verkfræðingar gerðu þar um áætlun, svo mjög sem nú virðist bóla á því, að verk þeirra fari forgörðum, og mikið fje eyðilegst fyrir undirbúningsleysi og aðra galla, frá verkfræðinganna hálfu. Þetta vænti jeg að verði vel athugað, áður en byrjað er á verkinu.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Það er ekki nema eðlilegt, að þingmenn vilji fá að vita vissu sína, þegar um svona stórmál er að ræða.

Háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) drap á það, að nú mundi 20% hækkunin á kostnaðaráætluninni ekki verða líkt því nægileg, eftir því sem kauphækkun er nú orðin. Á þetta atriði mintist jeg, og ljet einmitt í ljós, að við nefndarmenn byggjumst við meiri hækkun. En þá reikninga, sem kostnaðaráætlunin bygg-

ist á, höfum við nefndarmenn ekki átt kost á að sjá, enda hygg jeg, að hvorki við nje aðrir háttv. þingmenn gætu eiginlega mikið um þá útreikninga dæmt. En jeg lít svo á, að verkfræðingurinn hafi, á þeim tíma, sem hann samdi áætlunina, álitið þá upphæð mundu nægja. En svo er á það að líta, að síðan hefir alt stórkostlega hækkað í verði. En í sambandi við það vil jeg geta þess, að hann býst alls ekki við, að unnið verði að verkinu fyr en tímarnir verða hagkvæmari til slíkra starfa.

Annað, sem þingm. (Þór. J.) spurði um, er ekki heldur gott að segja með fullri vissu, nefnilega það, hve fljótið stigur hátt, þegar það fer í foráttu. En af landslaginu má ráða það, að það getur aldrei stigið mjög hátt, heldur hlýtur fljótið að breikka eða flæða víðar yfir, eftir því sem vatnsmagnið eykst, af því að engir bakkar eru að því, en flatneskjan viðáttumikil.

Um hæð garðanna veit jeg ekki, enda verður hún auðvitað dálítið mismunandi eftir landslaginu, en garðurinn við Þórólfsfell verður hæstur af allri fyrirhleðslunni. En hvað það snertir, hve fljótt þetta land muni gróa upp, þá var okkur sagt þar eystra, að reynslan væri sú, að eftir 4—5 ár væri kominn sæmilegur gróður, þar sem líkt hagaði til og með þessar sandauðnir, og fáist hæfileg áveita yfir þetta land, eins og ætlast er til af verkfræðingnum, þá er naumast að gera ráð fyrir, að þetta taki lengri tíma.

Loks skal jeg geta þess, að upphæð sú, sem nú er áætluð í fjárlögunum til framhalds verkinu, fellur að sjálfsögðu niður, ef þetta frv. verður samþykt. Og enn fremur, eins og jeg tók fram, að ekkert verður unnið að verkinu meðan svo er ástatt, sem nú er, bæði um alla vinnu og áhöld, sem óumflýjanlegt er að fá áður en nokkuð verulega er tekið til starfa.

Þá spurði jeg verkfræðinginn að því, hvort ekki mundi mjög erfitt að koma öllum þeim tækjum, sem þyrftu, á þessar stöðvar, en hann kvað það ekki vera; þeim mundi verða skipað í land þar við sandana og ekið þangað að vetrinum.

Jeg játa það, að upplýsingar um verkið eru má ske ekki nógar. En hve nær verða þær svo fullkomnar, að ekki megi segja, að eitt eða annað atriði sje ekki fullljóst, enda eru það venjulegar ástæður sumra manna, þegar aðrar þrjóta, að bera þessu við, því að eiginlega er það reynslan ein í þessu efni, sem gefur fullkomnar upplýsingar.

Pjetur Jónsson: Jeg vil gera grein fyrir, á hvaða hátt fjárveitinganefnd athugaði þetta mál.

Sumir nefndarmenn höfðu í hitt eð fyrra haft það með höndum, en nefndin vildi ekki gjalda því samþykki sitt, án þess að hafa kynt sjer það að nýju og leitað álits verkfræðings um það, með því að tala við hann. Jeg segi þetta til þess, að menn sjái, að nefndin hefir ekki fallist á fjárhagsatriðið í frv. athugunar- eða undirbúningslaust.

Háttv. frsm. (St. St.) er búinn að segja margt eftir verkfæðingnum; jeg þarf fáu við það að bæta. Áætlun hans er bygð á verkinu, eins og það mundi verða talið í dagsverkum. Kostnaðaráætlunin er að mestu leyti gerð eftir vinnuverði á undan styrjöldinni, miðað við áætlaðan dagsverkafjölda, og síðan hefir verkfræðingurinn bætt við 20% fyrir væntanlega verðhækkun, vinnu o. fl. Það getur svo hver og einn sem vill áætlað sjálfur, hve miklu hærri vinnulaunin verði. Raunar er dagsverkafjöldinn fult eins góður mælikvarði

fyrir því, hvað fyrirtækið í raun og veru kostar, eins og krónuupphæðin, því að ef dagsverkið hækkar í verði, þá er það sama sem að krónan lækki. Það þarf því ekki að verða í verunni dýrara fyrir það, þótt dagsverkið hækki. En ekki þar fyrir, jeg get hugsað mjer, að fyrirtækið kosti ekki minna en 200 þús. kr.; það er 50 þús. kr. meira en gert var ráð fyrir 1915. Þetta hygg jeg að fjárveitinganefndin hafi gert sjer ljóst.

Það gladdi mig að sjá, að landbúnaðarnefndin hefir tekið til greina bendingu frá mjer við 1. umr., um að ekki sje nema rjett, að landssjóður njóti góðs af, ef fyrirtækið hepnast, fyrst að hann leggur fram $^3/_4$ hluta af öllum kostnaðinum. Hann ber ábyrgðina, ef fyrirtækið hepnast ekki. Skaðinn lendir þá mestallur á honum. Þetta er stórt fyrirtæki, sem er hlutaðeigendum ofvaxið. Því hleypur landssjóður undir bagga. En þótt þetta sje rjett og gott, þá er þar fyrir engin ástæða til, að landssjóður fari að gefa mönnum þessum stórfje, ef fyrirtækið hepnast. Jeg vil því undirstrika þessi orð landbúnaðarnefndar: »Rjett virðist nefndinni, að landsstjórnin hlutist til um, að verðhækkunarskattur verði á sínum tíma greiddur landssjóði af jörðunum á þessu svæði, sem bótum taka og varðar eru skemdum«. Jeg vil skoða þetta sem skuldbindingu fyrir stjórnina til að koma skipulagi á verðhækkunarskatt, í sambandi við þetta fyrirtæki, fyrir næsta þing. Það virðist rjett að taka þennan verðhækkunarskatt einan sjer, meðan ekkert er afráðið um verðhækkunarskatt yfirleitt. Hann á ekki að ná til annarar verðhækkunar en þeirrar, sem eingöngu er að þakka þessu fyrirtæki, beint eða óbeint; en skattinum má svo skifta hlutfallslega milli landssjóðs og sýslusjóðs, eftir tillagi hvors um sig. Menn hafa kann ske það á móti verðhækkunarskatti, að örðugt sje að virða jarðirnar til slíks skatts. Jeg skal viðurkenna, að það getur verið örðugleikum bundið. En skattur þessi verður að komast á vegna margra annara fyrirtækja, og vandræðin út af virðingunum mega ekki verða þar í vegi, enda fara minkandi þegar ísinn er brotinn. Hjer er kominn rekspölur á í sumum löndum öðrum; því er ekki farið fram á neitt út í loftið, heldur það eitt, sem verður að vera.

Einar Jónsson: Jeg get ekki látið vera að þakka háttv. deild fyrir góðar undirtektir í þessu máli, og í annan stað nefndunum fyrir álit þeirra.

Jeg skal að eins stuttlega minnast á athugasemdir háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.). Mig undrar ekki, að menn vilji fara gætilega, þegar um jafnstórt fyrirtæki er að ræða, og fá allar upplýsingar, sem unt er. En um það get jeg ekki verið samdóma háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), að upplýsingarnar um þetta mál sjeu ónógar enn sem komið er. Mjer finst þær, þvert á móti, eins greinilegar og frekast er hægt að búast við.

Aðaláætlanirnar eru gerðar af 2 verkfræðingum, sem eru reyndir að því að gera rjettar áætlanir. Annars hefir það komið fyrir, að lagt hefir verið út í landssjóðsfyrirtæki, sem ekki hefir verið mögulegt að gera nákvæmar áætlanir um fyrirfram.

Vötnunum hagar svo til þarna fyrir austan, að það væri óhugsandi að gera fullkomlega nákvæma áætlun um verkið fyrirfram. Þau eru svo breytileg og erfið viðfangs. Háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) efaðist um, að kostnaðaráætlunin væri ábyggileg. Jeg gæti tekið undir það að nokkru leyti með honum. Það gæti vel breyst á þann hátt, að kostnaðurinn yrði ekki nærri eins mik-

ill og ásætlað er. Til þess þyrfti ekki annað en þá heppni, að vötnin breyttu sjer, t. d. að Þverá legðist sjálfkrafa í Markarfljót, sem oft hefir komið fyrir. Yrði þá hægara við að eiga, en auðvitað nauðsynlegt samt að inna verkið af hendi, því að búast mætti við, að áin leitaði farvegs síns aftur, þegar minst varði. En því er ekki að neita, að vötnin gætu hagað sjer á hinn veginn, og verkið orðið talsvert dýrara en hjer er gert ráð fyrir. Það var fundið að því, að vatnshæðin og vatnsþrýstingurinn hafi ekki verið rannsakað. Það er rjett, sem frms. (St. St.) sagði, að þau hækka lítið, heldur flæða út í vöxtum. Garðarnir eiga að koma í veg fyrir, að þau brjóti niður lönd. Þeir þurfa ekki að vera háir; nóg ef undirstaðan er góð og traust — undir því er alt öryggi komið. Þá þyrfti ekki að óttast, þótt það flæddi yfir þá í vatnavöxtum. Það mundi ekki gera mikið tjón.

Það er örðugt að svara þeirri spurningu, hve langan tíma það muni taka, að landið gróí upp. Oft hefir land, sem árnar hafa gert ónýtt, gróið upp aftur á 3—4 árum. En sje áin búin að róta upp jarðveginum niður í möl, getur það tekið alt að 20 árum eða má ske enn lengri tíma.

Verðhækkunarskatturinn, sem háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) mintist á, er þannig lagaður, að jeg er honum ekki mótfallinn á sínum tíma. Hann væri ekki nema sanngjarn, þegar landið fer að gera gagn. En ósanngjarnt væri, ef hann væri lagður á strax fyrstu árin eftir að byrjað er á fyrirtækinu, og meðan kostnaður, án alls arðs, hvílir á viðkomendum tilfinnanlega. En jeg skildi háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) svo, að ekki væri ætlast til þess.

Það er ekki nema sanngjarnt, að menn spyrjist fyrir, eins og sumir háttv. þm. hafa gert. Tali þeir við mig og samþingismann minn (E. P.), munum við gefa rjettar upplýsingar og sannfæra þá um nauðsyn þessa fyrirtækis. Jeg spái, að sýslan verði svo heppin að öðlast velvilja deildarinnar. Jeg vona, að menn missi ekki móðinn við svo nauðsynlegt stórfyrirtæki, þótt tímarnir sjeu erfiðir í bili.

Bjarni Jónsson: Jeg ljet í ljós við 1. umr., út af ummælum háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), að jeg teldi ekki vel til fallið að vera að tala um verðhækkunarskatt í þessu sambandi, því að grjóteyrarnar þarna fyrir austan eiga langt í land. En ef almennur verðhækkunarskattur verður ofan á, skal jeg ekki mæla þessa menn undan fremur en aðra. Annars skal jeg geta þess, að ummæli nefndarinnar um verðhækkunarskatt höfðu farið fram hjá mjer. Jeg tók ekki eftir þeim fyr en nú, er háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) las þau. Jeg vona, að skoðun mín verði ofan á, þegar menn fara að hugsa um þetta betur. Það er síður en svo, að jeg sje mótfallinn almennum verðhækkunarskatti. En jeg vil, að eitt gangi yfir alla.

Þórarinn Jónsson: Það hefir verið tekið fram, greinilegast af 2. þm. Rang. (E. J.), að málið er ekki svo undirbúið sem skyldi. Þessu hefi jeg einmitt haldið fram. Jeg er ekki á móti þessu fyrirtæki, en jeg vil, að greinilegra og ábyggilegra upplýsinga sje leitað, áður en ráðist er í það. Það vita allir, að stórvirki, sem hefir verið kostað til tugum þúsunda, getur eyðilagst á einum degi. Þetta gefur sannarlega ástæðu til, að margir sjeu látnir segja álit sitt áður en ráðist er í stórfyrirtæki. Við höfum ljósast dæmi af Miklavatnsmýraráveitunni. Mjer er sagt, að alt það fje, sem eytt hefir verið til hennar, sje farið til ónýtis. Klaufa-

legum umbúnaði og ónógum undirbúningi er kent um.

Til að sýna fram á ónógan undirbúning þess fyrirtækis, sem nú er verið að ræða um, skal jeg að eins nefna til dæmis upplýsingarnar um það, hve nær landið muni gróa upp. Háttv. frsm. (St. St.) segir á 3—4 árum, verkfræðingurinn »með tímanum« og 2. þm. Rang. (E. J.), að það muni kann ske taka alt að 20 árum. Eftir þessu verður það nú ekki sjeð, að landssjóði komi fljótlega inntektir af verðhækkunarskatti á uppræktuðu landi, enda hefir því atriði líklega verið smeygt inn meira til þess að sýnast en að því sje trúað, að landssjóður eigi þar von á miklum tekjum. En þetta, eins og annað, er áætlana- og undirbúningslaust.

Jeg mun láta málið afskiftalaust að öðru en því, sem jeg hefi þegar tekið fram, en treysti því, að undirbúningurinn verði bættur og varlega farið. En sjálfsagt kostar fyrirtækið miklu meira en áætlað er.

Matthías Ólafsson: Jeg gat sparað mjer að standa upp, því að háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) er búinn að segja flest, sem jeg vildi sagt hafa. En jeg vildi þó gera grein fyrir, hvers vegna jeg fylgdist ekki með hinum í fjárveitinganefndinni. Jeg gat ekki sjeð, að nægileg gögn væru fyrir hendi, en háttv. samnefndarmenn mínir þurftu ekki 5 mínútur til að ákveða sig. Eftir minni skoðun ættu þm. ekki að leyfa sjer að greiða atkv. um málið fyr en þeir hefðu kynt sjer staðháttu. Alt er ljósara þegar maður hefir sjeð staðinn með eigin augum heldur en þegar verður að fara eftir sögusögn einni og henni kann ske óglöggri. Jeg efa ekki, að skýrslur verkfræðinganna sjeu gefnar eftir bestu sannfæringu, en reynslan hefir sýnt, að þeim skjátlast oft. Það dugir ekki, að einn verkfræðingur geri áætlanir, heldur ætti að láta alla verkfræðinga landsins segja álit sitt um fyrirtækið. Vatnsþunginn hefir aldrei verið mældur; það veit því enginn, hve sterkir garðarnir verða að vera. Ástæða væri líka til að draga framkvæmd verksins, þar til fjárhagurinn batnar, ef líkur eru til, að landið verði ekki fyrir teljanlegum skemdum þangað til.

Það verð jeg að segja, að verðhækkunarskattur af jörðum þeim, sem vernda á og bæta með fyrirhleðslunni, er ekki mikils virði í mínum augum, og því trúi jeg best, að landssjóður verði aldrei feitur af honum. Hin sama hugsun gægist og óneitanlega fram hjá háttv. landbúnaðarnefnd, því að ekki tekur hún dýpra í árinni um hann í áliti sínu en svo, að hún segir, að rjett virðist, að landsstjórnin hlutist til um, að verðhækkunarskattur verði á sínum tíma greiddur landssjóði af jörðunum á þessu svæði, sem bótum taka og varðar eru skemdum. Það má með sanni segja, að hjer er gætilega í sakir farið. Það er ýmislegt fleira athugavert í nefndarálitinu, þótt eigi sje það langt, svo sem þegar talað er um ábyrgð þá, sem hvíli á verkfræðingunum, og að alt verði að byggja á viti þeirra og forsjá. Satt er það, að mikið verður við það að styðjast, en þó höfum vjer dæmin þess, að valt er að fulltreysta þessu, og að þá getur einmitt brostið þekkingu á staðháttum og fleiru, sem aðrir hafa til að bera. Það mætti ætla, að það mundi öflugt meðal til að knýja verkfræðingana til að vanda sig sem allra mest og fara sem allra gætilegast í áætlunum sínum, að þeir gætu búist við því að missa álit og traust manna, ef fyrirtæki þau, sem þeir stjórna, mishepnuðust. En svo sýnist, að hjer á landi þurfi þeir ekki því að kvíða. Eða hve oft hefir verkfræðingum hjer ekki

mishepnast, og þeir þó eigi mist álit sitt? Þetta, sem jeg segi hjer, má ekki skilja sem ákúrur til neins einstaks manns.

Að endingu vil jeg brýna það fyrir háttv. deild, að það þarf vel að vanda, sem lengi á að standa, og jeg held því fram, að þetta mál þurfi að rannsaka miklu betur en gert hefir verið, og að það sje gert af rasanda ráði, ef veitt er stórfje til fyrirtækis þessa, ekki betur undirbúið en það er.

Gísli Sveinsson: Af því, að jeg hefi áður látið mig mál þetta nokkru skifta, ætla jeg nú að fara fáum orðum um það.

Menn greinir allmjög á um það, heyrist mjer, hversu málið sje undirbúið. Þó geta þeir, sem finst það athugavert, ekki sagt, hvað það sje, sem þeim finst mest ábótavant með undirbúninginn. En það hefir gripið þá einhver óljós geigur um, að hjer sje hálfblindandi verið að ana út í einhverja ófæru. Mjer er það ekki ljóst, hvernig á því stendur, að fremur skuli hafa vaknað hjá þeim geigur við þetta en ýms önnur stórmál, sem fyrir þingið hafa komið, og þar sem þingmenn hafa að mestu leyti orðið að byggja á áliti verkfræðinga, eins og hjer; svo hefir t. d. verið um brúagerðir og hafnabyggingar.

Það er eins og sumum blæði það í augum, að hjer á að fara að verja landssjóðsfje til að græða upp og ef til vill auðga stórt hjerað, ef alt gengur eins og til er ætlast og líkur benda á. Þeir vilja tryggja það, að landssjóður beri úr býtum sinn hluta af hagnaðinum af verkinu. Fyrir mjer er það ekki aðalatriðið; aðalatriðið finst mjer vera að varna skemdum á landi, enda verður slíkt óbeinlínis til að auðga landssjóð.

Hins vegar hefi jeg ekki á móti því, að þegar þessar vonir fara að rætast, þá sje verið á varðbergi fyrir landssjóð og reynt að ná beinum tekjum handa honum frá þeim, sem góðs nutu af fjárframlagi hans.

En það nær engri átt að fara nú þegar að setja nokkur slík skilyrði. Verkið er jafnþarft og nauðsynlegt fyrir því, þótt landssjóður fái ekki neitt beinlínis í aðra hönd. En það má ekki bera þetta saman við áveitur eða önnur þesskonar fyrirtæki, sem auðsætt er að gefa muni skjótan arð. Það er að eðli sínu, eins og jeg hefi áður bent á, miklu líkara brúargerðum og öðrum þvílíkum framkvæmdum.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) talaði um, að hjer vantaði áætlun. Þetta er ekki satt; verkfræðingar hafa gert áætlun um verkið, og er nokkuð skýrt frá henni meðal annars í ástæðum frv. En jeg held, að enginn geti ætlast til, að fullkominn og sundurliðuð áætlun sje prentuð með þessu frv. nje öðrum; slíkt er ekki venja, enda óþarft, því að þeir háttv. þm., sem vilja, munu að jafnaði eiga kost á að kynna sjer slíkar áætlanir. Fæstir munu og hafa þá þekkingu til að bera, að þeir geti dæmt um þær, hve áreiðanlegar þær eru í öllum greinum. Menn verða að trúa því og byggja á því, að áætlanir verkfræðinganna muni vera nokkurn veginn rjettar. Það er ekki óeðlilegt, þótt menn greini nokkuð á um það, hve mikið muni þurfa að hækka hina upprunalegu áætlun, vegna verðhækkunar síðan hún var gerð. Verkfræðingurinn hefir nú hækkað hana um 20%, líkt og aðrar áætlanir sínar. Má vera, að það sje oflítið, en getur líka verið, að það sje nægilegt, þegar öllu er á botninn hvolft, því að gera má ráð fyrir, að minstur hluti verksins verði unninn í bráð, og líklegt, að verðlag hafi breyst og lækk-

að, þegar meiri hluti þess er leystur af hendi. Þó að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) og háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) hefðu haft fyrir sjer nákvæma áætlun verkfræðings um verkið, þá hefðu þeir, eftir athugasemdum sjálfra þeirra að dæma, verið litlu nær fyrir það. Í henni hefði að sjálfsögðu verið ýmislegt, sem þá hefði skort þekkingu til að dæma um, og þeir því efast eftir sem áður. Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) telur málið svo óljóst fyrir sjer, af því að sjer hafi eigi gefist kostur á að bregða sjer austur og litast þar um. Það hefði verið æskilegt, að hann hefði farið þá för, ef hann hefði orðið málinu fylgjandi fyrir það. Jeg get trúað því, að hann hefði haft gaman af förinni austur, en því á jeg bágt með að trúa, að hann hefði haft nokkurt verulegt gagn af því að skoða sig þar um svo sem 2 klukkustundir, þótt honum hefði má ske fundist það sjálfum.

Eða heldur háttv. þm. (M. Ó.) ekki, að það mundi þá, eftir sem áður, vera erfitt fyrir hina aðra þm., sem hvorki eru í landbúnaðarnefnd nje hafa farið austur að skoða árnar, að átta sig á málinu eftir tómri sögusögn annara. Háttv. þm. (M. Ó.) ætlast sjálfsagt til, að við, sem ekki kom til tals að skoðuðum landið, greiðum eigi að síður atkvæði um það, en þá ætti honum ekki að vera meiri vorkunn að gera það, þótt hann standi jafnt að vígi og við. Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) er ekki eins hörundssár fyrir landssjóð þegar um hans eigin áhugamál er að ræða; þeim vill hann ekki láta slá á frest, þótt þau hafi kostnað í för með sjer, og öðrum finnist þau mega bíða betri tíma.

Það er víst, að það líða nokkur ár þangað til lokið verður verki því, sem hjer er rætt um. Jeg sje því ekki að það sje rasað fyrir ráð fram, þótt samþ. sje að byrja á verkinu, þar sem málið er þegar orðið vel undir búið, og mun verða það enn betur, áður en til aðalframkvæmda kemur.

Jeg tek það enn fram, að það getur verið gaman að skreppa austur og skoða sig þar um dálitla stund; en þess þykist jeg viss, að slík skyndiför getur ekki á skynsamlegan hátt breytt skoðun neins þess manns á málinu, sem notað hefir upplýsingar þær, sem hjer er hægt að fá um það, og þegar hafa verið gefnar.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg þekki ekki af eigin sjón staðhætti á því svæði, sem hjer ræðir um. En mjer hefir skilist, að fyrirhleðsluna eigi að gera í tvennum tilgangi; í fyrsta lagi til þess að fyrirbyggja, að óskemt land eyðileggist, og í öðru lagi til að græða upp skemt land. Mjer er það ekki fullljóst, hve mikið af óskemdu landi vatnagangurinn muni geta eyðilagt, en allmikið mun það vera, og mjer hefir skilist á háttv. framsm. (St. St.), að hjer muni vera að ræða um 40—50 þúsund dagsláttur, sem gróa upp ef fyrirhleðslan verður gerð. Þetta er mikið land og hlýtur að gefa af sjer mikinn arð, sje það í góðri rækt. Jeg þekki að fornu fari töluvert til sveitabúskapar og jarðræktar, og mjer er ant um, að hvorttveggja blómgist sem best. Og mjer dylst það eigi, að það er miklu meira um vert að styðja fyrirtæki slík sem þessi heldur en að vera að berjast fyrir því, að búnaðarfjelagastyrkurinn sje hækkaður um fáar þúsundir króna, eða að vera að streitast við að fá styrkinn fyrir hvert unnið jarðabótadagsverk hækkaðan t. d. úr 15 aurum upp í 16 aura o. s. frv. Jeg er samdóma háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) um, að málið sje eigi enn nægilega undirbúið af verkfræðingum.

Þegar t. d. spurt er, hvað vatnið geti hækkað mikið, þá fæst ekki annað svar í áliti verkfræðingsins en að það sje ekki mjög mikið, því að það flæði út yfir landið. Nú skilst mjer, að takmarkið með stíflunum sje þó það, að varna því, að það breiðist út jafnmikið og áður; en þá hlýtur það að hækka í farveginum, þegar það verður að renna í stokk. Það ætti ekki að vera vandi fyrir verkfræðing að segja, hve mikið það mundi hækka, en það hefir hann ekki gert. Þannig mætti fleira nefna, er sýnir, að áætlunin er ekki svo nákvæm, sem æskilegt hefði verið.

En þótt málið sje eigi enn svo vel upplýst sem skyldi, þá mun þó eigi frágangssök fyrir þingið að styðja að því, að það gangi fram. Mjer finst, að það geti og verði að treysta svo mikið gætni og forsjá verkfræðings þess, sem starfið verður falið, að hann muni ekki hefja verkið fyr en fullkomin rannsókn hefir farið fram, og því að eins leggja til, að það sje framkvæmt, að hann telji það gerlegt. Það er altaf svo, þegar ráðist er í fyrirtæki, sem heimta sjerþekkingu, að menn verða að byggja vonir sínar og skoðun á áliti einstakra manna, sem hafa þá þekkingu til brunns að bera á málinu, sem þá brestur sjálfa. Svo er og um þetta mál. Jeg tel það sjálfsagt, að prenta hefði átt með frumv. allar þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru frá hálfu verkfræðinganna, svo og greinargerð fyrir þeim spjöllum, sem vötnin kunna að gera á óspiltu landi, ef ekkert verður hafist að, o. fl. o. fl. svo að hver og einn, sem um málið á að fjalla, gæti skapað sjer sem glegsta skoðun á því. En þrátt fyrir það, þótt jeg hefði æskt þess, að málið væri miklu betur upplýst en það er frá þeirra hálfu, sem um það hafa fjallað, sjerstaklega verkfræðinganna — þrátt fyrir það, segi jeg, mun jeg þó greiða atkvæði með frv., því að mjer dylst ekki, að hjer er um bráðnauðsynlegt fyrirtæki að ræða, fyrirtæki, sem margborgar sig, ef það hepnast, eins og vonandi er að verði.

Í umræðunum hafa komið fram nokkur fleiri atriði, sem ástæða hefði verið til að minnast á, en jeg sleppi að tala um að sinni.

Matthías Ólafsson: Jeg ætla ekki að vera langorður, en stend að eins upp til að svara háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) örfáum orðum. Hann fór að beita hártogunum og útúrsnúningum út af því, sem jeg hafði sagt í fyrri ræðu minni, og reyndi af veikum mætti að koma með fyndni, eins og hans er vandi.

Hann lagði mjer þau orð í munn, að ef jeg hefði farið austur og skoðað það, sem hjer er um að ræða, mundi jeg hafa átt hægra með að ákveða, hvernig jeg greiddi atkvæði í þessu máli. En það voru ekki mín orð, heldur tók jeg það fram, að hefði jeg farið þarna um fyrir austan, þá hefði jeg getað gert mjer ljóst, hve mikið af landi lægi undir skemdum. Því að mjer er ekki svo farið, að jeg geti ekki veitt því eftirtekt, sem jeg sje í kringum mig, þegar jeg ferðast um, þótt mig langi helst til að halda, að háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sje þannig háttað, því að, eins og allir vita, þá eru sumir menn svo sljóvir, að þeir geta komist á gamalsaldur án þess að vita neitt verulega um það, sem fram hefir farið í kringum þá. Jeg held, að það væri heppilegt fyrir hvern sem væri að geta sjeð með eigin augum, hve mikið land liggur undir skemdum, og hve mikið mögulegt er að græða upp af því, sem þegar er skemt. (G. Sv.: Það er búið að gera grein fyrir því). Já, en jeg byggi ekki svo mikið á þeim upplýsingum, því að menn eru ekki altaf svo

samviskusamir. Jeg hefi oft heyrt menn telja smálækjarsprænur skaðsemdarár, og annað því líkt.

Hann (G.Sv.) álasaði mjer líka fyrir það, að jeg teldi málið illa undirbúið, en jeg verð að halda fast við það, eftir sem áður. Jeg álít nauðsynlegt að rannsaka nákvæmlega, áður en farið er lengra, hve vatnsmagnið er mikið, því að eftir því verður styrkleiki garðsins að vera, og vona jeg, að háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) geti gert sjer grein fyrir því, að það er munur á 10 metra þykkum garði og 2 metra, bæði hvað kostnað og styrkleika snertir. Svo hefir það ekki heldur verið athugað nægilega, hvort ekki hagi svo til þar eystra, að ísar á vetrum geti belgt svo upp vatnið og valdið þrýstingi á einum stað, að það brjóti garðinn eða valdi á honum skaða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. í e. hlj.
2.—7. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 14).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., föstudaginn 10. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 377).

Á 29. fundi í Ed., mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. Á.): Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að málinu verði vísað í landbúnaðarnefnd.

Eggert Pálsson: Þetta frv. snertir aðallega kjördæmi mitt, og er þýðingarmikið fyrir framtíð mikils varðandi.

En þar sem jeg þykist vita, að háttv. þingdeild sje ljóst, bæði af greinargerð frv. o. fl., hversu málið horfir við, þá finn jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um það, en treysti því, að háttv. þingdeild sýni því velvild. Jeg skal geta þess, að málið var í landbúnaðarnefnd í Nd., og styð jeg því þá till. háttv. atvinnumálaráðherra, að þessi deild vísi því einnig til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv., og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 1604—05) með 11 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 1. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 377, n. 699, 738).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Landbúnaðarnefndin hefir lýst skoðun sinni á þessu máli, á þgskj. 699, og býst jeg við, að háttv. þingdm. hafi kynt sjer það. Málið er mjög mikilsvert, og það kostar mikið fje að hrinda því í framkvæmd.

Markarfljót hefir, síðan það lagðist yfir í Þverá, valdið mjög miklum skemdum í Fljótshlíð og fleiri sveitum í Rangárvallasýslu, og það er nauðsynlegt, að skorður sjeu settar við því, að það geti brotið þar niður landið, frekar en orðið

er, en það kostar svo mikið fje, að minsta kosti eins og nú er komið, að sýslan getur ekki af eigin rammleik gert það stórvirki, sem fyrirhleðslur þessar þurfa að vera, svo að þær komi að haldi. En þegar það er gert, er ekki eingöngu fjölda jarða forðað frá meiri skemdum, heldur einnig náð aftur viðáttumiklu og góðu landi, sem nú er á valdi ánna og heita má að þær ráði yfir.

Alþingi 1915 sá, að hjer var um nauðsynjamál að ræða, og veitti í fjárlögunum 1916 og 1917 15000 kr. síðara árið til þess að byrja á verkinu, og hafði þáverandi verkfræðingur landsins, Jón Þorláksson, gert áætlun um kostnaðinn við fyrirtækið. Núverandi landsverkfræðingur, Geir Zoëga, hefir farið yfir áætlunina, og hefir hún hækkað nokkuð; býst hann við, að kostnaðurinn verði eigi minni en 167 þús. krónur, og orðið »minni« virðist benda til þess, að kostnaðurinn verði nokkru meiri.

Þótt hjer sje talað um fyrirhleðslu fyrir Þverá, þá er það ekki einvörðungu fyrirhleðsla fyrir hana; auk varnargarðsins þar þarf að byggja 4 varnargarða, til þess að varna Markafljótinu að falla á öðrum stöðum úr farvegi sínum, hlaða fyrir Affallið o. s. frv.

Hjer er farið fram á það, að landssjóður leggi fram $^3/_4$ kostnaðarins, og eins og við önnur fyrirtæki, er hann styrkir svo mikið, er ákveðið, að verkið sje framkvæmt undir eftirliti landsstjórnarinnar. En eftir að verkið er komið á fót, er ætlast til þess, að sýslunefnd Rangárvallasýslu annist umsjón og viðhald varnargarðanna. En eins og tekið er fram í áliti nefndarinnar þá ber að sjálfsögðu að leggja mesta áhersu á það, að verkið sje vel og tryggilega af hendi leyst, því að þá fyrst er hægt að gera sjer góðar vonir um, að fje það, sem til þessa er varið, gefi góða vexti mjög bráðlega.

Jeg vænti þess, að háttv. deild samþykki frumvarp þetta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 14 shlj. atk.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed. mánudaginn 3. sept., var frumv. tekið til 3. umr. (A. 377).

Enginn bað sjer hljóðs.

ATKVGR.

Frumv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 773).

---

9. Dýrtíðaruppbót embættis- og sýslunarmanna landssjóðs.

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 2. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs (A. 16).

Á 3. fundi í Nd., fimtudaginn 5. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (B. K.): Ráðuneytið gerði ráð fyrir því, að þetta frv. yrði lagt fyrir fjárveitinganefnd. Þetta frv., eða frv. í þessa átt, ætlaðist þingið til, að stjórnin legði fyrir nú. Það er nú fram lagt í þessari mynd. Auðvitað hefði mátt hafa slíkt frv. í margskonar mynd, og spurning getur verið um það, hvort stjórnin hefir hjer hitt það rjetta. Ráðuneytinu þótti þingsályktunartillaga síðasta þings draga illan dilk á eftir

sjer, sem sje uppbótin nema miklu meiru en þingið gerði ráð fyrir. Þess vegna hefir stjórnin viljað þrengja sviðið betur, þannig, að uppbótin væri að eins veitt þeim, sem eru í þjónustu landsins, og við þetta hefst fram nokkur sparnaður. En miðað er við sömu formúlu sem við síðustu uppbót, og sömu flokkaskipun; að eins er þó hækkað launahámarkið upp í 5000 kr. Fjárveitinganefnd hefir verið send sundurliðuð skrá um það, hverjum stjórnin ætlast til að uppbótin verði veitt, og sömuleiðis skýrsla um uppbótina í vetur. Nú er það unnið, að hjer þarf ekkert að setja af handahófi, ábyggilegar reglur eru fyrir öllu; og þótt þingið vilji breyta, t. d. strika út eða bæta við á skránni, þá er fyrirhafnarlítið að reikna út endanlega upphæð. Ráðuneytið hefir íhugað þetta mál vandlega, og jeg hygg tæplega, að fundið verði heppilegra fyrirkomulag, eða að frv. batni, ef gerðar verða á því verulegar breytingar.

Jeg skal taka það fram, af því að búast má við, að stjórninni verði legið á hálsi fyrir að hafa ekki tekið tillit til efnahags manna, að það hefir hún ekki gert, heldur að eins bundið uppbótina við launin. Hjer er sem sje ekki að ræða um styrk, heldur lítilfjörlegar bætur á launatapi, sem dýrtíðin hefir valdið. Þess ber að gæta, að þótt starfsmenn landsins fái þessa uppbót, þá nemur hún ekki nándar nærri eins miklu og almenn verkalaun hafa hækkað. —

Stjórnin hefir ekki heldur tekið tillit til þess, hvort menn ættu börn fram að færa, og liggur það í því, að launalög eru aldrei miðuð við, hve þurfandi starfsmaðurinn er, heldur við það, hversu mikið þurfi að greiða fyrir verkið.

Með tillögum stjórnarinnar sparast 120 þús. kr., miðað við uppbótina í vetur.

Að öðru leyti skal jeg ekki fara nánara út í frv. nú, en skírskota til athugasemdanna við það. Vænti jeg, að lokinni umræðu, að frv. verði vísað til fjárveitinganefndar, eins og stjórnin hefir ætlast til.

Jörundur Brynjólfsson: Það kann að sýnast svo, sem að það sje ekki óeðlilegt, að stjórnin hefir lagt þetta frv. fyrir þingið, með því að kunnugt er, að verðfall peninga hefir stórum aukist í seinni tíð. En, eins og frv. liggur fyrir, getur það ekki talist rjettmætt, að það næði fram að ganga. Á síðasta þingi vanst ekki tími til þess að athuga málið, og því urðu málalokin þau, sem þau urðu. Ef undirbúningurinn hefði verið nægur, mundu úrslitin aldrei hafa orðið þessi. Nú leggur stjórnin fram frv. eftir sama mælikvarða. Nú er það játað, að hjer er um dýrtíðarhjálp að ræða, en fyrst að hjer er ekki beinlínis um uppbót á verðfalli peninga, án tillits til launahæðar viðkomanda, að ræða, þá hefði mælikvarðinn átt að vera sá, að veita fyrst þeim, sem þörf er á. Dýrtíðaruppbótin á síðasta vetri reyndist rúmlega 400 þús. kr., en þegar málið var á ferðinni á þinginu í vetur, var því haldið fram, að uppbótin mundi nema um 200 þús. kr. Ekki svo að skilja, að jeg sje beinlínis að ávíta fjárveitinganefnd fyrir þetta; henni verður má ske, eftir atvikum, ekki kent um, þótt bygt hafi verið á lauslegum áætlunum og óvarlega farið með fje landsins. Stjórninni hefir að vonum þótt þetta nokkuð mikill útgjaldaauki, og hefir nú reynt að draga saman seglin. Það er ekki nema eðlilegt, að reynt sje að skera við neglur sjer, eftir því sem hægt er. En jeg verð að líta svo á, að aðferðin sje óheppileg; það er lagt til sparnaðar þar, sem síst skyldi. Heilar stjettir manna eru teknar út úr,

og þar á meðal þeir, sem lægst laun hafa. Ef á annað borð á að fara að skera við neglur sjer, þá ætti það helst að gera á þeim, sem geta bjargað sjer sjálfir. Það á við hjer sem annarsstaðar, að nauðsyn ber til að spara á þessum ófriðartímum, og þá er helst að spara við þá, sem einhvers eru megnugir. Efnamennirnir þurfa síst hjálpar við. Hálaunaðir embættismenn þurfa þessarar hjálpar síður en aðrir. Ef hjer væri um uppbót verðfalls að ræða, þá nær uppbótin mikils til ofskamt, því að verðfall peninga nemur orðið miklu meiru en þessi uppbót, sem stjórnin fer fram á. Hjer er því að eins um hjálp að ræða. Jeg get játað það, að lífsþarfir hinna lægra launuðu sjeu ef til vill minni en hinna, en ef litið er til þess, hvernig eigi að bjarga mönnum, þá verður að miða við minstu þarfirnar, hvað þurfi til þess að geta dregið fram lífið.

Jeg hefi þegar flutt frv. um að bæta verðfall alment, og jeg hefði óskað að geta gefið þar bendingar um, hvernig það yrði bætt þar, sem þörfin er mest. Hjer er ætlast til þess, að landssjóður greiði starfsmönnum sínum uppbót, en bæjar- og sýslufjelög sínum mönnum, en þegar ástandið er orðið svo, að allur almenningur getur ekki bjargað sjer, þá þrýtur bæjarfjelögin og sýslufjelögin, og þá er ekki annað að venda en í landssjóð.

Það var bent á það á síðasta þingi, að óþarft væri að greiða uppbót þeim, sem framleiðslu hafa, t. d. prestum, sem hafa bú, og margir eru stórríkir menn. Það sjá líka allir, hvílík fjarstæða slíkt er, borið saman við menn, sem hafa lág laun og lifa á handafla sínum.

Það hefir komið fram till. um að vísa frv. til fjárveitinganefndar; það er vitanlegt, að málið kemur mikið við þá nefnd, en nú liggur fyrir till. um skipun bjargráðanefndar, sem jeg tel víst að verði samþykt; undir hana eiga að heyra dýrtíðarmál, og virðist mjer þá þetta mál einnig mega teljast þar til. En með því að sú nefnd er ekki enn til, þá geri jeg það að tillögu minni, að frv. verði tekið út af dagskrá eða frestað umræðunni, þangað til þessi nefnd er komin á laggirnar.

Þorsteinn Jónsson: Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hefir þegar tekið margt af því fram, er jeg vildi segja. Í þessu máli, sem nú er um að ræða, býst jeg við, að menn geti vart fundið sameiginlega leið. Rjettlátasta leiðin í máli þessu er ófær, ófær af þeirri ástæðu, að fjárhagsástæður landsins leyfa ekki, að hún sje farin. Sú leið er, að landssjóður borgi starfsmönnum sínum verðfall peninganna, sem orðið hefir frá því að stríðið byrjaði. Það, sem hjer er rætt um, hefir verið kallað dýrtíðaruppbót, en eins vel mætti kalla það dýrtíðarhjálp. Fyrst að ekki er bætt upp verðfall peninganna, heldur verið að hjálpa opinberum starfsmönnum, sem á því þurfa að halda, mætti þetta heita hjálp. Annars varðar það minstu, hvort þetta kallast hjálp eða uppbót, eða blendingur af hvorttveggja. Dýrtíðaruppbótina verða þeir að fá, sem helst þurfa þess með, en reyna verður að sneiða hjá því að veita þeim embættismönnum uppbót, er afleiðingar dýrtíðarinnar hafa ekki náð mikið til. Það hygst stjórnin reyndar að gera með mismunandi uppbót eftir launahæð. Hún fer sömu leiðina og dýrtíðarnefndin í vetur. En sú leið er áreiðanlega mishepnuð sem rjettlátasta leið í máli þessu. Mjer er líka kunnugt um það, að þjóðin í heild sinni er mjög óánægð yfir því, hvernig þetta mál var afgreitt á þinginu í vetur. Það kom í vetur till. fram á þinginu um að taka tillit til ómegðar embættis- og

sýslunarmanna landssjóðs, en sú till. var ekki athuguð nógu vel og feld. Við nánari athugun hefi jeg komist að þeirri niðurstöðu, að hún var rjettmæt, eftir því sem sakir standa, og ætti því að veita dýrtíðarhjálp fyrir hvern ómaga. (**Sk. Th.**: Hvað meinar þm. með ómaga?) Þann, sem ekki getur unnið fyrir sjer og er á annars manns framfærslu. Sjálfsagt er að takmarka dýrtíðarhjálpina, eftir því sem þingið sjer sjer fært, og veita þeim hana þá helst, sem helst þurfa hennar með.

Jeg er stjórninni ósammála um fleiri atriði þessa máls. Stjórnin hefir slept einstaka stjettum, sem engu síður væri ástæða til að veita uppbót en þeim, sem hún velur úr. Jeg skal t. d. nefna þar póstana. Enda vill þjóðin helst veita þeim opinberum starfsmönnum uppbót, er helst þurfa hennar við, hvort sem þeir eru fastlaunaðir landssjóðsmenn eða ekki.

Mjer skildist háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) vera á móti því, að þeir fengju uppbót, er framleiðslu hafa, en sjálfsagt verður erfitt að finna þar milliveg. Þó efast jeg ekki um, að nokkuð sanngjarna leið mætti finna. Mjer dettur núna í hug, hvort ekki mætti draga af uppbótinni vissan prósentufjölda fyrir hvert ábúðarhundrað. (**Sk Th.**: En þeir, sem stunda útgerð?) Jeg játa, að jeg hefi ekki hugsað þetta atriði málsins til fullnustu, heldur bendi að eins á þetta til athugunar. Sú nefnd, er tekur við málinu, verður að kanna þær leiðir, er hún sjer heppilegastar í máli þessu, en sneiða hjá þeirri handahófsleið, er farin var á síðasta þingi, eða öðrum álíka villigötum.

Jeg held, að rjettast væri að vísa þessu máli til bjargráðanefndar, og legg því til, að 1. umr. verði frestað þangað til að sú nefnd hefir verið skipuð.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi heyrt hjer í dag ýmislegt um, að þjóðin væri óánægð með dýrtíðaruppbót embættismanna. Mjer þykir þetta allmerkilegt, því að utan þings hefi jeg að eins hitt 5 menn, sem hafa verið óánægðir yfir því, að landssjóður greiddi starfsmönnum sínum uppbót, og hefi jeg þó átt tal við marga um þetta mál. Allir hafa fallist á, að rjett væri, að þessi vinnuveitandi, sem aðrir, gyldi verkamönnum sínum hærra kaup. Þegar gjaldeyrir sá, er landssjóður greiðir starfsmönnum sínum kaup þeirra í, hefir fallið svo mjög, að ekki er hægt að fá nema helming þeirra lífsnauðsynja, sem áður fengust fyrir hið sama gjald, þá sje jeg ekki betur en að þeir fái ekki lengur hið umsamda kaup.

Hestur, sem fyrir 3 árum kostaði 80 kr., er nú seldur og keyptur á 300 kr. Það er öllum ljóst, að hesturinn hefir ekki batnað við það að bæta 3 árum við aldur sinn, heldur eru það peningarnir, sem hafa fallið í verði, og þeir eru gjaldeyririnn, sem landssjóður borgar verkamönnum sínum í, og því ekki nema sanngjarnt, að hann bæti þeim þetta verðfall upp. Það er ekki lögskipað, og þeir geta ekki stefnt landssjóði, ef hann bætir þeim ekki upp verðfallið, en það er sanngirniskrafa. Í vetur var ákveðið að veita þeim uppbót, þó ekki að öllu leyti, heldur að eins að nokkru leyti. Þeirri grundvallarreglu var þó ekki haldið, að bæta öllum jafnt upp eftir sömu prósentu, heldur var grundvallarreglan sú hin sama og farið er eftir þegar lagður er vaxandi skattur á hækkandi tekjur. Landssjóður sagði því þá við starfsmenn sína, þá er háttlaunaðir voru: »Ykkur hefi jeg farið vel með, en þá láglaunuðu hefi jeg svelt; þess vegna verð jeg nú að taka frá ykkur, til þess að geta

veitt þeim 50% hækkun, því að annars fara þeir á sveitina«.

Þetta var játning um, að ranglátlega hefði verið skift verkalaununum. Þetta er því engin hjálp, heldur rjettmæt uppbót á lágu kaupgjaldi fyrir ákveðið verk.

Það kemur því ekki landssjóði við, fremur en kötturinn sjöstirninu, hve efnaður sýslunarmaðurinn er, hvort heldur hann er miljónari eða fátæklingur. Þetta eilífa stagl um framleiðslu er undarlegt, því að enginn spyr, hvort framleiðslan borgi sig, heldur er verið að fara fram á að sekta menn fyrir það, að þeir eru að reyna að bjarga sjer. Hvaða bóndi hjer á þingi heldur öðru fram en að hann skaðist í ár á framleiðslunni?

Prestar þeir, sem búa, skaðast þá líklega ekki síður. Landssjóður hefir ekki gefið þeim kýr þeirra og hesta, heldur er það þeirra eign. Hví á þá ekki að svifta þá uppbót, sem eiga peninga í sparisjóði? Þeir eru þó eins ríkir og framleiðendurnir. Eða þá, sem eiga jarðir eða húseignir eða aðrar eignir?

Þingmenn verða að gæta þess, að landssjóður á ekki eignir starfsmanna sinna, og getur því ekki talað um þær sem sína eign. Þetta tal um framleiðslu er því ekki annað en fánýtt hjal. Hjer er einungis um það að ræða, að landssjóður sem sanngjarn vinnuveitandi vilji taka þátt í þeim skaða, sem starfsmenn hans bíða við það, að gjaldeyririnn, sem hann borgar þeim í, fellur í verði. Það mætti ef til vill segja, að þeim væri borgað í svikinni mynt, úr því að landssjóður lætur gjaldeyrinn falla í verði. Það er auðsjeður hlutur, að þetta kemur alls ekki bjargráðanefnd við, því að hennar verksvið er að hjálpa fátæklingum. Ef þetta er ekki dýrtíðaruppbót, heldur dýrtíðarhjálp, þá nær engri átt að byrja á að veita embættismönnum hjálp, heldur fátæklingum, því að þeir eru þó meir hjálparþurfar. Þetta, sem hjer er um að ræða, heyrir undir fjárlögin, og er viðbót við þá grein fjárlaganna, sem tekur fram um laun embættismanna. Því heyrir málið að sjálfsögðu undir fjárveitinganefnd, eins og fjárlögin í heild sinni.

Það þýðir svo ekki að orðlengja þetta meir, því að hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) tók nægilega skýrt fram, hvernig málinu væri varið, enda þýðir ekki að ræða það meir við 1. umr. en orðið er. Jeg hefi reynt að gera ljóst, hver minn skilningur er á málinu og hver er skilningur þess meiri hluta þingsins, sem samþykti í vetur, að landssjóður skyldi taka sanngjarnan þátt í skaða þeim, er starfsmenn hans bíða af verðfalli peninganna. Það gæti heldur ekkert þing leyft sjer að óvirða alla embættismenn landsins með því, að veita þessa uppbót sem ölmusu eða fátækrastyrk og gera þá þann veg að gustukakindum.

Sigurður Sigurðsson: Jeg held, að rjett væri að geyma umræður um mál þetta þangað til nefnd sú, er fær það til meðferðar, hefir lokið störfum sínum, því að vel getur verið, að hún líti svo á, sem frv. þurfi umbóta við, og kippi því í lag. Jeg tel þó rjett við þessa umræðu að benda á þau atriði, er rjett væri að nefndin tæki til athugunar, og það hafa þeir háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) og háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) þegar gert.

Háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) benti á, að rjett væri að taka tillit til ómaga þeirra, er starfsmenn landssjóðs hefðu fram að fleyta, og verð jeg að taka undir það. Þegar verið er að deila um, hvert sje eðli þessarar dýrtíðaruppbótar, hvort það sje í raun rjettri launa-

uppbót eða hjálp, þá gleyma menn því, að í framkvæmdinni er þetta ekkert annað en hjálp. (**B. J.:** Það er ósatt!). Hvernig stendur þá á því, að verið er að gera uppbótina hlutfallslega hærri til lágt launuðu starfsmannanna en hinna. Eftir verðfallskenningu háttv. þm. Dala. (B. J.) ættu allir að fá jafna %. (**B. J.:** Jeg líkti því við skatt). Það er hjálp, fyrst og fremst til þeirra, sem lágt launaðir eru. Og úr því að komið er inn á þá braut, er sjálfsagt að hafa alla sanngirni og veita þeim hjálp, sem eru hjálparþurfar, hvort heldur það nú er háttv. þm. Dala. (B. J.) eða háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). (**B. J.:** Guð hjálpar okkur). Já, það vona jeg.

Þá er að minnast á framleiðendurna. Jeg vil ekki skera þá alla niður við sama trog. Þeir eru misjafnlega duglegir, eins og embættismenn yfirleitt, því að sumir þeirra standa vel í stöðu sinni, en sumir eru svo lítt hæfir, að stjórnin ætti að vera búin annaðhvort að láta þá segja af sjer, eða að setja þá af fyrir löngu. (**Atvinnumálaráðherra:** Hverjir eru það?). Við skulum tala um það seinna, nafni minn! Það er rjett að gera þeim, sem standa vel í stöðu sinni, hærra undir höfði, því að góðum starfsmanni er aldrei oflaunað. Jeg er viss um, að þegar hæstv. atvinnumálaráðherra var bóndi á Ysta-Felli, þá hefir hann viljað vinna til að borga góðum vinnumanni hátt kaup. Ef við hefðum valda embættismenn í hverju sæti, þá væru aldrei talin eftir laun þeirra.

Þá vil jeg benda háttv. nefnd á, hvort ekki væri rjett að taka sjerstakt tillit til þeirra, sem eiga mörg börn og altaf eru að fjölga landsmönnum. Einlægt er kvartað um skort á verkafólki, og ætti því að hlynna að þeim, sem ganga best fram í því að fjölga mannkyninu.

Einnig ætti að greiða þeim láglaunuðu embættismönnum, sem lítinn tíma hafa afgangs frá embættisverkum, hærra en hinum, sem geta haft aðra atvinnu með embætti sínu, eins og t. d. flestir prestar gera.

Um stórefnamenn er það að segja, að alþýða manna álítur það hneyksli, já, meira en hneyksli, að veita þeim dýrtíðarhjálp, hvort sem þeir hinir sömu eru í embætti eða lifa á eftirlaunum. Dýrtíðarhjálpin á ekki að vera til annars en að veita þeim hjálp til þess að lifa, sem lakast eru settir og lægst eru launaðir.

Menn eru altaf að vitna í stórgróða, sem ýmsir framleiðendur eiga að hafa haft á síðustu árum. Allur þorri framleiðenda græddi árið 1915. Miklu færri gerðu það árið 1916, og þá líka miklu minna. Hve margir bændur ætli að græði nú 1917, þegar framleiðslan er orðin því nær ókleif, því að vinnukrafturinn er bæði nærri ófáanlegur og afskaplega dýr. Jeg vil því segja, að embættismönnum er ekki ofgott að sitja við sama borð og almenningur.

Jeg vona, að nefndin, sem fær frumvarpið til meðferðar, athugi málið vel, og breyti því í þá átt, sem hjer hefir verið bent á.

Benedikt Sveinsson: Jeg er á sama máli og þeir háttv. þingmenn, sem látið hafa í ljós þá skoðun sína, að þingsályktunartillagan, sem hroðað var fram í vetur, án þess að tími eða tækifæri gæfist til að umbæta hana til nokkurrar hlítar, sje mesti gallagripur. Það er nú orðin venja að hroða öllu af, og það er um þetta mál að segja, að það hafði ekki einungis mjög litla og skjóta meðferð í þinginu, heldur var það og frá öndverðu afarilla undirbúið af stjórninni. Þó sýndi þriðja skrifstofa

stjórnarráðsins meiri dugnað en venja er til, í undirbúningi þessa máls, með því að þaðan var hafinn gauragangur mikill, til þess að knýja alla starfsmenn landsins til að heimta 70% launaviðbót. En ekki var undirbúningurinn þar að öðru leyti meiri nje ábyggilegri en svo, að eftir að búið var að telja þjóðinni trú um, að árbótin myndi ekki nema meiru en 200000 kr., þá hefir reynslan sýnt, að hún varð helmingi meiri, eða freklega það. Einnig var krítað nokkuð liðugt um það, hve landssjóður væri þá vel stæður.

Engu að síður var jeg á því, að rjett væri, að þeir starfsmenn landsins, sem lágt voru launaðir, fengju einhverja viðbót við laun sín, því að það var og er vitað, að þeir stóðu þá mun ver að vígi heldur en annar landslýður. Bændur og sjávarútvegsmenn höfðu beinlínis hagnað af ófriðnum fyrstu árin, og ýmsar aðrar stjettir sömuleiðis, en embættismennirnir urðu illa úti, og þá sjerstaklega þeir, sem lægst voru launaðir. Það var því sannsýnilegt, að þessir menn fengju nokkra uppbót á launum sínum, því fremur sem hagur landssjóðs hafði verið talinn mjög góður — mun betri en hann reyndist. En nú horfir þessu nokkuð annan veg við. Ástandið vegna ófriðarins hefir á engan hátt batnað síðan í vetur, en það er bersýnilegt, að hagur landssjóðs hefir stórum versnað. Harðærið er nú tekið að sverfa að öllum stjettum landsins. Nú hefir engin stjett í landinu lengur hag af styrjöldinni, heldur hafa allar stjettir beint tjón af henni. Verður því í mörg horn að líta, og því vandasamara að finna einhver úrræði, sem duga megi.

Mjer virðist þetta mál horfa svo við, að rjettast sje, að sama nefndin fjalli um öll þau vandræðamál, sem af styrjöldinni standa.

Mjer finst nú, þar sem hagur landssjóðs er óálitlegur, en hins vegar von um, að styrjöldin standi ekki lengi úr þessu, þá verði að fara mjög varlega í að eyða fje landssjóðs í árbætur eða launabætur. Það væri ilt að hleypa landinu í nýjar skuldir á þessum tímum, þegar þjóðin þarf sem fastast að sækja frelsiskröfur sínar í hendur danska valdsins. Og það er hætt við, að það yrði ekki til að flýta fyrir því, að þær kröfur næðu fram að ganga, ef þjóðin þyrfti jafnframt að rjetta hendurnar til danskra sjóða, og biðja þá um að veita sjer hallærislán. Því verður sem lengst að varast að setja þjóðina í nýjar skuldir við útlönd, nema ekki verði á annan hátt unt að afstýra beinu hallæri.

Umr. frestað.

Á 4. fundi í Nd., föstudaginn 6. júlí, var framh. 1. umr. um frv.

Bjarni Jónsson: Jeg hafði hugsað mjer, þegar þetta mál var hjer síðast til umræðu, að svara nokkrum orðum út af því, sem þá kom fram í málinu. Í því skyni hefi jeg hafið dauðaleit í endurminningunni, en ekki fundið neitt, sem þyrfti að svara, nema það eitt, er því var haldið fram, að dýrtíðaruppbótin á launum starfsmanna landsins árið sem leið væri talin hjálp. Þessu þarf í rauninni ekki að svara öðru en því að vísa til prentaðs nefndarálits frá þinginu í vetur, þar sem uppbótin er kölluð kaupgjald, en ekki styrkur. Sömuleiðis bera ræður framsögumanna það með sjer, að það er kaupgjald, en ekki styrkur, eins og lesa má í þingtíðindunum. Og enn fremur sýnir atkvæðagreiðslan, að um kaupgjald var að ræða, en ekki styrk. Það þarf því mikil brjóstheilindi til að bera það fram nokkrum mánuðum seinna, að þetta hafi verið styrkur.

Annars vita menn, eins og gamall málsháttur segir, að aut est aut non est, tertium non datur. Annaðhvort er það kaupgjald eða ekki kaupgjald. Jeg vænti líka, að menn þekki principium exclusi medii inter duo contra-dictoria. Það er eitt af þessum þremur lögmálum, sem menn neyðast til að hugsa eftir, ef menn ætla á annað borð að hugsa. Ef það er kaup, þá verða menn að muna, að verkamaðurinn er verður launanna, hvort sem hann er kvæntur eða ekki. En ef það er hjálp, eins og sumir halda fram, hvar standa þeir hinir sömu þá gagnvart kjósendum sínum? Hvaða rjett hafa þeir þá til að taka embættismannastjettina út úr og hjálpa henni? Það tekur sig ekki heldur illa út að hafa það eins og á aukaþinginu í vetur, þegar þeir þóttust hjálpa embættismönnunum á þennan hátt, en steindrápu fyrir mjer tvö frv., sem fóru fram á að hjálpa alþýðu manna. Með þessu slá þeir sjálfa sig, er þeir ætla alveg ófyrirsynju að hjálpa embættismanninum, sem allajafna hefir meiri og betri úrræði en aðrir, eða kann að minsta kosti betur að ríða víxlum, en á sama tíma drepa þeir frv., sem fara fram á að hjálpa öllum almenningi, sem þeir segja þó að fremur sje hjálparþurfi. Jeg vildi ekki koma fram fyrir mína kjósendur eftir slíka frammistöðu, því að þeir eru menn rjettsýnir, sem vilja gjalda hverjum það, sem hann á, en vilja líka, að hjálp sje veitt þeim, sem hjálpar þurfa. Nú hvíslar hjer einn ráðunautur í búspekinni að mjer, að það sje víst gustuk að hjálpa embættismönnunum, því að þeir sjeu altaf kveinandi um kjör sín. Sjálfur er hann embættismaður og tekur laun og dýrtíðaruppbót af almannafje, og jeg vona, að hann fái á sínum tíma eftirlaun fyrir vel unnið starf, eða hans fólk, ef hann verður einhvern tíma dauðlegur. (**S. S.**: Jeg vona, að háttv. þm. Dala. (B. J.) verði þá ofanjarðar, til að greiða atkvæði með því).

Það er sjálfsagt, að þetta mál komi fyrir fjárveitinganefnd, því að það er ekki annað en viðbót við einn gjaldalið í nokkrum greinum fjárlaganna, sem fjalla um kaup starfsmanna landsins. Annars er það harla undarlegt, að menn skuli vera að deila um það, undir hverja fastanefnd málin heyri. Það fer eftir verksviði hverrar einstakrar nefndar, en það er eins og menn vilji vísa málum til nefnda eftir því, hvort þeir menn, sem í nefndunum sitja, eru málunum hlyntir eða ekki.

Jeg skal svo ekki ræða meira um þetta að sinni, en síðast þegar jeg talaði í þessu máli gleymdi jeg að bera fram fyrirspurn til stjórnarinnar því viðvíkjandi. Svo er mál með vexti, eins og allir vita, að í vetur voru teknir með í uppbótinni menn, sem ekki eru beinlínis starfsmenn landssjóðs, t. d. barnakennarar. Þetta var skilið svo af sumum, að það væri veiting til hjeraðanna, og jeg leit svo á, að það væri hart aðgöngu að gefa út lög á miðjum vetri, sem skipuðu þeim að gjalda sínum starfsmönnum uppbót, eins og landssjóður gyldi sínum, án þess að ljetta þeim byrðina að einhverju leyti.

Þá hefði átt að fylgja stjórnarfrv. annað frv., þar sem hjeruðunum væri gert að skyldu að bæta sínum starfsmönnum, eftir sama mælikvarða, þann skaða, er leiðir af því, að gjaldeyrir fellur. Vildi jeg því spyrja stjórnina, hvort hún hefði fyrirhugað nokkurt frv. í þessa átt.

Einar Arnórsson: Að eins örstutt aths., út af orðum háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) í gær. Það mátti skilja svo

orð hans, að stjórnarráðið hefði hvatt embættis- og sýslunarmennina til að krefjast dýrtíðaruppbótar. Hafi orð hans falið í sjer þessa merkingu, eru þau ekki rjett. En hitt er rjett, að einn af skrifstofustjórunum leitaði fyrir sjer um óskir og kröfur embættismannanna í þessu efni. En það verður að standa á hans reikningi.

Frá starfsmönnum stjórnarráðsins kom óskorun um uppbót, en við það hefi jeg ekkert að athuga. Starfsmenn stjórnarráðsins hljóta að hafa rjett til umkvörtunar eins og aðrir starfsmenn landsins, ef launakjör þeirra eru ekki viðunanleg. Sem sagt ljet stjórnin málið afskiftalaust. Enn fremur ljet háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) sjer um munn fara hnútur til fjármálaskrifstofunnar um, að hún mundi ekki ganga eins vel fram í öðru og þessu dýrtíðauppbótarmáli. Kemur það ekki til mín að svara slíkum hnútum. Núverandi stjórn mun fullfær til þess, ef henni finst ástæða til.

Einar Árnason: Mjer finst sjálfsagt, að háttv. deild noti þessa umr. til að gefa nefnd þeirri, er málið fær til meðferðar, nokkurt veganesti.

Eftir því sem nefndin færir sig nær vilja þm., því meiri von er um, að till. hennar nái fram að ganga. Á síðasta þingi var málinu mjög flaustrað af. Það kom frá nefnd í þinglok, og þm. höfðu lítinn sem engan tíma til að koma með brtt. Enda voru margir þingmenn óánægðir með frágangginn, þótt þeir samþyktu það. Jeg tel nauðsynlegt að gera alt til þess, að óánægja sem þessi komi ekki fram aftur, því að hún gæti hleypt málinu í strand. Það ber einkum tvent til þess, að meiri varhygðar verður gætt í þessu máli en á síðasta þingi.

Í fyrsta lagi, að sú hefir raunin á orðið, að dýrtíðaruppbótin hefir hlaupið langt fram úr áætlun, svo að hjer er því annaðhvort, að nefndin hefir bygt áætlun sína í lausu lofti, eða að þingsályktunartillagan hefir verið misbrúkuð, og er hvorugt gott.

Í öðru lagi hlýtur varhygðin að stafa af því breytta ástandi, sem nú er frá síðasta þingi, og er þá fyrst að líta á fjárhaginn. Í vetur var fjárhagur landssjóðs góður, og mun það hafa valdið nokkru um það, hve vel þingið tók þá í dýrtíðarmálið. Enda verður ekki um það deilt, að starfsmenn hins opinbera þola nú betur kreppuna, eftir að þeir hafa á þessu ári fengið þessa ríflegu dýrtíðaruppbót.

En nú er svo komið, að fje vantar bæði til þessa og ótalmargs annars, er fje þarf til. Jeg veit, að mjer verður svarað því, að ekki sje annar vandinn en að taka lán, en jeg álít þá aðferð, að taka lán til að eta upp jafnharðan, ekki tiltækilega fyr en í ítrustu neyð. Þegar rætt er um uppbót til starfsmanna landssjóðs, þá hlýtur hugurinn að hvarfla til alþýðunnar.

Ef stríðið heldur lengi áfram enn, og samgöngur og verslun versna mikið fram úr því sem nú er, þá fara atvinnuvegirnir að hallast, og þá er það bersýnilegt, að almenningi verður líka að hjálpa. Fer þá að vandast málið; því að hver á að bera þann skatt? Jú, framtíðin líklega. Getur verið, að að því reki, en sjálfsagt er að sporna við því í lengstu lög. Sem betur fer hefir ekki enn borið á atvinnuleysi.

Þar, sem jeg þekki til fyrir norðan, er mikil eftirspurn eftir fólki til landbúnaðarins og hátt kaup boðið. Jeg sje líka, síðan jeg kom hingað, auglýsingar í blöðunum eftir fólki til sveitavinnu, og veit jafnframt, að erfiðlega gengur að fá það. Það bendir ekki á, að fólkið vanti atvinnu. Aftur hefi jeg ekki sjeð, að fólk auglýsi eftir vinnu, og bendir það í sömu átt. Þess hefi jeg

líka orðið var, að ef boðið er út landsstarf, sýslan eða embætti, þá eru margir um boðið. Það sýnist svo, sem þangað sæki klárinn, sem hann er kvaldastur. Bæði hjer og norðanlands er fjöldi fólks, er virðist vera sólskinsmegin í lífinu. Hjá því er nóg um eyðslu og óþarfa, fordild og hjegómaskap á þessum alvarlegu tímum. Annaðhvort er það af því, að það er efnað og kvíðir engu, eða »flýtur sofandi að feigðarósi«. Og síst vildi jeg, að Alþingi gerði sitt til að glæða þann hugsunarhátt.

Aftur veit jeg, að fjöldi fólks býr í skugganum, og að því verður að hlynna, ekki með fjegjöfum, heldur láta það vinna fyrir nauðsynjum sínum. Embættismennirnir vinna fyrir kaupi sínu, og það er því sanngjarnt, að kaup þeirra sje bætt, þegar ástæða er til. Ef atvinnuleysi verður, verður landssjóður að taka lán til að leggja í eitthvert nauðsynjafyrirtæki og veita verkalýðnum atvinnu við það.

Jeg vil hallast að tillögunni frá í gær, um að vísa málinu til bjargráðanefndar. Hennar starf er að gera bjargráðatill. Og þetta er bjargráð.

Verkefni nefndarinnar hvað þetta frv. snertir verður því tvent.

Í fyrsta lagi á hún að draga úr útgjöldunum í frv. stjórnarinnar til þeirra manna, sem síst þurfa stuðnings við, reyna að finna sem sanngjarnastan meðalveg milli þeirra, sem þurfa og ekki þurfa. Hvort það verður kallað hjálp eða uppbót læt jeg mig engu skifta.

Og í öðru lagi verður nefndin að gera till. um ráðstafanir til þess að bæta úr væntanlegum atvinnuskorti, ef svo skyldi fara, að til þeirra ráða yrði að grípa, að landið beittist fyrir einhverskonar atvinnuframkvæmdum.

Fjármálaráðherra (B. K.): Út af fyrirspurn háttv. þm. Dala. (B. J.), hvort stjórnin hefði í hyggju að leggja fram lagafrv. um að skylda hreppsnefndir og sýslufjelög til að borga dýrtíðaruppbót, skal jeg geta þess, að svo er ekki, meðfram af því, að stjórnin álítur tæplega hægt að grípa svo inn í verksvið sýslu- og hreppsnefnda. Og jeg held, að þær eigi að ráða þessu sjálfar. Í ástæðum fyrir frv. er tekið fram, að stjórnin eigi að borga sínum starfsmönnum, en bent á, að hreppsfjelög og sýslunefndir ættu að veita starfsmönnum sínum dýrtíðaruppbót, eins og t. d. Reykjavíkurbær hefir gert.

Magnús Pjetursson: Jeg bjóst ekki við að þurfa að eiga í orðaskaki út af þessu máli nú við þessa umr. En það voru nokkur orð í ræðu háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.), sem jeg vildi gera athugasemd við. Mjer þykir leitt, að hann er nú ekki viðstaddur. En af því, að ef til vill margir meina hið sama og hann sagði, þá vil jeg mótmæla því, að öll þjóðin í heild sinni sje óánægð með ráðstöfun aukaþingsins, eins og hann hjelt fram. Menn geta sannfærst um þetta með því að fara fram á lestrarsal og kynna sjer þar þingmálafundagerðirnar. (**P. Þ.**: Úr Strandasýslu?). Strandamenn hafa eins mikinn rjett til að segja sína skoðun á þessu máli og Mýramenn, og engu síður mikils virði það, sem þeir leggja til. Á tveimur þingmálafundum, af þremur, í Strandasýslu var samþykt að leggja til, að Alþ. veitti dýrtíðaruppbót með líku fyrirkomulagi og í fyrra. Á þriðja fundinum var samþykt samskonar tillaga, þó með þeirri viðbót, að sanngjarnt væri, að þeir, sem hafa tekjur af framleiðslu, fengju ekki jafna dýrtíðaruppbót. Annars ættu menn að kynna sjer þing-

málafundagerðirnar, og yfirhöfuð koma ekki fram með rakalitlar staðhæfingar rannsóknarlaust; þá mundi það koma í ljós, að það er ekki rjett, að þjóðin í heild sinni sje mótfallin dýrtíðaruppbót til embættismanna, eins og henni var hagað á síðasta þingi. Mjer virtust menn kenna nefndinni um flaustrið á málinu í vetur. Jeg verð að segja það, að jeg áleit þá málinu of mjög flaustrað. En það er nokkuð skrítið að heyra þá menn tala nú um flaustur, er greiddu atkv. með afbrigðum frá þingsköpunum, til þess að koma flaustrinu áfram. Þeir mega sannarlega sjálfum sjer um kenna, og ættu nú ekki að hafa í hámælum álas um sínar eigin gerðir.

Annað, sem jeg vildi mótmæla, er ölmusu- eða fátækrastyrks-nafnið, er margir vilja óðir og uppvægir koma á dýrtíðaruppbótina. Það er vitanlega rjett, sem háttv. þm. Dala. (B. J.) tók fram, að hjer er verið að bæta mönnum þá rýrnun á kaupgjaldi sínu, er leiðir af verðfalli peninganna. Ef svo er ekki, þá er ekki rjett að byrja á því að hjálpa þessum stjettum; þá á enga uppbót að veita þeim.

Það er náttúrlega alveg satt, að hjer verður að fara varlega í útgjöldin, því að útlitið er ilt og fjárhagurinn slæmur. Í vetur var líka reynt að taka tillit til þessa. Dýrtíðaruppbótin var ekki nálægt því miðuð við verðfall peninganna, eins og það var í raun og veru. Það var auðvitað miklu meira en dýrtíðaruppbótin nam. Og var þetta einmitt af þeirri ástæðu, að landssjóður var ekki álitinn fær um að bæta upp alt verðfallið, en ekki af hinu, að það álitist ekki rjett. Þótt hjer sje því ekki um fulla uppbót að ræða, þarf ekki að fara ranglega að. Jeg vil, að grundvöllurinn sje rjettur, og ekki teknir undan einstakir menn eða stjettir. Mjer hefir yfirleitt fundist þeir, sem jeg hefi talað við, skilja, að það er sanngirniskrafa, að þessi uppbót sje veitt. Flestir líta svo á, að kauphækkun þeirra, sem vinna hjá einstökum mönnum, sje dýrtíðaruppbót, og það kæmi þá óneitanlega kynlega fyrir sjónir, ef hver einstakur vinnuveitandi veitti dýrtíðaruppbót, en allir sameinaðir í einn vinnuveitanda veittu enga. Sá er munurinn, að fólk, sem ræður sig til vinnu einhvern vissan tíma, getur sett hnefann í borðið og neitað að vinna, en vjer starfsmenn landssjóðs, margir að minsta kosti, erum ver settir, og ekki eins við búnir að setja hnefann í borðið, ef oss er órjettur ger. En það ímynda jeg mjer, að háttv. þm. sjái, að ekki er rjett nje sanngjarnt, að margir leggi mikið í kostnað til að geta tekið að sjer víst starf, og verði síðan neyddir til að sitja við hvaða ranglæti sem vera skal. Þetta er sannarlega mikið alvörumál og þarf kalda og rækilega yfirvegun. Sjerstaklega vil jeg vara við þeirri hættu, sem hjer hefir viljað brydda á. En það er að gera þetta mál að tilfinningamáli. Það getur dregið þann dilk á eftir sjer að vekja upp aftur óánægju og kala milli vissra stjetta, sem mikið var farinn að minka, og væri það illa farið. Mjer er óhætt að segja, að mörgum hlutaðeigendum er þetta ekki eingöngu fjárspursmál, heldur hitt, að þeir finni viðurkenningu þess, að húsbóndi þeirra sje eins rjettlátur og þeir sjá að aðrir húsbændur eru. Með því að jeg býst ekki við að komast hjá því að taka til máls síðar í þessu máli, læt jeg hjer staðar numið. Mjer er ekkert kappsmál um, hvaða nefnd fái málið til meðferðar, en finst það þó heyra frekar undir fjárveitinganefnd.

Skúli Thoroddsen: Jeg skal ekki vera langorður.

Hjer hefir orðið nokkur ágreiningur

um það, í hverja nefnd beri að vísa þessu máli. Það hefir verið lagt til, að því verði vísað til bjargráðanefndar. En þetta er stórmikill misskilningur á verksviði nefndanna, eins og hv. þm. Dala. (B. J.) og háttv. þm. Stranda. (M. P.) hafa þegar sýnt. Verksvið bjargráðanefndar snýr út á við, lýtur að viðskiftum vorum við aðrar þjóðir, en uppbótarmálið snýr að oss sjálfum, veit inn á við, ræðir um það, hvert kaup menn fá eða eiga skilið, og heyrir því í eðli sínu beint undir fjárveitinganefnd, alveg eins og bert er af einstökum greinum fjárlaganna, sem tiltaka ákveðin laun starfsmanna landsins, líkt og háttv. þm. Dala. (B. J.) tók fram.

Mjer mundi hafa þótt vel við eiga, að takmarkið við þessa 1. umr. málsins hefði verið það að gefa væntanlegri nefnd einhverjar leiðbeiningar í meðferð þessa máls; en því fer fjarri, að svo hafi verið. Umræðurnar hafa aðallega hnigið að því, hvort hjer sje um hjálp eða launabót að ræða. Hv. þm. Stranda. (M. P.) og hv. þm. Dala. (B. J.) hafa þegar rækilega hrakið þær ástæður, sem fram hafa komið um það, að hjer sje um hjálp að ræða.

Það mun hafa verið hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), sem fyrstur kom með þetta hjálparhjal, og færði fram mjög hlægilega ástæðu fyrir því, að hjer væri að eins um hjálp að ræða. Hann sagði sem sje, að fyrst að öllum væri ekki goldið jafnt, þá væri þetta gjöf. Eftir því væri það gjöf, ef jeg greiddi háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) upp í 100 kr. skuld, sem hann ætti hjá mjer, 50 kr. Fyr má nú vera firra.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) mintist á efnahag manna og vildi láta hafa hliðsjón á framleiðslu manna, ætlaðist til, að framleiðendur, þeir er embættum gegndu, hlytu þá lægri uppbót. Mælti hann þetta einkanlega til presta. Annars vegar taldi hann þó bændur verða nú fyrir miklum fjárhalla. Röksemdaleiðsla þessa háttv. þm. (S. S.) er þá sú, að allir bændur tapi, nema þeir bændur, sem einnig eru prestar, og sjá allir, hve veigamikið þvílíkt skraf er. En sannleikurinn er sá, að þótt menn vildu hafa hliðsjón af efnahag manna og framleiðslu við ákvörðun uppbótarinnar, þá er það allsendis ókleift in praxi, eins og líka hitt, sem sumir hafa bent á, að miða uppbótina við ómagafjölda. Hvernig á t. d. að fá vitneskju um innstæðu manna í bönkum og sparisjóðum eða ársgróða þeirra, sem framleiðendur eru? Jeg veit ekki betur en að allir bændur, sem skrifað hafa í blöð undanfarin ár, hafi — hver og einn — þóst tapa á búskapnum þessi ár.

Háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) taldi óþarft að hafa uppbótina nú jafnháa og í vetur, með því að hún væri nýlega greidd. Þetta er mjög undarleg rökfærsla. Háttv. þm. (E. Árna.) má vita það, að hver, sem vill lifa, og ekki hefir peninga til þess, neyðist til að taka lán. Honum má skiljast það, að menn, sem búa við sultarlaun, höfðu fyrirfram eytt uppbótinni, fengið lán upp á hana.

Sami háttv. þm. (E Árna.) sagði, að svo gæti komið, að vjer yrðum neyddir til þess að taka lán, til þess að greiða þessa uppbót, og var honum illa við það, eins og mjer er líka En þótt svo færi, þá er hjer ekki um lán að ræða til þess að eta upp, eins og hann komst að orði. Ef þessi háttv. þm. (E. Árna.) getur ekki greitt vinnumanni sínum kaupgjald, verður hann að taka lán til þess, en það er ekki sama sem að eta lánið upp. Og alveg hliðstætt þessu er samband landsins við starfsmenn sína.

Sami hv. þm. (E. Árna.) sagði enn fremur, að atvinna væri næg hjer á landi og kaup hátt, en ef þetta er rjett,

þá bendir það heldur á blómlegan hag landsins og á það, að landið standi svo vel að vígi, að enginn nauður reki til þess að draga af starfsmönnum þess rjettlátleg laun. Nú er svo komið, eftir því sem mjer hefir verið sagt, að hreppstjórinn á Tjörnesi, sem hefir verkstjórn á hendi við námana þar, fær 15 kr. í kaup á dag, en óvaldir verkamenn fá 6 kr. á dag. Þetta má bera saman við kjör þau, sem margir embættismenn njóta, menn, sem árum saman hafa kostað sig til náms, til þess að verða færir um að takast á hendur ákveðna stöðu. Háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) sagði, að ekki sæi á, að embættismenn byggju við sultarlaun, því að jafnan væri fjöldi umsókna, ef einhver staða losnaði. Þetta ætti þó ekki að þykja undarlegt; hvað eiga menn að gera annað en það, sem þeir hafa lært og kunna, meðan þess er nokkur kostur?

Það væri sjálfsagt margt fleira, sem rjett væri að taka fram í sambandi við þetta mál, þótt jeg sleppi því nú. En jeg get ekki varist því að drepa á það, að alla tíð síðan jeg hefi verið riðinn við Alþingi, frá því að jeg varð fyrst þingskrifari, hefir kveðið við þessi sami sónn úr sömu sætum þessarar deildar, bændaþingmannasætum, sífeldur barlómur um bágborinn hag landssjóðs, landsins og bændastjettarinnar. Þetta er þeim mun kynlegra, sem þetta heyrist ekki nefnt á nafn úti um landið. Í för minni vestur í kjördæmi mitt nýlega andæfði enginn uppbót til starfsmanna landsins, og ekki hefi jeg heldur sjeð nein slík andmæli í þingmálafundargerðum þeim, sem lagðar hafa verið fram hjer á lestrarsalnum. Jeg held því, að það sje engan veginn þægt verk, sem þeir háttv. þm. vinna, sem enn halda uppi þessum gamla barlómi; hann ætti að vera genginn úr móð og mætti helst ekki heyrast lengur, enda er öllum almenningi farið að skiljast, að starfsmenn landsins eiga laun sín skilið og að þeim verður að greiða sómasamlega eða að minsta kosti lífvænlega.

Umr. frestað.

Á 5. fundi í Nd., laugardaginn 7. júlí, var enn framhaldið 1. umr. um frv.

Jón Jónsson: Jeg álít þessar umræður um málið allóþarfar. Jeg hugði, að þetta væri ekki nýmæli, og að það gæti því gengið til nefndar. Jeg ætlaði mjer ekki að segja orð um frv. við þessa umr., en af því að hjer hafa fallið orð, sem jeg get ekki skrifað undir, stóð jeg upp.

Það er virðingarvert af landsstjórninni að hafa reynt að draga úr dýrtíðaruppbótinni, þótt hún hafi hins vegar ekki gert það svo mikið, að minni hlutinn frá síðasta þingi geti sætt sig við það. Það getur verið, að hæstv. stjórn hafi haldið, að þingviljinn hafi orðið ofan á í vetur, en jeg held, að sjerstök atvik hafi gert, að svona fór í vetur, en að meiri hluti þingsins hafi viljað hafa það öðruvísi. Jeg hugði, að stjórninni hefði verið þetta ljóst, og hefði hún því átt að ganga lengra í sparnaðaráttina en hún hefir nú gert. Jeg sje, að stjórnin ætlast til, að sýslu- og hreppsfjelög borgi starfsmönnum sínum dýrtíðaruppbót, og finst það dálítið skrítið, að sveitarfjelögum skuli vera ætlað að veita póstafgreiðslumönnum, símamönnum og brjefhirðingamönnum slíka uppbót. Annað mál er með það, að sveitirnar borgi oddvitum, kennurum o. s. frv. dýrtíðaruppbót. Það er vitanlegt, að þeir, sem eru móti frv., eru ekki í raun og veru móti dýrtíðarhjálp, heldur að þeir fái hana, sem ekki þurfa þess. (**B. J.:** Sem sveitarstjórnirnar

mæltu með). Það kom fram hjá háttv. þm. Dala. (B. J.), að hann vildi, að sýslu- og hreppsfjelög væru skylduð til að greiða þeim hjálp, sem ekki eru teknir með í þessu stjórnarfrv. Jeg hygg, að stjórnin hafi ekki ætlast til þess, og að engum manni hafi dottið það í hug, nema háttv. þm. Dala. (B. J.). Dýrtíðaruppbót er ekki ætluð öðrum en þeim, sem hafa landsstörf að aðalatvinnuvegi. Úr því að þetta er svo, getur það verið álitamál, hvort t. d. prestar, sem búa í sveit og verja meiri tíma til búskapar en embættisverka, ættu að fá dýrtíðarhjálp, og sama getur átt við um sýslumenn, sem búa í sveit. (**B. J.:** Má jeg spyrja, hafa þeir prestar meira að gera, sem ekki búa í sveit?). Þegar litið er á oss þingmenn, þá kemur verðfallið nokkru þyngra niður á oss, sem ekki getum verið heima hjá oss, en t. d. prestum, sem geta verið heima á jörðum sínum. Við aftur á móti verðum að sitja hjer í Reykjavík og getum ekki hugsað um okkar sakir, en svo er ekki með flesta presta. Öðru máli er að gegna um lækna, sem búa í sveit; þeir hafa miklum störfum að gegna og eiga bágt með að stunda aðra atvinnu með góðu eftirliti. Þeir yrðu því ver farnir, ef sama gengi yfir þá.

Háttv. þm. Dala. (B. J.), sem bæði nú og áður talar allmikið og alleinkennilega, er altaf að brigsla þeim, sem ekki vilja ganga eins langt og hann, og kallar þá nirfla o. s. frv. Þetta eru hörð orð og ósvífin í garð samþingismanna hans, og varla hægt að forsvara þau. Jeg vil sjerstaklega benda þessum þingmanni (B. J.) á, að það er skrítið, að hann skuli vera að setja sig upp á þennan háa hest, því að bæði jeg og aðrir þingmenn hafa í mörg ár verið að reyna að gera hann að sjálfstæðum manni með fjárveitingum. (**B. J.:** Ef þm. hefir verið að greiða atkv. með því, sem hann veit að er ekki rjett, þá er gott, að kjósendur hans fái nú að vita það). Auk þess er hann (B. J.) nú að berjast fyrir því að fá dýrtíðaruppbót, og sækir það svo fast, að jeg hefi heyrt, að hann hafi heimtað af sínum flokki, að hann yrði skipaður í allar þær nefndir, sem líklegt er að fengju þetta mál til meðferðar. (**E. A.:** Þm. Dala. er dauður). (**B. J.:** Hann rís upp aftur). Jeg get ekki að því gert, þótt þm. Dala. (B. J.) sje dauður. Ætlaði ekki að tala, en varð að gera það að síðustu. Jeg vil benda háttv. þm. Dala. (B. J.) á, að fyrir austan var rætt um dýrtíðaruppbótina á fundi, sem síra Magnús í Vallanesi, bróðir hans, var staddur á, og þar var samþykt óánægjuyfirlýsing til þingsins um gerðir þess í málinu í vetur, og var síra Magnús með því. Það væri gott fyrir háttv. þm. Dala. (B. J.) að taka bróður sinn sjer til fyrirmyndar og reyna að vera eins skynsamur fjármálamaður eins og hann. Það hefir verið vitnað í, hvað embættismennirnir segðu sjálfir um dýrtíðarhjálpina. Jeg veit, að ýmsir prestar hafa sagt sem svo, að þeir tækju við peningunum, úr því að þeim væru fengnir þeir, en þeim væri í raun og veru engin þægð í því og hefðu ekki búist við þeim. Þótt þessir menn sjeu embættismenn, þá eru þeir þó svo sanngjarnir, að þeir hafa búist við, að það mætti verja peningunum betur á annan hátt. (**Sk. Th.:** Hafa þeir sagt, að dýrtíðaruppbótin væri ranglát?). Nei. Ekki veit jeg til þess. Háttv. þm. Stranda. (M. P.) sagði það rangt, að meiri hluti þjóðarinnar væri óánægður með þessa ráðstöfun. Jeg hygg, að það sje satt, að meiri hlutinn sje óánægður. Jeg sje það á þessari þingmálafundargerð úr Strandasýslu, að tillagan móti dýrtíðar-

uppbót er ekki harðorð, en við vitum, að háttv. þm. Stranda. (M. P.) er orðhagur maður og hefir því getað talað um fyrir kjósendum sínum. (**M. P.**: En 1. þm. N.-M. á hinn veginn?). Jeg sá þó í einni till. úr Strandasýslu, að samþ. var að taka framleiðslu manna til greina. Menn hafa sjerstaklega hneykslast á því, að þeir, sem búa við svipuð kjör og bændur, skuli hafa fengið jafna upp bót og þeir, sem lifa eingöngu á launum sínum.

Af því að háttv. þm. Dala. (B. J.) er að koma með aths. við og við, ætla jeg að benda á þingmálafundargerð úr Dalasýslu, þar sem samþykt var óánægjuyfirlýsing út af dýrtíðaruppbótinni. Hjer sjest það, hvað þm. Dala. (B. J.) rekur dyggilega erindi kjósenda sinna. (**B. J.**: Tillagan var samþ. með 4 atkv. gegn 1 á 1 fundinum, og voru þó yfir 20 atkvæðisbærir menn mættir, sem alls ekki vildu sinna slíku bulli og greiddu því ekki atkv.). Jeg býst við, að ef jeg færi til Dalasýslu, þá gæti jeg fengið almennar óánægjuyfirlýsingar um dýrtíðarmálið frá kjósendum. (**B. J.**: Það mundi enginn tala við þennan þm. þar).

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) talaði um þann barlóm, sem bændaþingmenn væru altaf með, en þetta er skakt, því að jeg hefi sýnt, að við höldum fram þjóðarviljanum. (**Sk. Th.**: Þm. hefir einmitt ekki hepnast að sýna það). Sem umboðsmenn þjóðarinnar viljum við fara sparlega með fje hennar og sýna öllum sanngirni. Þetta barlómshjal er því alveg rangt. Það mætti með meiri sanni segja, að embættismenn hjer og skólamenn væru sífelt að berja lóminn, en það gera stjettarbræður þeirra úti um land ekki. Af því, að málið fer í nefnd, fjölyrði jeg ekki meir um það. Jeg var að líta í þingmálafundagerðir úr Vestur-Skaftafellssýslu og fanst annað koma þar fram en það, sem háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hjelt fram í vetur. Kemur það úr hörðustu átt fyrir hann. En jeg ætla nú ekki að tala um hans frammistöðu.

Úr því að allir eru að leiðbeina nefndinni, sem fær málið til meðferðar, vil jeg brýna það fyrir henni að kunna sjer hóf og kippa sjer ekki upp við, þótt háttv. þm. Dala. (B. J.) brýni röddina.

Bjarni Jónsson: Jeg ætlaði mjer að ræða ekki málið frekar, en sá þjóðarfulltrúinn, sem síðast talaði (J. J.), sagði, að það sæti ekki á þm. Dala. að setja sig á háan hest, því að hann og aðrir þingmenn hefðu í mörg ár með atkv. sínum reynt að gera hann að sjálfstæðum manni. Þetta þykir mjer svo viturlega talað af háttv. 1. þm N.-M. (J. J.), að jeg get ekki stilt mig um að benda kjósendum hans á, hvað hjer liggur til grundvallar. Hann hefir viljað gera mig sjálfstæðan á þann hátt, að jeg yrði jábróðir hans, og greitt mjer atkv. til þess, að jeg greiddi honum atkv. mitt í staðinn. Hjer liggur því til grundvallar hjá 1. þm. N.-M. (J. J.) hugsun um atkvæðaverslun. En það færi nú að verða undarlegt, þetta sjálfstæði, ef hver þm., sem greitt hefir þm. Dala. atkv., heimtaði af honum sömu smáþægindi. Þm. Dala. yrði þá að fara að verða á jafnmörgum skoðunum og 1. þm. N.-M. (J. J.), en það liggur nú víst ekki fyrir honum. Þetta vildi jeg athuga út af orðum háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.), svo það kæmi skýrt fram, hve ant honum er um hag landsins og kjósenda sinna, er hann greiðir þm. Dala. atkv., til þess eins, að kaupa sjer þar jábróður fyrir landsfje.

Einar Jónsson: Það er hvorttveggja, að hjer er um óvenjulegt mál að ræða, enda er það óvenjulegt, að 1. umr. sje ekki lokið á skemri tíma en 3

dögum. Það eru ýms atriði, sem gefa ástæðu til að ræða málið þegar frá ýmsum hliðum. Jeg hygg, að þjóðin í heild sinni sje ekki óánægð með dýrtíðaruppbót, en það vakir fyrir henni, að upphæðin sje ekki höfð ofhá, og öll sanngirni sje höfð í fraumi. Það leit út í vetur, að jeg væri mótfallinn dýrtíðaruppbótinni, og færði þá þær ástæður, sem eru öllum kunnar, sem sje, að ýmsar brtt. minar voru feldar, og gat jeg því ekki samþ. frv., enda þótt jeg væri ekki móti dýrtíðaruppbót. Fyrst verður að líta á árið 1915. Þá áttu framleiðendur og embættismenn mjög ólíkt aðstöðu. Það ár var besta verslunarár fyrir framleiðendur, en slæmt ár fyrir embættismenn, vegna verðfalls peninganna. En nú er líka að gæta þess, að tímarnir eru breyttir síðan. Árferði er nú mjög erfitt fyrir framleiðendur. Jeg sje ekki betur en að nú sje það komið á daginn, að allir eigi erfitt með sínar sakir, fæði, klæði o. s. frv., og því verði allir að bera byrðarnar saman. Hjer er því mestur vandinn að finna ráð til að hjálpa þeim, sem helst þurfa þess. Þá leið er erfitt að finna, svo að sanngjarnt sje. Mjer dettur í hug það ráð, að þeim einum sje veitt dýrtíðarhjálp, sem sendu umsóknir, og þær einar umsóknir teknar til greina, sem sýndu, að maðurinn þyrfti hjálpar með, en aðrir, er ekki þyrftu hennar, fengju ekkert.

Það er ekki rjettur grundvöllur til að byggja á, hvað föstu launin eru há. Jeg ímynda mjer, að það sje ekki hægt að neita því, að ýmsir, sem lág laun hafa, hafi aukatekjur, sem aðrir viti ekki um, og komist betur af þess vegna en aðrir, þótt hærri laun hafi.

Það hefir áður verið minst á, að menn voru blektir með því í vetur, að dýrtíðaruppbótin yrði miklu lægri en hún reyndist, þegar til kom. Jeg greiddi þá atkvæði með henni, enda þótt jeg byggist við, að hún yrði ekki svo lág, sem ráð var fyrir gert. Nú á þetta frv., sem hjer er komið fram, að færa manni heim sanninn um það, að upphæðin verði talsvert lægri en í vetur. Jeg játa, að það sje satt, að það lítur svo út, en þess ber að gæta, að mismunurinn er settur á herðar sýslufjelaga og sveitarfjelaga, svo að upphæðin kemur í rauninni ekki til með að lækka.

Það hefir verið minst á, að það væri ósanngjarnt að veita dýrtíðaruppbót þeim starfsmönnum landssjóðs, sem búa í sveit. Að því er snertir sýslumennina, má benda á, að það er að eins einn sýslumaður á landinu búsettur í sveit, sem sje sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu, læknar fáir, en prestar vitanlega allmargir. Jeg geri ráð fyrir, að flestir þeir prestar, sem í sveit búa, hafi ekki lakara bú en gildir bændur, og á jeg því bágt með að sætta mig við að sjá kotungana, sem umhverfis þá búa, labba með pyngju sína til að færa þeim dýrtíðaruppbót, enda þótt jeg játi, að þeir hafi eins mikla sanngirniskröfu til dýrtíðaruppbótar eins og hver annar starfsmaður landsins.

Jeg veit ekki, hvort jeg á að hafa svo mikið við háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að svara honum. Hann talaði af fullkominni vanþekkingu um þetta mál, en af því, að hann er vinur minn, vil jeg ekki taka hart á orðum hans. Hann sagði, að bændur væru með einlægan barlóm út af kjörum sínum. (**Sk. Th.**: Jeg stend við það). Hann þekkir víst næsta lítið til framleiðslu bænda og kjara þeirra, og veit ekki, hvar skórinn kreppir. Hann mun að vísu hafa heyrt, að sumir bændur álíta þessa dýrtíðarhjálp að miklu leyti óþarfa; en barlómur út af henni á sjer ekki stað meðal

bænda. Ef háttv. þm. (Sk. Th.) vildi gæta að, hvað til þess þarf að kosta, sem bændur framleiða, þá mundi hann ekki tala svo mikið um barlóm þeirra. Það er eins og sumir haldi, að gæsin fljúgi steikt upp í munn framleiðendanna, að mjólk, smjör, kjöt, fiskur, lýsi o. s. frv. kosti þann ekkert, sem á, en einmitt vegna þess, að efni og vinna, sem til þess þarf að framleiða þetta, kostar svo mikið, eru framleiðendur nú engu betur settir en flestir embættismenn, og í því felst enginn barlómur. Sumar vörutegundir eru nú óseljanlegar, t. d. hross, aðrar kyrsettar og útilokaðar frá frjálsu gangverði, t. d. smjör.

Jeg legg að síðustu til, að þeir einir fái dýrtíðaruppbót, sem sækja um hana og þurfa hennar, og að hún samanlögð fari aldrei fram úr því, sem verðhækkunartollur á vörum framleiðenda kemur til með að nema. Það er sannarlega víst, að margir fátækir menn komast ekki af nú á tímum nema með auknum skuldum. En með hvaða sanngirni er þá hægt að samþykkja dýrtíðaruppbót til starfsmanna landsins, á kostnað þeirra manna, sem ekki hafa í sig og á, nema með því að stofna nýjar skuldir?

Jeg vona, að sú nefnd, sem kemur til með að fjalla um þetta mál, hver sem hún verður, taki þetta til greina og reyni að komast að niðurstöðu, á sem rjettlátastan hátt.

Viðvíkjandi því, til hvaða nefndar þetta mál eigi að fara, verð jeg að telja eðlilegast, að það gangi til bjargráðanefndar.

Pjetur Ottesen: Um þetta mál eru nú þegar orðnar æðimiklar umræður, og þótt naumast sje við bætandi, get jeg ekki komist hjá því að segja nokkur orð.

Fordæmi það, sem aukaþingið í vetur skapaði, með því, hve langt það gekk í dýrtíðaruppbótinni, var ilt, og naumast annars að vænta, enda hefir dýrtíðaruppbótin vakið megna gremju um land alt, og er sú gremja síst ástæðulaus. Frv. það um dýrtíðaruppbót til embættismanna landsins, sem stjórnin leggur nú fyrir þingið, er að ýmsu frábrugðið þingsályktunartillögunni í vetur. Er auðsjeð, að stjórninni hefir ofboðið upphæðin, og að hún hefir leitast við að draga úr henni á ýmsan hátt, en álitamál getur verið, hvort hún hefir hitt heppilegustu leiðina til þess.

Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) hjelt því fast fram, að ekki bæri að taka tillit til annars í þessu sambandi en launahæðarinnar. Þar virðist mjer hann vera á annari skoðun en á síðasta þingi. Verð jeg að segja honum það til maklegs lofs, að þá var hann svo sanngjarn að greiða atkvæði með viðaukatillögu, sem stefndi að því að veita frekar hjálp þeim, sem helst væru hjálparþurfar. Sakna jeg þess mjög, að stjórnin skyldi ekki reyna að móta frv. þetta í þá stefnu.

Jeg skal ekki þrátta mikið um, hvort þetta beri að kalla dýrtíðaruppbót eða dýrtíðarhjálp. En öll meðferð hinnar hásælu fjárveitinganefndar á málinu í vetur virðist fremur benda á, að það sje dýrtíðarhjálp. Hún gerði sem sje mismun á háum og lágum launum og gekk algerlega fram hjá þeim, sem hæst voru launaðir. Tillögur hennar voru því reistar á sama grundvelli og viðaukatillagan, sem jeg gat um áðan. Má í þessu sambandi benda á það, að launahæðin ein er ekki rjettur grundvöllur til að byggja á. Mörg þeirra embætta, sem hæst eru launuð, eru til orðin á síðustu árum, þegar peningar voru farnir að falla í verði, og launahæðin miðuð við það. En þeim mönnum, sem þessi embætti skipa, hefir verið ætluð jöfn dýrtíðaruppbót og hinum,

sem við eldri launakjör eiga að búa. Það hefir verið bent á, að það ætti að sníða kröfur embættismannanna eftir þörfum þeirra og með tilliti til ástandsins í landinu og kjara alþýðunnar. En þessa hefir ekki verið gætt sem skyldi. Það hefir ekki verið tekið tillit til þess, í þessu frv., hvort þeir, sem njóta dýrtíðaruppbótar, eru einhleypir menn eða fjölskyldumenn, eða hvort þeir hafa nokkrar aukatekjur, t. d. framleiðslu til lands eða sjávar. Um sveitaprestana er það að segja, að þeir sitja jafnan á bestu jörðunum, sem það opinbera leggur þeim til — því að kirkjuvaldið á miðöldunum, þegar það var að sölsa undir sig jarðeignirnar, sleikti vanalega rjómann ofan af — og geta sint búskapnum frátafalítið. Þessir menn standa því miklu betur að vígi en aðrir búendur til að njóta hags af búskapnum, ef um hag er að ræða. Auk þess fá prestar nokkra uppbót úr annari átt, því að aukaverk sín fá þeir borguð eftir verðlagsskrá, sem nú er helmingi hærri en fyrir stríðið, og er það allverulegt atriði í fólksmörgum prestaköllum, en þeir háu herrar, sem hrópa hjer hæst um þröngsýni þeirra manna, sem halda vilja dálítið í hemilinn á fjáraustrinum í þessa óseðjandi dýrtíðarhít, minnast ekki á þetta eða því um líkt. Og um lækna er það að segja, að þótt þeir hafi ekki nema 1500 kr. föst árslaun, þá hafa þeir sumir miklar, en aðrir mjög miklar aukatekjur, eftir því sem þeir eru menn til og njóta trausts fólksins. Það er þess vegna engin furða, þó að það hafi sett ilt blóð í alþýðu þessa lands, sem verður að neita sjer um öll þægindi og klífa þrítugan hamarinn til að gjalda lögboðin gjöld, og ekki nema eðlilegt, að mönnum hafi runnið til rifja að sjá klyfjar peninga reiddar til stórefnamanna, sem standa miklu betur að vígi í baráttu lífsins heldur en öll alþýða manna. Það mælir og engin sanngirni með því, á nokkurn hátt, að bera fje úr landssjóði á neyðartímum til manna, sem embættin hafa farið svo vel með, að þeir eru, þrátt fyrir breytinguna, sem á er orðin, vel stæðir í mannfjelaginu og eiga við góðan hag að búa. Eins og þjóðin hefir skyldur við embættismennina, eins hafa þeir skyldur gagnvart þjóðinni. Þeir eiga að spara þegar þröngt er í þjóðarbúinu, og verða að sætta sig við að taka þátt í kjörum alþýðunnar, þegar illa gengur. Það hafa nú ýmsir þeirra, sem greiddu atkvæði með dýrtíðaruppbótinni í vetur, látið í ljós, að þeir mundu nú fara varlegar, og gleður það mig, og jeg er þess fullviss, að það verður hægt að finna þá leið í þessu máli, sem allir sanngjarnir menn mega vel við una.

Háttv. þm. Stranda (M. P.) mintist á, að þessi mótstaða vekti kala hjá embættismönnum til alþýðunnar. Það má alveg eins snúa setningunni við og segja, að það hafi vakið kala alþýðunnar til embættismanna, hvernig einstakir menn knúðu þetta mál fram í vetur.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) sagði í gær, að hann öfundaði ekki þá þingmenn, sem í vetur greiddu atkvæði með dýrtíðarhjálpinni, af að mæta kjósendum sínum, ef þetta ætti að heita hjálp. Með þessu hefir hann víst ætlað að negla þá við frv., en jeg verð að telja það vafasamt, hvort það tekst.

Jeg vænti þess fastlega, að nú verði farið gætilega og reynt, svo sem kostur er á, að sníða dýrtíðaruppbótina eftir þörfum manna, og það sönnum þörfum. Jeg veit nokkur dæmi þess, að menn, sem fengu dýrtíðaruppbót í vetur, urðu öldungis hissa og vissu naumast, hvaðan á sig stóð veðrið, og sessunautur

minn, háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) skýtur því að mjer, að sumir hafi verið svo veglyndir að þiggja ekki uppbótina.

Gísli Sveinsson: Jeg get sagt, eins og háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.), að jeg ætlaði ekki að taka til máls við þessa 1. umr. Mjer hefir komið það öldungis á óvart, hve miklar umræður hafa spunnist út af þessu frv. nú, þar sem ekki liggur annað fyrir en að vísa því til nefndar. Jeg skal ekki fara neitt út í málið, eins og það liggur fyrir nú, enda mun gefast tækifæri til þess síðar. Það hefir ekki heldur komið fram neitt nýtt í málinu, og mætti því nægja að vísa til þess, sem jeg og aðrir, sem voru á líkri skoðun á aukaþinginu í vetur, sögðum þá. Það stendur enn óhrakið, þótt andstæðingarnir sjeu nú að tyggja upp það, sem þeir báru fram á aukaþinginu. Það eina, sem gæti breytt afstöðu manna í þessu efni, er vitanlega það, ef landið kæmist í þá þröng, að ekki yrði viðlit að fá rönd við reist. Þar af gæti leitt, að engin leið yrði til að bæta starfsmönnum landsins upp það tap, sem þeir bíða af óáran þeirri, er styrjöldin leiðir yfir landið. Það sjest á sínum tíma, hvort hagur landsins er svo bágborinn, að ástæða sje til að láta nú undir höfuð leggjast að veita starfsmönnum landsins hæfilega dýrtíðaruppbót.

Háttv. þm. Borgf. (P. O.), sem síðast talaði, gat þess, að fordæmi aukaþingsins í vetur hefði þótt ilt, hvarvetna um landið. Jeg hygg, að hann hafi þar talað framar en hann hefir þekkingu til, því að þótt honum sje ef til vill kunnugt um vilja og álit Borgfirðinga í þessu efni, þá býst jeg við, að hann hafi ekki farið um landið alt og kynt sjer skoðanir manna hjer að lútandi. (**P. O.:** Jeg hefi lesið þingmálafundargerðirnar). Ef háttv. þm. (P. O.) hefir lesið þingmálafundargerðirnar, getur hann naumast komist á þessa skoðun. Annars er ókleift að komast að ákveðinni niðurstöðu um þjóðarviljann eftir þingmálafundargerðum, því að það er alkunnugt, hvernig þeir fundir eru sóttir og hvernig atkvæðagreiðsla fer þar fram. Nei, þessi skoðun háttv. þm. (P. O.) er líklega öllu heldur spunnin út úr eigin heila hans, sprottin af gremju, og miðuð við Borgfirðinga. Úti um landið skiftast skoðanir manna á líkan hátt og skoðanir fulltrúa þjóðarinnar á þingi í vetur. Og það er ekki heldur neitt ónáttúrlegt við það, því að við skyldum ætla, að við værum nokkurn veginn sæmilegur spegill af vilja þjóðarinnar. Og það má gera ráð fyrir, að í þessu efni sje vilji meiri hluta þjóðarinnar svipaður vilja meiri hluta þingsins. Jeg ætla raunar ekki að slá neinu föstu um það, hvort vilji meiri hluta þjóðarinnar sje eins og vilji meira hluta fjárveitinganefndarinnar í vetur. Hitt er víst, að á flestum fundum, sem jeg hefi sjeð fundargerðir frá, og á þeim fundum, sem jeg hefi haldið í mínu kjördæmi, kom fram svipuð skoðun og ríkti á aukaþinginu í vetur.

Háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.) virtist álíta það skyldu sína að snúa sjer að einstökum kjördæmum og gat þess, að hann hefði kynt sjer fundargerðir úr Vestur Skaftafellssýslu, og að þar hefðu komið fram raddir á móti dýrtíðaruppbótinni. Það er rjett í því máli, að á tveimur af þeim fundum, sem jeg hjelt þar í vor, voru samþyktar tillögur, sem gengu í þá átt að fara gætilega í það að veita launabætur vegna dýrtíðarinnar, og var jeg alls ekki mótfallinn slíkum tillögum. Önnur tillagan gekk í þá átt, að dýrtíðaruppbót yrði að eins veitt þeim, sem nauðsynlega þyrftu hennar.

Á hinum fundinum var samþykt að fara varlega í uppbótarmálinu, og er

síður en svo að jeg sje á móti því. En það var eins á þessum fundi og hinum, að alls ekki allir greiddu atkvæði um tillöguna.

Á fjölmennasta fundinum var engin tillaga samþykt í þessa átt. Að eins kom fram ein óánægjurödd, en að öðru leyti virtist enginn telja sæmilegt fyrir aukaþingið að gera annað en það gerði. Ef háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.) vildi, sjer til gamans, fara landveg heim, að þingi loknu, þá gæti hann kynt sjer skoðanir manna og sannfærst um, að það er rjett, sem jeg hefi sagt. Annars var það einkennilegt að heyra hann vera að tala um ljelega frammistöðu þingmanna í þessu máli í vetur, þar sem því hefir verið slegið föstu, að frammistaða hans hafi verið hin allra bágbornasta. Jeg get úr flokki talað um það, því að jeg starfaði með honum í fjárveitinganefnd. Þar hringsnerist hann um sjálfan sig. Var fyrst með hæstu upphæðinni, en, líklega eftir að hann þóttist hafa rannsakað vilja kjósenda sinna, gekk hann frá öllu saman.

Þetta vill hann nú ekki viðurkenna, en ber fyrir sig, að lítil breytingartillaga var ekki samþykt, brtt., sem hann kom með, en sá sig svo neyddan til að taka aftur, áður en hún kæmi til umr. í þinginu. Jeg held, að eftir atvikum hefði verið rjettast fyrir þennan hv. þm. (J. J.) að tala sem minst um frammistöðu sína á þinginu síðast.

Stefán Stefánsson: Eftir þeim umræðum, sem fallið hafa um dýrtíðaruppbótina frá síðasta þingi, þá eru allskiftar skoðanir, hvernig á hana hefir verið litið af öllum almenningi. En jafnvel þótt þetta sje ekki neitt aðalatriði í málinu, gagnvart afstöðu hinna einstöku þingmanna, þá vil jeg þó taka það fram, að eftir því, sem jeg hefi kynt mjer það mál, þá dylst mjer ekki, að almenningur muni yfirleitt vera óánægður með úrslit þessa máls á aukaþinginu. Þetta verð jeg að viðurkenna, eins fyrir það, þótt jeg væri málinu fylgjandi. (**G. Sv.:** Þeir samþyktu vantraust þarna í Eyjafjarðarsýslu). Sú saga er einber tilbúningur. Að menn voru óánægðir yfir dýrtíðaruppbótinni var aðallega af því, að hún fjell eins til ýmsra framleiðenda, eins á þá, er gátu lagt uppbótina á vöxtu, og hina, er þurftu hennar, til að afla óumflýjanlegra nauðsynja. Af þessu er almenningur óánægður. Hvað mitt kjördæmi snertir, eru þar sárafáir á móti málinu í sjálfu sjer. Meira að segja, þeir, sem ljetu mest bera á óánægju yfir uppbótinni, að loknu þingi í vetur, komu á þingmálafundi nú í vor fram með tillögu um að veita þó aftur dýrtíðaruppbót, en eftir öðrum reglum.

Þetta sýnir, að yfirleitt eru menn ekki óánægðir með, að dýrtíðaruppbót var veitt, heldur yfir því, hvernig hún kom niður; með öðrum orðum, að ekki var gætt fullrar sanngirni í útbýtingunni. Þetta er sjáanlega afarerfitt, og eitt hið vandasamasta, sem fyrir þinginu liggur nú, að ganga svo frá þessu máli, að allir megi vel við una. Jeg álít ekki sanngjarnt að neita alveg um uppbótina, og mun fylgja því, er mjer finst sanngjarnast og rjettast í málinu.

Annars var það illa farið, að okkar fjögra manna tillaga var feld á aukaþinginu síðastliðinn vetur, og það vil jeg segja, að fyrir þá meðferð háttv. Ed. á málinu átti hún ekki annað skilið af hálfu Nd. en að málið hefði verið algerlega felt. Það hefði óefað verið vandaminna fyrir þing og stjórn, að samþykt hefði verið jafnt hundraðsgjald af öllum launum, eins og sumir háttv. þm. virðast álíta að hefði verið það eina rjetta, því að hjer sje að eins á það að líta, að launin hækka í sama hlutfalli til hvers starfsmanns og verðið á

nauðsynjavörum hækkar. En það var vafalaust sanngjarnari leið, sem tekin var, að hafa nokkru hærri uppbót af lægri launum en hinum hærri.

Frá þessari sanngirnishlið leit jeg á málið, og þess vegna greiddi jeg atkv. með því. Annars vegar var mjer það ljóst, að allmargir embættismenn höfðu ekki annað að lifa af en launin, sem nú fjellu í verði, eða náðu skemra en áður sem borgunareyrir, en hins vegar, að framleiðendum græddist fje á sínum atvinnurekstri, og einnig það, að landssjóður hafði fengið ríflegan tekjuauka af verðhækkunarskattinum. Þegar því starfsmenn hins opinbera gátu ekki lifað af þeim ákveðnu launum, fanst mjer sjálfsögð skylda að ganga ekki með öllu fram hjá eðlilegum kröfum þeirra. Það yrði að leggja aðaláhersluna á þessa sanngirnishlið málsins. En nú lítur nokkuð öðruvísi út. Þjóðin stórtapar, og hver einstaklingur lítur með kvíða til framtíðarinnar. Þegar svo er komið, er það mjög mikið álitamál, hversu mikið skuli að því gert að borga fram yfir það, sem er lögákveðið. Eða er ekki rjett, að þeir, sem vinna fyrir þjóðfjelagið, líði með því? Þegar jeg lít á ástandið nú, finst mjer, að stjórnin hafi, þótt hún hafi farið gætilegar en jeg hafði búist við, þó gengið svo langt, að jeg geti naumast fylgt henni að málum. Jeg þarf t. d. að fá góða skýringu á því, að þeir, sem hafa 5000 kr. í laun, þurfi beint uppbótar við. Ef hægt er að leiða gild rök að því, fæ jeg ekki sjeð, hvernig bændur í sveit, eða annars allur almenningur, getur lifað af framleiðslu sinni eða atvinnu. Líka vil jeg taka það fram, að 50% uppbót á t. d. 800—1000 kr. er í mörgum tilfellum algerlega rangt, því að maður með svo lágum launum hefir ekki landssjóðsstarfið að aðalstarfi. Hann er þá að litlu leyti starfsmaður landssjóðs, og á því að sama skapi minni rjett til uppbótar frá honum.

Að öðru leyti mun jeg með atkvæði mínu sýna, hve langt jeg get fylgt þessu máli, en frá þessari afstöðu minni vildi jeg skýra, áður en málið færi í nefnd.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg benti á það í framsöguræðu minni, að þingið gæti breytt mælikvarðanum, lækkað hundraðsgjaldið og strikað út þá menn, sem því litust ekki uppbótarþurfar. Jeg sagði og, að stjórninni hefði litist rjettast að skoða dýrtíðaruppbótina sem litla þátttöku í því fjártjóni, er embættismennirnir biða við dýrtíðina, og annað ekki. Og ekki er rjett að áfella stjórnina fyrir það, að hún lagði launin til grundvallar, því að þann grundvöll var síðasta þing ótvírætt búið að leggja. Þessum grundvelli hefir stjórnin haldið, en þrengt hann með því að taka ekki aukatekjur til greina. Skoðanaskiftum hefi jeg engum tekið, að jeg held. Jeg kvaðst greiða till. atkv. af því, að málið væri svo illa undir búið, og nefndin væði algerlega í villu og svima, og jeg tók það fram, að jeg gæti ekki verið búinn að mynda mjer fullkomna skoðun um málið, vegna þess, að stjórnin hafði ekki undirbúið málið.

Menn geta altaf deilt um það, hvort launahæð eða þörf skuli vera grundvöllurinn, er veita skal dýrtíðaruppbót. Jeg held, að launin eigi að vera grundvöllur. En þingið um það. Einungis vill stjórnin fá að vita upp á hár, hverjum hún á að borga dýrtíðaruppbót.

Háttv. þm. Borgf. (P. O.) gat þess, að sumir menn hefðu verið svo göfugir að neita að þiggja dýrtíðaruppbót. Það er rjett, að einn embættismaður, læknirinn í Hafnarfirði, tók ekki á móti henni. En hann færði þar til þá ástæðu, að hann gæti ekki verið þekt-

ur fyrir að taka við dýrtíðaruppbót, af því að hún hefði ekki verið veitt af öllum launum.

Hvað snertir óánægju í landinu, get jeg sagt það um mitt kjördæmi, að þar hefir ekki komið fram ein einasta rödd á þeim 4 þingmálafundum, sem þar hafa haldnir verið. Á þrem þeirra var jeg sjálfur staddur, en ekki á þeim 4., og kom þar heldur engin rödd fram. Er þó mitt kjördæmi eitt hinna fjölmennustu utan Reykjavíkur.

Eitt lítið atriði enn vildi jeg minnast á. Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) hefir ekki kynt sjer frv. nógu vel, er hann heldur því fram, að í því sje veitt eins og í vetur 50% uppbót þeim, er lifa á ýmsu öðru og njóta tekna af því. Það er tekið fram í frv., að uppbótin veitist því að eins, að landssjóðsstarfið sje aðalstarf. (**St. St.:** Það má deila um, hvert starfið af mörgum sje aðalstarfið). Það er aðalstarfið, sem menn hafa aðalframfærslu sína af. Menn geta sjeð á skrá þeirri, er fylgir frv., að þar eru ekki teknir aðrir en þeir, sem hafa það há laun, að þeir geti lifað af á »normal«-tímum. Skrá þessi er geymd hjá fjárveitinganefnd. Jeg vildi annars óska, að menn reyndu að líta rólega á málið. Margir hafa viðurkent, að stjórnin hafi gert tilraun til að spara, þótt sumum þyki ekki nóg að gert í því efni. En þinginu er í lófa lagið að taka til sinna ráða, lækka »skalann« eða nema þá burt, er eigi eru taldir verðir uppbótar.

Skúli Thoroddsen: Það er ekki min sök, nje þeirra, sem eru sömu skoðunar og jeg, að umr. eru orðnar svo langar um þetta mál. Það eru hv. mótstöðumenn vorir, sem hafa leitt asnann inn í herbúðirnar. Hitt getur enginn láð oss, þótt vjer getum ekki leitt hjá oss alt það moldviðri af slagorðum og órökstuddum gífuryrðum, sem þeir láta hjer dynja.

Háttv. mótstöðumenn vorir vilja miða uppbótina við efnahag manna og framleiðslu. Þetta stafar af hinum mesta misskilningi. Hjer er að ræða um tvö spursmál, sem hvorugt kemur öðru við, og það af þeim ástæðum, sem nú skal greina. Landið borgar ákveðið verð fyrir ákveðið verk. Þetta verð er ákveðið fyrir mörgum árum, í peningum. Það þarf ekki að minna menn á, að enginn lifir beint á gullinu, heldur þeim vörum, er fást fyrir gullið. Þegar vöruverðið hækkar, falla peningarnir í verði, og er þá sjálfsögð sanngirniskrafa, að starfsmönnunum sje goldið það tjón, er þeir bíða af verðfalli peninganna. Því eiga bæði starfsmenn landsins og einstakra manna heimtingu á. Eftir frv. er ekki öllum ætluð jafnhá uppbót tiltölulega, sem þó ætti að vera, ef grundvallarreglunni væri »konsekvent« framfylgt. En það leiðir af því, að launin eru svo misjöfn, að landið getur sagt við þá, sem hafa hærri launin: »Nú kreppir að, svo að jeg get ekki greitt yður eins mikið og skyldi. Með því að jeg hefi áður borgað yður svo mikið, að þjer hafið getað lagt upp, ætla jeg nú að borga þeim starfsmönnum mínum meira, sem hingað til hafa lifað við sultarlaun«. Þetta sýnist mjer svo auðskilið, að jeg skil ekki, hvernig menn geta blandað þessu saman.

En að eigi beri að taka tillit til efnahagsins leiðir af því, að slíkt kemur eigi því verki við, sem unnið er fyrir landið. Jeg geri ráð fyrir, að t. d. kennara, eins og háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), þætti hart, ef hann væri skyldaður til að taka lægra kenslukaup, af því að hann er efnaður. Sú leið, að taka tillit til framleiðslunnar, er »prakt-

iskt« óframkvæmanleg. Það er eigi hægt að fá ábyggilegar upplýsingar um, hvað græðist á framleiðslunni, t. d. hjá bændum. Og ef þeir þykjast tapa, þá væri »konsekvent« að bæta þeim það upp. Ekki er heldur hægt að taka tillit til ómagafjölda, og leiðir það beint af því, að þetta er engin hjálp, heldur borgun fyrir unnið starf.

Alt þetta stendur óhrakið, og verður eigi hrakið, þótt menn geti sagt hver eftir annan: Þetta er hjálp! Þetta er hjálp!

Tveir háttv. þingmenn hafa verið að hnýta í mig fyrir ræðu mína í gær. Þeim hefir virst jeg vera að álasa bændastjett landsins. Jeg hefi aldrei ætlað mjer, nje finn ástæðu til, að níða bændastjett þessa lands. En það sagði jeg, að bændur hjer á þingi væru stöðugt að berja lóminn, og við það get jeg staðið. Og hugsunargangur þeirra er svo undarlegur, að þeir fárast hvað mest um minstu upphæðirnar, sem ætlaðar eru ungum efnismönnum og listamönnum, og landssjóð munar ekkert um, en þá getur munað um alt sitt líf. Í þessa menn eru þeir stöðugt að narta. Þetta skal jeg standa við, og er eins gott, að þeir fái að heyra það.

Það er alveg rjett hjá vini mínum, háttv. 2. þm. Rang. (E. J.), að allir eigi að bera byrðina saman, en það á ekki að koma fram í því að gjalda ekki fult kaup fyrir unnið starf. Hjer gildir sama regla og á »normal«-tímum, að þeir efnaðri bera þyngri skattabyrðar. Hann sagði líka, að jeg hefði verið að hnýta í bændastjettina. Jeg get vísað til þess, sem jeg sagði áður um það. Hann sagði, að jeg hefði ekki fengist við búskap, og vissi því ekki, hvar skórinn krepti að bændum. Eftir greinum ýmsra bændaskörunga í blöðunum að dæma eru bændur altaf að tapa á framleiðslu sinni. Sje það rjett, þá er einber hjegómi að miða dýrtíðaruppbótina við framleiðslu. Tapi bændur á framleiðslu sinni, hljóta og prestar þeir, er búa sem bændur, að tapa á sama hátt. Er þá engin ástæða til að draga af prestunum uppbótina.

Sami háttv. þm. (E. J.) kvaðst vera í vafa um, hvort hann ætti að taka mark á mjer. Jeg bjóst ekki við því, að háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) tæki mark á mjer. Það hefir ekki verið hans sterka hlið að taka mark á röksemdum. Hafi hann ætlað að fara til þess, mun hafa farið fyrir honum líkt og dýrinu, sem fór yfir Rín, og kom aftur eins og það fór. Annars er leiðinlegt að hlusta á hjal manna um þetta, hvað eftir annað.

Háttv. þm. Borgf. (P. O.) talaði um það, að ilt væri, að embættismenn fengju klyfjar gulls heim til sín, á meðan almenningur sylti. Jeg verð að álíta það ilt verk að ala á þessum hugsunarhætti, slá á þann streng, sem verstur er, en það er öfundsýkin; jeg hjelt, að nóg væri af þeim lesti í þjóðfjelagi voru, þótt ekki væru gerðar tilraunir til þess að ala á honum.

Sigurður Sigurðsson: Jeg bað um orðið, ekki til þess að lengja umræðurnar, heldur af því, að það er ómannlegt að liggja undir höggum annara, án þess að hrinda þeim af sjer.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) þrætti ákaft fyrir það í gær, að þessi dýrtíðaruppbót væri dýrtíðarhjálp. Við getum auðvitað þrætt um það til eilífðar, hvort þetta er hjálp eða uppbót, líkt og kerlingarnar, sem sögðu: »Klipt er það, skorið er það«. En hann bætti því við, að ef þetta væri dýrtíðarhjálp, þá hefði þingið í vetur farið ranglega að ráði sínu, að láta ekki aðrar stjettir en embættismennina fá svipaða hjálp. En hjer við er ýmislegt að athuga. Í fyrsta lagi kom

dýrtíðin 1915 og 1916 ekki jafnhart niður á öðrum stjettum, vegna þess, að afurðir landsins seldust með mun hærra verði en framleiðslukostnaði nam. Framleiðslustjettirnar stóðu því betur að vígi að því sinni og jafnvel græddu á þessum tíma. Í öðru lagi var það embættismannastjettin, sem bar sig upp undan dýrtíðinni og krafðist hjálpar. Þeir fyltu blöð og tímarit með skrifum um þetta efni, og inn á aukaþingið rigndi bænaskrám frá þessari stjett. Þessar ástæður lágu að því, að hjálpin var veitt þessari stjett, en ekki öðrum.

En síðan hafa tímarnir mjög breyst, ekki að eins að því leyti, að dýrtíðin eykst stöðugt, bæði fyrir embættismenn og aðra, heldur bætist það nú ofan á, að menn eiga fult í fangi með það, að framleiðslan beri sig, eða að standast þann kostnað, sem hún hefir í för með sjer. Þetta gerir mikinn mismun, svo mikinn, að allir eru nú að verða jafnir fyrir dýrtíðinni, bæði framleiðendur og embættismenn.

Það er nú ekki meining mín að dæma alla dýrtíðaruppbót niður fyrir allar hellur. Það, sem skilur, er það, að jeg og ýmsir fleiri vilja fara meðalveg, en aðrir vilja fara lengra en góðu hófi gegnir. Það verður auðvitað erfitt að komast að fastri niðurstöðu um þetta. Mjer hefir dottið í hug einn vegur, sem jeg þó geri ekki að tillögu minni, heldur að eins skýt fram til athugunar. Hann er sá að veita stjórninni ákveðna upphæð, sem hún svo útbýtir eftir þeim mælikvarða, sem henni þykir heppilegastur. Það er vitanlegt, að bæði ber frv. það með sjer, og allir ganga út frá því, að uppbótin standi ekki í hlutfalli við launin. Þeir, sem lágt eru launaðir, þurfa uppbótarinnar fremur en hinir. Það skilja allir.

Jeg skal ekki fara út í þingmálafundargerðir. Það getur verið, að þær veiti ekki ábyggilega undirstöðu um vilja manna um þetta atriði. En það verð jeg að telja ósvífni hjá háttv. þingm. Stranda. (M. P.) að segja, að engin óánægja hafi risið út af uppbótinni í vetur. (**Sk. Th.**: Óánægjan var vakin af andstæðingum frv.). Nei, þegar menn fóru að athuga málið, sáu menn, að ekkert vit var í gerðum þingsins.

Jeg geri ráð fyrir því, að allir þingmenn vilji veita einhverja uppbót, og styðjast þar við vilja almennings. En vjer, sem höflega viljum fara, sneiðum hjá því að kveikja óvildarhug til embættismanna hjá almenningi. Þeir, sem skara að eldinum og öfundsýkinni, eru einmitt þeir, sem taka munninn fylstan og heimta fulla dýrtíðaruppbót handa öllum embættismönnum. Það eru þeir, sem hafa leitt asnann inn í herbúðirnar, svo að jeg taki mjer í munn orð háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.).

Annars geta þeir menn hrópað hátt, sem aldrei hafa þurft neitt fyrir lífinu að hafa, sem bornir hafa verið fram á örmum góðra foreldra og aldrei hafa komið inn í hreysi fátæklinganna, og þekkja því ekki, við hvaða kjör þeir verða að búa. Þeir mega frómt úr flokki tala!

Þorleifur Jónsson: Það er svo langt síðan jeg bað mjer hljóðs, að flest hefir verið tekið fram af því, sem jeg hafði ætlað mjer að segja.

Það er eitt meðal annars, sem deilt hefir verið um, í hverja nefnd málinu skyldi vísa. Upphaflega var til þess ætlast, að málið gengi til fjárveitinganefndar; en þegar þess er gætt, að hún er mjög önnum hlaðin, en þetta mál hins vegar stórmál, þá virðist ekki ráðlegt að vísa frv. þangað. En nú vill svo vel til, að vjer höfum fengið nýja nefnd,

bjargráðanefnd, sem á að ráða fram úr öllum dýrtíðarmálum. Þangað heyrir því þetta mál beint, en ef mönnum líkar það ekki, geri jeg það að tillögu minni að skipa sjerstaka nefnd í frv.

Annars skal jeg ekki fara mikið út í málið. Að vísu er það í fyrsta skifti, sem jeg tek til máls út af þessu máli. Þegar það lá fyrir þinginu í vetur, leiddi jeg það alveg hjá mjer, enda var því þá hraðað svo, að mönnum vanst ekki tími til að athuga það rækilega; enda bjóst jeg við, að færi gæfist að taka það til íhugunar nú á þessu þingi. En í Sþ. í vetur greiddi jeg þó atkvæði móti tillögunni, ekki af því, að jeg teldi ósanngjarnt að veita einhverja uppbót, heldur af því, að mjer þótti aðferð Ed. óviðeigandi.

Þetta hefir nú komið á daginn, svo að þjark um þetta mál hefir staðið í 3 daga. Meðhaldsmenn frv. hafa með frekju sinni espað mótstöðumennina, sem ekki hafa getað felt sig við það, að þeir fengju einir öllu að ráða um málið.

Mjer er nú sama, hvað hver segir, en það er áreiðanlega ekki ósk kjósenda landsins, að málinu verði ráðið til lykta á sama grundvelli sem í vetur; ekki svo að skilja, að almenningur sje mótfallinn allri uppbót, en þegar ætlast er til, að uppbótin nái til allra, einnig þeirra, sem eru stórríkir og hafa mjög mikla framleiðslu, þá er eðlilegt, að almenningur kynoki sjer við. Það er skylda þingmanna að gæta hófs bæði hjer sem ella, og ástandið, eins og það er, nær ekki að eins til þessara stjetta, heldur allra stjetta. Sannleikurinn er sá, að dýrtíðin sverfur nú að öllu landsfólkinu, svo að jafnvel þeir, sem talið var að hefðu grætt á stríðinu 1914 og 1915, neyðast nú ef til vill til þess að taka lán til framfæris sjer og sínum.

Alt þetta verður að taka til greina, enda vona jeg, að væntanleg nefnd geri það. Jeg vona enn fremur, að þeir, sem frekastir hafa verið í kröfunum, taki svo sönsum, að þeir sjái, að gæta verður sannsýni gagnvart þjóðinni.

Jeg lít svo á, að frv. sje miklu sæmilegra en þingsályktunartillagan var. En samt er jeg ekki ánægður með það. Jeg efast um það, að landið standi sig við að greiða uppbót af hærri launum en 3000 kr., og sömuleiðis virðist mjer, sem líta beri á það, hvort menn eru einhleypir eða fjölskyldumenn.

Viðvíkjandi því, hvernig menn líta á þetta mál, þá efast jeg ekki um það, að ef leitað væri umsagnar almennings, mundi mikill meiri hluti þjóðarinnar telja, að þinginu í vetur hafi tekist óhöndulega.

Því hefir verið kastað fram hjer, að bændur berðu sífelt lóminn og yrðu þannig til þess að hefta framgang þessa máls og annara nytjamála. Jeg skal ekkert segja um þetta, og ætla mjer ekki heldur að fara að rjettlæta bændur; en ekki sýnist mjer það hneykslanlegt, þótt framleiðendur vilji, að gætilega sje farið með fje landsins. Jeg fæ ekki sjeð, að þeir hafi beitt neinni ósanngirni í þessu máli nje öðrum; miklu fremur má segja, að þessi og þvílík ummæli verði til þess að vekja kala.

Að öðru leyti er málið svo þrautrætt, að jeg sje ekki ástæðu til þess að fara frekar út í það. Að eins vil jeg leggja nefndinni, hver sem hún verður, það á hjarta að fara varlega í sakirnar.

Pjetur Þórðarson: Það er svo að heyra á ýmsum háttv. þm., sem þingvanir eru, að helst til mikið sje nú rætt um þetta mál við 1. umr. þess, en jeg held, að það sje málinu holt, að það sje skoðað frá sem flestum hliðum og að sem flestar raddir láti til sín heyra

um það, er komið getur til athugunar fyrir nefnd þá, er nú fær það til meðferðar.

Jeg ætla ekki að segja mikið, og skal reyna að endurtaka ekki neitt af því, er sagt hefir verið. Að jeg bað mjer hljóðs kom til af því, að jeg vildi vekja athygli á einu atriði, sem stendur í nánu sambandi við þetta mál, en enginn hefir enn orðið til þess að minnast á. Þetta er um framkvæmd stjórnarinnar á útborgun dýrtíðaruppbótarinnar samkvæmt þingsályktunartill. þeirri, er samþ. var hjer á aukaþinginu í vetur. Jeg hefi dálitið athugað skýrslu stjórnarinnar um þetta og held, að ýmsum smálaunamönnum sje vanborguð dýrtíðaruppbót, eftir því sem jeg skil þá till.; en síst er mjer nú í hug að sakast um þetta, og býst ekki við, að þingið geri það heldur, og því síður, sem jeg veit ekki til, að nokkur hafi kvartað. En aftur á móti hefir einum flokki embættismanna verið greidd dýrtíðaruppbót þannig, að frá samanlögðum launum og aukatekjum þeirra af embættinu hefir verið dreginn kostnaður við að reka embættið og uppbót reiknuð af mismuninum. Jeg get ekki sjeð, að í þingsáltill. eða á bak við hana felist nokkur heimild til slíks. Það eru sýslumenn landsins, 15 að tölu, sem hjer eiga hlut að máli, og ef kostnaður við embættisreksturinn hefði ekki verið frá dreginn, þá mundu sumir (5) enga dýrtíðaruppbót hafa fengið, en hinir allir miklum mun minna en þeir hafa fengið. Þótt mjer virðist hjer hafa verið gengið feti framar en þingsáltill. heimilar, þá var mjer nú ekki í hug að gera mikið veður úr þessu.

Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) sagði áðan, að stjórnin óskaði, að svo yrði frá þessu máli gengið, að hún þyrfti ekki að vera í vafa um, hverjum og hve mikla dýrtíðaruppbót ætti að greiða. Þetta er sjálfsagt og ekki þýðingarlítið atriði. Jeg hugsa, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, nái fram að ganga í einhverri mynd, og þess vegna hefi jeg minst á þetta, til athugunar fyrir nefnd þá, er málið fær til meðferðar.

Sumir hafa minst á þjóðarviljann í þessu máli. Að svo miklu leyti sem þjóðin sækir þingmálafundi, má sjá vilja hennar af gerðum þeirra. Af 40 þingmálafundargerðum, sem hjer liggja frammi, hafa 20 látið í ljós með ýmsu orðalagi, að þeir væru mótfallnir dýrtíðaruppbót í því formi, sem samþykt var á aukaþinginu í vetur, þótt sumir fari vægum orðum um. 17 hafa ekki minst á það, en 3 hafa látið í ljós, að sanngjarnt væri að fara sömu leið sem þingið í vetur. Af þessum 3 voru 2 í Strandasýslu, eins og háttv. þm. Stranda. (M. P.) hefir vikið að, en 3. fundurinn var á Akureyri. Jeg hygg nú, að ekki sje tiltakanlega mikill munur á þeim, sem látið hafa í ljós óánægju, og þeim, sem látið hafa málið afskiftalaust.

Viðvíkjandi grundvallaratriðinu get jeg ekki verið háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) samdóma, því að hann hefir haldið því fram, að hjer lægi til grundvallar launaviðbót í lögunum, er gerði það lagalega rjett, að öll laun væru bætt upp með sama hundraðsgjaldi, vegna dýrtíðarinnar og verðfalls peninganna. Jeg get ekki verið alveg á þessari skoðan. Man ekki til, að í löggjöfinni sje neitt ákvæði um að breyta launakjörum embættismanna, þótt gjaldeyrir falli. Það er svo alment í viðskiftum, að ekki tjáir að kvarta, þótt keyptur sje hlutur, sem síðan fellur í verði. Embættismönnum er frjálst að hafna embættunum, ef þeim líkar ekki launin; þeir geta reynt að semja, og ekkert frekar. Þess vegna kemur einum embættismanni ekki við, þótt breytt sje launakjörum annars embættismanns. Jeg skal ekki orðlengja

þetta frekar og læt mig litlu skifta, til hvaða nefndar málið fer.

Jón Jónsson: Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) ljet sjer sæma að brigsla mjer um hringsnúning á síðasta þingi. (**G. Sv.**: Að gefnu tilefni). Jeg hefi ekki gefið tilefni til þess. Úr því að hv. þm. (G. Sv.) viðhefur þessi orð, er best að jeg komi með rök. Jeg var í fjárveitinganefnd á síðasta þingi og skrifaði undir nál. með fyrirvara, því að jeg var nefndinni ósammála að því leyti, að jeg vildi útiloka stóran hóp manna, sem enga dýrtíðarhjálp þurfti, og sagði henni það. Jeg ætlaði að fylgja þessari skoðun minni fram á þinginu, og kom fram með tillögu, sem jeg tók aftur af sjerstökum ástæðum. Kunnugt var, að Ed. var mjög á móti till., og þá komu til mín þingmenn, sem töldu ekki ráðlegt að halda henni fram og rjettara að koma fram með aðra, öðruvísi orðaða. Var þó meiri hluti þm. í Nd. fylgjandi minni tillögu. Það kom fram á fundi, sem haldinn var um málið. Kom svo fram önnur tillaga, sem sumir hjeldu að fengi betri byr í Ed. Tókum við þm. N.-M. þá okkar tillögu aftur. Greiddi jeg svo hinni tillögunni atkvæði, þó að mjer þætti hún ekki góð. En hún var feld í Ed.

Samkvæmt skoðun minni var því sjálfsagt fyrir mig að greiða atkvæði á móti tillögunni og láta málið bíða til aðalþings. Menn sjá því, að það er gersamlega rangt hjá háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að jeg hafi snúist. Jeg hefi jafnan rjett til að hafa skoðun eins og hann, og hefi verið lengur þingmaður en hann. Jeg þykist hafa unnið sæmilega sem bóndi í sveit. Og þótt störfum okkar sje misjafnt háttað, býst jeg við, að hann hafi líka unnið vel og trúlega að sínum störfum.

Mjer finst því, að við ættum báðir að bera virðingu hvor fyrir annars skoðun. (**G. Sv.**: Og hringsnúningi!) Jeg álít það ósæmilegt af háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) að viðhafa slík orð móti betri vitund.

Magnús Pjetursson: Jeg bjóst við að geta legið af mjer þennan storm, og hefði að líkindum getað það, ef ræða háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefði ekki komið því til leiðar, að allar festar slitnuðu. (**S. S.**: Það var leiðinlegt.) Reyndar mátti altaf búast við, að í þeim skjá mundi þjóta, líkt því sem nú hefir þotið. Hann byrjaði með því að fara rangt með orð mín, og kallaði það ósvífni af mjer að segja, að engin óánægja hefði verið út af dýrtíðaruppbótinni í vetur. Þetta hefir mjer aldrei dottið í hug að segja, heldur mótmælti jeg því, að öll þjóðin væri óánægð, því að jeg hefði enga óánægju heyrt. Meiri hluti þjóðarinnar getur þar fyrir verið dýrtíðaruppbótinni andvígur, þótt jeg telji það alveg ósannað. Ef háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefði ekki haft hugann austur í Flóa, hefði hann átt að geta tekið rjett eftir, og jeg tel það ósvífni að búa til orð, sem aldrei hafa verið töluð, til þess eins að geta glamrað um þau.

Jeg er þakklátur háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) fyrir það, hve stillilega hann talaði og að hann hafði kynt sjer þingmálafundargerðir. Það, að helmingur allra þingmálafunda hefir annaðhvort ekki rætt málið eða verið með því, ber vott um, að það er ekki megn óánægja meðal þjóðarinnar út af dýrtíðaruppbótinni, eins og margir hafa viljað halda fram, og sannar það fyllilega mitt mál.

Það var víst annars háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), sem færði það sem sönnur fyrir því, að þetta ætti að heita dýrtíðarhjálp, að embættismenn hefðu krafist þess að fá dýrtíðarhjálp. Þetta er jafnrangt eins og

annað hjá sama hv. þm., og verst er, að það hlýtur að vera vísvitandi rangt. (**S. S.**: Þm. hefir heyrt skakt). Jeg hefi heyrt rjett, því að jeg skrifaði það niður, en hvort hv. þm. (S. S.) hefir vitað hvað hann sagði, læt jeg ósagt um. Það var eitt, sem mig furðaði á að heyra hv. 1. þm. Árn. (S. S.) segja. Hann játaði sem sje, að það væri erfitt að komast að fastri niðurstöðu, en maður á því ekki að venjast að heyra slíkt frá þeim hv. þm. (S. S.), að hann treysti sjer ekki til að ráða fram úr öllu. Jeg er líka hissa á því oftrausti, sem hann hafði á stjórninni, er hann vildi fá henni vissa upphæð í hendur og láta hana ráða, hvernig hún útbýtti þeirri upphæð. Jeg hefði getað skilið þetta, ef hann vildi bregða fæti fyrir stjórnina, því að þetta hlyti að verða sannkölluð gildra fyrir hana. Ef allir þingmenn treysta sjer ekki til að komast að fastri og rjettri niðurstöðu, þá er það sannarlega líka ofvaxið stjórninni, þótt hún sje nú skipuð 3 mönnum. Jeg ætla ekki að svara því, sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) vjek að háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), því að jeg ætla hann mann til að svara fyrir sig.

Jeg man ekki, hver háttv. þm. talaði um það, að sumir embættismenn heimtuðu skilyrðislaust fulla dýrtíðaruppbót. Mjer vitanlega hefir engum dottið í hug að fara fram á það. Till. frá síðasta þingi fór ekki í þá átt, að þeir einu sinni, sem mest fengu, fengju fulla uppbót, heldur var gengið út frá því, eins og háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) mintist á, að allir ættu að spara og taka þátt hver í annars kjörum. Það vakti að minsta kosti fyrir síðasta þingi að láta þá, sem meiri laun hafa fengið, taka meiri þátt í annara kjörum en þá lágt launuðu.

Það er undarlegt að heyra menn altaf vera að klifa á því, að meðferð fjárveitinganefndar á síðasta þingi sýni og sanni, að þetta sje hjálp og ekki annað. Vitanlega lagði fjárveitinganefndin verðfall peninganna til grundvallar, og játar þá líka um leið, að landið skuldi í raun og veru öllum starfsmönnum sínum jafnmikið og nemur verðfallinu. En af því, að landið hefir ekki efni á að borga verðfallið til fulls, þá borgar það að eins nokkurn hluta af skuldinni, og þá þeim mest, sem það hefir áður farið verst með.

Það er margt fleira, sem jeg hefi skrifað upp hjá mjer úr ýmsum ræðum, en hirði ekki að fara lengra út í þá sálma. Jeg býst við miklum umræðum við 2. umr. þessa máls, og verð þá ef til vill að taka til máls.

Annars finst mjer þessar ræður allar hafa verið næsta tilgangslausar á þessu stigi málsins og til þess eins að eyða fje og tíma, og svo til þess, að þeir gætu brýnt goggana hver með öðrum, sem ætla sjer að rífa í sundur alla sanngjarna dýrtíðaruppbót.

Einar Arnórsson: Jeg tel óþarft að ræða þetta mál frekar og ekki mikils gagns að vænta af frekari umr. Það er að eins út af spursmálinu, í hvaða nefnd málið á að fara, að jeg vildi segja nokkur orð. Það hafa víst komið uppástungur um fjárveitinganefnd og bjargráðanefnd. Frá mínu sjónarmiði er það ekkert vafamál, að ef það á að fara til nokkurrar fastanefndar, þá er það fjárveitinganefnd. Jeg hefi skilið það svo, að bjargráðanefnd ætti að taka til athugunar þau mál, sem snerta verslun og siglingar og önnur mál, sem beinlínis stafa af styrjöldinni og til bjargráða horfa. Hvort heldur þessi uppbót er skoðuð sem greiðsla fyrir unnið verk, eða styrkveiting og hjálp, þá er málið fyrst og fremst fjárspursmál og á því heima í fjárveitinga-

nefnd eða ef til vill í fjárhagsnefnd. Ef mjer skilst rjett, þá hefir líka bjargráðanefnd nóg að gera, þótt þessu máli sje ekki skotið undir hana. Það er ætlast til, að fjárveitinganefnd haldi fundi á hverjum degi, og tími hennar er minna takmarkaður en annara nefnda. Jeg held því, að það sje langljettast fyrir hana að fara með þetta mál, því að henni er kunnugra en bjargráðanefnd, hvað fjárhagurinn þolir. Auk þess er þetta í eðli sínu ekki annað en spursmál um, hvort hækka eigi fjárveitingar ákveðinna greina í fjárlögunum eða eigi. Jeg fæ ekki sjeð, að bjargráðanefnd sje nokkru færari um að ráða þessu máli til lykta en fjárveitinganefnd. Fjárveitinganefnd hefir til meðferðar mörg lík spursmál um ýmsar greinar fjárlaganna, og að athuga þetta mál er ekki meira fyrir hana en ýms önnur svipuð atriði. Jeg veit ekki, hvernig þetta á að geta fallið undir verksvið bjargráðanefndar, því að jeg sje ekki, að þetta sje brýnt bjargráð. Að vísu skal jeg kannast við, að mikill hluti starfsmanna landsins er fjárhagslega illa settur, en bjargráð getur það varla kallast að veita þeim uppbót. Bjargráðin eru miðuð við stórnauðsynjar landsins og miða að því að halda uppi verslun, siglingum og atvinnuvegum landsmanna.

Fyrir mjer vakir eingöngu spursmálið um, í hvora þessara fastanefnda málið eigi að fara. Vitanlega mætti kjósa lausanefnd í málið, en það er ekki hentugt, vegna vinnubragða þingsins. Fastanefndirnar hafa ráðstafað fundatímum sínum þannig, að þeir rekast ekki á, en ef lausanefnd er kosin, er hætt við, að þeir, sem í henni ættu sæti, hefðu ekki annan tíma en á kvöldin, eftir kvöldverð, eða næturnar, eða þá á morgnana, ef þeir vildu fara eins snemma á fætur og menn gera í sveitinni um túnasláttinn. Jeg býst við, að kvöldtíminn yrði óhentugur, því að fyrir flesta er hann frjálsasti tíminn og aðalvinnutíminn fyrir framsögumenn og ritara nefndanna. Af þeirri ástæðu ætti ekki, vegna vinnubragða þingsins, að kjósa lausanefndir, nema í brýnustu nauðsyn, og í þeim málum, sem engri af fastanefndunum er treystandi til að starfa að.

Þórarinn Jónsson: Jeg hafði enga hvöt til þess að tala, og kemur það sjálfsagt til af því, að jeg þarf ekki að kvarta undan kjósendum mínum. Jeg ætla því ekki heldur að gefa nefndinni, sem fær þetta mál til meðferðar, neitt veganesti, en að eins leyfa mjer að benda henni á þingmálafundargerðirnar úr mínu kjördæmi. Jeg heyrði aldrei neinn mann í mínu kjördæmi kvarta undan dýrtíðaruppbótinni í vetur, og skal jeg ekki segja um, hvað því veldur, nema ef vera skyldi það, að jeg eigi það skynsamari og sanngjarnari kjósendur en margir aðrir þingmenn. Vitanlega voru þeir óánægðir með það, hve viðtæk uppbótin var, en töldu ekki rjett að fella alt málið fyrir það. Ekki ætla jeg mjer heldur að tala mikið um asnann, sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) talaði um að búið væri að leiða hjer inn í herbúðirnar, hvorki þá hlið hans, er hann virtist ekki þurfa óverulegan stuðning af, nje hina, en það vil jeg þó segja, að mjer finst óviðfeldið að heyra slík orð hjer í þingsalnum, og að menn skuli láta sjer sæma að bera þær sakir á aðra, sem þeir eiga ekki fyrir. Jeg vil vísa því algerlega frá mjer, að jeg hafi barið hjer lóminn fyrir bænda hönd og verið með nirfils- eða smásálarskap. (**Sk. Th.:** Það eru til heiðarlegar undantekningar). Mjer dettur í hug, hvort slíkt orðbragð muni ekki stafa af ment-

unarkörti, því að enda þótt þm. (Sk. Th.) vissi, að það væri satt, er það mjög óheppilegt, ekki síst nú, þegar ríður á góðri samvinnu, að beita þeim vopnum, og væri betra að reyna að vinna menn á sína skoðun á annan hátt.

Björn Stefánsson: Jeg get ekki stilt mig um að láta það í ljós, að mjer þykir það ekki efnileg þingd. til að ráða fram úr dýrtíðarvandræðum þjóðar sinnar, sem hefir varið miklum tíma í 3 daga — eins dýr eins og pappír og prentun er nú — til 1. umr. þessa máls, umræðu, sem mest hefir snúist um þau tvö atriði, í hvaða nefnd málið ætti að fara, og hvaða nafn ætti að gefa þeirri fjárveitingu, sem hjer ræðir um. Hvorttveggja þetta finst mjer smáatriði í samanburði við alvöruna, sem á bak við er. Nafnið út af fyrir sig snertir ímyndaða rjettlætismeðvitund, en í raun og veru er það hjegómatilfinningin, sem það særir.

Við erum ekki ein af ófriðarþjóðunum, en ófriðurinn hefir samt náð til okkar að ýmsu leyti, eða áhrif hans, og valdið okkur nokkrum vandræðum, þótt ekki hafi hann skapað okkur hallæri nje neyð enn sem komið er.

Það hefir verið viðurkent, að það sje engin lagakrafa, sem hjer er um að ræða, heldur sanngirniskrafa — ekki svo að skilja, að jeg sje að gera minna úr sanngirniskröfunni en lagakröfunni; því fer fjarri. En þá kemur spurningin, hvað sje sanngirniskrafa í þessu máli.

Sanngirniskrafa verður það, að þjóðfjelagið í heild og þeir þegnar þess, sem eru þess megnugir, hjálpi þeim, sem ekki geta staðið óstuddir á þessum hörðu tímum.

Það er alment viðurkent af þjóðinni, að henni beri að borga þjónum sínum sæmileg laun. En þá er það krafa hennar um leið, þegar hún á við erfið kjör að búa, að þá taki embættismennirnir þátt í þeim kjörum hennar og þrengi kost sinn að einhverju leyti, eftir því sem ástæðurnar eru til.

Jeg get ekkert sagt um, hver sje vilji þjóðarinnar í þessu efni, en þeir fáu, sem jeg hefi talað við, hafa ekki látið í ljós neina kvörtun yfir því, að peningarnir voru greiddir í þessu skyni. Það hafa menn talið eðlilegt og sjálfsagt út af fyrir sig. En undan hinu hafa menn kvartað, að dýrtíðaruppbótin var látin ganga jafnt yfir ríka og fátæka, svo að þeir menn fengu stundum álitlega fjárhæð, sem betur voru staddir en hinir, sem fjeð greiddu. Mjer dettur í hug það, sem einn bóndi í Breiðdalnum sagði, þegar hann heyrði þetta: »Það er öðruvísi en á dögum Faraós, þegar mögru kýrnar gleyptu hinar feitu; nú eru það feitu kýrnar, sem jeta þær mögru«.

Það hefir töluvert verið þráttað um, til hvaða nefndar þetta mál ætti að ganga. Mjer virðist það liggja opið fyrir, að það gangi til bjargráðanefndar, því að hvort sem þetta er kallað dýrtíðarhjálp eða dýrtíðaruppbót, þá er hjer um dýrtíðarráðstöfun að ræða, sem mjer virðist hvergi eiga heima nema þar.

Einn háttv. þm. var að tala um, að það væri leiðinlegt að hlusta á þessar sífeldu eftirtölur. En það má engu síður segja, að það sje leiðinlegt að hlusta á þá heimtufrekju og það vanþakklæti, sem komið hefir fram í ræðum sumra háttv. þingmanna. Það væri yfir höfuð sannarlega leiðinlegt, ef þetta mál skyldi lenda út á þá braut, að fjeð yrði veitt með eftirtölum og þegið með vanþakklæti.

Háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) komst að þeirri niðurstöðu, að sínir kjósendur mundu vera vitrari en kjósendur ann-

ara þingmanna. Jeg held, að það sje ekki ráðið til að fá þessari umræðu fljótlega lokið, að við förum hjer að meta vitsmuni kjósenda okkar. Þess vegna ætla jeg að leiða þessi ummæli hans hjá mjer, án frekari athugasemda.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Felt að vísa því til fjárveitinganefndar með 14:10 atkv.

Frv. vísað til bjargráðanefndar (sjá A, bls. 1620) með 12:6 atkv.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 249 og 369, 272, 362, 433).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 17. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 16, n. 249 og 369, 272, 362, 433, 449).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Sigurðsson): Það hefir orðið mitt hlutskifti, því miður, að hafa orð fyrir brtt. meiri hluta bjargráðanefndar í þessu máli, dýrtíðaruppbót til embættismanna.

Það er bót í máli, að jeg get verið stuttorður. — Nefndarálit meiri hlutans, sem skrifað hefir 1. þm. Reykv. (J. B.), er skýrt og glögt, og þar er gerð ljós grein fyrir afstöðu nefndarinnar til þessa máls og brtt. hennar. Tillögur meiri hl. eru í raun og veru bygðar á sama grundvelli og lögin frá 3. nóv. 1915, um dýrtíðaruppbót til embættismanna. Brtt. gera, eins og lögin, mun á einhleypum mönnum og hinum, er eiga fyrir heimili að sjá. Einhleypir menn, sem ekki hafa »dúk og disk«, fá þá enga dýrtíðaruppbót, ef árslaun þeirra eru yfir 2000 kr.

Tillögurnar gera ráð fyrir uppbót til barna embættismanna, eins og lögin, en að eins miklu hærri, 50 kr. á hvert barn, í staðinn fyrir 10 kr. í lögunum. Eftir tillögum meiri hlutans er ætlast til, að þeir fái enga dýrtíðaruppbót, er hafa framleiðslu, sem nokkru verulegu nemur, og er það einnig í samræmi við dýrtíðaruppbótarlögin frá 1915. Að vísu getur svo staðið á, að »mjótt sje mundangshófið« hjer, eða að erfitt þyki að ákveða um það, hvort einhver hafi framleiðslu svo að nokkru nemi, eða ekki. En stjórninni er vel treystandi til þess að beita þessu ákvæði varlega, ekki síður hjer eftir en samkvæmt lögunum frá 3. nóv. 1915. Meiri hl. væntir þess, að meðalhófs eins sje gætt í þessu efni, og að stjórnin veiti þeim enga uppbót, er hafa framleiðslu, er nokkru verulegu nemi.

Tillögur meiri hlutans eru að öðru leyti í samræmi við ummæli og bendingar ýmsra háttv. þm. við 1. umr. málsins hjer í deildinni.

En svo ganga þessar tillögur meiri hlutans lengra heldur en lögin frá 1915 um þetta efni, og heldur en frv. stjórnarinnar, að því leyti, að föstum kennurum við fasta skóla, barnaskóla og aðra alþýðuskóla, er ætluð dýrtíðaruppbót. Gætir þar áhrifa kennaranna í nefndinni. Enda ekki nema eðlilegt og sanngjarnt, að kennurum við almenna skóla verði veitt dýrtíðaruppbót, eins og öðrum opinberum starfsmönnum landsins. Ekki mundi það hafa orðið vinsælla að skylda hreppsfjelögin og bæjarfjelögin með lögum til þess að veita slíka uppbót. Hitt hefir nefndin ekki sjeð sjer fært, að gera greinarmun á mönnum eftir efnum. Hefði það þó vel mátt vera, svo framarlega sem hægt hefði verið að koma því við. En nefndin treysti sjer ekki til að leggja út á þá braut, meðal annars vegna þess, að erfitt mundi hafa orðið að fá ábyggilegar skýrslur um efnahag manna.

Sjálfsagt er að kannast við það, að dýrtíðaruppbót sú, sem meiri hluti leggur til að veitt verði, er lág, miklu lægri en verðfalli peninganna nemur. En hjer er á svo margt að líta, er gerir það að verkum, að meiri hlutinn treysti sjer eigi til að fara hærra en þetta. Efnahagur landsins ekki sem glæsilegastur, og í mörg horn að líta. Ástæður almennings, bæði til sjávar og sveita, erfiðar. Dýrtíðin þröngvar kostum manna á öllum sviðum. Við verðum því að fara varlega í það að veita embættismönnum sjerstaklega mjög háa uppbót, einkum þegar talið er víst, að allur fjöldi þeirra eigi við mun betri kjör að búa að jafnaði en almenningur, sem verður að strita og stríða og sveitast blóði sínu til að hafa ofan af fyrir sjer og sínum. Á þetta verður einnig að líta í þessu sambandi.

Dýrtíðaruppbót embættismanna samkvæmt ályktun aukaþingsins í vetur nam alls rúmum 420 þús. kr. Og nálægt helmingur þessarar uppbótar, eða rúm 200 þús. kr., kom niður á 14. gr. fjárlaganna, og gekk til kirkju- og kenslumála, eða til andlegu stjettarinnar og kennara. Eftir dýrtíðarfrumvarpi stjórnarinnar, sem lagt var fyrir þetta þing, mundi uppbótin nema alt að 300 þús. kr.

Hvað hún verður eftir tillögum meiri hluta bjargráðanefndar veit jeg ekki fyrir víst. En jeg geri ráð fyrir, að hún muni verða mun lægri en stjórnarfrv. tiltekur. Gagnvart landssjóði, eða fjárhag landsins, mundi ekki heldur af veita, þótt svo reyndist. Till. meiri hlutans ber að öðru leyti að skoða sem meðalveg milli þeirra, sem lengst vilja fara — veita hæsta dýrtíðaruppbót — í þessu máli, og hinna, sem litla eða enga dýrtíðaruppbót vilja veita. Hjer er með öðrum orðum um miðlun eða sáttaumleitun að ræða milli hinna andstæðu skoðana í máli þessu. Þetta má heimfæra bæði til okkar, er meiri hlutann skipa, og þingmanna yfir höfuð.

Jafnvel þótt við meiri hluta menn höfum orðið samferða í aðalatriðunum, þá ber þó ýmislegt á milli um ýms minni háttar atriði þessa máls. En út í þá sálma finn jeg ekki ástæðu til að fara. Nefndarmennirnir sjálfir gera grein fyrir því.

Um hinar einstöku brtt. á þgskj. 362 ætla jeg ekki að ræða sjerstaklega. Jeg hefi þegar í fáum dráttum gert grein fyrir þeim.

Um brtt. háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), á þgskj. 433 og 449, er það að segja, að þær raska töluvert niðurstöðu meiri hluta nefndarinnar, og miða yfirleitt að því að auka dýrtíðaruppbótina. Þær ganga sem sje í þá átt að færa upp launatakmarkið, sem uppbót er veitt á, úr 3500 kr. upp í 4500 kr., og prósentutalan jafnframt hækkuð; enn fremur í þá átt að hækka uppbótina til einhleypra manna úr helmingi móts við heimilisfeður upp í tvo fimtu hluta, og að uppbótin til barna nái einnig til foreldra hlutaðeigenda, ef þeir — foreldrarnir — geta ekki unnið fyrir sjer sjálfir. Hjer er því um allmikla hækkun að ræða.

Jeg get nú ekki fullyrt um það, hvort hinir meiri hluta mennirnir geta fallist á þessar brtt. Jeg hygg þó, að jeg megi fullyrða, að þeir sjeu ekki hlyntir þeim, að minsta kosti ekki öllum þeirra. Og um mig og háttv. þm. Borgf. (P. O.) er það að segja, að við erum algerlega mótfallnir þeim og greiðum atkv. á móti þeim.

Læt jeg svo staðar numið, og lýk máli mínu að þessu sinni með þeirri ósk, að brtt. meiri hlutans á þgskj. 362 verði allar samþyktar.

Farist það fyrir að einhverju leyti, er máli þessu komið í óvænt efni, og óvíst mjög, hvernig þá mundi fara um dýrtíðaruppbótina. Það gæti þá svo farið, að þeir, er skemst vilja ganga í þessu efni, snerust þá á móti málinu, og þá mundi, býst jeg við, sumum þykja »ver farið en heima setið«.

Frsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg spurði háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), hvort hann vildi ekki tala á undan mjer, sem er frsm. minni hlutans í þessu máli. Jeg hugði, að svo væri, þar sem hann tilheyrir meiri hluta, þótt jeg viti ekki, hvort hlutur hans er meiri en háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). En úr því að svo er ekki, þá ætla jeg að mæla fáein orð. Það er leiðinlegt hlutverk að þurfa að standa hjer þing eftir þing og dag eftir dag og endurtaka það sama upp aftur og aftur fyrir háttv. þm.

Það, sem aðallega ber á milli, er það, hvers eðlis þessi fjárveiting sje og hverju nafni hún eigi að nefnast. Sumir úr meiri hlutanum segja, að einu gildi, hvað hún sje kölluð. En þar skilur okkur á, því að við látum okkur ekki einu gilda, hvaða nafn hlutunum er gefið. Við viljum gefa hverjum hlut það heiti, sem hann á samkvæmt eðli sínu. Hjer er því tvent um að ræða, sem hefir orðið að ágreiningsefni, fyrst eðli málsins og svo sjálf upphæðin. Jeg hefi tekið það fram oft áður, að í þessu máli er að eins um tvent að ræða, eins og málsháttarinn segir: »Aut est, aut non est, tertium non datur«. Annaðhvort er landsstjórnin hjer að greiða verkamönnum sínum uppbót fyrir, að kaupverð þeirra hefir fallið, eða hjer er um beina hjálp að ræða.

Meiri hluti þessarar nefndar hefir fallist á, að þetta beri að skoða sem hjálp. En nú vil jeg spyrja þá háttv. herra, hvaðan kemur þeim þessi rjettur til að veita embættismönnum landsins hjálp? Hafa kjósendur þessara háttv. þm. falið þeim á hendur að taka embættismenn upp á sína arma, eins og þurfalinga, og veita þeim hjálp?

Jeg vil biðja menn að athuga þetta vel og minnast þess, þótt síðar verði. Við, minni hlutinn, álítum, að háttv. þm. hafi enga heimild til að velja eina stjett manna úr, og það þá stjettina, sem ætti að vera úrræðabest til að sjá sjer sjálf borgið, þótt hún sje ekki ríkust, og veita henni fátækrastyrk. Þeir gæta ekki að því, að með þessu athæfi móðga þeir heila stjett manna, sem síst á það skilið. Jeg lít svo á, að hjer sje ekki um annað en sanngjarna kröfu að ræða, að landsstjórnin veiti embættismönnum uppbót á kaupi þeirra, sem ekki hefir hækkað, þótt kaup allra annara starfsmanna hafi hækkað. Enda þótt jeg hafi tekið þetta fram áður, vil jeg biðja menn um að festa það í minni sjer, því að þeir verða að vera á því hreina með, hvað hjer er að gerast. Við höfum rakið þetta í nefndaráliti minni hlutans, að hvaða leyti embættismenn standa öðruvísi að vígi í þessu máli en aðrir verkamenn ríkisins. Jeg vona, að það sje svo ljóst framsett þar, að þeir, sem lesa mega, sjái skoðun okkar óbjagaða, og jeg hygg, að hún sje svo rjett, að henni verði ekki hnikað með rökum.

Það er að vísu altaf hægt að segja: »Jeg og Ketill segjum nei«, eins og Skugga-Sveinn sagði forðum, en það er engin röksemd. Það hlaut altaf svona að fara, eins og nú er raun á orðin, að nefndin klofnaði út af þessum skoðanamun um það, hvers eðlis þetta mál sje. Og háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), sem nú sýnist vera dottinn í nokkra aðra hluta, gæti sparað sjer hótanir eða svigurmæli um, að svo kynni að fara, ef við værum ekki ánægðir með það, sem meiri hlutinn býður okkur, að engin uppbót

fengist. Því að jeg þykist vita, að íslenskir embættismenn sjeu svo skapi farnir, og jeg vona, að embættisbróðir minn, háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), sje það líka, að þeir þoli illa, að þeim sje sýnd svívirðing. Og jeg hygg, að þeir vilji heldur bíða fjárhagslegt tjón en taka á móti fátækrastyrk, sem þeim er rjettur, eins og þeir væru sveitarómagar.

Nú skal jeg fara nokkrum orðum um einstök atriði hjá háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) og þessum margfalda meiri hluta, og hvernig hann hugsar sjer að veita þessa hjálp. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) telur sjálfsagt, að taka beri tillit til heimilisþarfa. Nú vil jeg spyrja háttv. þm. (S. S.), sem búfræðing, hvort hann telji sjálfsagt að gjalda þeim kaupamanni hærra kaup, sem á fyrir börnum að sjá, heldur en hinum, sem er frjálshaldinn maður. Jeg hygg, að hann muni svara því neitandi, því að heimurinn er nú einu sinni ekki betri en þetta. Það væri að vísu æskilegt, að menn væru svo fallega hugsandi, að borga barnamanni hærra kaup, fyrir ef til vill ver unnið verk, en hinum, sem engan ómaga hefir, en jeg hygg, að hvorki landsstjórnin nje menn almennt hafi tekið þá stefnu enn sem komið er.

Meiri hluti heldur því fram, að taka beri tillit til þarfa þess, sem uppbótarinnar á að njóta, og þar erum við, minni hlutinn, honum sammála, að því leyti, að við leggjum til, að sá fái meiri uppbót, sem minni launin hefir, og því eingöngu tekið tillit til launanna, en ekki til efnahagsins. Við lítum svo á, að þingið geti samkvæmt stjórnarskránni tekið eignarnámi hjá mönnum, ef nauðsyn krefur, en ekki, að hægt sje að taka tillit til eigna einstaklingsins, eða ráðstafa þeim eftir eigin geðþótta.

Jeg fæ ekki skilið, að það komi landsstjórninni neitt við, t. d. þótt jeg væri svo heppinn, að mjer hlotnaðist skyndilega arfur, eða þá það, hvort jeg sem bóndi á 1 kú eða 10 kýr, svo framarlega, sem það er fengið á heiðarlegan hátt. Þegar jeg vinn mitt verk fyrir landið með ákveðnu kaupi, þá kemur því ekkert við, hvað jeg annars kann að eiga.

Þá er annað atriði hjá háttv. meiri hluta, sem er mjög athugavert og einkennilegt. Þeir leggja mikla áherslu á það í þessari úthlutun, hvort menn hafa framleiðslu eða ekki. Og skilst mjer helst, að hjer eigi að hefnast á framleiðendum. Þann hugsunarhátt fæ jeg með engu móti skilið. Hvort er betra fyrir mig að hafa 1000 kr. í tekjur af fje í banka, eða 1000 kr. tekjur af búi mínu, sem fylgir strit og erfiði að fleyta fram? Hví á sjerstaklega að taka tillit til þeirra króna sem fást fyrir kjöt, ull eða aðrar afurðir úr búinu, en ekki til hinna krónanna, sem menn fá fyrirhafnarlaust, sem rentur af peningaeignum? Þessi aðferð hlýtur að vera bygð á nýjum hugsunarlögum, sem hingað til hafa verið óþekt, og ef Aristoteles væri kominn hjer á meðal vor, mundi hann roðna af fávisku sinni, að hafa ekki þekt svona merkileg lög áður, svo að hann gæti sett þau í rökfræði þá, er hann er höfundur að.

Þá er eitt enn hjá háttv. meiri hluta, að hann vill færa niður það takmark á launum, sem miða á við þessa uppbót, og segir sem svo, að af 3500 kr. geti menn vel bjargast. Þetta get jeg vel skilið hjá þeim háttv. þm., að þeir vilji ekki, að sveitarómagarnir fái ofmikið. En hví má þá ekki eins fara hina leiðina, og láta alla fá 3500 kr., taka ofan af þar, sem meira er fyrir, og skeyta við það, sem minna er, fyrst að þeir á annað borð hafa tekið að sjer að bjarga þessari stjett manna, svo að hún deyi ekki úr hungri? — Jeg vil að eins skjóta þessu til hinnar stóru niðurjöfn-

unarnefndar í þessum stóra hreppi, hvort hún ekki vilji taka þetta til íhugunar, og má ske jafna niður á ný.

Þá gerir háttv. meiri hluti enn fremur ráð fyrir, að hver embættismaður fái mjólkurstyrk handa börnum sínum, þannig, að hvert barn undir 15 ára aldri geti fengið sem svarar $^1/_2$ pela af mjólk á dag. Í þessu kemur fram mikil hjartagæska og hugulsemi, sem á vel samstætt við aðrar dygðir háttv. meiri hluta. Að eins furðar mig á því, vegna hvers þeir hafa ekki orðið háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) samferða, og látið veslings gamalmennin njóta þessara hlunninda líka. Þá hefði þeirra góða hjartalag komið enn betur í ljós, því að gamalmennin þurfa engu síður á mjólk að halda en börnin, því að oft á gamalt fólk engu betra með að vera án mjólkur en börn, og að því leyti lýsir hans till. betri mannspörtum, en vera má, að þar ráði nokkru um, að hann er orðinn hniginn að aldri og veit, að elli og dauði bíða okkar allra, og man, að ellin er til og að fleiri ómagar eru til en börn 15 ára og yngri. Þetta hefði verið skiljanlegt eftir hugsanagangi meiri hlutans, og hann hefði átt að vera sjálfum sjer svo samkvæmur að taka alla framfæringa með.

Hjer kemur enn ein perla. Ef verkamaður landssjóðs er einhleypur, og hefir yfir 2000 kr. laun á ári, þarf engar skaðabætur að gjalda honum. Jeg veit ekki, hvort háttv. meiri hluti hefir athugað það, að þessi maður getur verið í þann veginn að gifta sig; getur að eins staðið á hjónavígslu, og leyfisbrjefið fengið. (S. S.: Þá kemst hann í hinn flokkinn). Þá er hann búinn að taka við náðargjöfum nefndarinnar, og ekki víst, að hann átti sig á viturlegri ráðstöfun hennar.

En þetta er dálítið einkennilegt frá annari hlið tekið, því að ef nefndin vill jafna niður eftir efnahag, þá á hún að vita, að nýgiftur maður, sem ekkert á af blessuðum börnunum, getur ásamt konu sinni lifað með litlu meiri kostnaði og verið betur staddur en einhleypur maður, sem verður að kaupa sjer fæði og alla aðhlynningu. Getur því nefndin sparað mikið með því að strika einnig út alla gifta en barnlausa starfsmenn landsins, því að þeir þurfa ekki meiri styrk en einhleypingarnir. Það er auðsjeð, að þessir menn hafa ekki setið lengi í hreppsnefnd, úr því að niðurjöfnunin tekst ekki betur en þetta.

Þá er einn flokkur manna, sem hv. meiri hluti hefir sett inn, og jeg sjálfur hafði mikla löngun til að setja inn, og var að hugsa um að gera, í samráði við fjelaga mína. En á landssjóði hvílir engin skylda í þessu efni, og líklega væri rjettara, að þingið gæfi út lög, er skylduðu hjeruðin til að veita starfsmönnum sínum uppbót, eins og landssjóður sínum. En mig hefði langað til að taka þá hjer upp, en um það hefi jeg ekki getað ráðgast við fjelaga minn í minni hlutanum. Aftur er hjer dálítil rúsína í endanum. Háttv. meiri hluti hefir ekki sjeð sjer fært að ganga lengra en til þeirra barnakennara, sem eru fastir við skóla, er landssjóður styrkir. Mannúðin nær ekki lengra. Hinir, sem eru lausir, eru eins og ógiftu mennirnir, að þeim er ekki hjálpar þörf. Hvers vegna eru háttv. niðurjöfnunarnefnd svo mislagðar hendur? Hún ætlast líklega til, að hjeruðin veiti þeim sveitarstyrk, með missi kosningarrjettar? Hvers vegna vill háttv. meiri hluti, að sumir fari á landshreppinn og sumir á sveitina?

Hjer er ein grein í nefndaráliti háttv. meiri hluta, sem jeg ætla, að háttv. frsm. (S. S.) mintist ekkert á, og jeg er alveg samþykkur. Það er, að Búnaðarfjelag Íslands veiti sínum starfs-

mönnum sömu launabót og landssjóður. En jeg vil nú heita því að fylgja því fram, að ef þingið gengur illa frá sínum skaðabótum, þá skuli ekki betur gengið frá skaðabótum Búnaðarfjelagsins. (S. S.: Um það getur þingmaðurinn engu ráðið). Háttv. ráðunauturinn ætti ekki að tala svo digurt; það getur vel skeð, að jeg verði formaður fjelagsins, og þá skal jeg muna svo ágætan embættismann sem háttv. ráðunautinn.

Þá kemur það atriði, sem er auðskilið deiluatriði á þingi, þótt allir hugsi, svo sem vera ber, að þetta sje sanngjarnar skaðabætur, sem veittar eru til að bæta það upp, að gjaldeyririnn er nokkurs konar fölsk mynt. Þótt menn sjeu sammála um þennan augljósa hlut, þá getur menn greint á um, hve mikil sú uppbót skuli vera. Úr því að fullar bætur eru eigi veittar, er ekki nema eðlilegt, að ágreiningur verði milli meiri og minni hluta. Legg jeg því ekki neina sjerstaka áherslu á það, að háttv. meiri hluti er okkur ekki samnála um það. Sumir hyggja, að landssjóður sje ekki fær um að standa straum af sanngjörnum kröfum, er á honum hvíla. Má það vera, en benda vil jeg á, að þegar borið er saman við veitingu þingsins í vetur, þar er allir hinir sömu þingmenn sátu, nema hinn eini, sem nú er því miður horfinn, og þegar alt var ódýrara en nú, leggur þó meiri hlutinn nú til, að veittar verði minni skaðabætur. Mikið má hagur landssjóðs standa illa, er nú skal minna veita, þótt skaði starfsmanna sje miklu meiri en áður.

Áður en jeg sest niður, vil jeg benda á, hvað eiginlega er á seiði, þegar kaup starfsmanna rýrnar svo sem orðið er. Þegar löggjafinn ákvað kaup starfsmanna landsins, ákvað hann það í peningamynt. Jeg er sannfærður um, að hann hafði þá ekki hugmynd um, að vara sú, er hann borgar með, peningarnir, væri svo stopul í verði. Og löggjafinn ætlast til, að launin hafi ætíð sama notagildi sem þegar þau eru sett. Þess vegna er í sjálfu sjer gjaldeyrir landssjóðs orðinn fölsk mynt, kaupið minna en löggjafinn ætlaðist til. Formlega er þetta öðruvísi; í lögunum er ákveðin viss krónutala, og þýðir ekkert að fara í mál, en í raun og veru er þetta svona. Hvað er þá um, er landssjóður ræður mann til verks fyrir 3000 kr., og sá þarf svo 7000 kr. til að lifa við. Þegar landið lætur hann bera þennan skaða, er þetta ekki annað en 4000 kr. skattur, lagður á manninn, sem hefir 3000 kr. tekjur. Rjett á litið, er því hjer skattur lagður á eina stjett manna í landinu; tekið af henni nokkuð af því kaupi, er um var samið. Úr þessu verður ekki bætt á annan hátt en að Alþingi ákveði að bæta upp verðfall gjaldeyrisins, því að kaup og gjaldeyrir er ákveðið með lögum, og verður ekki hnikað til, nema breytt sje gjaldeyri eða ný launalög samin. Þetta alt mátti laga með því ráði, er hjer var um rætt í gær, um nýjan verðmæli. En nú hefir því máli verið vísað til nákvæmari rannsóknar og er því úr sögunni að sinni.

Þegar litið er rjett á mál þetta, eins og það er í eðli sínu, skil jeg ekki, að margir þm. treysti sjer til að mótmæla því, að það sje rjett, að landið taki einhverja hlutdeild í skaða verkamanna sinna. Og ekki get jeg ímyndað mjer, að neinn háttv. þm. hyggi kjósendum vaxa í augum, þótt ríkið hagi sjer ekki ver en bændur sjálfir í þessu efni. Hygg jeg, að alþingiskjósendur íslenskir ætlist til þess, að litið sje upp til Alþingis og ríkisins, hins íslenska ríkis, og þess vegna hygg jeg engan kjósenda munu átelja, þótt ríkið veitti þær skaðabætur, er stjórnin hefir farið fram á

og með þeim hætti, er jeg hefi áður lýst.

Jeg skal geta þess, að við höfum látið marga hluti standa óbreytta í frv. stjórnarinnar, og hugðum, að meiri hlutinn mundi svo vitur og höfðinglyndur að taka það upp, og mun það samkomulagsatriði frá okkar hálfu, hverjir og hve margir skuli upp teknir, er eigi gátu fylgt með.

Í raun og veru er það alveg sama fyrir fjárhag landsins, hvort skaðabætur eru greiddar úr landssjóði eða sýslu- og hreppasjóðum. Það er að eins formsmunur, en eigi efnis.

Jeg vil að endingu minna á, að landssjóður og þjóðin eru engir aðskildir aðiljar. Landssjóður er engin búri, sem á að hokra fyrir sig og gæta þess, að aurarnir í kistuhandraðanum aukist. Landssjóður er þjóðin sjálf, og skaði einstaklinganna er þjóðarskaði. Það er þjóðin, sem er vinnuveitandi þeirra, er vinna sjerstaklega fyrir hana.

Getur ekki ríkið lagt skatt á aðra, er það vantar fje? Það getur ríkið. En get jeg það? Á ríkið að hjálpa einstaklingunum eða einstaklingarnir ríkinu, er á hallast? Á landssjóður ekki að styðja menn í hallæri gegn því að taka aftur af þeim fullkomnar skaðabætur, er hallærinn er lokið?

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg gat þess við 1. umr., að stjórnin hefði talið sjer skylt að fara sem næst því, er síðasta þing gekk frá í þessu máli, og að stjórnin gerði það með hálfum huga að takmarka dýrtíðaruppbótina eins og hún gerði. Hún hjelt, að þingið myndi finna að sparsemi stjórnarinnar og koma fram með tillögur til hækkunar uppbótinni. Hún gerði ráð fyrir, að þingið myndi verða í svo föstu samræmi við sjálft sig um 6 mánaða tíma. Eins og jeg hefi tekið fram áður er stjórninni þetta ekkert kappsmál, en af þeim ástæðum, er jeg nefndi, þorði hún ekki að þrengja dýrtíðaruppbótina meir en hún gerði, og bjóst þó við aðfinningum í gagnstæða átt. Jeg gat þess og áður, að enn meira mætti minka dýrtíðaruppbótina með því að breyta »skalanum«, nema burt einstaka menn, sem ekki þyrftu uppbótar við, og jafnvel fella burt heila flokka. Hins vegar vissi stjórnin, að verð allra nauðsynja hafði hækkað stórum síðan aukaþingið sat á rökstólum og til þess, er frv. var samið, og skammaðist sín fyrir að hafa ekki tekið tillit til þess. Peningar eru nú í miklu minna verði en nokkru sinni áður, og launin þar af leiðandi í raun inni orðin lægri en upphaflega var til stofnað. Eins og jeg tók fram við 1. umr. var það ekki hugsun stjórnarinnar að skoða þetta sem styrk, heldur sem dálítinn þátt í þeim skaða, er menn biða við verðfall peninganna. Tók hún því ekki tillit til ómaga þeirra, er menn hafa á framfæri, því að launalögin taka ekkert tillit til þess. Landið vill borga svo eða svo fyrir hvert starf, án tillits til ástæðna þeirra, er stöðurnar eiga að skipa.

Nú er skoðun háttv. nefndar (meiri hluta) önnur. Hún skoðar þetta sem styrk og raskar þannig þeim grundvelli, sem frv. er bygt á.

Jeg hefi ekkert út á það að setja, að nefndin vill bæta kennurum við, þótt stjórnin hafi viljað spara. En það verð jeg að telja mjög óheppilegt, ef svo verður fyrir mælt, að þeir fái enga dýrtíðaruppbót, sem einhverja framleiðslu hafa til lands eða sjávar, svo að nokkru nemi. Stjórnin mun eiga örðugt með að vega þetta, hver hafi framleiðslu »svo að verulegu nemi«. Og mjer finst, eftir hljóðinu í háttv. deild undanfarið, sem menn muni ekki hafa lagt upp mikinn arð af framleiðslu á þessu

ári, hvorki af sjávarútvegi nje landbúnaði. Þetta er þýðingarlaust, en gerir stjórninni örðugra fyrir. Væri þá betra að strika þá alveg út, er hafa einhvern sjávarútveg eða landbúnað. Svo kann jeg ekki við, að uppbótin sje færð þannig niður, að ekki komi aðrir til greina en þeir, er hafa undir 3500 kr. laun. Maður skyldi ætla, að mikið ætti að sparast við þetta. En það eru ekki nema 3—4 menn, er hafa milli 3500 kr. og 5000 kr., sem stjórnin setti sem lágmark. Þegar nú dýrtíðaruppbótin af þessum launum er ekki nema 5%, þá virðist ekki mikið sparað.

Um einhleypa menn er búið að tala. Það gæti komið til mála, að þeir, sem einhleypir eru, hefðu hálfa dýrtíðaruppbót, og er í því tilliti betri till. háttv. þm. S.-Þ. (P. J.). En það yrði oft afarerfitt fyrir stjórnina að finna út, hverjir hafa fyrir fleirum en sjer að sjá, þótt einhleypir sjeu kallaðir, því að kunnugt er, að einhleypir menn hafa oft fyrir tveimur eða fleirum að sjá. Held jeg því best, að þeirri skilgreiningu væri slept. Hitt er annað mál, eins og jeg sagði við 1. umr., hvort menn vilja hækka »skalann« eða lækka. Hefði jeg haldið rjettara að hækka hann, en háttv. meiri hluti vill lækka. Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar, en tel eftir ástæðunum ekki sanngjarnt að lækka uppbótina frá því, sem stjórnin hefir lagt til. Um brtt. háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) á þgskj. 433 vil jeg ekki ræða, en get verið samþykkur einni þeirra, er jeg gat um áður.

Pjetur Jónsson: Jeg verð að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni í þessu máli, þar sem jeg er orðinn milli flokka. Það hefir áður verið skýrt frá, hvernig ferðalag nefndarinnar hefir gengið. Hún gat ekki orðið samferða, en fjell fyrst og fremst í tvo andstæða flokka, þar sem annar vill fara sem næst till. stjórnarinnar, en hinn breyta miklu. Svo voru nokkrir, sem voru bil beggja, og þó einkum jeg, sem er nokkuð út af fyrir mig. Það er eins og gerist og gengur, að sitt sýnist hverjum, og ekki er gott að koma sjer saman um öll atriði. Þótt jeg geti talist með báðum, hallast jeg þó frekar að hv. meiri hluta, því að honum gat jeg fylgt í sumum atriðum, einkum að forminu til. En gagnvart hv. minni hluta var jeg á sama máli um eitt, og það var að lækka ekki uppbótarfúlgu þá, er stjórnin stakk upp á. Jeg hafði hvorki köllun frá kjósendum mínum nje sjálfum mjer til þess. Jeg ætlaði mjer ekki heldur þá dul að stinga upp á hærri uppbót. Til þess liggja ýms rök, en fyrst og fremst bjóst jeg ekki við, að slíkt gengi fram, eftir þinginu í vetur að dæma. Ef fúlga sú, er stjórnin leggur til að veitt sje, er lækkuð í heild sinni, svo að um munaði, finst mjer, að uppbótin yrði þá svo óveruleg hjá mörgum, að þeim þætti lítt til vinnandi að þiggja hana. Býst jeg við, að sumir í meiri hlutanum hallist að svipaðri skoðun, þótt þá greindi á við mig að öðru leyti. Aftur var jeg óánægður með skiftingu stjórnarinnar. Jeg gat ekki felt mig við hana í stjórnarfrumvarpinu, fremur en í þingsályktuninni í vetur, þótt jeg greiddi atkv. með þeirri till. þá. Jeg áleit, að taka ætti tillit til fleiri atriða við ákvörðun mælikvarðans en mismunandi launahæðar. Eftir þingsályktuninni í vetur er dýrtíðaruppbótin ekki bein uppbót á verðfalli peninganna. Hún fylgir ekki í beinni línu verðfalli þeirra. Ef svo ætti að vera, fengi maður með 4500 kr. launum 50 % uppbót, eins og sá, sem hefir að eins 1500 kr. laun. En sá munur, sem er gerður á mismunandi

launahæðum, hlýtur að miðast við mismunandi þarfir manna. Að miðað sje einkum við þarfirnar gerir alls ekki það að verkum, að þetta þurfi að skoðast sem nokkurt gustukaverk af þinginu, heldur sýnir það, að uppbótin er alls ekki nóg til að bæta dýrtíðarhallann, heldur einungis, og með nákvæmri skiftingu, til þess að ljetta undir með brýnustu þarfir. En ef þetta er viðurkent, þá er líka ljóst, að launahæðin er altof ónákvæmur leiðarvísir um, hvar þörfin er mest, heldur verður að hafa tillit til fleira. Þetta hefir meiri hlutinn viljað gera. Hann hefir viljað gera mun á algerlega einhleypum mönnum og þeim, er hafa fyrir mörgum að sjá. Hann hefir líka viljað gera mismun á þeim, sem hafa fyrir fáum, og þeim, sem hafa fyrir mörgum að sjá. Þetta er auðvitað vandasamara en hin aðferðin, að fara eftir launum á pappírnum, og það er ekki heldur full nákvæmni í því, en er þó spor í sanngirnisáttina, sem jeg vil stiga með hv. meiri hluta. En þar skildu leiðir mínar og hv. meiri hluta, að mjer fundust till. hans skerða ofmjög þá fúlgu, er stjórnarfrumvarpið ætlar til uppbótar þeim flokkum, er till. nefndarinnar ná yfir; í stuttu máli lækka uppbæturnar um of.

Skal jeg svo víkja að brtt. mínum, að því leyti, er þær víkja frá till. háttv. meiri hluta. Þótti mjer yfirleitt rjettara að laga mínar till. eftir till. þess hluta, er jeg taldi mig til, en að setja þær í samband við stjórnarfrumvarpið.

Í fyrsta lagi gat jeg ekki fallist á að styfa af þá, sem hafa hærri laun en 3500 kr., enda lítið, sem sparast við það, og auk þess þekki jeg nákvæmlega, að ýmsir þeirra eiga fullkomlega í vök að verjast.

Í öðru lagi þótti mjer hundraðstalan lækka ofmjög á vissu bili, er hún lækkar niður í 10 % alt í einu á 3500 kr. launum. En að öðru leyti get jeg fallist á till., með þeirri viðaukatill., að bætt skuli við hvern, er dýrtíðaruppbótar nýtur, eftir fjölda framfæringa.

Jeg vil geta þess, í sambandi við 2. lið í brtt. mínum, að þar er »formula«, sem jeg ljet annan mann gera fyrir mig, og er hún röng. Fyrir því hefi jeg komið með brtt. á þgskj. 449 um, að uppbótin fari jafnt lækkandi á milli hinna tilteknu stiga, og óska því, að þessi till. sje skoðuð sem aðaðtill. Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) hefir og sagt mjer, að þá aðferð hafi stjórnin haft.

Í þriðja lagi gat jeg ekki fallist á að strika út alla þá einhleypa menn, er hafa yfir 2000 kr.; vil þar fara upp í 2500 kr. Jeg held líka oflangt gengið að gera helmings mun á þessum mönnum og þeim, er hafa lítið heimili, því að mismunurinn á kjörum þeirra er ekki ætíð svo mikill, einkum þegar uppbótin vegna framfæringa bætist við.

Í fjórða lagi vil jeg láta þessa 50 kr. dýrtíðaruppbót, sem meiri hlutinn vill gjalda fyrir hvert barn, ná einnig til annara framfæringa, svo sem foreldra og annara, er eigi geta unnið að fullu fyrir framfæri sínu. T. d. mun ekki þurfa minna til unglinga, er ganga í skóla, en barna innan 15 ára.

Þarf jeg svo ekki að orðlengja frekar, en vona, að menn hafi skilið og athugað brtt. mínar, sem og þau atriði í till. meiri hlutans, sem jeg er samþykkur.

Jeg ætla ekki í neinar orðaflækjur við háttv. þm. Dala. (B. J.) um nafnið. Þykir mjer engin ástæða til að leggja slæma merkingu í nafnið dýrtíðaruppbót, sjerstaklega ef fallist verður á mínar till. Jeg vil, að þingið láti þetta af hendi með fúsu geði, og biðji velvirð-

ingar á, að það er ekki meira. Þarf þá enginn að skoða það neinn vansa að taka við því.

Þorsteinn Jónsson: Eins og háttv. frsm. meiri hlutans (S. S.) tók fram samdi meiri hlutanum ekki að öllu leyti um mál þetta. En eftir allmiklar umræður á mörgum fundum, kom meiri hlutinn sjer saman um fiestar þær till., er hjer liggja fyrir frá honum. Jeg vildi t. d. í einstökum atriðum ganga lengra en meiri hlutinn, og hallaðist fremur að ýmsum till. háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) á þgskj. 433. En þeir í nefndinni, sem enn þá lengra vildu fara, tóku sig út úr. Vildi jeg því ekki sigla málinu alveg í strand, heldur reyna að ná samkomulagi um meðalhófið. Sjerstaklega skal jeg taka fram, að jeg vildi ekki hætta að veita dýrtíðaruppbót við 3500 kr., heldur láta hana ná til 4500 kr. og vera þá 5%. Líka vil jeg láta dýrtíðaruppbót fylgja hverjum skyldaframfæring.

Enginn í bjargráðanefnd væri á móti því að bæta embættismönnum meir verðfall peninganna, ef fjárhagur landssjóðs væri góður. En nú hefir engum dottið í hug, að hægt væri að bæta þeim það til fulls. En jeg fæ ekki betur sjeð, en að fyrir öllum, bæði stjórn, meiri hluta og minni hluta, vaki sú sama hugsun, að veita þeim, sem helst þurfa, uppbót, eða skaðabætur, eða hvað menn vilja kalla það.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) tók það fram í sinni löngu mælskuræðu, að hjer væri á ferðinni ný hugsanalög, er hann hefði eigi áður þekt, er um það væri rætt að gera mun á framleiðendum og þeim, sem ekki væru framleiðendur. Hann hefir víst ekki munað í svipinn, að þessi hugsanalög voru þekt á þinginu 1915. Þá var miðað við það, hvort embættismenn hefðu framleiðslu eða ekki. Samt er meiri hluta bjargráðanefndar það fullljóst, að hjer eru vandkvæði á, og þeir, er litla framleiðslu hafa, muni uppbótarþurfar, og þeir eiga að fá uppbót samkv. till. meiri hlutans. En hinir, sem geta sint framleiðslunni sjálfir og hafa framleiðslu í talsvert stórum stil, þurfa síður uppbótar með. Áleit því meiri hlutinn, að stjórnin yrði að fara eftir því, hve mikinn gróða hún álítur að embættismenn þeir, er framleiðslu hafa, hafi af framleiðslu sinni, og hvernig þeir eru settir að öðru leyti.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) fór nokkrum orðum um mannúðarleysi við farkennara. Það var eitt atriði, er mig greindi á um við nefndina. Jeg vildi láta farkennara fá sömu dýrtíðaruppbót og kennara við fasta skóla. Það kom fram dálítil villa í framsöguræðu háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) viðvíkjandi þeirri breytingu á stjórnarfrumvarpinu, að láta alþýðukennara fá dýrtíðaruppbót. Bjargráðanefndin fjekk brjef frá mentamálanefnd, þar sem mentamálanefnd skoraði á bjargráðanefnd að taka kennara með hvað dýrtíðaruppbótina snertir, en kvaðst að öðrum kosti leggja fram frv. um hækkun á launum kennara. Í því brjefi mun háttv. þm. Dala. (B. J.) hafa átt mikinn þátt, og kom mjer því ókunnuglega fyrir, er hann ljet í ljós, að hann hefði ekki tekið fasta afstöðu í þessu atriði.

Meiri hluti bjargráðanefndar hefir alls ekki viljað gera neitt, er gæti sært embættismenn, svo sem með því að skoða þessa uppbót sem nokkurs konar sveitarstyrk. Get jeg ekki heldur sjeð, að svo þurfi að líta á, þótt meiri hlutinn gangi lengra en minni hlutinn í því að veita þeim, er helst þurfa.

Annars vil jeg ekki fjölyrða um mál þetta. Mjer er kunnugt um það, að sú

leið, er meiri hlutinn vill fara, er skapfeldari þjóðinni í heild en leið sú, er minni hlutinn vill fara. Hvor leiðin sje dýrari þjóðinni, hefi jeg ekki átt kost á að reikna, og geri það ekki heldur að höfuðatriði, heldur hitt, að þeim sje veitt mest uppbót, er helst þurfa hennar með.

Magnús Pjetursson: Jeg get ekki stilt mig um að gera fáeinar aths út af nefndarálitunum og því, er sagt hefir verið. Skal jeg ekki tala langt mál, því að háttv. frsm. minni hlutans (B. J.) hefir rakið málið allítarlega. En jeg verð að segja, að það verður gaman fyrir eftirkomendurna að lesa skjölin í þessu máli og bera saman. Þau eru nokkuð sundurleit, nefndarálit meiri og minni hlutans. Er jeg hræddur um, að þeir muni komast að þeirri niðurstöðu, að menn hafi haft allmisjöfn rök fyrir máli sínu.

Nefndarálit meiri hlutans er nokkuð sundurlausir þankar. Skal jeg ekki segja, hvort einstök atriði eru rjett eða ekki, en hitt er aðalatriðið, að grundvöllurinn sje rjettur, því að

»varðar mest til allra orða
undirstaðan rjett sje fundin«.

Eftir því, sem stendur í nefndarálitinu, kannast meiri hlutinn við grundvöllinn með nafninu, en byggir ekki á því og kallar uppbótina hjálp. Annars furðar mig mjög á því, hve fljótt sumum háttv. þm. hefir farið aftur. Eftir því, sem mjer skildist á háttv. frsm. meiri hlutans (S. S.), hefir hann verið dreginn lengra upp en hann vildi. (**S. S.:** Byrjar háttv. þm. Stranda. enn á útúrsnúningum og hártogunum). Mjer skildist sem hann hefði viljað halda sig neðar. Hann leiðrjettir þá næst, ef jeg fer skakt með.

Jeg held, að þótt háttv. frsm. meiri hl. (S. S.) hafi ekki viljað fara lægra, þá hafi honum þó farið aftur frá því vetur. Þá kom hann og, að mig minnir, háttv. þm. Borgf. (P. O.) og háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) fram með brtt., sem að vísu var svipuð að hundraðsgjaldi, en launahámarkið til uppbótanna var þar sett hærra og millibilsstiginn því hærri, svo að þar, sem þessir háttv. þm. vilja nú setja 10%, höfðu þeir þá 15%.

Líkt og hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) tók fram, hefði verið eðlilegra að hækka nú %-gjaldið heldur en að lækka það. Jeg verð að segja það, að mig furðar stórlega á þessari afturför.

En það er í fleiri atriðum afturför en í þessu. Þessir háttv. þm., sem jeg nefndi áðan, fluttu einnig í vetur till. um að minka uppbótina við alla framleiðendur, en þá fóru þeir þó ekki lengra en svo, að þeir, sem hefðu 600 kr. í hreinan ágóða af framleiðslunni, skyldu missa $^2/_5$ af uppbótinni, en þeir, sem hefðu 1500 kr. hreinan hag af framleiðslunni, skyldu missa uppbótina alveg. Nú er tillaga þeirra sú, að framleiðendur að »verulegri framleiðslu« missi uppbótina alveg. Eftir þessum hugsunargangi get jeg ekki fengið annað út en að framleiðslan í ár hljóti að gefa miklu meiri arð en í fyrra, svo að rökrjettilega hefði þá átt að undanskilja alla framleiðendur. En nú er þetta einnig orðað svo óljóst og óskýrt í nál., að jeg held, að sjerstaklega stjórninni þyki þetta erfitt og ilt, að taka við slíkum fyrirskipunum, því að hvað meinar háttv. meiri hl. nefndarinnar með »verulegri framleiðslu«? Jeg held, að skilningurinn á því orði geti þvælst fyrir mönnum. Í tillögum þessara manna í vetur voru þó ákvæðin beint bundin við krónutal, sem var betra, þótt ófært sje í augum þeirra manna, sem ekki vilja leggja áherslu á framleiðsluna. Jeg er á þeirri skoðun, að ekki sæmi að

refsa mönnum, sem framleiðslu hafa, og miklu síður nú en í vetur, því að aðstaða þeirra hefir síst batnað.

Jeg hefi að eins bent á þessi dæmi til þess að sýna, hvernig sömu mennirnir hafa skift um skoðun og gengið æ lengra og lengra í öfuga átt.

Ef eitthvað annað yrði ofan á en till. minni hl. nefndarinnar, þá mundi jeg helst kjósa till. háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), því að ef þær yrðu samþyktar, þá mundi þó fremur verða vegur til samkomulags um breytingar við 3. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi ekki miklu við að bæta það, sem sjerstaklega hæstv. fjármálaráðherra og háttv. frsm. minni hl. (B. J.) hafa tekið fram. Það er mín skoðan, að stjórnin hafi ekki í þessu frv. farið nægilega langt. Jeg lýsti yfir þeirri skoðun minni í vetur, að jeg teldi rjettast að bæta öll laun upp með sömu %-tölu; það mundi hafa verið rökrjettast. En að stjórnin fór nú ekki lengra en þetta kom til af því, að stjórnin þóttist þó mega byggja á því, að þingið væri ekki svo hverflynt, að það færi að breyta um grundvöll, sem það hafði lagt sjálft. Slíkt mætti og þykja undarlegt, sjerstaklega ef þingið nú lækkaði uppbótina frá því, sem aukaþingið tiltók hana, með því að margtekið hefir verið fram, að þörfin væri nú enn meiri en í vetur. Það hefir verið sagt, til stuðnings þeirri till., að hagur landssjóðs væri verri nú en þá, svo að hann þyldi það ekki. Sú mótbára er ekki rjett. Það getur verið, að tekjur landssjóðs verði eitthvað minni í ár en í fyrra, en þótt svo færi, þá get jeg ekki talið það hættulegt, þótt landssjóður tæki lítils háttar lán til þess að uppfylla þessa skyldu sína. Það ætti ekki að vera hættulegra fyrir okkur en fyrir allar aðrar þjóðir að taka lán til þess að bæta úr bráðustu þörfunum, lán, sem jafna má niður á mörg ár, til þess að greiðslan verði ekki tilfinnanleg. Það getur ekki talist vansalaust fyrir þingið, ef það færi að draga úr þeirri upphæð, sem það hefir áður fallist á, að rjett væri að veita. Jeg er hræddur um, að öðrum þjóðum mundi þykja það skrítin aðferð hjá þinginu, þegar ekki er hægt að benda á, að vjer sjeum ófærir til að inna þessa skyldu af hendi, því að, eins og jeg hefi þegar tekið fram, þá er það ekki nægileg ástæða, að tekjur landssjóðs í ár kunna ef til vill að verða eitthvað lítils háttar rýrari en í fyrra.

Jeg býst varla við, að þörf sje á að ræða þetta mál frekara. Jeg verð að telja óheppilegt að veita lægri uppbót heldur en stjórnin hefir lagt til. Stjórnin álítur skylt að veita uppbót, telur hjer um enga gjöf nje fátækrastyrk vera að ræða, heldur sanngjarnar bætur.

Stjórnin hefir ekki tekið upp styrk til kennara, en líklega mætti þó veita þeim uppbót á annan hátt. Það eru margir þeirrar skoðunar, að vafasamt sje, hvort hægt sje að halda fasta skóla næsta vetur, en þar fyrir væri samt rangt að segja upp starfsmönnum þeirra, og ef styrkurinn þá hjeldist, mundu kennararnir fá tiltölulega eins góð kjör og starfsmenn landssjóðs, svo að þeir mistu einkis í launum. Það væri betra, að uppbótin kæmi fram á þennan hátt, heldur en að blanda saman óskyldum atriðum, starfsmönnum landssjóðs sjálfs og starfsmönnum sveitarfjelaga. Jeg er því andvígur því að taka aðra í frv. en starfsmenn landssjóðs. Hitt tel jeg óráðlegt, að þingið fari að fyrirskipa sveitunum, hvað þær skuli borga sínum starfsmönnum, og tel þar farið inn á starfsvið, sem þinginu kemur ekki við.

Pjetur Ottesen: Það mun nú ekki hafa mikla þýðingu að hafa langar umræður um þetta mál; flestir munu hafa kynt sjer það og fengið um það ákveðna skoðun. Jeg skal þess vegna ekki ganga langt inn á málið, enda hefi jeg því síður ástæðu til þess, sem 3 úr meiri hluta nefndarinnar hafa tekið til máls og bent á, hvers vegna meiri hlutinn sjer sjer ekki fært að fara lengra, og hverjum hann telur rjett að veita uppbót og á hverjum grundvelli. Það er auðvitað þörfin, sem hjer kallar að. En til þess að framfylgja þeirri hugsun að bæta úr þörfinni, sannri þörf, mun ekki auðráðið að finna aðra leið heppilegri; þótt sumir felli sig ekki vel við hana, þá hygg jeg samt, að hún megi eftir ástandinu teljast vansalaus.

Mjer skildist svo á hæstv. forsætisráðherra, að hann teldi óhætt að ganga lengra fjárhagsins vegna, og það má vel vera, að svo sje. Það hefir þó heyrst úr sömu átt, að lán landssjóðs væru nú orðin svo mikil, að erfitt mundi að fá ný lán, nema með því að veðsetja landið eða eignir þess, en nú verður að taka lán á lán ofan, þegar atvinnuvegirnir bregðast og gjaldþol almennings þar af leiðandi þverrar. En það klingir óspart hjá sumum, að það sje ekkert annað en taka lán. Það er náttúrlega alveg rjett, að gott er og sjálfsagt að taka lán til ýmsra framkvæmda, og eins til þess að ljetta undir með mönnum þegar illa lætur í ári, en það verður þó að gæta hófs og fara varlega, því að einhvern tíma kemur að skuldadögunum.

Hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) sagði, að erfitt mundi að ákveða, hvað væru »verulegar tekjur« hjá framleiðendum. Á þinginu 1915 var þó gengið í þessa átt, og ráðherrann, sem þá var, hefir sagt mjer, að engum vandkvæðum hafi verið bundið að framfylgja þeim lögum. En fyrst að hann gat það þá, og var þá einn, sýnist mjer, sem ekki muni þetta vandameira stjórninni nú, þar sem hún er þó skipuð 3 mönnum. Jeg held þess vegna, að þetta sje ekki nema grýla. Það er vitaskuld, að menn græða ekki á framleiðslu nú, en samt er það svo, að menn, sem lifa við búskap, munu betur kljúfa fram úr en þeir, sem lifa í sjávarþorpum án framleiðslu, svo að frá því sjónarmiði má uppbótin þykja rjettlát.

Háttv. þm. Stranda. (M. P.) mintist á það, að vjer nokkrir þm., sem hann nefndi, hefðum skift um skoðun frá því í vetur. Hjer skjátlast háttv. þm. (M. P.) hrapallega. Vjer vitum það allir, að þessu máli var flaustrað af á síðasta þingi á síðustu stundu, í óvild margra. Þær till., sem fram komu þá frá mjer og öðrum þm., sem háttv. þm. Stranda. (M. P.) nefndi, bar því að eins að skoða sem tilraun til þess að draga úr uppbótinni, án þess að þær sýndu nokkuð um það, að við teldum ekki sanngjarnt, eftir atvikum, að gengið hefði verið lengra í sömu átt, að því er undantekningar snertir o. fl. Þessi tilraun tókst samt ekki, og því greiddi jeg og fleiri atkvæði móti málinu. En þar fyrir eru samt orð þeirra manna, sem segja, að ekki sje vansalaust að láta till. meiri hluta nefndarinnar ganga nú fram, að eins slagorð. Það segir sig sjálft, að þótt mistekist hafi á þingi í vetur, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að slíkt megi leiðrjetta nú.

Læt jeg svo lokið máli mínu, með þeirri ósk, að till. meiri hluta nefndarinnar fái framgang.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg veit ekki, hvaðan háttv. þm. Borgf. (P. O.) kemur sú viska, að lánstraust landssjóðs sje nú orðið svo, að það þurfi að veðsetja landið til þess að fá ný lán. Jeg veit ekki til þess, að jeg hafi haft

þau orð. Jeg vil benda háttv. þm. (P. O.) á það, að það er ekki sambærilegt, að landssjóður taki lán til þess að bæta úr neyð manna eða borga verkamönnum sínum, við það, að hann taki lán fyrir vörum, sem hafa peningagildi á móti. Annars eru orð hans ástæðulaus, og jeg hefi hvergi sagt það, sem hann talaði um. (P. O.: Ekki hjer í deildinni). Hvorki hjer í deildinni nje annarsstaðar.

Jörundur Brynjólfsson: Þetta mál er nú orðið svo margrætt, að það er engin þörf á að fara langt út í það. Jeg skal því að eins leyfa mjer að drepa á fáein atriði.

Jeg skal þá fyrst snúa mjer að till. meiri hlutans. Þar voru ýmsir í meiri hlutanum ekki sömu skoðunar um sum smávægileg atriði. T. d. hafði jeg sterka tilhneigingu til þess að víkka ákvæðið um uppbót til framfærsluskyldra manna, láta það ná lengra en til barna. Enn fremur vildi jeg gera minni mismun á einhleypum mönnum og kvæntum mönnum. Enn fremur mundi jeg heldur hafa kosið, að hámark launahæðar, sem uppbót yrði greidd af, hefði verið færð dálítið upp, en %-gjaldið þá auðvitað hækkandi niður á við.

En ekkert af þessu var nokkurt aðalatriði. Andmælendur meiri hluta nefndarinnar hafa fárast yfir því, hvort hjer væri um hjálp eða skaðabót að ræða. Þar hefir þeim alveg skotist yfir það, sem helst styddi þeirra mál, sem sje að þeir hafa sjálfir kent, að vjer með uppbótinni bættum alls ekki upp fall peninganna, heldur yrðum að haga henni eftir launahæð og þörf. Grundvöllurinn undir þessum fjárveitingum er því þörfin, eins og meiri hlutinn heldur fram í nál. sínu, án þess þó að meiri hlutinn vilji kalla þetta sveitarstyrk eða gjöf, því að þetta er auðvitað skaðabætur, þó að verðfall peninganna sje ekki bætt að fullu, og síst hjá þeim, er allhá laun hafa. Því hefir meiri hluti nefndarinnar reynt að sníða uppbótina svo, að hún fari eftir þörfum hvers eins. Annars höfum vjer í meiri hlutanum enga tilhneiging til þess að nefna þetta hjálp; vjer köllum það uppbót í nál. Raunar hefir þetta enga þýðingu, en samt vil jeg benda á það, að í nál. fjárveitinganefndar á aukaþinginu í vetur er komist svo að orði um þetta mál: »Þótt nefndin hafi þannig fallist á rjettmæti þessara krafna og hina miklu þörf hjá öllum þorra starfsmanna landsins fyrir bráða hjálp, hefir hún þó ekki sjeð sjer fært að leggja til, að Alþingi veitti uppbót svo háa, sem krafist er, nje heldur öllum launamönnum jafnt«. Undir þetta hefir meðal annara skrifað háttv. þm. Dala. (B. J.) alveg fyrirvaralaust, og er þar þá sammála því, að þetta sje hjálp, og ámæli jeg honum ekkert fyrir.

Fyrir mitt leyti er mjer það kærast, að hægt væri að greiða öllum embættismönnum fult verðfall peninganna, en þó því að eins, að öllum öðrum yrði greitt verðfall kaups síns.

Það, sem háttv. þm. Dala. (B. J.) mintist á um gamalmenni og börn, að gera þar engan greinarmun á, er alveg í samræmi við mína skoðun, en það var ekki von, að honum væri kunnugt um hana. Það er hjer um bil eins ástatt um gamalmenni og börn venjulega. Jeg er líka á því, að styrkurinn sje ekki eins hár og þyrfti að vera, en vjer verðum þar að sníða oss stakk eftir vexti og fara ekki lengra en vjer treystum oss að efna.

Um framleiðendur skal jeg geta þess, að það segir sig sjálft, að þeir, sem hafa mikla framleiðslu, eru betur settir en þeir, sem enga hafa, og verða þeir þá að bjarga sjer eins og aðrir, fyrir

þá sök, að allar uppbæturnar eru sniðnar eftir þöfinni.

Háttv. þm. Stranda. (M. P.) drap á það í ræðu sinni, að við værum í raun og veru sammála um grundvöllinn, sem ganga ætti út frá, en kæmumst að eins að mismunandi niðurstöðu.

Jeg skil ekki, hvernig háttv. þm. (M. P.) fær það út, því að það er einmitt grundvöllurinn, sem okkur greinir á um. Háttv. þm. (M. P.) bar saman nál. meiri hlutans og minni hlutans og taldi nál. meiri hlutans ekki nægilega nákvæmt. Það er að vísu satt, að við eyðum ekki heilli blaðsíðu í vöruupptalningu, eins og er í nál. minni hlutans, heldur segjum að eins, hvað vörur hafi hækkað, í einni málsgrein, sem sje 170 %, verðfall peninga því um 63 %. Við förum í þessu eingöngu eftir útreikningum hagstofunnar, sem jeg hygg að sje það ábyggilegasta í þessu máli, og við getum rökstutt okkar mál með tilsvarandi skýrslum frá henni. Minni hl. nefndarinnar kemst að þeirri niðurstöðu, að nauðsynjavörur hafi hækkað að eins um 133 %. Það kemur til af því, að þeir hafa tekið með ýmsar vörutegundir, sem við höfum slept, og eru ekki alveg bráðnauðsynlegar. Við höfum því gert ljósari grein fyrir ástandinu, eins og það er í raun og veru.

Háttv. þm. Stranda. (M. P.) drap enn fremur á það, að nú væri meiri ástæða til að hækka uppbótina en lækka. Og er það alveg rjett. En það er líka aðgætandi, að nú eru ástæður breyttar frá því, sem var í vetur. Þá höfðu verkamenn »privat«-manna fengið uppbót, en starfsmenn landsstjórnarinnar enga. Þingið gat því ekki staðið sig við annað en veita þeim uppbót. Með þetta fyrir augum voru till. í vetur samþ. Það var að vísu ekki með góðum vilja gert frá allra hálfu, þótt menn hins vegar vildu ekki svifta þá allri uppbót, er þurftu hennar nauðsynlega með.

Jeg vil leyfa mjer að benda hv. þm. á, að málið horfir nú öðru vísi við; dýrtíðin hefir aukist til muna, og landsstjórnin stendur sig því illa við að borga embættismönnum mjög háa uppbót, þar sem almenningur á mjög erfitt, og ekki er hægt að hjálpa honum eins og æskilegt væri. Jeg vona, að háttv. þm. Stranda. (M. P.) hjálpi, eins og hann frekast getur, til þess, að almenningur fái nokkra ívilnun á verði nauðsynjavara, þó að auðsætt sje, að ómögulegt er, að landssjóður geti veitt almenningi eins mikla hjálp og þörf er á, eða æskilegt væri. Á þetta ber einnig að líta, þegar ræða er um uppbót til embættismanna, því að þeir standa að því leyti betur að vígi en verkamenn, að þeir eiga kaup sitt víst, þó að lágt sje. Jeg hefi aldrei dregið dul á, að kaup þeirra mætti gjarnan vera hærra, en á þessum tímum verður margur að gera sig ánægðan með það, sem minna er. Bæði verkamenn í kaupstöðum og sjómenn eru mun ver settir en embættismenn, því að þótt þeir fái vinnu sína vel borgaða í sumar, þá þarf enginn að halda, að þeir leggi upp af því kaupi. En eins og alt bendir á þá mun verða mjög lítið um atvinnu í vetur, og þó að aldrei nema landsstjórnin sjái fyrir aukinni vinnu, þá verður kaupið aldrei svo hátt, að það nægi fyrir lífsnauðsynjum. Ef þingið skilur svo við þetta mál, að ekki verði ljett undir með almenningi í dýrtíðinni, þá hygg jeg, að háttv. þm. Stranda. (M. P.) geti sagt sjer sjálfur, að það muni verða þröngt í búi hjá mörgum.

Háttv. þm. Stranda. (M. P.) talaði enn fremur um, að það væri undarlegt, að það ætti að undanskilja framleiðendur frá uppbótinni. Þar til er því að svara, að hjer er að eins verið að tala um, að menn geti dregið fram lífið með

þolanlegu móti. Og það liggur í augum uppi, að sá, sem á bú og hefir allmikla framleiðslu, stendur betur að vígi heldur en daglaunamaðurinn, sem er með tvær hendur tómar. Hvað viðvíkur því, að stjórnin muni eiga erfitt með að greina, hverjir hafi nægilega framleiðslu og hverjir ekki, þá er auðvitað ekki mögulegt að greina þá nákvæmlega með beinni línu, en hitt hygg jeg, að henni sje hvergi nærri ofvaxið að ætlast á um það, hvort hlutaðeigandi hafi nóga framleiðslu fyrir sig að lifa af, því að um annað er hjer ekki að ræða. Þetta var stjórninni mögulegt 1915. Það hefi jeg eftir þáverandi ráðherra, háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), og þá ætti hún ekki síður að geta það nú.

Jeg þarf ekki að fara út í ræðu hæstv. fjármálaráðh. (B. K.), því að henni hefir þegar verið svarað, en það voru nokkur atriði hjá hæstv. forsætisráðherra, sem jeg ætla að minnast á í fáum orðum. Hann sagði, að stjórnin hefði ekki búist við því, að þingið væri svo hverfult í rás sinni, að það færi að hrófla við áður gerðum samþyktum. En jeg get ekki betur sjeð en að þingið sje í engu bundið að halda fast við það, sem gert var í vetur í þessu máli, þar sem kringumstæðurnar eru nú svo mjög breyttar, og að ýmsir voru óánægðir með þær ráðstafanir, sem þá voru gerðar. Hæstv. forsætisráðherra drap og á það, að ekki væri hættumeira fyrir oss Íslendinga að taka lán á þessum tímum heldur en aðrar þjóðir. Það er alveg rjett athugað, og jeg vona, að hæstv. forsætisráðherra veiti því stuðning, er á þarf að halda. Að eins vil jeg, að það komi fleirum til góðs en embættismönnum, því að eins og jeg tók fram áðan, er alþýða manna enn ver sett en þeir, og ætti því ekki síður að fá að njóta lánsins. Jeg er að öðru leyti hæstv. forsætisráðherra þakklátur fyrir þessi orð, og er gott að vita um afstöðu hans, er til þeirra kasta kemur. En jeg get ekki látið vera að minnast á, að mjer hefir virst hæstv. ráðuneyti helst til undirtektadauft í því, er lýtur að hjálp handa almenningi. Mjer þykir hálfundarlegt, að hæstv. stjórn skuli að eins bera fram frumvarp um uppbót til embættismanna, en ekkert til hjálpar alþýðu, einkum þó í kaupstöðum, sem er í enn meiri vanda stödd en embættismenn.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta, en að eins drepa á það, sem hæstv. forsætisráðherra sagði um skólana. Verð jeg að segja, að jeg skil ekki þau skifti. Svo framarlega, sem stjórnin bjóst við, að þingið hefði sömu skoðun og í vetur, þá átti ekki að taka neina undan, sem uppbót fengu á síðasta þingi. Og mjer þykir það mjög undarlegt, að stjórnin skuli einmitt velja þá stjett úr, kennarana, sem eru langverst staddir af öllum starfsmönnum þjóðarinnar, og láta þá sitja á hakanum. Háttv. mentamálanefnd er okkur sammála um þetta atriði. Jeg hefði að vísu kosið, að uppbótin til kennara yrði viðtækari en hjer er lagt til, að hún næði einnig til stunda- og farkennara, en þar beygði jeg mig fyrir meiri hlutanum.

Gísli Sveinsson: Jeg get glatt þá háttv. deildarmenn, er tímalausir teljast vera, á því, að jeg hefi gleymt ýmsu, er jeg vildi hafa tekið fram út af ummælum þeirra, sem talað hafa hjer í dag. En jeg hygg, að það geri ekki mikið til, því að flest er það gömul saga, kunn frá fyrri tímum. Háttv. fram. meiri hlutans (S. S.), sem nú er ef til vill þrískiftur orðinn, komst svo viturlega að orði, hvað það atriði snertir, sem meiri hluti nefndarinnar hefir

tekið upp, fram yfir bæði frv. stjórnarinnar og till. minni hlutans, nefnilega kennarana, að ekki mundi verða vinsælla að skylda hreppa- og bæjarfjelög til að greiða þeim uppbót en að láta landssjóð gera það. Mjer þykir það vera undarleg aðferð, þegar leita á uppi, hvað vera mundi rjettlátt, eða hvað ranglátt, að fara þá í staðinn að syngja hátt um, hvað mundi verða vinsælt eða óvinsælt hingað og þangað úti um sveitir. Vjer hljótum, til þess að vera samkvæmir sjálfum oss, að fylgja þeim mælikvarða, sem nú eru færðar sönnur á að er sá sanngjarnasti af því, sem fram hefir komið.

Alt frá því 1915, að lögin um dýrtíðaruppbótina þá voru samþ., og þar til að aukaþing í vetur setti ákvæði um dýrtíðaruppbót til starfsmanna landsins, alt frá þeim tíma og þar til nú hefir ekki enn fundist betri nje sanngjarnari mælikvarði að miða við en sá, sem aukaþingið í vetur komst að og notaði. Það má segja um þá háttv. þm., sem vilja hverfa frá þeim grundvelli, sem þá var lagður og þeir sjálfir samþyktu, og taka annan grundvöll til að byggja á — það má segja um þá, að þeir hafi söðlað um. Því að ef þeir hafa viðurkent hann áður, þá urðu þeir líka að halda sjer við hann nú, nema þeir geti sýnt fram á, að hann sje ranglátur, sem þeir ekki enn hafa gert, nje komið með neinn betri. Þegar nú um það er að ræða, út frá hverju eigi að ganga í þessu máli, þá er ekki nema um tvent að ræða. Annaðhvort á að fara eftir þeim sanngjarna mælikvarða, að hjer sje verið að greiða starfsmönnum landsins rjettmætar skaðabætur, að meira eða minna leyti, eða þá hitt, að verið sje að hlaupa undir bagga með þeim og veita þeim hjálp. Þetta var það, sem olli skiftingu nefndarinnar, enda furðar mig ekki á því, þar sem þetta er höfuðatriði. Svo framarlega sem allir viðurkenna, eins og jafnvel meiri hlutinn gerir, að rjett sje að bæta embættismönnum upp halla, sem þeir verða fyrir, af því að þeim er goldið kaup í föllnum gjaldeyri, þá þarf meira en góðan vilja til að komast að þeirri niðurstöðu, að hjer sje um gustukahjálp að ræða. Þess vegna mótmæli jeg því, að það sje rjettur hugsunarháttur að álykta þannig, ef gengið er út frá þessum forsendum.

Viðvíkjandi því, sem háttv. frsm. meiri hlutans (S. S.) sagði um kennarana, þá er jeg þeirrar skoðunar, að fullkomlega rjettmætt sje, að bæjar- og hreppsfjelög greiði þeim einhverja uppbót úr sínum vasa. Og ef þau vilja ekki gera það af frjálsum vilja, þá gefa kringumstæðurnar fulla heimild til að skylda þau til þess. Um þetta atriði er nefndin ekki sammála. Meiri hluti nefndarinnar segir berlega, að hann vilji ekki, að þau geri það, heldur ætlist til, að það lendi á landssjóði. Það á auðvitað ekkert skylt við þessa niðurstöðu, að í meiri hluta nefndarinnar eru tveir kennarar, sem af skiljanlegum ástæðum bera hag sinnar stjettar fyrir brjósti. En mjer fyndist ekki nema rjett og sanngjarnt á þeim tímum, sem nú eru, að löggjafarvaldið sæi svo um, að hrepps- og bæjarfjelög greiddu sínum starfsmönnum dýrtíðaruppbót, eins og landið gerir við sína starfsmenn. Það mætti ef til vill segja, að það sje þó mannúðlegt að skella þeim á landssjóðinn, þar sem kjör þeirra sjeu ella ekki neitt öfundsverð. En þetta er ekki nema svolítill hluti af öllu því, sem þessi meðaumkvunar-mælikvarði meiri hlutans ætti að ná til; fleira yrði þá að takast með. Hví þá ekki láta þetta ná jafnt til allra starfsmanna, og demba þeim öllum á landssjóð, svo að bæjar- og sveitarfjelög geti í friði setið að sínu? Þótt jeg sje

skattskyldur borgari hjer í Reykjavík, þá get jeg ekki betur sjeð en að bærinn sje bæði fær um og skyldugur til að greiða sínum starfsmönnum dýrtíðaruppbót, en ekki landssjóður. Öllum er vitanlegt, að barnakennarar heyra miklu fremur til sveitar- og bæjarfjelögum heldur en landinu, eins og fyrirkomulagið er, þótt aldrei nema skólarnir sjeu að nokkru styrktir af landssjóði. Það er því ekki nema hálfunnið verk að taka kennarana þannig út úr. Þegar það var gert á aukaþingi í vetur, var það mest til að gefa bæjarfjelögum undir fótinn með að veita samskonar uppbót seinna meir.

Háttv. frsm., 1. þm. Árn. (S. S.), taldi fyrir nefndarinnar hönd, litla ástæðu til að styrkja, frá hans sjónarmiði sjeð, með hárri uppbót embættismenn landsins, þegar allur almenningur yrði að sveitast blóðinu.

Þetta er mjög óviðurkvæmilegt orðalag hjer á þessum stað, og það kann ekki góðri lukku að stýra, ef slíkur söngur sem þessi heyrist hjeðan, þegar um það er að ræða að bæta starfsmönnum landsins upp það skakkafall, sem þeir hafa orðið fyrir af völdum dýrtíðarinnar. Það þýðir ekki í þessu sambandi að vitna í það, að einhverjir almenningsmenn eigi örðugt uppdráttar, enda veit jeg ekki betur en að hjer sjeu á ferðinni frv. um að hlaupa undir bagga með almenningi. Það getur verið, að á einstaka stað á landinu láti mönnum vel í eyrum að heyra fulltrúa sína viðhafa slík orð í þingsalnum og á mannfundum, og jeg er sannfærður um, að mikið af þeim andróðri, sem borið hefir á, á móti dýrtíðaruppbót embættismanna, er að kenna því fordæmi, sem fulltrúar kjördæmanna hafa gefið, bæði hjer og heima, er þeir slá á þá strengi, að verið sje að láta embættismönnum gustuk í tje, á kostnað þurfandi almennings.

Háttv. frsm. (S. S.) taldi till. meiri hlutans miðlun, sem þeir líklega, bæði utan og innan nefndar, er helst enga uppbót vildu veita, ættu að geta unað við. Það getur nú meir en verið, að þeir þingmenn sjeu til, sem enga uppbót vilja veita, en það er einkennilegt, að þeir skuli ekki þora að koma fram í dagsbirtuna, ef þeir hafa rök fyrir sínu máli. Mjer þætti gaman að heyra þau rök, því að það væri skemtilegra en að heyra þingmenn greiða atkv. með dýrtíðaruppbótinni með eftirtölum. Það væri rjett, að þingmenn skiftust alveg í flokka um þetta mál, og teldu uppbótina annaðhvort rjettmæta eða ótæka leið.

Það er þá fyrst við tillögur meiri hl. að athuga, að þær ganga út á að færa niður hundraðsgjaldið og lækka launamarkið. Enn fremur er lögð áhersla á að útiloka þá menn, sem þeir halda að sjeu vel stæðir, og sjálfsagt sje að neita þeim um bætur, þótt rjettmætar sjeu. Þá vilja þeir og ekki veita þeim uppbót, sem framleiðslu hafa að nokkrum verulegum mun, og vitna í lögin frá 1915, 4. gr., þar sem eigi er ætluð uppbót þeim mönnum, sem lifa af framleiðslu. Það ákvæði er betra, því að það er hreint. Það er ólíkt hægra fyrir stjórnina að fara eftir því en að greina sundur, hvað er veruleg og hvað óveruleg framleiðsla. Það er alls kostar ókleift fyrir hana. Að vísu hefir lögunum frá 1915 ekki verið fylgt bókstaflega, en það sjá allir, að það er alt annað að taka með þá, sem sama sem enga framleiðslu hafa, eða greina sundur svona alment, hvað er veruleg og hvað óveruleg framleiðsla. Í öðru er spursmálið það að taka með örfáa menn, en hinu að

útiloka alla þá, sem verulega framleiðslu hafa.

Þegar litið er á, hvort uppfylt er nokkuð meira »rjettlæti« með þessu, eða þeim mælikvarða, sem meiri hluti bjargráðanefndar segist fylgja, styrkþurftarmælikvarðanum, þá sjest fljótt, að svo er ekki, því að margir verða útilokaðir, sem að sjálfsögðu þyrftu uppbótar við. Í fyrsta lagi eru útilokaðir þeir, sem verulega framleiðslu hafa. Nú getur staðið svo á, að maður hafi verulega framleiðslu, en sje þó styrkþurfi, því að allir vita, að framleiðsla er brúttó, en hjer er ekki átt við nettó-arð af framleiðslunni; hjer er reiknað eftir því, hve mikil framleiðslan er, en ekki eftir því, hve mikill arður er af henni. Nú getur vel komið fyrir, að maður, sem framleiðslu stundar, sje ómagamaður og skuldamaður, og hafi orðið að leggja mikið í kostnað, og ætti því frá sjónarmiði meiri hlutans að vera styrkþurfi, en samt á hann ekki að fá uppbót, af því að hægt er að sanna, að hann hafi verulega framleiðslu.

Í annan stað undanskilur meiri hlutinn ekki stóreignamenn, þótt þeir ættu hundruð þúsunda í bankanum og fái þúsundir króna í vexti á ári; þeir fá uppbót, en hinir, sem berjast í bökkum, fá ekki neitt, af því að þeir hafa það, sem meiri hlutinn kallar verulega framleiðslu. Þessi grundvöllur meiri hlutans, að fara eftir framleiðslu, getur því verið mjög ranglátur.

Enn fremur vill meiri hlutinn taka tillit til þess, hvort starfsmenn landsins eru einhleypir eða ekki. Nú vill svo til, að einhleypir menn geta, fyrir utan það, að þeir, sem vinna sama starf, eiga heimtingu á sama kaupi — að einhleypir menn, segi jeg, geta verið eins þurftugir fyrir uppbót eins og hinir, sem eru kvæntir og eiga gott heimili, en engan ómaga, — því að jeg get ekki kallað góða konu ómaga, þótt háttv. meiri hl. virðist ætla að svo sje, því að hann ætlast til, að kvænti maðurinn, þótt barnlaus sje, fái uppbót. Nú getur þó staðið svo á, að einhleypi maðurinn standi ver að vígi en sá kvænti; því að hann getur verið fátækur og skuldugur, átt fyrir einhverjum að sjá, og staðið að öllu leyti ver en hinn, sem kvæntur er. Auk þess er það alkunna, að maður, sem á heimili, stendur betur að vígi með að lifa sparlega en ýmsir einhleypingar, sem verða að kaupa alla hluti dýrum dómum af framandi fólki. Ef svo litið er til uppbótar, sem meiri hl. ætlar fyrir börnin, þá er líka ærið misjafnt, hvernig menn framfæra börn sín, því að, eins og kunnugt er, veita ýmsir, sem börn eiga utan hjónabands, þeim börnum mjög ljelegt framfæri, og er því lítil ástæða að veita slíkum mönnum uppbót fram yfir aðra, nema háttv. þing taki upp þá stefnu, að veita sjerstakar uppbætur fyrir það að framleiða börn.

En hvað sem þessu líður, er það algerlega rangur mælikvarði að taka tillit til heimilisástæðna manna, þegar verið er að tala um borgun fyrir ákveðið verk, enda því ekki fylgt hjer áður í launaákvörðunum.

Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), sá er sjerstaka afstöðu hefir tekið til þessa máls, og komið með miðlun á miðlun ofan, þ. e. a. s. ef hægt er að kalla tillögur hv. meiri hluta miðlun, — komst svo að orði, að peningauppbætur væru ekki nægilegar, og það yrði því einnig að taka tillit til þarfa manna. Annars var erfitt að sjá, að hvorum hlutanum hann hallaðist meir, því að hann kvaðst vera með báðum, og verður það að teljast talsverður ágalli, að hann skuli ekki hafa tekið hreinni afstöðu til málsins.

En jeg spyr: Hví eru peningauppbætur ekki nægilegar, ef þær eru gerðar svo sem rjettlæti tilsegir?

Hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) taldi sömu hugsun vaka fyrir öllum, bæði hæstv. stjórn, meiri hluta og minni hluta bjargráðanefndarinnar. Þótt það eigi nú svo að heita, að báðir hlutar nefndarinnar vilji »bæta« starfsmönnum þess opinbera upp einhvern halla, er það afarólíkt, sem þeir ganga út frá, og þess vegna verður útkoman svo ólík, sem raun er á orðin, og hún hlyti altaf að verða ólík, enda þótt sú hugsun meiri hlutans kæmi betur í ljós, að bæta þeim upp hallann, sem helst þyrftu þess með. Hann og fleiri meiri hluta menn treysta sjer ekki til að segja, hvort verði dýrara fyrir landssjóð, að fara eftir þessum mjög órjettlátu tillögum meiri hlutans, eða þeim tiltölulega rjetta og sanngjarna grundvelli, sem lagður var af aukaþinginu í vetur. Þeir hafa jafnvel látið í ljós vafa um, hvort yrði ódýrara. Ef það er tilfellið, er mjer alveg óskiljanlegt, hvers vegna þeir vilja fara þá leið, sem þeir hafa haldið hjer fram. Það gæti verið meining í því, ef hægt væri að sanna, að það yrði ódýrara fyrir landssjóð. — Þá gæti verið meining í því, segi jeg, að spara landssjóði fje á kostnað annara. Ef þeir treysta sjer ekki til að sýna það, eða ef þeirra leið verður dýrari, þá sje jeg ekki, að till. þeirra sje nein bót mælandi. Ef líta skal á þennan grundvöll, sem lagður var í vetur, er fróðlegt að sjá, hvað gerst hefir úti í frá, hjá almenningi. Nú er það vitanlegt öllum, að löngu áður en starfsmenn landssjóðs fengu uppbót var orðin mikil kauphækkun hjá öllum þorra manna, eins og rjett var og sjálfsagt. Ef einnig er litið á, hvað ýms fjelög hafa gert, t. d. þau, sem stjórnað er af tómum bændum, eins og Sláturfjelag Suðurlands, þá stingur það mjög í stúf við tillögur háttv. meiri hluta, því að á síðasta aðalfundi fjelagsins var samþykt að veita sömu dýrtíðaruppbót í öllum aðalatriðum og þá, er starfsmönnum landssjóðs var veitt á aukaþinginu í vetur. Nú er mjer alveg óskiljanlegt, hvers vegna bændafulltrúar meiri hlutans vilja ekki byggja á sama grundvelli og sýnt er að bændur fylgja í sínum eigin fjelagsskap, að því ógleymdu, að bæjarstjórn Reykjavíkur, sem stendur nærri meiri hlutanum, þar sem einn meiri hluta maður á sæti í bæjarstjórninni, hún veitti sínum starfsmönnum sömu uppbót og þingið í vetur gerði ráð fyrir. Nú er ekki víst, að bæjarstjórnin haldi því áfram, er hún sjer, að við erum hjer að taka á okkar arma þá menn, sem hún á að launa, og veitum þeim dýrtíðaruppbót. Jeg tel það meðal annars óheppilegt fyrir þá sök, að bæjarstjórnin og fleiri hafa tekið upp þá stefnu, sem Alþingi fylgdi í vetur. Ef þingið breytir nú um til hins verra, er hætt við, að starfsmenn annara stofnana verði ver settir með dýrtíðaruppbót. (**E. A.**: Ekki Búnaðarfjelagsins). Það er rjett; jeg býst við, að starfsmenn Búnaðarfjelagsins fái uppbót úr landssjóði, enda hefir ekki gleymst að taka það fram í nefndarálitinu. Einhverjum í meiri hlutanum hefir víst þótt mjög áríðandi, að það gleymdist ekki. (**J. B.**: Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) átti ekki þá uppástungu). Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) komst svo að orði, að hann hefði mikla tilhneigingu til að koma með eða aðhyllast ýmsar tillögur, sem ekki voru í samræmi við álit meiri hlutans, enda hefði hann ekki verið sammála honum um ýmislegt. Það er mjög illa farið, þegar menn kæfa niður tilhneigingunna til þess rjetta. Jeg get ekki slept að minnast á það, að háttv. þm. (J. B.) taldi þann grundvöll, sem lagður var af þinginu í vetur, »hjálp-

argrundvöll« og færði sem rök fyrir þeirri skoðun, að orðin »bráð hjálp« komu fyrir í nefndaráliti fjárveitinganefndar á því þingi. Ef háttv. þm. (J. B.) vill halda því fram, að þetta sje nokkur sönnun, skal jeg á sama hátt sanna, að minni hluti bjargráðanefndar byggir á sama grundvelli, því að í nál. hans kemur líka fyrir orðið »hjálp«. En nú hefir bjargráðanefndin klofnað, einmitt af því, að minni hlutinn vildi ekki viðurkenna, að hjer væri um hjálp að ræða, og þessu hefir þm. ekki neitað. Menn sjá því, hvað byggjandi er á þessari röksemdafærslu háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.).

Háttv. þm. (J. B.) talaði líka um, að ástandið væri breytt til hins verra frá því, sem var síðastliðinn vetur, og ætlaði sjer víst að sýna með því, að ástæða væri til að skera uppbótina fremur við neglur sjer nú en þá. Jeg skal benda háttv. þm. (J. B.) á það, að hafi þá verið þörf á að veita ríflega uppbót á launum, þá er þörfin ekki síður brýn nú, enda er þetta játað af öllum, jafnvel háttv. meiri hluta bjargráðanefndar. Jeg skil því ekki, að nokkur skyni gæddur maður geti fallist á þessa röksemdaleiðslu háttv. þm. (J. B.). Ef háttv. þm. (J. B.) hefir átt við nokkuð, þá var helst að skilja, að hann áliti landssjóðinn nú vera svo illa staddan, að hann stæði sig ekki við að borga uppbótina, og hins vegar væri ekki ástæða til að gera mun á embættismönnum og öllum almenningi, með öðrum orðum, ef nokkur kæmist á kaldan klaka, þá ættu embættismennirnir að komast það líka. Jeg vona, að ekki þurfi að eyða orðum að öðru eins og þessu, því að allir hljóta að sjá, hve herfilega villandi þetta. Það getur að sjálfsögðu komið til mála, að landssjóður hlaupi undir baggann með öllum þeim, sem verða illa stæðir, hvort sem hann gerir það með því að veita dýrtíðarhjálp, með því að selja vörur undir verði, eða með því að útvega öllum nægða og nógu vel launaða atvinnu. Það geta allir komist í óverðskuldaðar kröggur vegna þeirra hörmunga, er nú geisa, og á það ekki að koma neitt við þessu máli. Hjer er ekki um annað að ræða en grundvöllinn, sem byggja á á lögin um uppbót á launum starfsmanna landsins, og engum vinnuveitanda mundi detta í hug að gera neyð almennings að grundvelli fyrir kaupgreiðslu, enda væri það í mesta máta rangt. Ef vinnuveitendur færu eftir tillögum þessa háttv. þm. (J. B.), þá miðuðu þeir verkalaunin við það, að verkamenn þeirra yrðu ekki betur settir en þeir, sem í þröng væru komnir eða mundu komast. Það sjá því allir, að ekki nær nokkurri átt að gera þetta að rakaatriði.

Ummæli háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) um, að rjett væri að útiloka frá kaupbót þessari, dýrtíðaruppbótinni, framleiðslumenn, eru þegar hrakin í sambandi við orð annars háttv. þingmanns, og skal jeg því ekki fara um þetta fleirum orðum.

Úr því að háttv. meiri hluti bjargráðanefndar tók með nokkurn mann annan en þann, sem beint vinnur fyrir landssjóðinn, og úr því að hann þykist byggja á þeim grundvelli að veita uppbótina sem hjálp, þá skil jeg ekki, hvernig á því getur staðið, að hann skilur eftir farkennara og ýmsa lausakennara, en tekur með fasta kennara og vill veita þeim »hjálp«. Því verður þó tæplega neitað, að farkennarar munu að öllum jafni ekki vera betur staddir en fastakennarar. Þetta er því einkennilegra, sem í meiri hluta bjargráðanefndar eru einmitt tveir kennarar, og fádæmi, að þeir skuli verða til þess

að fremja slíkt ranglæti á stjettarbræðrum sínum. En þeir munu nú báðir vera fastakennarar.

Jeg hefi nú sýnt það og sannað, að skilningur háttv. meiri hluta bjargráðanefndarinnar á þessu máli sje í öllum aðalatriðum misskilningur, og þess vegna komi till. þeirra ekki að þeim notum, sem þeim er ætlað. Það var því ver farið en heima setið af háttv. meiri hluta, að þeir fóru að leggja »annan grundvöll« en þann, sem lagður var í stjórnarfrumvarpinu og samþyktur hafði verið í vetur af miklum meiri hluta alls þingsins.

Ef vitna á í það, að hagur landssjóðs sje svo, að hann geti ekki risið undir þessari útgjaldabyrði, eins og háttv. þm. Borgf. (P. O.) gerði, þá er því fyrst og fremst þar til að svara, að ekki er sannað, að till. meiri hlutans hafi minni útgjöld í för með sjer, og auk þess er það ósannað mál, að hagur landsins sje svo bágborinn, að ekki sje hægt að fá lán, enda neitar stjórnin því. Það er alkunnugt, að þótt taka þurfi lán, og það jafnvel til eyðslu, þá þarf ekki endilega að leiða af því, að landið sje fjárhagslega illa statt. Enda þarf ekki um það að deila, að nú á að taka lán til þess, að ekki þurfi að auka útgjöld landsmanna, meðan neyðin er mest. Og það er rjett, að þær byrðar, sem við nú verðum að takast á herðar vegna ástandsins í heiminum, komi líka að nokkru niður á eftirkomendunum.

Jeg vildi enn leyfa mjer að minna á tvö atriði, sem jeg sje ekki að komi fram í stjórnarfrumvarpinu nje í till. þeim, sem fyrir liggja. Það eru fyrst tímakennarar við landsskólana. Það ber að taka það skýrt fram, að þeir eigi að fá dýrtíðaruppbót, eins og aðrir kennarar við þá skóla. Þeir hafa eins kensluna sjer að aðalatvinnu og lifa á henni. Jeg vænti þess, að þetta verði leiðrjett við 3. umr. Sömuleiðis vil jeg taka það fram, að mjer virðist ekki næg ástæða til að gera undantekningu með þá menn, sem nefndir eru í 2. lið 1. gr., nefnilega, að hafi eftirlaunamenn launaðan starfa hjá landssjóði, þá skuli uppbótin að eins greidd af hærri launum. Mjer virðist ekki spursmál um að veita uppbótina af öllum launum, enda er hjer ekki nema um örlitla upphæð að ræða, því að þessir menn eru, eftir því sem mig minnir, ekki nema 2, eða ef til vill ekki nema einn. Það er því fremur ástæða til að veita þessum mönnum uppbót af samanlögðum launum, sem laun þeirra munu einmitt miðuð við það, að þeir hafa ofurlítil eftirlaun. Nú þurfa þessir menn að lifa eins og aðrir, og er því síst ástæða til að útiloka þá frá öllu rjettlæti, þótt þeir fái kaup sitt í tvennu lagi. Að minsta kosti ætti það ekki að skaða að aðgæta, að hverju gagni slík »sparsemi« verður. Ef háttv. nefnd gerir ekki brtt. um þetta hvorttveggja til 3. umr., þá mun jeg leyfa mjer að koma fram með hana, og býst jeg við, að menn muni samþ. hana, ef deildin er ekki staðráðin í að samþ. ekkert nýtilegt í þessu máli.

Einar Jónsson: Jeg skal lofa því og efna það að vera ekki margmála, enda er mjer farið að blöskra, hve mikið er um þetta mál rætt. Þætti mjer sanngjarnara að veita embættismönnum heldur ríflegri dýrtíðaruppbót en eyða öllu þessu fje í gagnslausar umræður. Það er líka sannarlega hart, að menn skuli ekki geta þagað um þetta mál, þegar öll skjöl og skilríki liggja frammi, hverjum manni til afnota, svo að hægt er að mynda sjer skoðun samkvæmt þeim, en vonlaust um að snúa nokkrum manni með þessum endalausum ræðum. Þó tekur ræða háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) út yfir allan þjófabálk, því að hún er

hvorttveggja í senn, lengsta ræðan, sem um málið hefir verið haldin, og jafnframt sú þýðingarminsta. Það er annars einkennilegt, að einmitt þeir mennirnir, sem nú njóta uppbótarinnar, viðhafa stærstu orðin um ranglætið, sem verið sje að fremja af meiri hluta bjargráðanefndarinnar, og vilja sífelt láta færa meir og meir út kvíarnar í öllu þessu drasli.

Mjer sýnist nú, að sanngjarnt væri að útiloka þá embættismenn frá því að fá dýrtíðaruppbót, sem ekki þurfa að vinna að embætti sínu á sumrin. Sömuleiðis ætti ekki að veita þeim embættismönnum, sem eru þingmenn, neina dýrtíðaruppbót. Þingfararkaupið er fyrir þá alveg fundið fje, en við bændur erum hjer okkur til stórskaða, en erum þó öfundaðir af tekjum, og jafnvel skattlagðir þeirra vegna á ýmsum sviðum. Það verður líka að vera af einhverju, að Reykvíkingar leggja alt kapp á að flytja þingið á sumarið. Það er þeim til hagræðis, en okkur til bölvunar. Jeg býst líka við því, að embættismenn mundu ekki harma það, þótt við bændur kæmumst ekki á þing sökum annríkis. Þá gætu þeir veitt sjálfum sjer dýrtíðaruppbót eins og þá lysti.

Jeg vil annars undirstrika það, sem háttv. þm. Borgf. (P. O.) sagði og færði rök fyrir, að ástæður eru nú mikið aðrar en síðastliðinn vetur, og því ástæða meiri nú en þá til að takmarka sem mest fjáraustur úr landssjóði. Og því er þó ekki hægt að neita, að till. meiri hlutans í bjargráðanefndinni hafa minni fjárútlát í för með sjer en till. stjórnarinnar. Jeg held því fram, að það er ekki ámælisvert, þótt bændur vilji eitthvað draga úr fjáraustrinum. Ef starfsmenn landsins eru illa stæðir, þá er ekki nema sjálfsagt að hlaupa undir baggann með þeim, ef landssjóður getur það. En enginn gerir meira en honum er mögulegt.

Sumir háttv. þm. hafa nú reynt eftir mætti að gera eins mikinn glundroða í þessu máli og þeim var mögulegt, en það fá þeir þó ekki sannfært nokkurn mann með fullu viti um, að embættismenn, sem sjálfir eru framleiðendur, eigi jafnan rjett á uppbótinni eins og hinir, sem enga framleiðslu hafa. Þeir geta aldrei vilt okkur svo sýn, að við sjáum ekki, að þeir sem hafa framleiðslu, þurfa og eiga enga dýrtíðaruppbót að fá.

Jeg skal svo ekki orðlengja um þetta frekar, en vona einungis, að umr. verði ekki haldið áfram í alla nótt. Jeg mun síðar sýna með atkvæði mínu, hvernig jeg lít á hinar einstöku brtt.

Einar Arnórsson: Jeg skal ekki fara út í einstök atriði. Það er þegar búið að ræða þau svo, að vart er þörf á meiru.

Það var að eins eitt atriði, sem jeg ætlaði að minnast á. Eins og kunnugt er var á aukaþinginu í vetur samþykt þingsályktunartillaga um dýrtíðaruppbót, og það er eftir reglum, sem settar voru í till., sem frv. stjórnarinnar um dýrtíðaruppbót til embættismanna er samið. Jeg get ekki láð stjórninni, þótt hún bæri fram þetta frv. Jeg hefði miklu fremur talið það vanrækslu frá hennar hendi, hefði hún ekki gert það. Á aukaþinginu í vetur var það kunnugt og játað, að hækkun á aðalnauðsynjum hafi í októbermánuði í fyrrahaust verið orðin 70%. Á þessum grundvelli var þingsályktunartillagan, sem jeg gat um, bygð. Nú er það játað í nál. meiri hlutans, að nú sje hækkun á nauðsynjavöru orðin 170% frá því, sem var

fyrir stríðið. Með öðrum orðum, hækkunin hefir meira en tvöfaldast frá því í fyrrahaust.

Nú er eitt af tvennu til. Annaðhvort hefir aukaþingið í vetur farið óforsvaranlega langt, eða meiri hluti nefndarinnar nú óforsvaranlega skamt. Á það má benda, að þingsályktunartillagan í vetur var samþykt með miklum atkvæðamun; voru að eins 7 á móti, en allir aðrir með. Það hafa fá mál náð fram að ganga með jafnmiklum meiri hluta og þetta. Gera má ráð fyrir, að þingið í vetur hafi ekki samþykt blábera vitleysu. Hafi þingið í vetur ekki verið mun óvitrara en önnur þing, væri harla einkennilegt ef þetta þing samþykti að lækka uppbótina, þótt vörur hafi stigið um helming síðan þá.

Aðalástæðan, sem nú er borin fyrir, er ekki heldur sú, að uppbótin í vetur hafi verið ofhá, heldur að hagur landssjóðs sje nú svo bágborinn, að hann þoli ekki þau útgjöld, sem jafnhá uppbót hefði í för með sjer. Það er sagt, að landssjóður sje nú mjög skuldugur. Ef jeg man rjett, var skuld landssjóðs fyrir stríðið tæpar 2 miljónir. En eignir hans, varasjóður, verðbrjefaeign, eign í Landsbankanum, hlutabrjef í Eimskipafjelaginu o. fl., námu miklu meiru en sem svaraði skuldunum. Lán, sem stofnað hefir verið til síðan stríðið byrjaði, eru ekki hættuleg. Hve há þau eru veit jeg ekki, enda skiftir það ekki miklu. Þau eru ekki eyðslufje. Það er sama um þau og lán, sem útgerðarmenn og kaupmenn taka. Bak við standa vörurnar, sem landssjóður hefir keypt fyrir fjeð. Það er því ekki hægt að segja, að hagur landsins sje bágborinn, fremur en að kaupmaður, sem skuldar eftir reikningum að dæma, en á stórbirgðir, sje illa staddur. En þó að svo væri, að landssjóður þyrfti að auka skuldir vegna dýrtíðaruppbótar embættismanna og annara frv., sem háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) og ýmsir aðrir bera fram, þá er það ekki annað en það, sem viðgengst nú í öllum löndum. Öll ríki, þótt hlutlaus sjeu, hafa haft mikinn stríðskostnað, en til að greiða hann hafa verið tekin lán. Það kemur til af því, að stjórnir landanna hafa ekki sjeð ástæðu til að pína sig og plága til að greiða allan kostnaðinn strax, heldur er honum jafnað á mörg ár í framtíðinni, og ef til vill á fleiri kynslóðir. Þessu er líkt farið og þegar Reykjavíkurbær ræðst í eitthvert fyrirtæki, vatnsleiðslu, gasstöð eða hvað það nú er; þá dettur bæjarstjórninni ekki í hug að greiða allan kostnaðinn á einu ári. Nei, bærinn tekur lán, sem er svo greitt á 30—40 árum. Þótt ekki sje hjer algerlega líku saman að jafna, þá er stefnan sú hin sama, að dreifa greiðslunni á fleiri ár.

Þessi ástæða, að hagur landssjóðs sje nú ofbágborinn til þess, að hægt sje að veita starfsmönnum landsins launauppbót, er því í mínum augum vætkisverð. Með þessum orðum á jeg ekki eingöngu við það frv., sem nú liggur fyrir deildinni, heldur og öll frv., sem fram hafa komið um dýrtíðarhjálp. Það ber ekki að taka neina sjerstaka stjett út úr, og hjálpa henni einni, heldur á að hjálpa öllum, sem eru hjálparþurfar. Þar fyrir er það ekkert misrjetti fyrir aðra, að fyrst og fremst er hugsað um embættismennina, sem eru í alveg sjerstökum skilningi starfsmenn landsins. Þeir eru ráðnir upp á ákveðið kaup, en borgað í sviknum gjaldeyri, ef jeg má komast svo að orði, því að í raun og veru er gjaldeyririnn svikinn, þar sem hann gildir miklu minna en ætlast var til, þegar mennirnir voru ráðnir. Það er samskonar fyrirbrigði, sem nú á sjer stað, og við bankahrunið 1813, þegar

seðlar fjellu stórmikið í verði; þá voru þeir svikinn gjaldeyrir, þar sem þeir höfðu miklu minna gildi en menn áttu kröfu til og þeir sögðu sjálfir.

Það var að eins þetta, sem jeg ætlaði að taka fram. Jeg tel mjer óþarft að minnast á einstök atriði. En þar sem brtt. háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) fara nær hinu rjetta en till. meiri hlutans, mun jeg greiða þeim atkvæði, ef frv. nær ekki fram að ganga óbreytt, því að þegar ekki er kostur á því, sem er í alla staði rjettlátast, verður að taka það, sem er næstbest.

Hákon Kristófersson: Þetta mál hefir bæði nú og eins á þinginu í vetur vakið miklar umræður. Jeg var einn af þeim, sem í vetur greiddu atkv. á móti þingsályktunartillögunni um dýrtíðaruppbótina. Jeg gerði það ekki af því, að jeg væri mótfallinn dýrtíðaruppbót, heldur af því, að jeg var óánægður með niðurröðunina og allan undirbúning málsins. Mjer, eins og mörgum fleirum, var kunnugt um, að það mál var ekki borið upp í þinginu eftir einróma ósk þeirra, sem hlut áttu að máli, heldur átti það alt aðrar orsakir. Því að það var vitanlegt, að flestum, ef ekki öllum, embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs, er búsettir voru utan Reykjavíkur, var símað af háttsettum mönnum hjeðan, og þeim bent á að krefjast dýrtíðaruppbótar. En eins og jeg taldi það sjálfsagt þá, að margir af embættismönnum fengju uppbót, þá tel jeg það enn sjálfsagðara nú. Það er heldur enginn, sem neitar því, að uppbót sje sanngjörn, ef ekki sjálfsögð. Ágreiningurinn er um það, hvaða leið skuli farin. Nefndin hefir ekki orðið á eitt mál sátt, heldur hefir hún tví-, þrí- eða fjórklofnað. Mjer kemur ekki til hugar að væna nokkurn klofninganna um, að hann leggi til annað en það, sem hann hyggur að best muni hlíta. Það verð jeg þó að segja, að með engar af tillögum þeim, er klofningarnir koma með, er jeg fyllilega ánægður.

Meiri hlutinn leggur til, að embættismönnum, sem hafa verulegar tekjur af framleiðslu, sje engin uppbót veitt. Þessa till. tel jeg á mikilli sanngirni bygða, ef hægt væri að slá einhverju föstu með það, hvað væri veruleg framleiðsla. Hver á að meta það? Eftir því, sem þetta hefir verið skýrt af frsm. (S. S.), mun hjer vera átt við þá embættismenn, er til sveita búa og hafa þá um leið tekjur af framleiðslu. Að undanskilja þá með öllu tel jeg mjög varhugavert, því að vitanlega eru margir af þeim fátækir menn, er vissulega þurfa dýrtíðarhjálpar með.

Vitanlega mun dýrtíðin koma harðast niður á kaupstaðarbúum. Húsnæði og eldiviður þar afardýrt. Að því leyti má telja, að menn í sveit komist betur af, því að þar mun að öllum jafnaði vera hægra að afla eldiviðar á ódýrari hátt. Sömuleiðis húsnæði þar jafnaðarlega ódýrara en í kaupstöðum, en þetta tvent gerir lífsframfærslu kaupstaðarbúa svo feikna erfiða.

Meiri hlutinn leggur og til, að þeir, sem hafa lausakenslu með höndum, fái enga dýrtíðaruppbót. Um þetta get jeg verið nefndinni algerlega sammála. Þessir menn fá fæði og húsnæði hjá sveitarfjelaginu. Dýrtíðin kemur því lítið við þá hvað þetta snertir. Það verður sveitin, sem aðalafleiðingar dýrtíðarinnar lenda á. Svona er það, að minsta kosti þar, sem jeg þekki til.

Framsm. meiri hlutans (S. S.) sagði, að dýrtíðaruppbótin, sem veitt var á aukaþinginu í vetur, hafi numið 420 þús. kr. Jeg held, að honum hafi gleymst liður í aukafjárlögunum, sem þó var ekki alllítill, yfir 20 þús. kr. Það væri því rjettara að telja dýrtíðar-

uppbótina að minsta kosti 440 þús. kr., og efast jeg um, að þá sje þó alt talið. (S. S.: Alveg rjett).

Háttv. Dala. (B. J.) hjelt því fram, að ekki ætti að líta á, hvort menn væru einhleypir, eða hvernig útkoma þeirra væri á annan hátt. Jeg get ekki, hve feginn sem jeg vildi, fallist á, að skoðun hans um þetta sje rjett, enda mjer óskiljanlegt, að jafnvitur maður skuli halda henni fram. Ef ekki bæri að taka tillit til ástæðna manna, þá ættu allir að fá dýrtíðarhjálp, hve hátt sem launaðir eru.

Mjer skilst svo, að veita eigi uppbótina af sem mestri mannúð, að uppbótinni sje ætlað að koma í veg fyrir, að enginn þurfi að búa við sult og seyru með sig og sína. Þetta hefir og vakað fyrir bæði þingi og stjórn. Annars væri öllum veitt jafnhátt hundraðsgjald í uppbót, án tillits til launahæðar; þar, sem þeirri reglu hefir ekki verið fylgt, er ómögulegt að líta öðruvísi á en svo, að taka beri tillit til þess, hvort viðkomandi er fjölskyldumaður eða ekki.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) gat þess, að uppbótin væri af sumum þm. talinn fátækrastyrkur. Jeg hefi ekki heyrt nokkurn þm. láta sjer slíkt um munn fara, og verð að efast um, að hv. þm. (B. J.) fari hjer með rjett mál.

Þá talaði háttv. V.-Sk. (G. Sv.) í sinni löngu ræðu um, að hver maður verði að hlýða samvisku sinni og sannfæringu um þetta efni. Það var vel og viturlega mælt, og tek jeg þá áminningu fyrir mitt leyti vel upp.

Þá talaði hann mörg og fögur orð um, hve sanngjarn grundvöllurinn væri, sem var lagður í vetur. Jeg hefi síðan verið að velta því fyrir mjer, hvort hann hafi ekki verið einn af þeim, sem lögðu þann grundvöll. Og jeg vona, að hann fyrirgefi mjer, þótt mjer fyndist hann hafa nokkuð sterk orð um ágæti hans. Hann sagði og, að þingmenn slægju á þá strengi heima í hjeruðum, að uppbótin væri gustuk. Jeg verð að mótmæla þessu hvað mig snertir, og jeg þykist þess vís, að þessar aðdróttanir háttv. þm. (G. Sv.) eru algerlega gripnúr lausu lofti og mega teljast, vægast sagt, ómaklegar.

Því hefir verið slegið fram af hæstv. fjármálaráðherra (B. K.), að stjórnin hafi í frv. sínu ekki farið nógu langt í tillögum sínum; hún hefði sjeð það, að sanngjarnt hefði verið að fara lengra. Mjer kemur þetta undarlega fyrir, því að ef stjórnin hefði talið sig eiga að fara lengra, hefði hún átt að gera það, og ekki skirrast við það, þótt hún byggist jafnvel við, að þingið yrði svo ranglátt, að það vildi ekki taka sanngjarnar tillögur sínar til greina, því að vitanlega átti slíkt ekki að bægja henni frá að gera það, sem hún áleit skyldu sína. En betur hefði jeg kunnað við, úr því að frv. fer í gjaldaáttina, að stjórnin hefði um leið leitað heimildar til lántöku til að vega á móti gjaldaaukanum.

Þá skal jeg hverfa að öðru, og leyfa mjer að spyrja hæstv. stjórn, hvað hún meinar með því, er hún segir, að þessi og þessi embættismaður eða sýslunarmaður eigi að fá svo og svo háa hundraðsuppbót á launum sínum. Er það meining hennar, að draga eigi frá laununum kostnað þann, sem fylgir embættisrekstrinum, svo sem skrifstofukostnað og þess háttar, og reikna svo uppbótina af þeirri launaupphæð, sem þá er eftir? Jeg hefi ekki haft tök á að lesa, nema að litlu leyti, hinn langa lista um úthlutun dýrtíðaruppbótarinnar í vetur. Listi þessi hefir legið hjá háttv. bjargráðanefnd, og hefir því ekki verið til sýnis fyrir þingmenn yfirleitt, en jeg hygg þó, að frá muni hafa verið dreginn

kostnaður við embættisrekstur hlutaðeigandi embættismanna. Um þetta vildi jeg fá að heyra yfirlýsingu hæstv. fjármálaráðherra (B. K.). Einnig vildi jeg leyfa mjer að spyrja um það, hvort póstar heyri undir þann flokk sýslunarmanna, sem hafa aðalstarf sitt í þágu hins opinbera. Mjer er það ekki vel ljóst, en jeg býst við, að stjórnin hafi lagt það niður fyrir sjer. Mín skoðun er, að þótt flestir póstar ef til vill hafi einhverja litla framleiðslu, þá sjeu póstferðirnar aðalstarf þeirra, en af tillögum stjórnarinnar, er fyrir liggja, fæ jeg ekki sjeð, að hún ætli þeim neina dýrtíðaruppbót, en að mínu áliti eru þeir einmitt manna maklegastir fyrir hana, margir hverjir.

Jeg mun með atkvæði mínu sýna, hverjum hlutanum jeg fylgi, en, eins og nú standa sakir, vildi jeg helst hafa getað fylgt minni hlutanum að máli, því að þess geng jeg ekki dulinn, að nú er brýnni þörf fyrir dýrtíðarhjálp en í vetur; þá hafði ekki helmingurinn af þeim, er hennar nutu, neina brýna þörf fyrir hana, enda er mjer ekki ókunnugt um það, að sumir, er hana fengu, notuðu hana ekki fyrir eyðslueyri.

Að endingu vil jeg taka það fram, að jeg tel það tæplega rjett að undanskilja alla þá, er einhverja framleiðslu hafa. Þau ákvæði munu koma harðast niður á prestunum, en auk þess, sem þeir eru margir hverjir mjög nýtir embættismenn, er efnahag margra þeirra þannig háttað, að þeir hafa mikla þörf fyrir dýrtíðarhjálp. En eftir því, sem um málið hefir verið talað hjer í hv. deild, býst jeg við, að stjórnin hafi nokkuð óbundnar hendur, eftir atvikum, hvað þetta snertir.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg skal svara fyrirspurn háttv. þm. Barð. (H. K.) því, að dýrtíðaruppbótin var greidd af föstum launum embættis- og sýslunarmanna, og kom því ekki til greina að draga frá kostnað við embættisrekstur, nje heldur, að greidd væri dýrtíðaruppbót af aukatekjum.

Að því er póstana snertir, voru þeir ekki taldir með; það var ekki hægt að koma þeim undir þær reglur, sem dýrtíðaruppbótin var veitt eftir. Það verður því að fara fram sjerstök fjárveiting handa þeim. Mun háttv. þm. (H. K.) hafa orðið þess var, að slík fjárveiting hefir verið tekin upp í fjáraukalög 1916 og 1917.

Þórarinn Jónsson: Það eru aðallega tvö atriði, sem um er deilt í máli þessu, um skyldu landssjóðs til að veita dýrtíðaruppbót og um grundvöllinn, sem hún eigi að byggjast á, og má það undrum sæta, hversu langar deilur hafa risið um þetta. Það kom í ljós á þinginu í vetur, að þingmönnum þótti skylt að bæta embættismönnum og sýslunarmönnum landsins að einhverju laun þeirra. En ýmislegt hefir þó eigi verið rjett, sem nú hefir verið um það sagt. Það er fyrst og fremst ekki rjett að miða dýrtíðaruppbót þá, sem nú á að veita, við dýrtíðaruppbót þá, sem ofan á varð í vetur. Þá komu fram till. um að veita uppbótina á annan hátt en á endanum varð; þær voru feldar, og greiddu þá ýmsir, er þeim voru fylgjandi, eigi að síður atkvæði með þingsál.-till., af því að þeir vildu ekki ónýta málið, þótt þeir teldu sínar till. rjettmætari. Það er ekki við því að búast, að þessir menn telji það sjálfsagt að miða dýrtíðaruppbótina við þá uppbót, sem þeir voru óánægðir með, eins og hún varð, og er jeg einn í þeirra tölu.

Jeg álít það skyldu að bæta embættis- og sýslunarmönnum, svo sem kostur er á og ástæður leyfa, halla þann, sem þeir hafa orðið fyrir vegna dýrtíðarinnar.

En það er líka skylda þessara manna að taka þátt í erfiðleikum þjóðarinnar og gera sjer að góðu, þótt eigi sje kostur á að borga þeim að fullu tjón það, sem þeir hafa orðið fyrir við verðfall peninga. Sje þetta rjett, þá er það ekki rjett, að verðfall peninganna eigi að vera eingöngu grundvöllurinn undir dýrtíðaruppbótinni.

Jeg skil ekki, að jafnskýrir menn og þeir eru, sem segja, að eingöngu eigi að miða uppbótina við verðfallið, sjái það ekki, að þeir hafa ekki sjálfir fylgt þeirri reglu, og ekki hefir stjórnin heldur gert það; væri henni fylgt, ættu allir að fá hlutfallslega jafnt. En hjer er þeim veitt tiltölulega mest, sem lægst hafa launin, og þeim engin dýrtíðaruppbót ætluð, sem hafa þau hæst. Hjer er farið fram á að veita dýrtíðaruppbótina eftir efnum og ástæðum.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) tók það fram, að sá, sem hefði framleiðslu, gæti haft eins mikla þörf fyrir dýrtíðaruppbót eins og hinn, sem hefði hana enga. Þótti honum gæta ósamræmis í áliti meiri hlutans. En jeg vil þá mega spyrja, getur það ekki líka komið fyrir, að hátt launaður maður hafi meiri þörf dýrtíðaruppbótar en lágt launaður? Sá lágt launaði getur átt stórfje í bönkum, og ástæður hans að ýmsu leyti verið þannig, að hagur hans sje betri en hins hátt launaða. Hjer er því grundvöllurinn hinn sami hjá báðum og ósamræmið hið sama.

Eftir því, sem hjer hefir verið bent á, sje jeg ekki betur en grundvöllurinn sje hinn sami hjá stjórninni, minni hlutanum og meiri hlutanum; allir hneigjast að því að veita uppbótina eftir efnum og ástæðum. Verður þá deilan aðallega um það, hve langt skuli fara eða unt sje að fara. Ástæður eru nú breyttar frá því í vetur. Embættismenn geta vart lifað á launum sínum, framleiðendur munu tapa á framleiðslunni, og framtíðarhorfur verkamanna eru iskyggilegar. Það má segja, að framleiðendur muni geta bjargast áfram, þótt þeir tapi, ef þeir verða ekki fyrir óvæntum stóráfellum; og verið er að ræða um að bæta embættismönnunum að einhverju fyrir misærið, en þegar þeir og vjer rennum augunum yfir ástandið, eins og það er, þá geri jeg ráð fyrir, að þeir muni gera sjer að góðu minni upphæð en í vetur var veitt; því að þegar um uppbótina er að ræða, verður að hafa hliðsjón af því, að hjálpa þarf líka verkalýðnum til að draga fram lífið. Háttv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að ef hallæri kæmi, þá ætti landssjóður að hlaupa undir bagga og mundi gera það. Það hafa áður komið hallæri hjer, og landssjóður hefir hjálpað, en jeg veit ekki til, að hann hafi hingað til veitt aðra hjálp en lán; hann hefir veitt hallærislán eða dýrtíðarlán, sem átt hefir að endurgreiða, þegar betur áraði. Eins verður líklega að gera nú og veita alþýðu manna lán af landsfje og embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs takmarkaða dýrtíðaruppbót. Jeg minnist á þetta í sambandi við annað frv., sem fram hefir komið, frv. um að selja mönnum vörur langt undir sannvirði. Sá vegur, sem þar er bent á, er ófær; hann mundi kosta landið margar miljónir króna; auk þess er ekki gott að draga úr hvötinni hjá mönnum til að bjarga sjer sjálfir. Hitt gæti komið til mála, sem frsm. meiri hlutans (S. S.) hefir minst á, að gefa eitthvað síðar meir upp af skuldum þeim, sem skapast, ef afarerfitt reynist að borga þær. En það ætti alls ekki að gera nema í ítrustu nauð. Jeg minnist á alt þetta til að benda á, að ástæður allar sjeu nú mun iskyggilegri en þær voru í vetur, og því reki nauður til, að dýrtíðaruppbótin sje ákveðin lægri nú en þá. Embættismennirnir

hljóta að taka þátt í hinum almennu erfiðleikum, og með því að spara á allar lundir yrðu þeir þjóðinni til fyrirmyndar og ynnu með því þarft verk og vinsælt. Þetta mun hafa vakað fyrir meiri hlutanum, og eftir því hefir hann sniðið till. sínar. Það hefir verið talað um það, að þeir, sem samþyktu till. um dýrtíðaruppbótina í vetur, mundu ekki hafa skift um skoðum síðan, og því fylgja nú till. stjórnarinnar. Jeg gat þess áðan, hvernig stóð á því, að jeg og fleiri greidduṃ atkvæði með till. í vetur; það var ekki af því, að vjer værum ánægðir með hana, heldur kusum við þann kostinn fremur en að málið ónýttist með öllu. Það er því ekki að skifta um skoðun, þótt vjer sjáum oss ekki fært að fylgja því nú, sem vjer vorum óánægðir með þá.

Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) þótti þingið hafa verið furðu fljótt að skifta um skoðun. Hann ætti þó ekki að þurfa að furða sig svo mjög á því, því að sjálf stjórnin hefir verið enn fljótari að því. Í stjórnarfrv. því, sem nú liggur fyrir þinginu, er ætlast til, að allir embættismenn og sýslunarmenn fái uppbót á launum þeim, er þeir hafa fyrir aðalstarf sitt í þágu hins opinbera. En í tillögunni í vetur stendur þannig, að hjá þeim embættis- og sýslunarmönnum, er jafnframt landssjóðslaununum hafa aukatekjur, er metnar verði til peninga, af embætti sínu eða sýslan, komi launin eða tekjurnar samanlagðar til álita við greiðslu og útreikning dýrtíðaruppbótar. Þetta er gersamlega ólíkt hinu, og stjórnin hefir vikið frá hinum fyrra grundvelli sínum.

Nú ganga og undan heilir flokkar manna, sem þá fengu uppbót, t. d. kennarar; þá var svo langt farið, að uppbótin náði til sveitakennara og fjelaga, sem nutu landssjóðsstyrks og höfðu menn í þjónustu sinni. Jeg hafði í vetur, eins og nú, löngun til, að allir embættismenn nytu uppbótar, því að það er engin sönnun fyrir því, að maður með 5000 kr. launum sje betur stæður en annar með 1500 kr. launum; það geta verið margar og eðlilegar orsakir til þess. Meðal annars ættu lágu launin, ef launum er rjettilega skipað, að benda til þess, að sá, sem þau hefir, hafi fremur lítinn starfa að vinna fyrir þau, og gæti því einnig unnið að öðru.

Það er satt, sem háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) sagði, að hjer er ekki verið að veita fulla uppbót á peningaverðfallinu, heldur er verið að leita að þörfinni og leitast við að ráða bót á henni, eftir efnum og ástæðum; því er það hlægilegt að vera að tala hjer um sveitarstyrk, þar sem það er fyllilega viðurkent, að um uppbót sje að ræða.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að nefndin hefði klofnað af því, að meiri hlutinn hefði viljað kalla uppbótina hjálp. En hvorki hefi jeg heyrt þessu haldið á loft í umræðunum, nje heldur kannast meiri hlutinn við það; hann segir í nál., að nafnið hafi ekkert aðalatriði verið fyrir sjer; og harla einkennilegt má það heita að slíta strax samvinnu vegna ósamkomulags um nafnið; nefndin gat þó auðsjáanlega rætt mörg önnur atriði málsins saman, hverjum fje skyldi veita og eftir hvaða reglum o. s. frv., og skilið svo.

Hæstv. forsætisráðherra og fleiri hafa tekið það fram, að þingið mætti ekki ganga skemra nú en í vetur. Þetta segja þeir, þótt það sjáist svart á hvítu, að stjórnin hefir gert það sjálf, eins og jeg drap á áðan.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, að sá grundvöllur, sem þingið bygði á í vetur, væri hinn besti, hinn sanngjarnasti og hinn rjettlátasti, en hann vjek ekki að því, að stjórnin hefir vikið frá þessum grundvelli. Það er auðsætt, ef

vel er athugað, að það er sami grundvöllurinn, sem allir byggja á, hvað sem hver segir, bæði meiri hlutinn, minni hlutinn og stjórnin. Annars væri hjer að eins um einfalt reikningsdæmi að ræða, ef öllum ætti að veita hlutfallslega jafna uppbót, og þá þyrfti ekki að eyða mörgum orðum um málið.

Jeg býst við, að jeg muni greiða atkvæði með tillögum meiri hlutans, þótt jeg sje ekki fullkomlega ánægður með þær, og hefði óskað, að uppbótin hefði getað gengið jafnara yfir. Þó geri jeg það ekki að kappsmáli, og geri ekki ráð fyrir að koma með brtt. um það. Jeg játa, að það sje erfitt fyrir stjórnina að ákveða, hvar takmörkin sjeu milli þeirra, sem hafa verulega framleiðslu, og hinna; og hygg jeg, að kippa mætti því ákvæði burt, án þess að nokkurt ranglæti væri framið.

Það er svo erfitt að koma með brtt. í þessu máli, af því að svo vandasamt er að sjá, hvort þær skaða ekki jafnmikið eða meira á öðrum sviðum, þótt þær bæti úr á einu.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Sigurðsson): Það hafa nú þegar verið haldnar 16 ræður í máli þessu síðan umræður hófust í dag. Hefir helmingur þeirra verið með brtt. meiri hlutans að meira eða minna leyti, en helmingur móti, og það hefir þegar verið svarað mörgu í þeim 8 ræðum, sem andstæðingar vorir hafa haldið. Get jeg því sparað mjer margt af því, sem jeg mundi annars hafa sagt, af því að aðrir hafa tekið af mjer ómakið.

Háttv. frsm. minni hl. (B. J.) kvað sig í upphafi ræðu sinnar vera í tveim aðalatriðum á móti brtt. meiri hlutans. Í fyrsta lagi að því er snerti eðli fjárveitingarlaunar. Við vildum nefna hana hjálp, en hann ekki. Og í öðru lagi þótti honum uppbótin, sem til er tekin í brtt., oflág. Um eðli málsins, eða að tillaga okkar líti út eins og um hjálp sje að ræða, hefir svo margt verið sagt, að það er að bera í bakkafullan lækinn að bæta þar miklu við. Þó skal jeg geta þess, að tillaga okkar nú byggist á sama grundvelli sem lögin frá 3. nóv. 1915, um dýrtíðaruppbót. Hefi jeg ekki orðið þess var, að neinn hafi hneykslast á þeirri uppbót, er lögin heimila, miklu heldur hins, að tekið hafi verið þakksamlega á móti hjálp þeirri, sem með lögunum er veitt. Og þótt svo líti út, sem þar sje um hjálp að ræða, þá veit jeg ekki til, að einn einasti maður hafi þóst upp úr því vaxinn að hagnýta sjer þá hjálp. Það þýðir því ekki að vera að þræta um þetta. Það hefir verið sýnt fram á, að hjálp er verið að veita, en að öðru leyti er mjer sama um, hvaða nafn henni er gefið.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) kvað tillögu meiri hlutans vera, að forminu til, móðgun við embættis- og sýslunarmenn landsins. Ekki hefi jeg orðið þess var, að neinn hafi hingað til talið sig svo móðgaðan, að hann hafi ekki tekið á móti dýrtíðaruppbót þeirri, er honum stóð til boða. En finni einhver sig móðgaðan, þá er ekki vandinn annar fyrir hann en sá, að lítillægja sig ekki með því að taka á móti dýrtíðaruppbót þeirri, sem honum er ákveðin. Enginn mun verða til þess að neyða henni upp á menn.

Okkur kemur saman um hitt atriðið, að uppbótin sje lág. Jeg tók það þegar fram í framsöguræðu minni, að hún væri lág, og jeg vildi óska, að fært hefði verið að fara lengra, en því er ekki að heilsa. Uppbótin er ekki nándar nærri fullnægjandi fyrir alla, og allra síst fyrir þá, sem eru lágt launaðir og nú komast ekki af nema að safna skuldum. En svo er um allan þorra manna, nema þá, er stunda verslun eða einhvern arðsaman atvinnurekstur. Verkamenn

mega ekki missa einn einasta dag, ef þeir eiga ekki að safna skuldum. Það er því ekkert einstakt með embættismenn, þótt þeir eigi erfitt með að komast af. Það á nú að vera sameiginlegt fyrir alla að spara, lifa einfaldara lífi en áður hefir átt sjer stað.

Hv. framsm. minni hlutans (B. J.) gat þess, að ekki væri vel viðeigandi að veita að eins embættismönnum hjálp, eins og hann komst að orði, þar sem öðrum stjettum væri ekki veittur styrkur á líkan hátt. Þessu hefir verið svarað áður, og skal jeg ekki fara frekar út í það, að eins bæta því við, að nú er þingið að gera ráðstafanir til að hjálpa öllum. Á það benda frv. þau, sem nú eru á dagskrá, eins og t. d. frv. háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) um að selja mönnum vörur undir verði, frv. um almenna dýrtíðarhjálp og loks frv. um dýrtíðarstyrk, frá háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Öll þessi frv. miða að því að hjálpa almenningi. Það má nærri því segja, að sakir dýrtíðarinnar sje allur þorri manna hjálparþurfi, og það er skylda löggjafarvaldsins að sjá þeim borgið á einhvern hátt, sem ekki komast af, svo að eigi hljótist af meiri vandræði.

Háttv. framsm. minni hlutans (B. J.) tók t. d. mann, er semdi við vinnumann eða kaupamann um ákveðið kaup, og sagði, að hann myndi ekki miða kaupið við það, hvort maðurinn hefði ómaga fyrir að sjá eða ekki. Þetta er að vissu leyti rjett, en skýtur þó skökku við því, sem hjer er um að ræða. Það er fyrir löngu búið að semja um þetta vissa kaup — launin — við embættismennina og lengi búið að borga það. En þessi uppbót er ekki kaup í sjálfu sjer, heldur uppbót á launununum sakir dýrtíðarinnar. Og þegar uppbótin er skoðuð í þessu ljósi, er það ekki nema eðlilegt, að tekið sje tillit til ástæðna manna, eins og gert er í till. meiri hlutans. Og svo að jeg víki að dæminu aftur, þá er ekki óhugsandi, að bóndinn bætti vinnumanninum halla, er hann kynni að hafa orðið fyrir, ef sjerstakar ástæður væru fyrir hendi. Dæmið sannar þess vegna ekki það, sem háttv. þm. Dala. (B. J.) vildi láta það sanna, heldur þvert á móti.

Háttv. framsm. (B. J.) gat þess, að dýrtíðin legði skatt á embættismennina. (**B. J.**: Sagði ekki, að dýrtíðin gerði það). Nú jæja, þetta yfirstandandi ástand. Það er rjett. En þetta ástand leggur samskonar skatt á alla. Þessum skatti er enginn undanþeginn. En ástæður manna eru mismunandi, og þar af leiðandi þola menn misjafnlega vel þann skatt, sem nú er lagður á þjóðina, sakir ófriðarins mikla.

Þá gat hv. framsm. (B. J.) sjer þess til, að kjósendur landsins yfirleitt myndu ekki kunna því vel, ef dýrtíðaruppbótin væri skorin mjög við neglur sjer, og kunna betur við till. minni hlutans en meiri hlutans. Um það skal jeg engu spá, og læt mjer á sama standa. En benda má honum og öðrum, er halda svipuðu fram, á ýmsar þingmálafundargerðir, er benda á hið gagnstæða.

Hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra (B. K.), ásamt fleiri háttv. og mikilsvirtum þm., svo sem hv. þm. Stranda. (M. P.), gerðu mikið veður út af því, að erfitt mundi að fullnægja sumum ákvæðum í till. meiri hlutans, ef þær yrði samþ. Sjerstaklega fundu þeir tvo snaga að hengja hatta sína á, framleiðendur og einhleypa menn. Um framleiðendur þótti hv. þm. Stranda. (M. P.) miklu ákveðnari viðaukatill. við þingsályktun aukaþingsins í vetur, sem fjell þá að vísu, þar sem svo var ákveðið, að þeir, sem hefðu tekjur af framleiðslu eða atvinnu, er næmu 600 kr., skyldu ekki fá dýrtíðar-

uppbót. En með besta vilja fæ jeg ekki sjeð, að hægra væri að framfylgja þessu ákvæði en því, sem meiri hlutinn hefir sett. Það mundi kosta miklu meiri skriffinsku. Stjórnin yrði að heimta skýrslu um efnahag manna, og þekkja allir, að menn gefa oft miður ábyggilegar skýrslur, er þeir eiga að telja fram efni sín. Þarf jeg ekki annað en minna á framtalið og skýrslur þær, sem á því eru bygðar. Þá þótti einhverjum ákvæðið í lögunum frá 1915 ákveðnara. Í 4. gr. þeirra laga segir, að enga dýrtíðaruppbót skuli veita þeim, er lifir jafnframt af framleiðslu. Get jeg ekki sjeð mikinn mun á þessu, og yfir höfuð held jeg, að ákvæði eins og í brtt. meiri hlutans sjeu svo augljós, í sjálfu sjer, að stjórninni muni ekki verða nein skotaskuld úr að framfylgja því. Annars ætla jeg stjórn landsins að vera svo kunnuga embættis- og sýslunarmönnum þeim, er undir henni standa, að hún ætti að vita nokkuð gerla, hvernig högum þeirra er háttað. Jeg vorkenni henni það ekki, og tel henni skylt að vita það, svo að ekki sje um að villast.

Þá er enn fráleitara, að hitt atriðið, um einhleypu mennina, geti valdið nokkrum erfiðleikum. Í brtt. vorri er þeim, er ekki hafa dúk eða disk og hafa undir 2000 kr. í laun, ætluð hálfu minni uppbót en hinum, er hafa fyrir heimili að sjá. Þetta sýnist svo skýrt ákvæði, að barnaskapur virðist að hafa á móti því af þeirri ástæðu, að því verði ekki framfylgt. Skal jeg svo ekki svara þessu atriði frekar, því að mjer finnast öll mótmæli gegn því á engum rökum bygð. (**B. J.**: Getur ekki einhleypur maður haft dúk og disk?) Þá hefir hann heimili; ókvæntur maður getur haft foreldra eða systkin að annast, og þá fær hann auðvitað hærri uppbót, því að þá hefir hann heimili.

Háttv. þm. Stranda. (M. P.) hóf ræðu sína með því að tala um, að þegar seinni tíma menn færu að bera saman nál. meiri og minni hlutans í þessu máli, myndi þeim bregða í brún, og vildi hann láta líta svo út, sem þeir myndu líta svörtum augum á nál. meiri hlutans, en björtum augum á hitt, og hefja það til skýjanna. Nú munu þessir menn líka reka sig á þingtíðindin og líta á ræðurnar, og get jeg þá samglaðst háttv. þm. Stranda. (M. P.) með að vera ein af björtustu stjörnunum í augum þessara manna.

Jeg hafði getið þess í framsöguræðu minni, að till. vorar, meiri hlutans, væru miðlun eða meðalvegur milli tveggja andstæðra skoðana. Fór þá háttv. þm. Stranda. (M. P.) að setja mig í samband við það og hjelt því fram, að háttv. meðnefndarmenn mínir hefðu togað mig til sín. Hann getur auðvitað fengið upplýsingar hjá þeim þar að lútandi; jeg læt mjer það á sama standa. Enda kemur það ekki málinu við, hvort jeg hefi viljað fara lengra eða skemra í þessu máli.

Ýmsir háttv. þm. hafa haldið því fram, að vjer vildum níðast á þeim embættismönnum, er hafa framleiðslu, með því að ætla þeim enga dýrtíðaruppbót. Þetta nær engri átt. Meira að segja könnumst vjer við, að vel geti verið, að þeir þurfi dýrtíðaruppbót. En jeg vil segja, að þrátt fyrir erfiðleikana á búskapnum get jeg ekki annað en gert töluverðan mun á embættismanni, er hefir talsvert bú sjer til stuðnings, og hinum, sem lifir við lág laun í kaupstað og býr við þurt hús, sem kallað er. Jeg tel engan vafa á, að hinn fyrnefndi muni komast betur af og lifa sæmilegu lífi.

Hæstv. forsætisráðherra og enda fleiri þm. vonuðu, að þingið væri ekki svo

hverflynt, að það færi að breyta skoðunum sínum á þessu máli frá í vetur. Þeir meina, að þm. sjeu frá í vetur bundnir við að greiða atkv. með till. stjórnarinnar eða till. í líka átt. Þessu hefir að vísu verið svarað af háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) og háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), en jeg vil bæta því við, að rjett á litið stóð alt öðruvísi á í vetur. Fyrst og fremst má minna á, að 7 af Nd. þm. greiddu atkv. móti till., af því að þeim líkaði hún ekki, en ekki af því, að þeir vildu ekki veita dýrtíðaruppbót. En aðrir greiddu atkv. með henni af sjerstökum ástæðum, þótt þeir væru í insta eðli sínu óánægðir með hana. Þess vegna er ekki um neitt hverflyndi eða stefnubreyting að ræða, þótt menn greiði nú atkvæði með till. meiri hlutans, því að till. meiri hlutans eru miklu fremur í samræmi við skoðanir þeirra í vetur. Er því rangt að »apellera« til atkvæðagreiðslu þeirra í vetur og skora á þá að greiða atkv. öðruvísi en þeir telja rjett vera.

Það hefir verið minst á kennarana í sambandi við þetta mál, og meiri hlutanum lagt út á verra veg, að hann sinti þeim að nokkru. Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) vildi helst, að þingið hefði ekkert skift sjer af kennurunum í þetta skifti. En minna má hann og aðra á það, að í vetur voru allir kennarar teknir með, líka farkennarar og stundakennarar. Og grundvöll þeirrar till. kvað hann sannleikann og rjettlætið eitt. Getur það því ekki verið nein goðgá, þótt meiri hlutinn hafi tekið nokkra þeirra með. Sumir finna að því, að stundakennarar og farkennara sjeu ekki teknir. Um farkennara er það að segja, að þeir hafa flestir kensluna að aukastarfi, og sama er að segja um tímakennara, marga að minsta kosti. Að öðru leyti get jeg vitnað til þess, sem háttv. þm. Barð. (H. K.) sagði um þá. Hvaðan kennarar fái uppbót, legg jeg ekki áherslu á, en tel, að þeir hafi eins kröfu til þess og aðrir embættismenn. (G. Sv.: Hefir nefndin trygt, að þeir fái uppbót?) Hún hefir ekki trygt það frekar en gert er í till. vorum. Nefndin telur það eins skyldu mentamálanefndar að sjá fyrir því. Að minsta kosti var það skylda stjórnarinnar, en hún hefir vanrækt það. Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hneykslaðist mjög á ummælum mínum í dag viðvíkjandi embættismönnum, er jeg gerði samanburð á kjörum þeirra og annara. Mjer þykir mjög leiðinlegt, ef jeg hefi hneykslað hann. En það var rjett, sem jeg sagði. Embættismenn eru altaf að því leyti betur settir, að þeir hafa lögákveðin laun og þurfa því ekki að kvíða atvinnubreytingu eða verkamissi, eins og verkamenn, eða missæri af völdum óþurks eða harðinda, eins og bændur og aðrir framleiðendur. Þetta var þess vegna hárrjett. En hins vegar get jeg að öllu leyti tekið undir með háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) um þetta atriði og skal því ekki orðlengja um það.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, að vel gæti verið, að einhleypir menn og framleiðendur gætu verið eins illa staddir og hinir, sem full dýrtíðaruppbót er ætluð. Það getur vel verið, að þess sjeu einstök dæmi, en alment sjeð mun því ekki svo háttað. Reglan er hin, að framleiðendur hafa styrk af sinni framleiðslu og eru því betur staddir. Sama er að segja um einhleypa menn, að þeir eru undir flestum kringumstæðum betur við búnir, enda þótt laun þeirra margra sjeu lægri. En þegar einhleypir menn eru ver staddir efnalega en heimilisfeður, er það oft af ástæðum, sem jeg ætla ekki að gera að umtalsefni.

Jeg skal nú ekki tefja tímann á því að tala meira um þetta mál. Að eins

vil jeg svara því, sem háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði um, að till. okkar væru illa hugsaðar. Jeg get þá alveg eins tekið munninn fullan og sagt: Okkar till. eru best hugsaðar, rjettlátastar og einfaldast að framkvæma þær, því að þær eru einu till. í þessu máli, sem byggðar eru á sannleika og rjettlæti.

Frsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Það er nú orðið mörgu að svara í þessum löngu ræðum, sem flotið hafa sætara en hunang af vörum háttv. þingmanna, en jeg ætla mjer ekki þá dul að svara því öllu, enda eru röksemdirnar úr öðrum heimi röksemdanna en þeim, sem jeg þekki. En þrautseigja sumra háttv. þm. er aðdáanleg. Þeir standa hjer dag eftir dag og jafnvel ár eftir ár og segja það svart, sem er hvítt, og vita þó, að sá, sem þeir tala við, er ekki litblindur. Þeir vilja ómögulega skilja það, að hjer er ekki um neitt að ræða annað en kaupið, sem vinnuveitandi geldur verkamanni sínum. Allir starfsmennirnir eiga því fullan rjett á skaðabótum. Það er von, að sumir spyrji um, af hverju sjeu ekki veittar fullar skaðabætur. Það er fóstur háttv. þingbænda, að uppbótin varð ekki fullkomin, og samt sem áður halda þeir því fram, að þeir vilji ekki kalla þetta hjálp. Þessir sömu háttv. þm. segjast fara eftir þörf manna. Já, skárri er það sanngirnin, sem till. þeirra byggjast á. Þeir vilja láta alla fasta kennara, sem hafa þolanleg laun, fá dýrtíðaruppbót, en tímakennara, sem sitja við sultarlaun, vilja þeir ekki láta fá nokkurn eyri. Með þessu móti fengju 5—6 kennarar við barnaskólann hjer í Reykjavík dýrtíðaruppbót, en allur fjöldinn, sem helst þarf uppbótar með, fengi ekki neitt, og getur þó verið, að jafnvel sumir þeirra eigi börn, þótt háttv. meiri hluti bjargráðanefndarinnar geri ekki ráð fyrir því. Það væri annars ekki úr vegi fyrir þann háttv. meiri hluta að taka eitthvert tillit til þess, hvort um hjónabandsbörn væri að ræða eða ekki. Jeg skal geta þess, að það er háttv. meiri hluti, en ekki jeg, sem hjer er að níðast á framleiðendum, og stendur það í góðu sambandi við það hugarfar, sem setti verðhækkunartollinn hjer um árið. Það er því einkennilegra, að þeir skuli vilja níðast á framleiðendum, sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir nú reiknað út að skaði sje að því að búa, og ætti því fremur að gefa svo sem 50 kr. með hverri kú. Mjer er það annars ekki vel ljóst, hvernig nokkur maður með fullu viti fer að deila um jafnsjálfsagðan hlut sem það, hvort landið skuli bæta verkamönnum sínum þann halla, sem þeir verða fyrir af verðfalli peninga, þegar aðrir vinnuveitendur hafa hækkað laun sinna verkamanna um 70%. Það er einkennilegt að bera okkur saman við aðrar þjóðir. Þær veita sínum embættismönnum skaðabætur, án þess að nokkur maður mæli á móti því. Hvort landið er vel eða illa statt kemur þessu máli ekki minstu ögn við. Ef landið getur ekki borgað verkamönnum sínum laun þeirra, þá á það að segja þeim upp vinnunni með hæfilegum fyrirvara. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) segir, að landið sje nú svo statt, að það geti ekki hjálpað. Og þetta segir hann eftir að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir sýnt það ljóslega, að þetta er vitleysa, sýnt það svo svart á hvítu, að jafnvel háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) ætti að hafa skilið það, þótt hann sje litblindur. Það er alveg satt, að ekki er til fje nú í landssjóði, en sjálfsagt er að taka lán til þessara og annara útgjalda, enda gera það nú allar þjóðir.

Jeg skal ekki tefja tímann með því

að ganga í gegnum ræður manna og einstakar tillögur. Það hafa þeir gert háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), en jeg vil að lokum að eins drepa á eitt atriði. Landið þarf ekki að þakka þessum háttv. meiri hluta mönnum fyrir framkomu þeirra, þegar ræður þeirra flytjast til annara landa, því að það mega menn vita, að svona ræður hafa talsverð áhrif á lánstraustið erlendis. Það eru engin smáræðis áhrif, sem það getur haft, ef það berst út, að menn, sem eru forsprakkarnir í sjálfu Búnaðarfjelagi Íslands og auk þess hafa setið mörg ár í fjárlaganefnd, halda því fram, að landið hafi ekki efni á að borga starfsmönnum sínum sómasamleg laun. Slíkar ræður gera meira ógagn en margir halda.

ATKVGR.

Brtt. 362, 1. a—d. samþ. með 17 : 5 atkv.
— 272. samþ. í e.hlj.
— 362, 1. e, fyrsta málsgr., samþ. með 13 : 5 atkv.
— 362, 1. e, önnur málsgr., samþ. með 13 : 4 atkv.
— 433, (1.) feld með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. P., M. Ó., P. J., Sv. Ó., Þorst. J., B. J., B. K., E. A., G. Sv., J. M., J. B.
nei: P. O., P. Þ., S. S., St. St., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. St., E. Árna., H. K., J. J., M. G., E. J., Ó. B.

Brtt. 362, 1. e, þriðja málsgr., samþ. með 15 : 8 atkv.
— 433, (2.) feld með 13 : 8 atkv.
— 433, (3.) samþ. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. J., G. Sv., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. K., E. A., E. Árna., Ó. B.
nei: H. K., J. J., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Þór. J., B. Sv., B. St.

Brtt. 362, 1. e, fjórða málsgr., svo breytt, samþ. með 14 : 9 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 16 : 1 atkv.
2. gr. samþ. í e.hlj.
— 433, (4.) [15 %] feld með 15 : 9 atkv.
— 433, (4.) (síðari liðirnir) teknir aftur.
— 449. kom ekki til atkv.
— 362, 2. (ný 3. gr.) samþ. með 15 : 9 atkv.
— 249, 1. kom ekki til atkv.
3. gr. því fallin.
— 433, (5.) samþ. með öllum greiddum atkv. gegn 1.
— 362, 3. (ný 4. gr.), svo breytt, samþ. með öllum greiddum atkv. gegn 1.
— 249, 2. samþ. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Sv., H. K., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., Sv. Ó., B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna.
nei: E. J., J. J., P. O., S. S., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., Ó. B.

4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. í e. hlj.
5. gr. (verður 6. gr.) samþ. í e.hlj.
Brtt. 249, 3. samþ. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. A., E. J., G. Sv., J. M., J. B., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., Sv. Ó., Þorst. J.
nei: E. Árna., H. K., J. J., M. G., P. O., S. S., St. St., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

6. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. í e.hlj.

Brtt. 362, 4. (ný 8. gr.) samþ. með 16:5 atkv.

— 249, 4. feld með 14:7 atkv.

— 249, 5. tekin aftur.

Fyrirsögn talin samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:2 atkv.

Á 45. fundi í Nd., þriðjudaginn 28. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 517, 533, 541, 546.)

Frsm. meiri hl. (Sigurður Sigurðsson): Jeg var að bíða eftir því, að flutnm. brtt. tækju til máls og færðu ástæður fyrir þeim. Með því að orðnar eru miklar umræður um frv., bæði við 1. og 2 umr., virðist mjer, eins og stendur, ekki vera ástæða til að halda þeim mikið áfram. Jeg skal að eins í stuttu máli gera grein fyrir afstöðu meiri hluta bjargráðanefndarinnar eða meiri hluta þess meiri hluta gagnvart brtt. Það er þá fyrst brtt. frá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) á þgskj. 546, sem fer fram á, að öllum föstum kennurum við alþýðu- og barnaskóla, þeim er stunda kenslu minst 5 mánuði, verði veitt dýrtíðaruppbót. Í frv. eru teknir með allir fastir kennarar við fasta alþýðuskóla, en jeg skil þessa till. svo, að með henni eigi að koma farkennurum undir sama hatt og láta þá líka njóta dýrtíðaruppbótar. (**B. J.:** Ætti ekki að taka tímakennara líka með?) Nei, alls ekki. Jeg held, að mjer sje óhætt að segja, að allur meiri hlutinn, að undanteknum einum manni, sje á móti þessari till. Þá er brtt. frá háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) á þgskj. 541, og er hún í 2 liðum. Um þann fyrri er það að segja, að nefndin lætur hann liggja á milli hluta, en um þann seinni það, að meiri hluti meiri hlutans er honum algerlega mótfallinn og leggur til, að hann sje feldur. Þá er brtt. frá háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) á þgskj. 533, sem heimtar staðfesta skýrslu um efni og ástæður þeirra embættismanna, sem framleiðslu hafa á sjó eða landi. Um þessa brtt. er mjer óhætt að fullyrða það, að allur meiri hluti bjargráðanefndarinnar er á móti henni og leggur einróma til, að hún sje feld. Í stuttu máli er það að segja, að meiri hluti meiri hlutans er á móti öllum þessum brtt., að undanteknum fyrri liðnum á þgskj. 541, sem nefndin gerir ekki að neinu kappsmáli, en er sama um, hvort verður samþykt eða ekki. Fleira hefi jeg svo ekki að segja að sinni.

Gísli Sveinsson: Jeg ætla að eins að geta þess, að mjer þykir þó heldur betra að heyra, að »meiri hluti« meira hluta bjargráðanefndar, sem vafasamt er um, að sje meiri hluti allrar nefndarinnar — en það leyfist víst ekki að spyrja, hvað þessi meiri hluti sje stór, — mjer þykir betra að heyra, að hann hefir fallist á brtt. þær, er jeg flyt, ef til vill báðar; jeg veit að minsta kosti, að meiri hluti bjargráðanefndarinnar allrar hefir fallist á þær, svo að maður sleppi nú að tala um minni hluta minni hlutans og meiri hluta meiri hlutans í þessari margklofnu, en virðulegu nefnd. Þessar 2 litlu till. miða að því að bæta ofurlítið frv., sem mjer ella alls ekki líkar. Sú fyrri fer fram á það að sleppa því ákvæði, að eftirlaunamanni, sem einnig er á starfslaunum, sje að eins goldin uppbót af hærri laununum, en í þess stað að leggja bæði launin saman og reikna uppbót af þeim í einu lagi. Þeir menn, sem þannig er ástatt um, hafa ef til vill einmitt fengið lág starfslaun með tilliti til eftirlaunanna, og það er því mjög ósanngjarnt að taka ekki tillit til þess, að

þeim hefir verið ætlað að lifa af báðum launum. Það, sem veldur því, að meiri hluti meiri hlutans hefir getað fallist á þessa tillögu mína, er víst það, að það eru ekki nema 2 menn á öllu landinu, sem þannig er ástatt um, og það, sem landssjóður þarf að borga meira fyrir bragðið, er ekki nema örfáar krónur, sem hann munar ekkert um, en þá mikið, eða að minsta kosti nokkuð. — Brtt. mín er því mjög rjettlát, enda hefir öll nefndin víst fallist á hana, þótt frsm. mesta hlutans (S. S.) segði, að hann ljeti hana hlutlausa.

Hin brtt. mín fer fram á, að stundakennurum landsskólanna verði veitt dýrtíðaruppbót. Í frv. voru teknir fastir kennarar landsskólanna, en slept þeim, sem ekki eru fastir; en aðalatriðið er, að þeir stundi kenslu við landsskólana sjer til lífsviðurværis, hvort sem þeir eru fastir eða ekki. Jeg hefi leyft mjer að orða þetta svo, og skal geta þess, að stundakennarar við landsskólana eru örfáir líka, og eiga fullan rjett að uppbót á kaupi sínu hjá landssjóði, á móts við aðra. Jeg tek þetta fram, að eins til skýringar, því að það tjáir ekki, að þeir verði ranglega settir hjá, þegar aðrir verkamenn landssjóðs fá uppbót á kaupi. Mjer heyrðist hv. frsm. (S. S.) ekki leggja mikið á móti þessu, og jeg veit með vissu, að meiri hluti allrar nefndarinnar er mjer sammála um þetta atriði. Jeg vona því, að báðar þessar brtt. mínar verði samþyktar.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram dálitla brtt., sem er prentuð hjer á þgskj. 546, og er við 1. gr. Hún lýtur að því að orða á annan veg 6. liðinn, því að mjer virðist hann óljós, en held hins vegar, að það hafi vakað fyrir nefndinni, að uppbótin ætti að ná til allra kennara yfirleitt. Mjer finst það mjög ósanngjarnt, ef farkennarar í sveitum ættu ekki að fá neina uppbót, því að allir vita, hve launakjör þeirra eru slæm. Eins og kunnugt er eiga þeir samkvæmt fræðslulögunum að fá 6 kr. um vikuna og fæði ókeypis, þótt svo sje eigi alstaðar, því að sumstaðar eru þeir ráðnir fyrir fast kaup um viku, 13—15 kr., og fæða sig sjálfir eða kaupa fæði.

Þetta eru afarlítil laun, og þótt tíminn, sem fer til þessa starfs, sje vetrartíminn, og því geti talist vafasamt, hvort kenslan er þeirra aðalstarf, eins og tiltekið er í frv., finst mjer, að uppbótin ætti hiklaust að ná til þeirra, þar sem þeir vinna allan veturinn fyrir óhæfilega lágt kaup. Það er líka víst, að þessir menn starfa á komanda vetri, þótt aðrir skólar en barnaskólar leggist niður, og er því sanngjarnara, að þeir njóti uppbótarinnar.

Úr því að starfsmönnum landsins er á annað borð bætt upp kaup, finst mjer sjálfsagt að hafa ekki þessa kennara út undan, því að jeg held, að margir fái uppbót, sem síður þurfa þess en þeir, og áreiðanlega margir, sem miður vinna fyrir henni en þeir.

Björn Stefánsson: Jeg bjóst við, að brtt. mín, á þgskj. 533, myndi fá góðar undirtektir hjá báðum hlutum bjargráðanefndarinnar, því að mjer finst hún nálgast það takmark, sem báðir keppa að, sem sje það að bæta þeim upp kaup, sem þurfa. Það hefir meiri hlutinn játað, að væri sitt takmark, en hinn ekki beinlínis, en sýnt það þó með tillögum sínum, að hann vill bæta þeim upp, sem helst þurfa, af því að hann treystir sjer ekki til að taka allar kröfur um uppbætur á verðfalli peninga til greina. Jeg fylgdi meiri hlutanum að málum um daginn með það að veita ekki stöndugum framleiðendum uppbót, en það er einnig athugandi, að meðal

framleiðenda geta verið þeir, sem þurfa uppbótar við, ekki síður en aðrir, og jeg vil ekki, að svo sje frá lögunum gengið, að þeir sjeu undir öllum kringumstæðum útilokaðir, þótt þeir kunni að hafa nokkrar rollur eða hlut í bát. Tillaga mín miðar að því að hjálpa þeim, sem hjálpar þurfa, og því, að veita þeim embættismönnum, sem framleiðslu stunda, en eiga við þröngan kost að búa, uppbót, ekki síður en öðrum, ef þeir þurfa þess með. Það væri eðlilegast, að sveitarstjórnirnar staðfestu skýrsluna, en jeg vildi samt ekki setja það ákvæði, því að jeg bjóst við, að það mundi særa þær viðkvæmu taugar hv. minni hluta fyrir því, að nokkur kæmi þar nærri, er embættismenn eiga hlut að máli, sem við fátækramálefni sýsla. Jeg býst líka við, að það skifti minstu að láta hreppstjóra eða lögreglustjóra staðfesta skýrsluna.

Frsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg stend að eins upp til þess að lýsa yfir því, fyrir hönd minni hluta bjargráðanefndar, sem bar fram tillögur annars eðlis en þær, er fram gengu hjer í deildinni, að honum hefir ekki þótt sjer sama að bæta neitt úr þeim óskapnaði, sem hjer er á ferðinni og ofan á varð við síðustu umr. þessa máls, og hefir því ekki haldið neinn fund nje komið með neina brtt., því að við vorum vissir um, að ekki væri hægt að gera þennan óskapnað svo úr garði, að hann yrði ekki til vansæmdar fyrir þetta þing. Jeg get haft textann, sem tilheyrir þessum hátíðisdegi, en það er brtt. hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) á þgskj. 533. Hún sýnir eðli þessa máls, sem sje það, að þeir 2 flokkar embættismanna, sem eru jafnframt framleiðendur á vörur, svo sem mjólk, kjöt, smjör eða fisk, eiga ekki að fá uppbót á verðfalli peninga, en aðrir embættismenn, sem eiga fje á vöxtum, eiga að fá hana, og sýnir það samkvæmnina í tillögum þessa hv. meiri hluta. Alt sýnir þetta eðli þessara till., að þetta er styrkur, hjálp, en ekki það, sem það á að vera, nefnilega uppbót hins íslenska ríkis á sviknum gjaldeyri til þeirra, sem goldið er. Um það er að ræða, en annað ekki, hvort ríkið vill bæta starfsmönnum sínum það tjón, sem þeir verða fyrir af verðfalli peninganna. Þetta tjón stafar af því, að löggilt er að gjalda embættismönnum í peningum. Ef goldið væri í landaurum, þá kæmi það ekki fyrir. Hjer súpum við því seyðið af því, að við erum ekki eins vitrir og forfeður okkar voru, er þeir ákváðu landauragjaldið. Þeir sáu það, sem allir menn ættu að geta skilið, að verðmælir og gjaldeyrir er ekki eitt og hið sama og þarf ekki að falla saman.

Það hlýtur líka að vera öllum ljóst, að þar sem um er að ræða vinnuveitanda og verkamenn, þá skiftir það engu máli, hvernig hagur embættismannanna er. Það varðar engan um það, hvort þeir eru ríkir eða fátækir, giftir eða ógiftir, eða hvort þeir eiga mörg eða fá börn. Þeir eiga allir jafnt tilkall til uppbótar fyrir það tjón, sem þeir verða fyrir af þessum orsökum. Annað mál er það, að sumir menn eru fátækari en aðrir og þurfa því frekar á hjálp að halda, til að firrast vandræði. Þessir menn geta verið í embættismannastjettinni, eins og hvar annarsstaðar. En jeg vil taka það fram, enn þá einu sinni, áður en þetta mál fer hjeðan úr deildinni, að það er engin ástæða til að styrkja eina stjett, en láta aðra eiga sig, — síst af öllu embættismannastjettina. Hún er, sem betur fer, ekki það mösulbeina, að hætt sje við, að hún fari á vonarvöl á undan öllum öðrum. Embættismenn munu flestir hafa fleiri útvegi en sumir aðrir, hafa að minsta

kosti meiri æfingu og leikni í því að ríða vixlum og fleyta sjer yfir örðuleikana á þann hátt. Þeir eiga ekki að þurfa að sýna vottorð frá hreppstjórum eða öðrum valdsmönnum um það, hvort þeir eiga kýr eða kindur, eins og brtt. hv. 2. þm. S.-M. (B. St.) virðist ætlast til. Það hefði þá verið betra að láta hreppsnefndirnar gefa vottorðin, svo að embættismennirnir væru settir alveg á sveitina. Annars ætla jeg ekki að fara fleirum orðum um lagasmíð þessa. Jeg álít hana í alla staði ósæmilega, og þinginu með öllu óheimilt að styrkja eina stjett manna fremur öðrum.

Einar Arnórsson: Jeg ætla ekki að tefja tímann á því að fara inn á eðli málsins. Háttv. þm. Dala. (B. J.) hefir gert það svo rækilega, að við það er engu að bæta. En það er eitt atriði í 3. grein, sem þarf að vekja athygli á. Eins og greinin er nú orðuð kemur hún algerlega í mótsögn við sjálfa sig. — Eitt rekur sig á annars horn. — Í greininni stendur, að af launum, sem eru 2500 kr. eða minna, skuli uppbótarprósentan vera 25%. En rjett á eftir stendur, að millibilið milli launaupphæða þeirra, sem nefndar eru, skuli reiknað eftir líkingunni:

$$y = 62{,}5 \div 0{,}015\ x,$$

þar sem x táknar launaupphæðina í krónum, en y uppbótarprósentuna. Líkingin er hárrjett, en úr því að reikna á eftir líkingunni, þá er ekki rjett, að prósentan, sem nefnd er með upphæðinni í frv., gildi fyrir annað en þá upphæð eina. Þetta er ekki rjett orðað í frv., eins og það er nú. Eftir því, sem orðin hljóða í upphafi greinarinnar, verður ekki annað sjeð en að uppbótarprósentan af 2000 kr. launum verði t. d. 25%. En ef reiknað er eftir líkingunni, kemur alt annað út. Þá verður uppbótarprósentan af 2000 kr. launum 32,5. Strikin á milli upphæðanna og prósentutalnanna í greininni eiga að hverfa. Þau stóðu þannig í stjórnarfrv. Þetta hefði mátt laga í prentuninni, en hefir ekki verið gert. Það er því bæði stjórninni og nefndinni að kenna, að þessi strik standa þarna, þótt þau eigi ekki að vera. Þetta er gáleysi allrar nefndarinnar, og því get jeg ekki leitt hjá mjer að benda á það, þótt jeg eigi engan þátt í meðferð nefndarinnar á þessu frv. að öðru leyti. En það er líka gáleysi stjórnarinnar.

Jörundur Brynjólfsson: Það er rjett athugað hjá háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), að strikin eiga að hverfa. Það er augljóst á brtt. meiri hlutans, að ekki er til þess ætlast, að reiknuð sje 25% uppbót frá 2500 kr. launum alt niður að 1500 kr., heldur að prósentan fari smáhækkandi, eftir því sem líkingin ber með sjer, og fylgiskjal nefndarinnar sýnir. Þetta er líka auðvelt að laga. Til þess þarf ekki annað en taka strikin burt við endurprentun frv., og það verður að sjálfsögðu gert.

ATKVGR

Brtt. 541, 1. samþ. með 16 shlj. atkv.

— 546. feld með 15 : 5 atkv.

— 541, 2. samþ. með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. Árna., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. P., M. Ó., S. St., Þorst. J., Ó. B.

nei: B. St., H. K., M. G., P. J., P. O., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J.

Tveir þm. (E. J. og P. Þ.) voru fjarverandi.

Brtt. 533. feld með 14 : 3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 : 2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 29. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 686).

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 30. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Ofskamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþykt.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg geri það tillögu minni, að málinu verði vísað til bjargráðanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv., og til bjargráðanefndar (sjá A, bls. 1618) með 11 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 686, n. 892).

Ofskamt var liðið frá útbýtingu nefndarálits. — Afbrigði leyfð og samþykt.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Þetta mál, sem bjargráðanefnd Ed. hefir fjallað um, er orðið svo þekt hjer á þingi, að eigi er þörf langrar innleiðsluræðu eða útskýringar.

Það lá fyrir síðasta þingi, og var þá mikið rætt, og svo var það mikið rætt nú í háttv. Nd., og auk þessa er, frá almennu sjónarmiði, gerð grein fyrir því í áliti nefndarinnar.

Það er svo einfalt og augljóst mál, að allir, er hafa föst laun, sem greidd eru með peningum og ákveðin fyrir stríðið, verða miklu harðara úti en aðrir, að það þarf engrar útskýringar. Það sjá allir, sem sjá vilja. Það er líka svo auðskilið fyrir hvern mann, að starfsmenn þjóðarinnar eiga, eins og starfsmenn fjelaga, einstakra stofnana eða manna, rjettmæta kröfu á því, að þeir eigi við sæmileg kjör að búa, og að laun þeirra sjeu bætt vegna dýrtíðarinnar, að það þarf ekki útskýringar. Og jeg er sannfærður um það, að alþýða manna hlýtur að skilja það, að það er ekki annað en fylsta rjettlæti, að vinnuveitendur, hvort sem það er landssjóður eða einstakir menn, bæti starfsmönum sínum verðfall peninganna, eða með öðrum orðum taki tillit til dýrtíðarinnar.

Jeg ætla ekki að eyða orðum í að rekja nál.; býst við, að allir háttv. þingdm. hafi kynt sjer það. Þær almennu ástæður, sem þar eru tilfærðar, eru svo augljósar, að allir hljóta að sjá, að málið hefir við rök að styðjast. Jeg mun því ekki fara fleirum orðum um það, frá almennu sjónarmiði, fyr en þá ef mótmæli koma fram.

Nefndinni kom saman um, að eftir öllum ástæðum hefði síðasta þing, aukaþingið í vetur, farið mjög nærri sanni í meðferð sinni á þessu máli, þar sem það hefði reynt að sýna embættismönnum sanngirni, með því að veita þeim dýrtíðaruppbótina, en þó um leið tekið tillit til þess, hve þjóðin er fátæk og illar ástæður allar nú. Það virðist því, að þingið hafi rammað þar á rjettan stig með tilliti til hvorstveggja.

En það er ekki nema eðlilegt, að embættismennirnir verði varir við dýrtíðina, eins og aðrir, þrátt fyrir uppbótina. Það væri ekki heldur rjettlátt gagnvart öðrum að bæta þeim upp að fullu hnekki þann, er af ástandinu leiðir. Það er ekki heldur líkt því, að farið sje fram á það í frv. stjórnarinnar, og þá því síður í frv. þessu, sem nú liggur fyrir.

Meiri hluti nefndarinnar, 4 af 5, varð

sammála um, að frv. þetta færi það skemsta, sem hægt er að fara í máli þessu.

Meiri hlutinn áleit, meira að segja, að frv. færi ofskamt, og vildi helst breyta því í sama horf og það kom frá stjórninni. En af tilhliðrun við háttv. Nd. þorði hann hvorki nje vildi ríða á tæpasta vaðið og gera svo mikla breytingu, því að betri er hálfur skaði en allur, og betra er, að frv. fái að ganga fram, þótt ekki fari það nógu langt, heldur en að þingið yrði fyrir þeim vansa að fella mál þetta, sem er bæði rjettlátt og mikilvægt.

Í till. nefndarinnar er ýmislegt, sem fer fult svo langt í sparnaðaráttina og frv. gerir, en aftur á móti er sumstaðar dýpra tekið í árinni að því er útgjöldin snertir, og miðar það í þá átt, að sanngjarnari verði uppbótin og ekki eins stór stökk eins og eru í frv.

Áður en jeg fer út í einstakar till. nefndarinnar, vil jeg benda á villu, sem er efst á bls. 1392 í A-deild. Þar stendur, að 10. og 11. brtt. nefndarinnar eigi við 3. og 4. gr., er verði 2. gr., en á að vera: er verða 2. og 3. gr. Þetta er að eins skökk tilvitnun, sem laga þarf.

Þá er önnur villa á sömu bls. í 11. línu að ofan. Þar stendur: »sem var hærra launaður«, en á að vera: sem var l æ g r a launaður.

Fyrstu 2 brtt. þurfa ekki skýringar við. 1. brtt. fer fram á að fella niður orð, sem óþörf eru. Það eru orðin »að muna« í 1. málsgr. 1. gr. 2. brtt. fer fram á að bæta aftan við 1. tölulið 1. gr. tilvitnun í 4. gr. Er það gert til skýringar, en getur annars ekki nein breyting talist.

Brtt. 3 á líka við 1. gr. Hún er talsverð efnisbreyting og fer fram á, að slept verði við úthlutun dýrtíðaruppbótar þeim mönnum, sem nefndir eru í 18. gr. fjárlaganna. Nefndinni virtist það ekki skylda að bæta þeim mönnum upp, sem annaðhvort njóta styrks eða fá eftirlaun, því að hvorugt er veitt sem starfslaun. Það færi því fram úr »principi« þessara laga, sem er að uppfylla skyldur, að veita þessu fólki dýrtíðaruppbót. Annars mun nefndin ekki gera þetta atriði að neinu kappsmáli.

Þá er 4. brtt. Hún leggur til, að bætt verði við 4. tölul. 1. gr. athugasemd um presta. Athugasemd þessi hefir talsverða fjárhagslega þýðingu, bæði fyrir þá og landssjóð. Hún fer fram á, að frá dýrtíðaruppbót presta dragist sami hundraðshluti af afgjaldi kirkjujarða, sem metið er til peninga upp í laun þeirra, eins og dýrtíðaruppbót þeirra er reiknuð eftir.

Viðaukatill. þessi stendur aftur í nánu sambandi við brtt. 5, við 6. lið 1. gr. 2. málsgr., sem nefndin leggur til að falli burt.

Nú eru prestarnir næstum einu launamennirnir, sem nokkra framleiðslu hafa, þar sem þeim eru látnar í tje góðar jarðir, og þær jarðir eru oft oflágt metnar til afgjalds. En slíkt verður auðvitað ekki tekið með í reikninginn hjer. Að líkindum stafar þetta lága mat af því, að matsmenn hafa verið í góðum kunningsskap við þá, sem metið er hjá, því að enginn vill missa embættismann sinn úr sveitinni. Það virðist því undarleg staðhæfing, að alþýðan geti ekki þolað það, að sæmilega og rjettlátlega sje við embættismennina gert.

En þótt jarðir þessar hafi ekki verið metnar oflágt í upphafi, þá er þess að gæta, að þær hafa hækkað í verði síðan metið var. Setjum nú svo, að jörð hafi verið metin til 500 kr. afgjalds áður, en sökum þess, að jörðin stígur í verði og vegna verðfalls peninganna, má segja, að afgjaldið sje nú orðið $^{3}/_{5}$ lægra en það var áður, eða ekki nema 200 kr.

Það er auðskilið, að jarðirnar stíga í verði, þar sem hægt er að hafa á þeim sömu framleiðslu og áður, en sú framleiðsla er orðin meir en tvöfalt arðvænlegri. Tökum t. d. jörð, sem getur framfleytt 200 ám; áður voru þær 15 króna virði hver, en nú 40 króna virði. Þetta er ákaflega einfalt og auðskilið.

Þessar eru þá ástæðurnar fyrir aths., að þar sem hlunnindi þau, er þeir hafa af ábýlisjörðum sínum, hafa vaxið meir en það, sem dýrtíðaruppbót nemur af þeim hluta launanna, sem afgjaldið nemur, þá þykir ekki rjett að veita þeim dýrtíðaruppbót úr landssjóði af þeirri upphæð.

Vona jeg, að allir sjái, að full sanngirni mælir með þessu.

Þá er 5. brtt., við 1. gr., að fella niður það ákvæði, að þeim, sem framleiðslu hafi, svo að nokkru verulegu nemi, greiðist engin dýrtíðaruppbót. Ástæðan fyrir þeirri breytingu er sú, að algerlega er ómögulegt að framfylgja ákvæðinu nema af handahófi, og ekki mundi það vera rjettilega gert nema í tíunda hverju tilfelli, og ekki nema einn af hundraði mundi vera ánægður með það eftir á.

Jeg lít líka svo á, að landssjóði komi það ekkert við, þótt sýslunarmenn hans hafi með dugnaði og framsýni komist í álnir og geti rekið einhverja framleiðslu, meðan þeir vanrækja ekki skyldustörf sín hennar vegna.

Að minsta kosti mundi engin atvinnuveitandi taka tillit til þess.

Og hver einasti húsbóndi mundi frekar kjósa þann vinnumann, sem kann til verka og er vel fataður og heldur saman reitum sínum, heldur en hinn, sem öllu sóar jafnóðum og ekki á spjör á sig. Það er líka alkunna, að verslanir taka snauða menn, til að byrja með, í þjónustu sína, en eftir því, sem þeim mönnum eykst fje fyrir sparsemi sína og dugnað, eru laun þeirra hækkuð og ekki dregin af þeim dýrtíðaruppbót, þótt þeir hafi orðið einhverju úr að spila. Yfirmenn þeirra munu miklu fremur gleðjast yfir því, að þeir sýni það í verkinu, að þeir hafi átt góða húsbændur.

Nú mætti það ósvinna heita, ef hægt væri að segja um þingið, að það gerði ver við verkamenn landsins en þolanlegur húsbóndi við þjóna sína. Auk alls þessa er það ekki til neins að setja það í lög, sem ekki er hægt að framfylgja. Jeg vona því, að háttv. þingdm. hafi sannfærst um, að nefndin hefir sjeð rjett í þessu atriði.

Þá er 6. brtt., við 1. gr., að í stað 3500 kr. komi 4600 kr. Sú breyting kemur fram við breytinguna við 3. gr., sem verður 2. gr. Sama er að segja um 7. brtt., við 1. gr., að í stað 2000 kr. komi 2450. Báðar þessar breytingar miða að því að koma í veg fyrir stökk það, sem er í útreikningi uppbótarinnar í frv. Eftir þeim útreikningi kæmust sumir þeir, er enga uppbót fá, niður fyrir þá, er lægra eru launaðir og fá dýrtíðaruppbót. En slíkt er ógerningur, ef gengið er út frá því, að launahæðirnar sjeu upphaflega hlutfallslega rjettar. Nefndinni þótti það líka oflágt að miða við 2000 kr. hjá einhleypum mönnum, en 3500 kr. hjá hinum, þannig að þeir launamenn fengju enga uppbót.

Þá er 9. brtt., að fella burt 2. gr. frv. Nefndinni virtist sú gr. óþörf og sá ekki, hvaða rjettlæti gæti í henni falist, því að sje maður skipaður í embætti á eigin ábyrgð, þá ber honum auðvitað dýrtíðaruppbótin, en sje maður ráðinn eftir samningi og gegni embættinu á ábyrgð þess, er embættið á að hafa, þá er öðru máli að gegna, og gæti það leitt til málaferla, ef löggjöfin færi að grípa inn í slíka frjálsa samninga.

Þá kemur að 10. brtt. nefndarinnar við 3. gr. frv.

Meiri hluti nefndarinnar er að vísu ekki alls kostar ánægður með hana, en vildi þó ekki breyta þeirri grein meir, vegna tilhliðrunar við háttv. Nd. Breytingin er líka til allmikilla bóta og kemur í veg fyrir hið óeðlilega stökk, sem kemur fram, ef farið er eftir frv.

Lágmarkið er hið sama, 1500 kr., og veitast af þeirri upphæð 40% í uppbót. Síðan fer uppbótin lækkandi um $1^1/_4$% við hverjar 100 kr., sem launahæðin hækkar um, þar til launahæðin er komin upp í 4600 kr. Af þeirri upphæð veitist $1^1/_4$%. Síðan engin uppbót af hærri launum.

Aftur á móti er hámarkið í frv. 3500 kr., sem 10% veitist af, en síðan ekkert af hærri upphæð. Það þótti nefndinni altof stórt stökk, og er komið í veg fyrir það með brtt.

Jeg verð því að álíta, að útreikningur nefndarinnar sje í alla staði heppilegri og rjettlátari.

Í sambandi við það, að nefndin vildi miðla málum við háttv. Nd., að hækka ekki dýrtíðaruppbótina úr 40% upp í 50% fyrir þá, sem lægst eru launaðir, leyfði nefndin sjer að bera þá brtt. fram, að þeir menn, er ættu að sjá fyrir framfæringum, börnum eða gamalmennum, fengju 70 kr. með hverjum, í stað 50 kr., sem í frv. er ákveðið. Nefndin vildi með því bæta það ofurlítið upp, hve lág dýrtíðaruppbótin er að hennar dómi. En þegar menn gæta að ástandinu, sem nú er, munu víst flestir sjá, að þessi styrkur er ekki nema örlítill hluti, svo sem $^1/_{10}$ hluti, af því, sem þarf til að framfæra þá, er hjer eiga hlut að máli. Nefndinni virtist eigi fært að fara skemra, áleit þetta sanngjarnt. Því að það er áreiðanlegt, að fjölskyldumenn verða harðast úti. Nefndin áleit fremur rjett að ljetta undir með þeim heldur en með einhleypum mönnum, jafnvel þótt jeg sje fyrir mitt leyti mótfallinn því, að þeir sjeu sjer í flokki. Þeir eiga eins mikla heimtingu á uppbót, ef á rjettinn er litið. En þar sem fjeleysi landssjóðs er annars vegar, var sá kosturinn tekinn að líta fremur á þörf manna en rjettmætar kröfur.

12. brtt. nefndarinnar fer fram á að bæta inn í frv. nýrri grein, er heimilar landsstjórninni að verja eftir tillögum póstmeistara alt að 20 þús. kr. á ári úr landssjóði til dýrtíðaruppbótar handa póstum. Liður þessi var kominn inn í fjárlagafrv. En nefndinni virtist hann fremur eiga heima hjer. Og að þessi upphæð er hærri en upphæðin í fjárlagafrv. stafar af því, að í fjárlagafrv. var póstum auðvitað ekki veitt uppbótin fyrir árið 1917, heldur að eins árin 1918 og 1919. Þótti því rjettast að taka liðinn alveg út úr fjárlagafrv. Ef nokkrir þurfa uppbótar með, þá eru það póstarnir. Ef dýrt er að lifa fyrir þá, er sitja heima, þá verður þeim margfalt dýrara, sem þurfa að ferðast. Allur ferðakostnaður hefir hækkað gífurlegar í verði en flest annað, bæði hey, hestar og greiðalaun. Fáist þessi uppbót ekki, myndi það verða til þess, að fæstir póstar myndu fást til að halda áfram starfi sínu. Ef til vill mætti segja, að póstar sjeu ekki embættismenn, heldur sjeu laun þeirra að eins samningsatriði milli þeirra og póststjórnarinnar. Geti því póststjórnin boðið stöðurnar upp. Jeg hygg það varhugavert. Póststarfið er svo þýðingarmikið og ábyrgðarmikið starf, að vart mun rjett að taka undirboði á því — taka óvana menn með óvana hesta, í stað æfðra manna, er sýnt hafa með skyldurækni sinni og dugnaði, að þeir eru alls góðs maklegir.

Einnig ber á það að líta, að margir þeirra eru ófærir til annarar vinnu,

Jeg get nefnt Vesturlandspóstinn sem dæmi, til sönnunar þessu. Jeg hygg, að hann gæti ekki fengið aðra vinnu, en á hinn bóginn er hann álitinn mjög duganði póstur.

Við að gegna einhverjum sjerstökum starfa geta menn orðið ónýtir til annara starfa. Þetta þarf alþýða manna að láta sjer skiljast. Embættismenn þurfa oftast að kosta sig í 10—12 ár við nám sitt. Ef þeir eru svo kvaldir í embætti sínu og verða að flæmast úr því, geta þeir verið orðnir ófærir til annara starfa, er þeir hefðu getað tekið að sjer áður.

Alþýðumenn ættu því að sýna embættismönnum sínum fulla sæmd og sanngirni í orði og verki.

13. og síðasta brtt. nefndarinnar fer fram á að fella burt 8. grein frv. Nefndin áleit hana óþarfa. Í 1. grein stendur sem sje: »Fyrst um sinn, og meðan verðhækkun sú, sem nú er á lífsnauðsynjum, stendur, eða breytist eigi að verulegum mun, þannig, að lífsnauðsynjar lækki að mun í verði, veitir« o. s. frv. Þarna er tekið fram, að lögin falli úr gildi, þegar ástandið breytist til batnaðar. Og óþarfi er að taka það fram, að lögin skuli falla úr gildi þegar næsta reglulegt Alþingi kemur saman, verði ástandið ekki orðið betra. — Þegar þingið kemur saman, getur það breytt lögunum, lækkað uppbótina, ef dýrtíðin rjenar, eða hækkað hana, ef dýrtíðin eykst og landssjóður hefir efni á því.

Guðmundur Ólafsson: Mjer bar það á milli við háttv. meðnefndarmenn mína, og skrifaði því undir nefndarálitið með athugasemd, að jeg gat eftir atvikum sætt mig við frv. í þeirri mynd, sem það kom í frá háttv. Nd. Jeg áleit uppbótina sæmilega; hún þyrfti ekki nauðsynlega að vera hærri, ekki síst þar sem þeir, er hlut eiga að máli, hafa á þessu ári fengið greidda ríflega dýrtíðaruppbót fyrir árið 1916.

Mjer fanst ekki óeðlilegt, að uppbótin væri heldur lægri nú. Ekki vegna þess, að hennar væri síður þörf, heldur af þeim ástæðum, er nú skal greina.

Í vetur stóð hagur landssjóðs svo miklu betur en nú, að hann skuldar jafnmargar miljónir nú og hann átti hundruð þúsunda þá, og þótt miklu af því fje hafi verið varið til skipakaupa og annara nauðsynja, og því ekki orðið beinn eyðslueyrir, er það ekki handbært nú.

Þá var sagt, að við ættum fjeð fyrirliggjandi og gætum varið því til uppbótar handa starfsmönnum landsins. Og einnig höfðu menn orð á því, að verðhækkunartollurinn hefði verið samþyktur með þetta fyrir augum á þinginu 1915, en því neita jeg algerlega.

Háttv. deild mun og kunnugt, að hagur alþýðu, sem áreiðanlega á að greiða uppbót þessa einhvern tíma, er ekki eins góður og í vetur, og horfurnar fyrir hana jafnvel enn iskyggilegri en fyrir embættismenn. Einn álitlegasti bjargræðisvegurinn, síldveiðin, hefir brugðist. Ekki er heldur útlit fyrir það, að vörur þær, er bændur framleiða, verði í jafnháu verði sem síðastliðið ár. Þegar hagur þjóðarinnar er jafnþröngur sem nú, og það svo, að óumflýjanlegt þykir, að Alþingi geri öflugar ráðstafanir til þess, að landssjóður hlaupi undir bagga með almenningi og veiti hagkvæm lán til langs tíma, og jafnvel úthluti miklu af einni vöru, kolum, án endurgjalds — þegar þannig er komið hag fjöldans, verður ekki álitið ósanngjarnt að ætlast til þess af embættismönnum og sýslunarmönnum þjóðarinnar, að þeir sjeu ekki eins kröfuharðir og þeir mundu ella vera, og telji sjer skylt að taka

sinn þátt í kjörum hennar og takmarka launakröfur sínar sem má. Jeg veit líka með vissu, að mörgum þeim mönnum, sem eiga að verða þessarar uppbótar aðnjótandi, er ljúft að taka verulegan þátt í kjörum alþýðunnar, þótt ekki verði því neitað, að aðrir þeirra krefji freklega rjettar síns og láti sig annað engu skifta.

Háttv. frsm. (G. G.) kvað það hafa vakað fyrir nefndinni að gæta fylsta rjettlætis. Þingið gætti ekki fylsta rjettlætis í vetur og hefir ekki heldur gert það nú. Menn hafa ekki fengið rjetta uppbót.. Þá hefðu hinir hæst launuðu átt að fá hæstu upphæðina hlutfallslega, ef gengið er út frá því, að launin hafi verið nokkurn veginn hæfileg áður.

Háttv. frsm. (G. G.) sagði, að þingið í vetur hefði synt á milli skers og báru, af því að þjóðin væri fátæk. Það er rjett. Ástæðan var sú, að þingið sá sjer ekki fært að fara rjettustu leiðina. Gat að eins hjálpað embættismönnum til þess að komast sæmilega af.

Þá lýsti háttv. frsm. (G. G.) yfir því, að nefndinni hefði fallið betur í geð frv. stjórnarinnar en frv. Nd. En til þess að koma sjer ekki út úr húsi hjá háttv. Nd. hefði hún ekki breytt frv. í þá átt að hækka uppbótina. Jeg veit ekki, hvernig háttv. Nd. metur þessa tilhliðrunarsemi. En jeg hygg, að henni muni fátt um hana finnast, þar sem meiri hluti háttv. bjargráðanefndar hefir þó borið fram allmargar og miklar brtt. við frv. og það svo, að brtt. eru mun fleiri en greinar frv.

Enn fremur kvað háttv. frsm. (G. G.) meiri hluta nefndarinnar hafa sparað að nokkru leyti fyrir landssjóðs hönd. Jeg fæ nú ekki sjeð, hverjar af brtt. á þgskj. 892 fara í sparnaðaráttina. Háttv. frsm. (G. G.) láðist að taka það fram, hverjar þær væru. Í frv. háttv. Nd. er ákveðið, að af 1500 kr. launum skuli greiðast sem uppbót 40%, af 2500 kr. 25% og af 3500 kr. eða minna 10%. En í brtt. er farið fram á að greiða 40% af 1500 kr., 30% af 2300 kr., 20% af 3100 kr. o. s. frv. Í þessu virðist mjer ekki liggja neinn sparnaður. Þá hygg jeg það ekki heldur vera til sparnaðar að greiða uppbót af öllum launum, sem nema alt að 4600 kr., í stað þess, að hv. Nd. samþykti 3500 kr. sem hámark. Þá mun lítið sparast við það að greiða 70 kr. með framfæringi hverjum, í stað 50 kr.

Þá tók háttv. frsm. (G. G.) það fram, að landssjóð skifti það engu, hvort embættismenn landsins hefðu nokkra framleiðslu eða ekki. Það fæ jeg ekki skilið. Ef betur er ástatt fyrir þeim, er framleiðslu hafa, þá kemur það þingi og landssjóði við, þegar um það er að ræða að bæta svo upp kaup þessara manna, að þeir geti lifað sómasamlega. En hitt er rjett, að erfitt mun að skilgreina, hverjir hafi framleiðslu að mun og hverjir ekki.

Háttv. frsm. (G. G.) hjelt því fram, að einhleypum mönnum ætti helst að gera jafnhátt undir höfði og öðrum. Þetta hefir nefndin ekki gert, og sannar það, að hjer er ekki að ræða um það, hvað sje rjettmætt, heldur hvað komast megi af með.

Jeg hygg, að jeg þurfi ekki að drepa á fleiri atriði að sinni. Jeg hefi sýnt fram á, að brtt. fara fram á talsverða hækkun, og að hjer sje um það að ræða, hvað sómasamlegt sje að veita, en alls ekki um það að gera öllum jafnt undir höfði.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) hafði dálítið við brtt. að athuga, eins og við var að búast, þar sem hann gat ekki skrifað undir nál. og átti ekki þátt í brtt.

Háttv. þm. (G. Ó.) áleit dýrtíðaruppbótina í vetur sanngjarna af því, að landssjóður hafi þá verið færari um að veita hana. En sanngirnin getur ekki stafað af þeirri ástæðu, heldur af hinu, að menn hefðu frekar þurft hennar þá en nú. En það mun öllum skiljanlegt, að þörfin verður því meiri, sem dýrtíðin eykst. Og háttv. þm. (G. Ó.) getur ekki neitað því, að dýrtíðin hefir aukist, og þá ætti uppbótin einnig að vera meiri.

Háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) gat þess oftlega, að þingið sýndi ekki rjettlæti hvort sem væri. En getur háttv. þm. (G. Ó.) ekki sjeð, að miklu munar, hvort reynt er að fara nálægt rjettlætiskröfunni, eða menn fara langt frá henni. Háttv. þm. (G. Ó.) reynir að fara svo langt frá rjettlætiskröfunni, sem hann telur sjer fært, en við, hinir nefndarmennirnir, viljum fara sem næst henni og fjarlægjast ranglætið sem mest. Jeg hygg, að flestir aðrir en háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) hljóti að skilja, að órjettlætið getur verið á mismunandi háu stigi.

Háttv. þm. (G. Ó.) mintist á sparnað nefndarinnar. Jeg gat um, að nefndin hefði komið með 2 brtt. til samkomulags, er færu fram á lítilfjörlegan sparnað. En jeg sagði, að dýrtíðaruppbótin væri nær sanni eftir brtt. heldur en eftir frv. Við gengum þess ekki duldir, að brtt. hækka heldur uppbótina og styrkinn til framfæringa. Brtt. voru því ekki bornar fram til þess að spara fje landssjóðs, heldur í þeim tilgangi að minka ósæmilegt ranglæti þingsins sjálfs. Háttv. þm. (G. Ó.) vill ekki minka það í þessu máli. Hreppapólitík, er verður að ranglæti, er sá ágalli, sem fylgir háttv. þm. (G. Ó.), og hefir komið fram í þessu máli og fleiri málum, t. d. því máli, sem næst verður rætt um (dýrtíðarhjálp).

Jeg sje ekki, að háttv. þm. (G. Ó.) hafi fært nein rök fyrir máli sínu, og hygg jeg, að jeg þurfi ekki að svara ræðu hans frekara.

Guðmundur Ólafsson: Jeg þarf ekki að segja mikið, því að þetta er ekki í fyrsta sinni, sem háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) lýsir mjer hjer fyrir háttv. deild, og jeg læt mig það engu skifta. En líklega er hann rjettlátasti maður í þessari háttv. deild, því að altaf hefir hann rjettlætið á vörunum. Hann skýrði svo starf háttv. nefndar, að hún hefði verið að spara fje landssjóðs, en nú segir hann, að hún hafi verið að spara ranglæti þingsins. En það er nú nokkuð sitt hvað, ranglæti Alþingis og landssjóður.

Eggert Pálsson: Jeg ímynda mjer, að öllum háttv. þm. finnist hjer vera úr vöndu að ráða, líkt og mjer, og því fremur aukast vandræðin fyrir okkur, sem nú eigum við að greiða atkvæði um mál þetta, þar sem tíminn er afarnaumur til þess að hugsa um það. Útkoman á þessu máli verður hin sama og átti sjer stað í vetur, að það var ekki fyr en á allra síðustu stundu, að málið barst upp til þessarar deildar, og því afarnaumur tími til þess að afgreiða það. Þetta er mjög tilfinnanlegt, þar sem hjer er um mjög þýðingarmikið mál að ræða.

Í vetur var það svo, að þrátt fyrir það, að jeg greiddi atkvæði með þingsályktunartillögunni í þessari háttv. deild, sem einnig náði samþykki sameinaðs þings, þá var jeg engan veginn ánægður með hana. Jeg gat þess þá þegar við framsöguna hjer í deildinni, en þá voru ekki nema tveir kostir fyrir hendi, annaðhvort að samþykkja þingsályktunartill., eins og háttv. Nd. hafði skilið við hana, eða þá að samþykkja till. fjárveitinganefndar Nd., sem við höfðum líka fyrir okkur. Og af þessum tveim

kostum geðjaðist mjer betur að till. fjárveitinganefndar heldur en að þingsályktunartill., eins og gengið var frá henni í Nd. Jeg sagði þá, að málið væri með báðum aðferðunum, sem fyrir lágu, gert altof flókið, og er jeg enn á sömu skoðun. Jeg hygg, að einfaldasta leiðin væri sú, að veita ákveðna »procent«-upphæð af ákveðinni krónutölu framan af launum hvers einstaks manns, t. d. 50% af fyrstu 1500 krónunum, sem hver einstakur maður hefði í kaup, og þaðan af lægra, en enga uppbót af því, sem þar lægi fyrir ofan. Með því móti dylst engum það, að málið yrði miklu einfaldara, og eigi að eins það, heldur einnig miklu rjettlátara, því að þessar 1500 krónur eru það, sem hver einn ver vitanlega til brýnustu lífsnauðsynja sinna. Og er þá ekki nema eðlilegt, að uppbótin væri greidd af þeim, en hitt, sem liggur þar fyrir ofan, væri látið afskiftalaust, þannig að engin uppbót væri greidd af því. Vitanlega kannast jeg við það, að þetta er lítið, en við verðum að líta á það, að kringumstæður landssjóðs eru knappar; hann á ekki hægt með að róta út fje, eins og þeir, sem reka stórverslanir; þá munar ekkert um það, þótt þeir greiði hátt kaup sínum fáu starfsmönnum, og vinna það aftur upp með ýmsu móti. En eins og nú er stenst landssjóður ekki við það að greiða það til fullnustu, sem rjettlátt og sanngjarnt er. Jeg veit, að þeir, sem hafa há laun, bera alveg sömu uppbót frá borði og þeir, sem lág laun hafa, ef minni tillögu væri fylgt, en það gengur ætíð svo, að mismunur verður á launum hvort sem er, og hinir, sem lægra eru launaðir, mundu ekki sjá ofsjónum yfir því, þó að þeir, sem hærra eru launaðir, fengju sömu launauppbót og þeir. Við verðum að ganga út frá því, að launin, eins og þau eru nú, sjeu rjettlát, því að ef við viðurkennum, að þau sjeu ranglát, eins og þau eru, þá væri sjálfsagt að taka allan launabálkinn fyrir og reyna að gera hann rjettlátan. En með því að greiða »procentvis«, eins og stungið er upp á eftir báðum þessum tillögum, sem fyrir liggja, bæði frv. og brtt. nefndarinnar, næst ekkert rjettlæti, því að ef grundvöllurinn, sem á er bygt, skoðast ekki sem rjettlátur, verður sama órjettlætið áfram, þótt »procentunum« sje bætt við.

En nú liggur engin brtt. fyrir í þessa átt, sem jeg hefi bent á að fara mætti og fara ætti, og jeg veit ekki, hvort jeg get komið því við að flytja hana til 3. umr. Jeg gerði það að vísu ekki í þeirri von, að hún næði fram að ganga, heldur til þess að gefa háttv. þm. kost á að greiða atkvæði um hana. En það verð jeg að segja, að mjer finst meira rjettlæti felast í sumum brtt., sem fyrir liggja, heldur en frv., sjerstaklega 4. og 5. brtt. nefndarinnar, sem, eins og háttv. frsm. (G. G.) sagði, verða að skoðast í sambandi hvor við aðra. Þetta hygg jeg rjettlátara hjá háttv. nefnd, því að, eins og það stendur í frv., er það alveg óframkvæmanlegt. Það dregur alla dýrtíðaruppbót af þeim, sem nokkra framleiðslu hafa til lands eða sjávar, sem nokkru nemi. Slíkt ákvæði er eigi að eins ranglátt, heldur einnig lítt framkvæmanlegt, vegna þess, að það er enginn fær um að kveða upp dóm um það, hvað nokkru nemi.

Þess vegna álít jeg, að þessi brtt. nefndarinnar miði til bóta. Aftur á hina hliðina finst mjer 11. brtt. nefndarinnar vera óþörf; jeg álít, að nægilegt spor hafi verið stigið í þá átt með því, sem háttv. Nd. gerði, að veita 50 krónur fyrir hvern framfæring, og því óþarft að hækka það. Aftur á móti er jeg 12. brtt. gersamlega samþykkur, enda er, eins og áður hefir verið tekið fram, sjálfsagt, að sú brtt verði samþykt.

Jeg hleyp svo yfir hinar aðrar brtt. nefndarinnar, vegna þess, að jeg felli mig ekki við þær, nje heldur við 3. gr. frv., eins og hún liggur fyrir, en samt er það svo, að þegar til atkvæðagreiðslu kemur, þá býst jeg við, að jeg verði neyddur til að hallast að öðru hvoru. Og finst mjer þá rjettara að láta frumvarpsgreinina standa, því að það er þýðingarlaust frá minni hálfu að greiða atkvæði með brtt. við hana, sem jeg er eigi heldur ánægður með, og allra helst þar sem jeg hefi í hyggju að koma fram með brtt. við greinina alla við 3 umr.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) var að fást við þetta sparnaðarorð eins og fyr, en jeg verð að segja það, að honum tókst það ekki mjög höndulega, sem ekki var von, en það, sem um sparnaðinn var ráðið hjá okkur, var ekki eftir frv. hv. Nd., því að það vorum við ekki ánægðir með. Það var sparnaður frá því sjónarmiði, sem við töldum rjettlátt, en við vildum ekki framfylgja vilja okkar í því efni, því að við treystumst ekki til þess og drógumst þess vegna frá okkar eigin vilja. Og það var ekki einungis okkar vilji, sem við hefðum helst óskað, að það hefði mátt vera, heldur var það líka, að við tókum tillit til þarfa þeirra, sem njóta áttu uppbótarinnar, nefnilega starfsmanna landssjóðs, hvort sem það voru embættismenn eða sýslunarmenn, og þar spöruðum við líka frá því, sem við álitum, að þeir þyrftu með.

Það er enginn vafi á því, að þessi dýrtíð gengur nærri mörgum manni. Jeg þekki kringumstæður nokkurra embættismanna hjer í Reykjavík, og hefi talað við menn, sem höfðu áður 2000 kr. í laun. Jeg sá það með mínum eigin augum, að þeir þurftu mikinn sparnað til þess að geta lifað á þessum 2000 kr., og ef 2000 kr. hafa þá verið svo, að menn gátu tæplega lifað á þeim, þá er það áreiðanlegt, að þeir geta ekki lifað góðu lífi nú, þótt þeir fái þessa uppbót, sem við förum fram á. En að setja þetta í samband við frv. Nd., sem hjer liggur fyrir, gat ekki komið til mála.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) talaði um, að sjer fyndist vera til önnur einfaldari aðferð til þess að veita þessa dýrtíðaruppbót eftir. Á það atriði legg jeg ekki mikla áherslu, því að það verður víst engum að fótakefli að reikna hana út, þegar þeir fá að vita, hver laun menn-irnir hafa. Það er víst engin ástæða til að gera það einfaldara en hjer er, því að það er mjög einfalt að finna dýrtíðaruppbótina eftir þeim leiðbeiningum, sem hjer eru gefnar.

Þá hafði háttv. þm. (E. P.) við orð að koma með brtt., þar sem lagt væri til að greiða 50 % af fyrstu 1500 kr., og ekkert af þeim launum, sem eru yfir 1500 kr., eða að borga öllum jafnt, nefnilega 750 kr. Ekki get jeg skilið það, að með þeirri aðferð yrði meiri nákvæmni, nje heldur, að það verði til að hjálpa þeim best, sem mest þurfa á því að halda. Jeg get ekki sjeð annað en að menn eigi að hafa eftir rjettri »procent«-tölu af öllum launum sínum; það eitt sýnist mjer vera reikningslega rjett, en það var einmitt það, að við sáum okkur ekki fært að bera það fram.

Svo vildi jeg minnast ofurlítið á lægstu launin, fyrstu 1500 kr., eða þessi lágu laun, sem eru alt að 1000 kr.; það er ekki hærra en svo, að það getur með naumindum hrokkið til að draga fram lífið, svo að það sje ekki til vansæmdar fyrir þjóðina. En þeir menn, sem hafa 6000 kr. laun, eða meira, þurfa ekki öll launin til lífs-

framdráttar; að eins nokkur hluti launanna fer til þess, og hann er að minsta kosti eins mikill og hjá þeim, er hefir lágu 1500 kr. launin. Það er viss upphæð, er hver maður þarf til að draga fram lífið, og hefir hún verið kölluð þurftarlaun, og þegar embættismaðurinn hefir meiri laun en þurftarlaununum nemur, þá sje það upphæð, sem embættismaðurinn hefði getað lagt fyrir, ef undir venjulegum kringumstæðum hefði verið, og það eru meira að segja líkur til þess, að sumir embættismenn hafi getað sparað sjer saman fje og eigi þess vegna nokkra peninga. Þess vegna hefir okkur dottið í hug að borga ekki dýrtíðaruppbótina á þessum stöðum, enda þótt við munum allir játa, að það sje ekki nema rjett og sanngjarnt að gjalda þeim dýrtíðaruppbót, alveg eins og hinum, sem lægra eru launaðir.

En hvað þessa einföldu aðferð snertir, að gera alla jafna, með því að borga af 1500 kr., eða þurftarlaununum, þá hygg jeg, að háttv. deild geti ekki felt sig við það, og þegar háttv. þm. (E. P.) gerir sjer ekki vonir um, að þessi brtt., sem hann vill gera, nái fram að ganga, þá furðar mig á því, að hann skuli ekki heldur vilja hallast að till. nefndarinnar en að frv., þar sem hann vill bæta þeim manni, sem hefir 6000 kr. í laun, með 750 kr., því að eftir frv. frá Nd. nær uppbótin til engra, er hafa yfir 3500 kr., en eftir till. nefndarinnar fá þeir menn uppbót, er hafa 4600 kr. laun. Það geta því allir sjeð, að till. nefndarinnar fer þó miklu nær hugsun háttv. 1. þm. Rang. (E. P.), og því get jeg ekki búist við öðru en að hann sjái sig um hönd og greiði atkv. með till. nefndarinnar.

Jeg álít nú greinina heldur skárri en áður, ef henni yrði breytt á þann hátt, sem jeg legg til; þetta virðist mjer svo auðsjeð, að það ætti ekki að hamla hv. þm. frá að greiða atkv. með nefndinni.

Jeg treysti því, að þetta frv. fái svo góðan byr hjer í þessari háttv. deild, að að eins einn eða tveir háttv. þm. greiði atkv. á móti því, en hinir gjaldi því jákvæði og láti sanngirni og góða samvisku ráða.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er nú svo komið tíma dags og í raun og veru einnig tíma þingsins, að það er heppilegra að spara sem mest öll orð. Hitt er lakara, að það er einnig svo varið tímanum, að maður verður má ske að spara athugun, þótt stórmál komi fram á síðustu stundu fyrir þessa háttv. deild, og þá með brtt., sem tæplega getur kallast að háttv. deildarmenn geti athugað neitt nákvæmlega. Þess vegna er það líka athugavert, að umr. hv. deildarmanna hafa verið þannig vaxnar í þessu máli nú, að maður skyldi halda, að þetta væri 1., en ekki 2. umr., þegar verið er að tala um grundvöll málsins. En þetta er eðlilegt, af þeirri ástæðu, sem jeg tók fram, að háttv. deild hefir ekki gefist kostur á að athuga málið nema lítið eitt.

Þegar jeg athuga meðferð háttv. deildar á málinu og ber það saman við frv., sem kom frá Nd., þá dylst mjer eigi, að nefndin hefir leitast við að breyta ekki frv. nema svo, að þær breytingar, sem hjer kynnu að verða samþyktar, næðu einnig fram að ganga í háttv. Nd. Þetta sýnir, að sú skoðun, sem komið hefir fram í Nd., að þessi deild leitist við að sýna ráðríki í fjármálum, er ekki á rökum bygð. Það hlýtur að vaka sú skoðun fyrir þinginu, að þungamiðja fjármálanna sje hjá háttv. Nd., og jeg held, að þessi háttv. deild hafi ekki misskilið það. Jeg vildi taka þetta fram nú til skýringar, því að hjer er ekki um neinar stórvægilegar breytingar að ræða, fjárhagslega skoðað, og því síður grundvallarlega.

Það var eitt mörgum orðum og miklum tíma til að tala um, hvort þetta væri uppbót eða hjálp, og get jeg ekki annað sjeð en að háttv. deild hafi skilist, að það væri svo, að það mætti fremur kalla uppbót en hjálp. Þetta er líka svo frá landsstjórnarinnar hálfu, þótt það verði minna en ætlað er, við meðferð þingsins á málinu. Fyrir mitt leyti hallast jeg í raun og veru meir að skoðun háttv. 1. þm. Rang. (E. P.), enda hefir það einnig komið til tals með stjórninni, að eðlilegast væri að gefa uppbót af nokkrum fyrstu hundruðum launanna, hvort sem launin væru há eða lág. Það er, með öðrum orðum, að bæta upp það, sem nefna mætti þurftarlaun hvers manns, en stjórnin sá sjer ekki fært að leggja það til, þegar litið var á, hvernig þingið skildist við málið á síðastliðnum vetri.

Jeg skal ekki blanda mjer inn í deilu háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) og háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.), þó að mjer virðist, að hinn fyrnefndi hafi þar rjettara fyrir sjer. Meiningin væri þá, að launalögin, meðan þau væru í gildi, yrðu að skoðast nokkurn veginn rjettlát, því að svo verður að líta á, að þingið telji ekki annað rjettlátara en þau gildandi lög. En með því að svona er liðið á tímann, þá virðist mjer, að málið megi ekki eyðileggjast fyrir þref og þjark og því verði að beygja af, þó að menn verði ekki að öllu leyti ásáttir. Jeg býst við að greiða atkv. með flestum brtt. nefndarinnar, þó ekki með 11. brtt., því að hún færir málið þó enn þá fjær því, sem jeg vildi kalla rjettlætisgrundvöll í því.

Jeg hefi svo ekki meira að segja og mun ekki aftur taka til máls um þessi atriði. Jeg skal að eins taka það fram, að mjer virðist, að betra væri að greiða lægri prósentur yfirleitt heldur en að vera að bæta inn í frv. ýmsum nýjum, svo að segja ómögulegum, ákvæðum í framkvæmdinni.

Guðmundur Ólafsson: Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) þótti mjer farast óhöndulega orð um sparnaðinn.

Jeg sje nú ekki betur en að þrennskonar sparnaður hafi vakað fyrir meiri hluta nefndarinnar, eftir því sem háttv. framsögum. hennar (G. G.) segist frá. Í fyrsta lagi sparnaður á fje, í öðru lagi sparnaður á ranglæti og í þriðja lagi sparnaður á vilja þingsins, og verð jeg að segja, að hið síðasttalda var þó verst til fundið, en í því einu hefir vist háttv. nefnd náð fyllilega tilgangi sínum.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal ekki lengja umræður mikið um þetta mál. Tíminn er stuttur og lítill kostur hefir verið á að athuga það rækilega nú, og, eins og háttv. þingmönnum er kunnugt, átti jeg engan þátt í undirbúningi þess.

En eftir því, sem jeg hefi skilið háttv. nefnd, þá hefir hún viðurkent rjettmætar kröfur embættismanna til dýrtíðaruppbóta og sýnt viðleitni í að uppfylla þær.

Sú leiðin, að fara sem minst fram yfir það, sem samþ. var í háttv. Nd., virðist mjer hyggileg, þar sem tíminn er orðinn svo afmarkaður, og stórvægilegar breytingar gætu orðið til þess, að hefta framgang málsins. En þá væri ver farið en heima setið. Jeg býst því við að greiða atkv. með brtt. nefndarinnar. Þó er ein þeirra, sem jeg get ekki felt mig við. Það er sú, sem fer fram á, að þeim, sem nefndir eru í 18. gr. fjárlaganna, verði engin dýrtíðaruppbót veitt. Jeg skildi háttv. frsm. (G. G.) svo, að nefndin legði litla áherslu á þetta atriði,

Það getur verið rjett, að það rjúfi »princip« frv. að taka þessa menn með. En þegar litið er yfir þessa grein fjárlaganna, sjest það, að ekki myndi það vera mikill útgjaldaauki fyrir landssjóð að veita þeim mönnum dýrtíðaruppbót, en hins vegar er þörfin óvíða meiri en einmitt hjá því fólki, sem þar er talið. Þar eru t. d. fátækar ekkjur, sem eiga við erfið kjör að búa á allan hátt, og gamlir duglegir menn, sem búnir eru að eyða kröftum sínum í þarfir lands og þjóðar, t. d. gamlir póstar og fleiri heiðursmenn. Jeg álít því, að fult rjettlæti mæli með að taka þetta fólk með.

Jeg vildi að eins benda á þetta til athugunar.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil leyfa mjer að lýsa yfir því, að nefndin tekur 3. brtt. aftur.

ATKVGR.

Brtt. 892, 1. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 892, 2. — — 10 — —
— 892, 3. tekin aftur.
— 892, 4. samþ. með 10 — —
— 892, 5. — — 11 — —
— 892, 6. — — 8 — —
— 892, 7. — — 9 — —
— 892, 8. — — 9 — —
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
— 892, 9. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 892, 10. (ný 2. gr.) samþ. með 10 : 2 atkv.
— 892, 11. samþ. með 8 : 4 atkv.
4. gr., svo breytt, (verður 3. gr.) samþ. með 10 : 1 atkv.
— 892, 12. (ný 4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
5. 6. og 7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
— 892, 13. samþ. með 7 : 3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., fimtudaginn 13. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 917).

Ofskamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ.

Eggert Pálsson: Jeg gat um það við 2. umr. þessa máls, að jeg mundi ef til vill bera fram brtt. við 3. umr., en jeg hefi ekki gert það. Málið var afgreitt hjer í háttv. deild við 2. umr. er klukkan var hartnær 11 í gærkveldi, og því hefir ekki verið útbýtt fyr en nú í þessu augnabliki. Það hefir því ekki verið nokkur tími til að koma fram með brtt., og jeg býst ekki heldur við því, að það hefði haft nokkra verulega þýðingu. Eh jeg vil taka það fram, til þess, að öllum þeim, er lesa þingtíðindin, megi vera það ljóst, að jeg hefi ekki látið af skoðun minni, heldur orðið að breyta svo vegna tímaleysis.

En jeg vil geta um annað atriði í sambandi við þetta, og það er, að álits fjárveitinganefndar hefir ekki verið leitað um málið, en það er þó beint tekið fram í 16. gr. þingskapanna, að álits fjárveitinganefndar skuli leita um öll frv., er hafa útgjöld í för með sjer. Þetta frv. hefir þó mikil gjöld í för með sjer, og þessari grein hefir verið beitt meira að segja um mjög lítilfjörleg atriði, eins og t. d. um kaup á áhöldum til síldarmatsmanna. En þetta er líklega gleymska (**K. E.:** Nefndin hefir gleymt því í flýtinum), og jeg er ekki að tala um þetta af því, að jeg sje í fjárveitinganefndinni, enda býst jeg við,

að hún hefði ekki haft neitt við málið að athuga frá þeirri hlið.

Forseti: Það er rjett athugað hjá háttv. 1. þm. Rang. (E. P.), að láðst hefir að leita álits fjárveitinganefndar um tvö fyrstu málin á dagsskránni. Það má má ske segja, að þetta sje yfirsjón hjá mjer, og að jeg hefði átt að veita þessu eftirtekt, en ástæðan til þess, að svo er ekki, er hversu tíminn er naumur. Og jeg hygg, að það sje ekki hægt að leggja þetta neinum til lasts.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Í tilefni af ummælum þeim, er fallið hafa um, að gleymst hafi að fá álit fjárveitinganefndar um fyrstu tvö málin á dagskránni, dýrtíðaruppbótina og dýrtíðarhjálpina, þá vil jeg taka það fram, að þetta kom meðfram af því, að meiri hluti fjárveitinganefndar átti sæti í bjargráðanefndinni, svo að þar með var trygt samþykki fjárveitinganefndar, og því ekki annað en þýðingarlítið form að fá álit hennar um málið. Þetta getur því ekki haft nein áhrif á það.

Jeg vil taka það fram, að mjer hefir ekki borist frv. í hendur, og hefir nefndin því ekki rannsakað, hvernig frv. horfir nú við eftir prentunina.

Úr því að jeg stóð upp, þá vil jeg taka fram eitt atriði, sem jeg gleymdi í gær. Samkvæmt till. nefndarinnar var feld niður 2. gr. frv., og komu engin mótmæli fram gegn því hjer í háttv. deild. En svo stóð á þeirri grein, að einn maður, dr. phil. Björn Bjarnason, hefir vegna heilsuleysis fengið aðra menn til þess að gegna kennarastarfa sínum. Þessir menn hafa ekki starfað að þessu eftir samningi við hann, heldur við stjórnina eða stjórn skólans, og í vetur greiddi stjórnin þeim dýrtíðaruppbótina, og það þótt engin grein sem þessi væri í þingsályktun aukaþingsins. Nefndin leit því svo á, að þessi grein væri óþörf, en að stjórnin ætti í framtíðinni að fylgja í þessu efni þeirri reglu, sem hún tók upp í vetur.

Að fara að rekja frv. að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til, en treysti því, að háttv. deild samþ. frv. þetta sem næst í einu hljóði.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 59. fundi í Nd., fimtudaginn 13. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 937).

Á 60. fundi í Nd., föstudaginn 14. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 937, n. 943, 947).

Ofskamt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði leyfð og samþ.

Pjetur Jónsson: Það er álit meiri hluta bjargráðanefndar, að frv. beri að samþykkja óbreytt, eins og það kemur frá Ed. Þarf því ekki langa framsögu. Jeg býst við, að menn hafi gert sjer grein fyrir þeim breytingum, sem Ed. hefir gert á frv. Samt skal jeg lauslega drepa á aðalbreytingarnar.

Fyrst er breytingin á 4. lið 1. gr.; er þar gerð önnur skipun á uppbótinni til þeirra, sem auk embættis síns hafa atvinnu af sjávarútvegi eða landbúnaði. Undantekningin nær einungis til prestanna og þó að eins til afgjalds af prestssetri, sem fellur undan dýrtíðaruppbót.

Næsta breytingin er um einhleypingana. Er hámarkið fært úr 2000 kr. í

2450 kr. Þannig er um búið, að þeir, sem hafa yfir 2000 kr., fá svo mikið, að uppbótin og launin nemi samanlagt 2450 kr.

Þriðja breytingin er líka hækkun á hámarki. Hefir Ed. fært hámarkið fyrir því, hverjir fá dýrtíðaruppbót, úr 3500 kr. í 4600 kr.

4. breytingin er á 4. gr. Er landsstjórninni heimilað að verja eftir till. póstmeistara alt að 20000 kr. til dýrtíðaruppbótar handa póstum. Þetta eru helstu efnisbreytingarnar.

Jeg hefi lítils háttar borið saman fjárhagslega frv., eins og háttv. Ed. hefir gert það úr garði, við frv. stjórnarinnar. Lækkunin á prósentunni frá því, sem stjórnin hafði áætlað, mun nema um 70 þús. kr. Upp á móti því kemur aftur uppbót, sem miðuð er við framfæringa, en hana hefir háttv. Ed. fært úr 50 kr. fyrir hvern framfæring upp í 70 kr. Ef giska mætti á, að framfæringar, sem þessa njóta, muni vera um eitt þúsund, verða það 70 þús., eða sem nemur prósentlækkuninni. Það eru því miklar líkur til, að það standist á, sem stjórnin áætlaði, og það, sem veitt verður.

Viðbótin til kennaranna verður samt kann ske umfram. Alls mun því uppbótin fara yfir 300 þús. kr.

Ekki voru allar breytingarnar, sem gerðar voru í Ed., meiri hluta nefndarinnar að skapi. Þó vill meiri hlutinn sætta sig við frv., eins og það er. Vill hann heldur, að frv. verði samþykt svona, en að málinu verði ef til vill hleypt í strand, því að það væri bæði ilt og ósæmilegt.

Aðalágreiningurinn, sem varð í nefndinni, kemur fram í brtt. frá tveim háttv. þingmönnum., 1. þm. Árn. (S. S.) og þm. Borgf. (P. O.). Vilja þeir fyrst koma sama skipulagi á um þá, sem framleiðslu hafa, eins og ákveðið var í frv., er það fór frá Nd. Jeg vil ekki mæla á móti þeirri breytingu í sjálfu sjer. Ef það fyrirkomulag hefði verið samþykt í vetur, þá hefði jeg verið þeirri tilhögum samþykkur. En nú horfir öðruvísi við. Í ár er ekki hægt að segja, að prestar hafi uppbót af atvinnurekstri sínum. Því er minni ástæða nú til að undantaka þá árið 1917 heldur en var fyrir árið 1916.

Nefndin hefir orðið vör við ónákvæmni í uppbótaráthlutuninni fyrir 1916. Mönnum, sem hafa ókeypis húsaleigu, hefir verið bætt upp á þeim launum, sem í ókeypis húsaleigu felast. Til þess var auðvitað aldrei ætlast. Menn eiga enga uppbót að fá á því, sem þeim er goldið in natura.

Þá vilja sömu menn (S. S. og P. O.) færa styrkinn til framfæringa úr 70 kr. niður í 50 kr. Mjer hefir altaf fundist 50 krónur á framfæring fulllítið til að gera mun á fjölskyldumanni og einhleypingi. Skoðun mín er sú, að uppbótin eigi aðallega að fara eftir þörfunum, og þörfin verður því meiri, sem framfæringar eru fleiri. Því vil jeg leggja á móti, að framfæringatillagið verði lækkað.

Um 4. brtt. skal jeg ekki ræða. Hún varðar ekki miklu.

Jeg vil mælast til, að flm. (S.S. og P.O.) tækju brtt. sínar aftur, því að það ætti helst ekki að eyða fje í að þvæla þessu máli lengur milli deildanna; og mjög væri varhugavert að gera nokkrar breytingar, sem gætu komið málinu í óefni.

Frsm. minni hl. (Bjarni Jónsson): Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara. Fyrirvarinn er sá, að þingið gengur svo frá þessu máli, að hjer sje um hjálp að ræða, en jeg tel mig enga heimild hafa til að veita slíka hjálp; en skaðabætur tel jeg þingið hafa góða heimild til að veita.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Sigurðsson): Um leið og jeg stend upp heyri jeg þess óskað alt í kring um mig, að jeg taki aftur brtt. okkar þm. Borgf. (P. O.). En hvað sem um það verður, þá verð jeg að gera grein fyrir þeim, úr því að þær eru fram komnar, og afstöðu okkar flutningsmannanna til þessa máls.

Hv. þm. S.-Þ. (P. J.) hefir gert grein fyrir breytingunum, sem Ed. hefir gert á frv. Jeg skal ekki endurtaka það. En þess vil jeg geta, að frv. er mjög viðunanlegt, eins og það var er það var afgreitt hjeðan frá deildinni, og hefðu víst flestir deildarmenn getað sætt sig við, að það hjeldist óbreytt. En Ed. hefir litið öðrum augum á málið. Tvö hámörk hefir hún flutt upp, launahámarkið úr 3500 í 4600 kr., en hitt, meðlagið eða tillagið til framfæringa, barna og foreldra, úr 50 kr. í 70 kr. Þá hefir deildin fært upp launatakmarkið hjá einhleypum mönnum. Loks hefir hún og ákveðið, að þeir, sem hafa framleiðslu, skuli og verða uppbótarinnar aðnjótandi. Allar eru þessar breytingar til stórspillis. Þær auka útgjöld landssjóðs og hafa misrjetti í för með sjer. Við háttv. þm. Borgf. (P. O.) höfum því komið með brtt. á þgskj. 947, sem miða að því að færa frv. í samt lag aftur.

En hvaða útlit er nú fyrir, að brtt. verði samþ.? Jeg tel líklegt, að þær verði samþ. hjer í Nd., og þó er engin vissa fyrir því.

Fyrst og fremst voru þeir, sem að frv. stóðu hjer í deild, nefndarmennirnir 5. En nú eru 2 þeirra gengnir úr skaftinu og horfnir yfir í fjandaflokkinn, og einn er orðinn mitt á milli; svo að nú erum við ekki orðnir eftir nema tveir einir af nefndarmönnum, jeg og hv. þm. Borgf. (P. O.), sem höldum fast við frv., eins og það var þegar það fór hjeðan úr deild. Þó hýst jeg við, að brtt. okkar muni komast fram hjer í deild. En hvernig mun þá frv., þannig breyttu, reiða af í háttv. Ed.? Þar hefir embættismannavaldið tekið sig saman um að berjast á móti öllum breytingum, og barist með hnúum og hnefum móti hverskonar miðlun, nema þá með þeim afarkostum, sem okkur þóttu óaðgengilegir. Svona eru þeir ósáttfúsir, oddborgararnir og embættisgarparnir í háttv. Ed. Afleiðingin af þessari afstöðu háttv. Ed. er auðsjáanlega sú, að ef frv. kemur upp í þá deild með þeim breytingum, sem við viljum koma að, og líklega getum komið að hjer, þá mun háttv. Ed. aftur breyta því í sama horf sem það var í þegar það fór þaðan, og málið því lenda í sameinuðu þingi. En hverjar verða horfurnar þar? Jeg geri ráð fyrir, að brtt. okkar fái hjer í deild um 14 atkvæði, og í Ed. geri jeg ekki ráð fyrir, að fleiri en 2 verði þeim fylgjandi. Það eru þá alls 16; en á móti má búast við að verði 23—24. Það er því sýnt, að þessi brtt. okkar muni ekki ganga í gegn í sameinuðu þingi. Þetta er alt nákvæmlega athugað og lagt niður samkvæmt atkvæðagreiðslum um málið í báðum deildum og liðskönnun, sem nú hefir verið gerð. Að halda brtt. til streitu er því eigi til annars en að auka þras og umræður um málið, og ef til vill að lengja þingið. Við, sem brtt. flytjum, og fylgismenn okkar, erum komnir í minni hluta í þinginu.

Því er nú og að öðru leyti svo varið, að sumir, sem breytingu vilja, vilja þó ekki tefla málinu í tvísýnu. Mjer fyrir mitt leyti er nokkurn veginn sama, hvað um það verður, úr því sem komið er, því að þessi frágangur á því er lítt viðunanlegur, og háttv. Ed. til stórskammar. Þrátt fyrir óánægju mína með málið, eins og háttv. Ed. hefir gengið frá því, greiði jeg þó líklega ekki atkvæði móti frv. Geri jeg það eingöngu vegna

ýmsra manna, sem verðugir eru að fá þessa uppbót. Jeg geri það vegna hinna fátæku og lágt launuðu, sem þó gegna starfi sínu eins vel, eða betur, en hinir með hærri launin.

Jeg lýsi yfir því að lokum, að af því, að brtt. okkar eru dauðadæmdar í sameinuðu Alþingi, þá tökum við þær aftur. Þó er það ekki með glöðu geði gert. En maður verður hjer að beygja sig fyrir ofbeldinu og ofureflinu, ofjörlunum og embættismannavaldinu, nú eins og svo oft áður.

ATKVGR.

Brtt. 947. teknar aftur.

Frv. samþ. með öllum atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 958).

---

10. Ráðstafanir út af Norðurálfuófriðnum.

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 2. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á og viðauka við lög 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum. (A. 19).

Á 4. fundi í Nd., föstudaginn 6. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Eins og háttv. deildarmenn sjá er hjer um lítið frv. að ræða, og er það að eins viðauki við lög, sem á sínum tíma fengu allrahæsta staðfestingu, og er það nú samkvæmt stjórnarskipunarlögunum lagt fyrir þingið. Það færir að eins lítils háttar út verksvið þeirra laga, sem áður er búið að samþykkja. Jeg sje ekki neina brýna þörf á, að það gangi til nefndar, og læt mjer nægja að óska þess, að það verði látið ganga til 2. umr.

Einar Arnórsson: Jeg vildi að eins leyfa mjer að vekja athygli á því, hvort ekki mundi vera ástæða til að endurskoða þessi lög, sem búin voru til upp úr eldri lögum í vetur. Sýnist mönnum þess þörf, þá leyfi jeg mjer að leggja til, að frv. verði vísað til bjargráðanefndar. Mætti eins vel gera það við 2. umr., þótt ekki verði það gert í dag.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til bjargráðanefndar (sjá A, bls. 1620) í e. hlj.

Á 22. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 190).

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg bjóst við, að annar væri framsögum. í þessu máli, en það er ljett verk og löðurmannlegt. Hjer er að eins að ræða um dálitla skýringu á lögum 1. febrúar 1917, sem ekkert er við að athuga.

ATKVGR.

1. gr. og 2. gr. samþ. e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 24. fundi í Nd., föstudaginn 3. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 19).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 4. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breyting á og viðauka við lög 1. febr. 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 284).
Á 23. fundi í Ed., mánudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. ágúst, var frv. tekið aftur til 1. umr.

Sigurður Eggerz: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að þessu frv. verði, að umr. lokinni, vísað til bjargráðanefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv., og til bjargráðanefndar (sjá A, bls. 1618) með 11 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 284, n. 418).

Frsm. (Sigurður Eggerz): Jeg vil leyfa mjer að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá háttv. Nd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
2. gr. — — 7 — —
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.
Fjarverandi var framsm. í málinu (K. E.), er sagður var veikur.

Á 33. fundi í Ed., föstudaginn 17. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 284).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 508).

II. Framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912.

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, og laga nr. 44, 2. nóv. 1914, og laga nr. 45, s. d. (A. 22).
Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 27. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (B. K.): Stjórnin hefir leyft sjer að leggja fyrir Alþingi frv. til laga um framlengingu á gildi vörutollslaganna. Á þinginu 1915 var með lögum nr. 6, 3. nóv., ákveðið, að þessi lög skyldu gilda til ársloka 1917 ásamt viðaukum. Liggur í augum uppi, að eigi landið að njóta þessara tekna næsta fjárhagstímabil, verður að framlengja lögin.
Eins og tekið er fram í ástæðum frv.

þótti rjettast að setja framlengingunni ekkert tímatakmark, og má vitaskuld taka vörutollslögin til endurskoðunar, eða jafnvel nema þau úr gildi, þegar tök þykja til, hvort sem nokkurt tímatakmark er sett eða ekki. En vitaskuld veitir ekki af að halda þessum tekjum, einkum ef svo fer, að verðhækkunartollurinn verður numinn úr gildi.

Nokkrir háttv. þm. hafa minst á það við mig, að þægilegra væri fyrir reikningshaldara og innheimtumenn, að vörutollslögin væru dregin saman í eina heild. Jeg get fullkomlega fallist á þetta og mun láta stjórnarskrifstofuna gera það, ef svo sýnist. Þykir mjer þó leiðara að hreyfa nokkuð við lögunum, þar sem grundvelli þeirra var raskað 1914. Mun jeg þó ekki setja það fyrir mig, ef deildin vill svo vera láta. Skal jeg láta undirbúa málið og afhenda síðan væntanlegri nefnd.

Vil jeg að svo mæltu leyfa mjer að stinga upp á því, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar, að lokinni þessari umr.

Bjarni Jónsson: Mjer þykir mjög leitt, að stjórnin skyldi taka upp á því að leggja fram þetta frv., og taka ekki þann upp að semja nýtt og betra tollfrv., sem sje að taka upp verðtoll í stað vörutolls.

Þetta er nú að vísu gamalt deiluefni milli mín og hæstv. fjármálaráðherra (B. K.). Skal jeg nú ekki rekast í því, þótt mjer þyki þetta leitt, en vil skora á nefndina að umsteypa frv. og gera vörutollinn að verðtolli, svo að ekki sje miðað við þunga.

Fjármálaráðherra (B. K.): Það er alveg rjett hjá hv. þm. Dala (B. J.), að við höfum áður eldað grátt silfur á þingi um þessar tvær stefnur, og hefi jeg áður fært ástæður fyrir því, að mjer þótti ráðlegra að taka upp vörutollinn, þótt öllu rjettlátara væri að taka upp hundraðsgjald. Jeg hefi bent á, að þá stefnu væri ekki mögulegt að taka upp í tollgæslulausu landi. Það kostar að setja á stofn fullkomna tollskoðun, þar sem allur flutningur og farangur, er kemur hingað til lands, sje tekinn upp úr umbúðum og rannsakaður. Þess vegna vil jeg biðja háttv. nefnd, ef hún kemst að þeirri niðurstöðu að breyta lögunum í það horf, að leyfa mjer samtal við sig.

Bjarni Jónsson: Jeg vil ekki hefja deilu um, hversu óframkvæmanlegt þetta er, sem jeg held að það sje ekki. En í sambandi við þetta vil jeg benda á lagafrv. það, sem hjer hefir komið fram í deildinni, um skifting bæjarfógetaembættisins í Reykjavík og stofnun sjerstaks tollstjóraembættis. Þar með er ætlast til að koma hjer á fullkominni tollskoðun og eftirliti með öllum aðfluttum vörum. Ef til vill mun á eftir þessu koma svipuð tollskoðun í stærri kauptúnum landsins, og hins vegar er líklegt, að Reykjavík verði með tímanum miðstöð allrar verslunar hjer í landi. Þar með virðist þessari hindrun að mestu úr vegi rutt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e.hlj., og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1608) í e.hlj.

Á 22. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 228).

Frsm (Gísli Sveinsson): Eins og nefndarálit fjárhagsnefndar á þgskj. 228 ber með sjer ræður hún til, að frv. nái fram að ganga, og hún telur sjálfsagt, að það hefði náð fram að

ganga hve nær sem það hefði komið fram, og það án tillits til þess, hverja skoðun menn annars hafa um þessi lög, vörutollslögin. Það má vera öllum vitanlegt, að nú á þessum tímum dugir ekki að rýra tekjur landssjóðs, því að ekki er útlit fyrir mikinn tekjuauka á þessu þingi, og síst er til framkvæmda geti komið bráðlega. Þessi tollur er líka svo hár, gefur svo miklar tekjur, að ekki virðist ráðlegt að ráðast í þær breytingar á honum, er geta rýrt tekjurnar. Og þótt menn skiftist í flokka um það, hvort betra væri að haga slíkum toll á þann veg, er vörutollslögin gera ráð fyrir, eða, eins og ýmsar raddir hafa heyrst um, breyta honum í verðtoll, þá virðist ekki nú heppilegur tími til að breyta honum á slíkan veg. Eins og nú stendur, í dýrtíðinni, er víst, að verðtollur væri ekki hentugri eða rjettlátari en vörutollur. Meðan dýrtíð stendur og okurverð er á öllum vörum, verður hundraðsgjald eða verðgjald öllu ranglátari og tilfinnanlegra en þungagjald.

Nefndinni þótti rjett, að það ákvæði hjeldist, sem undanfarin þing hafa ávalt sett inn í lögin, að þau skuli gilda út fjárhagstímabilið næsta. Skoðanir þm. eru mjög skiftar um þessi lög. Margir hafa hug á að gera á þeim gagngerðar breytingar, þegar tími vinst til, og sumir vilja jafnvel afnema þau með öllu. Því þykir oss rjett, að gildi laganna sje bundið við fjárhagstímabilið.

Að vísu er það rjett, sem hæstv. fjármálaráðh. (B. K.) hefir haldið fram, að alt af megi breyta lögunum eða afnema þau, þótt gildi þeirra sje ekki bundið við neinn ákveðinn tíma. En hins vegar ber að líta á það, að þetta hefir verið venja undanfarinna þinga, að framlengja lögin að eins á þennan veg, og það má ganga út frá því, að hugir manna sjeu hinir sömu nú. Þótt nefndin hafi lagt til, að frv. þetta yrði samþykt, þá er alls ekki með því neitt látið uppi um það, hverja skoðun hún hafi á tollmálum yfirleitt. Að eins sjer nefndin ekki fært að afnema vörutollinn, eins og nú standa sakir. Jeg finn ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um frv., en tel sjálfsagt, að það nái fram að ganga.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg er háttv. nefnd þakklátur fyrir það, að hún vill láta frumvarpið ná fram að ganga. Landssjóður má ekki við því að missa svona mikilvægan tekjulið; mætti ekki við því, þótt hann væri minni. Eina breytingu hefir nefndin gert, og sje jeg enga ástæðu til að gera neina aths. við það. Það stendur á sama, hvort lögin gilda um ákveðinn tíma eða ekki, því að ekki er mikil fyrirhöfn að framlengja þau, þegar þar að kemur. Hins vegar álít jeg fyrir mitt leyti óþarft að hafa þetta ákvæði svona, því að jafnvandalítið er að afnema lögin eða breyta þeim, þótt eigi sje gildi þeirra bundið við ákveðinn tíma.

En það var eitt atriði í ræðu háttv. frsm. (G. Sv.), sem jeg vil nota tækifærið til að fara nokkrum orðum um. Það er það, að frv. þetta hafi komið nokkuð seint fyrir þingið. Jeg hefi því meiri ástæðu til að bera fram afsökun mína í þessu efni, sem áður hafa verið gefin tilefni til þess við umræður hjer í deildinni.

Eins og mönnum er kunnugt um þá hafa engar fastar áætlunarferðir verið milli Íslands og Danmerkur síðan þingi var slitið í vetur. Þegar forsætisráðherra fór utan síðast, bar þá ferð svo bráðan að, að ómögulegt var að afgreiða öll frv., er fyrir þingið áttu að koma. Það var rjett með herkjumunum, að skrifstofan, sem jeg hefi yfir að segja, gat flaustrað af fjáraukalögunum fyrir

1916—17. Tíminn leyfði ekki meira. Stjórnin hafði talað sig saman um það, hvernig haga skyldi uppburði stjórnarfrumvarpanna, og orðið ásátt um, að ekki væri ástæða til að rembast við að láta þau öll vera tilbúin í þingbyrjun. Þessi stjórn, sem nú situr í valdasessi, hafði í svo mörg horn að líta þennan stutta tíma, sem hún var búin að sitja við stýrið áður en þing kom saman, að tíminn varð mjög takmarkaður til að undirbúa þingmálin. Það voru því fleiri frv. en þetta, sem hjer liggur fyrir, sem þurfti síðar að síma til konungs. En það drógst með þetta frv. þangað til 10. júlí, — ekki var nú lengra liðið af þingtímanum en það, þegar frv. var símað út — og 12. júlí var svarið sent frá Kaupmannahöfn. En svarið kom ekki hingað fyr en 21. júlí. Stjórnin á því enga sök á því, að drátturinn varð svona langur. Þetta geta menn sannfærst um að er satt, með því að líta á símskeytið sjálft í stjórnarráðinu. Þingið má jafnvel búast við, að stjórnarfrv. eigi eftir að koma fram enn. Það segir sig sjálft, að þetta getur altaf komið fyrir, að stjórnin leggi fram frv. eftir að þing er byrjað, og allra síst er ástæða til að finna að því nú, þegar ástandið í heiminum gefur tilefni til nýrra ráðstafana svo að segja daglega.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Jeg tel sjálfsagt, að stjórnin hafi sama rjett og aðrir þm. til þess að koma fram með frv. í þinginu. Hins vegar getur það verið nokkuð ankanalegt með ýms mál, sem engan undirbúning þurfa, en koma eigi á undan öðrum frv., sem búið er að leggja fyrir þingið. Þannig var það með þetta mál. Í fjárlögunum eru áætlaðar tekjur þær, sem lög þessi gera ráð fyrir, þótt þau falli úr gildi við byrjun fjárhagstímabilsins. Það virðist vera í hæsta máta óheppilegt að fara þá ekki samtímis fram á framlengingu laganna, eins og vjer þm. áttum von á að gert yrði. Annars kemur þetta í sama stað niður, fyrst að frv. er komið, og er því hægt að sleppa umr. um það atriði.

ATKVGR.
Brtt. 228. samþ. í e. hlj.
1. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
2. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 24. fundi í Nd., föstudaginn 3. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 254).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 4. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, og laga nr. 44, 2. nóv. 1914, og laga nr. 45, s. d.,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 285).
Á 24. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (B.K.): Stjórnin hefir leyft sjer að bera þetta frv. fram. Eins og mönnum mun kunnugt voru lög þessi framlengd á þinginu 1915 til ársloka 1917. Það er vitanlegt, að fjárhagur landsins má ekki við því, að þessar tekjur falli niður við áramótin, enda er fjárlagafrv. það, sem nú liggur fyrir þinginu, bygt á þeim. Jeg geng út frá því, að háttv. deild muni sam-

þykkja ákvæði frv. um, að lögin gildi til janúarbyrjunar 1919.

Fleira hygg jeg ekki þurfa að taka fram, enda er málið öllum kunnugt. Jeg sje ekki ástæðu til þess að stinga upp á, að málinu verði vísað til nefndar, af því að enginn vafi mun leika á, að það eigi fram að ganga.

Eggert Pálsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að frv. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv., og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1602) með 11 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 285, n. 385).

Frsm. (Halldór Steinsson): Jeg ætla ekki að hafa langa framsögu í þessu máli, því að sú leið, sem fjárhagsnefndin hefir farið, er svo sjálfsögð, að tæplega er önnur farandi.

Mig furðar á, að frumvarpið skyldi ekki liggja fyrir í byrjun þingsins frá hæstv. stjórn, þar sem hún þó ætlar vörutollinn tekjumegin í fjárlagafrv. fyrir 1918—1919. Það lítur svo út, sem hún hafi gleymt því, að lögin áttu að falla úr gildi við næstu áramót.

Flestir viðurkenna, að landssjóði veiti ekki af þeim tekjum, sem honum eru ætlaðar í fjárlögunum, fyrir því, að sýnilegt er, að útgjöldin verða hærri en tekjurnar, sem og er ekki heldur að furða á þessum tímum. Í fjárlagafrv. er vörutollurinn ætlaður 350000 kr. á ári eða 700000 á fjárhagstímabilinu. Þetta er svo álitleg fúlga, að ekki er hugsanlegt, að hún sje feld burt, nema skattalöggjöfinni sje gerbreytt. En til þess er hvorki tími nje ástæður á þessu þingi. Annars álít jeg þá fjármálastefnu rjettasta, eins og nú standa sakir, að róta sem minst við tollalöggjöfinni, en halda sjer við gamla fyrirkomulagið, að svo miklu leyti sem hægt er. Jeg er algerlega móti því, að lagðir sjeu á þjóðina nýir tollar. En þessi tollur er ekki nýr; hann hefir verið í gildi síðan árið 1912, og jeg álít óhjákvæmilegt að halda honum. Hins vegar áleit nefndin ekki þörf að framlengja tollinn lengur en næsta fjárhagtímabil, því að gera má ráð fyrir, að nauðsyn beri til að breyta tollalöggjöfinni eftir stríðið.

Jeg vonast þess vegna til, að háttv. þingdeild samþykki frumvarpið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. — — 11 — —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 285).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 479).

---

12. Vitagjald.

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 10. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911. (A. 390).

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (B. K.): Stjórnin hefir leyft sjer að koma með þetta frv. í því skyni að auka tekjur landssjóðs dálitið. Við búumst að vísu ekki við, að þetta verði neinn stórvægilegur tekjuliður, en hins vegar mælir öll sanngirni með því, að vitagjald hjer sje hækkað. Hjer á landi hafa margir vitar verið reistir undanfarin ár, og enn aðrir, sem nú eru í byggingu, og það virðist því vera full ástæða til að gera vitagjaldið hjer eitthvað í áttina við það, sem tíðkast erlendis.

Eins og mönnum er kunnugt þá er hjer að eins tekið vitagjald af skipum er þau koma, en erlendis er það siður, að þau gjaldi vitagjald bæði þegar þau koma og fara. Það hefir að vísu verið meiningin áður að kippa þessu í lag, en þó ekki orðið úr; menn hafa verið að bíða eftir því, að gerlegt þætti að tvöfalda gjaldið frá því sem nú er, en jeg sje enga ástæðu til að bíða svo lengi eins og það getur dregist, heldur megi hækka nokkuð nú þegar. Stjórnin hefir því komið sjer saman um að leggja það til, að vitagjaldið verði hækkað um 10 aura fyrir hverja smálest á erlendum skipum, en ársgjald fyrir innlend skip verði hækkað úr 4 kr. upp í 6 kr.

Eins og menn geta sjeð þá er þetta frv. því nær orðrjett afskrift af frv. 1913, nema hvað tölum er breytt á tveim stöðum, og má því eiginlega skoða það sem fyrirfram samþ., ef menn fallast á hækkunina. Okkur hefir talist svo til, að þessi mismunur mundi hlaupa alt að 26½ þús. kr., miðað við siglingarnar 1914, það er að segja fyrir stríðið. Jeg hefi svo ekki meira að segja um þetta mál, en vil mælast til, að því verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj, og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1608) í e. hlj.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 390, n. 496).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg hefi fátt um þetta frv. að segja. Það er komið frá stjórninni og fer fram á ofurlitla hækkun á vitagjaldinu, vitanlega í þeim tilgangi að auka tekjur landssjóðs, með því líka að vitagjald er lægra hjer á landi en annarsstaðar, og allur kostnaður við byggingu og starfrækslu vitanna orðinn dýrari en áður.

Það er ekki gott að segja um það, hve miklu þessi tekjuauki muni nema, en ekki er útlit fyrir, að hann verði mikill fyrst um sinn. Eftir þeim tekjum, sem orðið hafa fyrri helming þessa árs af vitagjaldinu, þá er mjög vafasamt, að það nái þeirri upphæð, sem stjórnin hefir áætlað, enda þótt hækkun þessi verði samþ.

En nefndin telur, að frv. gangi í rjetta átt, og leggur því til, að það verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2.—3. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn talin samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 22. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 390).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 23. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 583).

Á 39. fundi í Ed, laugardaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Leyfi mjer að leggja til, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar, að lokinni þessari umræðu.

Magnús Torfason: Jeg vil leyfa mjer að benda væntanlegri nefnd á það, að hækkunin á vitagjaldinu er æði lítil, úr því að farið er að hækka það á annað borð. Peningar hafa lækkað mjög í verði, og þar sem vitagjaldinu er varið til þess að koma upp vitum og starfrækja þá, er eðlilegt, að það sje hækkað. Farmgjöld hafa hækkað svo gífurlega síðan vitagjaldið var ákveðið, árið 1911, að skipaeigendum er engin vorkunn, þótt þeir greiði hærra vitagjald nú. Vitagjaldið yrði alveg hverfandi, þegar samið væri um farmgjöldin, og yrði því ekkert tillit tekið til þess. Jeg kysi helst, að það yrði hækkað um helming. Þetta er að eins bending til væntanlegrar nefndar.

Magnús Kristjánsson: Jeg get ekki verið samdóma hv. þm. Ísaf. (M. T.) um það að skora á væntanlega nefnd að hækka vitagjaldið enn meir en frv. fer fram á. Hitt væri sanni nær að lækka gjaldið frá því, sem gert er ráð fyrir í frv.

Það er ekki viðkunnanlegt, að menn greiði gjald fyrir það, sem þeir fá ekki. Og svo mun oft vera um þetta gjald, að menn greiði það án þess að hafa not af vitunum. Það hagar nú svo til hjer á landi, að vitar koma eðlilega ekki að neinum notum mikinn hluta árs. Öll skip, er sigla til landsins á þeim tíma, verða einnig að greiða vitagjald. Hjá því verður ekki komist, en því meir sem gjaldið er hækkað, því ranglátara kemur það niður. Hitt er eðlilegra, að ástæða er til að hækka gjaldið jafnóðum og vitum fjölgar og skipaleiðirnar verða nokkurn veginn tryggar. En með þeim vitum, sem við eigum nú, finst mjer fullfreklega farið í að hækka gjaldið.

Jeg skal leyfa mjer að drepa á annað mál, er stendur í nánu sambandi við þetta. Í þingbyrjun kom inn á þingið frv., sem fer fram á það, að tekin sje nú þegar ákvörðun um að gera meira að vitabyggingum framvegis en hingað til hefir verið gert. Jafnframt var lagt fram yfirlit yfir það, hvernig vitamálastjóri hugsaði sjer vitana reista. Frv. þetta hefir tafist af einhverjum orsökum í sjávarútvegsnefnd Nd., og hefir því þessi háttv. deild ekki átt kost á að athuga það. Því er að vísu útbýtt í dag, en það er nokkuð seint. Þetta tel jeg illa farið. Hefði frv. komið úr nefnd á rjettum tíma og væri nú komið það á leið, að menn gætu sjeð, að þingið tæki vel í það, þá væri þetta frv. verjandi. En meðan það er ekki komið lengra og óvíst er, hverjar undirtektir það fær, tel jeg ekki fært að hækka vitagjaldið meir en þetta frv. fer fram á að gert verði.

Magnús Torfason: Jeg sje, að við háttv. þm. Ak. (M. K.) lítum talsvert ólíkum augum á þetta mál.

Jeg veit ekki betur en að kostnaður við vitana fari þegar fram úr því, sem vitagjaldinu nemur. Og við vitum einnig, að þótt frv. um vitagerð verði eigi að lögum í þetta sinn, þá hefir þó þegar verið ákveðið að reisa nokkra vita með allmiklum kostnaði.

Það er ekki hægt að segja, að vitagjaldið sje greitt fyrir ekki neitt. Þótt ekki þurfi á vitunum að halda á sumrin, þá sje jeg ekki, að landið eigi að gjalda þess, að við höfum næga birtu. Það er sá stóri og góði allsherjarviti, sem við eigum, og sje jeg ekkert á móti því, að við njótum hans líka.

Gjaldið legst aðallega á útlendinga. Og, eins og jeg tók fram áðan, verða farmgjöldin svo gífurlega há, að ekkert tillit verður tekið til þessa smágjalds; það verður hverfandi. Loks er sú ástæða, sem jeg einnig drap á, að vitasmíð er orðin miklu dýrari en áður, og því eigi nema sanngjarnt, að gjaldið verði hækkað.

Magnús Kristjánsson: Það er í raun og veru rjett, sem háttv. þm. Ísaf. (M. T.) tók fram, að það kostar meira nú að reisa vita en áður fyr. En jeg hygg, að hækkun sú á vitagjaldinu, sem í frv. er ákveðin, samsvari fullkomlega auknum kostnaði við rekstur vitanna. (M. T.: Nei). En um það þýðir víst lítið að þrátta.

Það mun víst koma oft fyrir, að skip, sem sigla til landsins, sjái engan vita. Það er því varhugavert, eins fáa vita og við eigum enn þá, að sprengja vitagjaldið fram úr öllu hófi, svo að það verði hærra en annarsstaðar, þar sem vitar eru miklu fullkomnari. Ekki veit jeg, hversu rjettlátt það er, að við tökum skatt af öðrum fyrir sólarljósið. Geri ráð fyrir, að þeir menn, sem fyrir því kynnu að verða, þættust ef til vill eiga nokkurt tilkall til þess, eins og við.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv., og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1602) með 13 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 1. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 583, n. 704, 748).

Brtt. 748 var ofseint útbýtt og var því leitað afbrigða. — Afbrigðin leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Steinsson): Eins og háttv. þingdm. er kunnugt hefir fjárhagsnefnd haft mál þetta til athugunar, og hefir henni komið saman um að leggja það til, að frv. verði samþykt óbreytt, eins og það kom frá háttv. Nd. Eins og sjest á nefndarálitinu þá hefir nefndinni ekki dulist það, að vitagjaldið, sem nú er ákveðið, er helst til lágt, og skal jeg reyna að sanna það með örfáum orðum.

Fyrsti vitinn, sem reistur var á Íslandi, var Reykjanessvitinn; það var árið 1878. Sama ár voru afgreidd lög um það, að vitagjaldið skyldi vera 40 aurar á smálest af hverju skipi, sem hafnaði sig milli Reykjaness og Snæfellsness, en 20 aurar á smálest af þeim skipum, er höfnuðu sig milli Snæfellsness og Horns. Næsta ár var gjaldið fært niður í 20 aura af skipum, er kæmu milli Reykjaness og Öndverðaness, en 15 aurar af skipum, er höfnuðu sig annarsstaðar á landinu.

Nú liðu svo rúm 30 ár, að engu var breytt, en á þinginu 1911 var gjald þetta ákveðið 20 aurar fyrir öll skip, sem að landi kæmu, hvar sem það væri.

Þá hafa skipin orðið að gjalda sama vitagjald fyrir 30 vita og þau guldu fyrir tvo árið 1880; þá voru ekki komnir nema Reykjaness- og Gróttuvitinn.

Allir sjá, að ekkert samræmi er í þessu; gjaldið hefði auðvitað átt að hækka eftir því, sem vitunum fjölgaði, og þótt nú svo væri, að það hefði verið fullhátt fyrst, þá er það þó oflágt nú, þegar vitunum hefir fjölgað svo mjög.

Á þinginu 1913 var sú breyting ger, að gjaldið skyldi hækka úr 20 aurum upp í 25 aura. Voru vitarnir þá orðnir 37, og ef 25 aura gjald var þá sanngjarnt, sætti 35 aura gjald nú engu síður að vera það, þar sem nú eru fullbygðir 47 vitar, því að auðvitað mælir öll sanngirni með því, að gjaldið hækki eftir því, sem vitunum fjölgar. Nú er hagur landssjóðs ekki svo, að hægt sje að fullgera alt vitakerfi landsins á fáum árum, en, eins og kunnugt er, liggur nú fyrir þinginu frv., þar sem teknir eru upp þeir vitar, er vitamálastjóri telur að nauðsynlegir sjeu og nægja muni landinu, en ómögulegt er að segja, hve nær þeir allir verða fullgerðir; það fer eftir hag landssjóðs og ástæðum þjóðarinnar á komandi árum.

En meðan vitakerfið er ekki fullgert, og segja má, að það sje hvorki heilt nje hálft, þá getum við auðvitað ekki verið eins kröfuharðir í þessu efni og aðrar þjóðir, sem hafa fullkomið vitakerfi.

Að öllu samanlögðu virðist það því sanngjarnt, að vitagjaldið verði hækkað um 10 aura, frá því sem nú er, en ekki meira. Vil jeg því leggja það til, að frv. verði samþykt óbreytt, og vil jeg geta þess um leið, að jeg get alls ekki fallist á brtt. háttv. þm. Ísaf. (M. T.), að gjaldið verði hækkað upp í 50 aura. Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um málið að sinni.

Magnús Torfason: Jeg er háttv. framsm. (H. St.) þakklátur fyrir hinn langa og ítarlega lestur um þessa 10 eða 5 aura »politik« stjórnarinnar, sem að endingu reynist vera komin niður í eineyringa-»politik«. (**H. St.:** Jeg mintist ekki á neitt eins eyris gjald). Jú, þm. gat þess, að 10 vitum hefði verið bætt við vitakerfið, og í sambandi við það, að sennilegt væri að hækka vitagjaldið um 10 aura, og trúi jeg það verði 1 eyrir á vita. Í athugasemdum stjórnarinnar er það tekið fram, að vitagjald sje lægra hjer en annarsstaðar, og er það rjett. Þar er það líka tekið fram, að nauðsynlegt sje að afla landssjóði tekna með gjaldi þessu.

Athugasemd þeirri get jeg verið samþykkur að nokkru en ekki öllu leyti. Jeg lít svo á, að með vitagjaldinu eigi ekki að auka tekjur landssjóðs í öðru skyni en því, að afla fjár til fjölgunar vitunum. En til þeirra framkvæmda veitir sannarlega ekki af, að gjaldið sje hækkað.

Ef athuguð eru útgjöldin til vita í landsreikningnum fyrir árið 1915, þá kemur það í ljós, að vitagjaldið hrekkur ekki nærri til. Vitagjald nemur þá 60,000 kr., en útgjöldin eru talsvert meiri, þótt ekki einu sinni sje tekið tillit til vaxtanna af því fje, sem lagt er í stofnkostnaðinn. Síðan hefir þó kostnaðurinn aukist að miklum mun, bæði vegna dýrtíðaruppbótar starfsmanna og verðhækkunar á olíu, og auk þess er það vitanlegt, að vitagerð er miklu dýrari nú en þá.

Nú er löggjafarvaldið eindregið á þeirri skoðun, að nauðsynlegt sje að hraða vitagerð meir en hingað til hefir gert verið, og virðist því rjett að hækka gjaldið að nokkrum mun; því að ekki nær það nokkurri átt að vera að hringla við að breyta því á hverju þingi. En

það er jeg sannfærður um, að þótt gjaldið verði hækkað nú um 10 aura, þá þykir það ofiágt eftir 2—3 ár.

Sjerstaklega vil jeg fylgja hækkun þessari fast fram af því, að jeg veit, að hún lendir mest á útlendingum. Yfirleitt eru skipagjöld þau gjöldin, er minst óánægja er með hjá landsmönnum, og eru þau því góður tekjustofn, og innheimta handhæg.

Það var drepið á það hjer um daginn, að mörg skip kæmu hjer að landi, sem ekki nytu vitanna, sjerstaklega á sumrum. Það er vísu rjett, en þess ber að gæta, að mörg þau skip, sem hingað sækja á sumrin, eiga það erindi að ausa af auðsuppsprettum landsins, en þær eru ekki ótæmandi.

Því til sönnunar má benda á það, að nú, síðan stríðið hófst, er margur fjörður fullur af fiski, sem áður var þurrausinn. Þessi sókn útlendinga hingað hefir því verið nokkurskonar ránrækt.

Jeg álít því í fylsta mæli sanngjarnt að hækka vitagjaldið svo, að um muni, og býst jeg við, að vandfundinn sje annar vænlegri tekjustofn en þessi.

Frsm. (Halldór Steinsson): Það voru að eins örfá orð út af síðustu athugasemd háttv. þm. Ísaf. (M. T.). Hann benti á, að þetta væri nokkurskonar sanngjarnt rángjald á útlendingum. En jeg álít, að það mundi alls ekki fæla útlendinga frá landinu, þótt hækkað yrði vitagjaldið, enda veit jeg ekki, hvort það væri sanngjarnt að okra á þeim, þótt þeir væru nærgöngulir fiskimiðum hjer við land.

Sami háttv. þm. (M. T.) benti einnig á, að hækka þyrfti gjaldið til þess að fá endurgoldinn byggingarkostnað vitanna. Þar get jeg ekki heldur verið á sömu skoðun, því að jeg álít ómögulegt, að gjaldið sje í nokkru hlutfalli við byggingarkostnaðinn; að minsta kosti yrði það þá að vera margfalt hærra en hv. þm. Ísaf. (M. T.) fer fram á í brtt. sinni.

Magnús Torfason: Jeg þarf ekki að eyða mörgum orðum til þess að svara háttv. frsm. (H. St.); jeg sje, að hann er mjer í hjarta sínu samþykkur.

Jeg sagði aldrei, að hækkun þessi ætti að vera rángjald, og því síður það, að með henni skyldi fæla útlendinga frá landinu.

Annars vil jeg minna hv. þm. (H. St.) á frv., sem var hjer til umr. í vetur, um að hækka síldartoll um 3 kr., til þess að geta náð sjer niðri á útlendingum. — Hækkun sú, sem nú er um að ræða, mundi verka eins og það frv. átti að verka, þannig, að tekjur ykjust án þess, að það kæmi verulega niður á landsmönnum.

Jeg ætlaðist ekki til þess, að hækkunin gæti vegið á móti kostnaðinum öllum, en hitt finst mjer rjett, að láta gjaldið höggva svo stórt skarð í hann sem auðið er.

Magnús Kristjánsson: Jeg var því miður ekki við til að hlusta á ræður þær, sem fluttar hafa verið í máli þessu. Má því búast við, að orð mín verði eins og úti á þekju.

Mjer fanst, að síðustu ummæli háttv. þm. Ísaf. (M. T.) um, að hækkun sú, er hann fer fram á, væri rjettmæt, vera á litlum rökum bygð. Jeg vildi frekar segja, að þau sjeu ástæðulaus.

Jeg ætla ekki að fara langt út í málið, en vil þó benda á það, að þörf væri á að fá nánari skýrslur en þær, sem háttv. þm. Snæf. (H. St.) las upp og háttv. þm. Ísaf. (M. T.) þóttist finna ástæðu til að byggja á þá skoðun, að rjettlátt væri að hækka gjaldið svo mjög.

Þess ber að gæta, að margir af þess-

um 30 vitum, sem háttv. þm. (H. St.) mintist á, eru að eins smávitar, og lítil ástæða að taka til greina alla smávita, sem að eins gagna litlu svæði, þegar setja á reglur um vitagjald á stóru svæði. Útreikningur háttv. þm. Ísaf. (M. T.) er því ekki á rökum bygður.

Þá má sýna fram á það, að gjaldið mundi verða tilfinnanlega hátt fyrir innlend skip, ef það yrði hækkað eins og háttv. þm. Ísaf. (M. T.) fer fram á. Tökum t. d. 1000 smálesta skip, sem að vísu eru ekki mörg, en vonandi fer fjölgandi. Ef þau sigldu 8—10 ferðir á ári milli landa, mundi gjaldið nema 3000—3500 kr., og getur það ekki talist neitt smáræði.

Þá er því haldið fram, að best sje að hafa gjaldið sem hæst, til þess að ná sem mestu fje af útlendingum. En jeg er nú þeirrar skoðunar, að landsmenn mundu fljótt kenna þess á vöruverði, því að auðvitað er vitagjaldið talið með flutningskostnaði. Ávinningurinn mundi því ekki verða svo mjög mikill. Jeg dreg það því í efa, að þetta reynist hygginda-pólitik hjá háttv. þm. Ísaf. (M. T.).

Jeg færði rök fyrir því við 1. umr., að vitagjaldið megi alls ekki hækka meir en farið er fram á í frv. Að vísu getur hugsast, að það geti átt sjer stað einhvern tíma í framtíðinni, þegar búið er að fullgera vitakerfi landsins.

Ekki get jeg sjeð, að nokkurt vit sje í því, að vitagjaldið eigi að bera bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað vitanna árlega. Jeg þekki ekki nein þau fyrirtæki hjer, sem borið geti það hvorttveggja þegar á fyrsta ári.

Jeg þarf svo ekki að fjölyrða frekar um málið, en mun greiða atkvæði á móti brtt. háttv. þm. Ísaf. (M. T.), og vænti þess, að háttv. deild felli hana.

Eggert Pálsson: Jeg þarf ekki að vera langorður, því að mál þetta snertir mig lítið sem landbúnaðarmann.

En það voru nokkur orð í ræðu háttv. þm. Ak. (M. K.), sem komu mjer til þess að standa upp. Hann kvaðst ekki þekkja neitt stórfyrirtæki, sem borgaði bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað þegar á fyrstu árum. En jeg vil benda honum á eitt. Það er ritsíminn. Og mjer finst ekki óhugsandi, að þetta gæti gert það líka.

Ef svona framfarafyrirtæki geta ekki borið sig sjálf, hvaðan eigum við þá að taka fje til þeirra? Jeg lít svo á, að við höfum ekki fje aflögu til þeirra, ef þau gefa ekkert í aðra hönd.

Annars virðist mjer ágreiningurinn í máli þessu rísa af helst til smávægilegu atriði, þar sem augsýnilega vakir hið sama fyrir báðum málsaðiljum, sem sje það að bæta sem best fyrir siglingum og útvegi hjer við land. Og það liggur í augum uppi, að sú stefnan, að hækka vitagjaldið, leiðir til þess, að flýtt verði vitabyggingum, en hin stefnan, að hafa það sem lægst, seinkar þeim. Jeg mun því greiða atkv. með brtt.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Mjer virðist, að tvennskonar skoðanir hafi komið fram hjá háttv. þingdm. um frv. þetta. Í fyrsta lagi sú, að hækkunin eigi að auka tekjur landssjóðs, og í öðru lagi eigi hún að stuðla að því, að vitakerfið komist sem fljótast í gott horf.

Það er vitanlegt, að hækkun vitagjaldsins mundi verða til þess, að vitunum fjölgaði. En jeg álít, þrátt fyrir það, ekki rjett að afráða þessa hækkun nú þegar. Nú er, sem kunnugt er, á ferð frv. í Nd., sem fer í þá átt að skilja fjárhag vitanna frá landssjóði.

Þar er gert ráð fyrir, að landssjóður taki lán til þess að koma upp sem fyrst þeim vitum, sem nauðsynlegastir þykja. Og það er auðvitað vitanlegt, að fyr yrði hægt að endurgreiða þetta lán, ef vitagjaldið yrði hækkað. En mjer finst samt tæplega tími til kominn að hækka gjaldið nú, sjerstaklega ef hitt frv. kynni að verða felt í Nd. En þegar það frv. hefir verið samþykt og fjárhagur vitanna er aðgreindur frá landssjóði, er auðveldara að segja, hvað vitarnir þurfa, og þá er nægur tími til að hækka gjaldið. Jafnvel þótt jeg geri ráð fyrir, að vitagjaldið, sem farið er fram á með brtt. á þgskj. 748, verði ekki ofhátt síðar meir, álít jeg samt nægja að samþ. að þessu sinni þá hækkun, sem gert er ráð fyrir í frv. Og þótt það sje ekki skemtilegt að verða að breyta lögum á hverju þingi, þá finst mjer þó sjálfsagt, að þetta ákvæði verði athugað síðar.

Magnús Kristjánsson: Mjer var fyrir löngu kunnugt um, að háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) var tvent í senn, bæði sparnaðarmaður og ötull til aðfanga fyrir landssjóð. En þó að þetta sjeu hvorttveggja lofsverðir kostir, þá mega þeir ekki fara út í öfgar.

Mjer finst það vera fjarstæða, sem háttv. þm. (E. P.) sagði, að síminn hefði borgað sig á einu ári. Mjer vitanlega borgaði hann ekki stofnkostnaðinn á fyrsta árinu. (**E. P.:** Jeg hefi ekki sagt á fyrsta árinu). Orð háttv. þm. (E. P.) urðu ekki skilin á annan hátt. En úr því að háttv. þm. (E. P.) fór að minnast á símann og þann arð, sem hann hafi fært í aðra hönd, þá vildi jeg geta þess, að gripið hefir verið til ýmsra ráða, sem ekki geðjast almenningi, til þess að ná þeim mikla hagnaði, sem af símanum hefir orðið. Jeg á þar við hraðsamtöl og forhraðsamtöl, sem eru algerlega órjettlát og valda því, að almenningur getur ekki haft fult gagn af símanum. Í slíku og öðru eins verður altaf að gæta hófs.

Sama máli er að gegna um vitana. Vjer megum ekki búast við, að þeir borgi kostnaðinn þegar í stað. Hitt er annað mál, að þegar vitakerfið er komið í gott horf, munu vitarnir veita landinu tekjur, og þá mun þetta fyrirtæki borga sig á svipaðan hátt og síminn.

Þetta ætti háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) að skilja, ef hann bæri það saman við önnur fyrirtæki, sem hann hefir barist fyrir í sínu kjördæmi eða þar í grendinni, t. d. sandgræðslu, Flóaáveituna eða fyrirhleðsluna í Þverá. Þó að við greiðum atkv. með fjárveitingum til þessara fyrirtækja, þá gerum við það ekki í þeirri von, að þau borgi sig þegar í stað, heldur af hinu, að við væntum, að þau borgi sig einhvern tíma í framtíðinni. Eins er um vitana. Þeir geta borgað sig, þó að það verði ekki þegar í byrjun, svo að þeir geti staðið straum af sjálfum sjer í framtíðinni.

Jeg skal ekki fjölyrða frekar um þetta mál. En með því að jeg er nú bráðum dauður, get jeg ekki svarað því, sem fram kann að koma í málinu hjer eftir, en vona, að jeg geti dáið rólegur fyrir því, að röksemdir háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) um þetta mál munu hvorki sannfæra mig nje aðra.

Eggert Pálsson: Það er alveg óþarft fyrir háttv. þm. Ak. (M. K.) að kvíða því, að jeg ráðist illilega á hann. Því að, sannast sagt, er mjer þetta ekki neitt sjerstakt áhugamál. Jeg hefi að eins viljað lýsa því fyrir háttv. þingdm., hvorri stefnunni jeg fylgdi í þessu máli. En önnur miðar, sem kunnugt er, að því að fjölga vitunum og greiða fyrir samgöngum til landsins, en hin vill, að alt móki í sama horfinu.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að jeg hefði misskilið orð sín. Jeg get ekki kannast við það. Jeg tók svo eftir, að hann ætlaðist til, að vitagjöldin borguðu rekstrarkostnaðinn. (**M. K**: Það voru ekki mín orð). En jeg ætlast til, að þau borgi bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað. (**M. K.**: Á sínum tíma).

En þar eð háttv. þm. (M. K.) virtist vilja mótmæla því, að síminn eða símagjöldin borguðu meira en rekstrarkostnaðinn, þá skal jeg geta þess, að jeg held að sanna megi, að einstakar símlínur hafi borgað bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað á einu ári. Þess vegna er dæmi mitt ekki svo fjarri sanni. Annars finst mjer það vera aðalatriðið í þessu máli, að hækkun vitagjaldsins miðar að því að koma vitamálunum í betra horf. Þess vegna fylgi jeg brtt. á þgskj. 748.

En þar sem háttv. þm. (M. K.) minntist á Flóaáveituna og fyrirhleðsluna fyrir Þverá, þá hygg jeg, að jeg gæti mint hann á það, að hann hefir sjálfur barist fyrir kvennaskóla á Akureyri. Jeg vil fá fyrirhleðslu fyrir Þverá; hann vill fá kvennaskóla á Akureyri. Þar er líkt á komið fyrir báðum. En fje þarf til hvorstveggja. Og hvaðan á að taka það fje, ef ekki má auka gjöldin til landssjóðs?

En háttv. þm. (M. K.) ætti að athuga það, að því meira sem gert væri fyrir Suðurlandsundirlendið, því fjótara mætti fá stofnkostnaðinn upp borinn. Ef þetta frjósama hjerað kæmist í fjörugt samband við umheiminn, mundi ekki líða á löngu, að þessi fyrirtæki borguðu bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað.

Frsm. (Halldór Steinsson): Mjer fanst kenna töluverðs misskilnings í ræðu hv. 1. þm. Rang. (E. P.). Hann vildi líkja þessu máli við símann. En þar er tvennu óskyldu saman jafnað. Allur þorri þjóðarinnar hefir gagn af símanum, en að eins ein stjett manna af vitunum. Hv. þm. (E. P.) vildi þó halda því fram, að vitarnir ættu að borga sig á sama hátt og síminn. En það er fjarstæða, enda fanst mjer þingmaðurinn hrekja það í öðru orðinu, sem hann vildi sanna í hinu. Hann bar þetta fyrirtæki saman við ýms fyrirtæki, sem ekki borga sig í náinni framtíð. Sum fyrirtæki borga sig aldrei, t. d. spítalar, og jafnvel kvennaskólinn, sem hann tók til dæmis. (**E. P.**: Það á alt að borga sig). Ummæli háttv. þm. (E. P.) eiga því ekki hjer heima.

Þá hjelt háttv. þm. (E. P.), að hækkun vitagjaldsins mundi flýta fyrir vitagerðum. En jeg hygg, að það þurfi ekki að verða, því að engin trygging er fyrir, að þessu fje verði varið til vita. (**Atvinnumálaráðh.**: Jú, það verður, þegar fjárhagur landssjóðs og vitanna er aðgreindur.)

ATKVGR.

Brtt. 748, a. og b., feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Ó., H. Sn., K. E., M. T., E. P., G. B.

nei: H. St., H. H., Jóh. Jóh., K. D., M. K., S. E., S. J., G. G.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. og 3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., þriðjudaginn 4. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 583, 758).

Frsm. (Halldór Steinsson): Jeg sje, að háttv. þm. Ísaf. (M. T.) er ekki enn af baki dottinn. Nú hefir hann enn komið með brtt. á þgskj. 758, sem fer í þá átt að hækka vitagjaldið um 5 aura. Jeg býst við, að ef umr. hefðu verið fleiri en 3, mundi hann hafa komið með 2 aura hækkun við næstu umr.

Jeg skal geta þess, að fjárhagsnefndin hefir ekki rætt þessa brtt. í heild sinni; jeg get þess vegna ekki lýst afstöðu nefndarinnar í heild sinni. En jeg býst þó við, að hún vilji ráða háttv. deild til að samþykkja frv. óbreytt. Það gæti ef til vill orðið erfiðara fyrir lögreglustjórana að margfalda lestatölurnar með 35 aurum heldur en 40 aurum. En jeg hygg samt, að sá erfiðleiki eigi ekki að hafa nein áhrif á úrslit málsins.

Magnús Torfason: Háttv. frsm. (H. St.) vill gera lítið úr þessari brtt. En það verður altaf að dæma hvern hlut eftir því, við hvað miðað er. Þessi 5 aura hækkun er þó á við hálfa hækkun stjórnarinnar. Jeg er þá hálfdrættingur við stjórnina, og mjer þykir engin skömm að því.

Annars skal jeg leyfa mjer að geta þess, í sambandi við 2. umr. þessa máls, að mjer hefir aldrei dottið í hug, að vitagjaldið yrði svo hátt, að það greiddi stofnkostnaðinn. Enda hygg jeg, að jeg geti sagt með sanni, að landið hafi aldrei fengið neina vexti af vitunum, hvað þá heldur endurgreiddan stofnkostnaðinn.

Þessi brtt. á að ýta undir, að vitunum fjölgi sem allra fyrst. En menn hafa ekki gert sjer ljóst, hversu mikilsvert atriði þetta er. Vitarnir eru ekki að eins samgöngubót; þeir bjarga mörgum mannslífum og fækka skipreikum. Fyrst þegar komið er hjer á sæmilegu vitakerfi, má búast við, að hin afarháu sjóvátryggingargjöld lækki. Og spari þeir því skipaeigendum útgjöld. En hækkun vitagjaldsins leggur löggjafarvaldinu þá skuldbindingu á herðar að sinna þessu alvarlega máli betur en gert hefir verið hingað til.

Jeg hygg, að þetta sje nóg til þess að sannfæra hv. deild um nauðsynina á að samþykkja þessa brtt., með því líka að gjaldið er nú svo lágt, að sumir skipstjórar útlendir henda gaman að því, hve lágt það er.

Magnús Kristjánsson: Það þýðir lítið að ræða þetta mál. Jeg geri að minsta kosti ráð fyrir, að háttv. þm. Ísaf. (M. T.) vilji tala síðast.

Mjer fanst óþarfi af háttv. þm. (M. T.) að fara að rifja upp minningar frá 2. umr. Jeg hygg, að háttv. þm. hafi þá haft tækifæri til að láta skoðun sína í ljós.

Þessi lítilfjörlega hækkun er svo lítilsverð, að það er óþarfi að eyða mörgum orðum að henni. En jeg fæ hins vegar ekki sjeð, að hún geti haft nokkur áhrif á fjölgun vitanna.

En þar sem háttv. þm. (M. T.) sagði, að vitagjaldið væri mjög lágt, þá hygg jeg, að það sje út í bláinn mælt. Jeg held, að hjer sje vitagjaldið hærra en annarsstaðar. Jeg veit ekki betur en gjaldið sje annarsstaðar 25 aurar og sumsstaðar ekkert, þar sem vitar eru þó í mikla betra ásigkomulagi en hjer. Jeg tek þetta fram til þess að draga úr ummælum háttv. þm. Ísaf. (M. T.) um þetta atriði.

En hitt, sem háttv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að landið hafi aldrei fengið neina vexti af vitunum og því síður greiddan stofnkostnaðinn, efa jeg að hann hafi rannsakað svo til hlítar, að dómur hans sje á rökum bygður. Enda þótt það væri satt, að lítið hafi á unnist í þessu

efni, þá er það eðlilegt, með því að flestir vitarnir eru nýlega gerðir, og því er ekki hægt að búast við, að þeir sjeu farnir að borga sig.

Jeg geng að því vísu, að háttv. deild hviki ekki frá því, sem hún samþ. við 2. umr. málsins.

Magnús Torfason: Háttv. þm. Ak. (M. K.) talaði um, að jeg mundi vilja tala síðast. En það er engin ástæða fyrir hann að núa mjer því um nasir í þessu máli, því að þegar það var hjer til 2. umr., talaði háttv. þm. Ak. (M. K.) ekki fyr en jeg var dauður, og slíkt hefir oftar komið fyrir. Þess vegna hafði jeg þá ekki ástæður til að svara honum.

Jeg fæ ekki sjeð, að þessi hækkun sje þýðingarlaus; hún er þó helmingur af hækkun stjórnarinnar.

Jeg hefi ekki ætlað mjer að segja annað en það, sem jeg gæti staðið við. Jeg minnist þess, að það eru fleiri en þessi útlendi skipstjóri, sem þykir vitagjaldið oflágt. Jeg hefi orðið víðar var við það og heyrt menn taka í sama strenginn. Gjaldið er afarlágt; það kemur helst niður á »Rute«-skipum, sem fara þetta 6—7 ferðir, og þá er ágóði þeirra líka svo mikill, að þau eiga að geta þolað það. Mjer er líka kunnugt um það, að þessi gjöld eru víða há í öðrum löndum, og þykir mjer undarlegt, að háttv. þm. Ak. (M. K.) skuli vera á móti því að hækka þetta gjald. Hann er með því að fá vitana, en við »sjávarþorparar« höfum ekki svo góðan byr til að ná í eitthvað gott, sem að sjávarútveginum lýtur, að við verðum að vera við því búnir að taka gjöld á okkur, og þegar við getum gert það á þann hátt, að það verði ekki tilfinnanlegt fyrir landið, þá hjelt jeg, að þetta væri góður tekjustofn.

ATKVGR.

Brtt. 758, a. samþ. með 9:2 atkv.
— 758, b. feld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Ó., H. Sn., M. T., E. P., G. B.
nei: G. G., H. St., H. H., Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. K., S. E., S. J.

Frv., svo breytt, samþ. með 12:1 atkv.

Endursent Nd.

Á 52. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911, eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 791).

Á 55. fundi í Nd., laugardaginn 8. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 791, n. 822).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg skal að eins leyfa mjer að geta þess, að fjárhagsnefndin hefir gengið inn á þá breytingu, sem háttv. Ed. hefir gert á frv., sem sje að hækka um 5 aura gjaldið af hverri smálest í skipum, sem taka höfn hjer við land, öðrum en skemtiskipum, og leggur því til, að frv. sje samþ. eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e.hlj. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 866).

13. Lögræði.

Á 1. fundi í Ed., mánudaginn 2. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um lögræði. (A. 5).

Á 2. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. Get látið mjer nægja að vísa til aths., sem frv. fylgja.

Háttv. Ed. samþ. árið 1911 áskorun til stjórnarinnar um að rannsaka þetta mál og leggja fyrir þingið frv. til laga um persónulegan og fjárhagslegan myndugleika. Þáverandi stjórn leitaði til lagadeildar Háskólans og samdi prófessor Lárus H. Bjarnason frv. og fjellst lagadeildin á till. hans.

Aðalbreytingarnar, sem frv. þetta ber með sjer, er að lögaldur er lækkaður úr 25 árum í 21 ár, og jafnframt er hálfræði afnumið. Hjer á landi hefir lögaldur lengst af ekki verið bundinn við eins háan aldur og nú hefir tíðkast um hríð, og sú ósk hefir oft komið fram á Alþingi, að fullræðisaldur yrði lækkaður. Jeg fyrir mitt leyti er því meðmæltur. Og víst er um það, að þetta er í fullu samræmi við löggjöf flestra annara þjóða. Í Danmörku er lögaldur hærri, en víðast hvar annarsstaðar er hann bundinn við 21 árs aldur. Raunar skiftir þetta ekki miklu máli í viðskiftum, en þó getur hlotist af því nokkur bagi. Það hefir t. d. komið fyrir, að Íslendingar, sem búsettir voru í Bandaríkjunum og þar höfðu algert fullræði, gátu ekki tekið arf, sem þeim tæmdist á Íslandi, fyllilega í sínar hendur. Yfirleitt er þetta í samræmi við almennan Evrópurjett og til talsverðra bóta. Hálfræði það, sem hjer hefir tíðkast, er naumast mikilsvert. Þeir menn eru margir, sem hafa ekki orðið meðráðamannsins mikið varir frá 18 ára aldri til 25 ára.

Að öðru leyti leyfi jeg mjer að vísa til aths. við frv., og vænti þess, að hv. Alþ. taki vel í málið. Skoðanir manna hafa helst verið skiftar um það, hvort fullræði eigi að vera bundið við 20 ára eða 21 árs aldur, og hvort afnema skuli hálfræði. Jeg fyrir mitt leyti hallast að því að binda fullræði við 21 árs aldur og afnema hálfræði.

Jeg vil gera það að till. minni, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e.hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1607) í e.hlj.

Á 17. fundi í Ed., mánudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 177).

Framsm. (Hannes Hafstein): Nefndin hefir athugað þetta frumvarp eftir föngum, og þótt nefndarálitið sje ekki langt, hefir hún þó haft talsvert mikið fyrir því. Ekki svo að skilja, að nefndin áliti ekki frv. gott í alla staði. Það er enginn vafi á því, að það hefir verið vandað mjög vel, og vantar ekkert í það, sem í slíkum lögum á að vera. Það mun og vera almenn ósk, að þessar breytingar sjeu gerðar á þessu mikilvæga atriði, lögræðinu.

Og þetta er í fullu samræmi við það, sem gilt hefir hjer á landi frá því er landsmenn fóru sjálfir að ráða lögum sínum. Jeg tel ekki, þótt annað hafi gilt um 100 ára skeið, því að þessu var breytt með norsku lögum Kristjáns V. En nú er farið fram á, að setja það í sama horf og áður var. Breyting þessi er þeim mun minna athugaverð, þar sem aldur þessi gildir í flestum menningarlöndum Norðurálfunnar, nema Danmörku. Og ef við ríðum á vaðið í »hinu samein-

aða ríki«, þá munu Danir bráðlega feta í fótspor vor.

Nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að þótt málið á frv. sje í sjálfu sjer gott og talsvert vandað til þess, þá sje þó sumt í orðalaginu allóvanalegt og sum nýyrðin ekki viðkunnanleg. Nefndin kann t. d. ekki við, að sagt sje, að hjón eigi »ósjálfrátt barn«, og svo er um fleira. Af þessu leiddu ýmsar breytingar, og töldum við þá betra og gleggra fyrir háttv. þm., að við skrifuðum greinarnar alveg að nýju. Og nefndin vonar, að háttv. þingdm. telji ekki eftir sjer að athuga þetta vandlega, því að þetta er mál, er gripur víða til.

Eiginlegar efnisbreytingar eru ekki aðrar en að við leggjum til, að vinnuhjú geti verið fjárráðamenn, en svo er ekki gert í frumvarpinu. En þegar frumvarpið var samið, höfðu vinnuhjú, samkvæmt stjórnarskránni, ekki fullan rjett móts við aðrar stjettir, en þegar þau nú hafa fengið fullan rjett og kosningarrjett til Alþingis, þykir nefndinni ekki rjett að útiloka þau frá því að hafa fjárráð, t. d. með barni sínu. Það er líka alkunna, að hjú eru oft fult eins sjálfstæð og góð til fjárvarðveislu og þeir, sem hlaupa sem fyrst í að losa sig undan vistarbandinu. Jeg býst við því, að það, að frv. er svona úr garði gert, stafi af því, að landsstjórnin hafi ekki tekið eftir þessu, þegar frv. var prentað upp að nýju.

Jeg skal geta þess, að meinleg villa hefir slæðst inn í 11. gr. frv. hjá nefndinni. Vil jeg biðja háttv. þingdm. að taka ekkert tillit til þess, því að hún ætlar að lagfæra það við 3. umr.

Jeg vona, að háttv. deild taki brtt. nefndarinnar vel, samþykki þær og síðan frv. með áorðnum breytingum.

Forsætisráðherra (J. M.): Að því er efni frv. snertir, þá get jeg þakkað háttv. nefnd fyrir meðferð hennar á því.

Nefndin hefir að eins gert eina efnisbreytingu á frv., sem um er vert að tala. Það er um, að hjú geti verið fjárráðamenn. Jeg skal geta þess, að það er ekki af því, að ráðuneytið, og eins mun vera um höfund frv., telji rjett, að meta manngildi eftir því, hver staða mannsins er, heldur eftir því, hvernig í stöðunni er staðið, að svo er til ætlast í frv., að hjú geti ekki verið fjárráðamenn, heldur af því, að hjúið er bundið og ræður ekki yfir tíma sínum. Það hefir ráðið sig undir annars manns yfirráð, og það er vanalega enginn eins bundinn og vinnumaðurinn eða vinnukonan. (H. H.: Nokkuð svo). Það er víst varla efi á því. Þetta hefir vakað fyrir höfundinum og annað ekki, og frá lagalegu sjónarmiði er þessi stjett mest bundin allra stjetta og hefir því varla frjálsræði til að gegna umfangsmiklum fjárráðum fyrir aðra.

Þá eru það brtt. nefndarinnar um málið á frv. Það er vitanlega erfitt að deila um þesskonar till., því að þar er alt komið undir tilfinningu hvers einstaks manns. Háttv. frsm. nefndarinnar (H. H.) gat þess, að brtt. væru ekki fram komnar fyrir þá sök, að hún teldi málið slæmt á frv., heldur kynni hún illa við sum nýyrðin. Jeg verð að segja fyrir mitt leyti, að jeg kann vel við þau. Mjer þykir t. d. heppilegra að nota orðið lögræði en lögráð. Og jeg held, að menn mundu yfirleitt venjast þessum orðum vel. Þau eru mynduð með hliðsjón af öðrum orðum, eins og t. d. þingræði, þjóðræði o. s. frv. Nefndin hefir hneykslast mjög á orðunum

»sjálfráður« og »ósjálfráður« í þeirri merkingu, sem þau eru hjer notuð. En það er, eins og jeg hefi tekið fram, örðugt að deila um smekkinn, en mjer fyrir mitt leyti finnast orðin ekki óviðkunnanleg, og miklu ver kann jeg við »sjálfsráða«. Og ekki verður því neitað, að »sjálfsóráða« er stirt orð og óviðfeldið. Því verður ekki neitað, að »sjálfráður« og »ósjálfráður« eru notuð öðruvísi í þessu sambandi en yfirleitt annarsstaðar í málinu. En jeg fæ ekki sjeð, að það skifti miklu máli. Það er altítt, að orð hafa sjerstaka merkingu í lagamáli, sem þau hafa ekki annars, og breytingin úr sjálfráður í sjálfsráða er síst til bóta, eftir mínum smekk. Annars skal jeg geta þess, að málið á frv. er í samræmi við lagamál það, sem Háskólinn er að leitast við að koma á. Háskólanum hefir virst fara sjerstaklega vel á að nota »ur«-endinguna í mörgum orðum; hann notar t. d. stefndur í stað stefndi o. s. frv. Annars skal jeg játa, að sumar breytingar nefndarinnar eru mjög viðkunnanlegar og liðlegar, eins og við var að búast, er háttv. frsm. nefndarinnar (H. H.) hefir átt hlut að máli, því að alkunnugt er, hversu honum lætur vel að orða hugsanir sínar. En mjer finnast nýyrði nefndarinnar hafa tekist miður vel, eins og jeg hefi drepið á. Og jeg get alls ekki sjeð, að neitt sje t. d. á móti því að tala um sjálfráð eða ósjálfráð börn.

Frsm. (Hannes Hafstein): Jeg heyrði það á ræðu hæstv. forsætisráðh., að það var ekki af misgáningi sprottið, að hjúum var ekki ætlaður sami rjettur og öðrum til þess að vera lögráðamenn. Jeg verð því að biðja afsökunar á því, að nefndinni skyldi koma þetta til hugar, en hún hjelt sem sje, að frv. hefði verið samið áður en stjórnarskránni var breytt, og svo hefði stjórninni skotist yfir þetta atriði, er hún lagði málið fyrir þingið.

Hæstv. forsætisráðherra taldi nauðsyn bera til þess, að lögráðamaður hefði fult frelsi, og væri þess vegna oft örðugt fyrir hjú að hafa þann starfa á hendi. Jeg fæ ekki betur sjeð en að hæguriun sje hjá að ráða fram úr þeim vandkvæðum. Hjúið þarf þess eins með að leysa vistarbandið. Jeg skil ekki, að það geti sett neinn mann á hausinn, sem annars á að hafa forráð fyrir fje, sem einhverju nemur. Og mjer finst það skifta miklu máli, að ekkert það verði látið hanga við hjúastjettina, sem valdið gæti því, að mönnum finnist hún óvirðulegri eða lægri en aðrar stjettir í landinu. Landið þarf á því fólki að halda, sem ekki finst læging í því að vinna fyrir aðra borgara landsins. Og ef þetta ákvæði í þessum lögum gæti stuðlað til þess, að sú tilfinning hyrfi, þá yrði það áreiðanlega ekki gagnslaust.

Jeg ætla ekki að þrátta um orðabreytingar nefndarinnar. Þær eiga betur við minn smekk, en vitanlegt er, að hverjum þykir sinn fugl fagur, því að jeg get ekki neitað því, að jeg hefi átt minn þátt í þessum brtt. Hæstv. forsætisráðherra mintist á orðið lögræði og bar það saman við þingræði og þjóðræði. Mjer finst ekki sá samanburður vera alls kostar rjettur. Orðið þingræði er subjektivt hugsað, þ. e. þingið ræður, en lögræði merkir ekki að lögin ráði, heldur ráði maðurinn sjálfur yfir sínum málum samkvæmt lögum. Og ef farið er eftir hljóminum í orðunum, þá verður því ekki neitað, að fallegra er að segja, að maður ráði ráðum sínum en að hann hafi lögræði. Annars skal jeg ekki tefja tímann með því að fara frekar út í þetta, en jeg vona, að mönnum gefist tækifæri til þess að leiðrjetta breytingar nefndarinnar við næstu umr. málsins, ef þeim leikur hugur á því.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg gat þess um efnisbreytinguna, sem felst í brtt. nefndarinnar, að jeg hefði í sjálfu sjer ekkert á móti henni, en skýrði einungis frá hugsun þeirri, sem lá til grundvallar fyrir þessu atriði í frv. Og jeg þarf naumast að taka það fram, að í þessu átti ekki að vera fólgin nein niðrun fyrir vinnuhjúin. Að öðru leyti legg jeg ekki mikla áherslu á orðabreytingarnar. Eins og jeg gat um áðan er málið á frv. í samræmi við lagamál Háskólans, og mjer finst, fyrir mitt leyti, rjett að halda nýyrðunum. Og jeg fæ ekki sjeð, að það skifti miklu máli, þó að orð sjeu notuð í annari merkingu í lögum en í daglegu tali. En um þetta má lengi deila.

Magnús Torfason: *Jeg gæti nú* raunar fallið frá orðinu, eftir að hafa heyrt þessa síðustu athugasemd hæstv. forsætisráðherra. Nefndin leit svo á, að ekki væri rjett að gera neinn mun á vinnuhjúum og öðrum, eftir að þau höfðu fengið jafnrjetti á öðrum sviðum. Og ástæða er alls engin til þess í þessu efni, því að yfirfjárráðamaðurinn ræður, hver lögráða maðurinn er, og segir til, hvort hann sje hæfur til þess starfa, er honum er ætlaður með lögum þessum. Annars skal jeg geta þess, að jeg veit dæmi til þess, að merkur maður, ráðsmaður, sem átti töluvert fje og var fjárgæslumaður hinn besti, mátti ekki ráða fyrir barni sínu.

Jeg vil enn fremur leyfa mjer að benda á, að nauðsynlegt verður að fella allar breytingartillögur nefndarinnar eða samþykkja þær allar. En þingmenn ættu að geta komið með sjerstakar breytingartillögur við 3. umr., ef þeim líst svo.

ATKVGR.

Brtt. 177, 2. (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 177, 3. (ný 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
— 177, 4. (ný 3. gr.) — — 11 shlj. atkv.
— 177, 5. (ný 4. gr.) — — 11 shlj. atkv.
— 177, 6. (ný 5. gr.) — — 11 shlj. atkv.
— 177, 7. (ný 6. gr.) — — 10 shlj. atkv.
— 177, 8. (ný 7. gr.) — — 10 shlj. atkv.
— 177, 9. (ný 8. gr.) — — 11 shlj. atkv.
— 177, 10. (ný 9. gr.) — — 11 shlj. atkv.
— 177, 11. (ný 10. gr.) — — 10 shlj. atkv.
— 177, 12. (ný 11. gr.) — — 11 shlj. atkv.
— 177, 13. (ný 12. gr.) — — 10 shlj. atkv.
— 177, 14. (ný 13. gr.) — — 9 shlj. atkv.
— 177, 15. (ný 14. gr.) — — 10 shlj. atkv.
— 177, 16. (ný 15. gr.) — — 11 shlj. atkv.
— 177, 17. 1. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 177, 17. 2. — — 11 — — 16. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
— 177, 1. (ný fyrirsögn) samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., fimtudaginn 2. ágúst, var frv. tekið til 3. umr., með svo látandi fyrirsögn:

Frumvarp til laga um lögráð.

Frsm. (Hannes Hafstein): Jeg gat þess við 2. umr., að nefndin mundi

koma með leiðrjettingu á skekkju, sem var í 11. gr. frv. En er nefndin athugaði handritið hjá skrifstofunni, sá hún, að hjer var ekki um annað ræða en að gleymst hafði að fella úr setningu, sem var útstrikuð í handritinu. Þetta var síðan leiðrjett í prentsmiðjunni.

En jeg vil leiða athygli háttv. deildar að því, að í næstsíðustu línu fyrstu málsgr. í 8. gr. er dálítil villa. Þar stendur »skráningarskyldu«, en á að vera »skráningarskylda«.

Nefndin hefir svo ekki fleira að athuga við frumvarpið, og óskar, að það nái fram að ganga hjer í deildinni.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 24. fundi í Nd., föstudaginn 3. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um lögráð,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 270).

Á 27. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Um málið sjálft ætla jeg ekki að ræða. Er mjög góð greinargerð í aths. við frv., og geri jeg ráð fyrir, að háttv. deildarmenn hafi kynt sjer það vel, eða muni gera það, því að þetta er mjög merkilegt mál. Breytingar háttv. Ed. skal jeg ekki lasta, en þó finst mjer þeirri háttv. deild eigi hafa vel tekist með nýyrði þau, sem hún hefir sett inn í frv., í stað sumra þeirra nýyrða, er þar voru í upphafi. Þau nýyrði voru að mínu áliti mjög góð, og þar sem þau eru ekki eftir mig, er dómur minn óvilhallur. Held jeg betra að setja frv. að því leyti í upprunalegt form. Ef málinu verður vísað til allsherjarnefndar, treysti jeg því, að þetta atriði verði vandlega athugað, og bætt úr því, sem aflaga hefir farið hjá háttv. Ed. að þessu leyti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 36. fundi í Nd., fimtudaginn 17. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 270, n. 414, 415).

Frsm. (Einar Arnórsson): Eins og háttv. þingdeild er kunnugt þá er þetta frv. komið frá stjórninni, og er það samið af prófessor Lárusi H. Bjarnasyni. Háttv. Ed. hefir haft frv. til meðferðar og ekki gert á því aðrar efnisbreytingar en þær, að hjú skuli eigi að sjálfsögðu vera óhæf til lögráðamensku. Stjórnin breytti frv., eins og það var frá hendi höf., að því leyti, að dómstólarnir eiga eftir stjórnarfrv. einkaúrskurðarvald um sviftingu lögræðis. Þessar breytingar fellst nefndin á.

Öðru máli gegnir um aðrar breytingar, sem orðið hafa á frv. í háttv. Ed. Það er svo ástatt, að frv. hefir að geyma ákvæði, sem áður er ekki til orð yfir í lagamáli voru. Það má því segja, að ágreiningurinn sje að eins um orð. En hjer er þó um meira að ræða en venjulegan ágreining um orð, því að hjer er að ræða um lögheiti, er festa á í máli voru.

Í frv. stjórnarinnar var notað orðið »lögræði«, og táknaði það hæfileikann til að ráða sjálfur fyrir sjer og fje sínu. Þessu hefir háttv. Ed. breytt í »lögráð«, eins og menn munu kannast við. Á sama hátt hefir háttv. Ed. farið með

orðin sjálfræði og fjárræði, breytt þeim í sjálfsráð og fjárráð, og búið til af þessu lýsingarorðin: lögráða, sjálfsráða, ólögráða, sjálfsóráða, fjáróráða o. s. frv. Þessar breytingar getur nefndin ekki felt sig við og telur hin orðin vera betri, þótt segja megi, að alt kunni að vera málfræðilega rjett. Flestar breytingar nefndarinnar stafa því af því, að hún vill halda lögheitum stjórnarfrv.

Heiti stjórnarfrv. tel jeg betra, bæði frá málfræðilegu og lögfræðilegu sjónarmiði. Næstum allar brtt., sem nefndin leggur til að verði gerðar á frv., eru orðabreytingar, eins og háttv. þm. sjá af þgskj. 415. Um verulegar efnisbreytingar er ekki að ræða. Þm. geta gert sjer grein fyrir breytingunum, ef þeir bera saman nál. á þgskj. 414 og brtt. á þgskj. 415. Það væri endurtekning á nál. að fara að tala meira um þetta, og vil jeg því að öðru leyti vísa háttv. deildarmönnum til þess.

Forsætisráðherra (J. M.): Stjórnin getur verið háttv. allsherjarnefnd þakklát fyrir meðferðina á frv. Nefndin hefir fært það aftur í það lag, sem það var í, er stjórnin lagði það fyrir þingið. Jeg mælti móti orðabreytingunum í Ed., sem þó voru samþ. þar. Jeg er alveg samdóma háttv. frsm. allsherjarnefndar (E. A.) um nýyrðin, sem tekin hafa verið upp aftur af allsherjarnefnd þessarar deildar, að þau eru málfræðilega og lögfræðilega rjettari en orðabreytingarnar, sem Ed. samþykti. Við getum tekið t. d. orðið »sjálfsóráða«. Það er alveg óhæft að mínu áliti. Jeg álít og, að nefndin hafi gert rjett í því að nema burt tilvitnanirnar í eldri lög. Það kom til mála hjá stjórninni, en var ekki gert af því, að við vildum láta frv. koma fyrir Alþingi í sömu mynd og það var í, þegar það kom frá lögfræðideild Háskólans. Jeg vil bæta því við, að mjer virðist varla gerandi að vera að breyta orðalagi frá því, sem lögfræðideild Háskólans lagði til. Mjer er kunnugt um, að háskólakennararnir gera sjer alt far um að finna góð orð og vanda málið á íslenskum lögum og lögfræði.

ATKVGR.

Brtt. 415, 2. (ný 1. gr.) samþ. í e. hlj.
— 415, 3. (ný 2. gr.) — —
— 415, 4. (ný 3. gr.) — —
— 415, 5. (ný 4. gr.) — —
— 415, 6. (ný 5. gr.) — —
— 415, 7. (ný 6. gr.) — —
— 415, 8. (ný 7. gr.) — —
— 415, 9. samþ. án atkvgr.
8. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
— 415, 10. samþ. án atkvgr.
9. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
— 415, 11. samþ. án atkvgr.
10. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
— 415, 12. a. og b. samþ. án atkvgr.
11. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
— 415, 13. (ný 12. gr.) — —
— 415, 14. (ný 13. gr.) — —
— 415, 15. (ný 14. gr.) — —
15. gr. samþ. í e. hlj,
— 415, 16. — án atkvgr.
16. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
— 415, 1. (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 38. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. ágúst, var frv. tekið til 3. umr., með fyrirsögninni

Frumvarp til laga um lögræði. (A. 515).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og endursent Ed.

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 21. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um lögræði,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 536).

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 3. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 536, n. 702).

Framsm. (Hannes Hafstein): Það hefir verið svo lítill ágreiningur um þetta frv. hjer í deildinni, að jeg býst ekki við, að jeg þurfi langan tíma til þess að ræða þær breytingar, sem gerðar hafa verið á því í háttv. Nd.

Meginþorri brtt. þeirra, sem samþ. voru hjer í háttv. Ed., hafa verið samþ. í Nd. Og vjer leggjum til, að hv. deild samþ. helstu breytingarnar, sem á frv. hafa orðið í Nd., sjerstaklega að slept sje tilvitnunum í gildandi lög, sem voru hingað og þangað í texta stjórnarfrv. Ástæðan til þess, að vjer nefndarmenn lögðum ekki til, að þessar breytingar yrðu gerðar á frv., þegar málið var til meðferðar hjer í deildinni, var sú, að vjer vildum komast af með að breyta svo litlu, sem oss fanst unt. En nú hefir háttv. Nd. felt þessar tilvitnanir burt, og viljum vjer ekki ráða háttv. deild til þess að taka þær upp aftur.

Það er að eins eitt atriði, sem nefndina greinir á við háttv. Nd. Og það eru sjálf lögheitin í frv., t. d. lögræði fyrir lögráð, og önnur orð, sem standa í sambandi við það. Vjer höfum haft allan vilja á að samþ. brtt. háttv. Nd., til þess að þurfa ekki að ómaka deildina með þessum formsatriðum. En því betur sem vjer höfum rannsakað þessi atriði, og eftir að hafa ráðfært oss við góða sjerfræðinga í orðmyndun íslenskrar tungu, því sannfærðari höfum vjer orðið um það, að þær merkingar, sem Nd. vill leggja í endingarnar -ræði og -ráður, brjóta í bág við venjulega málvísku.

Þess vegna höfum vjer stungið upp á, að sett verði aftur inn í frv. þau lögnefni, sem samþ. voru hjer í deildinni áður, t. d. lögráð, fjárráð o. s. frv. Fyrir þessu er gerð grein í nál., og vona jeg, að háttv. þingdm. hafi kynt sjer það. Ef breytingar Nd. verða samþ., mundu komast ýms mjög óviðkunnanleg orð inn í lagamálið, sem hætt er við, að aldrei verði hægt að fá Íslendinga til þess að sætta sig við. Enda skal jeg geta þess í þessu sambandi, að bæði í stjórnarfrv. og till. háttv. nefndar í Nd. virðist tilfinning fyrir rjettri málmyndun hafa leitt til þess, að þar er rjettilega notað, bæði í 3. gr., 5. gr. og víðar, orðið lögráðamaður, en ekki »lögræðismaður«, sem þó virðist sjálfsagt, ef samræmi hefði átt að halda, og á sama hátt í 11. gr. orðið »ráðamaður«, ekki ræðismaður, sem vænta hefði mátt.

Háttv. Nd. hefir ekki hugsað út í afleiðingarnar, sem verða mundu af þessum orðmyndunum, enda mun hún hafa farið hjer að vilja einstakra manna og smávanist þessum heitum, uns hún fann ekki missmíðin á þeim.

Loks skal jeg geta þess, að gleymst hefir að taka það fram í nál., að í 15. gr. á að standa hálfráða fyrir hálfráðir, og hálfráð fyrir hálfræði. Býst jeg við, að háttv. deild leyfi, með samþykki forseta, að þessu verði breytt í prentuninni.

ATKVGR.

Brtt. 702, 1. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 702, 2. — — 10 — —
— 702, 3.—8. samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 52. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um lögrdð,

eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 768).

Á 56. fundi í Nd., mánudaginn 10. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 768, n. 856).

Framsm. (Einar Arnórsson): Eins og menn sjá er misklíð enn á milli háttv. Ed. og allsherjarnefndar hjer um nöfnin. Háttv. Ed. hefir breytt lögheitunum alstaðar, nema neitunar-ó-i milli samskeyta, vill enn breyta -ræði í -ráð og -ráður í -ráða. Allsherjarnefnd Nd. getur ekki fallist á þessar breytingar, heldur leggur til að breyta frv. í sama horf sem það hafði síðast hjer í deildinni. Þó hefir það orðið að samkomulagi milli allsherjarnefnda beggja deilda að halda lýsingarorðunum -ráða, en að -ráð verði -ræði, eins og hjer í deild var áður samþ., og tekur því nefndin aftur þær breytingar sínar, sem að lýsingarorðunum lúta.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi lesið þessar deilur deildanna og lýsi þess vegna yfir því, að nefndin í Ed. hefir rangt fyrir sjer, en nefndin hjer rjett. Því líkar mjer einnig illa boðskapur háttv. framsm. (E. A.) um lýsingarorðin, með því að óbeygileg lýsingarorð á -a eru ljót. Auk þess þykir mjer það hastarlegt, að Alþingi fari að berja niður fræðiorð, sem kennari notar við Háskólann, þegar ekki er um smekkleysur að ræða, og verð að telja það óhæfu, einkum þegar lagt er til að setja vont mál í staðinn fyrir betra mál.

Framsm. (Einar Arnórsson): Við háttv. þm. Dala. (B. J.) og jeg erum sammála í þessu máli, svo að ekki er hætt við deilum milli okkar. Um endingarnar -a og -ur í lýsingarorðum er það að segja, að báðar eru rjettar; það er að eins smekkatriði, hvor valin er. Nefndin hjer hafði, eins og hv. þm. Dala. (B. J.), hallast að lýsingarorðunum -ráður, og hún er enn á sama máli. En með því að tvísýnt er um, að frv. nái fram að ganga, ef þessu yrði breytt hjer, þá þykir nefndinni hjer rjettara að slaka til, svo að rjettarbót sú, sem frv. felur í sjer, komist sem fyrst á. Nafnorðin heldur nefndin þar á móti fast við, því að það atriðið telur hún aðalatriði í þessu efni, enda er breyting háttv. Ed. þar ekki fyllilega málslega rjett, því að -ræði hefir almennari, en -ráð einstaklegri merkingu í sjer fólgna, eins og sýnt er fram á í nál. voru. Aftur á móti verð jeg að vernda háttv. Ed. fyrir þeirri aðdróttun háttv. þm. Dala. (B. J.), að hún af leik reyni að afnema fræðiorð, sem kennari hefir notað. Sjálfsagt er ástæðan sú, að háttv. Ed. fellir sig betur við þau orð, sem hún hefir tekið upp.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi ekki rannsakað hjörtu manna og nýru og skal því ekki segja, hvað nefndin hefir ætlað að gera, en bert er, hvað hún hefir gert. Þessi lýsingarorð á -a eru ófegurri, eins og öll óbeygileg orð óprýða málið, enda er sú ending yngri, sem rekja má með dæmum; t. d. er orðmyndin einmani (karlk.), einmana (kvk. og hvk.) í nefnifalli, en nú óbeygilegt einmana.

Hitt er alveg rjett hjá háttv. framsm. (E. A.), að -ráð táknar nokkuð einstaklegt, en -ræði felur í sjer meira alment.

ATKVGR.

Brtt. 856, 1. samþ. í e.hlj.

— 856, 2. *nafnorðin* (lögræði ... hálfræði) samþ. í e.hlj.

Brtt. 856, 2. síðari hluti (sjálfráður... hálfráður) tekin aftur.
— 856, 3.—4. samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. í e.hlj. og afgr. til Sþ.

Á 57. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. sept., og á 54. fundi í Ed., s. d., var útbýtt frá Sþ.:

Frumvarpi til laga um lögræði,

eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 874).

Á 6. fundi í Sþ., miðvikudaginn 12. sept., var frv. tekið til u m r.

Ofskamt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði leyfð og samþ.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem

l ö g f r á A l þ i n g i.

(Sjá A. 904).

---

14. Þóknun til vitna.

Á 1. fundi í Ed., mánudaginn 2. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um þóknun til þeirra manna, er bera vitni fyrir dómi. (A. 6).

Á 2. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. júlí, var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (J. M.): Þetta mál er gamalt. Árið 1891 kom fram frv. frá stjórninni um að borga mönnum, er voru leiddir sem vitni í opinberum málum. En sje ástæða til þess að gjalda vitnum í opinberum málum, þá virðist hún ekki vera síður er um vitni í einkamálum er að ræða. Vitanlega er ekki ætlast til þess að ávalt sje borgað, heldur eingöngu er dómaranum sjálfum finst ástæða til þess. Og sjálfsagt virðist, að vitnið hafi rjettinn til þess að krefjast gjalds. Og ástæðan er að því leyti meiri fyrir því að borga vitnum í einkamálum, að segja má, að það sje fremur borgaraleg skylda manna að bera vitni er um sakamál eða önnur opinber mál er að ræða, þar sem oft er um það tefit að koma upp glæp, heldur en bera vitni fyrir einstaka menn. Jeg held því, að sjálfsagt sje, að vitni fái borgun fyrir ómak sitt, ferðakostnað og töf, ef þau krefjast þess sjálf. Gjaldið, sem ákveðið er í frv., er ef til vill nokkuð lágt; minna má það að minsta kosti ekki vera. Mjer hefir oft gramist að sjá fátæka verkamenn tekna frá vinnu sinni og ef til vildi bíða meiri hluta dags við vitnaleiðslu. Komið hefir það fyrir, að menn hafa verið teknir tvisvar frá starfa sínum til þess að bera vitni í sama málinu, án þess að nokkuð verulegt hafi verið í húfi.

Jeg leyfi mjer að leggja það til, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1607) í e. hlj.

Á 9. fundi í Ed., mánudaginn 16. júlí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 6, n. 62).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Eins og kunnugt er þá er það borgaraleg skylda, sem enginn getur undan komist, að bera vitni fyrir dómi, þegar honum er stefnt til þess.

Þótt ýmsar slíkar borgaralegar skyld-

ur hvíli á mönnum endurgjaldslaust, þá fer þeim óðum fækkandi, og kröfur tímans fara meir og meir í þá átt, að alt slíkt sje greitt sanngjarnlega.

Þetta frv. fer fram á að ákveða þóknun til manna, er vitni bera fyrir dómi; því að það er oft ekki svo lítilsvert fyrir þann, sem á að bera vitni; það getur kostað hann töluverðan tíma og haft annan kostnað í för með sjer, stundum ferðalög og stundum að bíða hálfa og heila daga. Líkt frv. hefir áður legið fyrir háttv. Alþ., en þá var að eins farið fram á, að þóknun yrði greidd fyrir vitnisburði í opinberum málum, en það liggur í augum uppi, að vitnisburður hefir eins mikla fyrirhöfn í för með sjer og á sömu þóknun skilið í einkamálum. Ætla má, að ástæðan hafi verið sú, að það hafi verið álitið, að erfitt væri fyrir einstaka menn, og þá einkanlega fyrir þá fátækari, að ná rjetti sínum, nema því að eins, að þeir gætu átt kost á að fá vitni sjer að kostnaðarlitlu. En vitnið getur einnig verið fátækt og þó engu að síður gagnað málsaðila og hann grætt á vitnisburðinum; er þá ekki nema sanngjarnt, að hann greiði þóknun fyrir, enda er til þess ætlast, að hann fái málskostnað endurgreiddan, ef hann vinnur, en ef hann hefir rangt mál, þá er ekki nema rjett, að hann beri kostnaðinn. Enn fremur verður að álíta, að þetta gæti orðið misbrúkað í einkamálum, vitnum stefnt að þarflausu og prætugjarnir menn noti vitni þannig óspart, þegar það kostaði þá ekki neitt. Jeg hygg, að allir muni verða sammála um, að frv. fari í rjetta stefnu, þótt ágreiningur kunni að vera um einstök smáatriði. Vil jeg svo vísa háttv. deildarmönnum til nefndarálitsins á þgskj. 62, sem jeg vona að þeir hafi þegar kynt sjer. Nefndin leggur til, að málið fái góðar viðtökur í háttv. deild; hún hefir að eins gert við það lítils háttar breytingar, er standa á sama þgskj. Það er að eins um eina efnisbreytingu að ræða; það er í 2. gr. frv. Þar er miðað við hið gamla mílutal, en nefndarmönnum þótti rjett að miða við hið lögboðna tugamál. Lágmark vegalengdar, sem ferðakostnaður er greiddur fyrir, er lítils háttar færður niður, þannig að lágmarkið verði 5 km. 10 km. er töluvert löng leið og því eigi rjettmætt, að hún sje farin fyrir alls ekki neitt; það er 2 klukkutíma gangur eða klukkutíma reið; höfum við því lagt til, að markið sje fært niður, og hugsa jeg, að mönnum muni ekki þykja þetta ósanngjart.

Jafnframt er lágmarkið haft töluvert lægra, þegar á sjó er farið, því að yfir höfuð er dýrari flutningur á sjó, og báturinn kostar jafnmikið, hvort sem farið er einum km. lengra eða skemra. Hinar breytingarnar eru að eins orðabreytingar; þær vildum við láta miða til nokkru betra máls, en sumar til nákvæmari skýringa; skal jeg ekki fjölyrða um þær, nema því að eins, að óskað sje eftir skýringu á einhverju af þeim.

Leyfi jeg mjer svo að fela málið háttv. deild.

ATKVGR.

Brtt. 62, 1. a. og b. samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
— 62, 2. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
— 62, 3. samþ. án atkvgr.
— 62, 4. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 62, 5. samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
— 62, 6. samþ. með 13 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., fimtudaginn 19. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 88).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg leyfi mjer að mælast til þess, fyrir hönd nefndarinnar, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 20. júlí, var útbýtt
Frumvarp til laga um þóknun til þeirra manna, er bera vitni fyrir dómi,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 117).
Á 18. fundi í Nd., fimtudaginn 26. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get látið mjer nægja að vísa til aths. við stjórnarfrv. Þetta mál var lagt fyrir hv. Ed., og eru breytingar hennar heldur til bóta en hitt. Svo sje jeg ekki ástæðu til að orðlengja um málið nú, en vil leyfa mjer að leggja til, að því sje vísað til 2. umr. og allsherjarnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 22. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 117, n. 208).

Frsm. (Einar Arnórsson): Frv. þetta er í fyrstu borið fram af hæstv. stjórn, síðan hefir það gengið í gegnum háttv. Ed. og þar verið gerð á því lítilfjörleg breyting. Nú hefir allsherjarnefnd þessarar deildar athugað frv. og leggur til, að það verði samþykt að stofninum til, en leyfir sjer þó að gera við það nokkrar breytingar. Skal jeg nú í stuttu máli gera grein fyrir þessum brtt.

1. brtt. er sú, að vitnið skuli jafnt eiga kröfu til ómakslauna, hvort sem það kemur stefnt eða óstefnt á dómþing. Nefndinni fanst sjálfsagt að hafa þetta ákvæði svo, þar sem öll sanngirni mælir með því, að óstefnd vitni fái sömu ómakslaun og önnur. Annars gæti borið að því, að vitnastefnandi yrði ávalt að stefna vitni til þess að fá það til að koma. Að vísu má segja, að vitnastefnandi geti samið við vitnið um þóknun. En ekki er fyrir það girt, að prettir gætu átt sjer stað. Misjafnir menn geta fengið menn til að bera vitni, með því að semja fyrst við þá um ómakslaun og refjast svo um að borga. Þó að vitnastefnandi t. d. lofi borgun undir fjögur augu, þá getur hann neitað því síðar, án þess að kröfu verði við komið. En með þeim breytingum, sem nefndin vill gera á frv., getur vitni sótt þing án þess að því sje stefnt, og átt rjett á ómakslaunum fyrir.

2. brtt. er lítilfjörleg. Hún fer fram á að færa ferðakostnað vitna dálítið niður. Jeg fyrir mitt leyti legg ekki mikla áherslu á þessa breytingu. En mjer fanst ekki skifta hjer svo miklu máli, að það tæki því að valda klofningi í nefndinni. Fyrir því mun jeg greiða atkv. með brtt. við umr. hjer, þótt ekki sje mikil ástæða til að lækka ferðakostnaðinn.

3. brtt. kveður skýrar á um það, að dómari skuli ákveða þóknun til vitna og bóka þann úrskurð í þingbókina. Bókunin þarf ekki að vera löng, að eins geta þess, að þessu vitni hafi verið ákvörðuð þessi upphæð í ómakslaun fyrir vitnisburð í tilgreindu máli. Að þeirri bókun þyrfti því ekki að verða nein tímatöf. Eftirrit úr þingbókinni mundi þá verða gundvöllur undir lögtakskröfu síðarmeir, ef á því þyrfti að halda.

4. brtt. er ekki nein efnisbreyting. Nefndinni þótti fyrirsögnin óþarflega löng og þunglamaleg. Það getur ekki verið neinum vafa undirorpið, hverjir þessa þóknun eiga að fá. Bæði segir frv. sjálft til þess, og svo er það orðin föst skilgreining á orðinu »vitni«, að með því er átt við menn, sem, án þess að vera aðiljar eða dómkvaddir til mats eða skoðunar, gefa skýrslu fyrir dómi. Meira hefi jeg ekki um málið að segja að svo stöddu.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi í raun og veru ekkert að athuga við breytingar nefndarinnar. Þær eru svo lítilfjörlegar, að engin ástæða er til að gera þær að ágreiningsmáli, þótt deila megi um það, hve nauðsynlegar þær eru. Jeg skal að eins geta þess, að stjórnin hafði ekki ætlast til þess, að ákvæði frv. næðu til óstefndra vitna. Gengið var út frá því, að samkomulag gæti orðið milli stefnandans og vitnisins um þóknun fyrir ómakið. Vitnið getur þá altaf afsagt að mæta, nema það fái hæfileg ómakslaun. Ekki svo að skilja, að jeg telji neitt á móti því, að sama sje látið ganga yfir óstefnd vitni eins og önnur. Jeg get því vel sætt mig við, að brtt. verði samþ., en mjer finst hún eiginlega óþörf.

2. brtt. er um lækkun ferðakostnaðarins. Hún er að vísu í samræmi við það, sem stjórnarfrv. var upphaflega. En úr því að háttv. Ed. var búin að gera þessa breytingu, þá hefði jeg satt að segja kunnað betur við, að þar við hefði setið. En það er eins með það og hina tillöguna. Hún er ofsmávægileg til að gera hana að ágreiningsatriði, þótt jeg verði að játa, að ferðakostnaðarþóknunin sje engan veginn ofhá, eins og háttv. Ed. hefir gengið frá henni.

Þá er 3. brtt., um bókunina. Það er svo sem auðvitað, að hún yrði stutt og fyrirhafnarlítil. En jeg hafði hugsað mjer, að dómarinn tæki vitnalaunin, ásamt öðrum gjöldum, er að rjettarhaldinu lúta, og að hann borgaði vitnunum samstundis. Þá hefði ekki þurft að bóka neinn úrskurð. Jeg sje, að þetta getur haft dálitla þýðingu að einu leyti, að geta sjeð, hvað vitnunum hefir verið borgað. Það getur verið gott, þegar ákveða á málskostnað eftir á, þegar dómur fellur í málinu og annar hvor aðili er dæmdur til að greiða málskostnað. Þá þarf ekki annað en fletta upp í þingbókinni til að sjá, hve mikið hefir verið greitt í vitnalaun, ef það er bókað. Sem sagt eru allar brtt. svo vaxnar, að engin ástæða er til að vera á móti þeim, nema ef vera skyldi till. um lækkun ferðakostnaðarins. Jeg vona því, að frv. fái góðan byr.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg hefi ekkert verulegt að athuga við ræðu

hæstv. forsætisráðherra. Eins og við var að búast er hann að mestu leyti sammála nefndinni. Ef vitninu eru greidd ómakslaunin strax, þá þarf auðvitað ekki að bóka neinn úrskurð. Að eins geta þess, að vitninu hafi verið greidd þessi þóknun. Mjer virtist, að ein ástæðan fyrir þessari bókun hefði skotist fram hjá hæstv. forsætisráðherra, sem sje það, að eftirrit úr þingbókinni ætti að vera grundvöllur undir lögtak eftir á. Nú er það vitanlegt, að mönnum er skylt að bera vitni, þótt ekki sjeu greidd ómakslaun fyrirfram, og því er sjálfsagt, að vitnið hafi rjett til að láta taka þau lögtaki, ef þverskallast er við að borga. 3. gr. frv. virðist bera vitni um, að stjórnin líti líkt og nefndin á þetta atriði. Jeg tek þetta að eins fram til skýringar, en sje enga ástæðu til að orðlengja meir um málið, og vænti þess, að það verði ekki tafið.

Forsætisráðherra (J. M.): Háttv. frsm. (E. A.) hefir víst ekki heyrt það, sem jeg sagði. Jeg sagði, að ekki gerðist þörf að bóka vitnalaunin, ef þau eru borguð í rjettinum. Jeg skil 4. gr. svo, eins og hún er orðuð í brtt. nefndarinnar, að bókun skuli ávalt fara fram. En það er svo sem ekkert hættulegt, þó að það sje gert að skyldu að færa þetta ávalt inn í bók. Að því leyti til er óþarfi að ræða þetta mál frekar.

ATKVGR.

Brtt. 208, 1. (ný 1. gr.) samþ. í e. hlj.
— 208, 2. samþ. með 13 : 4 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með öllum greiddum atkv. gegn 1.
3. — samþ. í e. hlj.
— 208, 3. (ný 4. gr.) samþ. í e. hlj.
Brtt. 208, 4. (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 24. fundi í Nd., föstudaginn 3. ágúst, var frv. tekið til 3. umr., með fyrirsögninni

Frumvarp til laga um þóknun til vitna. (A. 253).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og endursent Ed.

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 4. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um þóknun til vitna, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 292).

Á 28. fundi í Ed., laugardaginn 11. ágúst, var frv. tekið til einnar umr. (A. 292, n. 372).

Frsm. (**Kristinn Daníelsson**): Þetta frv. var fyrst borið fram hjer í þessari háttv. deild, en nú hefir háttv. Nd. fjallað um málið, og frá henni er það nú komið hingað aftur. Háttv. Nd. hefir gert nokkrar breytingar á frv., og hefir nefndin athugað þær og fallist á þær að mestu að efninu til, en hefir að eins breytt orðalagi lítið eitt.

Breytingarnar, sem háttv. Nd. hefir gert á frv., eru þessar:

1. Fyrirsögn frv. hefir verið stytt, og hefir nefndin fallist á það.

2. Óstefndum vitnum er ætluð þóknun, ekki síður en stefndum. Nefndin hefir líka fallist á það, þó svo, að vitni

sæki dómþing að tilhlutun málsaðila, en ekki af sjálfshvötum.

3. Ferðakostnaður hefir verið lækkaður, og enginn ætlaður fyrir minni vegalengd en 10 km. á landi eða 5 km. á sjó. Nefndinni þykir þetta heldur langt farið, en henni líkaði vel ákvæðin í frv. um laun hreppstjóra og vill láta taka þau upp í þetta frv.

4. Vitni er áskilinn rjettur til þess, að þóknun sje ákveðin í sama þinghaldi og það hefir vitni borið. Nefndin hefir einnig fallist á, að þetta sje til bóta, en vill orða nokkuð á annan veg.

Jeg skal að öðru leyti ekki fjölyrða um þetta, en jeg leyfi mjer að leggja það til, að háttv. deild samþykki brtt. nefndarinnar.

Karl Einarsson: Jeg vil leyfa mjer að gera stutta athugasemd við brtt. á þgskj. 372.

Mjer virðist fyrsta brtt. vera óþörf til þess að útiloka vitni, sem kemur af sjálfsdáðum, frá því að fá þóknun. Vitni yrði tæplega tekið til greina í einkamálum, nema það kæmi að tilhlutun annars málsaðila.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Það má vel vera, að athugasemd háttv. þm. Vestm. (K. E.) hafi nokkuð við að styðjast, en jeg get þó ekki sjeð, að neinu sje til spilt, þótt þetta stæði, sem nefndin leggur til.

ATKVGR.

Brtt. 372, 1. samþ. með 9 : 1 atkv.
— 372, 2. — — 12 shlj. atkv.
— 372, 3. — — 12 — —

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 13. ágúst, var útbýtt

Frumvarp til laga um þóknun til vitna, eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 423).

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 17. ágúst, var frv. tekið til einnar umr. (A. 423, n. 453).

Frsm. (Einar Arnórsson): Hv. Ed. hefir gert smávegis breytingar á þessu frv. Hún hefir breytt ákvæðum 2. gr. um ferðakostnaðinn og sett að þessu leyti inn í frv. samskonar ákvæði og eru í frv. um laun til hreppstjóra. Nefndin leggur til, að þessar breytingar verði samþyktar. Breytingin á 4. gr. er orðabreyting og er nefndin henni samþykk.[1])

Háttv. Ed. hefir, að ráði allsherjarnefndar þar, orðað svo 1. gr. frv., að ætla mætti, að maður gæti verið vitni, þótt óbeðinn eða ókvaddur kæmi á þingstað. Nefndin vill því eigi hafa það orðalag á 1. gr., sem háttv. Ed. hefir samþykt, og leggur til, að 1. gr. verði orðuð eins og hún var, þegar frv. fór hjeðan síðast.

ATKVGR.

Brtt. 453. samþ. í e. hlj.

Frv., svo breytt, samþ. með öllum greiddum atkv. gegn 1 og afgr. til Sþ.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 18. ágúst, og á 34. fundi í Ed., s. d., var útbýtt frá Sþ.

---

[1]) Svo ritar ræðumaður, þegar hjer er komið ræðuhandritinu: „Ef þessi skrifari hefði kynt sjer nefndarálit um málið, mundi miskilningur hans eflaust minni eða enginn hafa orðið". — Það, sem þá er eftir ræðunnar með hendi skrifarans (Tr. H. Kv.), virðir ræðumaður vettugi og skrifar að nýju niðurlagið.

Frumvarpi til laga um þóknun til vitna, eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 514).

Á 4. fundi í Sþ., þriðjudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til u m r.

Magnús Torfason: Eins og háttv. þingi er kunnugt er jeg ekki framsögumaður þessa máls, heldur forseti sameinaðs þings (K. D.). Hv. allsherjarnefnd Ed. hefir þess vegna óskað, að jeg mælti nokkur orð í hans stað um frumvarp þetta.

Allsherjarnefnd Ed. hefir ekki borið fram neina brtt. við frumvarpið, og táknar það, að nefndin álítur, að fallast megi á frv. óbreytt, enda þótt hún telji það dálítið skemt frá því, er það fór úr Ed.

Jeg mundi hafa sparað mjer að fjölyrða frekar um málið, ef ummæli allsherjarnefndar Nd. á þgskj. 453 hefðu ekki knúið mig til þess. Hún vill halda því þar fram, að orðin: »þó svo, að vitni sæki dómþing« í nefndaráliti allsherjarnefndar Ed. merki, að það beri vitni. En þetta hefir allsherjarnefnd Ed. aldrei komið til hugar. Allsherjarnefnd Ed. gerir glöggan greinarmun á því að sækja dómþing og bera vitni. Henni var það ljóst, að menn geta sótt dómþing án tilhlutunar málsaðilja, og að þá eigi þau enga vitnaþóknun að fá, fremur en aðrir áheyrendur. Og jeg hefi einmitt rekið mig á þetta. Jeg hefi horft á menn trana sjer fram og bjóðast til að bera vitni. Og allsherjarnefnd Ed. leit svo á, að ekki væri rjettlátt að skylda neinn til að greiða slíkum vitnum þóknun, sem fyrirfram hafa sýnt, að þau eru ekki hlutlaus. Og frá þessari skoðun hvikar nefndin ekki. Þessi athugasemd allsherjarnefndar Nd. er bygð á meinlegum misskilningi, og tilvitnunin í nefndaráliti hennar því algerlega röng.

Einar Arnórsson: Enginn skyldi halda, að jeg ætli mjer að fara að yrðast við háttv. þm. Ísaf. (M. T.), með því líka, að engin brtt. er komin frá allsherjarnefnd Ed. við frv. Hún er því auðsæilega á sama máli og allsherjarnefnd Nd. í þessu efni. Og að fleiri hafi skilið till. allsherjarnefndar Ed. eins og jeg, sannar, að einn þm. í Ed. benti einmitt á þetta, en því var þá ekki sint þar, enda var málið þá til 3. umr.

Hinu mótmæli jeg, að nefndarálit allsherjarnefndar Nd. sje bygt á misskilningi. Misskilningurinn er eingöngu af hálfu allsherjarnefndar Ed. Hún virðist ekki hafa athugað, hvað felst í hugtakinu »vitni«.

Í frv. er það tekið fram, hverjum beri þóknun. En allir lagamenn vita, að það er ekki nóg að koma á þingstaðinn ótilkvaddur til þess að bera vitni. Eftir vorum rjettarfarsreglum getur enginn borið vitni í einkamálum, nema málsaðili krefjist þess og dómari leyfi það, og í opinberum málum að eins að tilhlutun dómara.

Annars skal jeg ekki fjölyrða um þetta atriði, og þar eð um engan skoðanamun á milli nefndanna er að ræða, vona jeg, að hv. Alþingi samþykki frv. Þess vegna býst jeg við, að jeg sjái ekki ástæðu til að yrðast frekar við hv. þm. Ísaf. (M. T.) út af þessu, þótt hann standi upp til þess að bera blak af allsherjarnefnd Ed. Mjer er það næg játning frá hans hendi og nefndarinnar í Ed., að engin breytingartillaga við frv., eins og Nd. gekk síðast frá því, er fram komin.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 32 : 2 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 552).

15. Sjúkrasamlög.

Á 1. fundi í Ed., mánudaginn 2. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, og á lögum um breyting á þeim lögum, nr. 35, 3. nóv. 1915. (A. 9).

Á 2. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Það hefir komið í ljós, að sjúkrasamlögin hafa ekki getað borið sig, þrátt fyrir að tillagið úr landssjóði hefir verið hækkað. Þó hafa þau leitað sjer tekna á ýmsan hátt, svo sem með tombólum, gjöfum og happdrætti. En samt hefir því farið svo fjarri, að sjúkrasamlögin hafi getað safnað fje í varasjóð, að tekjurnar hafa ekki hrokkið fyrir gjöldunum. En það er skoðun manna, sem vit hafa á þessu máli, að það sje mjög mikilsvert, að þesskonar fjelagsskapur geti þrifist hjer á landi, og hefir ráðuneytið einnig verið þeirrar skoðunar. Þetta frv. er því fram komið eftir tillögu Georgs hagfræðings Ólafssonar, er hefir aðstoðað stjórnina um málið. Farið er fram á það í frumvarpinu, að landssjóður borgi $^1/_4$ hluta sjúkrahússkostnaðarins, því að í honum eru aðalútgjöldin vitanlega fólgin.

Þá er annað aðalatriðið í frv., að fjelagar gjaldi sjálfir fyrir $^1/_4$ hluta lyfja, er þeir nota utan sjúkrahúss. Eins og mönnum er kunnugt eru lyf mjög dýr um þessar mundir og lyfjakostnaðurinn því þungur á samlögunum. En menn hafa þóst verða þess varir, að ýmsir hlífðust lítið við að heimta lyf, er þeir komast hjá að greiða fyrir þau sjálfir. Er því ástæða til að ætla, að auðveldara verði að hafa hemil á mönnum í þessu efni, ef frv. næði fram að ganga.

Jeg álít, að þó að hjer sje um fjármál að ræða, eigi þetta mál helst heima hjá allsherjarnefndinni. Jeg ætla þó ekki að gera það að till. minni, að því sje vísað til hennar, að svo stöddu, því að jeg sje, að beðið hefir verið um orðið, og þá aðrar till. ef til vill væntanlegar.

Haldór Steinsson: Jeg álít, að þetta mál eigi ekki heima hjá neinni fastanefnd, og geri það að till. minni, að kosin verði þriggja manna nefnd, sem jafnframt fjalli um önnur heilbrigðismál, er fram kunna að koma.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi í sjálfu sjer ekkert á móti því, að kosin verði sjerstök nefnd í þetta mál. En mjer hefir skilist svo, að tilgangurinn með fastanefndunum í þingsköpunum væri sá, að komast sem mest hjá lausanefndunum. Hygg jeg, að sparnaðurinn með fastanefndunum verði næsta lítill, ef kjósa á lausanefndir í öll mál, sem samkyns eru að einhverju leyti. Annars skal jeg ekki blanda mjer í það, hvernig háttv. deild fer með þetta, en skil ekki, að allsherjarnefndin geti ekki tekið við málinu.

Hannes Hafstein: Jeg leyfi mjer að styðja till. háttv. þm. Snæf. (H. St.). Heilbrigðismálin eru svo merkileg mál, að næg ástæða virðist vera til þess að skipa sjerstaka nefnd til þess að athuga þau. Og mig furðar á því, ef sjálfur höfundur þingskapanna er því mótfallinn. Þó að sjerstök nefnd væri kosin í þetta mál, væri það ekkert fordæmi um, hvernig fara skuli með önnur mál.

Magnús Torfason: Jeg er því sammála, að þetta mál er mjög mikilsvert, og full ástæða til þess að nota þá krafta, sem þessi háttv. deild hefir á að skipa og sjerstaklega geta komið að

haldi í líkum málum. Á jeg þar sjerstaklega við háttv. þm Snæf. (H. St.). En, ef jeg man rjett, þá er sá háttv. þm. (H. St.) í fjárhagsnefndinni, og legg jeg til að vísa málinu til þeirrar nefndar.

Halldór Steinsson: Ástæða mín fyrir því að vísa málinu til sjerstakrar nefndar var sú, að nefndin gæti þá jafnframt fjallað um öll heilbrigðismál, er fyrir deildina kynnu að koma. En annars geri jeg þetta fyrir mitt leyti ekki að neinu kappsmáli.

Forseti: Jeg vil byrja á því að þakka háttv. 1. landsk. þm. (H. H.) þau orð, sem hann talaði. Jeg veit til þess, að fyrir þetta þing kemur eitt stórt og mikilsvert heilbrigðismálefni, og því vil jeg heldur ráða háttv. deild til að kjósa sjerstaka nefnd í þetta mál, sem svo líka fái það mál til meðferðar. (**K. D:** Hvaða stórmál er það?) Það er um bæjaskipun á Íslandi. Mjög merkilegt stórmál, og hefir Guðmundur prófessor Hannesson samið það frv.

ATKVGR.

Samþ. í e.hlj. að vísa málinu til 2. umr.

Forseti: Það hefir verið stungið upp á að vísa málinu til allsherjarnefndar, enn fremur hefir verið stungið upp á að kjósa sjerstaka nefnd, og í þriðja lagi hefir verið stungið upp á að vísa málinu til fjárhagsnefndar. Hjer er þá um þrjár venjulegar till. að ræða, og þar sem það nú er höfuðspursmálið, hvort kjósa skuli sjerstaka nefnd eða vísa málinu til fastanefndar, þá vil jeg leyfa mjer að bera fyrst undir atkv., hvort vísa skuli málinu til sjerstakrar nefndar eða ekki.

ATKVGR.

Till. um að kjósa sjerstaka nefnd fekk 6:5 atkv. Atkvgr. var því endurtekin, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jóh. Jóh., M. K., E. P., G. G., H. St., H. H., G. B.

nei: K. E., K. D., M. T., S. E., S. J., G. Ó., H. Sn.

Till. því fallin með 7:7 atkv.

Forseti: Hjer er um tvær till. að ræða. Þessar tvær till. eru hliðstæðar; önnur er sú að vísa málinu til allsherjarnefndar, hin að vísa því til fjárhagsnefndar. Um þessar till. er hægt að greiða atkv. í einu lagi, þannig, að þeir, sem vilja vísa málinu til allsherjarnefndar, segi já, og þeir, sem vilja vísa málinu til fjárhagsnefndar, segi nei.

Kristinn Daníelsson: Það hefir jafnan verið venja hjer, að það hefir fyrst verið gengið til atkvæða um það, hvort ætti að vísa máli í nefnd eða ekki, en síðan, er nefnd var samþykt, ákveðinn fjöldi nefndarmanna, eða annað, er að nefndunum laut. Jeg verð að skilja atkvgr. áðan svo, að samþ. hafi verið að setja málið í nefnd.

Hannes Hafstein: Jeg skil það ekki svo, að hjer sje um neitt val að ræða. Vjer, sem vildum ekki setja málið í nefnd, viljum ekki senda það til neinnar fastanefndar. Vjer viljum alls ekki setja það í nefnd á þessu stigi.

Forseti: Háttv. þingbræður! Það hefir oft orðið til mikils baga á Alþingi Íslendinga, að hjer hefir aldrei verið tekin upp hin svonefnda »úrvalsaðferð«, sem oft er langhentust og fljótlegust. Meinið er, að við höfum aldrei vanist

þeirri ágætu aðferð. Jeg sje því ekki annað fært en að nota þá gömlu, óhentugu aðferð, að bera till. upp hvora um sig. Jeg ber þá fyrst upp þá till. að vísa málinu til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til allsherjarnefndar feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. E., S. J., G. Ó., H. Sn., K. E., K. D., G. B.
nei: M. T., E. P., G. G., H. St., H. H., Jóh. Jóh., M. K.

Till. um að vísa málinu til fjárhagsnefndar sömuleiðis feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. Sn., K. E., K. D., M. T., S. E., S. J., G. Ó.
nei: H. St., H. H., Jóh. Jóh., M. K., E. P., G. G., G. B.

Á 4. fundi í Ed., föstudaginn 6. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 9).

Forseti tók málið af dagsskrá, að ósk atvinnumálaráðherra.

Á 7. fundi í Ed., fimtudaginn 12. júlí, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Kristinn Daníelsson: Af því að svo tókst til við 1. umr. þessa máls, að það komst ekki í neina nefnd, þá tók jeg mjer fyrir hendur að kynna mjer málið nokkru nánar. Við þá kynningu komst jeg að raun um það, að þeirrar þekkingar, er þyrfti til að fjalla um þetta mál, væri að leita hjá þeim nefndum, er fara með fjárhag og fjárveitingar, því að tilgangur frv. er sá, að styrkja sjúkrasamlögin, og munu allir að sjálfsögðu sammála um, að sjúkrasamlögin sjeu gott og nytsamt fyrirtæki.

En nú lítur svo, út sem sjúkrasamlögin geti ekki þrifist með styrk þeim, sem þeim er nú ætlaður, og þetta frv. fer eingöngu fram á að bæta úr þessu. Það eru tvö aðalráð, sem stungið er upp á. Annað er það, að landssjóður greiði $^1/_4$ hluta sjúkrahússkostnaðar samlaganna, en hitt, að samlagsmenn greiði sjálfir $^1/_4$ hluta lyfjakostnaðar utan sjúkrahúsa.

Þetta er, að því er mjer virðist, ofureinfalt mál, og gæti þeirra hluta vegna gengið fram nefndarlaust, ef vildi. Þó gæti hugsast, að nefnd hefði einhverjar fleiri breytingar að gera, og vil jeg því leggja til, að málinu verði vísað til nefndar.

Halldór Steinsson: Þetta mál varð fyrir talsverðu hnjaski síðast, þegar helmingur háttv. deildarmanna greiddi atkv. með sjerstakri nefnd, en annar helmingur á móti því, að málið væri sett í nokkra nefnd.

Fyrir þeim, er skipa vildu sjerstaka nefnd, vakti það, að til þeirrar nefndar mætti vísa öðru heilbrigðismálefni, er von var á í deildinni; mætti þá skoða þessa nefnd sem almenna heilbrigðisnefnd fyrir deildina. En þar sem nú vissa er fengin fyrir því, að þetta mál kemur ekki fram í bráð, en frv. um sjúkrasamlögin fyllilega þess vert, að það verði athugað, þá vil jeg fyrir mitt leyti ekki gera að neinu kappsmáli, í hvaða nefnd það verði sett. En það virðist liggja beinast við, að því verði vísað til allsherjarnefndar.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg skal leyfa mjer að stinga upp á, að kosin verði sjerstök nefnd í málið, vegna þess, að jeg álít, að hjer sje engin nefnd,

sem eigi sjerstaklega við, en hvað hitt málið snertir, sem verið var að tala um, þá kemur það alveg eins fyrir háttv. deild, þótt síðar verði. Vitanlega er það helst allsherjarnefnd, sem við á í þessu máli, en með því að hún er fullhlaðin störfum, og mál þetta er sjerstaks eðlis, þá vil jeg gera það að uppástungu minni, að kosin verði sjerstök nefnd.

Forseti: Mál það, er jeg hefi áður tilkynt háttv. deild að von væri á hingað, verður nú borið upp í háttv. Nd., og er því hæpið, að það komist hingað. Oss læknum hjer hefir því komið saman um, að gott væri að nefnd væri skipuð til að athuga þetta mál.

Það er till. frá háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.), að málinu verði vísað til nefndar.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu í nefnd samþ. með 13:1 atkv.

Till. um að kjósa sjerstaka nefnd felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. D., E. P., G. G., H. St., H. H., Jóh. Jóh.

nei: K. E., M. T., S. E., S. J., G. Ó., H. Sn., G. B.

Samþ. að vísa málinu til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1607) með 12:1 atkv.

Umr. frestað.

Á 16. fundi í Ed., föstudaginn 27. júlí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 9, n. 152).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg get verið fáorður um mál þetta; jeg skal leyfa mjer að skírskota til aths. þeirra, er fylgja frv., og þess, sem jeg sagði í upphafi þessarar umr.

Aðalatriði frv. er, að löggjöf og landssjóður styrki sjúkrasamlögin, sem eru góð og gagnleg, svo að þau komist sem víðast á fót.

Hjer er farið fram á að styrkja þau á þann hátt, að landssjóður greiði 1/4 hluta af sjúkrahússkostnaði samlaganna, og til þess að efla samlögin betur fer frv. enn fremur fram á, að samlagsmenn verði sjálfir að greiða nokkuð, eða 1/4 hluta, af lyfjum þeim, er þeir fá utan sjúkrahúss. Jeg hefi að vísu heyrt nokkrar raddir á móti því, að samlagsmenn verði að greiða þennan hluta af lyfjunum, en jeg hygg, að þessi kostnaður sje ekki svo tilfinnanlegur, að það geti staðið samlögunum fyrir þrifum. Þegar þess er gætt, að samlögin greiða allan sjúkrahússkostnað og 3/4 hluta af lyfjakostnaði utan sjúkrahúss, þá hljóta menn að sjá, hvílíkt hagræði það er og hagnaður að vera í þeim. Og ef ástæða þykir til, þá er hægur hjá að breyta þessu síðar.

Nefndin leggur til, að frv. sje samþ. óbreytt að efni til, en ber að eins fram tvær brtt. við það.

Hin fyrri er um að fella burt tvær fyrstu málsgreinarnar í 2. gr. frv. Nefndin telur þetta óþarft, því að í 1. gr. laga nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, er þetta atriði tekið fram sem skilyrði fyrir, að sjúkrasamlag verði lögskráð, og síðari brtt. nefndarinnar er afleiðing af hinni.

Jeg vona, að háttv. deild samþ. frv.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg er þakklátur háttv. nefnd fyrir undirtektir hennar undir þetta frv.

Jeg skal að eins taka það fram, að jeg held, að það væri skaðlaust, þó að ákvæðin úr 1. gr. laga nr. 39, 11. júlí

1911, um sjúkrasamlög, væru tekin aftur upp hjer í 2. gr., eins og gert er í frv.

Jeg veit ekki, hvort háttv. nefnd hefir athugað það, að það, sem hjer er felt burt, var sett hjer til þess, að þessi lög breyttu ekki að neinu um þau sjúkrasamlög, sem þegar eru skrásett, þótt þau að einhverju leyti kynnu ekki að uppfylla þessi lög. Það er ekki rjett að taka rjett af skrásettum fjelögum, og það er rjett að fyrirbyggja allan árekstur um þetta. Það má vera, að óþarft sje vegna þessa að hafa þetta ákvæði í byrjun 2. gr., en jeg vil beina því til háttv. nefndar að athuga þetta atriði, ef hún hefir ekki gert það.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg þykist skilja ummæli hæstv. forsætisráðh., en jeg hygg samt, að það megi samþykkja breytingartillögu nefndarinnar, og þessara orða sje ekki þörf þarna, og það því fremur, sem það er tekið fram í 4. gr., að þetta eigi að færa inn í lögin, svo að þau verði ein heild, og getur því ekki verið að tala um árekstur milli þeirra fjelaga, sem eru og verða. Annars er nefndinni þetta ekkert kappsmál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 152, 1. samþ. með 9 shlj. atkv.

— 152, 2. — án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

3. og 4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., þriðjudaginn 31. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 196).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 22. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, og á lögum um breyting á þeim lögum, nr. 35, 3. nóv. 1915,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 242).

Á 26. fundi í Nd., mánudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Einar Arnórsson: Jeg legg til, að málinu verði, að umr. lokinni, vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 242, n. 452).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Að eins örfá orð. Nefndin leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt. Meining frv. er sú, að reyna að ljetta dálitið á sjúkrasamlögunum, því að það er nú komið í ljós, að hæpið er, að þau beri sig, þótt lögunum hafi verið breytt hvað eftir annað, til að gera þeim það ljettara. Frv. leggur til að hækka lítið eitt gjöldin úr landssjóði til sjúkrasamlaganna, og að nokkuð af þeim kostnaði, er samlögin hafa borgað hingað til, verði

ljett af þeim, og í þess stað lagt á fjelagana.

ATKVGR.
1. gr. samþ. í e. hlj.
2.—4. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn — án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 242).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með öllum greiddum atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 555).

---

16. Fiskiveiðasamþyktir og lendingasjóðir.

Á 1. fundi í Ed., mánudaginn 2. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um fiskiveiðasamþyktir og lendingasjóði (A. 10).

Á 2. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Svo er um þetta frumvarp, sem stjórnin hefir lagt fyrir þingið, að það er nýkomið út, og hafa þingmenn því lítið kynt sjer það að líkindum. En þar eð það er nú að eins til 1. umr., þarf lítið um það að ræða, enda fylgir allgóð greinargerð fyrir ástæðunum, vegna hvers það er fram komið.

Í frv. þessu er safnað saman ýmsum eldri lagaákvæðum, er mál þetta snerta. Þau ákvæði eru sjö að tölu eða rúmlega það. Aðalkosturinn við frv., ef það nær fram að ganga, er sá, að þá verður hægra að leita að því, er hjer skiftir máli. Að þess sje full þörf sjest best á því, hve oft hefir verið fjallað um málið.

Jeg sje enga ástæðu til þess að fara út í einstakar greinar frv. að þessu sinni. Geta má þess, að breytingin er ekki mikil, sem af því mundi leiða. Markverðustu ákvæðin eru um lendingasjóði og lendingagjald. En, eins og jeg hefi tekið fram, er nægur tími til þess að athuga þetta síðar. Stjórnarráðið áleit, að nauðsyn bæri til, að frv. þessu líkt næði fram að ganga. Vil jeg gera það að tillögu minni, að frv. verði vísað til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til sjávarútvegsnefndar (sjá A, bls. 1605) í e. hlj.

Á 25. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 310).

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg get að mestu látið mjer nægja að vísa til nefndarálitsins um mál þetta, og það því fremur, þar sem flestar brtt. nefndarinnar eru að eins orðabreytingar. Nefndin hefir gert till. sínar með það fyrir augum að gera frumvarpið greinilegra, og, að því er oss virðist, betur orðað.

Þó hefir nefndin gert nokkrar efnisbreytingar á frv., og skal jeg lauslega geta þeirra.

Fyrsta efnisbreytingin, er nefndin hefir gert, er við 3. gr., 3. brtt. nefndarinnar, þar sem nefndin leggur til, að

orðin »kaupstaðir og kauptún« til enda greinarinnar falli burt. Nefndin leggur til, að svo verði gert, vegna þess að hún telur, að það geti verið athugavert, að kaupstaður eða kauptún geri samþykt fyrir sig. Það getur hagað svo til, að fleiri verstöðvar sæki á sömu miðin, og gæti þá orðið ósamræmi á milli samþyktanna, sem ekki væri æskilegt. Það getur skeð, að það hefði mátt undanskilja sum af ákvæðum fiskiveiðasamþyktarinnar, svo sem um gjaldið, en slík ákvæði er vel hægt að setja í samþyktirnar.

Önnur efnisbreytingin, sem nefndin ber fram, er við 7. gr. Oss þykir gjald það, sem frumvarpið heimilar, ofhátt fyrir smábáta, en hins vegar treysti nefndin sjer ekki til að flokka bátana. Nefndin hefir því lagt til, að gjaldið sje lækkað.

Loks leggur nefndin til, að heimild sú, sem er í 8. gr. frv., um að ákveða megi á tímabilinu frá 30. nóvember til 31. mars, að eigi megi sleppa hákarlaskrokkum í sjó, verði feld burt. Jeg er persónulega ókunnugur því atriði, og get því ekki borið um það, hvort þetta er rjett gert eða ekki, en eftir upplýsingum þeim, er við höfðum fengið, töldum vjer rjettara að fella ákvæðið niður.

Jeg vona svo, að háttv. deild samþykki frv. með breytingum nefndarinnar.

ATKVGR.

Brtt. 310, 1. samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
— 310, 2. a.—d. samþ. með 13. shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
— 310, 3. samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 310, 4. a. og b. samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
— 310, 5. a. og b. samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
— 310, 6. a. og b. samþ. með 12 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
— 310, 7. samþ. með 11:1 atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
— 310, 8. samþ. með 11 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
9. og 10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., föstudaginn 10. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 361).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 31. fundi í Nd., laugardaginn 11. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um fiskiveiðasamþyktir og lendingasjóði,

eins og það var samþ. við 3 umr. í Ed. (A. 406).

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til sjávarútvegsnefndar (sjá A, bls. 1613) í e. hlj.

Á 38. fundi í Nd, mánudaginn 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 406, n. 497).

Frsm. (Björn Stefánsson): Í frv. þessu felast engin laganýmæli, svo að teljandi sje, en það dregur saman í eina heild ekki færri en 8 eldri lög og lagabreytingar. Er það út af fyrir sig næg ástæða til þess, að því sje vel tekið. Nefndin hefir samt jafnframt viljað gera á því nokkrar breytingar til bóta. Efnisbreytingar geta þær samt tæplega talist.

Í stjórnarfrv. var stærsta breytingin frá gildandi lögum það, að hámark lendingasjóðsgjalds var fært upp í 5 af hundraði.

Háttv. Ed. færði það aftur ofan í 2 af hundraði. Meiri hluti nefndarinnar hjer í Nd. þótti þetta enn ofhátt og vildi færa það niður í 1%. Tveir af okkur vildu láta þetta standa, eins og það kom frá háttv. Ed., en var þó ekki svo mikið kappsmál um það, að við vildum fara að kljúfa nefndina. Um það vorum við allir sammála, að í stjórnarfrumvarpinu væri þetta altof hátt ákveðið.

Þar sem margir sækja að einni verstöð til að róa þar lengri eða skemri tíma, þá gæti farið svo, þegar þeir rjeðu sig, að þeir athuguðu ekki þetta háa lendingasjóðsgjald, en tækju fyrst eftir þessum háa skatti, þegar þeir færu að gera upp og halda heim.

Við vorum sammála um að vilja ekki leyfa neinni verstöð að leggja svo háan skatt á þá, er þangað sækja til að leita sjer bjargar.

Helsta breytingin á gildandi lögum er sú, að afnema að miða lendingasjóðsgjaldið við hlut. Ástæðurnar eru þær: 1. að engin viss regla er það, að afli eða ágóði af útgerð standi í rjettu hlutfalli við stærð skips; 2. þessi stærri skip borga hærri hafnarsjóðsgjöld og vitagjöld, og álítur nefndin ekki rjett að miða lendingasjóðsgjald einnig við stærðina eina; því leggur nefndin til, að það sje miðað við hundraðsgjald af aflanum og ekkert annað.

Önnur brtt. nefndarinnar er það, að hún vill, að hægt sje að krefja um lendingasjóðsgjald þótt um styttri tíma sje að ræða en heila vertíð, enda er mjög mismunandi, hvað kallað er vertíð og hvað þær eru langar á ýmsum árstímum og í ýmsum landshlutum.

Að svo mæltu skal jeg leyfa mjer að mæla með því, að frv. verði samþ. með brtt. nefndarinnar.

ATKVGR.

Brtt. 497, 1. samþ. í e. hlj.
1. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
2.—5. gr. samþ. í e. hlj.
6. gr., breytt (sbr. brtt. 497, 1.), samþ. í e. hlj.
— 497, 2. samþ. í e. hlj.
7. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
8.—10. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frv. talin samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 22. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 538).

Frsm. (Björn Stefánsson): Jeg sje, að engar brtt. hafa komið fram síðan málið var til 2. umr. Jeg hefi því engu við að bæta það, sem jeg þá sagði, og leyfi mjer að mælast til, að málið verði afgreitt frá deildinni.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e. hlj. og endursent Ed.

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 23. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um fiskiveiðasamþyktir og lendingasjóði,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 581).

Á 50. fundi í Ed., föstudaginn 7. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 581, n. 812).

Frsm. (Karl Einarsson): Háttv. Nd. hefir gert tvær breytingar á frv., eins og það var samþ. hjer í háttv. deild. Önnur breytingin er sú, að sýslunefndir hafi vald til að gera samþyktir um fiskveiðar á bátum, sem eru alt að 30 smálestir að stærð, í stað 20. Sjávarútvegsnefnd þessarar háttv. deildar getur fallist á þessa breytingu, þó því að eins, að ýms ákvæði, t. d. um róðrarbáta, nái ekki til stærri báta.

Aftur á móti getur nefndin ekki fallist á hina breytinguna, að lendingarsjóðsgjaldið skuli ákveðið sem hundraðsgjald af afla, því að þá yrði innheimta gjaldsins ofmiklum erfiðleikum bundin. Það er sem sje ekki hægt að ákveða verðmæti aflans fyr en vertíð er á enda. Og þegar er að ræða um báta, sem eru annarsstaðar frá, þá fara þeir heim til sín þegar vertíð er á enda, og getur þá dregist að innheimta gjaldið. Nefndin álítur því rjettara, að sýslunefnd geti valið um, eftir hvaða aðferð hún leggur gjaldið á skipin. En hins vegar getur hún fallist á, að þegar hundraðsgjald er lagt á skip, þá sje það ekki hærra en 1 %.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer, fyrir nefndarinnar hönd, að leggja til, að háttv. deild samþ. frv. með breytingum nefndarinnar.

ATKVGR.
Brtt. 812. samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 55. fundi í Nd., laugardaginn 8. sept., var útbýtt
Frumvarpi til laga um fiskiveiðasamþyktir og lendingasjóði,
eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 847).

Á 57. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. sept., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Björn Stefánsson): Hæstv. forseti gat þess, að framhaldsnefndarálit væri ekki komið fram, og er það rjett, en til þess eru tvær ástæður. Í fyrsta lagi tókum við svo seint eftir þeirri breytingu, sem háttv. Ed. hefir gert, að tíminn var orðinn nokkuð naumur, og í öðru lagi var það ekki annað en pappírseyðsla að fara að prenta álit okkar, úr því að við leggjum til að samþ. frv. óbreytt.

En sökum þess, að jeg býst við, að mönnum sje ekki fullljóst, hvað á milli deildanna ber, þá skal jeg leyfa mjer að fara um það nokkrum orðum.

Eins og háttv. deildarmenn vita er þetta mál borið fram af stjórninni og

lagt fyrir háttv. Ed. Við hjer í deildinni gerðum á því nokkrar breytingar frá því, sem háttv. Ed. hafði afgreitt það. En þessar breytingar okkar hefir háttv. Ed. ekki getað fallist á. Við höfðum lagt til, að lendingasjóðsgjaldið yrði miðað við hundraðsgjald af aflanum og ekkert annað, en Ed. vill aftur á móti miða gjaldið við lestarrúm skipanna og hlutatölu.

Þessa breytingu teljum við ekki sanngjarna, af því að það er ekki víst, að ágóðinn af útgerðinni standi altaf í hlutfalli við stærð skipsins. Sömuleiðis mælir það á móti till. háttv. Ed., að því stærri sem skipin eru, því meira vitagjald og hafnargjald verða þau að greiða; getur því orðið ósanngjarnt, að þau verði einnig harðara úti hjer. Sömuleiðis mælir það á móti skoðun háttv. Ed., að víða er útgerðinni hagað svo, að útgerðarmennirnir fá allan aflann, en greiða hásetum sínum einungis mánaðarkaup, svo að aflinn er alls ekki talinn í hlutum. Þegar svo er ástatt, þá getur orðið ágreiningur um það, hve marga hluti aflann skuli telja.

Enn fremur er það eðlilegast, að lendingasjóðurinn njóti þess, ef fiskveiðarnar ganga vel, og hafi þá hærri tekjur en ella.

Þetta hefir Ed. ekki viljað fallast á. Hún vill miða við lestarrúm og hlut. Þótt við álítum, að brtt. hennar spilli frv., leggjum við þó til, að það verði samþ., eins og það nú er orðið, heldur en að öll sú vinna, fyrirhöfn og kostnaður, sem hefir gengið til þess að sameina öll þessi gömlu lög og láta frv. ganga gegnum 4 umr. í hvorri deild, verði að engu, enda er fyrirhafnarminna síðar að bæta úr þessum eina aðalgalla, sem á frv. er nú, heldur en að draga þá saman í eina heild 7 eldri lög frá tímabilinu 14. des. 1877 til 22. okt. 1912. Það væri ótækt, ef sú vinna, sem farið hefir í að draga það saman, færi alveg til ónýtis. Það væri og engu auðveldara að koma því að seinna, sem við lögðum aðalálhersluna á, þótt frv. væri nú felt, nema síður sje. Jeg vona, að háttv. deild verði nefndinni samdóma um, að samþ. skuli frv. óbreytt, eins og það kemur frá Ed., þótt gallað sje

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 894).

---

17. Vegalagabreyting.

Á 1. fundi í Ed., mánudaginn 2. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum frá 22. nóv. 1907, um vegi (A. 12).

Á 3. fundi í Ed., fimtudaginn 5. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Þetta frv. er ekki fyrirferðarmikið, hvorki sjálft nje greinargerðin, sem því fylgir, en hún er þó nokkuð ítarleg.

Frv. fer fram á tvær breytingar; önnur breytingin snertir flutningabraut í Húnavatnssýslu, en hin breytingin er breyting á þjóðveginum þar.

Ástæðan til þess, að farið er fram á fyrri breytinguna, er eiginlega sú, að hjer um bil samtímis, sem ákveðið var að hafa flutningabraut um Húnavatnssýslu á tilteknu svæði, þá var sýslufjelaginu skift í tvent, og eftir að ákvæðið var komið um, hvar flutningabrautin skyldi liggja, þá átti hún nær því alveg að liggja um austurhluta sýslunnar.

Í þessu frv. er farið fram á, að nokkur kafli flutningabrautarinnar liggi vestar, en verði ekki eins langur.

En viðvíkjandi breytingu á þjóðveginum, þá stendur sú breyting að nokkru leyti í sambandi við þetta.

Þessi nýi vegur verður lítið eitt lengri en gamli vegurinn, og hann getur staðið í sambandi við flutningabrautirnar. En aðalkosturinn við þessa breytingu er sá, að á nýja veginum er um miklu minni bratta að ræða heldur en á þeim gamla.

Um þetta mál, sjerstaklega færslu þjóðvegarins, hefir verið allmikið skrafað og ritað. Sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefir haft málið til meðferðar, og hefir meiri hluti hennar fallist á þessa færslu vegarins, og landsverkfræðingurinn hefir ítarlega rannsakað það. Í stjórnarráðinu er hægt að fá rækilegar upplýsingar um málið.

Það var að vísu svo, að ekki var ágreiningslaust um færslu þjóðvegarins hjá Húnvetningum, en það atriði getur væntanleg nefnd athugað.

Jeg óska því, að frv. þetta nái fram að ganga, og að því, að lokinni þessari umr., verði vísað til samgöngumálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e.hlj., og til samgöngumálanefndar (sjá A, bls. 1604) með 14 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 23. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 516).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg get að mestu leyti látið mjer nægja að skírskota til aths. við frv. þetta og nál. samvinnunefndar samgöngumála á þgskj. 516, sem jeg vona að hv. deildarmenn hafi lesið og íhugað. 1. gr. frv. hljóðar um breytingu á akbrautalagningu í Húnavatnssýslu. Í aths. við stjórnarfrv. er gerð grein fyrir, hvers vegna þessi breyting er sjálfsögð, og í nál. er skýrt, hvers vegna lögleiða verður breytinguna nú þegar. Að því er 2. gr. frv. snertir, þá liggur nauðsynin á þeirri breytingu, sem hún ræðir um, ekki eins í augum uppi, og hún er áreiðanlega ekki eins brýn. Núverandi landsverkfræðingur hefir ekki rannsakað vegarstæði þau, sem hjer gætu komið til greina, og hann hefir ekki heldur getað gert áætlanir um kostnað á brúm, sem reisa þyrfti í sambandi við breytingu þá á legu þjóðvegarins um sýsluna, sem gr. gerir ráð fyrir, og hann lítur svo á, að þessi breyting megi bíða til næsta þings. Hæstv. atvinnumálaráðherra og háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) hafa einnig báðir tjáð sig sammála honum í þessu atriði. Nefndin leyfir sjer því að leggja til, að 1. gr. frv. verði samþ., en 2. gr. feld að þessu sinni.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er að vísu rjett, að núverandi landsverkfræðingur hefir ekki athugað vegarstæði þau, sem 2. gr. frv. ræðir um, en þau hafa margsinnis verið athuguð af herra Jóni Þorlákssyni, fyrv. landsverkfræðingi. Það sjest á skjölum málsins, að ekki er með öllu ágreiningslaust um, hvar helst eigi að leggja þjóðveginn, en jeg get getið þess, af því að jeg er talsvert kunnugur á þessum slóðum, að ákvæði um þjóðveginn þurfa ekki að koma neitt í bága við Hvammstangaveginn. Jeg get því fallist á brtt. nefndarinnar með þeim skilningi, að byrjað verði á brautinni frá Hvammstanga.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Í 1. gr. frv. er ákveðið, að akbrautin í Austur-Húnavatnssýslu skuli ekki ná lengra en að Vatnsdalshólum. Nú er brautin hjer um bil fullger þangað alla leið; vantar að eins brú á Hnausakvísl. Í fjárlagafrv. stjórnarinnar fyrir næsta fjárhagstímabil er veitt fje til akbrautar í Húnavatnssýslu. Verði nú ekki hægt að fullgera brúna á komandi sumri, verður ekki hægt að vinna þar neitt að akbrautarlagningu, svo að ekki komi í bága við hina fyrirhuguðu breytingu, nema hún verði þegar ákveðin og hægt verði að byrja á Hvammstangabrautinni, sem liggja á á þjóðveginn, hver leiðin sem valin verður fyrir hann.

Hygg jeg því, að eigi geti verið athugavert að fylgja tillögum samgöngumálanefndar, eins og líka hæstv. atvinnumálaráðherra hefir fallist á.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 516. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. því fallin.

Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13. shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 610).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 45. fundi í Nd., þriðjudaginn 28. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum frá 22. nóv. 1907, um vegi,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 653).

Á 47. fundi í Nd., fimtudaginn 30. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg vildi leyfa mjer að geta þess, að frv. þetta er komið frá stjórninni, hefir legið fyrir samgöngumálanefndum beggja deilda og gengið einróma gegnum háttv. Ed. Á því hafa verið gerðar töluverðar breytingar þar, eins og nál. á þgskj. 516 sýnir, en jeg sje ekki ástæðu til að fara að skýra þær nú við 1. umr. málsins. Þær hafa verið gerðar í samráði við vegamálastjórann. Jeg vona svo, að frv. fái að ganga óhindrað til 2. umr., og læt svo máli mínu lokið að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 49. fundi í Nd., laugardaginn 1. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 653).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg gat þess við 1. umr., að frv. þetta væri komið frá háttv. Ed. og hefði legið fyrir samvinnunefnd samgöngumála. Frv. er frá stjórninni og er breyting á vegalögunum frá 22. nóv. 1907. Breyting þessi er um legu flutningabrautanna í Húnavatnssýslu. Eftir lögunum frá 1907 var ákveðið, að flutningabrautin ætti að liggja frá Blönduósi að Víðidalsá um Steinsvað. En nú er breytingin þannig, að í Austursýslunni skuli brautin að eins ná að Vatnsdalshólum. Í Vesturs̈yslunni er feldur burt kaflinn frá Gljúfurá að Steinsvaði, en ákveðið,

að braut skuli koma frá Hvammstanga inn á þjóðveginn hjá Stóra-Ósi. Þessar breytingar eru að vísu allmiklar, en nefndirnar gátu aðhylst þær að öllu leyti. Sá kafli, sem feldur er niður í Austursýslunni, hefir litla þýðingu. Og þar sem ekki eru nema 2 bæir, sem hefðu not af þeim kafla, þá ber á það að líta, að sýslunni er hagur að losna við viðhald hans. Brautarkaflinn í Vesturssýslunni, frá Gljúfurá að Steinsvaði, yrði að tiltölulega mjög litlum almennum notum fyrir hjeraðið. En eins og í upphafi var tilætlunin með flutningabrautirnar, að þær lægju frá kaupstöðunum eða kauptúnunum upp um sveitirnar, þá er alveg rjett, að flutningabraut í Vestur-Húnavatnssýslu byrji á Hvammstanga og komi á þjóðveginn hjá Stóra-Ósi. Með því móti kemur hún öllu hjeraðinu best að notum, með hliðsjón af því, að hin fyrirhugaða þjóðvegarlagning verði akfær vegur.

Öðru máli er að gegna um ákvörðun um legu þjóðvegarins, sem háttv. Ed. hefir felt í burt og samvinnunefndin lagði til. Hann liggur nú um mynni Víðidals, en á að færast talsvert norðar, um Vesturhóp og yfir Víðidalsá nálægt Faxalæk, eins og sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hafði lagt til. En með þessu móti verður Víðidalur talsvert út undan og er gert erfitt fyrir að nota brúna. Komið höfðu til mála 2 leiðir, sem leggja mætti veginn um. Núverandi vegamálastjóri hefir hvoruga leiðina skoðað, og sá fráfarni ekki heldur rannsakað syðri leiðina til hlítar, en ýmsum kunnugum mönnum ber saman um, að á þeirri leið muni vera betra vegarstæði. Um það skal jeg ekki deila.

En það er annað atriði, sem jeg vildi minnast á, sem stendur í sambandi við þetta. Um leið og vegurinn verður færður hefir komið til mála að gefa sveitinni þá uppbót, að leggja veg yfir hálsinn vestan Víðidals, um Valdarás, og brúa Víðidalsá á öðrum stað þar fremra. Þetta skoðuðu menn sem fyrirheit til hjeraðsins um, að landssjóður kostaði brú á Víðidalsá á þessum stað. En eftir undirtektum vegamálastjóra nú er ekki að búast við, að landssjóður kosti brúna nema að einhverju leyti. Þarna er ekki búið að skoða brúarstæði enn þá, en brúa yrði þar tvær ár, Fitjaá og Víðidalsá. Það þótti því ekki ráðlegt að slá neinu föstu um veginn að sinni, meðan alt er órannsakað, er að þessu lýtur, og ekkert er ákveðið, hve miklu landssjóður vildi kosta til þessara brúa. Hjer er heldur ekkert í húfi með verkefni, því að þótt flutningabrautinni frá Blönduósi að Vatnsdalshólum verði lokið nú í sumar, þá er nóg þörf fyrir vinnukraftinn við brautina frá Hvammstanga, sem þá mætti byrja á. Verkfræðingurinn hefir fallist á þessar till., og nefndin hefir orðið sammála um, að 2. gr. frv. yrði feld, eins og líka hefir verið gert í háttv. Ed.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg get fallist á það, að ekki sje svo náið samband milli þess, hvernig þjóðvegurinn liggur í Vestur-Húnavatnssýslu og hins, hvernig flutningabrautirnar eru lagðar. Brautin frá Hvammstanga getur komið að fullum notum, þótt þjóðvegurinn liggi ofar en stjórnin gerir ráð fyrir í frv. sínu. Jeg set mig því ekki upp á móti, að frv. sje samþ. eins og það liggur fyrir frá háttv. Ed., og sætti mig við, að látið sje bíða betri tíma að ákveða, hvar þjóðvegurinn í Vestur-Húnavatnssýslu verður látinn liggja.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með öllum greiddum atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með öllum greiddum atkv.

Á 51. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 653).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 787).

---

18. Mælitæki og vogaráhöld.

Á 1. fundi í Ed., mánudaginn 2. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um mæli- og vigtartæki. (A. 15).

Á 3. fundi í Ed., fimtudaginn 5. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Það hafa oft komið fram óskir um það, að skipulagi yrði komið á um löggilding mælis og vogar. Sýndist ráðuneytinu tími til kominn að bæta þar um, ef hægt væri.

Veit jeg dæmi til þess, að mönnum, sem búið hafa til ýmiskonar mál, hefir reynst það tilfinnanlega erfitt að fá þau löggilt. Virðist því full ástæða til að setja lög, sem greiði fyrir í þessu efni, og gengur frv. þetta að nokkru leyti í þá átt. Að vísu mun þetta hafa kostnað í för með sjer; geri jeg þó ráð fyrir, að hann verði ekki tilfinnanlegur.

Auðvitað er löggilding mælis og vogar ekki aðalatriðið, heldur eftirlitið, því að án rækilegs eftirlits mundi lögreglustjórum reynast ókleift að sjá um, að haldin væru ákvæðin um notkun tækjanna.

Það hefir líka komið í ljós við skoðun á mæli og vogum, að tækin hafa slitnað áður en menn varði og því lítill hluti þeirra verið rjettur. Slit þetta hefir oft verið svo mikið, að hegningarvert hefir verið að nota tækin. Frv. um löggildingu mælis og vogar mundi því alls ekki ná tilgangi sínum, ef ekki væri ákvæði um það, að eftirlit væri haft með tækjunum.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil leyfa mjer að gera það að till. minni, að máli þessu verði vísað til allsherjarnefndar, að umræðu lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1607) í e. hlj.

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 15, n. 252).

Frsm. (Hannes Hafstein): Jeg vona að þurfa ekki að tefja háttv. deild á langri framsögu í þessu máli, nema sjerstakt tilefni verði gefið til þess.

Nefndin athugaði þetta frv. og hafði það til meðferðar á mörgum fundum; varð hún sammála um, að það væri talsvert góð rjettarbót að því, og þótt það hafi nokkurn kostnað í för með sjer, þá sje ekki í það horfandi, móts við þann hagnað, sem af því leiðir.

Laun starfsmanna eru ekki gerð mikil; það er ætlað 2500 kr. laun handa forstöðumanni og 500 kr. til ferðakostn-

aðar, og loks 8000 kr. til þess að koma skrifstofunni á stofn. Nefndinni þykir að vísu líklegt, að sá kostnaður, sem hjer er talinn, muni reynast oflágur, auk þess sem gera má ráð fyrir launahækkun starfsmanna síðar meir, en hagnaðurinn á hinn bóginn svo mikill, að ekki sje í það horfandi, þótt kostnaður verði talsvert meiri en gert er ráð fyrir í frv. Það er einróma álit nefndarinnar, að efni frv. sje gott, og hefir hún ekki fundið ástæðu til að stinga upp á sjerstökum efnisbreytingum. En þar á móti þótti oss málið á frv. ekki sem best. Jeg hefi heyrt, að frv. hafi verið samið á skrifstofu stjórnarráðsins í Kaupmannahöfn, og er eðlilegt, að hún sje ekki jafnleikin í því að rita gott mál eins og vjer í háttv. Ed. Alþingis hljótum að vera, þó að hún hafi góðum starfskröftum á að skipa. En vjer nefndarmenn höfum eftir föngum reynt að lagfæra málið á frv. Jeg veit, að því muni vera mikið ábótavant enn, þó að það sje mikið til bóta, sem vjer höfum stungið upp á.

Jeg álít óþarft að fara að tína upp og skýra háttv. deild frá hverri breytingu; vona, að háttv. þm. hafi athugað þær, og að háttv. deild treysti því, að nefndin hafi gert það eins vel og hún gat. Vona, að háttv. deild leyfi málinu að ganga áfram.

ATKVGR.

Brtt. 252, 2. (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 252, 1. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 252, 3. — — 12 — —
— 252, 4. a. og b. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
— 252, 5. samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 252, 6. samþ. með 13 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. 12 shlj. atkv.
— 252, 7. (ný 5. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 252, 8. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 252, 9. — — 13 — —
6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
— 252, 10. samþ. með 12 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
— 252, 11. (ný 8. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 252, 12. samþ. með 13 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
— 252, 13. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 252, 14. — — 13 — —
10. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
— 252, 15. samþ. með 13 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv,
— 252, 16. samþ. með 13 shlj. atkv.
12. gr, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
— 252, 17. samþ. án atkvgr.
13. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj atkv.
— 252, 18. samþ. með 12 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
— 252, 19. samþ. með 13 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
16. og 17. gr. samþ, með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn ákveðin með brtt. 252, 1.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 3. umr., með fyrirsögninni

Frumvarp til laga um mælitæki og vogaráhöld.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 29. fundi í Nd, fimtudaginn 9. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um mælitæki og vogaráhöld,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 360).

Á 31. fundi í Nd., laugardaginn 11. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Þess mun ekki þörf að ræða frv. nú. Aths. við frv., sem er stjórnarfrv., sýna, hvers vegna það er komið fram. Það hefir ekki tekið neinum verulegum breytingum í hv. Ed., að minsta kosti ekki að efninu til. Sjálfsagt mun þykja að athuga frv. í nefnd; í háttv. Ed. ætla jeg að það hafi legið fyrir allsherjarnefnd, og þykir mjer þá rjett að leggja til, að því verði vísað til sömu nefndar í þessari háttv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 38. fundi í Nd., miðvikudaginn 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 360, n. 486).

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg skal einungis geta þess, að þetta frv. er komið frá stjórninni. Háttv. Ed. samþykti frv. óbreytt að efni til. Allsherjarnefndin hefir nú athugað frv., og leggur hún til, að það verði samþykt með nokkrum orðabreytingum. Nefndin lítur svo á, að þetta sje nauðsynjamál, og vill mæla hið besta með því, að það nái að ganga fram.

ATKVGR.

Brtt. 486, 1. a. og b. samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
— 486, 2. a. og b. samþ. án atkvgr.
2. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
— 486, 3. a. og b. samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
4. gr. samþ. í e. hlj.
— 486, 4. samþ. án atkvgr.
5. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
— 486, 5. samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
7. og 8. gr. samþ. í e. hlj.
— 486, 6. a.—c. samþ. án atkvgr.
9. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
10. gr. samþ. í e. hlj.
— 486, 7. samþ. án atkvgr.
11. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
12. gr. samþ. í e. hlj.
— 486, 8. samþ. án atkvgr.
13. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
— 486, 9. samþ. án atkvgr.
14. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
15. gr. samþ. í e. hlj.
— 486, 10. samþ. án atkvgr.
16. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
17. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 22. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 537).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og endursent Ed.

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 23. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um mælitæki og vogaráhöld,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 582).

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 28. ágúst, var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 582, n. 622).

Frsm (Hannes Hafstein): Eins og tekið er fram í nál. hefir nefndin aðhylst breytingar þær, sem gerðar voru á frv. í háttv. Nd., og leggur því til, að það verði samþykt, eins og það er nú orðað.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

l ö g f r á A l þ i n g i.

(Sjá A. 676).

---

19. Slysatrygging sjómanna.

Á 1. fundi í Ed., mánudaginn 2. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um slysatrygging sjómanna. (A. 17).

Á 3. fundi í Ed., fimtudaginn 5. júlí, var frv. tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg bið háttv. Ed. afsökunar á því, að jeg get ekki gert eins góða grein fyrir frv. þessu og skyldi.

Jeg vonast til að fá tækifæri til að fara frekari orðum um það síðar. Jeg vil þó taka það fram strax, að hjer er um að ræða þýðingarmikið atriði af merkustu þjóðmálum vorum, þar sem er trygging vissrar stjettar.

Till. og frv. um mál þetta hafa að vísu verið lögð fyrir Alþingi áður, og eru enda til nokkur ákvæði um tryggingu sjómanna. Má þar benda á, að á Alþingi 1915 var samþykt þingsályktunartillaga, þar sem skorað var á stjórnina að rannsaka möguleikann til slysatrygginga yfirleitt.

Helst til lítið hefir þó orðið úr framkvæmdum í máli þessu. Er það reyndar vorkunnarmál þótt seint vinnist, því að málið er erfitt og umfangsmikið og ilt til rannsókna, og þar auki við litla sem enga innlenda reynslu að styðjast. Þess vegna hefir stjórnin látið sjer nægja að taka fyrir þessa einu stjett, að svo stöddu.

Markmiðið er þó að koma á lagaákvæðum um slysatryggingar í sem ríkustum mæli. Og er það líka í fullu samræmi við áhuga alþjóðar fyrir tryggingum, sem fer sívaxandi.

Þetta frv. fer nokkru lengra en fyrri ákvæði, einkum í því, að hjer eru ætluð hærri iðgjöld fyrir slys, sem valda dauða, og talsvert fje áætlað fyrir slys, sem gera menn ófæra til vinnu.

Frv. þetta er að miklu leyti bygt á fornum grundvelli og er ekki margbrotið. Mun því síður hætt við, að erfitt þyki að framfylgja því eða fella sig við það.

Stjórnin væntir þess, að háttv. Alþ. taki mál þetta til góðrar og ítarlegrar meðferðar, þar sem það liggur í augum uppi, hve þýðingarmikið það er.

Vil jeg svo leyfa mjer að gera það að till. minni, að málinu verði vísað til 2. umr., og sömuleiðis, að því verði vís-

að til sjávarútvegsnefndar, þar eð það snertir einkum sjómennina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e.hlj., og til sjávarútvegsnefndar (sjá A, bls. 1605) í e.hlj.

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 163, 276).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Frv. þetta, sem lagt er fyrir þingið af hæstv. stjórn, samkvæmt vilja fyrri þinga, hefir nefndin fallist á í aðalatriðunum. Þykir henni heppileg sú leið, sem valin hefir verið, að auk þess, sem bætt eru að miklum mun núgildandi ákvæði um líftrygging sjómanna, þá eru einnig teknar upp tryggingar fyrir slysum, sem ekki valda dauða.

Að undanförnu hefir verið óánægja yfir lögum þeim, sem nú gilda um líftrygging sjómanna, og er það ekki undarlegt, því að bætur þær, sem þar eru ákveðnar, geta engar mannbætur kallast.

Um slysatryggingarnar er það að segja, að líklegt er, að fyrir mörgum vaki það, að æskilegt væri, að almennum slysatryggingum yrði komið á sem fyrst. En jeg býst við, að mönnum sje það ekki ljóst alment, hversu erfitt er að koma því í framkvæmd, vegna þess, að hjer er engin reynsla og ekki heldur nægilega föst stjettaskipun til að byggja á.

Það vita allir, að þótt lítið sje að eins til þeirra manna, sem sjó stunda að meira eða minna leyti, þá geta þeir tæplega talist stjett út af fyrir sig.

Takmörkin er erfitt að ákveða, því að þótt telja megi til sjómannastjettar þá menn, sem fiskveiðar stunda á stærri skipum, farmenn o. fl., þá er aftur fjöldi manna, á smærri skipum og vjelbátum, sem stunda sjó að eins nokkurn hluta árs, en hafa þar fyrir utan ýmsa atvinnu með höndum. Það getur því verið vafamál, til hvaða stjettar beri að telja slíka menn.

Þetta sýnir það fljótlega, að þeir, sem unnu að undirbúningi málsins, hafa átt úr vöndu að ráða, og hafa því tekið þann kost að flokka menn niður í þrjá flokka.

Flokkaskiftingu þessa hefir nefndin aðhylst, þótt hún telji takmörkin ekki í alla staði heppileg, enda getur það verið álitamál, hvernig henni sje haganlegast fyrir komið.

Jeg býst við, að sumum kunni að virðast gjald það, sem greiða ber, nokkuð hátt. En að mínu áliti er það fremur vægt. Kemur það ljóslega fram, ef það er borið saman við gjald það, sem greiða ber eftir núgildandi lögum, með tilliti til skaðabótanna. Nú greiða menn 24 aura á viku. Þá verður árgjaldið 12,48 kr. Skaðabæturnar eru 400 kr., sem greiðast á 4 árum. Þá nemur iðgjaldið nálægt 3 % af þeirri upphæð.

Aftur á móti verður gjald þetta mismunandi eftir frv. Í 1. flokki er ætlast til þess, að greiddir sjeu 70 au. á viku, og greiði skipverji helming þess, en útgerðarmaður hinn. Árgjaldið verður 36,40 kr. Skaðabæturnar eru 1500—2000 kr., eftir því, hvort slysið veldur líftjóni eða gerir menn ófæra til vinnu að meira eða minna leyti. Taki maður nú lægri töluna, 1500 kr, þá nemur iðgjaldið tæplega 2½ % af þeirri upphæð.

Þetta eru því óneitanlega aðgengilegri kjör en þau, sem menn eiga við að búa eftir núgildandi lögum.

Eftir frv. skulu menn í 2. fl. greiða

35 aura á viku, en útgerðarmaður 10 aura á viku. Þar hefir nefndin breytt svo, að útgerðarmaður greiði 20 aura á viku. Munurinn er að eins sá, að eftir frv. ber landssjóði að greiða 25 aura á viku, en eftir brtt. nefndarinnar ekki nema 15 aura á viku.

Gangi maður nú út frá till. nefndarinnar, verður iðgjaldið 55 aurar á viku. Árgjaldið verður þá 28,60 kr. Sjeu skaðabætur hinar sömu og í 1. flokki, nemur gjaldið tæplega 2 %.

Í 3. flokki eru þeir, sem stunda fiskveiðar á minni róðrarbátum. Eru þeir ekki skyldir að tryggja sig, en hafa þó heimild til þess, og er það hvöt fyrir þá, að landssjóður leggur fram hálft gjaldið. Iðgjald þeirra er 35 aurar á viku. Árgjaldið verður 18,20 kr. Það er ekki nema rúmlega $1^1/_5$ % af skaðabótaupphæðinni.

Af þessu öllu má sjá, að hjer eru talsvert aðgengilegri kjör í boði en þau, sem nú er við að búa.

Mun jeg svo ekki fara frekar út í efni frv. í heild, en drepa á helstu brtt., sem nefndin hefir komið fram með.

Flestar þeirra eru að eins orðabreytingar, og vil jeg, til flýtis og hægðarauka, benda á það strax, hverjar þær eru. Það eru 1., 2, 4., 5., 6., 7., 8., 9., 12., 14., 15., 17., 18., 22., 25. og 26. brtt. Allar þessar eru að eins orðabreytingar. Hinar aðrar eru efnisbreytingar, þó flestar smáar.

Það er þá fyrst brtt. 3., við niðurlag 1. málsgr. í 2. gr. frv. Þar segir svo í frv.: »Um leið og lögskráning fer fram skal skráningarstjóri gera sjerstaka skrá yfir skipverja þá, er 1. gr. nær til, hvort heldur þeir eru ráðnir hásetar, stýrimenn eða skipstjórar.« Þetta ákvæði þótti nefndinni ekki fullkomlega tæmandi, því að fleiri geta verið starfsmenn skipsins en þeir, sem taldir eru hásetar, stýrimenn eða skipstjórar. Vill nefndin fella niður upptalningu þessa, en setja í staðinn: »hverja stöðu sem þeir hafa á skipinu«.

Þá er brtt. 10., við 3. gr. frv. Þar hefir nefndin breytt takmarkinu á lestastærð skipanna úr 8 upp í 12. Sje miðað við 8 smál. stærð og gjaldið látið lækka úr 70 au. í 45 au., þá verður það stórt stökk, og virðist takmarkið sett af handahófi. Sje aftur á móti miðað við 12 smál. stærð, kemur það betur heim við önnur ákvæði um flokkun skipa og er auk þess rjettara, með tilliti til hinna flokkanna.

Brtt. 11. stendur aftur í sambandi við þessa breytingu. Þar er farið fram á það, að 45 au. gjaldið verði hækkað, eða, með öðrum orðum, að útgerðarmaður greiði 20 au. í stað 10.

Nefndin mun halda fast við þessar breytingar, því að þær koma flokkuninni í betra horf og fyrirbyggja þetta óeðlilega stökk úr 70 au. niður í 45 au.

Ef takmarkið er haft 12 smál. stærð og minkaður um leið mismunur gjaldsins, þá dregur það úr stigbreytingu þessari. Breytingar þessar eru því óneitanlega til bóta.

Brtt. 13. er aftur bein afleiðing af brtt. 11., því að um leið og gjald útgerðarmanns breytist úr 10 au. í 20 au., lækkar landssjóðsgjaldið auðvitað að sama skapi úr 25 au. niður í 15 aura. Með því móti ætlast nefndin til, að ekki þurfi að aukast útgjöld landssjóðs, þótt þeim mönnum fjölgi, sem hann greiðir iðgjöld fyrir, við það, að lágmarkið er flutt úr 8 smál. upp í 12.

Þá er brtt. 16. bein afleiðing af brtt. 10., þar sem takmarkinu fyrir stærð skipanna er breytt úr 8 í 12 smál.

Brtt. 19. er ekki stórvægileg, og mun þar naumast á milli bera. Virðist nefndinni það ekki geta komið til mála, að

maður fjelli óbættur, þótt hann væri ekki á skipsfjöl, þegar slysið vildi til. Svo getur t. d. staðið á, að maður sje við vinnu annarsstaðar og þó í skipsins þarfir. Sömuleiðis getur það fyrir komið, að menn sjeu fluttir veikir í land af ofkælingu eða blóðeitrun, sem stafað getur af störfum þeirra á skipinu.

Eigi nú að svifta fjölskyldu slíkra manna skaðabótunum fyrir það, að tekist hefir að koma þeim af skipi með lífsmarki, þá virðist það ekki vera í góðu samræmi við mannúðarstefnu þá, sem hrundið hefir af stað máli þessu.

Af þessum ástæðum tel jeg sjálfsagt, að þessi breyting sje gerð.

20. breytingin er í raun og veru að eins orðabreyting, sem nefndinni þótti betur fara.

Þá er 21. breytingin. Hún er fram komin af þeirri ástæðu, að nefndin leit svo á, að því viki dálítið kynlega við, að orðin »innan eins árs frá því að slysið varð« væru látin standa óbreytt, og lagði þess vegna til, að þau væru feld úr frumvarpinu. Það rekur sem sje fljótt að þessari vafaspurningu: Hverskonar gjald á þá að greiða fyrir þá menn, sem snögglega deyja, drukna eða bíða bana af öðrum vofeiflegum stórslysum? Hún áleit, að greinin yrði að minsta kosti skýrari með því móti.

Þá kem jeg að 24. breytingunni. Jeg býst við, að hún muni einkum mæta mótspyrnu, og því sje ekki vanþörf á að rökstyðja hana.

Nefndin íhugaði þetta atriði gaumgæfilega, meðal annars af því, að henni var það fyrirfram ljóst, að það kynni að mæta andblástri. Og því lengur sem hún íhugaði þennan nýja lið, því sannfærðari varð hún um, að hann væri til stórbóta. Annars skal jeg ekki tilfæra hjer allar þær ástæður, sem nefndin áleit að gerði hann í alla staði rjettmætan, að minsta kosti ekki fyr en jeg heyri, hvort hann mætir mótspyrnu hjer hjer í deildinni. Jeg skal láta mjer nægja að benda háttv. deild á það, að systkin hins látna geta verið börn, sem engan eiga að eftir fráfall hans, og þau mundu þess vegna fara á vonarvöl, eftir ákvæði frumvarpsins. En það þótti nefndinni í alla staði ómannúðlegt. En reynslan hefir aftur á móti sýnt, að þau tilfelli, sem hjer um ræðir, eru svo sjaldgæf, að þau mundu ekki valda stórvægilegum fjárútlátum. En hins vegar áleit nefndin, að landinu bæri að hlaupa undir bagga með munaðarleysingjunum, þá sjaldan að slík slys kæmu fyrir.

26. breytingin, sem kveður svo á, að ekkert af skaðabótunum renni til fjarskyldra manna, er árjetting á ákvæði frumvarpsins, og verð jeg að telja hana til bóta.

Þá er 28. og síðasta breyting nefndarinnar. Um þessa breytingu skal jeg geta þess, að nefndinni er ekkert kappsmál, að hún verði samþykt. Hún áleit, að það gæfi sjóðnum meiri tryggingu og festu, að ábyrgð landssjóðs væri hækkuð. Því að ef sjóðurinn gæti ekki staðist útgjöldin í bili, yrði landssjóður hvort sem væri að hækka ábyrgð sína, og því væri hyggilegast að hafa hana nægilega háa þegar í fyrstu. En hún yrði auðvitað ekki skert nema nauðsyn krefði.

Jeg vonast þá til, að háttv. deild sje sammála nefndinni um það, að þessar breytingar á frumvarpinu sjeu til bóta.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal ekki rekja hinar smávægilegri brtt. nefndarinnar. Jeg vildi að eins minnast dálítið á aðalbreytingarnar.

Það getur ekki dulist háttv. nefnd, fremur en öðrum, að það, sem frv. fer fram á, er trygging gegn slysum, sem orsakast af atvinnurekstri. Hefir það

vakað fyrir ráðuneytinu, að þetta væri byrjun til almennra slysatrygginga, svo sem tíðkast erlendis. Þar er vinnuveitandanum jafnaðarlega gert að skyldu að tryggja verkamenn sína gegn slysum, sem kynnu að stafa af þeirri atvinnu, er hann ræður þá til. En þessum grundvelli, tryggingu gegn slysum af atvinnurekstri, hefir nefndin horfið frá. Hún lætur sjer ekki nægja að tryggja menn gegn slysum, er af atvinnunni leiða, heldur fer hún lengra. Eftir frv. falla undir trygginguna þau slys, er verða á skipi á leið úr landi, út í skip eða frá skipi í land. Í sjálfu sjer hefði verið rjettast að orða ákvæðið þannig, að skaðabætur beri að greiða fyrir þau slys, er orsökuðust af atvinnurekstrinum. Erlend reynsla hefir sýnt, að um örorkuslys er það alloft miklum efa undirorpið, hvort þau stafi af atvinnurekstrinum eða ekki. Hjer er einmitt oft um smáslys að ræða, og til þess að komast hjá langri og erfiðri rannsókn á þessum slysum, var sá upp tekinn, að orða ákvæðið eins og það er í frv. Þessu fylgir sá kostur, að það er ávalt ljóst, fyrir hvert slys greiða ber skaðabætur, en á hinn bóginn munu, að heita má, öll atvinnuslys sjómanna, þau er máli skifta, falla undir lögin, samkv. orðalagi frv. 19. brtt. nefndarinnar gengur í þá átt, að skaðabætur skuli greiddar fyrir öll slys, er koma fyrir á vátryggingartímanum, án tillits til, hvort þau koma atvinnurekstrinum við eða ekki. Till. gerbreytir grundvelli laganna, og verður að gæta þess, að vinnuveitendum, þ. e. útgerðarmönnum, er gert að skyldu að greiða nokkurn hluta iðgjaldanna, en auðvitað er ekki rjett að skylda þá til að kaupa trygging gegn öðrum slysum en þeim, er af atvinnunni leiða. Í þessu sambandi skal bent á það, að sá hluti gjaldanna, sem ætlaður er fyrir kostnaði við örorkuslys, er bygður á norsku fiskimannatryggingunni, en í henni koma að eins til greina þau slys, er stafa af sjálfum fiskiveiðunum. Væri brtt. nefndarinnar samþ., yrði því að hækka iðgjöldin. Jeg hefði getað búist við einni brtt. við frv., nfl. þeirri, að útgerðarmenn, hinna stærri skipa að minsta kosti, væru neyddir að greiða öll iðgjöldin, og mundi mjer hafa orðið örðugt að mæla á móti þeirri brtt. Ráðuneytinu þótti samt ekki rjett að fara svo langt að sinni, heldur byggja á þeim vísi til slíkra vátryggingarlaga, sem nú er til.

Þá er önnur aðalbreyting nefndarinnar, sem líka ruglar allan útreikning frv. En hún er sú, að skaðabótarjetturinn nær til fleiri manna en frv. ætlast til. Markmið tryggingarinnar er að sjá þeim fyrir nokkrum skaðabótum, er orðið hafa fyrir fjárhagslegum hnekki af völdum slyssins. Þess vegna er þeim einum veittur rjettur til skaðabóta, sem að einhverju leyti hafa verið á framfæri hins látna. Sje skaðabótarjetturinn gerður víðtækari, en iðgjöldin látin óbreytt, þá verður að lækka skaðabæturnar, en auðvitað er stefnt að því að geta greitt þeim sem mestar skaðabætur, sem mist hafa framfæranda af völdum slyssins. Það er því sjálfsagt, að rjettur foreldra sje bundinn því skilyrði, að þau að einhverju leyti hafi verið á framfæri þess látna. Sje systkinum veittur rjettur til skaðabóta, getur ekki komið til mála annað en binda hann sama skilyrði.

Þetta eru aðalbreytingar nefndarinnar. Hitt er minna vert, að markið milli skipa og báta er fært úr 8 upp í 12 smálestir. En jeg held, að þessi breyting sje samt alveg óþörf. Eins og nú er ástatt ganga, að því er jeg best veit, 80 bátar, sem eru 8—12 smálestir.

En þegar bátarnir eru orðnir 8 smálestir, er útgerðin orðin allstór, og því má segja, að þessi auknu útgjöld muni bátinn afarlitlu, í samanburði við alt úthaldið. Það mun láta nærri, að útgerðin sleppi með 40 kr., ef gera má ráð fyrir, að skipshöfnin sje 8 manns og útgerðartíminn 35 vikur. Þessi breyting getur því aldrei orðið að verulegu atriði fyrir útgerðina. En hún munar landssjóð dálitlu.

Enn hygg jeg, að brtt. nefndarinnar um 20 aura, í stað 10, á minni bátum sje ekki til bóta. Því að mjer finst varhugavert að leggja hátt gjald á þá menn, sem gera út litla báta.

Loksins verð jeg að telja það mjög varhugavert að nema burt það skilyrði fyrir greiðslu á dánarbótum, að slysið hafi valdið dauða innan eins árs, eins og nefndin vill gera — 21. brtt. hennar. Þetta skilyrði er einmitt mjög nauðsynlegt, vegna sjálfrar tryggingarinnar. Deyi sjómaður löngu eftir að slysið varð, þá getur oft verið mjög erfitt að skera úr því, hvort slysið hefir beinlínis verið orsök í dauða mannsins, og er því hætt við, að tryggingin verði þannig alloft að greiða dánarbætur, sem vafasamt er að henni komi nokkuð við.

Brtt. nefndarinnar á 2. gr., um stöðu skipverja, álít jeg vera heldur til bóta. En yfirleitt virðist mjer, að nefndin hafi fjallað um málið af mjög litlum skilningi.

Halldór Steinsson: Hæstv. forsætisráðherra hefir rakið flest það, er jeg vildi sagt hafa.

Frumv. það, er hjer um ræðir, er talsverð bót á vátryggingarlögunum frá 1909, og með því tekin fram flest þau ákvæði, sem undanfarin þing álitu nauðsynleg til endurbótar á nefndum lögum. Það má ef til vill segja, að frv. fari ofskamt. En þess ber þá að gæta, að hjer verður að fara varlega, til þess að íþyngja ekki sjóðnum eða þeim, sem iðgjöldin koma niður á. Frv. þetta hefir nú verið athugað, og um för þess þangað verð jeg að segja, að þar er ver farið en heima setið. Nefndin vill gera margar breytingar á frv. Sumar þeirra eru orðabreytingar, sem jeg get felt mig við. En um efnisbreytingarnar er það að segja, að flestar þeirra stórspilla frumvarpinu. Jeg skal minnast á þrjár hinar helstu.

Fyrst er sú brtt. gerð við 3. gr., að fyrir 8 komi 12, 10 komi fyrir 20 og 15 fyrir 25. Jeg get felt mig við þessar breytingar, að því er kemur til 8—12 smálesta báta. En brtt. fer lengra; hún vill láta vátryggingarhækkunina ná alla leið niður til róðrarbáta, og það finst mjer afleitt. Því að 8 smál. bátar þola betur þessi útgjöld en róðrarbátar.

Jeg varð hissa, er frsm. (M. K.) taldi 19. brtt. ekki stórvægilega breytingu. Mjer finst hún einmitt vera mjög stórvægileg. Eftir frv. á að greiða fyrir slys, sem hljótast af atvinnurekstri sjómanna. En samkvæmt brtt. nefndarinnar á maðurinn að vera trygður fyrir hverskonar slysum, sem hann verður fyrir á tryggingartímabilinu. Með þessari brtt. finst mjer vera farið fram hjá tilgangi frv., sem að eins gerir ráð fyrir að tryggja menn gegn slysum, sem hljótast af sjávaratvinnu þeirra. Jeg get ekki sjeð t. d., að komið geti til mála að bæta sjómann, sem hrapaði í kindaleit uppi í fjalli. Slíkt slys kæmi ekkert við atvinnu hans sem sjómanns. Jeg býst við, að gera megi ráð fyrir hærri tryggingu landssjóðs og hærri iðgjöldum, ef þessi brtt. verður samþykt. En hvorugt finst mjer gerlegt.

Þá er næst 24. brtt., sem á við 5. gr. og kveður svo á, að systkin hins látna eigi rjett til skaðabóta. Þessa brtt. álít

jeg spilla frv. Það var og er mín skoðun, að það væri til bóta, að þetta ákvæði var felt úr lögunum frá 1909 í frv. stjórnarinnar. Eftir eðli málsins virðist ekki geta komið til mála að aðrir erfi hinn látna en þeir, sem hafa verið á framfærslu hans eða framfært hann að einhverju leyti. Slíkt kemur að vísu fyrir um systkin, en það er mjög sjaldgæft. (**K. E.**: Mjög algengt). Nei, það er ekki mjög algengt. Jeg þekki vel til þessara mála af eigin reynslu, því að í Snæfellsnessýslu hafa nú á síðari árum verið mjög tíðar drukknanir, og jeg hefi iðulega orðið fyrir því að innheimta vátryggingargjaldið og afhenda það aðstandendum. Ef það hefir komið fyrir, að systkin hins látna hafi fengið skaðabætur, hefir þeim komið það algerlega á óvart, og talið þetta hvalreka, sem þau áttu ekki von á.

Sem sagt, brtt. nefndarinnar stefndu fiestar að því að gera frv. óaðgengilegt, og vona jeg því, að þær verði feldar, því að slysatryggingarmálið sjálft er svo mikilsvert, að þær mega ekki verða því að falli.

Þessar brtt. nefndarinnar tel jeg að spilli frv., og fer mikið eftir því, hvernig atkvgr. um þær fellur hjer í hv. deild, hvort jeg ber fram brtt. við þriðju umr. frv. eða ekki.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg gleymdi áðan að minnast á eina brtt. hv. nefndar, sem varðar ákvæðið um það, ef dauði mannsins á sjer stað innan eins árs frá því er slysið varð. Þetta tímatakmark vill nefndin fella niður. En þetta er athugavert, því að þegar ár er liðið frá slysinu, er oft og tíðum ómögulegt að segja, hvort dauðinn hefir orsakast af því eða ekki.

Jeg vildi geta þessa strax, svo að **háttv. frsm. (M. K.)** gæti tekið þetta atriði með, er hann, sem jeg býst við, svarar ræðum okkar þm. Snæf. (H. St.).

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Jeg verð að biðja háttv. þingdeild afsökunar á því, þótt jeg geti ekki verið mjög stuttorður. Það hefir verið beint svo mörgum skeytum til nefndarinnar, að það hlýtur að taka töluverðan tíma að svara þeim, og ef andmælendum mínum þykir jeg tala langt mál, þá mega þeir kenna sjálfum sjer um það.

Jeg ætla mjer þá fyrst að víkja máli mínu að háttv. þm. Snæf. (H. St.); það er í raun og veru fljótgert, því að þar var litlu að svara öðru en því, er hæstv. forsætisráðherra tók fram.

Þá vil jeg geta þess, máli þessu til skýringar, að þessi háttv. þm. (H. St.) hefir komið svo fram í samvinnu þeirri, er jeg hefi átt við hann um vátryggingu sjómanna, að það hefir sannfært mig um það, að hann hefir litið fremur smáum augum á málið. Það má svo heita, sem hann hafi verið þröskuldur í vegi fyrir framgangi þess á undanförnum þingum; hann hefir líklega borið svo mjög fyrir brjósti hag einhverra manna á Snæfellsnesi og vilj að forða þeim frá greiðslunni. Jeg man það, að þegar við unnum saman 1913, þá strandaði alt á því, að ekki var við það komandi, að nokkurt gjald yfirhöfuð væri lagt á nokkurn mann, sem sjávarútveg stundar á smærri förum (**H. St.**: Þetta er tómt bull), en — verður skiljanlegt, er þess er gætt, hvernig sjór er stundaður í kjördæmi þm.

Háttv. þm. Snæf. (H. St.) gerði svo mikið úr því, hve mikil meinloka það væri hjá nefndinni, að umkomulausir ættingjar manns, sem fyrir slysi yrði, fengi nokkrar skaðabætur, ef hann slasaðist ekki á skipsfjöl. Og hann kom með það dæmi, hvort nokkur sanngirni

væri í því að greiða skaðabætur fyrir mann, sem hrapaði í klettum. Jeg verð að segja það, að hann gat ekki komið með heppilegra dæmi til þess að eyðileggja málstað sinn. Maðurinn getur verið sendur frá skipi til þess að ná í ís eða snjó, svo að hægt sje að frysta beituna, og getur maðurinn þá orðið fyrir slysi á því ferðalagi. Háttv. þm. (H. St.) ætti að hafa vit á því, að slíkar ferðir eru farnar í þarfir útgerðarinnar, og oft ekki síður vegna hagsmuna skipshafnarinnar. Nú á eftir grundvallarreglu hæstv. forsætisráðherra og háttv. þm. Snæf. (H. St) að svifta nákomin skyldmenni þessa manns skaðabótunum. Þarna geta menn sjeð, á hve góðum rökum þessi regla er bygð, og hversu rjettmætt það er að viðhafa óviðurkvæmileg orð í garð nefndarinnar.

Þá er annað, sem iðulega kemur fyrir, að maður verður fyrir slysi við að setja út skip. Það er vinna, sem líka er í þarfir skipseiganda eða útgerðarmanns, og á mjög illa við að útiloka mann frá skaðabótum í slíkum tilfellum.

Enn fremur sagði háttv. þm. Snæf. (H. St.), að svo liti út, sem það væri ver farið en heima setið, að þetta mál hefði farið til nefndarinnar.

Þetta ber alt að sama brunni; það er það sama og hæstv. forsætisráðherra sagði, að eins með nokkuð öðrum orðum, svo að það er ekkert púður, sem hann hefir fundið upp með þessu. En af því að háttv. þm. Snæf. (H. St.) kom ekki með neitt, sem beinlínis snerti málið, vil jeg ekki eyða fleirum orðum um þá ræðu. Jeg skal að eins geta þess, að það, sem nefndinni hefði orðið fundið til foráttu eftir hugsanagangi hans, var það, að hún hækkaði gjaldið úr 10 aurum upp í 20 aura á sumum útgerðarmönnum. En jeg verð að koma að því aftur, þegar jeg svara hæstv. forsætisráðh., svo að jeg skal ekki tala frekar um það að sinni.

Jeg hafði alls ekki búist við því af hæstv. forsætisráðherra, að hann mundi láta vanþóknun sína á starfi nefndarinnar í ljós með jafnsterkum orðum og hann gerði. Jeg hefði ekki getað búist við því frá honum, eftir að nefndin hefir athugað málið jafngaumgæfilega, og jeg held að jeg verði að leyfa mjer að segja það, að ef óvilhallir menn ætti að gera upp á milli þekkingar stjórnarráðsins og nefndarinnar á málinu, þá sje ekki víst, að nefndin yrði fyrir neinum halla. Jeg geri ráð fyrir, að stjórnarráðið hafi lítið starfað að þessu máli; það hafi fengið einhvern ungan mann, vel að sjer í tölvísi og fleiru þess háttar til þess að semja frumvarpið. En það þarf áreiðanlega meira til þess að ganga vel frá frumvarpi, sem grípur jafnmikið inn í líf þjóðarinnar sem þetta. Og jeg hygg, að nefndarmenn sjeu alveg eins vel bærir að dæma um þetta mál eins og hver ráðherra fyrir sig, eða eins og sá maður, sem stjórnarráðið hefir fengið til að semja frv., sem að öllum líkindum vantar alla lífsreynslu í slíku máli. Með þessu tel jeg fullsvarað því, að nefndinni hefir verið brugðið um þekkingarskort í þessu máli.

Hæstv. forsætisráðherra var að tala um það, að hann hefði getað skilið það, ef nefndin hefði tekið upp alt aðra stefnu en þá, er stjórnarráðið hefði fylgt, sem sje þá, að leggja alt á útgerðina sjálfa; en það var engin von, að nefndin treysti sjer til að gera það, úr því að stjórnarráðið sjálft treystist ekki til þess. En nefndin gerði annað, hún lækkaði gjaldið á nokkrum útgerðarmönnum til þess að fá vit og samræmi í flokkunina. (**Forsætisráðh:** Þar sem síst skyldi).

Þá var eitt, sem mig furðaði stórkostlega á; hæstv. forsætisráðherra lagði þá

spurningu fyrir nefndina, hvernig hún hugsaði sjer það ef maður stryki af skipi og yrði fyrir slysi á þeirri strokuferð, hvort þá ætti að greiða skyldmennum hans skaðabætur. Jeg hygg, að um leið og maðurinn strýkur af skipi, þá hafi hann rofið skipsráðninguna og rjettur til skaðabóta því fallinn af sjálfu sjer, og þessi ástæða sje því veigalítil.

Jeg þarf ekki að fara mjög mikið inn á það, sem haldið hefir verið fram, að nefndin hafi raskað grundvelli frv., því að jeg hefi áður svarað því atriði í ræðu háttv. þm. Snæf. (H. St.).

Nefndin hefir ekki gert sig seka í neinu því, er geti ruglað grundvelli frumvarpsins, eða geti bakað sjóðnum frekari útgjöld en þau, sem sjálfsögð eru og óhjákvæmileg, til þess að telja megi, að hann geri skyldu sína. Jeg get ekki sjeð, að það sje annað en einmitt þetta, að hún hefir viljað, að lögin yrðu sem mannúðlegust í framkvæmdinni í alla staði, að nákomnir ættmenn þyrfti ekki að vera sviftir skaðabótum, jafnvel þótt með einhverjum málafærslukrókum væri hægt að heimfæra það eftir lögunum, að ekki þyrfti að greiða þær. Ef einhver maður hefði greitt iðgjöld sín í þennan sjóð, ef til vill í 30—40 ár, þá vildi nefndin ekki, að ættmenn hans, sem lifðu hann, þyrftu að verða af skaðabótunum, vegna ómannúðlegra og óviðeigandi ákvæða í lögum þessum.

Menn hljóta að skilja það, að þessu máli víkur dálítið öðruvísi við heldur en vanalegri líftryggingu. Menn, sem tryggja líf sitt í almennu, útlendu lífsábyrgðarfjelagi, geta átt það víst, að upphæðin verði borguð að þeim látnum; en hjer er því svo fyrir komið, að menn geta orðið að borga meira en bæturnar geta orðið, án þess að þeir, eða skyldmenni þeirra, fái nokkru sinni einn eyri af því.

Það er því afarmikill munur á því, hvort maður er trygður í fjelagi, sem hann veit að fyr eða síðar verður að standa skil á því, sem greitt hefir verið, eða hann borgar í sjóð, sem miklu meiri líkur eru til að aldrei þurfi að greiða nokkurn eyri aftur.

Jeg býst við, að nefndin geri það ekki að miklu kappsmáli, hvort ákvæðið um hækkun á landssjóðsábyrgðinni verður látið standa, eða hvort það verður felt, en allar hinar brtt. eru henni kappsmál, vegna þess, að við nákvæma yfirvegun hefir hún komist að þeirri niðurstöðu, að þær sjeu til mikilla bóta. Og einkennilegt væri það, ef hv. deild neitaði þeim um fylgi sitt, jafnvel þótt hún viti það, að stjórninni er þetta eitthvað á móti skapi.

Forsætisráðherra (J. M.): Það þarf ekki að leiða neinum getum að því, hvernig frv. þetta er til orðið. Það er sagt frá því í ástæðum stjórnarinnar, og hverjir hafi aðallega starfað að því; hvort það er ungur maður eða gamall, finst mjer mjög litlu skifta. Frv. er bygt á gamalli reynslu annara þjóða í þessum efnum, en það skal jeg þegar taka fram, að jeg tek það ekki illa upp fyrir háttv. frsm. (M. K.), þótt hann segði, að stjórnin hefði lítið vit á þessu máli. Og hvað það snertir, að háttv. frsm. (M. K.) þekki betur reglur um útgerð alla, þá efast jeg um, að hann þekki betur allar reglur um vátryggingar en stjórnarráðið.

Dæmi það, er háttv. þm. Snæf. (H. St.) kom með, var mjög gott. Vjer skulum hugsa oss bónda, sem einnig stundar sjó; nú slasast hann á tryggingartímabilinu þegar hann er í landi og stundar bú sitt; þá hlýtur öllum að vera það ljóst, að slysatrygging sjómanna á ekki að bæta það slys. En dæmi háttv. þm. Snæf. (H. St.) er — á slæmu máli sagt — alveg »sláandi«, enda hygg jeg

það allalgengt hjer á landi, að sami maður stundi báðar þessar atvinnugreinar.

Mjer skildist, að háttv. frsm. (M. K.) segði, að það sæist ekki á frv., hve mikið ætti að greiða, ef druknun bæri að höndum. Þetta skil jeg alls ekki, vegna þess, að það stendur einmitt berum orðum í 5. gr. frv., að bætur fyrir dauða eru 1500 krónur, en ef það slys ber að höndum, að maður verður algerður öryrki, þá skal greiða 2000 kr.; er það af ástæðum, sem nefndin hlýtur að skilja, að þá þarf eigi að eins að sjá fyrir þeim, sem eftir lifa, heldur einnig fyrir manninum sjálfum. En hvað það snertir, sem háttv. frsm. (M. K.) var að tala um, að stjórnin hefði blandað saman slysatryggingu og líftryggingu, þá held jeg, að það sje nefndin sjálf, sem það hefir gert, því að ætlun stjórnarinnar var einmitt að halda því aðgreindu.

Loks skal jeg bæta því við, að það er hagur fyrir sjómennina sjálfa, að þeir sjeu sem fæstir, sem bætur eiga að taka, því að vitanlega hljóta iðgjöldin þá að fara lækkandi.

Háttv. frsm. (M. K.) virtist vera hræddur um það, að háttv. deildarmenn myndu gera það fyrir stjórnina að vera á móti brtt. nefndarinnar. Þeir háttv. deildarmenn, sem líta öðruvísi á þetta mál en háttv. nefnd, gera það þá af því, að þeir skilja betur grundvöll tryggingarinnar og málið í heild sinni.

Magnús Torfason: Jeg ætla ekki að fara að taka þátt í kappræðum þeim, sem orðið hafa um þetta mál. Jeg skal að eins lýsa yfir því, að jeg er ánægður yfir, að frv. þetta er fram komið, og get líka lýst yfir því, að háttv. nefnd hefir gert ýmislegt, sem jeg tel frv. til bóta.

En það verður oft svo, að ekki veldur einn þegar tveir deila, og jeg held, að þessi skoðanamunur, sem hjer er fram kominn, sje bæði stjórninni og nefndinni að kenna. Jeg á hjer sjerstaklega við 5. gr. frv., og um 19. brtt., við þá grein; vil jeg segja það, að mjer finst það eðlilegt, að nefndin vildi hafa ákvæðið nokkru viðara heldur en ætlast er til í 5. gr. stjórnarfrv.; ákvæðin þar eru áreiðanlega ofþröng. Jeg hjelt sem sje, að það, sem ætti að liggja til grundvallar fyrir slysatryggingu, væri það, hvort sjómaður hefði orðið fyrir slysi við atvinnu sína, en stjórnarfrv. nær ekki yfir öll þau tilfelli. Það bindur slysatrygginguna við það, að sjómaður fari út á skip, eða frá skipi í land, eða frá báti um borð í skip. En það getur komið fyrir, að menn verði fyrir slysi á landi sökum atvinnu sinnar á skipi. Og það jafnvel þráfaldlega. Jeg veit til þess, að í veiðistöðum í Ísafjarðarsýslu, þar sem vjelbátar eru víða litlir, hafa menn orðið undir þeim, er þeir voru að setja þá á sjó, og hlotið dauða eða örkuml af. Svo fór t. d. eitt sinn um þrjá menn í einu. Slík slys á að sjálfsögðu að bæta, og geng jeg að því vísu, að stjórnin hafi einnig ætlast til þess. Hitt er líka algengt þar vestra, að menn verða að fara um fjöll og firnindi til þess að ná í ís eða snjó til þess að verja beituna, og getur það þá hæglega komið fyrir, að menn slasist á þeim ferðum.

Hins vegar skilst mjer, sem brtt. nefndarinnar um þetta efni fari fullangt. Því að samkvæmt þeim á að bæta menn, þó að þeir slasist af alt öðrum ástæðum en við koma atvinnunni sjálfri. Jeg segi fyrir mitt leyti, að mjer er mjög fjarri skapi að vilja, samkvæmt þessum lögum, láta bæta þá menn, sem fara í land af skipum og drekka sig drukna og slasast. Jeg held, að nefndin geti lagað þetta svo fyrir

3. umr. málsins, að skoðanamunurinn milli hennar og stjórnarinnar geti fallið niður.

Þá vildi jeg minnast lítillega á 24. brtt. nefndarinnar, sem fer í þá átt, að skaðabætur skuli goldnar systkinum án takmarkana. Mjer skilst svo, sem ætlast hafi verið til þess, að þeir, sem hinn látni hafði á framfæri eða var forsvarsmaður fyrir, skuli fá bæturnar og aðrir ekki. Jeg veit, að þess eru dæmi, að eldri systkin ala önn fyrir yngri systkinum sínum, og væri þá hart, þegar svo stendur á, að þau yrðu alveg út undan með skaðabæturnar. Ætti að vera hægt að koma með samskonar ákvæði um þennan nýja 4 lið nefndarinnar eins og sett voru um 3. lið í frv. stjórnarinnar. Jeg vildi því beina því til nefndarinnar, hvort hún vildi ekki taka þessar tvær till. aftur, svo að unt verði að samræma þetta fyrir 3. umr., því að, eins og þær eru núna, get jeg ekki ljeð þeim mitt atkvæði, þó að jeg eigi það á hættu að verða brugðið um ofmikið stjórnfylgi.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skil aths. hv. þm. Ísaf. (M. T.) mjög vel. Og ef til vill hefði verið rjettast að orða svo í frv., að bætur skuli vera greiddar fyrir öll slys, er leiddu af atvinnunni sjálfri. En þetta hefir ekki verið sett inn í frv. sökum þess, hve örðugt er að segja um, hvaða slys hafi leitt beinlínis af atvinnunni. Að öðru leyti var þessi aths. hans alveg rjett, og í raun og veru í fullu samræmi við anda laganna.

Þá er hitt atriðið, að systkin fái að njóta góðs af bótunum. Það er hugsanlegt, að sú breyting yrði til bóta, þó að jeg efist um, að rjett sje að taka tillit til annars en beinnar línu upp og niður. Tilfellin eru ekki mörg þar sem sjerstaklega væri ástæða til þessa, en hins vegar er það kunnugt, að bætur hafa oft lent hjá systkinum, þar sem engin ástæða var til þess. Þau hafa ef til vill aldrei notið neins styrks frá hinum látna manni og alls ekki átt von á neinum bótum og alls ekki þurft þeirra með. Jeg býst við, að mjer sje eins kunnugt um þetta atriði og hverjum öðrum. Tilfellin hafa verið svo mörg hjer í Reykjavík, og mjer er vel kunnugt um, hverjir hafa hlotið skaðabæturnar. Mín reynsla, sem áreiðanlega er fult eins mikil og háttv. framsm. (M. K.), bendir því ótvírætt í þá átt, að frv. stjórnarinnar sje það rjettlátasta, sem bent hefir verið á í þessu máli.

Karl Einarsson: Jeg tek ekki til máls fyrir þá sök, að mjer virðist ástæða til að aðstoða frsm. nefndarinnar (M. K.). Jeg fæ ekki sjeð annað en að hann hafi svarað öllum aðalárásunum á brtt. nefndarinnar. En jeg get ekki stilt mig um að minnast á það, er hæstv. forsætisráðherra talaði um grundvöll frumvarpsins. Nefndinni var það fullljóst, hver hann átti að vera, og svo er að sjá af aths. við frv., að stjórnin hafi líka vitað, hver hann átti að vera, en það sjest alls ekki af frv. sjálfu. Og hæstv. forsætisráðherra tók það fram, að ætlast væri til þess, að greitt væri fyrir þau slys, sem orsökuðust af atvinnunni. En þeim tilgangi verður ekki náð, ef einungis á að greiða fyrir slys eða dauða á skipi eða á leið til eða frá skipi. Það verða mörg slys á landi af störfum, sem unnin eru fyrir skipin og eftir skipan yfirmanna skipsins. Og til þeirra slysa nær frv. ekki. Ef þetta yrði lagfært og nægilega glöggar reglur settar um þetta, þá væri mikið fengið. En stjórnin hefir ekki sjeð sjer fært að gera það, og þá er naumast hægt að búast við

því, að nefndin hafi getað gengið frá þessu til fullnustu, ekki lengri tími en henni var ætlaður til þessa starfs. Nefndin áleit því rjettast að taka strikið út og ákveða, að aðstandendur ættu heimtingu á skaðabótum eftir látinn mann, sem hefði orðið fyrir slysi á þessu tímabili. Og sú staðhæfing, að hjer sje blandað saman almennri líftryggingu og slysatryggingu, nær alls ekki neinni átt og er hreinasta fjarstæða.

Þessi hræðsla stjórnarinnar við að greiða skaðabætur fyrir öll slys er sprottin af þeim örfáu tilfellum, er það kemur fyrir, að menn slasast við störf, sem eru óskyld atvinnunni. Og þó er oft og tíðum sanngjarnt að greiða einmitt fyrir þesskonar slys. Það er t. d. fyllilega sanngjarnt, að maður fái bætur, þó að hann fari í land af skipi að gamni sínu eða til þess að hitta konu sína og börn og detti á þeirri leið og fótbrotni. Og þó getur þetta ekki heyrt undir það ákvæði frv., að maðurinn sje á leið til skips eða frá skipi. Þetta er algerlega privat ferðalag, sem ekkert kemur sjómenskunni við.

Það hefir verið minst á það viðvíkjandi gjaldinu, að ef til vill væri rjettast, að útgerðin borgaði það alt á stærri skipum. Jeg fyrir mitt leyti er þessu algerlega samdóma. Þetta kom til máls í nefndinni, en hún þorði ekki að gera þessa stórvægilegu breytingu, því að hún þurfti mikilla athugana við, enda hafði stjórnin sjálf ekki treyst sjer til þess að gera þetta að tillögu sinni. Það hefði orðið að sundurliða þetta nákvæmlega og hefði jafnvel verið spursmál um, hvort ekki hefði verið rjettast, að landssjóður borgaði að öllu leyti fyrir hásetana hjá smáum útgerðum.

Menn hafa ekki gengið svo langt að gera neinar verulegar aths. við brtt. nefndarinnar um foreldrana.

Ákvæði stjórnarinnar um það efni hafa þó gengið svo nálægt tilfinningum háttv. deildarmanna, að þeir hafa ekki treyst sjer til að rjettlæta þau án þess að skammast sín fyrir. En aftur á móti hefir verið talsverð mótspyrna á móti þeirri tillögu nefndarinnar, að systkin skyldu fá að njóta skaðabótanna. En jeg álít það nú ekki veginn til þess að auka ræktarsemina til ættmanna sinna, sem annars hefir verið talsverð hjer á landi, ef á að svifta sem flesta öllum rjetti eftir látin systkin. Jeg held, að það væri jafnvel ástæða til þess að breyta landslögum svo, að menn sjeu skyldugir að ala önn fyrir systkinum sínum, er þess gerist þörf og þeir eru þess megnugir.

Það virtist hneyksla háttv. þm. Ísaf. (M. T.), ef það ætti að fara að bæta mann, sem yrði drukkinn og slasaðist eða yrði jafnvel úti. Jeg furða mig á þessu, sjerstaklega þar sem ekki yrði hægt að komast hjá því að bæta mann, sem væri svo drukkinn, að hann veltist út af þóftunni í bát og druknaði. Jeg furða mig yfirleitt á því, að nokkur skuli hneykslast á því, að drukkinn maður, sem slasast, skuli fá skaðabætur, eða að yfirleitt skuli vera ætlast til þess, að slysin sjeu miðuð við það, hvort þau sjeu sjálfskaparvíti eða ekki. Fjöldinn allur af slysum er sjálfskaparvíti, en það er lúalegur hugsunarháttur að ætlast til, að það komi niður á ættingjum mannsins, sem fyrir þeim verður.

Halldór Steinsson: Mig langar að eins til að gera stutta aths. út af ræðu háttv. frsm. (M. K.).

Hann tók heldur óstint upp orð mín; honum fanst jeg ekki hafa fundið neitt púður, þar sem ræða mín hefði farið í sömu átt og ræða hæstv. forsætisráðherra. En jeg öfunda hann ekki af því að hafa fundið upp þetta púður, því að

jeg tók það einmitt fram sjálfur, að jeg væri hæstv. forsætisráðherra sammála og gæti ekki felt mig við brtt. nefndarinnar.

Háttv. frsm. (M. K.) kvað það ekki koma sjer á óvart, hvernig framkoma mín væri í þessu máli, og dróttaði því að mjer, að jeg hefði verið þröskuldur í vegi þessa máls á undanfarandi þingum. Jeg held, að jeg geti fullyrt, að háttv. frsm. (M. K.) hafi tekið nokkuð fullan munninn í þetta sinn. Það er alveg rjett, að jeg hefi á undanfarandi þingum setið í nefnd, sem fjallað hefir um þetta mál, en jeg neita því afdráttarlaust, að jeg hafi verið nokkur þröskuldur í vegi þess, og mjer finst það benda til þess, að jeg sje málinu hlyntur, að jeg hefi lýst yfir því, að jeg sje fylgjandi frv. stjórnarinnar. En þar sem háttv. þm. Ak. (M. K.) ber fram þessar óhæfu breytingar á frv., virðist það einmitt benda til þess, að það hafi verið hann og hans nótar, sem hafa verið aðalþröskuldar málsins á fyrri þingum.

Annars taldi háttv. frsm. (M. K.) sjer ekki skylt að svara minni ræðu, af því að hún færi í svipaða átt og ræða hæstv. forsætisráðh., en þó gat hann ekki stilt sig um það, en svar hans var ekkert annað en útúrsnúningar, hártoganir og rangfærslur. Sem dæmi þess get jeg minst á, hvernig hann svaraði dæmi mínu um sjómanninn, sem jafnframt stundaði landbúnað og fór upp í afdali að leita að kindum og hrapaði í klettum. Háttv. frsm. (M. K.) finnur þá alt í einu upp á því, að sjómaðurinn hafi komið frá skipi og sje að ráfa upp í fjöllum í skipserindum. Svar hans var alt þessu líkt, enda hefir hann ekki hrakið eitt orð af því, sem jeg og hæstv. forsætisráðherra sögðum um brtt. nefndarinnar.

Magnús Torfason: Það eru ummæli háttv. þm. Vestm. (K. E.), sem hafa komið mjer til þess að standa upp. Jeg veit að vísu, að það er ekki mitt verk að dæma um það, hvað kallast megi þingleg ummæli, en jeg vildi óska þess, að menn vendu sig ekki á annan eins munnsöfnuð hjer í þessari háttv. deild eins og þessi háttv. þm. (K. E.) viðhefir.

Að öðru leyti vildi jeg beina því til háttv. þm. Vestm. (K. E.), að svo lítur út, sem nefndin sje ekki enn farin að skilja, hver grundvöllur frv. er. Samkvæmt þessum grundvelli á ekki að fara lengra en að bæta fyrir slys, sem hljótast af sjerstakri atvinnu. Og það hefir verið tekið rjettilega fram, að samkvæmt þessum lögum er ástæðulaust að bæta bónda, sem sker sig á ljá, þó að hann stundi sjóróðra einhvern tíma ársins. Og því síður er ástæða til þess að bæta hann, þótt hann yrði fyrir slysi sakir drukks. Hygg jeg, að fáir muni sammála háttv. þm. Vestm. (K. E.) um, að draga megi ályktun um lúalegan hugsunarhátt af þessu. Annars ætla jeg ekki að deila um það við háttv. þm. Vestm. (K. E.), hvaða áhrif áfengi á að hafa á slysabætur. En jeg vildi að eins óska þess, að hann (K. E.) vildi ekki slævar en jeg ljá fylgi sitt til þess, að sá slysabrunnur verði sem best byrgður.

Kristinn Daníelsson: Jeg skal vera mjög stuttorður í þessu máli, og ætla jeg ekki að fara neitt út í þá stefnubreytingu, sem sagt er að nefndin hafi tekið með þetta frv. En jeg ætla að eins að lýsa yfir því, að jeg er samnefndarmanni mínum, háttv. þm. Ak. (M K.), sammála. Og jeg fæ ekki sjeð, að þessar brtt., sem nefndin hefir gert við frv., sjeu neitt sjerstaklega ægilegar. Menn hafa sjerstaklega gert sátt-

mannarjettinn að umtalsefni, en jeg verð að lýsa yfir því, að mjer er það talsvert kappsmál, að það atriði verði ekki látið standa, eins og ákveðið er í frv. Jeg get ekki með nokkru móti felt mig við, að skaðabætur til foreldra sjeu bundnar því skilyrði, að þau hafi verið á framfæri hins látna manns. Mjer stendur það fyrir minni, er bátur fórst á Dýrafirði fyrir nokkrum árum, og druknaði þar meðal annara ungur maður, sem var yndi og eftirlæti foreldra sinna. Foreldrarnir voru farnir að eldast, en höfðu þó haft ofan af fyrir sjer til þessa dags, og áttu aðalstoð í þessum syni sínum, þótt ekki gæti talist, að þau væru á framfæri hans. Þessir foreldrar hefðu engar bætur fengið samkvæmt þessu frv.

Sama er að segja um það órjettlæti, að systkin skuli ekki fá bætur hvort fyrir annað. Jeg get minst á dæmi það, er 17 ára drengur fórst suður í Garðsjó fyrir nokkru. Hann átti enga að nema systur sína og fóstru, og var nú kominn á þann aldur, að hann var farinn að hjálpa þeim. Þessi systir hefði heldur ekkert fengið eftir bróður sinn samkvæmt frv.

Þessi dæmi, sem mjer er kunnugt um, hafa valdið því, að jeg verð að vera samdóma meðnefndarmönnum mínum í því, að rjett sje að færa skaðabóta-ákvæði frv. út. Hins vegar má geta þess, að þau tilfelli eru ekki mörg, að menn láti eftir sig systkin, en ekki foreldra, svo að jeg held, að þetta síðara atriði, sem jeg hefi drepið á, muni naumast geta skift miklu máli fyrir tryggingarsjóðinn.

Frsm. Magnús Kristjánsson: Umræðurnar eru nú orðnar nokkuð langar um þetta mál, svo að jeg skal reyna að vera stuttorður, en mig langar einungis til þess að nefna dæmi, mínum málstað til stuðnings, fyrst að menn eru á annað borð farnir að minnast á dæmi úr lífinu.

Þess er þá fyrst að minnast, að þetta afleita ákvæði um, að foreldrar eigi ekki að fá bætur fyrir syni sína, nema þau hafi verið á framfæri hins látna. Því að sannleikurinn er nú sá, að foreldrar senda varla syni sína til sjósókna nema af brýnni þörf. En þá er vanalega litið svo á, að þeir sjeu á framfæri foreldranna, en ekki öfugt. Og ef þeir falla frá, þá standa foreldrarnir oftast stuðnings- og bótalausir eftir. Þetta hefir nefndin ekki viljað. Henni finst það muni vera nóg hugraun fyrir foreldra að missa börn sín, þó að ekki sje stuðlað að því, að þau þurfi að fara á vonarvöl á eftir. Sama er að segja um þann órjett að svifta systkinin rjettinum til að fá bætur. Jeg get minst á það dæmi, er roskinn maður, sem á son á tvítugsaldri, kvænist í annað sinn. Hann deyr síðan frá konunni og fjórum börnum í ómegð, en ef sonurinn, sem hefir unnið fyrir systkinum sínum, druknaði, þá virðist öll sanngirni mæla með því, að þessi börn fái bætur eftir bróður sinn. En til þess er ekki ætlast í frv. En annars held jeg, að menn mundu ekki gera þetta að svo miklu kappsmáli, ef þeir gerðu sjer það ljóst, hversu rangt það er að vera að spekúlera í því að komast hjá að greiða bæturnar. Stefna nefndarinnar er alveg gagnstæð þessu, en vitanlega ræður háttv. deild, hvernig hún tekur í þetta mál.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) mintist á það, að nefndin tæki aftur tvær brtt. sínar við þessa umræðu. Nefndin hefir ekki haft tækifæri til þess að tala sig saman um þetta atriði, svo að jeg get ekki tekið brtt. aftur upp á mitt eindæmi. Það er alveg óvíst, að nokkuð græðist á því, að nefndin tæki málið aftur til

íhugunar, því að hún mun ekki falla frá þeim grundvelli, er hún álítur rjettan vera.

Menn hafa ekki athugað það, að í lögunum er ógerningur að setja nákvæm ákvæði um það, eftir hvaða reglum slysatryggingin verður goldin. Jeg geri ráð fyrir því, að samþykt yrði reglugerð um það, hvernig framkvæma eigi lögin. Væri nær að kveða á um þessi vafaatriði þar. En að nefndin taki inn í frv. jafnnákvæma sundurgreining get jeg ekki fallist á. Jeg hefi ekki haft tækifæri til þess að bera undir nefndina áskorun háttv. þm. Ísaf. (M. T.) og get því ekki orðið við tilmælum hans um að taka aftur þær 2 brtt., er hann fór fram á að teknar verði aftur. Býst ekki við, að umræðurnar hafi sannfært nefndina um nauðsynina á því. Annars er hægt að taka þetta til íhugunar til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 163, 1. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 163, 2. — — 13 — —
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
— 163, 3. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 163, 4.—7. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
— 163, 8. og 9. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 163, 10. samþ. með 9 : 1 atkv.
— 163, 11. — — 8 : 2 —
— 163, 12. — án atkvgr.
— 163, 13. — með 9 : 2 —
— 163, 14. og 15. samþ. án atkvgr.
— 163, 16. samþ. með 8 : 2 atkv.
— 163, 17. og 18. samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 163, 19. feld með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. E., K. D., M. K., H. H., H. Sn.
nei: Jóh. Jóh., M. T., S. E., S. J., E. P., G. G., G. Ó., H. St., G. B.

Brtt. 163, 20. samþ. með 9 shlj. atkv.
— 163, 21. feld — 7 : 7 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. D., M. K., M. T., S. E., H. H., H. Sn., K. E.
nei: S. J., E. P., G. G., G. Ó., H. St., Jóh. Jóh., G. B.

Brtt. 163, 22. samþ. án atkvgr.
— 163, 23. — með 8 : 1 atkv.
— 163, 24. feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. H., H. Sn., K. E, K. D., M. K., S. E., E. P.
nei: H. St., Jóh. Jóh., M. T., S. J., G. G., G. Ó., G. B.

Brtt. 163, 25. og 26. samþ. án atkvgr.
— 163, 27. samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
6. 7. og 8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 163, 28. samþ. með 11 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
10., 11. og 12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., föstudaginn 10. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 352, 374, 381, 399).

Ofskamt var liðið frá útbýtingu brtt. 381. — Afbrigði leyfð og samþ.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Brtt. á þgskj. 381 er borin fram af hv. þm. Snæf. (H. St.), og hefir nefndin athugað hana. Mun hún ekki leggja á móti henni, en hefir leyft sjer að koma fram með brtt. við hana, á þgskj. 399, sem einungis er orðabreyting, er nefndin óskar að verði samþ.

Nefndin hefir leyft sjer að bera fram 2 brtt. við 5. gr., á þgskj. 374 Jeg geri ráð fyrir, að háttv. deild muni sjá, að hjer hefir verið reynt að miðla málum sem mest, þar sem nefndin hefir tekið upp ýmsar bendingar, sem fram hafa komið í umr. um málið. Till. eru sniðnar eftir því, sem nefndinni var kunnugt um, að líklegast yrði til samkomulags. Með þeim er reynt að koma í veg fyrir það, að í sumum tilfellum verði þurfandi og nákomnir ættingjar útilokaðir frá skaðabótum. Jeg þarf ekki að fjölyrða meir um brtt. þessar, ef enginn mælir á móti þeim. Hygg, að þær mæli með sjer sjálfar.

Halldór Steinsson: Jeg á brtt. á þgskj. 381, sem fer fram á það, að útgerðarmenn á fjórrónum bátum og stærri sjeu ekki skyldaðir til að greiða meira en 10 aura vikugjald fyrir hvern skipverja, í stað 20 aura, sem í frv. er ákveðið. Jeg hefi tekið það fram, við fyrri umr. þessa máls, að í þessu ákvæði kendi talsverðs misrjettis, því að það er vitanlegt, að ágóði af útveg róðrarbáta er minni en ágóði af vjelabátum. Menn stunda víða útgerð á opnum bátum hjer á landi, og þar sem hafnleysi og önnur atvik gera það að verkum, að sjávarútvegur á róðrarbátum á sjer enn langan aldur hjer við land, þá verður að taka fult tillit til þess útvegs og ekki að telja hann til útgjalda í flokki með vjelbátum.

Háttv. sjávarútvegsnefnd hefir borið fram brtt. við till. mína, sem sje að fella niður orðið »brutto«. Það orð var einungis sett inn til frekari skýringar, en jeg get felt mig við, að það sje látið falla í burt.

Nefndin hefir einnig borið fram aðrar brtt. Eins og jeg var óánægður með efnisbreytingar háttv. nefndar áður, eins ánægður get jeg verið með þessar brtt., enda eru þær í samræmi við anda laganna. Eitt er þó athugavert við þær. Með þeim er meiri vandi lagður á herðar þeirra, er sjóðnum eiga að stjórna. Getur orðið ágreiningur, sem vandi væri að skera úr, um það, hvort slys stafi af starfi mannsins við sjávaratvinnu sína, eða ekki. Einnig gæti verið ágreiningur um það, hvort systkin hins látna hafi verið að svo miklu leyti á framfæri hans, að þeim bæri skaðabætur. Það verður að vera komið undir áreiðanleik stjórnar sjóðsins, og henni verður að treysta til að skera rjett úr í slíkum tilfellum.

ATKVGR.

Brtt. 399. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 381, svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
— 374, 1. samþ. með 14 shlj. atkv.
— 374, 2. — — 14 — —
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 31. fundi í Nd., laugardaginn 11. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um slysatrygging sjómanna,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 407).

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Sveinn Ólafsson: Jeg leyfi mjer að leggja til, að málinu verði vísað til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e.hlj., og til sjávarútvegsnefndar (sjá A, bls. 1613) í e. hlj.

Á 42. fundi í Nd, föstudaginn 24. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 407, n. 550).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 27. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (**Sveinn Ólafsson**): Þetta mál hefir legið fyrir sjávarútvegsnefnd til umsagnar og álita, og er hún sammála um, að að því sje svo mikil rjettarbót, að það eigi fram að ganga á þessu þingi. Og þótt hún beri fram brtt. við frv, eins og það kom fram frá háttv. Ed., þá gerir hún það í þeirri von, að sú brtt. verði ekki til þess að tefja fyrir framgangi málsins. Má vera, að fleira sje við frv. að athuga, en nefndin vildi sem minst gera til að tefja fyrir málinu. Þessi eina brtt. er ekki stórfeld, en henni verður væntanlega vel tekið af öllum þeim, sem áhuga hafa á sjómannatryggingu, og fyrirfram hefir verið leitað álits háttv. sjávarútvegsnefndar Ed. og sjerfróðra manna um þetta, svo að ekki virðist neitt útlit fyrir, að frumvarpið hennar vegna mæti mótspyrnu.

Brtt. lýtur að því að tryggja líf þeirra, er fara á sjó í forföllum skipráðinna manna, og gerir þeim að skyldu að tryggja sig meðan þeir eru í slíkum sjóferðum, og þó aldrei skemur en viku.

Nefndin leggur sjerstakt kapp á að koma þessu ákvæði inn í frv., og hefir eigi getað sjeð, að nein sjerleg vandkvæði verði á því í framkvæmdinni eða hætta fyrir tryggingarsjóð.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar, nema tilefni gefist til. Taka skal þó fram, að einn af nefndarmönnum skrifaði undir nál. með fyrirvara, fyrirvara, sem hann mun gera grein fyrir, en varla mun aftra framkvæmd málsins. Að lokum vil jeg geta þess, að í nefndarálitið hefir slæðst ein villa í síðustu málsgrein, stjórn fyrir stjóra.

Matthías Ólafsson: Það er ekki vegna þess, að jeg ætli að leggja móti þessu frv., að jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara, heldur gat jeg í raun og veru ekki fallist á neina breytingu á frv., af því að jeg óttaðist, að málið yrði þá dregið á langinn og kæmist ekki fram. En jeg vona, að slíkt komi nú ekki fyrir.

Jeg er engan veginn með þessu frv. af því, að mjer líki það að öllu leyti; þvert á móti hefi jeg margt og mikið við það að athuga. En þó er það miklu betra en það, sem vjer höfum nú við að búa, og fyrir því mun jeg greiða því atkvæði. Af því að jeg vil ekki bera neina ábyrgð á því, sem miður fer í frv., vil jeg lýsa skoðun minni á þeim atriðum, sem jeg vildi gjarnan hafa öðruvísi.

Um orðunina hefi jeg ýmislegt að segja; álít, að oft orki tvímælis, hvernig skilja skuli. Í fyrstu gr. er talað um farm á íslenskum skipum, og í 2. málsgrein um fiskimenn á vjelbátum. Þetta mætti skilja svo, að vjelbátar væru ekki íslensk skip. Reyndar kemur það síðar

fram, að hjer er átt við vjelbáta, 12 smálesta og minni. Hefði þá verið skýrara í 2. gr. »fiskimenn á vjelbátum, 12 smál. eða minni«.

Þá er það atriði í 2. gr., að senda skuli hreppstjóra eða bæjarfógeta þar sem báturinn gengur skrá yfir skipverja, jafnskjótt sem ráðið hafi verið. Þetta verður aldrei nokkurn tíma framkvæmt eftir lögunum. Eftir frv. ætti að senda skrána og iðgjaldið þegar, er mennirnir eru ráðnir, en það er oftast gert mörgum mánuðum áður en menn eru lögskráðir á skipin, en jeg er sannfærður um, að í framkvæmdinni verður það ekki fyr en á þeim degi, er skipverjar koma á vettvang.

Þá hefi jeg altaf haldið því fram, að þeir menn sjálfir, er líftrygðir eru, ættu að gjalda iðgjaldið alt, en verið á móti því, að svo mikið væri greitt af útgerðarmönnum. Þegar þeir hafa ekki meiri hag af því en aðrir borgarar, ber þá engin skylda til að vátryggja mennina, og það því síður, sem hlutfallið milli þess, sem háseti og útgerðarmaður bera úr býtum við útgerðina, er sæmilegt. Jeg hefi sýnt, að þeir taki fyllilega nægan hlut af aflanum.

Þá er það alveg nýtt, að landssjóður skuli borga nokkuð. Jeg er á móti því af þeirri sömu ástæðu, að jeg álít, að hverjum manni sje vorkunnarlaust að sjá fyrir sjer og sínum.

Hins vegar er mjög gott að bæta mönnum fyrir slys, og einkanlega stór bót að því að hækka það, sem greitt verður eftirlátnum vandamönnum, ef dauði hlýst af slysinu.

Þrátt fyrir alla galla á frv. mun jeg þó hiklaust greiða því atkvæði, því að jeg tel það til stórbóta, miðað við það, sem verið hefir, og jeg býst við, að úr göllunum verði bætt, er þeir koma í ljós.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get verið að nokkru leyti samdóma hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) um það, að varlega sje í það farandi, að gera breytingar á frv., sem gætu bakað því mótstöðu í hv. Ed. En jeg verð að segja, að þessi brtt. sem hjer er komin fram, er mjög sanngjörn, því að, eins og kunnugt er, eru þess mörg dæmi, að skip þurfi að taka mann í stað lögskráðs háseta, og það á stað, þar sem ómögulegt er að fá lögskráningu. Maður, sem þannig kemur í manns stað, á að vera trygður jafnskjótt sem hann stígur á skip. Það ætti að koma því svo fyrir, að skipstjóri sjálfur geti lögskráð manninn. Það er mikilsvert, að allir sjómenn sjeu vátrygðir, þótt einhver yfirsjón gæti valdið því, að einhver maður sje ekki lögskráður.

Þótt sumir háttv. efri deildar menn virtust misskilja ýmislegt í frv. þessu, er jeg þó ekki hræddur um, að þessi brtt. komi frv. í nokkra hættu. Háttv. formaður sjávarútvegsnefndar bar sig saman við mig um brtt. og jeg taldi hana mjög sanngjarna.

Um þær aðfinningar, er háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) nefndi, skal jeg ekki fjölyrða. Jeg held, að ákvæði frv. sjeu yfirleitt ofurhæg í framkvæmdinni, og held því rjett, að formaður tilkynni lögreglustjóra, er hann hefir ráðið.

En það var eitt í ræðu háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), er jeg tel algerlega rangt, svo fjarri lagi, að jeg hefði getað búist við, að hann myndi fara í gagnstæða átt og segja, að það væri rangt, er frv. ætlaði hásetum að greiða nokkurt gjald. Það væri í sjálfu sjer ekki nema eðlilegt, að sá, sem ræður annan mann til hættulegrar vinnu, tryggi hann fyrir því tjóni, er vinnan getur bakað honum eða framfærslumönnum hans. Það væri í raun og veru ekkert athugavert,

gefnar út leiðbeiningar um notkun einnar vörutegundar, sem æskilegt væri að menn færðu sjer vel í nyt, þar sem hún hefir mikið af þeim efnum, sem mönnum eru nauðsynlegust. Á jeg hjer við síldina. Ef nefndinni sýndist þetta rjett, ætti hún að samþykkja eitthvað í því, og vona jeg, að það yrði ekki skorið niður fyrir nefndinni, þótt það kæmi fram í einhverju formi til upphvatningar. Það er nú þegar til dálítill vísir til almenningseldhúss, þar sem Samverjinn er. Það hefir sýnt sig að vera gott fyrirtæki. Þetta á að byggjast á öðrum grundvelli, en mun þó reynast gott fyrirtæki, ef því verður komið í kring. En ekki skil jeg í því, að þeir, sem kunna að verða valdir til að koma þessu fyrirtæki á stofn, sjeu líklegir til að nota fjeð til skemtiferðar út yfir pollinn.

Einar Jónsson: Jeg get ekki með góðri samvisku hlaupið yfir að lýsa yfir því hjer í þessari háttv. deild, að því fleiri »bjargráð« sem koma frá háttv. bjargráðanefnd, því leiðinlegri verða þau fyrir mjer.

Þgskj. 315 með þeirri till., sem þar á er þrykt og nú liggur fyrir hv. deild, er eitt af þeim þgskj., sem jeg get ekki litið á öðruvísi en með fyrirlitningu. Það nær ekki nokkurri átt, að konur á Íslandi kunni ekki að búa til og hagnýta mat á heimilum sínum. Og það nær þá ekki heldur nokkurri átt að kasta nú peningum til þess að senda utan karlmann og kvenmann, sem enginn veit hvað á að gera. Get jeg tekið undir það með háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að hjer muni vera á ferðinni bitlingur handa einhverjum, sem þurfandi þykist. Jeg held, að hann hafi komist alveg rjett að orði um það.

Jeg verð að koma að því aftur, að jeg get ekki með nokkru móti kannast við, að íslenskar konur kunni ekki að búa til sæmilegan mat úr þeim venjulegu efnum, sem þeim eru í hendur fengin, og hættan mun meiri á því, að skortur verði á matvöru eða matarefnum, heldur en kunnáttu í matreiðslu. Jeg veit ekki betur en að íslenskar konur sjeu prýðilega vel til þess gerðar, eins og margs annars.

Hæstv. forsætisráðherra komst svo að orði, að þingið ætti að reyna að bjarga sjer og landinu á sem heppilegastan og rjettastan hátt á komandi vetri, en það ætti þá alla jafna að vera kallað saman til starfa á heppilegum og rjettum tíma til að bjarga sjer.

Hæstv. forsætisráðherra mintist líka á Samverjann og kvað þar vel og rjett að orði. Samverjinn hefir hjálpað mörgu fólki. En jeg veit ekki betur en að Samverjinn hafi veitt fólkinu og muni veita því fullgóðan mat, þótt þessi till. væri ekki samþykt. Till. er því óþörf, og í henni felast engin bjargráð. Er hún í mínum augum, eins og allflest frá bjargráðanefndinni, hreint og beint ómark.

Að svo stöddu mun jeg ekki lengja umr. frekar. Gæti jeg sagt margt fleira um málið, en kæri mig ekki um það, enda þykist jeg þegar hafa gefið það fullgreinilega í skyn, að jeg muni ekki greiða atkvæði með tillögunni.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Hæstv. forsætisráðherra hefir nú þegar að nokkru tekið af mjer ómakið, þar sem hann hefir drepið á nokkur af þeim atriðum í ræðum tveggja þm., er mótmælt hafa till.

En háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) virtist misskilja tilgang till., að minsta kosti um utanförina. Það getur nú verið min sök, því að jeg hefi má ske farið lítið

út í tilganginn með þessari utanför áðan þegar jeg talaði. Það er ekki ætlun vor, að þessir menn fari í skóla, til þess að læra þar tilbúning matar, heldur fari þeir til þess að kynna sjer stjórn og tilhögun erlendra almenningseldhúsa, hverskonar áhöld sjeu heppilegust til matreiðslunnar o. s. frv., eða með öðrum orðum að kynna sjer alt, er lýtur að ytra fyrirkomulagi og stjórn slíkra fyrirtækja. Þetta ætlum vjer vel kleift þeim, sem eru vel inni í þessum hlutum, — því að ekki viljum vjer, að sendir sjeu aðrir en þeir, sem eru vel að sjer — og ættu þeir því að geta kynt sjer þetta á 2 mánuðum. Það er kunnugt, að slíkar stofnanir starfa bæði vetur og sumar, en eru einkum nauðsynlegar að vetrinum, og er það því ætlun nefndarinnar, að mennirnir fari utan með »Botníu« næst, og komi þá aftur í septembermánuði í haust. Þarf auðvitað ekki að bíða eftir þeim með allan undirbúning, því að hjer mætti auðvitað fyrst og fremst útvega eldivið, húsnæði og ýmsan annan útbúnað til starfrækslunnar, og ennfremur afla sjer þeirra áhalda, er fáanleg eru hjer og enginn vafi er á að þarf á að halda. En annars býst jeg nú við, að þessum sendimönnum yrði falið að gera innkaup á nauðsynlegum áhöldum.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) færði það og sínu máli til stuðnings, að það væri óþarft að senda menn utan, því að vjer hefðum reynsluna, þar sem væru samskonar mötuneyti heima. Það er rjett, sem hann tók fram, að hjer er að ræða um samlagsmötuneyti við ýmsa skóla, Samverjann og mötuneyti manna í verbúðum. En þess ber að gæta, að þetta alt er í svo tiltölulega smáum stíl, að þar eru ekki nema nokkrir tugir manna, sem matreitt er fyrir. En við því má búast, að starfinu verði að haga á annan veg, ef búist er við að margir menn, jafnvel svo að mörgum hundruðum skiftir, matist á sömu stofnun.

Sami háttv. þm. (M. Ó.) kvað þetta fyrirkomulag koma helst einhleypum mönnum að notum. Geti það bætt þeirra kjör, tel jeg það þegar góðra gjalda vert, eins og högum slíkra manna er háttað yfirleitt hjer á landi. En svo ber þess og að gæta, að það eru allar líkur til þess, að margir þeir, er heimili eiga, leiti á þessa staði. Og jeg bið háttv. þm. (M. Ó.) að athuga það, að ef margir menn verða bjargarvana, þá er hagur fyrir bæjarfjelagið að veita þeim fæði á þennan hátt. Því fólki, sem ekki hefir því fleiri börn, getur slík hjálp orðið miklu notadrýgri en þótt það fengi nokkrar krónur, og bæjarsjóði yrði það mikill sparnaður. En þetta á því að eins við, að fyrirtækinu sje almennilega stjórnað. Get jeg því engan veginn fallist á, að óþarfi sje að senda mann eða menn utan í þessu skyni. Vjer þekkjum ekkert til þessara stofnana, og fyrir stríðið þektust þær ekki erlendis, með því fyrirkomulagi, sem nú er á þeim, hvað þá heldur hjer. Og frá því, að fyrst var byrjað með þær, hafa þær tekið miklum stakkaskiftum til bóta, og er fullyrt, að fyrirkomulagið sje miklu betra nú en í byrjun.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. (M. Ó.) sagði, að útlendingar hefðu ýmsar þær fæðutegundir, er ódýrari væru, en við hefðum ekki, einkum úr jurtaríkinu, þá viðurkenni jeg það rjett vera. En það var ekki meiningin, að þessir menn ætli að fara utan til að læra erlendis að blanda fæðutegundir. Þess er krafist, að þeir kunni það áður. Og þeir eiga ekki að semja sig að sið annara, nema að því leyti, sem best á við hjer.

Annars hygg jeg, að þessi ummæli háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) hafi verið sprottin af skjótri athugun málsins, en

ekki af því, að hann sje því andvígur. Hygg jeg, að hann muni sjá það við nánari athugun, að gott eitt geti af þessu leitt.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, að með till. þessari væri samþykt vantraust á hússtjórnarskólanum. Það nær auðvitað ekki neinni átt, því að á nefndri stofnun beinist kenslan í nokkuð aðra átt. Og ekki skil jeg, að það geti komið til mála, að þessi ferð yrði einungis til skemtunar, ef fjeð yrði veitt, og þaðan af síður, að þetta geti álitist bitlingur. Þetta er ekki það mikið fje, að sá, eða þeir, sem nýtur þess, verður að fara sparlega með það, og hrekkur auðvitað ekki til, og verður vitanlega að gera grein fyrir því, hvernig hann hefir varið því. Jeg ímynda mjer, að þeir, sem fara nú þessa erindis, geri það ekki af því, að þeim þyki það skemtilegt, heldur af þeirri nauðsyn, er þeim þykir vera á þessu máli.

Háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) virtist líta till. þessa illu auga og fann henni alt til foráttu. Skal jeg ekki kljást neitt við hann um málið, en þess mætti þó geta, að öðrum augum hafa aðrir litið á þetta mál, er fult svo góð skilyrði hafa haft til þess að dæma um það af einhverri þekkingu og viti eins og þessi hv. þm. (Sv. Ó.). Annars skal jeg ekki fjölyrða um ræðu hans, því að hún gaf ekkert tilefni til þess.

Einar Arnórsson: Jeg get fyrir mitt leyti ekki gert mjer nægilega grein fyrir því, hver nauðsyn er á að senda menn utan til að kynna sjer fyrirkomulag almenningseldhúsa.

Það, sem mjer sýnist fyrst þurfa til að hrinda slíku af stað, eru menn með heilbrigðri skynsemi, sem kunna að halda spart á peningum, kaupa inn vörur, halda reikninga og búa til mat, eða í fám orðum sagt, ráðdeildarsamt, sparsamt og stjórnsamt fólk. Mjer virðist of skammur tími til þess að láta menn læra matgerð, enda væri það líka óþarft, enda mun tilætlunin ekki vera sú, að þessir menn læri matgerð. Auðvitað má vera, að þeir, sem út færu, gætu sjeð og lært eitthvað þarflegt. En hjer í deild munu þeir þó margir, er ekki hafa trú á því, að slík utanför geti að þessu leyti komið að verulegu gagni. En þar með er alls ekki gefið, að Alþingi eigi ekki að sinna þessu máli. Þetta skipulag hefir reynst vel sumstaðar erlendis, sparað fje og ljett mönnum lífið á ýmsan hátt. Sje jeg ekki, að öllu óreyndu, ástæðu til að ætla annað en að sama gæti orðið hjer á landi, og þó auðvitað að eins í kaupstöðum og stærri sjávarþorpum.

En þótt þingið geti ekki beint felt sig við að veita styrk til utanfarar, þá sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, að þingið styrki málið á annan hátt og gefi stjórninni heimild til að veita styrk til þess að koma fyrirtækinu á fót. Með það fyrir augum get jeg greitt atkvæði með till. til 2. umr., og er þá hægur hjá að orða greinina svo, að styrkur til þessa fyrirtækis sje ekki látinn vera komin undir utanför.

Það má nú vel vera, að þeir, er hugsað hafa þetta mál enn rækilegar en jeg, hafi getað fundið fullgildar ástæður fyrir því, að sendiförin sje nauðsynleg. Skal jeg ekkert um það segja, en fæstir munu þó geta dæmt um það atriði til nokkurrar hlítar.

Jeg vildi gera mönnum það skiljanlegt, að þótt jeg geti ekki verið með till. svo orðaðri, þá sje jeg ekki ástæðu

til þess að meina henni að ganga til 2. umr., ef þá mætti breyta henni í það horf, er við mætti una.

Matthías Ólafsson: Það er rjett til getið hjá háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), að jeg er ekki mótfallinn málinu, þótt jeg sje ekki með því að senda út menn. Jeg er málinu einmitt hlyntur. En hitt er skakt, að jeg hafi ekki hugsað um málið. Jeg hefi hugsað þetta mál eins og allar aðrar samvinnuleiðir eða samlagsaðferðir. Er jeg að talsverðu leyti samþykkur þessari aðferð, en að vegurinn sje sá, að senda utan menn, verð jeg að halda fram að sje algerlega skakt. Jeg hefi sýnt fram á það áður, að slíkt er til hjer, og þarf því ekki að senda menn til þess að fá nýja og dýra þekkingu á því erlendis Enginn vafi er á því, að sá maður, sem staðið hefir vel fyrir litlu kosthúsi, geti staðið fyrir stóru, og þarf ekki annað en stækka húsakynnin og auka allar útveganir matvæla.

Alt, sem hjer þarf, eru »praktiskir« menn og ráðvandir menn. Ef senda á út mann eingöngu til þess að læra að stjórna þessu, þá er það misskilningur. Það er ekki sagt, að það fólk, sem kann að búa til mat, sje ætíð »praktiskasta« fólkið. Það þarf að hafa nægilegt fje milli handa, svo að það geti keypt inn í stórum stíl. Og enn fremur þarf það gott húsnæði. Það þarf að vera fólk, sem kann að hagnýta peningana sem best og haga blöndun fæðunnar svo, að sem notadrýgst sje og næringarbest. En þetta liggur í eðli hvers »praktisks« manns og húsmóður. Það verður að koma upp nokkurskonar þjóðarmatreiðslu, þar sem fengið sje sem mest úr innlendum afurðum og efnum. Það væru ef til vill aðalþægindin við þetta, að vjer lærðum að nota íslenskar matjurtir, og hver veit nema oss tækist þá að hagnýta oss purpurahimnuna og mariukjarnann.

Það er ekki nokkur vafi á því, að það getur verið sjerstaklega gott fyrir lausafólk, og mikill sparnaður að því, en jeg hefi áður tekið það fram, að fyrir þá, sem hafa börn, muni það ekki verða svo mikill sparnaður að kaupa matinn á þessum stöðum, því að börnin þurfa talsvert mikið fyrir utan það, sem þau fá þar; þau þurfa t. d. meiri mjólk, enda hefir reynslan orðið sú, þar sem slík almenningseldhús hafa verið, að fjölskyldum með mörg börn hefir varla þótt það borga sig að matast þar. En það hefir þótt langt um ódýrara fyrir menn, sem sem hafa orðið að ganga að fæðu sinni annarsstaðar, utan heimilis síns, og vitanlega orðið að borga lífsuppeldi sitt. Allir vita líka, að það er miklu betra að matreiða í stórum heldur en smáum stíl; þarf ekki annað en benda á bökunarhúsin í því efni, enda sjá menn það oftast, að það verður miklu ódýrara að láta baka þar en heima hjá sjer, nema þá því að eins, að þau taki óhæfilega hátt verð fyrir.

Jeg mun því styðja að því, að þetta fyrirtæki verði styrkt með einhverju fjárframlagi, en með því að vitanlegt er, að það kemur Reykjavíkurbæ að mestu gagni, þá þætti mjer sanngjarnt, að hann legði til fullan helming, en ekki $^1/_4$ hluta, þess fjár, er til þarf.

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) bjóst við, að hægt væri að undirbúa alt saman meðan sendimennirnir væru utanlands, en það er ekki rjett. Það er ekki hægt að undirbúa svo sem neitt fyr en þeir koma aftur og segja, að svona og svona eldavjelar og svona og svona áhöld þurfi að kaupa, því að það segir sig sjálft, að t. d. eldavjelarnar þurfa að vera miklu stærri og betri en hjer tíðkast, ef þetta á að borga sig, sem auðvitað er að það á að gera.

Þá bjóst sami háttv. þm. (J. B.) við að ýmsir menn, sem hafa fjölskyldu, mundu kaupa mat þar. Jeg get nú ekki hugsað mjer það, að minsta kosti ekki um þá, sem þegar hefðu sett bú. (**B. J.:** Þeir senda eftir matnum og borða hann heima hjá sjer). Þeir þurfa þó ekki stóru pottana til þess að borða úr heima hjá sjer, en það er reyndar annar kostur við það. Þeir komast af með miklu minna húsnæði, því að þeir þurfa enga geymslu, að eins tæki til þess að hita matinn hjá sjer. Þess vegna verður þetta ódýrara, og því í alla staði æskilegt, að það komist á. En jeg verð að halda því fram, að það sje engin þörf á að vera að senda menn út úr landinu til þess að koma þessu í framkvæmd. Það, sem til þess þarf, eru duglegir og »praktiskir« menn, sem kunna til matreiðslu. Það verður að búa til sæmilega rjetti úr þeim fæðutegundum, sem hægt er að fá á landi hjer, og þá dugir auðvitað ekki að fara stranglega eftir því, sem menn kunna að hafa lært í útlendum matreiðslubókum áður.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg hefi ekki haft tækifæri til þess að bera mig saman við meðnefndarmenn mína um það, hvernig þeir mundu taka því, ef þingsályktunartill. verður breytt, en þykist þó geta sagt, að því mundi verða vel tekið, ef menn að eins vildu hafa eitthvert annað orðalag.

Jeg vona, að till. verði vísað til síðari umr.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði síðast, vil jeg geta þess, að jeg er honum þakklátur fyrir margt af því. Hann hefir á marga lund stutt mitt mál og það, sem jeg hefi sagt um nauðsyn þá, er væri til þess að koma því fram. Jafnvel það atriði, sem jeg mintist á, að senda þyrfti menn utan, þá var það einmitt af því, að hjer mun skortur á áhöldum, sem til þurfa, og væri því gott, að þeir gætu fengið að sjá, hver áhöld væri hagkvæmast að nota.

Háttv. þm. (M. O.) lýsti því mjög greinilega, að hann hefði opin augu fyrir nauðsyn og nytsemi þessa máls. Get jeg því verið honum þakklátur fyrir flest af því, sem hann sagði.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 12:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 12:3 atkv.

Á 53. fundi í Nd, föstudaginn 21. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 315, 372, 376).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Bjargráðanefnd hefir leyft sjer að bera fram brtt. á þgskj. 372. Mergur brtt. þessarar er sá, að »álítist þess eigi þörf að senda menn utan í þessum erindum, er landsstjórninni heimilt að verja fjenu til styrktar því, að almenningseldhúsi verði komið á fót«.

Bjargráðanefnd hefir gert þetta fyrir þá sök, að við fyrri umr. málsins komu hjer fram raddir, að eigi mundi ástæða til að senda menn utan, en hins vegar nauðsynlegt að koma almenningseldhúsi á stofn. En það má fullyrða, að bjargráðanefnd leggur samt engu að síður áherslu á, að vandað sje til vals þeirra manna, sem eiga að veita eldhúsinu forstöðu, því að án þess mundi það ekki geta náð tilgangi sínum. Ef hjer eru einhverjir heima, sem beinlínis þekkja af eigin sjón og reynd, hvernig almenningseldhús eru starfrækt erlendis, og þeir geta veitt almenningseldhúsi for-

stöðu hjer, þá vitanlega gefur nefndin ekki um, að menn sjeu sendir utan í þessum erindum, en nefndin leggur ríka áherslu á, að val forstöðumannanna verði sem allra best vandað.

Nefndin lítur enn fremur svo á, að fyrirtæki þetta sje svo gagnlegt og mundi koma að svo miklum notum, að hún telur sjálfsagt, að þingið ýti undir framkvæmdir þess. Eins og vjer þekkjum, hefir almenningseldhúsum verið komið víða upp erlendis og gefist vel. Má t. d. fá góða máltíð fyrir 75—90 aura, og eftir því verðlagi, sem nú er á matvöru, munu menn sjá, að þetta er miklu ódýrara en kostur heima.

Jeg sje eigi ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, en vænti, að háttv. deild taki málinu vel, því að hjer er um mjög svo mikilsvert mál að ræða.

ATKVGR.

Brtt. 372, 1. samþ. með 12:1 atkv.

— 372, 2. samþ. með öllum gr. atkv.

Till, svo breytt, samþ. með 16:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. Ó., P. J., P. Þ., S. S., S. St., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. K., B. St., G. Sv., J. J., J. M, J. B., M. G., Ó. B.

nei: P. O., St. St., Þór. J., E. J., M. P. Fimm þm. (Sv. Ó., B. J., E. A., E. Árna. og H. K.) fjarstaddir.

Till. afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., mánudaginn 24. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um almenningseldhús,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 388).

Á 50. fundi í Ed., þriðjudaginn 25. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Eggert Pálsson: Það er að vísu yfir fáum að tala í þetta sinn, þó að jeg hins vegar vilji leyfa mjer að gera stutta athugasemd, ekki þó svo mjög gagnvart till., sem hjer liggur fyrir, því að jeg geri ráð fyrir, að henni verði vísað til fjárveitinganefndar, þar sem hjer er um fjárspursmál að ræða, heldur er athugasemdin almenns eðlis.

Sú hefir orðið raunin á um þetta þing, að inn á það hefir rignt till., sem miða að því að veita fje úr landssjóði til hins og þessa. Í þingbyrjun var ákveðið, í því skyni að spara fje, að koma ekki með fjáraukalagafrv. á þessu þingi, heldur skyldu fjárbeiðnir koma fram í þingsályktunartill.formi, ef brýn nauðsyn væri. En nú eru þessar þingsályktunartill. orðnar svo margar, að sýnilegt er, að stór sparnaður hefði verið, að í stað þeirra hefði komið fram fjáraukalagafrv. Þingið er nú búið að standa í hálfan þriðja mánuð, og þingsályktunartill. hefir rignt niður allan þann tíma. Hafa eðlilega orðið um þær miklar umr. í báðum deildum þingsins, og þær þar af leiðandi kostað landssjóðinn mikið fje, án tillits til innihalds þeirra. Hefði fjáraukalagafrv. verið lagt fyrir þingið, hefði það tekið miklu minni umr. en allar þessar þingsályktunartill., sem verið er að koma með, auk þess sem líklegt er, að fjáreyðslan hefði ekki orðið eins mikil eins og með þessu móti, að vera að koma með eina og eina fjárveitingatill., og það fram á allra seinustu daga þingsins.

Um till., sem hjer liggur fyrir, vil jeg ekkert segja að svo stöddu, gef ekki um fyrirfram að binda atkv. mitt, og það því síður, sem jeg býst við, eins og jeg er þegar búinn að taka fram,

að henni verði vísað í fjárveitinganefnd og hún athuguð þar.

Forseti: Það er fyllilega rjett, sem háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) hefir bent á. En ástæðan liggur líklega í því, að þegar þingið kom saman, var ekki búist við, að það stæði eins lengi og raun er á orðin. Þess vegna mun hafa rignt svo miklu af þingsályktunartill. niður í þinginu.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 6 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 534) með 6 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. júlí, var till. tekin til síðari umr. (A. 388, n. 428).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg held, að það sje þýðingarlítið að fara mörgum orðum um till. þessa. Nefndin hefir fallist á efni og upphæð þá, sem farið er fram á í till., en vill breyta henni að formi.

Nefndin felst á að veita Reykjavíkurbæ 4000 kr. með því skilyrði, að fyrirtækinu verði hrundið til framkvæmda strax næsta vetur. Hún lítur svo á, að þess muni full þörf þá, og verði það ekki þá strax, þá virðist engin þörf á að veita fjeð nú, þar sem þing kemur saman aftur 1. júlí næsta sumar.

Hitt, að þingið gangi út frá, að sendir verði menn út til þess að kynna sjer málið og afla sjer sjerstakrar þekkingar til að standa fyrir því, telur nefndin ekki nauðsyn, en vill þó ekki beint banna það, ef bæjarstjórnin, er varðar mál þetta mestu, kynni að vera eða verða annarar skoðunar.

Jeg hefi svo ekki meira um mál þetta að segja.

ATKVGR.

Brtt. 428, 1. samþ. með 11 shlj. atkv.

— 428, 2. samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Sþ., með fyrirsögninni:

Tillaga til þingsályktunar um styrk til almenningseldhúss í Reykjavík,

---

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. júlí, og á 56. fundi í Ed., sama dag, var útbýtt frá Sþ.

Tillögu til þingsályktunar um styrk til almenningseldhúss í Reykjavík,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 441).

Á 6. fundi í Sþ., laugardaginn 6. júlí, var till. tekin til umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 466).

---

16. Efniviður í róðrarbáta.

Á 48. fundi í Nd., fimtudaginn 13. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um efnivið til opinna róðrarbáta (A. 349).

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 14.

júní, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 50. fundi í Nd., laugardaginn 15. júní, var till. tekin til einnar umr. (A. 349).

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Í raun og veru er það alt tekið fram í greinargerðinni, sem framsögumaður þarf að segja í þessu máli.

Jeg skal taka það fram, að það var eftir tillögum bjargráðanefndar, að þessum skýrslum um róðrarbáta var safnað. Þótti nefndinni þörf á að grenslast eftir, hvernig ástatt væri um útgerðina.

Eins og sjest í greinargerðinni, hafa allir, sem skýrslu hafa gefið, látið þá skoðun í ljós, að haldist vjelbátaútgerðin í svipuðu horfi sem hingað til, sje ekki bein þörf á að fjölga róðrarbátum. En fari svo, að hún teppist að meira eða minna leyti, sje ekki einungis þörf á að viðhalda þeim róðrarbátum, sem við höfum, heldur og brýn nauðsyn á að fjölga þeim.

Eins og nú stendur á, getum við búist við því á hverri stundu, að vjelbátaútgerðin teppist. Og komi það fyrir, er sjávarútvegurinn illa kominn, ef ekki er hægt að leita sjer bjargar á sjónum með öðru móti. En þá er og víst, að þeir róðrarbátar, sem við eigum til nú, eru alveg ónógir til að reka útgerð í líkingu við það, sem hingað til hefir verið gert.

Nefndinni duldist ekki, að erfitt yrði að útvega svo mikinn efnivið, sem þyrfti til þess að fjölga róðrarbátum að mun. En hins vegar þótti nefndinni sjálfsagt, að ekki yrði undir höfuð lagst að afla efniviðar til viðhalds þeim bátum, sem við höfum nú, en þeir eru um 2000 talsins eftir skýrslunum. Nú er hvergi til efniviður til báta, nema á Akureyri, og auk þess mun lítið eitt til hjer í Reykjavík.

Bjargráðanefnd leit svo á, að hjer væri um mjög verulegt bjargráð að ræða, og því mætti eigi dragast lengur að gera ráðstafanir til þess að bæta úr þessum skorti. Þær yrði að gera svo skjótt, að í haust yrði að minsta kosti nægur efniviður til viðhalds, og æskilegt, að nokkrar birgðir yrðu til aukinna bátasmíða.

Nefndin hefir ekki farið fram á að heimila stjórninni neina fjárhæð til þessa. Hún leit svo á, að þessir aðdrættir yrðu faldir landsversluninni, og kæmi kostnaðurinn þá fram í reikningum hennar.

Það má ganga að því vísu, að allerfitt muni að fá bátavið. Það veltur á því, hvort samgöngur vorar við Danmörku teppast. Danmörk er eini staðurinn, sem um er að ræða; þaðan gætum við fengið bátavið frá Svíþjóð. Og því fremur er ástæða til þess að vinda sem bráðastan bug að þessu máli, sem margir munu nú hræddir um, að samgöngur við Norðurlönd teppist.

Þessi orð mín heyrast ekki af hæstv. stjórn, þar sem enginn ráðherranna er viðstaddur hjer í salnum, en jeg vona, að greinargerðin sje nægileg til þess, að hæstv. stjórn sinni till.

Pjetur Ottesen: Jeg get ekki látið hjá líða að þakka háttv. bjargráðanefnd fyrir þessa till. Hún er orð í tíma talað, og álít jeg hana einhverja þá bestu og sjálfsögðustu bjargráðaráðstöfun, sem unt er að gera á þessu landi. Það getur altaf komið fyrir á þessum voðatímum, að aðflutningar geti tepst á þeim vörum, sem öll stærri útgerð er rekin með, en það eru steinolía og kol. Er þá ekki annað að leita en til róðr-

arbátanna. Og þá er nauðsynlegt að hafa nægan efnivið til þess að halda þeim við og fylla í skörðin.

Á síðasta þingi hreyfði jeg ásamt hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) þessu máli í bjargráðanefndinni. Var okkur falið að leita upplýsinga um bátaviðarbirgðir hjer í Reykjavík. Það kom þá í ljós, að hjer voru þá mjög miklar birgðir af bátavið, svo að af frekari framkvæmdum í þessa átt varð ekki í það sinn.

En nú er altaf að kreppa meir og meir að, og upplýsingar þær, sem hv. frsm. (S. St) mintist á um opna báta, sem til eru í landinu, og efnivið til bátagerðar, sýna það, að það má ekki lengur dragast, að eitthvað sje aðhafst til tryggingar því, að ekki verði bátaskortur. Því að ef aðflutningar teptust, væri ilt, ef við þyrftum að standa sem glópar og hefðum ekki fleytu til þess að fara á út fyrir landsteinana.

Jeg vona því, að hæstv. stjórn verði vel við þessari áskorun og að háttv. deild láti till. ná fram að ganga.

Bjarni Jónsson: Mjer þykir vænt um að sjá þessa till, en þykist þó ekki þurfa að mæla með henni. Bæði hefir háttv. frsm. (S. St.) og háttv. þm. Borg. (P. O.) gert það rækilega, og svo bar jeg sjálfur fram þessa sömu till. fyrir nokkru. Mætti vísa háttv. þm. til ræðu minnar í því máli, er jeg auk þess hefi látið prenta. Jeg skal ekki endurtaka það, sem jeg sagði þá, en vænt þætti mjer um, ef nefndin vildi tína upp aftur þau atriði, er þeir drápu fyrir mjer um daginn, þar til þau væru öll komin til skila.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Háttv. þm. Dala. (B. J.) kvað þessa till. upptíning úr fyrri till. hans. Auðvitað er till. engu verri fyrir það. En jeg skal þó geta þess, að áður en háttv. þm. (B. J.) bar fram till. sínar hafði bjargráðanefnd haft þetta mál til meðferðar og gert ráðstafanir til þess, að skýrslum um róðrarbáta yrði safnað.

Jeg skal ekki draga úr heiðri háttv. þm. Dala. (B. J.), en vildi að eins taka það fram, að hjer er ekki um neinn upptíning að ræða, heldur hafði nefndin þegar lagt drög fyrir, að þetta yrði gert.

Bjarni Jónsson: Jeg sagði ekki, að háttv. bjargráðanefnd hefði tínt þetta upp úr mínum till., en óskaði að eins, að hún vildi tína upp þau atriði, er feld hafa verið. Það er ekki auðvelt að vita, hvað nefndin gerir í pukri, en hitt liggur þó í dagsljósi, sem prentað er í þingskjölum og þingræðum.

Jeg ætla mjer ekki þá dul að vera vitrari en háttv. bjargráðanefnd. En mjer þykir vænt um, að hún tekur nú upp þessa till., er hún drap fyrir mjer um daginn með atkv. sínum.

Jeg vona, að þessi orðaskifti verði ekki til þess, að háttv. nefnd forðist að tína hið annað einnig upp, sem hún feldi fyrir mjer.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg skal að eins geta þess, að bjargráðanefnd hafði þegar athugað og haft til meðferðar mörg þau atriði, er háttv. þm. Dala. (B. J.) bar fram í tillögum sínum.

Bjarni Jónsson: Háttv. bjargráðanefnd er þá ekki eins bráðlát og þm. Dala. En annars ættu þeir, sem liggur á að komast heim af þingi, að kynna sjer málin fljótar og hraða þeim meir en þm. Dala., sem þarf alls ekki að komast heim.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., þriðjudaginn 18. júní, var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um efnivið til opinna róðarbáta.
eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 367).

Á 47. fundi í Ed., fimtudaginn 20. júní, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 48. fundi í Ed., föstudaginn 21. júní, var till. tekin til einnar umr. (A. 367.).

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg hjelt, að einhver mundi taka til máls, til þess að skýra hvernig ætlast er til, að þingsál. þessi verði framkvæmd, því að jeg álít till. sjálfa alls ekki nógu ljósa í því efni.

Þar er ekki beinlínis heimilað fje til þess að kaupa efnivið fyrir, ef landsstjórnin getur ekki útvegað hann með öðru móti.

En ef til þess er ætlast, að ekki verði lengra gengið en að landsstjórnin geri ráðstafanir til útvegunar hjá þeim, sem annast aðflutninga til landsins, þá er hægt við það að una, En eftir till. get jeg ekki búist við, að lengra verði gengið.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 386).

---

17. Erfðaábúð þjóðjarða og kirkjujarða.

Á 51. fundi í Nd., þriðjudaginn 18. júní, var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um erfðaábúð á þjóðjörðum og kirkjujörðum (A. 364).

Á 52. fundi í Nd., fimtudaginn 20. júní, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 53. fundi í Nd., föstudaginn 21. júní, var till. tekin til einnar umr. (A. 364).

Flm. (Björn R. Stefánsson): Þegar þing þetta kom saman í vor, hygg jeg, að það hafi verið vilji og von flestra eða allra utanbæjarþingmanna, að það stæði sem allra styst, enda var þá eigi búist við, að sambandsmálið tefði tímann, eins og nú hefir raun á orðið.

Þess má geta, að margir þingmenn í Reykjavík voru svo framsýnir, að þeir sáu fyrir, að þingið mundi standa lengi.

Þeir þm., sem vonuðu og vildu, að þingið stæði ekki lengi, komu sjer saman um að tefja ekki störf þess með því að flytja þau mál, er mættu bíða að skaðlausu næsta sumars. Að minsta

kosti voru samtök um þetta í þeim flokki, sem jeg telst til.

Eftir þessu samkomulagi hefi jeg hagað mjer og gengið lengra í því en átt hefði að vera, eftir því sem nú er fram komið. Því að jeg tel fjarri fara, að lög um erfðaábúð megi bíða að skaðlausu næsta sumars, hvort sem á það er litið frá sjónarmiði þeirra, sem vilja selja sem fyrst þessar þjóðareignir, sem og hinna, er vilja, að landið haldi þeim og heldur auki þær en eyði þeim.

Jeg tók það fram í fyrra, að ef byggingarskilmálar leiguliða væru ekki færðir í það horf, sem jeg teldi æskilegt, þannig að þeir hefðu sömu hvöt til að bæta ábúðarjarðir sínar eins og þeir ættu þær sjálfir, þá vildi jeg heldur, að landið seldi jarðirnar, heldur en láta við svo búið standa. En helst vildi jeg, að landið ætti jarðirnar áfram, ef hægt væri að búa svo um, að þær yrðu eins vel setnar og eins mikið bættar sem sjálfsábúðarjarðir. En það tel jeg að fengist með erfðaábúð í líkingu við það, sem gert var ráð fyrir í frv. því, sem jeg flutti í fyrra. Þar gerði jeg grein fyrir, hvernig jeg vildi koma þessu fyrir, að landbúnaðarnefnd svæfði málið.

Eftir þjóðjarðasölulögunum hefir stjórnin eiginlega ekki heimild til þess að neita um kaup á jörðum, nema hlunnindi fylgi jörðunum eða aðrar sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi. Þess vegna virðist mjer það ligggja í hlutarins eðli, að þeim, sem eigi vilja selja jarðirnar, ætti að vera það áhugamál að stöðva eftirsókn leiguliða til þess að kaupa þær. En sje það eigi hægt með erfðaábúð, mun það eigi verða með öðru móti.

Kaupbeiðnirnar drífa að úr öllum áttum, svo að innan lítils tíma verða allar þær jarðir seldar, sem seldar verða, ef salan heldur áfram.

Jeg hafði jafnvel vonast eftir, að stjórnin mundi leggja fyrir þetta þing frv. um erfðaábúð. Því að mjer er kunnugt um, eftir því sem fram kom í fyrra að minsta kosti, að meiri hluti hennar er mótfallinn sölu þjóðjarða. Því hefði verið eðlilegt, að hún hefði flýtt fyrir erfðaábúðarlögunum, til þess að draga úr eftirsókninni.

Einnig veit jeg um allmarga leiguliða, sem eiga ósvarað frá stjórnarráðinu 1—2 ára gömlum kaupbeiðnum, að þeir ætluðu að bíða fram yfir þetta þing með að herða á svörunum og draga sig alveg til baka, ef á þessu þingi yrðu samþykt erfðaábúðarlög, svipuð frv. því, sem jeg flutti í fyrra.

Aðrir hættu við að sækja um kaup á býlum sínum síðastliðið vor, af sömu ástæðu. Þeir ætluðu að bíða og sjá, hvað þetta þing gerði. En jeg fæ eigi skilið, að þessum mönnum lítist biðin álitleg ef þessi till. verður feld.

Jeg drap á það áðan, að þeim, sem eigi vildu selja jarðirnar, ætti að vera það áhugamál, að erfðaábúðarlög kæmust á sem fyrst, og þeir hinir sömu menn ættu því að vera tillögu minni hlyntir, því að eins og menn vita og jeg hefi líka drepið á áður, verður bráðlega svo komið, ef salan heldur áfram, að ekki verður annað óselt af þjóðjörðum og kirkjujörðum en hlunninda- og kostajarðirnar mestu, sem eigi verða seldar, eða þær jarðir, sem eru sjerstaklega vel fallnar til stórfeldra umbóta. Þær einar verða þá eftir í höndum leiguliða.

En þar sem þjóðjarðasölumenn gera svo mikið úr því, hve sjálfsábúðarjarðir

sjeu betur setnar og betur ræktaðar, þá skil jeg ekki, að þeir geti unað við, að bestu jarðirnar sjeu í höndum leiguliða. Ef þeim er svo mikið áhugamál, sem virðist, um lakari jarðirnar, hjelt jeg, að þeir vildu tryggja landinu einhverjar umbætur á betri jörðunum.

Þá er að líta á þá hlið málsins, sem að landssjóði snýr. Flestir gera sjer glæsilegar vonir um framtíð þessa lands. Hjer verði mjög starfað að ýmsum verklegum framkvæmdum af landsins hálfu, og jarðir stigi þá í verði. Og mjer virðist rjettlátast, að hver njóti sinna verka. Ábúendurnir eiga að græða á sínum verkum, en eigi því, sem landssjóður lætur vinna. Samt vil jeg frem ur selja jarðirnar en halda ábúendum við þau kjör, sem þeir eiga nú við að búa.

Um þetta mál verður að eins ein umr., og sje jeg eigi ástæðu til þess að fela nefnd málið til meðferðar. Eftir kynni mínu af meðferð landbúnaðarnefndar á því í fyrra kýs jeg helst, að hún verði ekki látin fjalla um það, enda liggur það ljóst fyrir.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 12:10 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. St., Sv. Ó., Þorst. J., B. J., B. K., B. St., E. J., H. K., J. B., M. Ó., S. S., Ó. B.

nei: St. St., Þorl. J., Þór. J., E. A., G. Sv., J. J., M. G., M. P., P. O., P. Þ.

J. M. greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (B. Sv., E. Árna. og P. J.) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.

(Sjá A. 387).

18. Lán handa Álafossverksmiðju.

Á 51. fundi í Nd., þriðjudaginn 18. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um lán handa klæðaverksmiðjunni á Álafossi (A. 366).

Á 52. fundi í Nd., fimtudaginn 20. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Af því að þingsályktunartill. þeirri, er hjer um ræðir, fylgir engin greinargerð, þá verð jeg í fám orðum að skýra hana nokkuð frá sjónarmiði fjárveitinganefndar.

Eigendur klæðaverksmiðjunnar »Álafoss« sendu fjárveitinganefnd erindi, þar sem þeir fara þess á leit, að landssjóður láni þeim 100 þús. kr. til þess að auka og endurbæta verksmiðjuna. Í nefndu brjefi skýra þeir og frá, hvernig þeir hugsa sjer að verja fjenu, og er það á þennan hátt:

1. Til kaupa á fleiri vjelum til ullariðnaðar .	kr.	40,000
2. Til kaupa á vjelum til nærfata- og sokkagerðar	—	15,000
3. Til kaupa á vjelum til þorskanetagerðar . .	—	25,000
4. Til óhjákvæmilegra mannvirkja	—	20,000
Samtals	kr.	100,000

Eftir að fjárveitinganefndin hafði kynt sjer verksmiðjuna nokkuð nánar og fengið skýringar á því, í hverju endurbæturnar yrðu fólgnar, þá afrjeð hún að verða við beiðni verksmiðjueigenda og ber því fram till. á þgskj. 366. Hún varð að líta svo á, að hjer væri um afarþarft fyrirtæki að ræða, nokkurskonar bjargráð á þessum tímum, er landinu væri skylt að styðja, ef unt væri.

Það er öllum kunnugt, að í landinu sjálfu höfum vjer mikið meira en nóg efni til þess að klæða alt landsfólkið, nefnilega ullina. Og á þessum tímum er það hin mesta lífsnauðsyn að nota sem mest öll innlend efni, allar innlendar afurðir, til þess að vjer sjeum sem minst upp á aðrar þjóðir komnir, sem samband vort við getur slitnað þegar minst varir. Hygg jeg, að allir sjeu samdóma um það. Þess vegna verður að álíta ullarverksmiðjur og klæðaverksmiðjur nokkurskonar bjargráð. En til þess, að nokkur von sje til þess að fullnægja fataþörfum landsbúa, verður sem mest að notfæra sjer náttúruöflin til vinnunnar.

Hjer hafa nú ötulir framtaksmenn hafist handa. Keyptu þeir Álafossverksmiðjuna í fyrra og reka hana með dugnaði, að því er sjeð verður. Því fanst fjárveitinganefnd ekki óeðlilegt, að landið reyndi að styðja þá á þann hátt, sem hjer er farið fram á, með láni, til þess að bæta og fullkomna verksmiðjuna, svo að hún geti leyst meiri og margbreyttari störf af hendi.

Á síðari árum hafa verið flutt inn í landið kynstrin öll af fötum og fataefnum. Bæði er nú það, að aðflutningar geta tepst eða minkað þegar minst varir. Og þótt svo væri ekki, þá væri þó nokkru kostandi til að framleiða mikið meira en nú af fatnaði úr ullinni okkar, þar sem útlenda efnið er nú rándýrt og oft handónýtt.

Nærfötin útlendu og sokkarnir, sem hjer fást í búðunum, eru ekki við okkar hæfi. Alt er skjóllaust, endingarlaust og geipidýrt. Nú ætla þessir menn að fá sjer vjelar til sokkagerðar og nærfata. Er það í fyrsta sinni hjer á landi, að verksmiðjur gera tilraun til að framleiða prjónaðar vörur. Jeg skal geta þess, að jeg hefi heyrt, að hálfullarsokkar kostuðu nú hjer í verslunum kr. 2,50, en ef þeir væru unnir hjer úr íslensku efni í íslenskum tóvinnuvjelum, er ganga fyrir vatnsafli, myndu þeir að minsta kosti verða helmingi ódýrari. Mjer hefir verið frá þessu skýrt af kunnugum mönnum. Þá ætla þessir menn og að bæta við vefstólum og láta verksmiðjuna ganga nótt og dag. En nú mun ekki hægt að fá vefstóla, nema ef hægt væri að ná samkomulagi við eigendur »Iðunnar«. Og á þennan hátt hugsa eigendur Álafossverksmiðjunnar sjer að auka ullariðnaðinn, að bæta bæði við sig sokka- og nærfatavjelum og fjölga vefstólum.

Þá hafa þeir og hugsað sjer að koma upp vjelum til veiðarfæragerðar. Eftirspurn eftir þorskanetum er að aukast meir og meir. Mjer hefir verið tjáð, að í Vestmannaeyjum einum væru um 30 bátar, er stunda netaveiði. Þessir bátar þurfa hver 100—200 net, 60 faðma löng og 24 möskva djúp og möskvavídd 4 þuml. Netin er ekki hægt að fá búin til erlendis, og ómögulegt að fá eins mikið af þeim og þarf með handavinnu einni saman. Hjer ætlar nú Álafossverksmiðjan sjer að hjálpa. Til kaupa á vjelum til netagerðar ætla verksmiðjueigendurnir 25 þús. kr., og búast þeir þá við, að verksmiðjan geti fullnægt eftirspurninni úr Vestmannaeyjum og víðar.

Af þessu geta menn sjeð, að það sýnist vera um hið mesta þarfa- og nauðsynjamál að ræða, og þar sem hjer

eiga hlut að máli áhugamenn, sem vilja, að verksmiðjan geti framleitt enn meira, þá sýnist það þess vert að koma í móti þeim og rjetta þeim hjálparhönd með þetta fyrirtæki.

Jeg skal þá leyfa mjer að minnast örlítið á verksmiðjuna sjálfa. Álafoss, sem verksmiðjan er kend við, er, eins og kunnugt er, í Varmá í Mosfellssveit. Það er sá kostur við það vatnsfall, að vatnið í því er altaf volgt. Það afl, sem vatnið hefir nú, nemur 25 hestöflum með þeirri fallhæð, sem það hefir nú; en þetta er oflítið, og þess vegna hafa eigendurnir fengið verkfræðing til þess að skoða vatnsaflið og allan útbúnaðinn; hefir hann áætlað svo, að ef stýflugarðurinn, sem er á fossbrúninni, væri hækkaður um eina stiku, fengist afl, sem næmi 40 hestöflum. Þetta ætla eigendurnir að gera, og jafnframt ætla þeir að stækka húsrúm verksmiðjunnar um 220 ferstikur; á það alt að byggjast úr steinsteypu, en hin nýja áætlun, sem þeir hafa fengið yfir húsagerðina og stýflugarðinn, nemur 42000 krónum. Það, sem því þarf að leggja í verksmiðjuna, til þess að hún geti fullnægt þeim kröfum, sem þeir hugsa sjer, verður 122,000 krónur. Þeir búast við að geta fengið 100,000 króna lán úr landssjóði, en 22000 krónur ætla þeir að leggja til sjálfir.

Nýju eigendurnir, Sigurjón kaupmaður Pjetursson og fjelagar hans, keyptu verksmiðjuna í fyrra, og kostaði hún þá 85000 krónur. Skuldir, sem á henni hvíla, mest við banka, eru 58700 kr.; skuldlaus eign verður þá 26300 krónur, auk rúmlega 9000 króna, sem var rekstrarágóði árið 1917, sem eigendurnir hafa varið til ýmsra endurbóta á fyrirtækinu, svo að nú má telja 35000 krónur skuldlausa eign.

Fjárveitinganefndin hefir ætlast til, að landssjóður lánaði út á alt það, sem óveðsett er af verksmiðjunni, en það eru þá nær 35000 krónur, og svo nýju viðbótina, sem búast má við að verði um 120,000 krónur. Það yrði þá í óveðsettri eign um 155,000 kr., og svo kæmi til persónuleg ábyrgð verksmiðjueigendanna sjálfra. Þeir eru þrír, og munu að minsta kosti tveir þeirra vera vel stæðir menn, sem óhætt sje að trúa fyrir nokkru. Nefndin álítur því, að engin sjerstök hætta sje fyrir landssjóð að lána þetta. Eins og sjest af till., er gert ráð fyrir, að lánið verði borgað á 20 árum með jöfnum afborgunum og 5% í vexti, en það eru sömu kjör og hinar verksmiðjurnar hjer á landi hafa fengið.

Þá skal jeg geta þess, að nefndin hefir nokkuð kynt sjer reikninga verksmiðjunnar síðastliðið ár, eða einkanlega frá þeim tíma, er hinir nýju eigendur tóku við henni, frá 1. ágúst til ársloka. Rekstrarkostnaðurinn hefir alls numið 25451 kr., þar af kaup verkafólksins 8499 kr. og fæðiskostnaður þess 2704 kr. Alls varð hreinn ágóði 9121 kr., og kom sá ágóði einkanlega eftir 1. ágúst. Fyrirtækið sýnist því vel lífvænlegt til frambúðar, og má búast við, að það blómgist því betur, sem það getur betur fært út kvíarnar og fullnægt betur eftirspurn almennings, en nú fullnægir verksmiðjan ekki nándar nærri þeirri eftirspurn, sem orðin er síðan hún varð sú einasta verksmiðja hjer á Suðurlandi, sem vinnur úr ull, eftir að »Iðunn« fjell úr sögunni.

Þó að nú þingið gefi fyrirheit um þetta lán, þá er þrátt fyrir það ekki hægt að segja með neinni vissu, að stjórnin hafi fje handbært til að lána, en jeg býst við, að svo framarlega sem fjeð verður fyrir hendi myndi stjórnin verða fús til þess, ef þingið vildi samþ. þessa till., því að næst eftir því að forða okkur frá hungri kemur það að hjálpa

við fataþörf landsbúa, og svo er hitt, að ekki er lítið í það varið að geta átt kost á því innanlands, að bætt sje úr veiðarfæraskorti þeirra, er sjó stunda.

Jeg vænti nú, að háttv. deild taki vel þessari till., og sje ekki ástæðu til að fara nánar út í málið að sinni. Býst jeg líka við, að háttv. deild geti nokkurn veginn áttað sig á því, sem hjer er á ferðinni.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er að eins örlítil athugasemd. Það stendur hjer í síðari lið till., að »lánið veitist gegn veði í verksmiðjunni og ábyrgð, er stjórnin tekur gilda . . .«, en mjer heyrðist á háttv. frsm. (Þorl. J.), að hann slægi því föstu, hvernig ábyrgðin ætti að vera; en hjer stendur: ». . . ábyrgð, er stjórnin tekur gilda . . .«, en þá er, skilst mjer, búið að taka fram, hvernig ábyrgðin eða tryggingin eigi að vera. Það var að eins þessi athugasemd, sem jeg vildi gera.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Það getur vel verið, að það megi líta svo á, sem hæstv. fjármálaráðherra gat um, að það, sem jeg ljet um mælt um ábyrgðina, komi ekki vel heim við orðalag tillögunnar, og gæti því verið rjettara, að nefndin taki það til athugunar milli umr., hvort þörf sje á breytingu á orðalaginu. En meining nefndarinnar var nú sú, að stjórnin mundi láta sjer nægja — auk þess sem lagt er í verksmiðjuna, — persónulega ábyrgð eigendanna, og finst mjer í sjálfu sjer, að þegar stjórnin hefir heyrt þann vilja þingsins, ef háttv. deild samþykti það, geti hún vel staðið sig við það að fara eftir honum og lána út á persónulegar ábyrgðir það, sem veðið ekki fullnægir.

Magnús Guðmundsson: Jeg ætla að eins að benda háttv. fjárveitinganefnd og frsm. hennar (Þorl. J.) á, að ef það er meiningin, að það eigi að eins að vera persónuleg ábyrgð eigenda verksmiðjunnar fyrir láninu, þá er óþarfi að taka það fram, því að þeir ætla sjálfir að taka lánið, og ábyrgjast þá sem lántakendur. Þess vegna er það hlægilegt að nefna persónulega ábyrgð þeirra. Ef það því er meiningin, að eigendur verksmiðjunnar taki lánið sjálfir, og engin önnur trygging sje en veð í verksmiðjunni, þá þarf að laga till. á þann hátt, að orðin: ». . . og ábyrgð, er stjórnin tekur gilda . . .« falli burt. Annars er jeg mótfallinn þessari lánsheimild og vil, að heimtuð sje næg trygging, ef í lánið er ráðist. Það sýnist meiningarlítið að vera að heimila lán nú úr landssjóðnum, þegar hann sjálfur verður að taka stórlán hvað eftir annað.

Björn Kristjánsson: Það er út af orðalagi till., sem jeg vil gera ofurlitla athugasemd, — af því að mjer er kunnugt um, að verksmiðjan er veðsett fyrir, þá er nauðsynlegt að taka það fram, hvort hjer sje um 1. eða 2. veðrjett að ræða. Jeg veit, að verksmiðjan er veðsett Landsbankanum með 1. veðrjetti, en till. segir ekkert um það, en jeg ætla, að orðalag till. verði athugað dálítið betur, því að eins og hún liggur fyrir, mætti skilja hana svo, sem það væri 1. veðrjettur, sem stjórnin ætti að taka. Reyndar hefir það komið fram hjá háttv. frsm. (Þorl. J.), að það væri veðrjettur á eftir öðrum veðrjetti, en það er betra að taka það fram í till. sjálfri, enda er það miklu skýrara og rjettara, að það felist í till. sjálfri, hvað meint er.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Jeg skal að eins leyfa mjer að taka það fram, að eftir því, sem fram kom hjá

háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) og háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), býst jeg við, að nefndin taki þetta til athugunar milli umr. En jeg sje ekki, að það sje í sjálfu sjer svo nauðsynlegt að breyta till.; jeg býst ekki við, að nefndin hugsi sjer að draga neitt úr ábyrgð þeirri, er stjórnin hefir, þótt þessi bending væri gefin um ábyrgðina. En ef nefndinni sýnist að orða till. á einhvern annan hátt, þá er sjálfsagt, að hún tekur málið til athugunar.

Sveinn Ólafsson: Mjer virðist full tryggilega gengið frá till. þessari og engin þörf á breytingu. Það skiftir litlu, hvort nefndur er 1. veðrjettur eða ekki, úr því að till. áskilur stjórninni óskoraðan rjett til að heimta það veð, sem henni þykir fullnægjandi. Jeg get því ekki betur sjeð en að þetta sje svo tryggilega útbúið, sem framast má verða; jeg veit ekki, hvort hægt er að ganga betur frá því. Bendingar frsm. (Þorl. J.) breyta ekki skýlausum ákvæðum tillögunnar.

Matthías Ólafsson: Hjer stendur svo á, að þetta er ekki hlutafjelag, heldur fjelag með ótakmarkaðri ábyrgð; það er því óþarfi að taka nokkuð fram um persónulega ábyrgð, nema því að eins, að eignir fjelagsins sjeu áður veðsettar, og því væri heimtuð meiri ábyrgð, að stjórnin gerði sig ekki ánægða með efni þessara manna, heldur vildi hafa meiri tryggingu. Þar af leiðandi er þetta alls ekki ósanngjarnt; hún getur því vel krafist, að fleiri gangi í ábyrgð fyrir þessa menn.

En svo getur vel verið, að þessi verksmiðja verði gerð að hlutafjelagi með takmarkaðri ábyrgð seinna meir, og þá er ekki gott að segja, hvort þeir væru í ábyrgð á eftir; það gæti að minsta kosti leikið vafi á því, eða jafnvel orðið dómstólamál úr því. Þess vegna álít jeg, að till. sje alveg rjett orðuð.

Fjármálaráðherra (S. E.): Hv. frsm. (Þorl. J.) tók það beinlínis fram, hvernig tryggingunni ætti að verða fyrir komið, og út frá því sjónarmiði sagði jeg nokkur orð áðan. En ef þingið segir það fyrirfram, hvernig ábyrgðin á að vera, hvers vegna er þá látið standa í till.: »ábyrgð, er stjórnin tekur gilda«? En háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) tók það fram, að stjórnin ætti að ákveða tryggginguna, og það var einmitt það, sem jeg vildi fá skýrt og greinilega fram, hvort það væri meining þingsins að taka sjálft fram, hvernig tryggingin ætti að verða, sem auðvitað er best fyrir stjórnina, eða hvort stjórnin ætti alveg að ráða því, hvernig tryggingunni væri fyrir komið, — en þá geri jeg ráð fyrir, að stjórnin heimti alveg fullkomna tryggingu, og það má þingið líka vita.

Gísli Sveinsson: Jeg verð að vera sammála hæstv. fjármálaráðherra um það, að ef það er meiningin, að stjórnin á ekki á sína ábyrgð að ákveða tryggingu þá, sem í till. getur, þá er óþarft að orða till. svona; þá er hægt að segja það beinum orðum, hvernig tryggingin á að vera. En jeg vil ekki, að ábyrgðin sje tekin úr höndum stjórnarinnar, vegna þess, að það er og á að vera algild regla, þegar lánsheimildir eru gefnar, sem stjórnir eiga að fara með, að þær eigi eftir sínu viti að ákveða ábyrgðina, ákveða, hvernig lánið skuli veitt, og að öðru leyti ákveða tryggginguna, nema því að eins, að hún sje ákveðin í þeim lögum eða till., sem um ræðir.

Það þarf ekki heldur að orka tvímælis, þótt ekki standi í till. 1. eða 2. veðrjettur, því að reglan er, að slík ákvæði gilda ekki eingöngu 1. veðrjett, heldur og 2. eða 3. veðrjett o. s. frv. En í

yfirliti því, sem háttv. frsm. (Þorl. J.) gaf, taldi, hann að nokkuð væri óveðsett eftir af því, sem verksmiðjan með öllu tilheyrandi gæti talið til veðs.

Jeg skal ekkert um það deila, því að mjer er málið alveg ókunnugt, eða ókunnugt um, hvað þar getur verið afgangs óveðsett, en hitt virðist liggja í augum uppi, að ef á að taka veðrjett í því, sem nýtt kemur, þá getur það ekki verið nema 1. veðrjettur. En óneitanlega er það dálítið valt, þó að menn vilji gera verksmiðjunni alt gott, sem hægt er, að taka þann veðrjett, sem kæmi í því, sem gera ætti við fjeð. Mjer skilst þá, að það þyrfti töluvert eftirlit með því, að þetta fje verði þá eingöngu notað til þess að byggja og bæta við verksmiðjuna með því Það er sjálfsagt rjett, að eigendurnir sjeu, úr því að það er ekki hlutafjelag, nokkur trygging, en það er alls ekki sjálfsagt, að þeir leiti ekki frekari ábyrgðar, fái menn til þess að vera í ábyrgð með sjer um þetta. Þess vegna vildi jeg slá striki yfir þetta, að binda álit stjórnarinnar eingöngu við það, að lántakandi stæði ábyrgur, heldur ættu þeir að afla sjer meiri ábyrgðar, eftir því sem stjórnin teldi þeim skylt. Jeg verð að segja, að það ætti að vera nokkurn veginn trygt að gera það, því að jeg býst við, að það sjeu fleiri en háttv. þm., sem fylgja þessu máli með talsverðri athygli, að það sje álit allmargra manna, að hjer geti verið um blátt og bert gróðafyrirtæki að ræða. (**E. A.**: Nei, það er bjargráðafyrirtæki).

Það á ekki heldur hjer að veita neinn styrk; það er að eins verið að tala um lán, sem á að tryggja, en það hefir líka komið fram hjá háttv. nefndarmönnum, að þeir *eru* ekki á eitt sáttir um þetta. Mjer virtist háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) skilja það svo, að hjer eigi, ef stjórnin telur það heppilegt, að koma fram meiri ábyrgð en eigendanna, er taka lánið. En háttv. frsm. (Þorl. J.) skýrði það nokkuð á annan veg.

Jeg hygg því, að heppilegra væri, að nefndin athugaði þetta mál enn á ný milli umr., svo að þingið þurfi ekki að ganga að því gruflandi, hver meiningin er um þetta atriði, og hvort það er tilætlunin að afgreiða það á þann hátt, að setja stjórninni einhverjar frekari skorður heldur en till. ber með sjer, eins og hún er nú.

Matthías Ólafsson: Jeg skildi ummæli háttv. frsm. (Þorl. J.) svo, sem hann væri að taka fram um veðhæfileikana, til þess að sýna hv. þingdm. fram á, að það væri ekki óglæsilegt að lána fje til þessa fyrirtækis, þegar hann er auk þess búinn að sýna fram á, að þetta er líka bjargráðaráðstöfun, en ekki á nokkurn hátt til þess að draga úr ákvæðum till. um ábyrgðina. Og till. segir að eins það, að stjórnin *láni þetta fje* gegn þeirri ábyrgð, er hún taki gilda, en ekkert um það, hvort eigi að taka ábyrgð þessara manna, eða heimta meira, ef hún áliti svo. Því að vilji hún heimta meiri tryggingu, þá getur hún gert það. En á hinn bóginn ef henni þykir tryggingin næg, þá mun það látið ótalið af þinginu. Þess vegna fæ jeg ekki sjeð, að nokkur ástæða sje til þess að breyta orðalagi till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 16 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 16 : 1 atkv.

Á 53. fundi í Nd., föstudaginn 21.

júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 366).

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Jeg skal geta þess, í sambandi við athugasemdir, er hjer komu fram við orðalag till. við fyrri umr. þessa máls, að nefndin hefir íhugað hana síðan og orðið ásátt um að breyta eigi orðalaginu. Nefndin vildi ekki draga neitt úr ábyrgð þeirri, sem stjórnin hefir og á að hafa í þessu máli. Þetta er heimild fyrir landsstjórnina til þess að lána, og nefndin vill ekki draga úr því, að hún heimti þær tryggingar, er henni finnast henta, til þess að geta sjeð hag landssjóðs borgið.

Stjórnin hefir því heimild til að lána eigendum verksmiðjunnar, gegn veði í verksmiðjunni sjálfri, að því leyti, sem hún er ekki veðbundin áður, og gegn ábyrgðum þeim, er hún tekur gildar. — Það sem jeg ljet um mælt við fyrri umr. var, að nefndinni virtist, að fyrirtæki þetta stæði alltraustum fótum, með bakhjöllum þeim, sem nú eru eigendur, og því mundi ekki þurfa að óttast að lána eigendum út á það. En þess átti ekki að vera varnað, að stjórnin heimtaði frekari ábyrgðir, ef henni að rannsökuðu máli þætti þetta ekki fullnægjandi. Það var aldrei meining mín eða nefndarinnar, að neitt fjetál ætti að komast hjer að. En við nánari athugun má sjá, að þó að eigendur þeir, sem nú standa að verksmiðjunni, sjeu vel stæðir menn, þá geta orðið eigendaskifti að hlutum í svona fyrirtæki, og það áður en kemur til að lána, og því er sjálfsagt, að stjórnin hafi allan veg og vanda af tryggingunum.

Jeg hygg, að jeg þurfi ekki að eyða að þessu frekari orðum, en vænti, að háttv. deild taki till. vel og leyfi henni fram að ganga á þeim grundvelli, sem hún hljóðar um.

ATKVGR.

Till. samþ. með 13:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., mánudaginn 24. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um lán handa klæðaverksmiðjunni á Álafossi,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 389).

Á 50. fundi í Ed., þriðjudaginn 25. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg legg það til, að málinu verði vísað til fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 7 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 538) með 7 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. júlí, var till. tekin til síðari umr. (A. 389, n. 471).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg hefi litlu að bæta við það, sem tekið er fram í nál. þgskj. 471. Jeg hygg, að allir háttv. þm. geti verið sammála um, að það sje nauðsynlegt að styðja að slíkri framleiðslu, er hjer um ræðir. Það færi óneitanlega best á því að vinna sem mest klæði úr ull vorri, svo að vjer þyrftum ekki að kaupa erlendan klæðnað. Það má að vísu fá erlendan klæðnað, sem er jafngóður og sá, sem vjer höfum, en hann kostar þá svo mikið fje, að það er flestum ofvaxið að kaupa hann.

Hjer er farið fram á að styrkja með lánveitingu klæðaverksmiðjuna á Álafossi, svo að hún verði fær um að afkasta meiru en verið hefir. Hjer er að ræða um stóra lánsupphæð, 100,000 kr., eftir íslenskum mælikvarða, en ef slík lánveiting gæti orðið til þess, að klæðaverksmiðjan gæti afkastað meira og betra verki, þá dylst mjer ekki, að rjett sje að veita lánið, einkum ef lánið er jafnframt sæmilega trygt, og nefndin lítur svo á, sem svo megi telja. Verksmiðjan verður fullkomnari og meira virði fyrir endurbæturnar en áður, og auk þess leggja eigendurnir fram aðra tryggingu, sjálfskuldarábyrgð eða annað, sem stjórnin samþykkir. Líta ber og á það, að endurbætur þær, sem á að gera, kosta meira en 100,000 kr., eða lánsupphæðina, því að eigendurnir ætla að leggja fram 22,000 kr. til þeirra frá sjálfum sjer, svo að allar endurbæturnar koma til að kosta 122,000 kr.

Í nál. er það tekið fram, að 20,000 kr. verði varið til ýmsra óhjákvæmilegra mannvirkja, og er það aðallega til þess að auka vatnsmagnið. Vatnsmagn það, sem nú fæst, er 25 hestöfl, en ef flóðgarðarnir eru hækkaðir um 1 metra, þá verður það aukið upp í 40 hestöfl, en auk þess ætla eigendurnir að taka til notkunar annan foss, sem er neðar í ánni, og nota hann annaðhvort til netagerðar, eða til þess að framleiða ljós og hita, en það er nú gert með afli frá efra fossinum. Við þetta eykst líka vatnsaflið, svo að verksmiðjan ætti að geta afkastað enn meiru.

Mál þetta er ekki flókið. Ef menn vilja styðja og efla framleiðslu þessa, er rjett að samþ. till., og jeg hygg, að hv. Ed. gæti, eins og hv. Nd., látið sjer nægja að fela stjórninni að fara með tryggingunа og gæta þess, að hún verði sem best.

ATVKGR.

Till. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 476).

19. Raflýsing Laugarnesspítala.

Á 53. fundi í Nd., föstudaginn 21. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um raflýsingu á Laugarnesspítala (A. 382).

Á 54. fundi í Nd., mánudaginn 24. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Ástæðan til þess, að fjárveitinganefnd hefir komið fram með þessa till., er sú, sem allir vita, að á Laugarnesspítala er alt lýst með steinolíu. Steinolíuljósin hafa þar sem annarsstaðar mikla galla, þurfa mikils viðhalds, óþrifnaður talsverður að þeim, og síðast en ekki síst stafar brunahætta af þeim, þar sem spítalinn er timburhús. En að þessi till. kemur nú fram stafar aðallega af því, að erfitt er að halda við ljóstækjunum. Skortur er á steinolíulömpum, og ef eitthvað bilar í þeim, þá er ekki ætið hægt að fá sömu tegund í staðinn, og verður því oft að kaupa nýja lampa, þó að ekki vanti annað en lampaglas, kveik, dreifara eða því um líkt. Og sjerstaklega hefir það ýtt undir nefndina með að koma með þessa till., að svo gæti farið, að alls ekki yrði unt að útvega steinolíulampa.

Hjer hafa nú verið settar upp smárafmagnsstöðvar, og hafa þær flestar reynst vel. Kostnaðurinn við að koma þessari stöð upp yrði 23165 kr., sam-

kvæmt tilboði, er gert hefir verið. Gert er ráð fyrir, að 6 hesta vjel framleiði rafmagnið, og er hún og alt, sem til heyrir, innifalin í þessu tilboði.

Nefndin hefir ekki fengið fullkomlegar upplýsingar um það, hvort rafmagnsstöð sje ódýrari í rekstri en steinolíuljós. Þeir menn, er hafa komið sjer upp smárafmagnsstöðvum, hafa ekki langa reynslu í því efni, og reynslu þeirra ber ekki saman. Sumir segja, að rafmagnsljós sjeu mun ódýrari. Einn maður hefir t. d. látið það í ljós við nefndina, að 100 kerta rafmagnsljós kosti 8 aura um klukkustund, en sama steinolíuljós 17 aura, með því olíuverði, sem nú er. Má því búast við, að rafmagnsljósin verði ekki mun dýrari, en sá er munurinn á, að miklu minni vinnu þarf við þau en steinolíulampa. Og þar að auki er talsverð áhætta að nota steinolíulampa þar, sem sjúklingar eru margir veikir og svo farlama, að þeir geta ekki notað hendurnar, og eru ósjálfbjarga, ef bruna bæri að höndum. Ekki myndi þurfa að bæta manni við til þess að hirða vjelina; það gætu sjúklingarnir annast.

Jeg býst við, að margir muni segja, að óþarfi sje að koma þessari stöð upp nú, þar sem þess muni skamt að bíða, að komið verði upp aflstöð fyrir bæinn. Þetta er að vísu rjett, að bærinn muni koma sjer upp rafmagnsstöð áður en líður á löngu. En þó að sú stöð komi, er hjer ekki kastað út miklu fje. Allar leiðslur og lampa er þá hægt að nota áfram, og þarf ekki að kaupa þá hluti oftar en einu sinni. Það yrði þá að eins vjelin og rafmagnsgeymirinn, sem yrði óþarft. En gera má ráð fyrir því, eftir því sem horfur eru á, að menn muni setja upp smáaflstöðvar víða úti um land, og eru fullar líkur til þess, að þá megi selja vjelina og rafmagnsgeyminn án affalla. Þarf því ekki að óttast, að þessu fje verði á glæ kastað, heldur muni fást sæmilegt verð fyrir alt það, er síðar kann að verða óþarft á spítalanum.

Eins og jeg tók áður fram, er ekki hægt að segja með fullri vissu um rekstrarkostnaðinn. Nefndin hefir ekki fengið beina áætlun um hann. En sú er reynsla sumra manna, að rafmagn sje ódýrara en steinolía. Maður sá, er gert hefir tilboð um að koma stöðinni upp, kveður rekstrarkostnaðinn munu verða minni, en aftur segja aðrir, að hann muni verða fult svo hár. Hefir nefndin því ekki getað áttað sig á þessu atriði.

Það er óhætt að segja, að rekstrarkostnaðurinn geti orðið meiri, en þá fæst líka meira ljósmagn en áður fyrir sama verð.

Vjer spurðum líka mann þann, er tilboðið gerði, hvort ekki myndi verða hægt að spara þá olíu, sem notuð er þar á spítalanum til suðu, og áleit hann, að vafalaust mundi mega spara steinolíuvjelar þær og »primusa«, sem notaðar eru til kaffihitunar.

Jeg get þá ekki gefið frekari upplýsingar í svip, þótt verið geti, að jeg þyrfti að taka fleira fram. En ef jeg skyldi geta gefið einhverjar frekari upplýsingar, sem háttv. þm. þætti æskilegt að fá, þá vona jeg, að þeir láti til sín heyra.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 13 shlj atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 13 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 25. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 382).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 11 : 1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., miðvikudaginn 26. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um raflýsingu á Laugarnesspítala,

eins og hún var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 398).

Á 52. fundi í Ed., fimtudaginn 27. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg leyfi mjer að leggja til, að þingsályktunartill. þessari verði vísað til fjárveitinganefndar að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 534) með 8 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. júlí, var till. tekin til síðari umr. (A. 398, n. 427).

Frsm. (Eggert Pálsson): Það væri ef til vill þörf að fara nokkrum orðum um þessa till., þar sem hjer er um allháa fjárupphæð að ræða.

Málaleitanir þessar byggjast á brjefi frá spítalalækninum til stjórnarráðsins, dags. 4. apríl 1918, og hygg jeg, að skýringar málsins komi best fram með því að lesa brjefið, og vil jeg því með leyfi hæstv. forseta gera það. Það hljóðar svo:

»Jeg leyfi mjer virðingarfylst að mælast til þess við hið háa stjórnarráð, að reynt verði að útvega aukafjárveitingu hjá Alþingi 1918 til rafljósastöðvar á Laugarnesspítalanum á næsta sumri, alls, samkvæmt hjálagðri áætlun þeirra rafmagnsfræðinganna Halldórs Guðmundssonar og E. Jensen, að upphæð kr. 23165,00.

Það hefir verið tilfinnanlegt mjög frá stofnun spítalans, hve óhentugt hefir verið á slíkri stofnun að verða að notast við steinolíulampa, vegna óþrifa, loftspillis og ekki síst vegna sífeldrar brunahættu, þar sem fult er af fólki, sem er blint eða kann hvorki höndum nje fótum forráð.

Ástæðan til þess, að jeg tel bráðnauðsynlegt að fá þessu komið í lag fyrir haustið, er sú, að spítalinn hefir í vetur verið í mestu vandræðum með að viðhalda steinolíulömpunum; það hefir verið nálega ómögulegt að útvega nýja lampa fyrir þá, sem hafa gengið úr sjer. Ráðsmaður kveðst ekki geta útvegað brennara eða ljósdreifara í verslununum, sem passi, og oft hörgull á hæfilegum kveikjum.

Það gæti því vel farið svo, að ekki yrði hægt að brúka steinolíuljós á spítalanum næsta vetur, þótt hægt yrði að fá steinolíu, vegna lampaskorts«.

Það er bert af brjefi læknisins, að mikil nauðsyn er á raflýsingu. Lækninum hefir verið sent tilboð um að koma upp raflýsingunni fyrir 23165 kr. Gilti tilboðið til 30. maí, en þótt nú sje komið fram yfir þann tíma, taldi nefndin líklegt, að þeir, sem tilboðið gerðu, standi enn við það. Að svo vöxnu máli taldi hún því ekki ástæðu til að gera ráð fyrir meiri kostnaði en áætlaður var í umræddu tilboði. Í sambandi

við þetta er rjett að geta þess, að ekki er ástæða til að halda, að rafmagnsvekjararnir, sem nú verða keyptir, þyrftu að verða ónýtir, þótt raflýsing í stærri stíl kæmist á hjer í Reykjavík og spítalinn fengi rafmagn þaðan. Rafmagnsvekjarana mætti þá vafalaust selja til notkunar á öðrum stöðum.

Það væri óráðlegt að verða ekki við þessari nauðsyn. Það má ekki verða dimt í þessari stofnun, sem landið á að sjá um, sem viðbúið er vegna lampaleysis, jafnvel þótt olía verði til. Það er, eins og allir sjá, bráð nauðsyn á að leggja út í þetta, svo framarlega sem kostnaðurinn fer ekki að áliti stjórnarinnar fram úr allri sanngirni.

ATKVGR.

Till. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 439).

---

20. Mentaskólinn.

Á 53. fundi í Nd., föstudaginn 21. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um hinn almenna mentaskóla (A. 383).

Á 54. fundi í Nd., mánudaginn 24. júní, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 25. júní, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 26. júní, var till. aftur tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 29. júní, var till. enn tekin til einnar umr. (A. 383).

Flm. (Bjarni Jónsson): Mjer þykir leitt, að kenslumálaráðh. skuli nú ekki vera hjer viðstaddur, því að þessu er sjerstaklega til hans beint. En jeg mun þó segja örfá orð til stuðnings þessari till. minni.

Það heyrist talað um töluverðan metnað milli eldri stúdenta og yngri. Sumir af mínum samferðamönnum tala heldur í þá átt um stúdentana, að þeir sjeu lakari nú en áður, en jeg get ekki skorið úr því; jeg þekki þó svo marga af þeim, að jeg get ekki sagt, að það sje neinn sjerlegur munur á þeim. Menn eru enn þá gáfaðir, eins og þeir voru áður, vel að sjer, það er gott að kenna þeim og þeir eru fljótir og skynugir, eins og tíðkaðist í mína daga. Það er það einasta, ef um mun er að tala, að það sje eins og einhver annar blær yfir mentun þeirra, og mjer skilst það liggja í því, að þeir eiga að læra á skemri tíma. Þeir eiga að læra hávaðann af því, sem kent var í lærða skólanum, á þremur árum í mentaskólanum, því að jeg tel þá ekki byrjaða fyr en þeir koma úr gagnfræðadeildinni. Jeg er því ekki í vafa um, að það er flýtislærdómur, og hefir þess vegna ekki, þegar þeir verða stúdentar, fengið jafnlangan tíma til þess að gróa í hug þeirra og búa um sig þar. Þetta hygg jeg munu reynast svo, sem jeg hefi nú sagt, ef eldri og yngri skólinn eru bornir saman, og jeg efast ekki um, að það er til töluverðs ógagns. Það kemur nefnilega yfir á þeirra háskólatíma nokkuð af þeirri þroskavinnu, sem á að vera lokið í lærða skólanum. Einungis út frá þessu

sjónarmiði hygg jeg, að vel geti átt við að breyta skólanum í það horf, sem jeg fer nú fram á. Það hefir reyndar komið fram till. frá einum kennara við almenna mentaskólann, sem mundi bæta nokkuð úr þessu. Jón Ófeigsson lagði það til, — jeg ætla, að till. hans liggi hjá stjórnarráðinu, — að bæta inn í einum bekk á milli gagnfræðadeildarinnar og lærdómsdeildarinnar, og skal jeg játa, að sú breyting yrði að vissu leyti til bóta og mundi jafna nokkuð þann mun, sem er á milli yngri og eldri manna, svo að þeim yngri yrði ekki ofboðið þegar á fyrsta vetri lærdómsdeildarinnar með of hörðum kröfum.

En það er líka annað, sem jeg vildi minna á, sem ekki stendur í sambandi við mentaþroska stúdenta allra, heldur lærðra manna. Það hefir verið mjög mikil aðsókn að þessum skóla, og sjerstaklega hefir hún vaxið síðan hann var tengdur við gagnfræðaskólann, eftir að menn þurftu ekki annað en gagnfræðapróf til þess að ganga inn í mentaskólann.

Nú hafa sumir kennarar álitið sjer heimilt að stöðva suma menn. Mun það nokkuð hafa verið með það fyrir augum, að annaðhvort væru þeir ekki nógu gáfaðir til þess að ganga þessa lærdómsbraut, eða að það væri of mikið af lærðum mönnum. En nú getur hver maður sjeð það, að slíkt er óyndisúrræði, sem ekki má eiga sjer stað, að svo sje misbeitt einkunnagjöf. Þeir menn, er skólann sækja, eru þá komnir á þann aldur, að þeir eiga heimild til þess að ráða sjer sjálfir og velja sjer þá braut, er þeim líkar, og það er jafnrjetti, sem heimtað er að hver kennari sýni í lærða skólanum, því að það eitt, að æskulýðurinn sjer, að kennarinn skemmir svo vald það, sem hann á að hafa, eitrar svo mjög hugi hinna ungu manna, að það gerir áreiðanlega miklu meira til að spilla þeim en nokkuð annað. Það er líka vitanlegur hlutur, að í uppeldi manna er ekkert, sem þarf að forðast eins og ranglæti; ekkert eitrar hug æskumannanna svo mjög sem það, ef þeir sjá þann mann, sem þeir eiga að unna, neyta rjettar síns af handahófi. Jeg segi þetta af því, að jeg veit, að kennararnir hafa talið sjer nauðugan einn kost að fækka nemendum með þessu.

Ef skólinn er einn og tekur ekki við af öðrum, þá er ekki nein freisting fyrir þá menn, sem ekki eru mjög hneigðir til lærdóms, að halda áfram þessa skólabraut. Ef skólinn væri að eins undirbúningsskóli undir mentun lærðra manna, vísindamanna og embættismanna, þá mundu, með því fyrirkomulagi, hinir hætta á lærdómsbrautinni þar, sem gagnfræðaprófið er, ef svo væri háttað, að skólarnir væru sundurlausir og hvor fyrir sig, og með því hyrfi alveg sú ástæða, að »slátra« mönnum af of mikilli aðsókn.

Það er annars fleira, sem mælir með því að hafa stofnunina eina og út af fyrir sig; það er, að fljótur lærdómur, þó að hann leiði til jafnmikillar kunnáttu í svip, er verri, sakir þess, að nemandinn fær miklu meira næði til þess að njóta þess lærdóms, sem seinna er tekinn, heldur en ef alt er lært í einum svip.

Ef jeg ætti að vísa til annara þjóða um þetta efni, mundi jeg benda á Þjóðverja, því að skólamentun yfir höfuð er betri hjá þeim en öðrum þjóðum; þeir hafa lærðan skóla, sem stendur í 8 ár; læra þeir því miklu meira en gert var í minni tíð, og var þá þó heimtað meira en nú er; en þar af leiðir aftur hitt, að þeir menn, sem koma af þeirra skólum, þurfa hvergi nærri eins langa háskólavist, því að þeir hafa lært margt í undirbúningsskólanum, og þeir hafa

þar að auki lært að læra, og jeg verð að segja það, að eftir því, sem jeg veit best, er skólinn ekki nærri nógu góður í því efni, því að það er sannarlega miklu, erfiðara að ganga ríkt eftir að vel sje lært, þegar hlaðið er á þrjú ár því, sem að rjettu lagi á að læra á 5 árum. Það geta að eins þolað gáfuðustu menn, og er þeim þó tjón að því, vegna þess, að þeir þurfa að eyða meiri tíma og kröftum til lestrar, geta ekki lesið sínar eigin bókmentir eða annara þjóða, svo að þeir verða eins og einhverskonar andlegir steingerfingar yfir lærdómnum. Og enn er eitt, sem jeg get sagt. Það er ljós munur á stúdentalífi nú og því, sem var á mínum aldri; það er samheldnin. Hún er langtum minni og samheldnin og bandið milli skólabræðra. Hverjum datt annað í hug en að heilsa skólabróður sínum með kossi, þegar þeir hittust á haustin? Mjer dugði það við marga, að jeg átti að hafa verið með þeim í 2 ár, en var það ekki, vegna þess, að jeg gekk upp í 3. bekk; en þeir hjeldu því fram, og jeg hafði auðvitað ekkert á móti því. En jeg verð að halda því fram, og býst við að geta fært sönnur á það, að slík samheldni sje svo mikill kostur, að mikið sje til vinnandi, að þetta takist upp aftur.

Þetta er horfið nú, vegna þess, að heimavistirnar hafa verið teknar úr skólanum, og nemendur búa nú úti í bæ, til þess að geta búið sem ódýrast, hvernig svo sem húsakynnin kunna að vera.

Til þess að framkvæma þetta þarf ekki að eins að gera skólann að sjerstakri stofnun, heldur þarf líka að byggja hús yfir nemendurna, sem þeir geti búið í og haft þar saman mötuneyti, því að það er áreiðanlegt, að fundahöld, samræður og leikir, ef vel er á haldið, þroska mennina ekki minna en sjálf kenslan.

Þetta tel jeg víst að allir menn muni fallast á, og það er enginn vafi á því, að þó að þetta yrði mun dýrara, þá yrði það samt til vinnandi, því að ef til nokkurs er vert að kosta, þá er það til uppeldis ungum mönnum, sem eiga að verða leiðtogar í landinu, og það sakar ekki, þar sem samheldnin er ekki meiri en hjá okkur Norðurlandaþjóðunum, Nesjakonungunum fornu, að hún sje treyst sem mest.

Þetta voru aðalástæður mínar fyrir till. þessari og fyrir því, að jeg vil hafa einn og sjerstakan skóla. Svo ætlast jeg líka til, að rannsakað væri, hvort ekki væri rjett að skifta honum þegar til efri bekkjanna kæmi, og yfir höfuð skora jeg á stjórnina að rannsaka þetta, ekki af því, að mjer þyki þörf á nokkurri rannsókn, heldur af því, að sjálfsagt er að gefa þeim mönnum, sem vinna við þessa stofnun, kost á að segja álit sitt um málið, og þeim, sem eiga að taka við af þessum mönnum, háskólakennurunum. Það þarf ekki að ræða um það, því að það er sjálfsagt, að menn sjeu greindir í sundur þegar upp í efri bekki skólans kemur, með þeim hætti, að ekki sje jafnmikil áhersla lögð á málfræði eða stærðfræði og náttúrufræði. Það styrkti líka, að þeir í skóla veldu strax, hvaða höfuðgrein þeir vildu taka, og jeg skal bæta því við, að jeg teldi ekki ástæðulaust, að efnafræði væri einnig lögð til undirstöðu, eins og hinar tvær höfuðgreinarnar, sem jeg hefi nefns, vegna þess, að efnafræðin er undirstaða náttúruvísindanna, og þó að það hafi verið alveg vanrækt hjer á landi, þá höfum við, sem nú erum fullorðnir, rekið okkur á það, að mikið vantar á mentun hvers manns, sem ekkert þekkir til hennar.

Jeg teldi hyggilegt að þrískifta skólanum, og alveg sjálfsagt að tvískifta honum, enda hafa aðrar þjóðir fengið

margra ára reynslu fyrir því, og það ætla jeg að hægt væri, ef honum væri þannig breytt, sem jeg hefi nú talað um.

En aftur á móti er ófært að skifta honum nú, því að þegar nemendurnir koma upp í lærdómsdeildina, hafa þeir engan undirbúning fengið til þess að geta tekið að leggja stund á hinar sjerstöku greinar, því að þeir hafa alt of lítinn undirbúning bæði í málfræði og stærðfræði, að eins lært lítið eitt í þeim, en ef neðan við skólann væri bætt 2—3 bekkjum, álít jeg, að menn hefðu náð þeim þroska, að skifta mætti, og sjálfsagt er, að öllum þeim nemendum, sem í skólann fara, mundi þykja þetta mikið hagræði.

Jeg hefi nefnt þetta rannsókn. Jeg hefi hugsað mjer, að hún liggi í því, að landsstjórnin sjálf rannsaki þetta, láti kennara skólans segja álit sitt um það og svo kennara Háskólans. Kennarar við þessar tvær stofnanir myndu þá verða að segja sitt álit og ráða mestu um það, og yrði jeg þá að beygja mig undir álit þeirra. En hvað sem um það verður sagt, þá er jeg sannfærður um það, að þeir, sem vilja afla sjer almennrar mentunar, eiga ekki samleið við þá, sem ætla sjer að verða mentamenn og visindamenn; og veit jeg, að gagnfræðanemendurnir hafa mikinn skaða af því, að haga verður kenslunni eftir þörfum þeirra, sem eiga að ganga í gegnum lærdómsdeildina. Sömuleiðis er það kostnaðarmeira fyrir landið að hafa gagnfræðaskóla skeyttan við þennan skóla, því að það mætti steypa saman skólunum, svo að ekki væri nema einn gagnfræðaskóli fyrir sunnan land og annar fyrir norðan. Í þeim gætu konur og karlar stundað nám, ef vildi, en svo væri einn kvennaskóli eða tveir, sem að eins kendi þær námsgreinar, er konur einar legðu stund á.

Kvennaskólarnir ættu þess vegna ekki að vera annað en einskonar hannyrðaskólar. Með þessu fyrirkomulagi mætti hafa fyrirmyndar-fræðslustofnanir með góðum kennurum, og yrði þá að borga þeim skammlaust.

Jeg er ekki í neinum efa um, að þetta fyrirkomulag mundi reynast vel, en jeg hefi þó lagt það til, að stjórnin rannsakaði málið, og er sannfærður um, að hún mundi komast að sömu niðurstöðu og jeg hefi komist, og er þá sjálfsagt að breyta skólanum í þá átt, sem rannsóknin fellur og hann áður var.

Jeg skal þó ekki fjölyrða hjer um skiftingu hinna einstöku námsgreina, t. d. hvort hafa skuli gömlu málin fyrir kjarna í skiftingu skólans. Og þetta geri jeg af því, að þótt jeg hafi altaf viðurkent, að gömlu málin sjeu vel til þess fallin, þá get jeg ekki fallist á, að þau sjeu ómissandi. En nauðsynlegt er að hafa einhverja fræðigrein í skólanum, sem er valin með það fyrir augum að kenna nemendum að læra. Menn munu nú ef til vill segja, að ein fræðigrein sje kend með það fyrir augum í skólanum, þar sem enskan er. En þetta mál er óhæft til þess að glæða slíkan þroska hjá nemendum. Enskan er ekki vel fallin til þess að þroska málfræðilega þekkingu og hugsun sem mörg önnur mál. Og það stafar af því, að hún er mjög slitið mál að beygingum og blandað. Hún stendur næst kínversku, sem hefir enga málfræði, heldur felst málfræðin og merking orða í því, hvar orðið stendur í setningunni. En þetta er svo frábrugðið því lögmáli, sem mál menningarþjóðanna byggjast á, að ekki er rjett að velja slíkt mál til þess að þroska málfræðivit og rökrjetta hugsun nemandanna. (**E. J.**: Það er gríska an ein).

Það er rjett, sem háttv. 2. þm. Rang.

(E. J.) sagði, að grískan er allra mála best til þess fallin að vekja slíkan þroska. Og vona jeg því, að hann ljái atkvæði sitt til þess, að hún verði tekin aftur inn í mentaskólann, svo að yngri stúdentar geti minst hans með þakklæti fyrir góðar till. hans á Alþingi.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 14 : 1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., mánudaginn 4. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um hinn almenna mentaskóla,

eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 425).

Á 55. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 56. fundi í Ed., miðvikudaginn 3. júlí, var till. tekin til einnar umr. (A. 425).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 444).

---

21. Bráðabirgðalaunaviðbót símastarfsmanna.

Á 54. fundi í Nd., mánudaginn 24. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um bráðabirgðalaunaviðbót handa starfsmönnum landssímans (A. 394).

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 25. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 11 : 2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till vísað til síðari umr. með 11 : 2 atkv.

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 26. júní var till. tekin til síðari umr. (A. 394).

Frsm (Matthías Ólafsson): Við fyrri umr. var ekki tækifæri til þess að minnast á ýms atriði þessa máls, og mun jeg því nú fara nokkrum orðum um það.

Eins og sjá má í greinargerð till., hefir landssímastjóri farið fram á að hækka símagjöld að miklum mun, og síðan yrði nokkru af þeim tekjuauka varið til að bæta kjör starfsmanna símans yfirleitt. Kjör þeirra eru nú svo slæm, að símanum helst ekki á starfsfólki sínu, og besta fólkið, sem búið er að fá æfingu í starfinu, segir upp stöðum sínum hópum saman. T. d. hefir verkfræðingur símans nýlega sagt upp stöðu sinni, og tekur hann við stöðu með hærri launum í öðru landi. Og annar starfsmaður símans, sem fengið hefir æfingu, hefir nú sagt af sjer og fær stöðu hjer í bænum með stórum mun hærri launum. Það lítur því illa

út fyrir landssímanum, ef hjer er ekki bót á ráðin. Þetta mál hefir nú verið athugað bæði af fjárhagsnefnd og fjárveitinganefnd, og hafa þær komið sjer saman um, að nauðsyn sje á að bæta kjör starfsmanna landssímans, en hins vegar og neyðarnauðsyn að hækka símgjöldin, til þess að fá tekjur handa símanum. Það yrðu sem allra næst 100 þús. kr. tekjuauki af þessari hækkun gjaldanna, og fer svo landssímastjórinn fram á, að af þessu fje sje varið alt að 40 þús. kr. til launahækkunar handa símafólkinu. Yrði þá tekjuafgangur af þessari hækkun um 60 þús. kr. Það hefir nú að vísu heyrst, að notkun símans myndi ef til vill minka eitthvað við hækkun gjaldanna. Það er ef til vill ekki útilokað, að alþýða mundi nota hann eitthvað minna, en hitt er víst, að kaupsýslumenn og aðrir efnaðri borgarar myndu ekki horfa í þennan kostnaðarauka, svo að jeg býst ekki við, að sá munur yrði mikill.

Þessar ástæður virðast nú, að minsta kosti frá sjónarmiði nefndarinnar, nægilegar til að fallast á till. þessa. Í henni er ekki tekið fram, að símgjöldin skuli hækkuð Nefndin áleit þetta stjórnarathöfn, sem ekki þyrfti lög til.

Eins og tekið er fram í greinargerðinni, hefir landssímastjóri gert mjög greinilega áætlun um launahækkun hvers einstaks flokks starfsmanna, og hefir sú áætlun legið frammi í lestrarsal.

Yfirleitt varð nefndin, sem fjallaði um þetta mál, að fallast á, að hækkunin væri sanngjörn. Landssímastjórinn hefir og farið fram á hækkun handa sjálfum sjer. Nefndin gat nú ekki fallist á till. hans um það, en hefir nú skrifað stjórninni brjef um endurbætur á kjörum hans. Leggur hún til, að honum sje bætt upp á annan hátt, og hefi jeg ástæðu til að ætla, að hann muni taka því vel. En ef hann fær enga bót, verður það eina ráðið fyrir hann að fara utan og leita sjer betri stöðu. Jeg vænti þess nú fastlega, að háttv. þingdm. sjái, að hjer sje varla hægt að komast hjá að gera það, sem farið er fram á. Það sjá allir, að það er óhugsandi, að síminn geti haldið fólki sínu, sem æft er orðið, meðan launakjörin eru eins og nú, og hitt er ekki heppilegt, að altaf sje verið að skifta um og stöðugt komi óvant fólk. Og ef það verður ofan á að hækka gjöldin, er hætt við, að fólk geri þær kröfur, að afgreiðsla við símann verði ekki lakari, heldur hitt.

Sýnist því í alla staði óhjákvæmilegt, að mál þetta nái nú fram að ganga. Jeg sje svo ekki ástæðu til að tala lengra nú. Ef svo ólíklega skyldi fara, að mál þetta sætti andmælum, þá áskil jeg mjer rjett til þess að verja gerðir nefndarinnar. Hún hefir haft mikið fyrir því að rannsaka málið og komst öll að þeirri niðurstöðu, að þetta væri eina úrræðið.

Pjetur Ottesen: Fáein orð. Jeg skil þessa till. svo, að það sje landssímastjórinn sem á að jafna niður þessari launahækkun. Nú tók háttv. frsm. (M. Ó.) það fram, að nefndin hefði ekki fallist á till. hans um laun hans sjálfs, og hefði skrifað stjórninni athugasemd þar að lútandi. En þar sem landssímastjórinn á að vera einvaldur um þessa úthlutun, þá hefir slíkt ekki mikið að segja. Þetta kemur stjórninni þá ekkert við, og getur hún þar engu um þokað, eins og nú er um hnútana búið. Jeg hefði nú kunnað því betur, að landsstjórnin hefði þessa úthlutun á hendi, en að landssímastjórinn hefði að sjálfsögðu tillögurjett um það.

Hvað viðvíkur þessari hækkun símgjaldanna, sem háttv. frsm. (M. Ó.) mint-

ist á, þá er það vitanlega neyðarúrræði að ráðast svo á samgöngurnar, rjett eins og gert var með burðargjaldshækkunina í fyrra, sem jeg var mótfallinn. En það verður víst ekki komist hjá að bæta að einhverju leyti laun þessara starfsmanna, og þá einkum þeirra, sem lægst eru launaðir. Jeg hefi nú ekki sjeð þessa áætlun frá landssímastjóra um skiftingu uppbótarinnar, sem háttv. frsm. (M. Ó.) gat um. Hún hefir ekki legið frammi í lestrarsal, en líklega verið hjá fjárveitinganefnd. Jeg hefði þó óskað dálítilla upplýsinga um ýmislegt í málinu, t. d. hvað landssímastjórinn hefir farið fram á handa sjálfum sjer; jeg hefi spurnir af, að það muni ekki vera skorið neitt við neglur; og þá líka, hvernig hann vill haga niðurjöfnun þessara launabóta handa öðrum starfsmönnum. Ef til vill getur háttv. frsm. (M. Ó.) gefið upplýsingar um þetta. Annars væri gott, að málið væri tekið út af dagskrá nú, svo að hægt sje að athuga það betur, og þá eins, hvort ekki sje hægt að færa upphæðina eitthvað niður.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er ekki mjög mikið, sem jeg hefi ástæðu til að taka fram í þessu máli, sem jeg vona að fái góðar undirtektir í háttv. deild.

Háttv. frsm. (M. Ó.) hefir rjettilega tekið það fram, að landssíminn sje búinn að missa ýmsa helstu starfsmenn, sem sætt hafa því að vera við þann eldinn, sem betur brennur, hafa valið stöðu, þar sem þeim bjóðast betri laun. Jeg veit það og vel, að úti um land bíða starfsmenn landssímans eftir því, hvernig fer um þessar till., því að ef ekki verður hækkað kaup þeirra, þá treysta þeir sjer ekki til þess að halda áfram að hafa stöður sínar með höndum.

Viðvíkjandi hækkun símagjaldanna vil jeg geta þess, að komin er út reglugerð, sem aðallega er miðuð við það, sem stendur í erindi því frá landssímastjóranum, sem minst hefir verið á hjer, og gildir hún frá 1. næstkomandi mánaðar. Eftir áætlun landssímastjórans verður tekjuaukinn af þessari hækkun rúmar 100,000 krónur, og er þá hugsunin, að nokkru af því megi verja til þess að bæta laun starfsmanna símans, og þar á meðal, eftir því sem jeg hefi skilið háttv. fjárveitinganefnd, til þess að bæta laun hans sjálfs, en það verður að koma fram sem till. á sínum tíma í aukafjárlögum, með því að laun hans eru ákveðin í fjárlögum. Jeg tel mjer skylt að láta það uppi, að eftir því, sem jeg þekki til landssímastjórans, þá er hann ekki að eins mjög stjórnsamur maður og áhugasamur, heldur get jeg ekki betur sjeð en að honum sje það áhugamál að gæta sparnaðar í hvívetna. Hann telur það æskilegast fyrir sig að geta haldið áfram þessu starfi, sem hann tók að sjer í byrjun, en jeg man ekki fyrir víst, hve mikla launaviðbót hann biður um, en jeg hefi ástæðu til að ætla, að hann muni ekki hverfa frá starfinu, þótt hún verði ekki að fullu veitt, heldur að eins að nokkru, eða svo, að hann geti varið kröftum sínum óskertum í þarfir landssímans. Skal jeg svo að lokum láta þá von mína í ljós, að þingsályktunartill. sú, er fjárveitinganefnd ber fram, verði samþ.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg skildi háttv. þm. Borgf. (P. O.) svo, að hann hjeldi, að það væri algerlega lagt á vald símastjóra, hvernig launaviðbót þessari yrði úthlutað. Það er auðvitað ekki rjett, því að það er þó stjórnin, en ekki landssímastjórinn, sem vald hefir til að ákveða hana, en vitanlega er stjórninni skylt að fara sem mest að

tillögum hans í því efni, og vil jeg biðja háttv. þm. (P. O) að gæta þess, að 2 stórar nefndir hjer á þinginu hafa fallist á till. landssímastjórans um þetta mál. Háttv. sessunautur minn (H. K) segir, að það sje ekki rjett að vísa til fjárhagsnefndar; það getur verið, að þeir hafi kann ske ekki allir verið með því, en þó áreiðanlega meiri hl. hennar.

Þá vil jeg fara nokkrum orðum um landssímastjórann sjálfan. Vjer, sem höfum setið á nokkrum þingum og höfum reynt það af honum, að hann er bæði stjórnsamur og sparsamur, munum ekki óska annars fremur en að hans megi njóta við sem lengst, og að honum haldist sem best á því fólki, sem hann á að segja yfir, en það er ekki skemtilegt fyrir mann, sem á að sjá um alt og vill halda góðu fólki hjá sjer, að þurfa að sækja alt með nauðung til þingsins, og að fá jafnvel ekki allra brýnustu sanngirniskröfum framgengt, og ef háttv. þm. Borgf. (P. O) vill taka á sig þá ábyrgð, er leitt getur af slíkri synjun, þá er það gott, en jeg vil ekki stuðla að því, að landssímastjórinn þurfi að fara að taka aftur óæft fólk í þjónustu sína, því að það er áreiðanlegt, að ef til þess kemur, þá á þingið ekki svo lítinn þátt í því.

Hvað sjálfan landssímastjórann snertir, þá er það að segja, að það er sá maður, sem fyrst tók að sjer starfið hjer, og að það, sem stofnun þessi er komin, er í rauninni hans verk; hann hefir lengi stýrt henni og sjeð um hana, og hún er nú komin í viðunanlegt horf fyrir ötula stjórn hans. Hins vegar hefir hann mikla fjölskyldu, sem honum er erfitt að færa fram, og mun það öllum vel skiljanlegt. Enn fremur ber að líta á það, að þeir menn, sem undir hann hafa verið gefnir til þessa, hafa nú fengið stöður, sumpart hjer á landi og sumpart erlendis, með talsvert hærri launum en hann hefir. Þannig hefir Smith verkfræðingur fengið stöðu í Noregi með 8000 kr. árslaunum auk 1000 kr. dýrtíðaruppbótar. Þess vegna hefir fjárveitinganefnd lagt með því, að landssímastjóranum yrði veitt uppbót á launum hans. En þó að hann hafi farið fram á nokkuð mikið, þá er það ekki nema eðlilegt, vegna þess, að menn vita, að hjer er það altaf vaninn að klípa af því, sem beðið er um, og hefir hann þóst vita, að því hærra sem hann setti, því meiri von væri til, að hann fengi nær því, sem hann vildi.

Þá vil jeg leiðrjetta þann misskilning, sem fram hefir komið á orðum mínum í garð nefndanna. Jeg sagði að eins, að þær hefðu fallist á tillögur landssímastjóra í öllum aðalatriðum, og önnur þeirra, fjárhagsnefnd, hefir skrifað stjórnarráðinu um, að honum væri veitt launauppbót, sem hæfileg þætti, og yrði sú upphæð á sínum tíma tekin í fjáraukalög.

Að fara nú að taka málið út af dagskrá virðist mjer hvorki þörf á nje heldur rjett. Það er nú farið að líða á þingið, en í annan stað leitt, ef ekkert yrði úr þessu máli, enda býst jeg við, að það væri mjög illa farið. En hvað háttv. þm. Borgf. (P. O.) snertir, ef hann hefir ekki getað kynt sjer það allan þann tíma, sem fylgiskjöl þess hafa legið frammi í lestrarsalnum, og svo síðan fjárveitinganefnd fór að athuga það, þá býst jeg varla við, að hann geti fengið ráðrúm til þess hjer eftir.

Magnús Guðmundsson: Það er sagt í greinargerðinni fyrir till. þessari, að fjárhagsnefnd og fjárveitinganefnd hafi komið sjer saman um öll aðalatriði hennar. Þetta er ekki alveg rjett frá

skýrt, og skal jeg, því til sönnunar, lesa upp kafla úr brjefi fjárhagsnefndar til stjórnarráðsins. Þar segir svo:

»Um síðari liðinn tekur nefndin fram (þessi liður er um launahækkun starfsmanna landssímans) — þótt hann heyri í raun rjettri undir verksvið fjárveitinganefndar —, að hún getur verið því hlynt, ef áður um getin hækkun símagjalda yrði samþykt, að ákveðin upphæð af hinum auknu símatekjum gengi, meðan lögin væru í gildi, til uppbótar á launum fastra starfsmanna símans, eftir þeim mælikvarða, sem stjórnarráðið ákvæði, og án tillits til dýrtíðaruppbótar, lögum samkvæmt, af þeim launum, sem nú hafa þeir«.

Hjer er því ekki sagt annað en að nefndin geti verið því meðmælt, að einhver hluti af þeirri upphæð, sem símagjaldahækkunin nemur, verði notaður til þess að útbýta meðal starfsmanna landssímans. Háttv. frsm. (M. Ó.) sagði, að í þessari till. fjárveitinganefndar væri ekki að öllu leyti farið eftir till. landssímastjóra, það væri klipið af þeim, en jeg held, að það sje misskilningur; þær liggja fyrir hjer þessar till. hans, og álítur hann sjálfur, að þær nemi um 40000 kr.; hefir fjárveitinganefnd þannig tekið till hans til greina að öllu leyti, svo að það er alls ekki klipið af þeim, eins og sagt er, og jeg býst satt að segja við, að landssímastjóri hafi samið þessar till. sínar einmitt þannig, að hann byggist við, að af þeim yrði klipið.

Fyrir mig verð jeg að segja, að mjer þykir 40000 kr. alt of há upphæð til þessa, enda hlýtur hver og einn að sjá, með því að líta yfir þessar uppbætur, sem gert er ráð fyrir, að þær eru hlutfallslega miklu hærri en þær uppbætur, sem ætlaðar eru öðrum starfsmönnum hins opinbera.

Svo var það eitt atriði, sem háttv. þm. Borgf. (P. O.) tók fram. Það stendur hjer í till. fjárveitinganefndar, að úthlutun þessarar launahækkunar fari fram eftir till. landssímastjóra. Skil jeg það svo, að stjórnarráðið sje þá algerlega bundið við þær. Það get jeg ekki samþykt. Þá er betra að láta landssímastjórann ráða því einan, en ef það væri ekki ætlunin, þá er betra að orða till. öðruvísi. Þetta orðalag er reyndar víða í lögum, en það hefir áður orkað tvímælis, og þegar af þeirri ástæðu er sjálfsagt að breyta þessu þannig, að skýrt komi fram, hver meiningin er.

Jeg fæ ekki sjeð, að það geti á nokkurn hátt orðið málinu til hnekkis, þótt það verði tekið út af dagskrá. Vil jeg benda háttv. frsm. (M. Ó.) á, að við fyrri umr. málsins voru engar umr. um málið, og held jeg því, að nefndin ætti ekki að vera á móti því, að það sje gert.

En jeg verð að taka það fram, að jeg get ekki litið svo á, að fjárhagsnefnd sje bundin við þessa till., því að hún hefir ekki samþykt hana, heldur að eins látið þá skoðun sína í ljós, að hún væri sammála um einhverja hækkun.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg get ekki betur sjeð en að háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) hafi einmitt sannað það, er hann vildi ósanna, með öðrum orðum, að nefndin hafi látið það uppi, að hún væri samsek í því, að þessi till. er fram komin, og að hún væri sömuleiðis samsek í því, að veitt er af þessu fje. Þetta kalla jeg aðalatriðið, og jeg hefi ekki sagt, að neitt annað ætti að vera það, en jeg verð að halda því fram, að betra væri að láta landssíma-

stjórann hafa óskorað vald til þess að ákveða kaup starfsmanna landssímans, heldur en að þurfa sí og æ að leita á náðir fjárhagsnefndar og fjárveitinganefndar til samans, um það að mega greiða starfsmönnum símans sæmilegt kaup, til þess að geta haldið þeim.

Hvað þetta orðalag snertir, sem um hefir verið talað í þessari till., þá veit maður, að þessu líkt hefir verið »praktiserað« fyr og gefist sæmilega, að því leyti sem mjer er kunnugt.

Hvað það snertir, að taka málið út af dagskrá, þá get jeg í raun og veru fallist á það, í þeirri von, að menn komi þá með einhverjar hyggilegar till., en hitt er jeg vondaufur um, að nefndin geti gengið að því, ef á að fara að rugla að öllu leyti tillögu landssímastjóra.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vildi að eins mælast til þess, því að mjer skildist á háttv. frsm. (M. Ó.), að hann hefði ekki á móti því, að málið væri tekið út af dagskrá núna, að það yrði látið koma mjög fljótt á dagskrá aftur, því að jeg hefi það fyrir satt, að svo sje háttað, að minsta kosti um nokkra starfsmenn landssímans, að þeir hafi ekki þegar sagt upp stöðu sinni fyrir þá eina sök, að þeir hafi bygt á því, að á döfinni væri einhver uppbót á launum þeirra. En nú er þegar svo komið, eins og menn vita, að tveir starfsmenn landssímans, sem víst verður erfitt að fá hæfa menn fyrir, hafa sagt upp stöðu sinni, og er við búið, að fleiri komi á eftir, ef ekki er fengin vissa fyrir bættum launakjörum. Jeg hygg mjer óhætt að segja það, að þetta sje ekki að skoða sem hótun, til þess að fá fram launabót, heldur sje það í raun og veru svo, að hinir hæfari meðal símamanna sjeu ekkert upp á það komnir að halda í stöður sínar, því að það er að verða skortur á mönnum til ýmsra starfa, ekki að eins hjer, heldur jafnvel miklu fremur utanlands. Það vill nú svo vel til fyrir símamenn og verkfræðinga, að þeir eru alls ekki bundnir við neitt land, og því er það, að ef þess er ekki gætt að launa við hóf sjerþekkingu þeirra, þá er alls ekki mögulegt að halda þeim.

Svo framarlega sem menn vilja hafa hæfa menn við ritsímann, þá verða þeir að fá þau laun, að þeir geti lifað af þeim.

Svo hefi jeg ekki meira að segja um þetta, en vil að eins mælast til, að þessu máli verði ekki frestað alt of lengi.

Pjetur Ottesen: Háttv. frsm. (M. Ó.) hefir þó loksins gengið inn á, að málið væri tekið út af dagskrá, og er það allvirðingarvert, eftir því sem honum fórust orð í miðræðu sinni.

Það er nú komið í ljós, af því sem háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) tók fram, að háttv. frsm. (M. Ó.) hefir sagt nokkuð mikið viðvíkjandi fjárhagsnefndinni um þetta mál; álit þeirrar nefndar hljóðar, eins og fram var tekið, á þann veg, að nefndin fellst á, að símamönnum sje veitt einhver launauppbót, án þess að binda sig við neina upphæð, og er það dálítið annað.

En viðvíkjandi því, sem jeg tók fram áðan og háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) árjettaði, að eins og þetta er orðað í till., þá eru það till. landssímastjóra sem eiga að gilda; því er alveg slegið föstu. Stjórnarráðið á ekkert að hafa um þetta að segja. Það er því sjálfsagt að koma fram með brtt. í þá átt, að landssímastjórinn hafi að eins tillögurjett um málið.

En viðvíkjandi því, sem háttv. frsm. (M. Ó.) tók fram, að maður tæki á sig ábyrgð með því að athuga þetta mál dálítið ger, er það að segja, að jeg

þoli ósköp vel þá brýningu. Jeg sagði reyndar ekkert í þá átt, að jeg væri á móti uppbót til símafólksins, sem jeg teldi hæfilega. En jeg vil fá að sjá skýrslu frá landssímastjóra um það efni, hvernig hann hafi hugsað sjer að skifta þessu fje.

Háttv. frsm. (M. Ó.) sagði, að úr því að mjer hefði ekki unnist tími til þess að athuga þetta mál, þá mundi það trauðla verða úr þessu. En jeg vil segja honum, að það er ekki hægt fyrir þingmenn að athuga þau skjöl, sem eru grafin niður hjá fjárveitinganefnd, en þessi plögg hafa ekki legið frammi í lestrarsalnum.

Hæstv. atvinnumálaráðherra tók það fram, að stjórnin hefði þegar gefið út reglugerð um símgjaldahækkunina. Við því er auðvitað ekkert að segja, annað en það, sem jeg hefi áður tekið fram, en það hefir þó verið venjan hingað til, að þessi stjórn hefir ekki viljað taka á sig mikla ábyrgð, með því að afgreiða mál án þess að bera þau undir þingið. En nú hefir hún brugðið út af venjunni og í þessu máli tekið þá rögg á sig að ráða málinu til lykta án þess að leita fyrir sjer — að minsta kosti opinberlega — um vilja þingsins.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það eru að eins fáein orð, í tilefni af ræðu háttv. síðasta ræðumanns (P. O.). Jeg vil leyfa mjer að benda á, að málið hefir í raun og veru legið fyrir þinginu, svo sem sjá má af greinargerð fjárveitinganefndar, enda alveg nákvæmlega skýrt frá því, hvernig landssímastjórinn hugsar sjer hækkunina, og er farið eftir því í reglugerðinni, en stundum hefir það verið svo, að slíkar breytingar hefir ekki þurft að bera undir þingið, heldur hefir heimild til þeirra verið í lögunum sjálfum. En stjórnin taldi, að rjettara væri að bera þetta undir fjárveitinganefnd, og þegar hún svo hefði skilað af sjer málinu, þá væri hægt að leggja það fyrir þingið á eftir.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Ed, föstudaginn 28. júní, var fram haldið síðari umr. um till. (A. 394, 403).

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg skal ekki þreyta háttv. deild á langri ræðu, hefi litlu við það að bæta, er jeg tók fram við fyrri umr.

Jeg get nú gefið háttv. deild upplýsingar um það, hvernig landssímastjóri ætlast til að þessu fje verði varið. Til þess að bæta laun símameyja á miðstöðinni í Reykjavík, er hafa 40—60 kr. í mánaðarkaup, á að verja 7000 kr. Til símameyja, er hafa 50—83 kr. mánaðarlaun, á að verja 19320 kr. Símriturum með 75—120 kr. launum eru veittar 4300 kr. í viðbót. Sendlar fá 1200 kr., og til smástöðva ýmissa eru veittar 1600 kr. Því víkur þannig við um þessas smástöðvar, að landsstjórnin hefir gert samning við ýmsa stöðvarstjóra úti um land um þjónustu þeirra. Fjárveitinganefnd hefir haft til meðferðar kvartanir frá þeim, að þeir fengju ekki neina uppbót, þar sem þeir væru bundnir föstum samningum. Spurðist nefndin fyrir um, hvernig þessu viki við, og var henni svarað, að þessum stöðvum væru ætlaðar 1600 kr. Alls verða þetta 33,420 kr. Eftir verða þá rúmlega 6000 kr., sem eiga að skiftast, eftir till. landssímastjóra, milli landssímastjóra, aðalskrifstofunnar og allra gæslustöðvastjóra. Nú er vitanlega falin í þessu sú upphæð, er landssímastjóri fór fram á að sjer yrði veitt.

Jeg hefi áður getið um, að samkomulagi hafi verið náð um milliveg milli

þess, er landssímastjóri og nefndin fór fram á.

Nú finst mjer augljóst, að ekki er hægt að veita minni upphæð en hjer er gert, og af því leiðir, að mjer finst ekki hægt að aðhyllast brtt. á þgskj. 403. Sú upphæð, sem þar er farið fram á að veita, er með öllu ónóg, og vona jeg því, að háttv. flutningsmenn taki brtt. aftur.

Allir munu kannast við, að laun símafólksins eru ófullnægjandi og að enginn vegur sje til þess að halda mönnum með þeim launum. Þó að hægt sje að banna símamönnum að gera verkfall, þá stoðar það ekki. Þeir gera alls ekki verkfall, heldur segja upp starfa sínum einn og einn. Og þó að hægt væri að neyða þá til þess að halda áfram, þá væri það rangt og ósanngjarnt.

Jeg skal svo ekki þreyta háttv. deild, hefi fáu við að bæta, enda er þetta augljóst mál. Nefndin vill ganga að orðabreytingunni á þgskj. 403, að stjórnin úthluti launauppbótinni að fengnum till. landssímastjóra.

Eftir orðalagi till þótti mörgum sem skilja mætti þetta á annan veg, sem sje að stjórnin væri bundin við till. landssímastjóra. En jeg hefi altaf skilið það á þann veg, er brtt. tekur fram, en get hins vegar fallist á, að ekkert sje því til fyrirstöðu að gera orðalagið skýlausara.

Bjarni Jónsson: Það er brtt. á þgskj. 403, sem gefur mjer tilefni til þess að mæla nokkur orð. Jeg er sammála nefndinni um það, að ekki muni tiltækilegt að lækka upphæðina að mun, eða jafnmikið og hjer er farið fram á. Jeg hefi fyrir satt, að fólkið sje að ganga sem óðast burt af stöðinni, og er því ekki annað fært en að ganga að kröfum þess. Og þar sem sjerstaklega er níðst á kvenfólkinu, þannig að sama verkið er ekki álitið jafngott, ef það er unnið í pilsi, þá er tími kominn til að kippa þessu í lag að einhverju leyti.

Jeg get verið samþykkur 2. málsgrein brtt. á þgskj. 403, er tekur af allan vafa um það, að stjórnin þurfi ekki að vera þrælbundin við till. landssímastjóra. Að vísu er sú brtt. óþörf, því að eftir almennri málvenju og eðli málsins er sá, sem ábyrgðina ber, ekki bundinn við tillögur þeirra, sem einungis eru ráðunautar hans í því máli. En jeg sje ekkert því til fyrirstöðu, að tekinn sje af allur vafi og girt fyrir allar deilur. Er þá og auðsætt, að stjórnin þarf ekki að fara hærra en hún ætlar nauðsyn krefja.

Jeg get vel skilið, að mörgum manni hrjósi hugur við að heyra svo háa launauppbót í krónutali. En krónan er ekki lengur króna. Menn hafa ætlað, að sá guð væri óumbreytanlegur og almáttugur. Hann er að vísu almáttugur enn þá, en ekki er hann óumbreytanlegur, því að nú er krónan einungis 30 aura virði.

Þá vildi jeg víkja að öðru atriði í sambandi við þetta símamál. Fjelag það, sem tók að sjer að leggja ritsímann, fær enn þá óskert tillag sitt frá Alþingi, en það hefir látið símann lenda í óviðkomandi landi, sem er ófriðarland. Þetta hefir orðið til þess, að símasamband vort við heiminn er takmarkað af einni ófriðarþjóðanna, svo að lítt er við unandi. Virðist þá ekki ósanngjarnt að krefjast þess af fjelaginu, að það veitti samþykki sitt til þess, að menn gætu tekið við skeytum frá erlendum loftskeytastöðvum og birt þau. Vil jeg spyrja hæstv. forsætisráðherra, hvort hann hafi leitt þetta í tal við fjelagið og hvort samþykki þess muni fáanlegt. Hygg jeg, eftir því sem stendur í blaði einu hjer í bænum, að hæstv. forsætis-

ráðherra sje í svo miklum kunnleikum við fjelagið, að hann muni geta komist að þessu, sjerstaklega ef það er rjett hermt hjá blaðinu, að hann hafi tekið allstórt lán hjá fjelaginu og notið til þess styrks og atbeina Andersens, forstjóra Austur-Asíufjelagsins. Þetta stendur í blaðinu og margt fleira þar að lútandi, svo sem um afhendingu fossa og fleira. Þykist jeg með þessari fyrirspurn gefa hæstv. forsætisráðherra tækifæri til þess að svara þessum getsökum opinberlega, ef hann álítur þess þörf, og vænti því svars við henni.

Magnús Guðmundsson: Jeg bjóst ekki við því, að háttv. fjárveitinganefnd mundi ganga að brtt. á þgskj. 403, um lækkun á launaviðbót símamanna, enda hefir sú raunin á orðið. En þó furðar mig, að háttv. nefnd skuli ekki sjá, að hún hefir farið of hátt í þessum launabótum.

Það fer fjarri því, að við flutningsmenn getum fallist á að taka brtt. okkar aftur. Nú rjett áðan var samþykt hjer í deildinni að veita ýmsum starfsmönnum landsins 10—20% viðbót við laun þeirra, og þá er augljóst, að mikið stökk er á milli þess og að veita símamönnum til jafnaðar 50% uppbót. Það virðist vera til millivegur, sem allir ættu að geta unað við, og þann milliveg viljum við flutnm. brtt. á þgskj. 403 fara. Símafólk er illa launað, ver en flestir aðrir starfsmenn landsins, og því leggjum við til að laun þess sjeu hækkuð um 30%, eða 10—20% meira en hjá öðrum starfsmönnum hins opinbera. Þessi hækkun er ekki svo óveruleg, þegar tillit er tekið til þess, að henni er ekki jafnað niður eftir höfðatölu eða launum, heldur eftir því, hverjir þurfa hennar brýnast. Fá þá sumir meira heldur en aðrir, símastúlkur geta t. d. fengið 60%. Símastjóri fór fram á 100% hækkun handa þeim, en það virðist alt of mikið, þegar menn aðgæta, að öðrum starfsmönnum landsins er ætlað að fá 10—20%.

Þá er og að líta á það, að starf símameyja við landssímann er sjaldnast æfistarf. Margar símameyjar hafa laun sín fyrir vasafje. Sumar vinna ef til vill fyrir sjer að einhverju leyti, en sárfáar munu hafa þetta starf að lífsatvinnu. Það er því ekki furða, þegar svona stendur á, að landssímanum haldist illa á símameyjunum. Þær fara blátt áfram af því, að þær vilja ekki vera lengur, án tillits til launanna.

Það hefir og verið gefið í skyn, að mönnum sje ógerningur að starfa við landssímann sökum þess, hve kaupið sje lágt, og starfsmenn segi því óðum upp starfa sínum. Hafi 2 af starfsmönnum símans sagt upp nýlega af þessari ástæðu. En jeg hefi heyrt það frá góðum heimildum, að verkfræðingi símans hafi boðist starf með 9000 kr. launum í föðurlandi hans, Noregi, og fari hann af þeirri ástæðu, en hinn hafi kaupmaður hjer í bænum ráðið til sín með 5000 kr. launum. Ef landssjóður ætti að bjóða þessum mönnum jafnhátt kaup, ylti alt okkar launakerfi, því að símaverkfræðing landsins getum við þó ekki launað hærra en ráðherra vora og almenna símritara hærra en æðstu embættismenn landsins. Við mundum engu fremur geta haldið þessum mönnum, þó að till. fjárveitinganefndar yrði samþykt, þar sem aðrir bjóða svo hátt kaup. Þessir menn fara burt frá landssímanum, þótt till. háttv. fjárveitinganefndar nái fram að ganga.

Þegar verkfræðingur símans lætur af starfi sínu, mun ekki vera unt að fá neinn í hans stað, og sparaðist þá það fje, sem honum er ætlað í launaviðbót. Landssímastjóra lægi nær að taka með í frv. um uppbót á launum embættis-

manna, og vil jeg skjóta því til háttv. nefndar að breyta þessu í þá átt. Verði það gert, verður uppbótin til hans ekki heldur tekin af þessum 25,000 kr, er við leggjum til að veittar verði.

Hvað það snertir, að síminn leggi þessa uppbót fram og að hún komi því ekki niður á landssjóði, er það að segja, að sú ástæða er næsta vesalleg, því að símamenn eiga ekki landssímatekjurnar, þótt þeir innheimti þær, og eftir sama hugsanagangi mætti t. d. segja, að ekki þyrfti að horfa í eða hafa lág laun sýslumanna, því að þeir innheimta langmest af tekjum landssjóðs.

Háttv. frsm. (M. Ó.) sagði við 2. umr. málsins, að jeg hefði sannað það, sem jeg ætlaði að ósanna, að fjárhagsnefnd hefði ekki í öllum aðalatriðum verið sammála fjárveitinganefnd um þessa launauppbót. Þetta er alveg rangt, því að nefndirnar eru einmitt ósammála um upphæðina, er veita skuli í þessu skyni, og þegar svo er, er ekki hægt að segja með rjettu, að nefndirnar sjeu sammála í öllum aðalatriðum, því að það er sannarlega eitt aðalatriðið, hversu mikið fje skuli veitt í þessu skyni.

Um hina brtt, á þgskj. 403, er ekki þörf að ræða, þar sem hv. fjárveitinganefnd gengur að henni.

Forsætisráðherra (J. M): Að vísu er ekki mjög náið samband milli till., sem hjer er til umræðu, og fyrirspurnar þeirrar, er háttv. þm. Dala. (B. J.) beindi til mín. Hjer er eigi um annað að ræða en uppbót á launum símafólks, en fyrirspurnin lýtur að erlendu símafjelagi. Þó þykist jeg ekki geta skorast undan því að svara fyrirspurninni, enda þótt jeg hafi leitt hjá mjer að svara árásum blaðs þess, er hv. þm. (B. J.) nefndi.

Blaðið »Vísir« hefir í nokkrum greinum að undanförnu ráðist mjög ósæmilega á útlendan mann og um leið gripið tækifærið til þess að ráðast á mig. Jeg vil þó undantaka eina grein, sem um þetta fjallar, því að hún er augsýnilega rituð af manni, er hefir nokkra velsæmistilfinningu, en hennar verður hvergi vart í hinum öðrum áminstu greinum. Annars hefi jeg fyrir satt, að það sje ekki ritstjórinn, sem hefir beint hafið árásina, heldur sje greinarhöfundurinn skúmaskotslubbamenni eitt, sem hefir þann sið, að reyna að ausa auri úr skugganum á sjer betri menn, en þykist sjálfur hvergi við koma.

Blaðið vill láta einhvern þingmann spyrja mig um, hvað hafi farið milli mín og Andersens etatsráðs, forstjóra Austur-Asíufjelagsins danska, og hvaðan mjer hafi komið leyfi til þess að ræða við hann. Í öðru lagi, hvernig jeg sje viðriðinn fossafjelagið Ísland, og er gefið í skyn, að jeg hafi beinlínis eða óbeinlínis verið viðriðinn afhendingu íslenskra fossa til útlendra fjelaga, og enn í þriðja lagi, hvers vegna jeg hafi tekið fyrir hönd landssjóðs 2 miljóna króna lán til óhæfilega skamms tíma hjá Stóranorrænaritsímafjelaginu, og í hverju sambandi það standi við sjálfstæðismálin.

Um fyrsta atriðið skal jeg taka fram þetta. Í rauninni ætti engin þörf að að vera á því, að skýra frá því, af hvaða ástæðu jeg hafi fundið þennan ágæta mann að máli, mann, er nýtur svo mikils álits, að höfðingjar erlendra ríkja og hjer um bil hver einasti erindreki erlends ríkis, er kemur til Kaupmannahafnar, hittir hann að máli — mann, er byrjaði umkomulaus, en er nú orðinn nokkurskonar stórveldi.

Jeg kyntist Andersen etatsráði í fyrsta sinn árið 1908, er hann kom hingað til lands með Friðriki konungi VIII. Var þá gestum þeim, er komu í fylgd kon-

ungs, skift niður á ýms heimili hjer í bænum, og gisti hann þá nokkrar nætur á heimili minu. Hann er kvæntur konu, sem er af íslensku bergi brotin, og má vera, að hann beri hlýjan hug til Íslands af þeirri ástæðu. Síðan hann gisti þennan stutta tíma hjá mjer hefir hann vikið kunnuglega að mjer, þá er jeg hefi komið til Kaupmannahafnar.

Þegar er hann kom hingað í fyrsta sinni árið 1908, lýsti hann þeirri skoðun við mig, að Danir ættu ekki að gangast fyrir stofnun fyrirtækja hjer á landi. Íslendingar ættu sjálfir að koma á þjóðþrifafyrirtækjum, og ef þeir fyndu eitthvað nýtilegt, mundi hann fús til þess að styðja þá með ráðum og dáð. Þessa sömu skoðun ljet hann uppi við mig í bæði skiftin er jeg kom sem ráðherra til Kaupmannahafnar. Sje jeg ekki, að neitt það komi fram í yfirlýsingu hr. Andersens, er fari í bága við þetta. Nú veit jeg ekki, hvort háttv. þingmenn ætla mig svo viti firtan, er jeg vissi skoðun mannsins, að jeg mundi biðja Austur-Asíufjelagið um að koma hjer fyrirtækjum á stofn, og því síður sem fjelagið starfar í alt annari átt.

Þá skal jeg drepa stuttlega á 2. atriðið í áburði blaðsins, hvernig jeg sje viðriðinn fossafjelagið Ísland.

Og er þessu þar til að svara, að jeg hefi ekkert verið við það mál riðinn, fyr eða síðar, öðruvísi en jeg skýrði frá á Alþingi í fyrra, er leyfisbeiðni þessa fjelags var þá til umræðu. Þá skýrði jeg frá, hver afstaða mín væri til málsins og hefi jeg þar engu við að bæta. Jeg hefi hvorki haft afskifti af kaupum á fossarjettindum (fossakaupum) eða því líku, nje komið nærri þeim málum, öðruvísi en jeg nú sagði. Og jeg hjelt satt að segja, að það væri nokkurn veginn kunnugt, að jeg hefi annars aldrei blandað mjer í þessi mál.

Skal jeg þá koma að þriðja atriðinu, sem háttv. þm. Dala. (B. J.) talaði um, hvers vegna jeg hefði tekið miljónalán hjá »Stóra norræna« og hvers vegna það væri tekið til tveggja ára og hverja þýðingu það hefði fyrir önnur mál vor. Þessu get jeg ekki svarað, því að mjer er allsendis ókunnugt um, að nokkurt slíkt lán hafi verið tekið hjá »Stóra norræna«. Síðasta lánið hjá því fjelagi var loftskeytalánið, sem var 500,000 kr. og tekið snemma á árinu sem leið, en umsamið áður, og kom það svo lítið við mig, að jeg vissi naumast, hve mikið það var eða til hve langs tíma.

Þessi árás er annars svo heimskuleg og klunnaleg og lýsir svo mikilli vanþekkingu á öllum landsmálum, að jeg undrast, að nokkur maður skuli leggja trúnað á það, sem þar er á borð borið. Það er auðvitað, að enginn sá maður, er gefur sig við stjórnmálum, og þessa síst sá, er veitir landsstjórn forstöðu, má kippa sjer upp við það, þótt á hann sje ráðist, og jafnvel logið upp því, sem svo er notað til árása.

Það hefir viðgengist og viðgengst enn, og jeg fyrir mitt leyti á sjerstaklega hægt með að taka því rólega. En jeg get ekki neitað því, að mjer hefir sárnað þessi árás, af því að mjer sárnar það, að íslenskt blað, á hve lágu siðferðis- og menningarstigi sem það annars stendur, skuli leyfa auðvirðilegustu Leitis-Gróu rúm til þess að svívirða erlend stórmenni, sem aldrei hafa sýnt Íslandi annað en velvild.

Hákon Kristófersson: Jeg skal játa, að þegar þetta mál lá fyrir fjárhagsnefnd til athugunar, þá leit jeg svo á, að upphæð sú, er forstjóri landssímans fór fram á, væri nokkuð stór, og gat tæplega fylgt henni, og jafnframt skal jeg taka fram, að þá er málið var á því stigi, þá átti jeg ekki kost á að kynna mjer, hvað til grundvallar lá, er

hann fór fram á þessa upphæð, 40 þús. kr. Nú hefi jeg kynst málinu betur, bæði fyrir ræðu frsm. (M. Ó) og fleiri upplýsingar, sem jeg hefi fengið, þar sem þær voru ábyggilegastar að fá. Þær upplýsingar hafa nú leitt til þess, að þrátt fyrir ýtrustu tilhneigingu til þess að fara sem sparlegast með fje landsins, þá get jeg ekki betur sjeð en að við getum tæplega neitað um þetta fje.

Aftur skal jeg fúslega viðurkenna það rjett vera hjá háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.), að það er fullkomið aukaatriði, þótt síminn gefi sjálfur af sjer þetta fje. En aftur er það ekkert aukaatriði, að það fólk, er leggur sig í líma til að afla þessa fjár og vinnur að því allan ársins hring, sjái þær afleiðingar og hljóti þann ávöxt verka sinna, að laun þess sjeu svo, að það megi við una. En eftir því, sem jeg hefi kynt mjer málið, eru laun símafólksins svo frámunalega lág, að ekki nær nokkurri átt, enda þótt það sje einkum kvenfólk og þurfi því minna en karlmenn — einar 40 kr. á mánuði duga lítið í dýrtíðinni.

Háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) reyndi að leiða rök að því, að þótt á ýmsu ylti um starfsfólk símans, þá væri það ekki eingöngu launakjörunum að kenna. Jeg held, að þetta sje rjett eftir haft, enda vildi jeg síst af öllu fara rangt með orð svo mæts manns, sem háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) er. Jeg held, að þetta sje naumast alveg rjett hjá honum. En um hitt er jeg sammála hinum háttv. þm. (M. G.), að þótt einstöku mönnum bjóðist betri stöður hjá fjelögum eða einstaklingum, þá getum við ekki farið í kapphlaup við þá, en hitt er veigamesta atriðið, að við gerum okkar til að launa fólkinu svo sæmilega, að það þurfi síður að leita annara staða, sem lífvænlegri eru. En þó hlýtur svo að fara, ef við gerum ekki betur en hingað til.

Það getur verið alveg rjett hjá sama háttv. þm. (M. G.), að það sje nokkuð mikið að hækka um 100%. En getur þingið þá ekki orðið sammála um, að kjör þessa fólks hafi verið svo erfið undanfarið, að það geti skoðast vel frambærilegt að bæta nú svo sómasamlega úr, að skoða megi hækkunina að nokkru leyti sem bætur fyrir eitthvað af rangindum liðna tímans? Eftir því, sem jeg hygg að það kosti að lifa hjer í Reykjavík í dýrtíðinni, þá hygg jeg, að menn geri ekki vitund meira en lifa sómasamlega, þótt þeir hafi alt að 120 kr. á mánuði, þó því að eins, að það sjeu kvenmenn, er halda spart á.

Það má nú vel vera, að eitthvað af þessu fólki hafi þessa stöðu til tilbreytingar, eða til að afla sjer vasapeninga. En jeg býst þó alls ekki við, að svo sje um helftina af því, því að eins og menn vita, er það allfjölmennur flokkur. Og eins ber vel að gæta, og það er, að fyrir símann, eins og hverja aðra stofnun, er það mjög áríðandi, að starfsmennirnir sjeu nokkurn veginn ánægðir með kjör sín, því að vitanlega getur það haft stór áhrif á starfrækslu símans, og þar af leiðandi tekjur hans. Það er gangur lífsins, að ef menn eru illa launaðir, eru menn lausari við, og segi jeg þetta þó alls ekki til þess að slá því föstu, að nokkrir misbrestir hafi átt sjer stað á starfrækslu símans undanfarið, en tek það einungis fram sem hugsunarástæðu. Vil jeg því ekki verða þátttakandi í þeirri ábyrgð, er það bakar Alþingi, ef mál þetta nær ekki fram að ganga, því að það gæti leitt til þess, að vjer mistum megnið af hæfasta starfsfólki símans, og þar á meðal ef til vill landssímastjórann sjálfan, mann, sem öllum kunnugum ber saman um

að rækt hafi starf sitt með stökum dugnaði og trúmensku. Og mjer þótti það illa að orði komist, þar sem þetta orðalag í till. nefndarinnar »eftir tillögum landssímastjóra« leiddi til þess, að því var slegið fram, að það bæri ekki að skilja svo, að landsstjórnin væri þrælbundin við till. hans. Jeg kann illa við þetta, því að jeg býst ekki við, að till. hans yrðu í nokkurn máta þrælslegar, og jeg lýsi ekki neinu vantrausti á hæstv. stjórn, þó að jeg segist álíta, að landssímastjóri muni gera till. sínar eftir bestu vitund og leggja það eitt til, sem best gegnir, og að hans till. mundu í engu lakari en sumra í hæstv. stjórn.

Því hefir verið slegið fram af háttv. 1. þm. Skagf. (M G), að þessi uppbót sje ekki í samræmi við frv. það, er nýverið var vísað til 3. umr. og fjallaði um dýrtíðarlaunaviðbót til embættismanna. Það má nú vel vera, en jeg býst helst við, að allir embættismenn landsins standi ólíkt betur að vígi en þetta fólk, sem hjer um ræðir.

Það er rjett, að verkfræðingur símans er nú á förum til móðurlands síns, þar sem hann fær stöðu. En þess vil jeg jafnframt geta, að mjer er kunnugt um það, að landssímastjórinn hefir í hyggju, að minsta kosti á næstunni, að fá mann til að taka við því starfi, sem þessi maður hefir á hendi haft.

Jeg get nú alls ekki fallist á þá stað hæfingu háttv. þm. Dala. (B. J), að krónan sje ekki orðin nema 30 aura virði. En þótt hún sje meira virði, þá ræskar það alls ekki þeim rjettláta grundvelli, er hjer liggur fyrir, sem sje að ósk landssímastjórans beri að fullnægja, helst að öllu leyti.

Vona jeg því, að háttv. deild hugsi sig vel og rækilega um, áður en hún synjar þessari málaleitun samþykkis í þeirri mynd, sem háttv. fjárveitinganefnd leggur til. Og þótt sparnaður sje í öllum tilfellum rjettmætur og vel viðeigandi, þá verður að gæta þess, að hann geri ekki óþarfan og óforsvaranlegan skaða.

Fleira mun jeg ekki segja að þessu sinni, enda vona jeg, að háttv. þm. hafi þegar hugsað sjer, hvernig hjer skuli með fara, svo að þingið hafi sóma af, en engan vansa.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg hefi ekki miklu við að bæta, enda hefir háttv. þm. Barð. (H. K.) tekið vel fram margt af því, sem jeg vildi sagt hafa.

Jeg vil ekki deila við háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) um það, hvort fjárhagsnefndin hafi fallist á skoðun fjárveitinganefndar í aðalatriðunum eða ekki. En jeg verð að segja, að jeg kalla það að fallast á í aðalatriðunum, er fjárhagsnefnd telur einnig þurfa að bæta kjör símafólksins. En hitt er mjer ekkert aðalatriði, þótt hún vilji veita nokkuð minna fje.

En viðvíkjandi því, sem hann (M. G.) sagði, er hann vildi skoða brtt. þá, sem hann og nokkrir aðrir þm. flytja, í sambandi við, og bera hana saman við, launaúrbót embættismanna. En þetta er ómögulegt að bera saman. Þar sem síminn er, þar er að ræða um einskonar útgerð. Ef maður á skip og getur ekki haldið útgerð þess áfram nema hækka kaupið við skipverja, eða að öðrum kosti eiga á hættu að fá einhverja óvana menn í stað þeirra, er vel hafa reynst og æfðir eru orðnir, sem svo aftur hlaupi brott, er þeir taki að fá æfingu, þá er ekki að tala um annað en hækka launin. Þannig er um símann. Landssjóði helst ekki á æfða fólkinu fyrir 30—40 kr. á mánuði.

En hvað snertir upphæð þá, 25000 kr., sem háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) vill veita, þá er þess að geta, að samkvæmt tillögum landssímastjóra á að

skiftast milli kvenna og annara starfsmanna símans, sem lægst eru launaðir, 33420 kr. Það, sem þá verður eftir af þeim 40000 kr., er nefndin vill veita, eða 6580 kr., á samkvæmt tillögum landssímastjóra að skiftast á milli landssímastjóra, aðalskrifstofunnar og allra gæslustöðvastjóranna. Nú sagði háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.), að símaverkfræðingurinn færi til útlanda og tæki þar stöðu. Það er rjett, en kemur ekki þessu máli við. Það hefir enginn sagt, að endilega ætti að nota upp þessar 40 þús. kr. Það er eðlilegt og sjálfsagt, að stjórnin hagi því eftir því, sem hún telur skynsamlegast, að fengnum tillögum landssímastjóra. Jeg vona, að háttv. þm. sjái, að öllu sje óhætt, þótt fjeð sje heldur meira en minna, því verði ekki sólundað. Jeg treysti bæði stjórninni og landssímastjóranum að fara vel með það. Jeg held, að það sje alveg áreiðanlegur hlutur, að þótt sumar símastúlkurnar kunni að nota kaup sitt sem vasapeninga, þá sjeu þó hinar fleiri, sem verja því til fata. Og nú hafa föt hækkað um alt að 70%. Það, sem nægði fyrir fötum í fyrra, nægir ekki nú. Jeg keypti t. d. fatnað nýlega, sem var hálfu dýrari en föt, er jeg keypti í fyrra, og þó miklu ljelegri. Kvenfatnaður er nú margfalt dýrari en áður. Maður getur alls ekki búist við, að ungt fólk, sem fært er orðið í flestan sjó, geti unað við slík kjör.

En ef háttv. flutningsmenn till. hefðu athugað þetta og borið saman við till. landssímastjórans, sem fyrir nefndinni hafa legið, þá býst jeg við, að þeim hefði farið sem háttv. meðnefndarmönnum mínum, að þeir hefðu komist að sömu niðurstöðu og landssímastjórinn og fallist á till. hans.

Þótt háttv. flm. (M. G.) vilji ekki taka till. sína aftur, þori jeg vel að eiga úrslit þessa máls undir sanngirni háttv. deildar.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg get nú sparað mjer mjög margt af því, sem jeg vildi annars sagt hafa um þetta mál, því að jeg hygg, að það sje nú nokkurn veginn fullrætt. En það voru nokkur ummæli í ræðu háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.), sem jeg get ekki fallist á og verð að andmæla.

Hann gat þess um kaup símafólksins, að þótt það væri ekki hærra, þá væri það sæmilegir vasapeningar. Þótt nú svo væri, að högum sumra þessara starfsmanna væri svo háttað, að þeir þyrftu ekki að nota það sjer til framfæris, þá getur Alþingi engan veginn fallist á slíkan skilning. Það er bersýnilegt, að slíkt fyrirtæki sem landssíminn krefst góðrar starfrækslu, svo að afgreiðslan sje í góðu lagi. Og þegar nú er farið fram á þá breytingu, að hækka notagjald símans, þá verður Alþingi að sjá um, að stjórn landssímans sje sem best og afgreiðsla gangi sem greiðast. Og það verður best gert með því, að þeir, sem við símann vinna, fái svo góða borgun, að þeir vilji eitthvað á sig leggja fyrir stofnunina.

Jeg hygg annars, að háttv. tillögumenn hafi meira litið á þá »procent«-hækkun, er verður samkvæmt till. landssímastjórans, en að kaupið sje svo mikið. Hjer varðar ekki um, hver hækkunin verður af hundraði, heldur hitt, hvert kaupið verður. Og þótt það hækki upp í 70—100 kr. á mánuði, þá er enginn ofhaldinn af því. Og þótt sumt af fólkinu þurfi peninganna ekki beint sjer til lífsframfæris, þá getur Alþingi ekki reiknað með slíku, heldur hinu, að það er varla að vænta, að nokkurt starf sje vel rækt nema það sje borgað sómasamlega. Það segir sig

sjálft, hvað 70 kr. eða minna muni hrökkva langt fyrir lífsnauðsynjum. Þá er auðsjeð, hvort 40 kr. muni nægja, eða hvort halda menn, að það fullnægi lífsþörfum unglinganna við símann, sem sumir hafa 20 kr., þótt aðrir hafi hærra. Þeir, sem hafa 20 kr. kaup á mánuði, mega vera ljettfættir, ef þeim eiga að duga 20 kr. í skófatnað á mánuði.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Barð. (H. K.) sagði um orð háttv. þm. Dala. (B. J.), þá er það öldungis víst og sann anlegt, að ef að eins brýnustu nauðsynjar manna eru teknar, þá er krónan ekki meira en 30 aura virði. (**H. K.:** Já, en ekki í öllu). Það dugir ekki heldur að taka einstakar þarfir manna, heldur verður að reikna þær, sem mega sín mest mönnum til framfæris.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en vænti, að háttv. þingdm. geri hið besta í þessu máli.

ATKVGR.

Brtt. 403, 1. feld með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O., P. Þ., E. A., E. Árna, E. J., G. Sv., M. G., Ó. B.

nei: M. P., M. Ó., P. J., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. St., H. K., J. J., J. M., J. B.

Tveir þm. (B. K. og S. S.) fjarstaddir.

Brtt. 403, 2. samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., mánudaginn 1. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um bráðabirgðalaunaviðbót handa starfsmönnum landssímans,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 420).

Á 55. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. júlí, var till. tekin til fyrri umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg álít sjálfsagt, að málinu verði vísað til fjárveitinganefndar, enda mun henni orðið það kunnugt af umræðunum í háttv. neðri deild. Þetta er mikið nauðsynjamál, og ætla jeg þó ekki að fara að mæla með því nú, heldur stóð jeg upp til að mælast til, að hafður verði eins hraður gangur á málinu og hægt er. Nú er þingtíminn áliðinn, en þetta mál má með engu móti stranda.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 534) með 8 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 12. júlí, kl. 1 miðdegis, var till. tekin til síðari umr. (A. 420, n. 481).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg vildi mælast til, að forseti tæki till. þessa út af dagskrá í þetta sinn, því að náið samband er milli þessarar till. og frv., sem deildin hafði til meðferðar hjer næst á undan.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., sama dag, kl. 8 síðdegis, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 420, n. 481).

Frsm. (Eggert Pálsson): Öllum háttv. þingdm. mun það kunnugt, að símagjöld hafa verið hækkuð með það fyrir augum, að kjör símastarfsmanna verði bætt. Það er því þegar búið að viðurkenna í verki, að full ástæða er til að bæta kjör þessa fólks, svo að hægt sje að halda því. Það liggur í augum uppi, að þessari stofnun er nauðsynlegra en flestum öðrum stofnunum að hafa vönu fólki á að skipa. Því munu og allir sammála um hækkun á kaupi starfsfólksins. Háttv. Nd. hefir samþykt þá þingsályktunartill., sem fyrir liggur, og vænti jeg, að málalokin verði söm í þessari háttv. deild.

Jeg skal að lokum að eins geta þess, að brtt. á þgskj 481, sem komin er frá fjárveitinganefnd, stendur í nánu sambandi við frv., er áðan var samþykt, og raskar í engu vilja háttv. Nd. Jeg vona og tel víst, að háttv. deildarmenn hafi ekkert á móti brtt. og greiði henni atkvæði um leið og sjálfri þingsályktuninni.

ATKVGR.

Brtt. 481. samþ. með 8 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 70. fundi í Nd., laugardaginn 13. júlí, og á 65. fundi í Ed., sama dag, var útbýtt frá Sþ.

Tillögu til þingsályktunar um bráðabirgðalaunaviðbót handa starfsmönnum landssímans,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 505).

Á 7. fundi í Sþ., mánudaginn 15. júlí, var till. tekin til u m r.

Frsm. fjárveitinganefndar Ed. (Eggert Pálsson): Eins og háttv. þm. sjá, hefir till. þessi tekið breytingum í Ed. hvað orðalag snertir, en efni hennar hefir ekki verið breytt. Upphæðin er látin vera sú sama sem hv. Nd. samþykti, en síðustu málsgr. till. er að eins vikið við.

Það er gert ráð fyrir því, að dýrtíðaruppbót þeirra starfsmanna símans, sem lægst eru launaðir, hækki ef til vill að einhverju leyti. Og þá liggur í hlutarins eðli, að til þess að þeir fái þá uppbót, sem háttv. Nd. ætlaðist til, þarf að lækka þessa bráðabirgðalaunaviðbót að sama skapi sem dýrtíðaruppbótin kann að hækka. Samkvæmt þessu og með þetta fyrir augum gerði Ed. þessa breytingu á till.

Nú er ekki víst um örlög frv. þess um hækkun á dýrtíðaruppbót embættis- og sýslunarmanna landssjóðs, er afgr. var frá Ed., svo að ekki er hægt að segja um það, hvort þessi breyting á við. Ef háttv. Nd. hefði þegar sálgað frv., hefði átt við að bera fram brtt. við þessa till. og gera ekki ráð fyrir neinni hækkun á dýrtíðaruppbótinni. En nú hefir háttv. Nd. ekki enn þá felt frv., og ekki er gott að vita, nema uppbótin verði hækkuð. Er því sjálfsagt að láta þetta ákvæði standa. Auðvitað væri hægt að taka till. út af dagskrá, þangað til sjeð væri fyrir um örlög hins frv., en það mundi valda óþarfa snúningum, og er ekki víst, að tími vinnist til þess að taka till. aftur fyrir. Það gerir heldur hvorki til eða frá, þótt till. sje svona orðuð. Ef ekkert verður úr hækkuninni á dýrtíðaruppbótinni, gerir þetta orðalag ekkert til, en verði hækkunin samþykt, er sjálfsagt að láta þetta orðalag halda sjer.

Jeg vil því mælast til þess, að till.

verði samþykt. Það bindur ekki atkv. manna í dýrtíðaruppbótarmálinu, þó að þeir samþykki þetta. Í till. stendur einungis, ef »dýrtíðarupphæðin kann að hækka«, ekki að hún hækki. Menn geta því óhræddir greitt till. atkv., þó að hitt málið sje ekki útkljáð.

ATKVGR

Till. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 512).

---

22. Síldarkaup, síldarforði og ásetning búpenings.

Á 65. fundi í Nd., mánudaginn 8. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um ásetning búpenings (A. 463).

Á 66. fundi í Nd, þriðjudaginn 9. júlí, var till. tekin til fyrri umr.

Pjetur Ottesen: Við flm., S. S. og jeg, höfum leyft okkur að koma fram með þessa till. í von um, að gott mætti af því leiða, að nú væri frekar en ella brýnd fyrir mönnum nauðsynin á því, að gæta varúðar í ásetningi búpenings næstkomandi vetur. Útlitið er hið ískyggilegasta, það getur engum dulist. Grasbrestur um alt land, og það svo, að það má vel rætast úr, ef hálfur heyfengur fæst í sumar, miðað við meðalheyafla undanfarið. Svo er það t. d. víða hjer um Suðurland að minsta kosti, að lítil líkindi eru til, að nokkur tiltök verði að byrja slátt á túnum fyr en í lok þessa mánaðar. Þessi óáran í grasvextinum kemur því bagalegar á, þar sem víðast mun vera mjög lítill stuðningur í fyrningum frá fyrra ári. Síðastliðinn vetur var harður, og skall hurð nærri hælum sumstaðar með það, að búpeningur manna fjelli.

Nú er það hrossaeignin í landinu, sem mest hætta stafar af. Undanfarin þrjú ár hefir engin hrossasala út úr landinu átt sjer stað. Á þessum árum hefir hrossum fjölgað jafnt og þjett. Og þótt nú megi flytja 1000 hesta út á þessu ári, þá segir það ekkert, það er eins og krækiber í ámu. Það gerir svo sem hvorki til nje frá. Hjer verður því að grípa í taumana. Það verður að slátra hrossum og það í stórum stíl. Það verður að gera ráðstafanir til þess að opna markað fyrir hestakjöt, miklu meiri en verið hefir hjer á landi. Það verður að reyna að opna markað fyrir það í kaupstöðunum.

Síðastliðið haust var slátrað hjer í Reykjavík þó nokkru af hrossum, en aðallega munu hafa verið búið til úr þeim bjúgu og kæfa. Lítið af kjötinu mun hafa verið selt öðruvísi. En betur má, ef duga skal.

Á aðalfundi Sláturfjelags Suðurlands, sem haldinn var hjer fyrir nokkru, var það afráðið að senda hingað til slátrunar töluvert af hrossum á úthallandi sumri, og er vonandi, að vel takist.

Eins verða menn að grípa til þess, sem ekki getur talist neitt neyðarúrræði eins og komið er, að slátra hrossum til fóðurs handa öðrum skepnum. Hrossakjöt er ágætt skepnufóður. T. d. er það mjög gott handa nautgripum.

Hjer rekur nauður til, að eitthvað sje aðhafst. Og það, sem áhrif hins opinbera gætu þá fyrst og fremst náð til, annað en það að hafa áhrif á hrossafækkunina, væri það, að greitt væri fyrir útvegun á innlendum fóðurbæti til skepnufóðurs.

Nú mun vera til hjer á landi all-

mikið af síld frá í fyrra. Jeg hefi heyrt nefndar um 45,000 tunnur. Englendingar eiga síldina og munu vilja selja hana, og hafa þegar selt nokkuð. Verðið á síldinni, þar sem hún liggur, mun ekki vera mjög hátt, enda mun síldin vera allmisjöfn að gæðum, en flutningur á síldinni er aftur á móti afardýr. Nú má síldin ekki verða mjög dýr, til þess að það borgi sig að nota hana til fóðurs, eins og verði á afurðunum er nú komið.

Við flutningsmenn till. höfðum því hugsað okkur, að hið opinbera gæti best orðið að liði í þessu efni, með því að haga ferðum þeirra skipa, sem landsstjórnin hefir yfir að ráða, þannig, að sem haganlegast sje þeim, sem síldina kaupa, og í annan stað gæfi dálitla ívilnun í flutningsgjaldinu. Vera má, að heppilegra og tryggara væri, að afskifti landsstjórnarinnar af þessu fóðurbætiskaupamáli næði lengra en þetta; t. d. að landsstjórnin festi kaup á síldinni að einhverju leyti, og að með því væri trygt, að flutt væri til Suðurlands svo og svo mikið af síldinni í sumar og haust, svo að ef ís bæri að Norður- og Vesturlandi í vetur, að síldin væri þá ekki þar innilokuð. Það er nauðsynlegt, að þetta atriði sje athugað gaumgæfilega.

Þá er annar liður till., að brýna fyrir sveitarstjórnum að halda fundi í haust með bændum, hver í sínum hreppi, til þess að fá gerðar hyggilegar ályktanir um ásetning búpenings. Þingsályktun í þessa átt var samþykt á síðasta þingi. Það varð þó til þess, að að minsta kosti á sumum stöðum var athygli manna töluvert meir vakandi um þessi efni en endranær, og töluvert gert að því, að afla fóðurbætis á ýmsum stöðum. En reynslan sýndi, að þetta var hvergi fullnægjandi.

Sýslumenn heimtuðu þá af forðagæslumönnum, að þeir gæfu sjer tafarlaust upp nöfn þeirra manna í hreppunum, sem að dómi forðagæslumanna settu ekki tryggilega á vetur. Forðagæslumenn sendu þegar að afloknum skoðunum skýrslu um ástandið og tilgreindu það, sem þeim leist ábótavant í þessum efnum.

Það munu nú flestir hafa búist við því, að þetta væri í því skyni gert, að hjer ætti að grípa í taumana af því opinbera, þar sem þess væri þörf, og biðu menn eftir að fá fyrirskipanir í þá átt. En þar, sem mjer er um kunnugt, gerðu sýslumenn engar ráðstafanir, þótt ábótavant væri í þessum efnum. Von um aðgerðir úr þessari átt munu því ef til vill hafa heldur dregið úr því, að forðagæslumenn beint skökkuðu leikinn, með því að beita valdi sínu, sem þeir að vonum eru ragir til, fyr en þá um seinan. Þetta getur ef til vill hafa átt sinn þátt í því, að hvatning sú, sem í þingsályktunartill. frá síðasta þingi falst, hefir ekki fyllilega getað náð tilgangi sínum alstaðar. En eins og jeg hefi áður tekið fram, var sú hreyfing, sem þingsályktunin vakti, til allmikils góðs.

Við flutningsmenn þessarar till. litum því svo á, að rækileg hvatning frá hálfu stjórnarinnar í þessa átt, í sambandi við fyrirgreiðslu og aðstoð til útvegunar á fóðurbæti, ætti að geta haft heillaríkar afleiðingar. En stjórnin þarf að standa á bak við þetta með einbeitni og skjótum úrræðum og njóta aðstoðar bestu manna í hverju hjeraði. Og það dugir ekki að láta sitja við orðin tóm. Þetta er svo mikið alvörumál, að öðrum aðalatvinnuvegi landsins verði ekki teflt í voða með gapalegum ásetningi búpenings næsta vetur.

Síðasti liður till., um að heimila landsstjórninni nauðsynlegt fje til ráðstafana, er að þessu lúta, hneigist að því, að

við höfum gert ráð fyrir ívilnun á flutningsgjaldi á fóðurbætinum, og svo ef til vill að fengnir væru einhverjir góðir og áhrifamiklir menn til að ferðast um hrossaflestu hjeruðin og beita áhrifum sínum í þá átt, að hrossunum verði fækkað. Það er mjög mikilsvert atriði. Það er ekki einungis, að hrosspeningnum einum sje stefnt í voða með því að setja þau á um skör fram, heldur er líka öðrum skepnum tefld í voða, ef ekki er gætt hófs með ásetning hrossanna.

Það mun þykja rjett að vísa málinu til nefndar til yfirvegunar, og höfum við flm. ekkert á móti því. Eftir eðli sínu á málið heima í bjargráðanefnd, og leyfi jeg mjer því að leggja til, að málinu verði vísað til þeirrar nefndar. En sökum þess, að nú er komið nær þinglokum, leyfi jeg mjer að leggja áherslu á það, að háttv. nefnd bregði skjótt við og afgreiði málið svo fljótt sem auðið er, svo að það geti orðið afgreitt frá þinginu áður en því verður slitið.

Sigurður Stefánsson: Jeg verð að vera háttv. flm. þakklátur fyrir að hafa komið með þessa till. Því að eins og útlitið er nú fyrir annan aðalatvinnuveg landsins, þá eru allar þær ráðstafanir, sem um hefir verið talað á þessu þingi, eintómur hjegómi á við það, ef hægt væri að tryggja landbúnaðinum sem mestan fóðurbæti fyrir búpening á næstkomandi vetri. Útlitið með landbúnaðinn er svo ískyggilegt, að það hefir sjálfsagt ekki verið verra í þeirra manna minnum, sem nú lifa. Eftir því, sem sögur ganga nú utan af landinu, er ekki einungis útlit fyrir, að heyfengur verði hálfu minni en venjulega, heldur víða jafnvel miklu minni en það.

Jeg get ekki sjeð, að þingið geti skilið án þess að gera einhverjar ráðstafanir til þess að ráða bót á þessu, ef þess er nokkur kostur.

Hjer hefir verið nefndur hrossafjöldinn. Það er rjett álitið, að hann hangir nú eins og Damoklesarsverð yfir höfði landbúnaðarins, og það verður að álítast í alla staði rjett, að hrossin sjeu drepin til bjargar öðrum skepnum.

En það var aðallega vegna hins atriðisins, sem jeg kvaddi mjer hljóðs. Það var viðvíkjandi síldarkaupum til skepnufóðurs. Jeg vildi árjetta það, sem hv. flm. (P. O.) drap á, að ekki verði einungis gerðar ráðstafanir til að greiða fyrir flutningi á þeirri síld, sem til er eða til verður í landinu, heldur sje það athugað nú þegar, hvort ekki sje rjett, að landssjóður festi kaup á meiru eða minnu af henni. Því að ef síldin er keypt í lausasölu, þá getur farið svo, að þau hjeruð verði út undan, sem ef til vill einna helst þurfa hennar með. Það getur talist nauðsynlegt, að síldin sje í þeim höndum, sem geta »regulerað«, hvernig henni er skift niður.

Það er kunnugt, að einstakir menn eru þegar farnir að kaupa síld þá, sem Bretar eiga hjer síðan í fyrra. Verðið á henni er ekki sjerlega hátt á staðnum, þar sem hún liggur, en flutningskostnaðurinn er ærið mikill og kemur auðvitað harðast niður á þeim hjeruðum, sem fjærst liggja. Það gæti því verið mjög æskilegt, ef landssjóður gæti tekið einhvern þátt í flutningskostnaðinum.

Nú getur vel verið, að mönnum finnist, að ef landssjóður tekur að sjer kaup á þeirri síld, sem nú er til í landinu, þá geti það spilt fyrir markaðinum á þeirri síld, sem veiðast kann í sumar og verða kann á boðstólum innanlands í vetur, en jeg óttast það ekki svo mjög.

Hins vegar er þörfin svo mikil á fóðurbæti, að jeg tel varhugavert að sleppa tækifærinu með kaup á ensku síldinni.

Það er því öll ástæða til þess að taka þetta mál til alvarlegrar íhugunar.

Hvað ásetninguna sjálfa snertir, þá er sjálfsagt að samþykkja til., enda þótt það sje undir hælinn lagt, hvern árangur hún muni bera; hún getur aldrei gert ógagn. Jeg hygg, að allar hreppsnefndir geri það, sem unt er, til þess að hvetja menn til gætilegrar ásetningar í vetur, en till. er þó ekki ofaukið. Það er satt, að hreppsnefndir gáfu skýrslur síðastliðið haust, til stjórnarinnar, um þá, er forðagæslumönnum þótti setja of djarft á, en um árangur af því hefi jeg ekki heyrt, af hverju sem það stafar. En eðlilega er það erfitt fyrir landsstjórnina að hafa eftirlit með ásetningu bænda á hverjum bæ. Jeg veit til þess, að hreppsnefndir hafa gert það, sem í þeirra valdi stóð, til þess að menn settu gætilega á. Þannig var skorið af heyjum í einum hreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu á jólaföstu síðastliðinn vetur, og bjargaði það frá felli í vor. En auðvitað gerðu bændur það ekki ótilkvaddir, heldur fyrir áeggjan og forgöngu hreppsnefndar.

Jeg hygg, að komið gæti til mála, að þegar væri fest kaup á síld þeirri, sem Bretar eiga hjer á landi, að einhverju leyti. En auðvitað má verðið ekki vera of hátt. Þess er að gæta, að flutningskostnaður er mikill, og eitthvað af síldinni kann að vera skemt og óhæft til skepnufóðurs, og er ekkert fyrir þá síld gefandi. Mjer er kunnugt um, að eitthvað hefir þegar verið selt af síld þessari, og mun hún verða seld úr þessu, eftir því sem kaupendur bjóðast að henni.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg get í aðalatriðunum tekið í sama streng um till. þessa sem háttv. flm. (P. O.) og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.).

Það er gleðilegt að heyra, að þótt ekki hafi verið farið langt með till, er samþykt var í fyrra, þá hefir hún samt orðið til þess að vekja menn, enda mun ekki hafa verið ætlast til meira með henni.

Í þessari till. liggur alt hið sama, og þó enn meira, eins og háttv. flm. (P. O.) hefir tekið fram, svo sem að ljetta megi undir með flutning á síldinni, og skilst mjer, að ekki sje eingöngu átt við síld, heldur og við hverskonar fóðurbæti. Enn fremur liggur það í till., að reynt verði að hafa áhrif á ferðir landssjóðsskipanna, þannig að þau geti tekið síldina þar, sem hún liggur aðallega, og dreift henni þangað, sem þörfin er mest, en það er í fjarlægustu hjeruðunum. Ef síldin liggur t. d. aðallega við Eyjafjörð og Siglufjörð, þá gætu menn úr nálægum sýslum náð í síldina án tilfinnanlegs kostnaðar, og yrði þá aðallega að hlaupa undir bagga með Suður- og Austurlandi. Og þótt þessum landshlutum yrði veitt einhver ívilnun í flutningsgjaldi, yrði það samt svo hátt, að síldin yrði þeim dýrari en Norðlendingum og jafnvel Vestfirðingum.

Þar sem háttv. flm. (P. O.) mintist á að senda menn upp um sveitir til þess að vita, hvort hross fengjust ekki keypt allgóðu verði, (**P. O.:** Það sagði jeg ekki.), þá skal jeg engu um það spá, hver árangur myndi verða af slíku. En verði menn sendir út á annað borð, mætti auka verkefni þeirra; þeir gætu jafnframt hvatt menn til þess að setja gætilega á og til þess að tryggja sjer nægan fóðurbæti í tíma.

Á því er mikill vandi, ef landsstjórnin á að ráðast í að kaupa síld þá, sem Bretar eiga hjer og hefir legið hjer alllengi. Jeg veit til þess, að nokkuð af henni hefir verið keypt, en allmikið er þó óselt. Og þótt menn viti, hvernig sú

síld er, sem seld hefir verið, þá hafa menn enga vissu um gæði þeirrar síldar, sem enn er óseld, eða hvernig hún verður undir haustið, þegar fer að kólna í veðri.

Jeg verð að lýsa ánægju minni yfir því, að till. er komin fram, og vænti jeg, að hún verði athuguð fljótt og vandlega í háttv. bjargráðanefnd. Jeg vil leggja áherslu á það, að nefndin kynni sjer sem best, hvernig varið er um bresku síldina, hve mikið er óselt af henni, hve góð hún muni vera og hvaða verði hún muni fáanleg. Á því getur oltið mikið. Og verði síldarafli góður í sumar, verður líklega talsvert af nýrri síld á boðstólum, til sölu innanlands, og keppir sú síld þá við bresku síldina. Og eftir því, sem horfur eru á, verður sú síld ekki sjerstaklega dýr, og munu margir þá heldur vilja kaupa vissa og óskemda vöru en vafasama vöru frá fyrra ári. Væri gott, ef háttv. bjargráðanefnd vildi athuga þetta.

Jeg á ekki von á, að nokkur háttv. þingdm. muni vera því andvígur, að till. gangi til bjargráðanefndar að umr. lokinni.

Matthías Ólafsson: Mig furðar á því, að háttv. flm. (P. O.) skuli hafa þorað að koma fram með slíka till. þessari háttv. deild. Ekki af því, að jeg sje ekki samþykkur till., heldur vegna þess, hvernig hljóðið hefir verið í háttv. deild, þegar rætt hefir verið um forðagæslu. Menn hafa álitið bændur einfæra um að gæta þess, að ekki sje of mikið sett á. En þó þykir mjer gott, að till. kom fram, og mun jeg greiða henni atkvæði. Allir hafa sjeð afleiðingarnar af sjálfræði manna í þessu efni; þær hafa oft og tíðum verið sorglegar.

Það hefir verið minst á, hvort ekki væri ástæða til að kaupa upp þá síld, sem Bretar eiga hjer á landi. Jeg verð að ráða frá því, þar sem síldin mun vera orðin mjög ljeleg. Og hins vegar er það víst, að ekki muni skortur á nýrri síld næsta haust. Er því óhyggilegt að festa kaup á henni nú þegar; hún hefir legið mánuðum saman og er því meira og minna skemd og mun naumast verða svo ódýr, að ekki borgi sig betur að kaupa óskemda og nýja síld.

Mjer er ekki ljóst, við hvað er átt í 1. lið till. Jeg býst við, að tilgangurinn sje að tryggja, að ekki verði flutt svo mikil síld út úr landinu, að nægur fóðurbætir verði ekki eftir handa bændum. Er jeg því algerlega samþykkur, og eins hinu, að menn gæti þess, að ekki verði sett ofmikið á.

Hins vegar get jeg ekki fallist á síðasta málslið till. Jeg sje ekki ástæðu til að heimila, að landssjóður leggi fje til þessa; það ættu bændur sjálfir að gera. Og mjer þykir hjer skjóta nokkuð skökku við atkvgr., er nýlega fór fram um aðra till. hjer í þessari háttv. deild. Sú till. fór fram á að greiða fyrir mönnum með kolavinslu, og sje jeg ekki, að það sje neitt betra, að menn deyi úr kulda, heldur en að skepnur þeirra falli úr fóðurskorti. Jeg mun því koma með brtt. við 2. umr. á þá leið, að þessi liður falli í burt. Ef þingið vill ekki styðja menn á þessum tímum, heldur lætur þá bjarga sjer eins og þeir geta best, þá ætti það að vera samkvæmt sjálfu sjer og samþykkja ekki þessa heimild.

Sigurður Stefánsson: Jeg gleymdi að taka það fram áðan, er jeg gat um bresku síldina og samkepni hennar við nýja síld, að það er stórt atriði í málinu, að enn þá hefir engin síld verið veidd. Það gæti farið svo, að síldarveiðin yrði svo rýr, að ekki yrði veitt

meira en þessar 50,000 tunnur, sem leyft er að flytja út. Um það er alls ekki hægt að segja fyrirfram, og er altaf rent blint í sjóinn með það. Og veiðist ljelega í sumar, þá er illa farið ef við höfum slept tækifærinu til að kaupa þessa bresku síld. Auðvitað er talsverð hætta á því, að hún sje skemd. En hana þyrfti ekki að kaupa blindandi. Það má ætla, að breska stjórnin ljeti það ekki standa fyrir sölunni, að síldin væri skoðuð áður en hún væri keypt. Gætu síldarmatsmenn annast þá skoðun, og mætti sigla að miklu leyti fyrir þau sker.

Jeg er sammála háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) um það, að hættulegt geti verið að kaupa síldina ósjeða, eins og hún er upp og niður. En síldarforðinn, sem Bretar eiga, er svo mikill, að þótt síldin væri ekki keypt öll eða þótt mikið gengi úr henni, þá gætu það verið töluverðar birgðir. Ef landsstjórnin vildi kaupa síldina, er sjálfsagt að fara fram á, að hún verði metin. Ef um óskemda síld er að ræða, er jeg viss um, að hún myndi öll keypt og borguð fyrir haustið, svo að landssjóður þyrfti ekki að eiga þar neitt á hættu.

Jeg skal geta þess í þessu sambandi, að jeg símaði nýlega í hrepp einn, þar sem 3000 tunnur af síld þessari liggja. Bað jeg einn mann þar að segja mjer, hvort síldin myndi óskemd og hæfileg til skepnufóðurs. Jeg fjekk það svar, að nokkuð af henni væri skemt, en maður þessi kvaðst þó vilja kaupa 300 tunnur af henni fyrir hrepp sinn. Hefir þá þessi maður, sem er einkar skýr og glöggur, ekki álitið hana svo skemda, að frágangssök væri að kaupa hana. Að vísu nefndi hann verð, er jeg býst ekki við að umboðsmaður Breta vilji ganga að. Jeg hefi átt tal við umboðsmann Breta um síldarverðið, og kvað hann það mundu verða því ódýrara, sem meira væri keypt í einu. Og ef landssjóður keypti í stórum stíl, hygg jeg, að verðið myndi ekki verða hærra en það, að það borgaði sig fyrir menn úr fjarlægum hjeruðum að kaupa síldina, einkum ef ívilnun fengist í flutningsgjaldinu. Mjer væri þetta ekkert kappsmál, ef jeg væri viss um, að svo mikil síld veiddist í sumar, að nægur forði yrði til manneldis og skepnufóðurs, en um það er ekki hægt að fá neina vissu.

Mig furðaði á þeirri ályktun, er hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) dró af öðru máli, er felt var hjer í deildinn. Þótt menn hafi hrasað áður, er betra, að þeir sjái að sjer, heldur en að þeir haldi áfram í villu síns vegar. Nauðsynin er nú brýnni á því en nokkurn tíma áður, að hlaupið verði undir bagga með landbúnaðinum í þessum vandræðum.

Bjargráðanefnd mun ekki tefja málið, heldur gera alt til þess, að það fái sem greiðastan gang í gegnum háttv. deild.

Pjetur Ottesen: Jeg get fyrir hönd okkar flutningsmanna verið þakklátur fyrir þær undirtektir, er till. okkar hefir fengið hjá hæstv. atvinnumálaráðherra og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.).

Hæstv. atvinnumálaráðherra gat þess, að ívilnun í flutningsgjaldi myndi eiga að ná til alls fóðurbætis. Þetta er rjett skilið, þessi var tilætlun okkar flm., en síldina nefndi jeg sjerstaklega af því, að um þann fóðurbæti verður sennilega aðallega að ræða. Og auðvitað ætti ívilnunin í flutningsgjaldinu að ná aðallega til þeirra, sem lengst þurfa að flytja fóðurbætinn.

Viðvíkjandi því, er jeg jeg drap á, að komið gæti til mála að senda menn til að hafa áhrif á bændur í þá átt, að þeir fækkuðu hrossum, mintist hæstv. atvinnumálaráðherra á, að menn þessir gætu ef til vill keypt hross. Jeg

átti nú ekki við það, en ef þessir menn gætu orðið milligöngumenn milli kaupstaðabúa og bænda í þessu efni, þá er það ekki nema gott.

Um kaup á bresku síldinni skal jeg geta þess, að jeg skaut því að eins fram til athugunar fyrir nefndina, sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, án þess að við flutningsmenn höfum tekið afstöðu til þessa atriðis.

Jeg þarf ekki að svara hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Hann tók liðlega í till., að öðru leyti en því, að hann vill ekki fallast á, að landsstjórninni sje heimilað að verja fje úr landssjóði til þessara ráðstafana. Jeg geri ekki ráð fyrir, að það myndi nema svo miklu, að ástæða væri að setja það fyrir sig, en þótt svo væri nú, að til þessa gengi nokkurt fje, þá væri því fje vel varið, eins og landbúnaðurinn stendur nú höllum fæti, enda kæmi það fje svo alment að notum. Getur, verið, að ummæli hv. þm. (M. Ó.), er lutu að þessu, hafi verið sprottin af vonbrigðum yfir því, að till. frá honum var nýlega feld hjer í hv. deild, en að öðru leyti hygg jeg, að honum sje þetta ekki kappsmál.

Matthías Ólafsson: Háttv. flm. (P. O.) kvað fje það, sem farið er fram á að veita í till., ekki mundu nema svo miklu. En hann getur ekkert um það sagt, hve mikið muni kosta að senda menn um alt land til þess að hvetja menn til að setja ekki of mörg hross á. Jeg gæti trúað því, að það þyrfti að senda allmarga menn til þess að sannfæra alla bændur á landinu um það, að rjettara sje fyrir þá að drepa hrossin sín heldur en að setja þau á. Jeg vil helst ekki fást við þær upphæðir, sem jeg veit ekkert hverjar eru. Og jeg skil ekki, að þingið muni nú vilja veita óákveðna upphæð, þar sem það hefir nýlega synjað að veita alveg fastákveðna upphæð að láni til jafnbrýns bjargráðs og þar var farið fram á.

Jeg skal ekkert hafa á móti því, að þingið geri sig hlægilegt enn þá einu sinni. Jeg ætla að koma með brtt. við þetta atriði við næstu umr., og ekki hvað síst til þess að láta þingið bíta í skottið á sjálfu sjer, láta það samþykkja að gefa óákveðna upphæð, þvert ofan í það, að það hefir ekki viljað lána ákveðna upphæð í jafnnauðsynlegum tilgangi.

Það er satt, að jeg mæli þetta að nokkru leyti af því, að jeg varð fyrir vonbrigðum í öðru máli. Og það er rjett hjá háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að menn eigi ekki að vaða áfram í villunni, ef þeir hafa rangt fyrir sjer. En jeg ætla ekki að gera ráð fyrir, að nokkur háttv. þingdm. hafi greitt vísvitandi rangt atkv. Jeg býst við því, að sannfæring háttv. þingdm. hafi ráðið, þótt jeg álíti hins vegar þessa sannfæringu ekki rjetta.

Það er sjálfsagt að greiða fyrir því, að menn geti aflað sjer fóðurbætis. En jeg álít ekki neitt að óttast, að svo lítið verði veitt af síld í sumar, að ekki verði ríflegur afgangur, þegar sú síld, sem leyft er að flytja út, er talin frá. Og þá er sú síld óneitanlega betra fóður heldur en gamla síldin. Hún er án efa orðin skemd. Það er enginn búhnykkur að kaupa gamla og ljelega síld fremur en að kaupa nýveidda síld og greiða um leið fyrir atvinnuvegi, sem á í vök að verjast. Auðvitað yrði það að greiða fyrir honum, því að ekki er víst, að síldin seljist öll, og yrði hin nýja síld þá að geymast og liggja ef til vill undir skemdum.

Hákon Kristófersson: Jeg býst við, að háttv. flm. þessarar tillögu hafi gengið gott eitt til með því að koma fram með hana, og hún, ef hún

næði fram að gangu, bætti úr vandræðaástandi því, sem er og útlit er fyrir, og get jeg verið því samþykkur að svo mundi verða, sjerstaklega þó með tilliti til 1. liðs till, þar sem gert er ráð fyrir því, að landsstjórnin greiði fyrir útvegun á innlendum fóðurbæti til skepnufóðurs. Býst jeg við, að þar sje einkum átt við síld. Það hefir nú þegar verið farið nokkrum orðum um þetta atriði, en þó vil jeg bæta þar við nokkrum orðum. Vil jeg gera þeirra skoðun að minni, sem heldur vilja nýja síld til fóðurbætis en gamla, þótt ódýrari kunni að vera.

Hæstv. atvinnumálaráðherra kvaðst gleðjast yfir því, að till. þessi væri fram komin, og vildi benda á nauðsyn hennar. Þá hefði jeg nú talið betur við eiga, að hæstv. stjórn hefði átt frumkvæði að þessari till., heldur en það kæmi frá þingmönnum. (S. S.: Sama hvaðan gott kemur). Það getur rjett verið, en ef hæstv. atvinnumálaráðherra gleðst yfir einhverju, sem fram kemur, og bendir á nauðsyn þess, þá hlýtur hann þegar að hafa sjeð nauðsynina, en látið vera að fullnægja henni. Að hæstv. atvinnumálaráðherra, sem þetta mál heyrir sjerstaklega undir, hefir sjeð, að framkvæmdir í líka átt og till. fer væru nauðsynlegar, en gerir ekkert til að koma þeim í framkvæmd, verð jeg að telja frámunalegt afskiftaleysi af hans hálfu, afskiftaleysi, sem mjer er ekki ljóst með hverju hæstv. ráðherra getur afsakað.

Jeg er því till. þessari sammála hvað fóðurbætisbirgðirnar snertir, en álít það ekki mikils virði, þótt farið væri að senda menn út um bygðir þessa lands til þess að hvetja menn til gætilegs ásetnings. Það, að slík till. skuli borin fram, sýnir það eitt, að menn álíta forðagæslulögin nauðalítils virði. Í fyrra, þegar svipuð till. lá fyrir, benti jeg á það, að út af fyrir sig mundi það ekki hafa mikið að þýða að senda menn út um hvippinn og hvappinn, og að það mundi ekki hafa mikið að þýða, þótt stjórnin sendi út brjeflegar áskoranir í þessa átt. Undirskriftir hæstv. stjórnar væru ekki út af fyrir sig svo mikils virði til að tryggja skepnur fyrir fóðurskorti og hungurdauða. Meðan svo stendur, að Alþingi og menn úti um land láta sig í þessu efni »fljóta sofandi að feigðarósi«, er ekki við góðu að búast. Og reynsla áranna sýnir það, að þetta er ekki sleggjudómur, heldur styðjast þessi orð við staðreynd.

Það var rjett hjá háttv. flm. (P. O.), að sýslumenn hefðu heimtað skýrslur. Veit jeg ekki, í hverjum tilgangi um þær var beðið, en held, að þær hafi átt að senda til stjórnarráðsins. Í hvaða tilgangi þær áttu að fara þangað skal jeg ekki segja, en hitt veit jeg, að árangurinn af þessari skýrslugerð forðagæslumanna mun ekki hafa orðið til neinna verulegra framkvæmda með útvegun á fóðurbæti.

Jeg lít alveg eins á síðustu málsgrein till. og háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), því að jeg er því alveg mótfallinn, að landssjóður veiti fje til að senda menn út um hreppa landsins til þess að hafa eitthvert fóðurbætis- og ásetningsgaspur við búendur. Árangur af því mundi sennilega að eins sá, að nokkrir útvaldir fengju atvinnu sem erindrekar í nokkrar vikur. En jeg veit þó, að auðvitað hefir háttv. flm. gengið hið besta til. Það getur vel hafa vakað fyrir þeim, að veita það til stuðnings mönnum við fóðurbætiskaup. (S. S.: Til þess að ljetta undir með flutningsgjald). Ef þetta á að skilja svo, þá get jeg verið með því. (S. S.: Best að skilja rjett). Jeg tek mjög vel þess-

ari vinsamlegu ráðleggingu vinar míns, háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), en honum hefir nú ekki tekist að orða þetta svo skýrt í till. sinni, að á henni mætti sjá, til hvers væri ætlast með fyrirmælum seinustu málsgreinar.

Jeg hreyfði því nú í vor í »privat«-samtali við menn innan þessarar háttv. deildar, hvort síðasti vetur hefði ekki sýnt, að full ástæða væri til að breyta forðagæslulögunum og gera ákvæði þeirra mun strangari, skýrari og ákveðnari í ýmsum greinum. Undirtektir eru daufar undir það, og bendir það á, að annaðhvort vita menn ekki, hvernig ástatt er, eða menn álíta málið svo umfangsmikið, að ekki sje hægt að bæta úr. En ástandið er hörmulegt eins og það er; því mun tæplega hægt að neita. Við bændurnir setjum svo á, að það getur að eins gengið ef veturinn er sæmilegur, en sje hann í harðara lagi, þá ganga skepnurnar sármagrar og hálfdauðar undan vetrinum. Það er enginn vafi á því, að hörmulega hefði farið nú í ár, ef blíðviðri hefðu ekki átt sjer stað í alt vor. Og sje það satt, að ekki óverulegar misfellur hafi átt sjer stað í vor, hvernig mundi þá hafa farið, ef illa hefði vorað? Jeg lít svo á þetta mál sem áður, að slíkt kák sem það, að benda mönnum á að halda fundi og gera samþyktir og reglugerðir um ásetning búpenings, sje pappírsgagn eitt. Hjer verður að gera ráðstafanir í fullri alvöru, því að allur hjegómi og alvöruleysi í máli þessu er einkis virði.

Jeg verð að líta svo á, að svo framarlega sem hæstv. landsstjórn gerir sitt ítrasta til þess, að 1. lið till. sje fullnægt, þá gæti af því hlotist góður árangur. En jeg get ekki litið svo á 2. lið till., að hann sje neins virði. Vitanlega er ekkert á móti því, að stjórnin, eða sá ráðherranna, sem um þessi mál fjallar, fái þá ánægju að senda nokkur brjef út um land með hans undirskrift. Það er bara pappírseyðsla og raskar ekki gildi till. Og jeg gæti enda fylgt síðustu málsgrein ásamt 1. liðnum, ef ljett yrði undir með flutning og greitt fyrir síldarkaupum, sem vitanlega gæti haft töluverðan kostnað í för með sjer, og með það fyrir augum væri má ske rjett að heimila stjórninni fje til nauðsynlegra framlaga í því skyni.

Frekar mun jeg ekki ræða till. að þessu sinni, en mun greiða atkv. með henni, og einnig síðari málsgreininni með þeim skilningi, að fjeð sje ekki ætlað til erindreka út um landið, eða annara óþarfa ráðstafana, er stjórninni ef til vill dytti í hug að framkvæma.

Sveinn Ólafsson: Jeg verð nú að segja, að jeg geri mjer ekki von um mikinn árangur, þótt till. þessi yrði samþ., og sjerstaklega ekki um 2. lið, að hann leiði til neinna stórbyltinga. En af því að fyrri liður till. felur í sjer tilraun til að fyrirgirða hættu, er vofað getur yfir næsta vetur, þá mun jeg þó greiða till. atkv. mitt.

Um 2. atriðið sýnist mjer, sem það ætti ekki að spilla mikið, eða valda breytingum í neina átt, heldur sje það meinlaust og gagnslítið, eins og mörg pappírsgögn eru.

Um þetta fje, sem heimila á landsstjórninni í því skyni að afla fóðurbætis, skal jeg ekki fjölyrða. Mjer sýnist sem sje, að úr því að till. þessi er borin fram, þá leiði það af sjálfu sjer, að veita verði það fje, sem þarf til að framkvæma hana. Jeg geri ráð fyrir, að landsstjórnin tryggi kaupin sem best og leiti sjer upplýsinga um, hve mikið muni keypt, áður en hún festir kaup á nokkrum fóðurbætisbirgðum. (**Atvinnumálaráðherra:** Sú aðferð var höfð

í vetur). Því betra og því minni ástæða til að óttast, að fjenu verði á glæ kastað eða fóðurbætir keyptur að óþörfu.

En það var aðallega út af orðum háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), sem jeg stóð upp. Jeg gat ekki vel felt mig við, að hann var, að mjer fanst, hálfgert að kasta hnútum að okkur, sem vorum móti forðagæslulögunum á síðasta þingi. Mjer fanst það ekki heldur vel við eigandi hjá honum eða hæversklega að orði kveðið um þingið nje vegleg ummæli um það, að það »biti í sinn eigin hala«. Sú fyndni hans er nokkuð vafasöm. Jeg var á móti forðagæslulögunum af því, að jeg álít, að Alþingi eigi ekki að óþörfu að blanda sjer í starfsemi eða búnaðaraðferðir bænda eða annara einstakra manna, að slík íhlutun um skör fram sljófgi ábyrgðartilfinninguna hjá þeim og spilli fremur en bæti. Um ásetningar vil jeg láta hreppsfjelögin einráð vera með bændum og ekkert valdboð ofan að. Hjer er ekki á ferðinni neitt brot á þeirri kenningu, heldur er hjer farin nákvæmlega sú leiðin og ekkert valdboð út gefið. (**M. Ó.**: Hvað þarf þá þingið að skifta sjer af þessu?). Því er svo undarlega farið, að jeg heyri aldrei nema lítinn ávæning af því, sem þessi háttv. þm. (M. Ó.) segir, og get því eigi svarað athugasemd hans. En það verð jeg að segja, að aðdróttun hans til vor þingmanna, sem vorum móti harðvítugum forðagæslulögum í fyrra, um að við göngum hjer á bak orða vorra með því að styðja þessa till., er gersamlega tilefnislaus.

Pjetur Ottesen: Jeg skal ekki teygja tímann með því að eyða orðum við háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), og þá helst af því, að mjer virtust mótmæli hans móti þessari till. einkum sprottin af reiði og gremju út af því, að till. hans um lán til þriggja hreppa í kjördæmi hans var feld hjer í deildinni á dögunum. Jeg sje enga ástæðu til að orðlengja út af mótmælum, sem sprottin eru af slíkum hvötum.

Háttv. þm. Barð. (H. K.) mælti alllangt mál um till. og fann að ýmsu í henni, en jeg held þó, eftir því sem næst varð komist, að hann í ræðulokin væri kominn að þeirri niðurstöðu að styðja till. Hann taldi alveg þýðingarlaust að samþ. annan lið till., um að brýna fyrir mönnum að gera ályktanir um tryggilegan ásetning búpenings. Þar dygði ekkert nema ströng lagaákvæði.

Við flutningsmenn till. álítum aftur á móti, að það sje einmitt rjetta leiðin í þessu máli að hvetja til þess að efla samtök og samvinnu í hjeruðunum um gætilegan ásetning búpenings.

Jeg þarf ekki að svara því, sem hann mintist á viðvíkjandi síðasta liðnum. Jeg tók það skýrt fram, að sú heimild, sem þar er gert ráð fyrir, lyti aðallega að því, að ljetta eitthvað undir með ívilnun í flutningsgjaldi hjá þeim, sem lengst þurfa að flytja fóðurbætinn.

Svo drap jeg á það, að til mála gæti komið, að stjórnin fengi menn út um land til þess að brýna fyrir mönnum nauðsynina á því að gæta nú varúðar í þessum efnum, einkum með tilliti til hins mikla hrossafjölda víða á landinu, þar sem útlit er nú fyrir lítinn heyafla og heyleysi blasir við. Því taldi jeg, að það gæti verið ástæða til að gera eitthvað í þessa átt, en þykist vita, að stjórnin muni gera sitt besta í þessu máli og fara þær leiðir, er hún telur skynsamlegastar og bestar.

ATKVGR.
Tillgr. 1. og 2. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. í e. hlj. og til bjargráðanefndar (sjá A. bls. 545) í e. hlj.

Á 69. fundi í Nd., föstudaginn 12. júlí, var till. tekin til síðari umr. (A. 463, 472, 480, n. 482, 489, 492, 493).

Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj. um brtt. 489 og 492, er of seint var útbýtt.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Bjargráðanefndin hefir látið uppi álit sitt um þetta mál, á þgskj. 489, og er það samhuga álit hennar, að samþykkja beri till. þessa með breytingum þeim, á þgskj. 480 og 482, sem hún leggur til að gerðar verði. Það er nú svo um þetta mál, að það hefir að sumu leyti verið rætt í umr., sem orðið hafa um síldarfrv., sem nú er nýafgreitt frá þessari háttv. deild. Nefndinni hefir fullkomlega skilist það, að þessi till. væri orð í tíma talað, þar sem horfur með heyskap eru svo sem nú er; hins vegar þótti nefndinni nauðsynlegt að orða till. nokkuð fyllra en gert er á þgskj. 463, nefnilega í till. flutningsmanna, og að því lúta brtt. hennar á þgskj. 480. Það, sem er aðalatriðið í þessu fóðurtryggingarmáli, er einmitt sú leið, sem nú sýnist blasa við og vera sjálfsögð, að snúa sjer að síldinni, og í sambandi við þetta verð jeg að taka það fram, að þetta er því auðgerðara fyrir stjórnina, sem frv. síðasta var samþykt, þar sem hún þá kemur til að ráða yfir æðimiklum síldarbirgðum, þannig, að hún þarf ekki að beita neinum þeim ráðum, sem öðrum geti orðið til miska. Auðvitað er gert ráð fyrir því, að þessi forði verði til.

Nefndinni þótti því rjettara að bæta við með skýrum orðum 2. töluliðnum, sem sje því, að tryggja landinu síldarbirgðir til manneldis og skepnufóðurs, og það hafa áður verið færð rök fyrir því, bæði við umr. síldarmálsins og fyr, að það væri full þörf á að hefjast handa um það að tryggja landsmönnum fóðurbæti.

Jeg skal í sambandi við þetta minnast á það, sem tekið hefir verið fram um verðið á þessari síld, að selja hana ekki svo ódýrt, að nokkurt tjón þyrfti að verða að því fyrir síldarframleiðendur. Það er svo sem auðvitað, að það verður að selja hana þannig, að þeim, sem þurfa að kaupa hana til fóðurbætis, verði hún ekki alt of dýr, en það verð getur þó verið miklum mun hærra en það, sem gera má ráð fyrir að beinlínis þurfi að selja hana við, til þess að landssjóður verði skaðlaus af.

Jeg get ekki stilt mig um að nefna það, sem hjer hefir verið varpað fram, að landbúnaðurinn njóti einkis góðs af síldarútveginum

Fari nú svo, að síld veiðist, þá tel jeg ekki líklegt, heldur einmitt vissu fyrir því, að landbúnaðurinn geti notið mikils góðs af síldarútveginum, og jeg vona, að landsmenn geti fengið góðan og tiltölulega ódýran fóðurbæti með þessu, og í sambandi við þetta vil jeg skjóta því fram, sem reyndar ekki snertir fóðurbæti minstu vitund, að jeg verð að líta svo á, að landbúnaðurinn njóti jafnan mikils góðs af síldarútveginum, með því að hann er einn af bestu tekjulindum landssjóðs, og að það er mun hægra, ef vel lætur í ári með þann útveg, að veita landbúnaðinum ríflegri styrk, heldur en ef síldarútvegurinn væri alveg úr sögunni, því að þá misti landssjóðurinn ærnar tekjur.

Í sambandi við þetta má benda á það, að um leið og landsstjórnin getur, ef síld veiðist í sumar, trygt sjer þennan fóðurbæti, þá er þessi útvegur eingöngu

í höndum innlendra manna, og að þetta eru því hlunnindi, sem koma okkur sjálfum til góða. Jeg þykist því ekki þurfa að færa frekari rök fyrir þeirri nauðsyn, sem felst í 2. tölulið brtt. á þgskj. 480.

Um 1. tölulíðinn var talað svo mikið við 1. umr. þessa máls, að engin ástæða er til þess að fjölyrða frekar um hann.

Vona jeg einnig, að stjórnin taki vel í það atriði, að það geti verið full ástæða til að greiða fyrir flutningi á þessum fóðurbæti milli hafna.

Og loks er það 3. tölulíður. Nefndin hefir að vísu lagt til, að honum verði breytt dálítið, en það er engin efnisbreyting. Nefndin taldi rjett, að það væri brýnt fyrir sveitarstjórnum að nota haustið til þess að halda fundi með bændum, til þess að hvetja þá til tryggilegs ásetnings. Að öðru leyti vildi nefndin ekki fara nánar út í það atriði.

Hún telur í alla staði vel til fallið, að hreppsnefndir hafi venju fremur vakandi auga á, hvernig bændur setja á heyin. Auðvitað verða hreppsnefndir að njóta aðstoðar fordagæslumannanna. Og eftir reynslu minni á fordagæslulögunum tel jeg mikinn stuðning í þeim, sje þeim samviskusamlega framfylgt. Nefndin leit svo á, að það væri í alla staði gott, að stjórnin hvetti allar hreppsnefndir til þess að bindast samtökum um, að menn settu gætilega á hey sín, með því að mörgum mun ekki þykja ólíklegt, að næsti vetur gefi ekki síðasta vetri eftir. Slík tímabil hafa komið yfir þetta land, t. d. veturnir 1880 og 1882. Þá höfðu bændur freistast til að setja heldur mikið á, og sem kunnugt er kom aðalhorfellishrunið 1882. Og ef vjer athugum veðurfarssögu okkar, munum vjer sjá, að slíkir samfeldir harðindakaflar hafa komið öðru hvoru. Hjer er því sannarlega allur vari góður, og mjer finst, að þingið megi ekki láta neitt tækifæri ónotað til þess að brýna fyrir mönnum að fara gætilega. Því að þótt hörmulegt sje að eyðileggja bústofn sinn að haustinu, þá er það ekkert hjá því að fella hann úr hor og hungri um miðjan vetur eða að vorinu. Hollur er haustskaði í samanburði við hin ósköpin.

Í umr. um þetta mál á dögunum var minst á það, að stjórnin sendi menn út um land til þess að brýna fyrir mönnum varúð í þessum efnum. En nefndin leit svo á, að ósýnt væri um árangurinn af því, en kostnaðurinn gæti ærinn orðið. En nefndin vill þó ekki átelja stjórnina, þó að hún geri þetta í einstökum hjeruðum, t. d. sendi menn um helstu hrossahjeruðin, til þess að brýna fyrir mönnum að fækka hrossum í haust. Jeg þori að fullyrða það fyrir nefndarinnar hönd, að hún mundi ekki átelja slíkt, ef það gæti komið að verulegu gagni. En hitt hefir tillmönnum víst aldrei komið til hugar, enda mundi gagnið af því ekki svara til kostnaðarins.

Fyrir brtt. á þgskj. 482 er komin brtt. á þgskj. 492. Þar er farið fram á, að fyrirsögnin orðist nokkru fyllra en á þgskj. 482. Nefndin hefir sjálfsagt ekkert á móti brtt. þessari, og jeg held, að mjer sje óhætt að taka aftur brtt. á þgskj. 482, fyrir nefndarinnar hönd.

Þá er brtt. á þgskj. 472. Hún er að vísu stíluð við till. eins og hún var upphaflega orðuð, og meðan jeg heyri ekki annað frá flm. brtt. (M. Ó.), hefi jeg ekki ástæðu til að ætla, að hann vilji láta hana koma undir atkvæði, eins og nú er komið. Hins vegar er það ætlun hans að verja ekki fje til ferðalaga eða fundarhalda. Hygg jeg, að hann geti tekið till. sína aftur, eins og málinu er nú komið. Fjárveitinganefnd hefir látið álit sitt í ljós um fjárhags-

atriði till. og samþykt, að stjórninni skuli heimilað fje til framkvæmdar þessu máli.

Matthías Ólafsson: Jeg mun ekki hingað til hafa verið talinn með sparnaðarmönnum þessa þings; en jeg ætla að fella mig við það álit, því að jeg hefi farið þar eftir minni eigin lund. Jeg hefi ekki kært mig um að spara, er um þarfafyrirtæki hefir verið að ræða, og jeg hefi ekki viljað kvelja opinbera starfsmenn landsins við sultarkjör. En þegar jeg heyri talað um að láta þangað fje, sem þess er engin þörf, hefi jeg tekið aðra stefnu, og eigi síst þegar jeg heyri fjármálaráðherra segja, að alt sje komið í kaldakol og ekki eru peningar til neins, ekki hægt að greiða skuldir á ákveðnum tíma, þá virðist mjer ástæða til að spara þar, sem má spara. Jeg heyri sagt, að ekki sje hægt að lána smáfjárhæð vegna fjárskorts, og landssjóður geti ef til vill ekki staðið í skilum með lán sín. Og í síðasta málinu, sem hjer var til umr., kom till. frá fjármálaráðherra um greiðslufrest á fje, sem landssjóður átti að greiða fyrir síld.

Jeg get ekki skilið, að það kosti landssjóð mikið fje, þó að stjórnin tryggi, að síld sje til í landinu. En ef það er ætlunin að flytja síldina frá einum stað á annan fyrir lækkað fargjald, þá get jeg ímyndað mjer, að það kosti töluvert, enda er jeg því með öllu mótfallinn. En þó að landsstjórnin greiði eitthvað fyrir flutningi, sendi símskeyti eða skrifi brjef, þá getur það ekki kostað mikið, enda hefir stjórnin heimild til slíkra útgjalda, án þeirrar heimildar, sem þessi till. á að veita henni. Jeg veit þess vegna ekki, hvað getur verið átt við í síðustu málsgr. till., þar sem stjórninni er heimilað fje til þessa.

Brýnararnir eru með öllu óþarfir og mundu illa sjeðir af bændum yfirleitt, ef að vanda lætur. Bændur hafa hingað til eigi þóst þurfa að sækja búnaðarvit til þingsins, þegar þingið hefir viljað skifta sjer af forðagæslumálinu, og svo mun vera enn. Þingið verður að kosta kapps um að vera í samræmi við sjálft sig. En það hefir sýnt hjer, að það er sjálfu sjer sundurþykt. Það þykist ekki hafa efni á að lána úr þeim sjóði, sem það hefir ráð yfir, en hjer vill það blátt áfram gefa fje.

Því fer þess vegna fjarri, að jeg vilji taka till. mína aftur; þó að jeg viti fyrirfram, að hún verði feld, þá vil jeg, að það sjáist svart á hvítu, í hve miklu samræmi þm. eru við sjálfa sig.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er víst hugsun flestra þingmanna að teygja ekki tímann með löngum umræðum um þetta mál. Jeg vil lýsa yfir því, að jeg tel till. bjargráðanefndar vel til þess fallna, að hún fái einróma fylgi deildarinnar. Jeg þarf ekki að færa neina sjerstaka ástæðu fyrir þessu; flm. og fleiri hafa gert það áður. En jeg vildi sjerstaklega minnast á brtt. hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), á þgskj 472. Jeg er henni algerlega mótfallinn, og ef hún verður samþykt, er fótunum kipt undan framgangi málsins. Þá eru lagðar hömlur á allar frekari framkvæmdir í þessu efni. Jeg vildi drepa á það, að síðastliðinn vetur festi landsstjórnin kaup á fóðurmjöli og kom á bráðabirgðalögum um bann á útflutningi fóðurefna úr landinu. Þessi fóðurbætir kostaði um 80—90 þús. kr., og stjórnin hafði ekki aðra heimild en nauðsynina á að tryggja landinu fóðurbirgðir. Þingið hefir ekki fundið ástæðu til þess að víta stjórnina fyrir þessa ráðstöfun, en það hefir ekki heldur þakkað hana, svo að jeg get látið það mál liggja milli hluta. En ef till. á þgskj. 472 verður samþykt, þá felst í

því bending til stjórnarinnar um, að hún megi ekki verja fje til ráðstafana þeirra, sem hjer um ræðir. En hvernig á stjórnin að greiða fyrir flutningi á fóðurbæti, nema hún verji einhverju fje til þess í bráðina? Jeg heyri, að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) kveður sjer hljóðs, og hann mun ætla að segja, að fyrir flutningunum megi greiða með haganlegum skipaferðum. En það nægir ekki. Stjórnin þarf meðal annars að tryggja það, að nægilegur fóðurbætir sje til í landinu, því að hver getur ábyrgðst það, að síld seljist ekki öll til útlanda í haust? Og líkur eru til þess, að stjórnin þurfi að greiða fje fyrir þá síld, sem hún vill halda eftir. Jeg vona þess vegna, að þótt háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó). færi frekari rök fyrir till. sinni, að háttv. deild fallist ekki á hana, heldur greiði atkv. till. bjargráðanefndar.

Sigurður Sigurðsson: Jeg sem annar flm. till. og við báðir erum þakklátir bjargráðanefnd, stjórninni og öðrum þm., sem hafa stutt hana. Jeg geri líka ráð fyrir, að brtt. nefndarinnar verði samþyktar. Enn fremur vona jeg, og sú von er bygð á ummælum atvinnumálaráðherra, að stjórnin láti ekki undir höfuð leggjast að hvetja bændur til að halda fundi í haust og gera ráðstafanir um ásetningu búpenings. Og vona jeg einnig, að hver góður maður, og eigi síst þingmenn, hvetji menn til skynsamlegrar ásetningar. Allir munu sjá nauðsynina á þessu, og jeg tel jafnvel hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) ekki ólíklegan til slíkrar hvatningar, ef hann á eftir að stíga fæti sínum á land í kjördæmi sínu.

Að öðru leyti skal jeg taka það fram um brtt. háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), að jafnvel þótt hjer væri ekki um að ræða annað en kostnað við símskeyti og annað því um líkt, sem þessar ráðstafanir hafa í för með sjer, þá tel jeg þessa heimild alveg sjálfsagða. En auk þess getur komið til mála, að stjórnin þurfi að leggja fram fje fyrir fóðurefnið, ef ekki fyrir fult og alt, þá til bráðabirgða, og verði að greiða flutningsgjald líka, uns kaupendur gætu endurgreitt þetta. Og þetta er engin frágangssök í mínum augum. Það gæti blátt áfram komið til mála, að landssjóður hlypi undir bagga með lækkun á flutningsgjaldi fyrir þá, sem miklu þurfa til að kosta til þess að ná síldinni að sjer. Mjer kemur það því kynlega fyrir sjónir, að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) skuli ekki vilja leyfa þessari heimild að standa. Hann er þó enginn sparnaðarmaður, eins og hann sagði sjálfur, þegar um laun og bitlinga er að ræða, eða fjárframlög til atvinnurekstrar, sem hann vill styðja. Hann er því í ósamkvæmni við sjálfan sig, eða maður þröngsýnn, ef hann vill ekki líta lengra og styðja eins landbúnaðinn, þó að hann standi honum ekki jafnnærri. En annars munu allir skilja þennan harmagrát þm. (M. Ó.). Hann er sprottinn af því, að deildin feldi till. fyrir honum, um að veita þrem hreppum lán til kolanáms í Vestur-Ísafjarðarsýslu. En mjer virðist einkennilegt, að hann skuli láta harm sinn yfir falli till. bitna á þessu máli. Það sýnir, að hv. þm. er ekki sjálfum sjer samkvæmur, eða hefnigjarn í meira lagi.

Loks vil jeg gera stutta athugasemd í sambandi við ummæli háttv. frsm. (S. St.). Hann komst svo að orði, að síldarútvegurinn væri að mörgu leyti stoð og stytta landbúnaðarins, eða að landbúnaðurinn nyti góðs af honum. Það má til sanns vegar færa, að hann njóti góðs af honum sem aðrir. Þegar einhver atvinnugrein gengur vel, nýtur þjóðfjelagið í heild sinni góðs af henni. En landbúnaðurinn nýtur engra sjerstakra hlunninda af síldarútveginum,

þó að hann gangi vel. En það er auðvitað gróði fyrir landssjóð, að allir atvinnuvegir gangi sem best. Og á þessum tímum veitir landssjóði ekki af, að síldarútvegurinn gefi sem mest af sjer.

Jeg vænti þess, að till. verði samþykt og röggsamlega fram fylgt af stjórninni. Jeg skal taka undir það með háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að nefndin ætlast ekki til, að sjerstakir erindrekar verði sendir út um land, til þess að brýna fyrir mönnum að setja varlega á. En hitt vil jeg undirstrika, sem sami háttv. þm. sagði, að komið getur til þess, að ráðstafanir verði að gera til þess sjerstaklega að fækka hrossum fremur venju, bæði til manneldis og skepnufóðurs. Það er mikilsvert, að menn skilji, að hrossakjöt er ágætur fóðurbætir, og verður ekki annað betur gert við þau hross, sem þarf að slá af, en að nota þau til þess, að svo miklu leyti, sem þeirra þarf ekki til manneldis.

Okkur er nú leyft að flytja út 1000 hross, og verða ekki keyptir nú nema valdir gripir, bæði bestu og stærstu hrossin. Og um það er ekki nema gott að segja. En hrossaræktinni er þó engin framtíðarvon að því, ef að eins úrkastið verður eftir í landinu. Þess vegna er það nauðsynleg ráðstöfun að fækka á hverju hausti úrgangshrossum, síðgotnum og litlum folöldum og tryppum og gölluðum hrossum, og mætti nota kjötið bæði til manneldis og skepnufóðurs. Nú í haust er sjerstök ástæða til þess að brýna þetta fyrir mönnum, svo að þeir, sem eiga margt af slíku tryppadóti, stofni ekki öðrum búpeningi í voða með því að setja það á vetur.

Matthías Ólafsson: Jeg sje, að hæstv. atvinnumálaráðherra er kominn aftur í deildina, svo að jeg get minst stuttlega á það, sem hann hafði að athuga við ræðu mína. Hann vildi halda því fram, að þetta mundi kosta mikið fje, og hann minti á annað mál, sem hefði kostað eitthvað, en gerði enga grein fyrir, af hverju sá kostnaður stafaði. En jeg hefi þegar bent á, að það væri varla hugsanlegt, að þetta kostaði annað fje en það, sem færi í símskeyti eða burðareyri. Jeg er algerlega mótfallinn því að senda menn út um sveitirnar til þess að predika fyrir bændum, því að það hlyti að hafa stórmikinn kostnað í för með sjer. Hins vegar þyrfti stjórnin sama og engu til að kosta, þótt hún keypti síld, því að það gæti hún gert með einföldum skipunum. Hæstv. atvinnumálaráðherra gat þess, að komið gæti til mála að selja síld út um landið. Það tel jeg ekki nema rjett. En hitt segi jeg, að það ætti að vera talað við þá stjórn, sem seldi síldina lægra verði út um landið en hægt væri að fá fyrir hana á markaðinum. En þá síld, sem ekki færi út, mætti auðvitað selja hjer þolanlegu verði. Jeg hefi áður tekið það fram um sendimennina, sem einnig hafa verið nefndir brýnararnir, að þeir mundu ekki áorka miklu. (**S. S.:** Það hefir enginn gert ráð fyrir að senda menn út). Hvað sem því viðvíkur, þá hefir þó þetta heyrst. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að jeg væri ekki spar á fje landssjóðs til sjávarútvegarins. Þetta er hárrjett, því að sá atvinnuvegur gefur landinu í aðra hönd miklar tekjur, en það er ekki hægt að segja um þann atvinnuveg, sem þessi hv. þm. (S. S.) þykist vera talsmaður fyrir hjer á þinginu. *(Hlátur, skellihlátur).* Jeg veit, að hann muni vitna í það fornkveðna, að bóndi sje bústólpi og bú landsstólpi. En það er kunnugt, að þessir stólpagripir, bændurnir, hafa altaf reynt að velta af sjer öllum álögum og gjöldum til landssjóðs. (**G. Sv:** Talsháttur inn er jafnrjettur fyrir því). Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) stakk upp á því, að

landssjóður keypti dálítið af afsláttarhrossum í landinu. (S. S.: Þetta sagði jeg aldrei). Jeg held, að enginn hafi getað skilið orð hans öðruvísi. Það væri ósköp gott fyrir landssjóðinn að kaupa nokkur hross á 800 kr. stykkið og selja svo pundið af kjötinu á 8—10 aura, því að auðvitað yrði að selja það undir verði, ef bændur ættu að kaupa það til skepnufóðurs. En því vildi jeg svara slíkri till., að sá, sem ekki hefir ráð á að lána út fje gegn öruggri tryggingu, hann hefir ekki heldur ráð á að gefa það. Og þessi orð munu standa óhögguð og óhrakin. Jeg held, að hæstv. atvinnumálaráðherra þurfi ekki að vera bænheitur, þó að sú bæn hans verði heyrð, að þessi till. falli, því að hún er beinlínis borin fram til þess að verða feld. Hún er ekki borin fram til þess að spara þessar krónur, sem »sólundað« yrði í þetta, því að þær drepa okkur aldrei, en þetta er brot á þeirri meginreglu, sem þingið hefir sett. Einhver ungur maður var að sletta sjer fram í þetta, en þegar sami maður leggur á móti nauðsynjamálum og þörfum fyrirtækjum, en styður gistihúsaeigendur í sínu eigin kjördæmi, þá skyldi maður ekki marka hans mótmæli mikið.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það eru tvö atriði í ræðu háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó), sem jeg vildi minnast nokkuð á. Fyrst og fremst fann hann það að fyrri ræðu minni, að jeg hefði ekki skýrt, hvers vegna landssjóður hefði þurft að kaupa fóðurmjölið síðasta vetur. Jeg get skýrt frá því, að fyrst var falast eftir mjölinu frá útlöndum, og þar sem líklegt var, að eigendurnir mundu selja það til útlanda, var komið í veg fyrir það. En um sömu mundir varð stjórnin þess vís, að ýmsir innlendir braskarar ætluðu að kaupa upp birgðirnar, til þess svo að selja þær okurverði eftir á, og þá varð það úr, að landsstjórnin keypti heldur síldarmjölið alveg, heldur en að láta það verða úr, að það færi í gegnum hendurnar á svo og svo mörgum milliliðum, er hækkuðu verðið og hugsuðu ekkert um að úthluta því þar, sem mest væri þörfin, heldur seldu hæstbjóðanda. Þetta eða líkt þessu getur komið fyrir aftur í ár, og þá er gott að hafa heimildina. Það getur komið fyrir, að allar þessar 1000,000 tunnur verði seldar út úr landinu fyrir hátt verð, en að þó verði til ódýrari síld í landinu, og þá getur það komið sjer vel fyrir stjórnina að hafa fjárheimildina til þess að kaupa hana og afhenda hana svo til sveitar- eða sýslufjelaganna gegn góðri tryggingu.

Einar Jónsson: Jeg er að vísu enn þann dag í dag þeirrar skoðunar, að forðagæsla og eftirlit með búskap bænda í sveitum hafi litla þýðingu. En samt er jeg þakklátur fim. till. fyrir það, að þeir komu fram með hana, því að í henni felst ekki að eins, að eftirlit sje haft með búskap bænda, heldur, og það skiftir mestu máli, að stjórnin kaupi síld og selji hana svo aftur til bænda. Mjer sýnist þetta vera aðalmergur till. og ekki síst fyrir það, að á öðru þgskj. frá bjargráðanefnd er sama hugsunin, því að þótt nokkur sje orðamunur á þgskj. 463 og 480, þá er efnið það sama.

Till. þessi hefir ekki mætt miklum andmælum, nema frá háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). En jeg verð að segja, að þegar svona málefni er til umræðu hjer á þinginu, þá dettur mjer í hug, að sama þýtur í þeim skjá. Það má sem sje aldrei minnast svo á landbúnað, að hann espist ekki allur og umhverfist og bölsótist. Ósanngirni hans og stífni gagn-

vart landbúnaðinum er nú orðin alkunn á þingi. En til allrar óhamingju heyrði jeg ekki til hans, fremur en vant er, og þessu er ekki svo farið um mig einan, því að hann talar ætíð svo lágt og þvöglulega, að jafnvel þingskrifararnir verða að færa sig að honum til þess að heyra. Jeg segi þetta ekki sem last um manninn, því að auðvitað er honum þetta ekki sjálfrátt.

Þessi rígur háttv. þm. (M. Ó.) til landbúnaðarins kemur af því, að hann elskar sjávarútveginn svo undurheitt. En mjer er nú svo farið, að mjer er jafnant um alla atvinnuvegi landsins og viðurkenni þá, og slíkt hið sama ætti þessi háttv. þm. (M. Ó.) að gera.

Þá er það enn eitt atriði, sem jeg kann illa við og kemur fram hjá þessum háttv. þm. (M. Ó.), og það er, að hann, sem þó er skynugur maður, skuli láta það á sjer skilja, að hann sje á móti þessari till. vegna þess, að honum var synjað um nokkurra þúsunda króna lán, sem hann fór fram á að veitt væri til síns kjördæmis. Jeg hefði ekki búist við þessu af honum og hefði ekki trúað því, þó að mjer hefði verið sagt það, en nú hefi jeg heyrt það með mínum eigin eyrum og verð því að trúa.

Þessi háttv. þm. (M. Ó.) kemur með brtt. á þgskj. 472, sem tekur allan kraft úr brtt. háttv. bjargráðanefndar, því að hver ætti að hafa gagn af brtt. nefndarinnar, ef landsstjórninni væri ekki heimilað fje til þess að framkvæma það, sem í henni felst? Það hefði verið miklu hreinlegra að koma með till. um að drepa þetta mál.

Þá fór háttv. sami þm. (M. Ó.) út í það, sem ekki stendur í till., en komið hefir fram í umræðum, að senda menn út um hjeruð landsins, til þess að hafa eftirlit með ásetningi manna og flytja prjedikanir um þau efni. Hann gat þess, og um það er jeg honum samdóma, að slíkir sendimenn mundu bæði hafa mikinn kostnað í för með sjer og gera auk þess lítið eða ekkert gagn. En það eru til sendimenn á öðrum sviðum, sem landið ætti ekki að kosta neinu til, og situr einn þeirra (M. Ó.) með 12,000 kr. í 16. gr. fjárlaganna, 21. lið. En það er svo um marga af þessum sendimönnum, að þeir lifa á kostnað landssjóðs, án þess að þeir áliti sjer það skyldu að vera til verulegra nota. Hann var að núa bændum því um nasir, sami háttv. þm. (M. Ó.), að þeir gætu ekki sjeð um sig sjálfir, en þó vill hann ekki láta samþykkja till. þessa í því formi, að hún komi þeim að nokkru gagni. En tímarnir eru öðruvísi en þeir hafa verið, og jeg býst við, að þó að bændur sjeu svo hygnir, að þeir geti sjeð um sig sjálfir, þá sje það þó hyggilegra að samþykkja þessa till. um útvegun á fóðurbæti. Jeg mun því greiða þessari till. atkvæði mitt, þó að jeg sje á móti öllum forðagæslulögum.

Hákon Kristófersson: Jeg gat þess við fyrstu umr. þessa máls, að jeg teldi síðustu málsgrein till. á þgskj. 463 varhugaverða.

Nú hefir bjargráðanefnd komið fram með brtt. við þessa till., á þgskj. 480, þar sem það er tekið fram, að stjórninni skuli heimilað nauðsynlegt fje til framkvæmda á málinu.

Eins og 1. og 2. liður brtt. á þgskj. 480 liggja fyrir, sje jeg ekki ástæðu til annars en að greiða brtt. bjargráðanefndar atkvæði mitt. En þetta geri jeg með það fyrir augum, að þótt stjórninni heimilist fje til þess að framkvæma það, sem till. ætlast til, þá noti hún ekki þessa heimild til þess að senda launaða erindreka út um bygðir landsins, til þess að prjedika fyrir bændum gætilegan ásetning eða fækkun á hrossum. Jeg álít, að slíkt verði að vera á valdi

sveitarstjórnanna, en ekki tilkvaddra manna. En eftir síðustu málsgrein till. sje jeg ekki betur en að stjórnin hafi heimild til þess að verja fje til fundarhalda, meðal annars. Því er jeg ekki mótfallinn; tel miklu fremur sjálfsagt, að stjórnin hafi heimild til bráðabirgðafjárframlaga til kaupa á fóðurbæti, svo sem síld eða síldarmjöli.

Háttv. frsm. bjargráðanefndar (S. St.) gat þess, að æskilegt væri að senda menn út um landið, sem brýndu fyrir mönnum að fækka hrossum að miklum mun. En eins og jeg hefi áður getið, þá ætlast jeg ekki til þess með atkvæði mínu, að fje sje varið til slíkra hluta. En á það vil jeg leggja áherslu, að stjórnin geri sitt ítrasta til útvegunar á fóðurbæti, og að framkvæmdir verði gerðar í þá átt þegar á þessu sumri, því að öllum má vera ljóst, til hvílíkra vandræða horfir með grassprettu. Og það vil jeg taka fram, að láti hæstv. stjórn fóðurbirgðamálið afskiftalaust að þessu sinnu, þá sýni hún það ljóslega, að hún er algerlega óhæf til þess að stjórna landinu á vandræðatímum.

Jeg hefi svo ekki meira að segja, en þetta vildi jeg sagt hafa, af því að jeg kann betur við brtt. bjargráðanefndar heldur en aðaltillöguna.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg vænti þess, að ekki verði hægt að segja um mig, að jeg tali af hlutdrægni um þetta mál, því að ekki verður það sagt, að mitt kjördæmi hafi hagnað af því, að till. verði samþ. eða þá ekki. (**Atvinnumálaráðherra:** *Ef síldin yrði notuð til manneldis, gæti þó svo farið*). En jeg tel þessa till. mjög þýðingarmikla og sjálfsagða, frá hvaða sjónarmiði sem á hana er litið og hvaða þm. sem hlut á að máli. Það hefir verið tekið fram, að útlit sje fyrir mikinn grasbrest á þessu sumri, og þessi eina ástæða er svo mikilsverð, að þó að hæstv. Alþingi hefði ekki nema hana eina til þess að styðjast við, þá hefði það ekki getað skilið svo vansalaust, að það hefði ekki gert eitthvað til þess að tryggja bændum fóðurbæti, svo að þeir gætu haldið búpeningi sínum. Þó að það verði sagt með nokkrum rjetti, að þessi atvinnuvegur gefi landssjóði ekki afarmiklar beinar tekjur, þá verður þó að gæta þess, hversu hann er ómissandi fyrir alla framþróun landsins og hversu margir landsbúar lifa á honum og hafa af honum uppeldi sitt. Og nú er ekki síður ástæða til þess að hlúa að þessum atvinnuvegi, þar sem nú getur svo farið, að þjóðin öll í heild sinni verði að bjargast við hann að miklu leyti, því að svo getur farið um sjávarútveginn, ef stríðið heldur áfram ef til vill í mörg ár enn, að hann komist í kalda kol. Og hvernig væri þá komið þjóðarbúskap vorum, ef bændur yrðu nú að farga bústofni sínum sakir fóðurskorts? Jeg mun því láta það með öllu óátalið, þó að landssjóður notaði talsvert mikið fje til þess að tryggja bústofn bænda. Þessu fje ætti að verja til þess að ívilna bændum í verði á fóðurbæti og flutningsgjöldum. En óþarft tel jeg það að eyða fje í þann hjegóma, að senda menn út um landið til þess að ráðleggja bændum um ásetning og annað því um líkt. En sjálfsagt er, að stjórnin hafi heimild til þess að verja fje úr landssjóði til fyrirgreiðslu í þessu máli, því að þetta er svo mikið og þarflegt mál, að alls ekki er farandi fram á að nema burt fjárheimildina, og ætti að gera alt til þess að greiða fyrir því.

ATKVGR.

Brtt. 480, 1.—3. tölul. (ný tillgr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 472. feld með 18:1 atkv.
— 492. (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
— 482. tekin aftur.

Till, svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed, með fyrirsögninni:

Tillaga til þingsályktunar um síldarkaup, síldarforða og ásetning búpenings.

Á 65. fundi í Ed., laugardaginn 13. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um síldarkaup, síldarforða og ásetning búpenings, eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 500).

Á sama fundi í Ed. var till. tekin til fyrri umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Mjer þykir hlýða, að þessu mikla vandamáli verði vísað til bjargráðanefndar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 9 shlj. atkv. og til bjargráðanefndar (sjá A. bls. 544) með 6 shlj atkv.

Á 66. fundi í Ed., mánudaginn 15. júlí, var till. tekin til síðari umr. (A. 500).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Bjargráðanefndin hefir athugað tillögu þessa og finnur enga ástæðu til þess að leggja til, að henni verði breytt, heldur mælir með, að hún verði samþykt eins og hún liggur fyrir, þótt hún hafi ekki komið fram með nefndarálit um till.

ATKVGR.

Till. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 511).

---

23. Landsbankaútibú í Vestmannaeyjum.

Á 5. fundi í Ed, föstudaginn 19. apríl, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að sett verði á stofn í Vestmannaeyjum útibú frá Landsbanka Íslands (A. 15).

Á 6. fundi í Ed., laugardaginn 20. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Ed., miðvikudaginn 24. apríl, var till. tekin til einnar umr. (A. 15).

Flm. (Karl Einarson): Jeg skal að eins leyfa mjer að mælast til þess, að hæstv. forseti taki mál þetta út af dagskrá, af alveg sjerstökum ástæðum.

Forseti: Mjer er kunnugt um þessar sjerstöku ástæður til þess, að mál þetta sje tekið út af dagskrá, og veit, að þær eru góðar og gildar.

Jeg lýsi yfir því, að jeg tek málið út af dagskrá.

Á 15. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. maí, var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 15).

Flm. (Karl Einarsson): Jeg hefi haldið till. þessari til baka hingað til, af því að jeg átti von á yfirlýsingu frá bankastjórn Íslandsbanka, viðvíkjandi útibúi, er hún hefir haft í hyggju að setja á stofn í Vestmannaeyjum, en af mjer ókunnum ástæðum er ekki enn komið í framkvæmd. Nú hefi jeg fengið þessa yfirlýsingu, en hún er svo óákveðin, að jeg sje ekki, að jeg geti látið vera að bera fram þessa till, svo sjálfsögð sem hún er, enda sje bankastjórn Íslandsbanka alvara að setja á stofn sitt útbú, og geri hún það, þá mun ekki haldið að Landsbankastjórninni að gera það, ef hún sjer ekki landinu hag í því. Jeg tek þetta fram til þess, að það komi skýrt fram, að Vestmannaeyingar eru ánægðir í bráð, ef þeir fá útibú frá hvorum bankanum sem er.

Um þörfina á útibúi í Eyjunum skal jeg fara nokkrum orðum. Eyjarnar hafa tekið miklum framförum nú á síðustu tímum. Húseignir eru nú þar virtar til brunabóta á kr. 2.570.000.00. Þar að auki eru lóðirnar, sem flestar eru leigðar til 80 ára gegn fremur lágu endurgjaldi, og er því talsverð eign í. Mótorbátar voru 66 í ár og fyrra; þeir eru minst hálfrar miljónar kr. virði, og til þess að gera þá út þarf mikið fje, sem öllum er til þekkja er kunnugt. Svo eru menn að koma sjer upp nýjum eignum, rækta kálgarða og tún og byggja fiskþurkunarreita; sjerstaklega túnin og stakkstæðin eru mikils virði. Til útgerðar og verslunar þarf auðvitað mikið fje. Það vita allir, sem til þekkja. Verslunarumsetning Eyjanna var árið 1896 nálægt 90 þús. kr., árið 1904 nálægt 400 þús., árið 1911 var umsetningin orðin rúm 1400 þúsund, og árið 1916, eftir sama mælikvarða, 2500 þús.

Það liggur því í augum uppi, að á svona stað, og svo afskektum, þarf að vera talsvert öflug peningastofnun. Það er meira en lítil fyrirhöfn og kostnaður að þurfa ætið að snúa sjer til Reykjavíkur, er menn þurfa á láni að halda, auk þess sem bankastjórnirnar eru illa settar til þess að dæma um efnahagsástæður manna í fjarlægum hjeruðum, og svo er annað atriði, sem ekki er þýðingarlítið í þessu sambandi, að hafa á staðnum peningastofnun, þar sem menn geta geymt og ávaxtað sparifje sitt og gripið til þess þá er þarf. Það er nú svo, að í Eyjum er sparisjóður. En hvernig sem það nú er, þá er hann harla lítið notaður til þess að leggja inn í hann peninga. Flestir Eyjamenn geyma og ávaxta fje sitt í bönkum í Reykjavík, og mun þar auðvitað ráða miklu, að menn álíta fjeð tryggara þar en í sparisjóðnum, en engu minni er sú ástæðan, að hingað til hefir það svo verið, að ekki er svo auðvelt að grípa til fjárins, er það er komið í sparisjóðinn, því að hann tekur helst ekki við því öðruvísi en að það standi þar um langan tíma, og þarf að segja til löngu áður, ef menn vilja taka það út.

Það má segja um þetta mál eins og hitt, að það sje svo auðsætt og sjálfsagt, að jeg vona, að háttv. deild taki því með velvilja og leyfi því framgang, og skal jeg að eins benda á, að áreiðanlega er svo mikið að gera fyrir banka í Eyjum, að það verður ekki skaði, heldur þvert á móti hagur fyrir banka að setja útibúið á stofn, fyrir utan það mikla gagn, sem það mundi gera Eyjamönnum. Og eins má ekki gleyma, er þetta mál er athugað, að hjer er sveit með yfir 2000 búsettum íbúum; auk þess eru 500—700 manns við góða at-

vinnu þar hálft árið, og talsverð verslun er þar rekin milli lands og Eyja við Eyrarbakka, Stokkseyri, Landeyjar, Eyjafjöllin og Vík.

Jeg mun ekki setja mig á móti því, að málinu verði vísað til nefndar, en álít þess þó enga þörf. En ef háttv. deild skyldi svo sýnast, þá tel jeg rjett, að því verði vísað til allsherjarnefnar.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Þar sem háttv. flm. (K. E.) gerði það ekki beinlínis að till. sinni, að málinu væri vísað til nefndar, vil jeg gera það að minni till., að því verði vísað til allsherjarnefndar.

Till. á þgskj. 64, um útibú á Siglufirði, var vísað til allsherjarnefndar í háttv. Nd.; bar hún sig saman við bankastjórnina og fjekk góðar undirtektir. Málum, sem, eins og þetta, eru tekin úr út stóru kerfi, er sjálfsagt að vísa til nefndar.

ATKVGR.

Till. vísað til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 537) með 11 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Ed., föstudaginn 17. maí, var framhaldið einni umr. um till. (A. 15, n. 135).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Nefndin hefir athugað till. þessa og komist að þeirri niðurstöðu að ráða háttv. deild til að samþ. hana með lítilli viðaukatill.

Þó er ekki svo að skilja, sem öll nefndin hafi verið á sama máli í fyrstu, því að nokkur hluti hennar var þeirrar skoðunar, að slík mál sem þetta snertu ekki þingið, og það ætti að gera sem minst að því að seilast inn í verkahring bankanna. Sá hluti nefndarinnar áleit því í fyrstu, að ekki bæri að sinna till. þessari.

En nefndin vildi þó leita sjer upplýsinga um málið, og fjekk hún þá þær upplýsingar, að Íslandsbanki hefði í hyggju, og hefði jafnvel áformað, að setja á stofn útibú í Vestmannaeyjum.

Nefndin hafði einnig stjórn Landsbankans til viðtals, og kvaðst hún einnig vera fús til að setja á stofn útibú þar, þegar hagur og ástæður bankans leyfðu.

En hjá nefndinni sá stjórn Landsbankans brjef frá Íslandsbanka, þar sem hann kveðst hafa í hyggju að koma af stað útibúi þessu, og sagðist hún þá ekki mundu fara í kapp við Íslandsbanka, þar sem hún hefði einnig tækifæri til að setja á stofn önnur útibú; miklu fremur væri henni þökk á því, ef Íslandsbanki vildi hjálpa til, svo að tvö útibú yrðu stofnuð á sama tíma.

Þegar nefndinni voru kunnir orðnir þessir málavextir, varð hún sammála um, að fylgja fram till., ef þau afskifti þingsins mættu verða til þess að flýta fyrir því, að annarhvor bankinn setti útibúið á stofn.

Nefndin leit svo á, að sama væri frá hvorum bankanum útibúið kæmi. Aðalatriðið er það, að útibúsins er brýn þörf, og það sem fyrst. Liggja til þess margar ástæður, sem ekki þarf að rekja.

Nefndin vill því ráða háttv. deild til að samþ. till. með þessari litlu viðaukatill. á þgskj. 135.

Orðabreytingin, sem þar er farið fram á, er svo smávægileg, að nefndin mun ekki gera hana að kappsmáli. Að eins þótti nefndinni fara betur í munni að nota orðið »útbú«, en ekki »útibú«.

Jeg hefi svo ekki fleira um málið að segja.

ATKVGR.

Brtt. 135, 1. samþ. með 11 shlj. atkv.

— 135, 2. samþ. án atkvgr.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Till. afgr. til Nd.

Á 26. fundi í Nd., laugardaginn 18. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að sett verði á stofn í Vestmannaeyjum útbú frá Landsbanka Islands,

eins og hún var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 165).

Á 27. fundi í Nd., þriðjudaginn 21. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 23. maí, var till. tekin til einnar umr. (A. 165, 182).

Bjarni Jónsson: Jeg ætla að leyfa mjer að segja örfá orð um brtt. litla, sem jeg hefi komið með. Jeg veit ekki, hver verður frsm. að þessu máli hjer í deildinni, en vildi þó leyfa mjer að geta þess, að jeg tel fyrir mitt leyti sjálfsagt, að þessi till. verði samþ., því að Vestmannaeyingum er þörf á að hafa útibú hjá sjer; þeir þurfa oft að inna mikil gjöld af höndum, en eiga örðugast með að ná til annara staða.

Þetta er einnig landseti landssjóðs og besti landsetinn hjer á landi, og sjálfsagt að gera honum alt til þægðar, og þar á meðal þetta. — En brtt. mín er um það, að í staðinn fyrir ljótt orð, sem er í till., komi útibú. Það er einkennilegt hjer á landi, að menn vilja brjóta tennur á svo ljótu orði sem »útbú«, þar sem til er enn þá gamalt orð sömu merkingar, útibú. Mjer segja lærðustu menn, að orðið »útbú« komi fyrir á einum stað í Eglu, en annarsstaðar ekki. Þó er þess að geta, að orðmynd þessi finst ekki í orðabókum, svo sem Fritzner, og vil jeg halda því fram, að annaðhvort sje það prentvilla í útgáfunni eða þá ritvilla í handritinu. (**E. A.:** Eða vitlaust lesið). Vitlaust lesið varla. — Það er ósköp ótrúlegt, að nauðsynlegt sje að búa til orð, sem fara illa í eyrum. Nú er það svo, að erfitt er að segja b á eftir t; því hefir verið höfð myndin »úti« þar, hvort sem það er til hljóðfegurðar eða það fer saman við að búið er úti, en hefir ekki neina stefnu út, svo að jeg hygg nú, að vel geti komið til greina fyrir hæstv. forseta að taka þetta sem hverja aðra leturbreytingu, sem ekki þurfi að ganga til atkv. um. Jeg skal líka geta þess, að till. um útibú á Siglufirði hefir nýlega gengið gegnum báðar deildir, og var þar höfð myndin útibú.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meir um þetta, en vona, að það verði skoðað sem leturbreyting.

Þorsteinn Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að þessu máli sje vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til allsherjarnefndar feld með 11 : 4 atkv.

Brtt. 182. samþ. með öllum gr. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Till. afgr. til Sþ.

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 24. maí, og á 26. fundi í Ed., sama dag, var útbýtt frá Sþ.

Tillögu til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að sett verði á stofn í Vestmannaeyjum útibú frá Landsbanka Islands,

eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 202).

Á 2. fundi í Sþ., miðvikudaginn 29. maí, var till. tekin til umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 251).

---

24 Kolanám í Gunnarsstaðagróf.

Á 17. fundi í Ed., mánudaginn 13. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um kolanám í Gunnarsstaðagróf í Drangsnesslandi (A. 109).

Á 18. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Frumkvæðið að því, er snertir rannsókn þessarar námu, er komið frá stjórninni. Hæstv. fyrv. fjármálaráðherra (B. K.) byrjaði í fyrra vetur að leita sjer upplýsinga um þessa námu, og maður var fenginn af stjórninni til þess að skoða hana, aðstöðuna að henni og fleira. Maðurinn, sem fenginn var, var Guðmundur G. Bárðarson í Bæ. Enn fremur fór fram efnarannsókn á kolunum hjer í efnarannsóknarstofunni í Reykjavík, og kom við þá rannsókn í ljós, að kolin eða surtarbrandurinn væri vel brúkanlegt eldsneyti.

Svo tók þingið við málinu, og í fyrra samþyktu báðar deildir þingsins þingsályktunartill., sem var bein ósk til stjórnarinnar um að láta rannsaka og styðja kolanámuna með fjárframlögum úr landssjóði eftir þörfum. Þetta varð til þess, að sýslunefndin í Strandasýslu fór að athuga málið nú í vetur og komst að þeirri niðurstöðu, að þetta væri mál, sem endilega þyrfti að komast í framkvæmd. Gerði sýslunefnd tvær till. um málið, aðaltill. og viðaukatill.

Aðaltillagan var sú, að landssjóður ljeti reka námuna. Viðaukatillagan fór fram á, að landssjóður ljeti byggja veg, 2 km., til sjávar, bygði torfskýli, lánaði áhöld og útvegaði verkstjóra. Með þessum skilyrðum ætlaði sýslunefndin að sinna málinu.

Þessa síðari till. sýslunefndar tók nú bjargráðanefnd Ed. til athugunar, en aðaltillöguna leist henni ekki á að sinna, því að svo mikil reynsla var fengin frá Tjörnesnámunni um námurekstur landssjóðs, að engum datt í hug, að landssjóður ætti að fara að reka námuna á eigin kostnað. En hitt fanst nefndinni sjálfsagt, að styrkja bæri námureksturinn á einhvern hátt.

Verkfræðingur landsins var heldur letjandi málsins, en lagði þó til, að sýslunni væri veitt 1000 kr. tillag til fyrirtækisins, en nefndin vildi heldur binda styrkinn við árangurinn, þannig að fjárframlag úr landssjóði verði veitt til styrktar kolanáminu, er nemi 10 kr. á hverja smálest nothæfra kola, sem framleidd verða þar á þessu ári. Styrkveit-

ing á þennan hátt finst mjer eðlilegri en hin, sem till. landsverkfræðingsins felur í sjer, en jeg vildi, að landssjóður styrkti vegagerðina. Það fyndist mjer sanngjarnt að þingið fjellist á og vona, að það verði gert í Nd., hvort ekki sje rjett að veita sjerstakan styrk til vegarins.

Vegurinn til sjávar er, eins og jeg áður sagði, um 2 km. á lengd, en bratt og ósljett á leiðinni; yrði að leggja hann eftir melaröndum nokkrum á ská, sem lengir hann dálítið, en þegar að sjónum er komið, er fyrir besti lendingarstaður og ágæt höfn.

Sýslunefnd Strandasýslu gerði ráð fyrir, að ef til framkvæmdanna kæmi í þessu máli, þá mundi Húnavatnssýsla styðja fyrirtækið líka með fjárframlögum, svo að fjárhættan lægi ekki öll á sjóði Strandasýslu. En í raun og veru kemur málið of seint fyrir þingið, því að úr því að bjargráðanefnd getur ekki fallist á óbreytta varatillögu sýslunefndar, getur sýslunefndin ekki komið málinu í framkvæmd fyr en hún hefir haldið nýjan fund og gert nýja ályktun, samkvæma þingsályktunartillögu þeirri, sem hjer liggur frammi.

Jeg vona því, að háttv. deild taki vel í málið og leyfi því að ganga sem allra fljótast í gegnum þingið. Fleira þarf jeg ekki að taka fram þessu viðvíkjandi.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Þessi þingsályktunartillaga frá háttv. bjargráðanefnd fer fram á, að landsstjórnin styrki kolanámið með 10 kr. á hverja smálest framleiddra kola, en sýslunefndin fer fram á að landssjóður reki námuna.

Það mun hafa verið byrjað á surtarbrandsvinslu á einum stað í Þingeyjarsýslu áður en þingál. þessi kom fram, en síðan hefir rannsóknum um þetta verið haldið áfram, og hefir það þá komið í ljós, að á Vestfjörðum er mest af surtarbrandi, og honum víða allgóðum. Samfara rannsókn þessari hefir víða verið unnið að surtarbrandsvinslu, og hefir landsstjórnin stutt það, stundum með því að lána verkstjóra, stundum lánað verkfæri og líka útvegað sprengiefni. Að eins á einum stað hefir námugröfturinn verið rekinn í stórum stil, það er á Tjörnesi, en eins og hv. þm. hafa eflaust heyrt, þá varð árangurinn alt annað en glæsilegur; það var tap á rekstrinum, en raunar má segja, að það tap stafaði að miklu leyti af því, að kolin voru seld svo ódýr.

Jeg hygg nú, að heppilegast sje, að stjórnin haldi áfram að styðja að námugreftinum á svipaðan hátt og verið hefir.

Nýlega er kominn hingað til landsins sænskur verkfræðingur til þess að rannsaka námur vorar. Er þetta gert að vilja síðasta aukaþings.

Í till. þeirri, er hjer liggur fyrir, er farið fram á meiri stuðning en alment hefir verið, farið fram á fjárframlög, og háttv. frsm. (G. G.) hreyfði auk þess vegalagningu í ræðu sinni. Í tilefni af þessu þykir mjer rjett að vekja máls á því, að víðar hjer á landi eru námur en þessi, og má búast við, að farið verði fram á svipaðan stuðning við námugröft þar. Mjer finst því, að rjett hefði verið að taka málið meira alment, og þá er spurningin, hvort rjettara er að styðja námugröftinn með beinu fjárframlagi, eins og þessi þingsályktun gerir ráð fyrir, eða með öðru móti, eins og jeg lýsti að stjórnin hefði gert.

Þessi orð mín má ekki skoða svo, sem jeg sje á móti till. þessari, heldur eru þau um málið alment.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Ræða hins hæstv. atvinnumálaráðherra gaf ekki ástæðu til neinna andmæla, en í tilefni af henni skal jeg taka það fram, að víða kringum Steingrímsfjörð eru surtarbrandsnámur, t. d. í Tröllatungulandi, en þar hagar öðruvísi til en í Drangsnesi, að því leyti, að þær jarðir eru í eigu einstakra manna, en Drangsnes er landssjóðseign. Og þar sem landssjóður á jörðina, þá teldi jeg rjettast, að hann kostaði vegalagninguna, því að vegurinn liggur í hans landi og hlýtur að auka verðmæti jarðarinnar. Þó að landssjóður láni nú námuna endurgjaldslaust í eitt ár, þá er engin vissa fyrir því, að hann geri það áfram, á og hægra með að taka gjald eftir námuna, ef hann kostar veginn, sem er nauðsynlegur ef náman er rekin, hver sem hana notar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr með 13 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 109).

Enginn tók til máls

ATKVGR.

Till. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 24. fundi í Nd., fimtudaginn 15. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um kolanám í Gunnarsstaðagróf í Drangsnesslandi,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 143).

Á 25. fundi í Nd., föstudaginn 17. maí, var till. tekin til fyrri umr. (A. 143, 160).

Afbrigði leyfð og samþykt um brtt. 160, er of seint var útbýtt.

Magnús Pjetursson: Mjer finst ekki hægt að komast hjá því að gera svolitla grein fyrir tildrögum þessa máls, svo að háttv. þm. geti greitt atkv. um málið.

Á þinginu í fyrra var samþykt áskorun til stjórnarinnar um að vinda sem bráðastan bug að innlendu kolanámi, til þess að fullnægja eldiviðarþörf landsmanna. Síðasta sumar fór jeg þess á leit við landsstjórnina, hvort hún væri ekki fáanleg til þess að láta reka námugröft á þessum stað, sem till. talar um. Svaraði stjórnin með því að lýsa yfir því, að hún hefði ekki í huga að reka námugröft á landssjóðskostnað annarsstaðar en á Tjörnesi. Síðastliðið sumar var því ekki hægt að gera neitt frekar í því efni, en í vetur sáum við Strandamenn, að það dugði ekki að láta við svo búið standa, ef mönnum væri nokkur alvara með að birgja sig upp með eldsneyti. Mönnum var það fyllilega ljóst, eftir veturinn í vetur, að eitthvað yrði að gera, eitthvað betur en gert var af hálfu landsstjórnarinnar. Þess vegna tók sýslufundurinn að sjer að hreyfa þessu máli, fyrst sem ósk til stjórnarinnar um það, að hún gerði þá skyldu sína, sem þingsályktunartillaga síðasta þings fór fram á, það, að hún ljeti beinlínis reka námugröft í Gunnarsstaðagróf. En vegna þess, að sýslunefndin þóttist mega vera sannfærð um það, að stjórnin tæki að sjer námugröftinn, mundu kolin verða miklu dýrari en ef einstakir menn tækju hann að sjer, eða þá sýslufjelagið. Var þetta bygt á reynslu þeirri, sem fengist hefir.

Þá bauðst hún (sýslunefndin) til þess

að taka að sjer námureksturinn, með því skilyrði, að lagður yrði aklær vegur frá námunni til sjávar og að landsstjórnin lánaði verkfæri til þess að vinna námuna með. Og það er einmitt þessi brtt., sem jeg ber nú fram.

Það er auðvitað, að till., eins og hún kemur frá háttv. Ed., meinar nokkuð svipað. Jeg geri nefnilega ráð fyrir því, að þessum 10 kr., sem ætlaðar eru til verðlauna fyrir hverja framleidda smálest, mætti verja til þess að gera þennan veg fyrir. Mjer finst það samt sem áður hálfhjákátlegt að vera að binda slík verðlaun eingöngu við þetta sjerstaka verk, sem landssjóður kostar ekki, með því að landssjóður ekki heldur alment veitir verðlaun fyrir kolagröft. Það er líka hugsanlegt, að það sje betra fyrir landssjóð að gera veginn heldur en að þurfa að borga verðlaun fyrir hverja smálest, kann ske mörg hundruð kr. Mjer þykir líklegt, að það geti orðið honum miklu dýrara heldur en að leggja þennan vegarspotta og lána verkfærin. Svo koma þeir peningar fyrst eftir á, og þá þyrfti sýslan að taka lán til bráðabirgða til verksins.

Jeg býst nú við, að háttv. þm. muni vilja fá að vita, hve mikið landssjóður muni þurfa að leggja í þennan veg, en því miður hefir ekki verið gerð nein áætlun um það, en þó geta hv. þm. fengið nokkra hugmynd um það, þegar jeg segi þeim, að þessi vegalengd er 2200 metrar; vegurinn verður það sneiddur.

Sá maður, sem látinn hefir verið rannsaka þessa námu fyrir landsstjórnina, hefir skrifað hjer lýsingu á vegarstæðinu og hvað helst muni þurfa að gera, og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa það upp, því að það gefur hugmynd um, hvað kostnaðurinn muni þurfa að verða. Hann segir:

»Jeg hafði ekki tíma til að mæla halla á vegarstæði til sjávar, en jeg mældi vegalengdina til sjávar eftir því vegarstæði, sem mjer virtist kerrufært, með auganu. Mældist mjer þannig vegalendin öll til sjávar 2200 metrar. . . . . Á að giska liggur fullur helmingur þess vegar, er jeg mældi, um mela, sem ekki þarf annað við að gera en að ryðja, svo að hann verði kerrufær, og allmikið stykki má gera kerrufært með því að nema burtu grasþúfur, en á köflum þarf að gera upphleypta vegarspotta yfir lækjar- og mýradrög og búa til sneiðingu utan í brekkum . . .«

Af þessu held jeg að menn geti fengið nokkurn veginn hugmynd um, að hjer er ekki verið að ræða um stórfyrirtæki; það er ekki verið að ræða um akbraut, heldur að eins um akfæran veg, sem hægt er að koma kerrum eftir til sjávar.

Í áliti sínu hefir vegamálastjórinn ekki talið það frágangssök, að landssjóður legði svo sem 1000 kr. fram, og mundi það hjálpa mikið, þótt það mundi ef til vill ekki nægja fullkomlega, en um það fullyrði jeg ekki neitt að svo komnu máli. Einn háttv. þm. skaut því fram, hvort sæmileg höfn væri fyrir námulandinu, og það er hægt að segja það, að þar er yfirleitt góð höfn og ágætt bátalægi og lending. Annars bjuggumst við við að hafa lausar bryggjur, en skipin geta hæglega legið fram undan og tekið kolin þar, sem þau koma fyrst til sjávar, án frekari flutnings.

Mjer er kunnugt um, að háttv. bjargráðanefnd hefir haft þetta mál til meðferðar, en þótt undarlegt megi virðast, þá er málið ekki komið frá henni inn í þessa deild, heldur kom það fyrst til Ed., og þaðan er það komið til þessarar háttv. deildar. Að bjargráðanefnd

skeytti ekki málinu mun hafa verið af því, að vegamálastjóri hefir ekki lagt nægilega mikið með því. Jeg símaði því til Guðmundar Bárðarsonar og vildi fá hjá honum skýlaust álit hans á útlitinu fyrir námugrefti í Gunnarsstaðagróf, og hann segir svo í símskeyti til mín, að þykt laganna sje ca. 1 m., að hægt sje að taka upp nokkur hundruð smálestir, með því að ryðja ofan af 1—$1^1/_2$ m. af lausum jarðlögum, og að gæði kolanna sjeu síst verri en Tjörneskolanna. (**E. A.**: Ekki mikið sagt með því). Þetta er þó það eldsneyti, sem þektast er hjer á landi, er um innlend kol er að ræða, og er því eðlilegt, að við það sje miðað.

Það, sem vegamálastjórinn hafði aðallega á móti kolanáminu, var það, að jarðvegurinn, sem liggur ofan á kolalögunum, sje svo laus, að hann muni þegar hrynja niður, er farið sje að grafa, nema því að eins, að námugöngin sjeu bygð upp og reft jafnóðum og grafið sje.

Nú álítur Guðmundur, að vel sje hægt að taka upp nokkur hundruð smálestir án þess að grafa nokkur námugöng, að eins með því að moka ofan af kolalögunum, og álítur hann, að allur viðbúnaðurinn, sem vegamálastjóri var að tala um, sje með öllu óþarfur, meðan um lítið kolanám er að ræða. Jeg tel víst, að þingið sje alt sammála um, að ekki megi það undir höfuð leggjast að afla íslensks eldneytis, og því skil jeg ekki, að það geti neitað svona góðu tilboði frá sýslunefndinni, þar sem hún býðst til að taka verkið alveg að sjer upp á eigin ábyrgð, og fer að eins fram á, að landssjóður leggi þennan lítilfjörlega vegarspotta og láni verkfærin. Jeg fyrir mitt leyti tel þetta stórlega góð boð.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meir um þetta mál, en áður en jeg sest niður ætla jeg að minnast á ósk sýslunefndarinnar um, að landssjóður lánaði verkfæri til vinnunnar. Þessari ósk sýslunefndar neitaði vegamálastjóri og færði það til, að verkfærin mundu ganga svo mikið úr sjer, og mundi landssjóður hafa skaða af, en hann sagði aftur á móti, að komið gæti til mála, að landssjóður seldi sýslunefnd verkfæri og keypti þau svo aftur, þegar sýslunefnd hefir notað þau. Mjer finst nú þetta vera nokkuð sama og að landssjóður keypti verkfærin og lánaði svo sýslunefndinni, sem síðan borgaði fyrningu og skemdir, eftir mati dómkvaddra manna. (**H. K.**: Nei, það er munur á). Jeg sje ekki muninn, en gaman væri, ef háttv. þm. (H. K) vildi útskýra, í hverju hann er fólginn.

Til þess að sýna, að talsverð eftirspurn er eftir kolum þessum, skal jeg geta þess, að landsstjórnin hefir fengið beiðni frá Hvammstanga um leyfi til að taka upp í námunni 40—50 smálestir af kolum. Jeg get vel skilið, að landsstjórnin vilji verða við þessari bón, og satt að segja get jeg ekki þakkað henni það, en ef ætti að gera þetta þannig, að kolin gætu orðið til verulegs gagns fyrir menn, ekki eingöngu fólk í næsta nágrenni, heldur umhverfis allan Húnaflóa, þá finst mjer sjálfsagt, að sýslunefndin sæti í fyrirrúmi og stæði fyrir verkinu. Jeg get tekið það fram, að sýslunefndin ætlar að selja kolin eins ódýrt og hún sjer sjer fært, og að eins svo, að hún sleppi skaðlaus, og sjá því allir, hversu miklu rjettara það er að láta hana sitja fyrir því að láta vinna verkið heldur en hleypa einstökum mönnum í námuna, sem síðan kynnu að selja kolin aftur dýru verði. En jeg skal taka það fram, að þetta meina jeg alls ekki til þeirra manna á Hvammstanga, er óskað hafa eftir námuafnotum, því að þeir gera það að eins sjer til bjargar.

Pjetur Jónsson: Jeg skal geta þess, að bjargráðanefndin hefir ekki haft þessa till. beinlínis til meðferðar, þótt hún hafi athugað málið; enn fremur get jeg getið þess, að bjargráðanefnd Nd. hafði ekki tekið neina afstöðu til þessa máls þegar bjargráðanefnd Ed. tók við því.

Jeg geri ráð fyrir, að nefndin greiði atkv. með því að vísa málinu til síðari umr., en þó vil jeg taka það fram sem mína eigin skoðun gagnvart brtt. á þgskj. 160, að mjer finst það vera heppilegri aðferð, sem felst í till. frá háttv. Ed., sem sje sú, að styrkja svona fyrirtæki með því að greiða þeim ákveðið gjald fyrir hverja smálest, sem upp er tekin. Auðvitað getur það verið álitamál, hvort yfirleitt beri að styðja námugröft eftir þessum mælikvarða, því að það gæti komið svo misjafnlega niður, en jeg geri ráð fyrir, að það mundi þó verða til þess, að reynt væri að afla kolanna þar, sem það borgaði sig best.

Jeg álít það dálitið óheppilega leið, sem brtt. vill fara, ef styrkja á með því að leggja veg. Við erum að vísu búnir að átta okkur á því, að ekki þarf stórfje til að leggja þennan vegarspotta, sem hjer um ræðir. En ef veitt er heimild til ótiltekins kostnaðar í þessu skyni hjer, má búast við, að svo verði á öðrum stað eins, þar sem kostnaðurinn kynni að verða miklu meiri og má ske fjarri öllum sanni. Hjer getur því sem betur fer ekki verið um mikið fje að tefla, en jeg held, að sýslunefndin hefði eins gott af að fá 10 kr. á hverja smálest, sem upp yrði tekin, eins og að fá þessa fjárveitingu eftir brtt.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Eins og tekið hefir verið fram, er till. frá Ed. um að styrkja kolanám í Gunnarsstaðagróf. Þegar málið var þar til umr., ljet jeg í ljós þá skoðun, að ef gengið væri inn á þessa braut, væri með því gefin grundvallarregla gagnvart öðrum líkum málaleitunum. En hjer finst mjer vera um svo mikið atriði að ræða, að ekki eru tiltök á að slá því föstu með einni þingsályktun, enda mundi þá ilt að neita um svipaðar fjárhæðir hve nær sem vera skal og hver sem bæði um styrkinn. Jeg hygg líka, að það geti þótt íhugunarvert að styrkja kolanám, þar sem sýslufjelög eiga hlut að máli. En þó þykir mjer betra að veita ákveðinn styrk heldur en að fara inn á þá braut að miða hann við unna og burtflutta kolasmálest.

Viðvíkjandi beiðninni frá Hvammstanga, þá kom hún frá tveimur mönnum, sem fóru þess á leit að fá leyfi til þess að taka þar upp kol handa tveimur sýslustofnunum; var önnur stofnunin sjúkrahúsið á Hvammstanga, og hin var alþýðuskólinn þar. Jeg endurtek, að jeg tel málinu betur borgið með brtt. heldur en eins og það kom frá háttv. Ed.

Magnús Pjetursson: Jeg vildi að eins gera stutta athugasemd út af ræðu háttv. þm. S.-Þ. (P. J.). Mjer þótti vænt um að heyra, að bjargráðanefnd skuli ekki hafa tekið fasta afstöðu til málsins, því að jeg vona, að þegar hún gerir það, verði ákvörðunin málinu í vil. Þeim kemur ekki rjett vel saman, hæstv. atvinnumálaráðherra og háttv. bjargráðanefnd. (**P. J.:** Jeg talaði að eins út frá mínu sjónarmiði). Það er skiljanlegt, því að enginn mun gera ráð fyrir, að þetta hafi borið á góma í bjargráðanefndinni.

En þar sem talað var um það, að þetta gæti orðið fordæmi, ef lagður yrði vegur á landssjóðskostnað frá námunni og til sjávar, þá er nokkuð öðru máli að gegna hjer, þar sem nám-

an er landssjóðseign, en annars mun það óvenjulegt, að landssjóður eigi þær námur, sem reknar eru. En þar, sem landssjóður á námur, er ekki nema sjálfsagt, að hann leggi veg frá þeim og til sjávar, og það jafnvel þótt það væri akbraut, því að það á ekki að horfa í það að búa í haginn fyrir sjálfan sig. Það er alveg rjett hjá hæstv. atvinnumálaráðherra, að það er Strandasýsla, sem ætlar að reka námuna, en mjer fanst skrítið, að hann skyldi taka svo til orða »að hann hefði heyrt það«, að sýslufjelagið ætlaði að reka námuna, þar sem þó hefir verið lagður útdráttur úr sýslufundargerð sýslunnar fyrir háttv. stjórn, svo að hann hlýtur að hafa sjeð það.

Það er ekki meiningin, að Strandamenn sjeu að sækja hjer um sjerstök hlunnindi, eins og mjer skildist á háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), heldur eru þeir að reyna að bæta úr ráðleysi og framkvæmdaleysi stjórnarinnar í þessu efni, með því að taka framkvæmdirnar í sínar hendur, og það er ekki fyrir Strandasýslu eina, að þeir óska eftir þessu, heldur fyrir allar sveitir, sem liggja upp frá Húnaflóa, því að þær mundu allar hafa stórmikið gagn af námurekstri á þessum stað.

Annars vil jeg skjóta því til bjargráðanefndar og háttv. deildar að afgreiða málið eins fljótt og unt er, því að svo framarlega sem nokkuð á að gera í vor, verður sýslufjelagið að fá að vita um úrslit málsins sem allra fyrst.

Pjetur Jónsson: Mjer hefir heyrst þess óskað, að bjargráðanefnd taki málið til íhugunar, og hygg jeg, að mjer sje óhætt að lofa því fyrir hennar hönd að afgreiða málið sem allra fyrst, en áður finst mjer það sjálfsagt, að hún beri sig saman við bjargráðanefnd Ed. um það, hvora till. beri heldur að aðhyllast.

ATKVGR.

Till. vísað til bjargráðanefndar (sjá A. bls. 545) með öllum gr. atkv.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 23. maí, var framhaldið fyrri umr. um till. (A. 143, 160, 169).

Frsm. (Pjetur Jónsson): Jeg býst nú við, að menn þykist búnir að fá nóg af kolarykinu, svo að jeg skal ekki tala langt mál; jeg skal að eins geta þess, að bjargráðanefnd áleit rjett að styðja að því, að þarna verði reynt kolanám, og vildi hún gera það með því að fallast að nokkru leyti á till. þá, er fyrir liggur frá háttv. Ed. Nefndinni þótti heppilegra að haga svo til, að ákveðnu fjárframlagi væri heitið úr landssjóði, heldur en ákveðnum verðlaunum af hverri smálest, er upp væri tekin. Þetta getur svo hver dæmt um eftir sinni skoðun, og skal jeg ekkert mæla sjerstaklega fram með skoðun nefndarinnar á þessu, en hún bjóst við, að eftir því, sem kolanámið yrði á þessu ári, myndi þetta ekki verða neitt óríflegri styrkur en till. frá Ed. veitir, nje heldur minni en eftir brtt. háttv. þm. Stranda. (M. P.).

Magnús Pjetursson: Jeg get þakkað háttv. bjargráðanefnd fyrir undirtektir hennar í þessu máli, þó að þær sjeu ekki fyllilega í samræmi við brtt. mína. Jeg get náttúrlega ekkert um það sagt, hvort þetta er nóg til þess að geta komið að þeim notum, sem til er ætlast með brtt. minni, því að jeg verð að segja, að það er dálítið athuga-

vert, borið saman við brtt. frá mjer. Fyrst og fremst er nú það, að í ályktun sýslunefndarinnar í Strandasýslu er það beinlínis gert að skilyrði fyrir því, að sýslan taki að sjer kolanámið, að landssjóður styrki það, eins og stendur í brtt. minni, en ekki í till. háttv. bjargráðanefndar. Þess vegna veit jeg ekki, hvort hægt verður að framkvæma þessar fyrirætlanir án þess að kalla saman sýslunefnd til að ákveða það, en það er mikill kostnaðarauki í svo víðlendri sýslu, enda get jeg ekki heldur skilið, að það beri svo mikið á milli þessarar till. og minnar, að ekki hefði eins vel mátt samþ. hana. Jeg skal ekkert segja um það upp á víst, að ekki verði unnið þarna, þótt brtt. háttv. bjargráðanefndar verði samþ.; þar er hvorttveggja til, en hitt er víst, að unnið verður, ef mín till. er samþ., enda var till. mín algerlega miðuð við þingsályktunartill. frá síðasta þingi, svo að mjer finst þetta töluverður afturkippur frá því, sem þingið þá ætlaðist til.

Frsm. (Pjetur Jónsson): Það, sem nefndinni þótti að till. háttv. þm. Stranda. (M. P.), var ekki það, að hún byggist við, að þetta yrði svo dýrt, enda ætlaði hún að tiltaka það í upphafi, sem nægja myndi til þess að fullnægja till. háttv. þm. Stranda. (M. P.), heldur þótti henni það nokkuð óákveðið að láta gera akfæran veg á landssjóðskostnað frá námunni. Eftir ágiskun Guðmundar Bárðarsonar mundi það kosta 1000 krónur, en það gæti líka orðið miklu dýrara; þetta fer eftir því, hve mikið er vandað til vegarins; þetta var því of óákveðið. Ef nú farið væri að styrkja námugröft annarsstaðar á landinu, gæti vel verið, að óskað yrði eftir vegarlagningu, og fordæmið notað, en sá vegur yrði miklu dýrari. Það varð því að koma undir álit þingsins, hve mikið landið skyldi leggja til, en að þingið færi ekki að taka að sjer að gera vegabætur frá námum til sjávar, hvað sem það kostaði. Í öðru lagi vissum við ekki, hvað verða kynni fólgið í því að borga fyrning á verkfærum, og álitum því eins hyggilegt að hjálpa sýslunni til þess að kaupa verkfæri. Þessi ágiskun Guðmundar Bárðarsonar um vegarlagninguna er að vísu lausleg, en hún var það, sem ákvarðaði okkur, og ætlumst við til, að fjeð hrökkvi til vegarlagningarinnar og nokkurra verkfærakaupa, þetta sem nefndin tiltekur.

Jeg hefi svo ekki meira að segja um þetta mál; skal að eins láta þess getið, að það er nefndinni ekkert kappsmál, hvort till. hennar eða háttv. þm. Stranda. (M. P.) verður samþ.

Magnús Pjetursson: Út af því fordæmi, sem háttv. frsm. (P. J.) var að tala um að þetta yrði, vil jeg geta þess, sem jeg hefi reyndar bent á áður að það stendur sjerstaklega á með þessa námu, þar sem hún er landssjóðseign; er hann því að eins að greiða götu sína frá sinni eign, námunni, til sjávar.

Jeg geri að vísu ráð fyrir, að sýslunefnd Strandasýslu geri sitt ítrasta til að framkvæma þessa bjargráðaráðstöfun, hvort sem ofan á verður, en veit fyrir víst, að hún myndi gera það, ef mín till. yrði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 169. (ný tillgr.) samþ. með 15:6 atkv.

— 160. þar með fallin.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. í e. hlj.

Á 31. fundi í Nd., laugardaginn 25. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 201, 206).

Magnús Pjetursson: Jeg þarf ekki að fjölyrða neitt um þessa brtt. á þgskj. 206. Hún er fram komin vegna þess, að háttv. bjargráðanefnd gleymdist að láta fylgja með þetta ákvæði um að heimila Strandasýslu ókeypis kolanám í þessari landareign, en það var nauðsynlegt að hafa í till. Þetta veit jeg, að háttv. bjargráðanefnd kannast við. (**P. J.:** Ómótmælt!).

ATKVGR.

Brtt. 206. samþ. í e. hlj.

Till., svo breytt, samþ. með öllum gr. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 27. maí, og á 28. fundi í Ed., sama dag, var útbýtt frá Sþ.

Tillögu til þingsályktunar um kolanám í Gunnarsstaðagróf í Drangsnesslandi,
eins og hún var samþ. við síðari umr, í Nd. (A. 225).

Á 2. fundi í Sþ., miðvikudaginn 29. maí, var till. tekin til umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 250).

---

25. Styrkur til björgunarbáts.

Á 22. fundi í Ed. laugardaginn 18. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um heimild handa landsstjórninni til þess að veita styrk til að kaupa björgunarbát (A. 166).

Á 23. fundi í Ed., þriðjudaginn 21. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg vildi beiðast þess, að málið væri tekið af dagskrá, þar sem einn aðalmaður þeirrar nefndar, sem ber málið fram, er fjarverandi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., miðvikudaginn 22. maí, var framhaldið fyrri umr. um till.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Eins og skýrt er frá í greinargerðinni, er till. þessi ávöxtur af áhuga sjómannastjettarinnar fyrir því að tryggja öryggi vjelbátaflotans hjer við land. En það er öllum vitanlegt, að hingað til hefir það öryggi verið lítið.

Eins og kunnugt er, geta vjelarnar í bátum þessum bilað þegar minst varir, og er hætt við, að svo fari þegar síst gegnir.

Með áhyggju horfa venjulega þeir, sem í landi eru, á báta þessa leggja út á djúpið, því að svo getur farið, að einhver þeirra komi ekki aftur. Enda hefir reynslan oft verið sú, að vantað hefir af þeim að kvöldi. Stundum hafa menn lifað í voninni, þótt svo hafi farið, og það hefir líka komið fyrir, að þeim hefir tekist að lenda annarsstaðar, eða bjargast eftir langt volk. En hins

eru líka sorglega mörg dæmin, að þeir hafa aldrei komið aftur.

Jeg þarf ekki að vera að útmála það, hversu alvarlegt þetta ástand er og hversu ömurlegt það er, ef slíkt á að viðgangast til lengdar.

Auðvitað hjálpa bátar þessir hverjir öðrum, þegar því verður við komið, en oftast mun hver eiga nóg með sjálfan sig. Það hefir líka komið fyrir, að farist hefir einmitt sá, sem ætlaði hjálpa öðrum.

Jeg tel því ekki vafasamt, að allir þeir, sem heyra mega mál mitt, sjeu á einu máli um það, að úr þessu verði að bæta eftir föngum. Og engan þarf að furða, þótt sjómannastjettin leiti ráða til þess, og er það nú í ráði að vinna að því, að björgunarbátum verði komið upp í þessu skyni.

Vjelbátaflotinn er nú orðinn svo stór, að nóg verkefni mun vera fyrir slíka báta, því að venjulega ber eitthvað út af á hverri vertíð.

Fiskifjelagið hefir tekið sjer fyrir hendur að hrinda málinu af stað, og hefir ráðunautur fjelagsins ferðast um, til þess að undirbúa það, og hefir hann alstaðar fengið góðar undirtektir.

Áhuginn fyrir þessu máli er óðum að aukast, og það svo, að í einni stórri stórri fiskiflotastöð hafa menn beðið þingmann sinn að fylgja fram málinu hjer á Alþingi. Sjávarútvegsnefnd fanst það ekki mega henda, að þingið mætti ekki þessum áhuga á miðri leið. Og þannig er þessi tillaga til orðin. Einkum hefir háttv. þm. Vestm. (K. E.) af eðlilegum ástæðum hugsað nánar um málið en við hinir í nefndinni og er því kunnugri; vil jeg því biðja forseta um orðið handa honum næst.

Það eru einkum þrjár aðalflotastöðvar, sem við höfum haft í huga, þar sem þörfin á björgunarbát væri einna brýnust, Vestmannaeyjar, strandlengjan kringum Reykjanes og Ísafjarðardjúp. Tilætlun okkar er, að hjeruðin sjálf ráðist í fyrirtækin, en landssjóður styrki alt að $^1/_3$ kostnaðar.

Við höfum leitað upplýsinga um, hvað einn björgunarbátur mundi kosta, og í áætlun okkar höfum við farið eftir upplýsingum frá kunnum mönnum. Ef til vill hentar nokkuð misjafnt sitt á hverjum stað, en sá munur getur þó aldrei orðið mjög mikill. Jeg veit, að það þarf að taka vorkunnsamlega á fjárhag landsins, og jeg lái það ekki, þótt 40,000 kr. kunni að vaxa mönnum í augum, en þær vega þó ekki á móti því, að missa þótt ekki væri nema einn mótorbát með allri áhöfn í sjóinn. Og jeg hygg, að ef við ættum þennan fund á skipsfjöl og ættum kost á að bjarga lífi manns, sem væri að drukna, með því að samþykkja þessa till., þá myndum vjer allir óðara samþykkja hana. Það er fjarri því, að þetta mál nái ekki nema til sjómannastjettarinnar. Það er miklu víðtækara, og það er styrkur mikill fyrir heill alls landsins og allrar þjóðarinnar, að það nái fram að ganga.

Vil jeg svo í nafni nefndarinnar biðja háttv. deild að samþykkja till., og væri ef til vill rjett að vísa málinu til háttv. fjárhagsnefndar, því að jeg býst við, að háttv. deild vilji fá að vita álit hennar um tillöguna áður en hún samþykkir hana.

Karl Einarsson: Það var nú í rauninni hálfgerður bjarnargreiði af hv. þm. (K. D.), sem síðast talaði, að biðja um orðið handa mjer, eftir að hafa sjálfur svo að segja tekið alt fram, sem um málið er þörf að taka fram.

Það er að eins eitt atriði í þessu sambandi, sem jeg ætla að minnast á, en það er útgerðarsaga Vestmannaeyja

í vetur og hvert gagn björgunarbátur hefði getað gert þar.

Í haust var mótorbátur á leið frá Stokkseyri til Vestmannaeyja, með 11 farþega innanborðs, í alt 13 eða 14 manns. Þegar eftir var að eins stundarfjórðungs sigling til Eyja, bilaði vjelin og bátinn rak vestur í haf.

Það sást til hans úr landi, og voru mótorbátar fengnir til þess að leita að honum, en bátarnir fundu hann ekki, enda var veður hið versta og dimt orðið af nóttu. Seinna kom það fram, að báturinn hafði siglt vestur fyrir Reykjanes, því að þar fanst hann af botnvörpung, sem hæstv. fjármálaráðherra útvegaði að tilmælum mínum og sendi til þess að leita að honum. Mun það hafa kostað talsvert fje.

Hefði nú björgunarbátur verið til í Vestmannaeyjum, hefði hann þegar lagt af stað og báturinn bjargast um kvöldið. En það var álit manna, að báturinn hefði farist með öllum, er á voru, og var hann alment talinn af upp í 2 sólarhringa. Sem betur fór var það ekki, en miklum hrakningum hafði fólkið orðið fyrir, og sannarlega ekki neinni forsjálni að þakka, að hann týndist ekki með öllu.

Eftir að vertíðin byrjaði í vetur, biluðu mótorbátarnir, eins og venja er, oft daglega. Oft vill þá svo til, þegar bátar bila þannig úti á hafi, að hann er að ganga upp með veður og myrkrið í nánd. Er þá eina leiðin að fá aðra báta til þess að fara og leita. Ætið hafa sjómenn fengist til þess að fara og hafa oft farið í tvísýnu út á haf að leita, en svo fór eitt sinn í fyrra, að einn leitarbátanna fórst með allri áhöfn, og sá sem leitað var að líka, en mönnum bjargað. Í mannskaðaveðrinu 4. mars í vetur mistum við 2 báta með öllum mönnum, og var það sorglegt til að vita að geta ekki hjálpað þá, því að auk þeirra, sem týndust, lágu 3 aðrir úti í því voðaveðri.

Það kemur líka stundum fyrir, að skip eru í nauðum stödd á þessum slóðum, og það seinast í vetur. Þá símaði sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu eitt sinn til mín og sagði, að skip væri í nauðum fram undan Mýrdalnum. Jeg þorði ekki að treysta því, að mótorbátar færu til hjálpar, enda gerði óveður; en svo heppilega vildi til, að botnvörpungur lá á höfninni, og fjekk jeg hann til þess að fara. Hann bjargaði skipshöfninni og skipinu og kom með hvorttveggja til Eyja. Skipshöfnin bar það fyrir rjetti, að hún hefði áreiðanlega farist öll ef hjálpin hefði ekki komið svo bráðlega eins og varð. Jeg efast um, að mótorbátar hefðu getað bjargað, því að hann hvesti á sunnan um sama leyti og botnvörpungurinn kom með skipið til Eyja og gerði bráðófært veður af suðri.

Það, að jeg leyfi mjer að bera fram þessa till. nú, ásamt meðnefndarmönnum mínum, kemur sjerstaklega til af því, að á þingmálafundi í kjördæmi mínu í vetur var skorað á mig að fá Alþingi til þess að styrkja fyrirtækið. Ýmsir góðir menn munu leggja í fyrirtækið, ef þeir vita, að von sje einhvers styrks úr landssjóði, og er þar vaknaður almennur áhugi á því að hefjast handa í þessu máli. Svo hafa menn hugsað sjer, að rekstrarfje fengist ekki eingöngu frá útgerðarmönnum, heldur einnig frá ábyrgðarfjelögunum, því að fyrirtækið væri ekki síður þeim í hag en útgerðarmönnunum sjálfum. Á sumrin gæti björgunarbáturinn gengið til fiskveiða eða síldveiða og lagt þannig nokkuð fram upp í kostnaðinn; jafnvel um vertíðina mætti ef til vill einhvers afla upp í kostnaðinn. En á veturna yrði hann helst að fylgjast með fiskibátunum.

Nefndin hefir leitað álits framkvæmd-

arstjóra Fiskifjelags Íslands um, hvað bátur við hæfi Vestmannaeyja, 60 tonna stór, með 100 hesta »diesel«-vjel eða gufuvjel, mundi kosta, og er miðað við þær upplýsingar í till.

Vona jeg svo, að háttv. deild taki vel í þetta mál, og skal svo ekki fara fleiri orðum um þörfina á því, að það komist í framkvæmd.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Það hefir verið vakin athygli mín á því, að þó að báturinn fengist, þá þyrfti að útvega vel hæfa skipshöfn. Nefndin hefir hugsað sjer, að hjeruðin sjálf kæmu fyrirtækinu af stað og reksturinn yrði að sjá um af viðkomandi hjeraðsbúum. Það hefir nýlega í grein einni um þetta mál verið skýrt frá norskum björgunarbátum, sem nota eingöngu segl. Á slíka báta þarf sjerstaklega að hafa vel æfða skipshöfn. En jeg hygg, að það vaki ekki fyrir mönnum hjer að hafa seglbáta, heldur vjelbáta eða gufubáta, og þá auðvitað að fá vel vana menn á þá. Ætti ekki að verða skotaskuld úr því að fá skipshöfn á slíka báta. Kæmi það líka nokkuð undir því, að hve miklu leyti bátarnir gætu unnið fyrir rekstrarkostnaði með fiskveiðum o. fl. Gætu þeir með því móti gefið af sjer nokkurn arð, og mundi verða því betri kostur á að vanda til skipshafnarinnar og jafnframt launa henni sómasamlega.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., fimtudaginn 23. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 166, 191).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg sje, að þegar er fram komið álit háttv. fjárveitinganefndar, á þgskj. 191, um þetta mál, og þar sem hún mælir með þingsályktunartill. og hefir athugað fjárhagshlið hennar, án þess að leggja nokkurn þröskuld fyrir, að hún næði fram að ganga, vona jeg, að enginn annar þröskuldur komi fyrir málið og að það verði afgreitt til háttv. Nd. sem fyrst.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg var ekki viðstaddur í gær, er þetta mál var til 1. umr., en mjer virðist ekki, að neitt sje við það að athuga í sjálfu sjer; málið er bæði þarft og tímabært. Það er að eins formið á þingsályktunartill., sem jeg tel ógreinilegt. Það er fyrst og fremst ekki tekið fram, hvar þessi eini bátur á að ganga, og ekki talað um, hvort leggja skuli fram fje til fleiri báta en eins. En nú geta komið fram beiðnir um styrk úr ýmsum áttum. T. d. er ekki ósennilegt, að Austfirðir mundu æskja slíks báts, því að þar mun vera full þörf fyrir hann; líkt er um Vestfirði. Beiðnir gætu komið að minsta kosti frá fimm stöðum á landinu. Mjer finst, að það þurfi að tiltaka þetta nánar í till.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Af því að hæstv. atvinnumálaráðherra var ekki viðstaddur umr. um þetta mál í gær, þá er skiljanlegt, að hann biðji upplýsinga viðvíkjandi áminstum atriðum. Jeg tók fram þá, að hugsunin er, að bátum verði komið upp á fleiri stöðum, og aðalstöðvarnar, sem fyrst væri um að ræða, yrðu sennilega þrjár,

Vestmannaeyjar, Reykjanes og Ísafjarðardjúp, en auðvitað ætlast jeg til, að það fari nokkuð eftir framtakssemi hlutaðeigandi hjeraðsbúa sjálfra, hvar styrkurinn verður fyrst veittur. Jeg endurtek þetta vegna hæstv. atvinnumálaráðherra, sem ekki var hjer viðstadd ur í gær.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Ef umr. frá deginum í gær bera þetta með sjer, getur verið stuðningur í því fyrir háttv. Nd., þegar hún fær málið til meðferðar, og fyrir stjórnina.

Skal jeg því ekki orðlengja um þetta meir.

ATKVGR.

Till. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd, föstudaginn 24. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um heimild handa landsstjórninni til þess að veita styrk til að kaupa björgunarbát,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 195).

Á 31. fundi í Nd, laugardaginn 25. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Einar Arnórsson: Leyfi mjer að stinga upp á, að þessu máli sje vísað til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.

Till. vísað til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 541) í e. hlj.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Nd, miðvikudaginn 29. maí, var framhaldið fyrri umr. um till. (A. 195, n. 234, 245).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Sjávarútvegsnefndin hefir ekki að öllu leyti getað fallist á að láta till. þessa ganga fram án viðauka eða breytingar. Þar sem ætlast er til svo mikils fjárframlags úr landssjóði, þá finst nefndinni, að ekki megi minna vera en að stjórnin hafi einhverja tilhlutun um starf bátsins og svæði það, sem honum er ætlað að starfa á þann tíma ársins, sem mest þarf á honum að halda. Í nál. á þgskj. 234 er skýrt tekið fram það, sem fyrir nefndinni vakti. Nefndin lítur svo á, að þessi fjárbeiðni geti komið af stað fleiri fjárbeiðnum af sama tægi, þótt eigi verði á þessu þingi, þá samt á næstu þingum. Hins vegar er nefndinni það ljóst, að ítrustu tilraunir þarf að gera til tryggingar vaxandi mótorbátaútvegi víðs vegar kringum landið. Af þeirri ástæðu vill hún ekki ganga gegn till, þótt efni landssjóðs sjeu lítil til þessara fjárveitinga, heldur leggja til, að hún verði samþykt með nokkurri breytingu. Breytingarnar eru á þgskj. 234 og lúta, eins og áður er sagt, að íhlutun landsstjórnarinnar um útbúnað og starfsháttu bátsins. Það mun vera til þess hugsað, að báturinn haldi til í Vestmannaeyjum og starfi aðallega á fiskveiðasvæðinu kringum þær. Jafnvel mun ekki óhugsandi, að hann komi að einhverjum notum á stærra svæði. Gera má ráð fyrir, að eigi veitti af 5—6 bátum af þessu tægi, ef tryggja ætti bátaflota allra veiðistöðva landsins. En sjáanlega eru ekki tök á að afla þeirra nú í svip, og mætti þá þessi fyrsta tilraun verða til fyrirmyndar síðar um tilhögun alla og rekstur.

Annars vona jeg, að nál. á þgskj. 234 beri með sjer, hvað fyrir nefndinni vakir,

og þurfi því eigi frekari greinargerð; býst jeg við, að háttv. deild geti fallist á till. með umræddri viðbót nefndarinnar.

Magnús Pjetursson: Jeg veit ekki, hvort allir háttv. þingdm. hafa tekið eftir áliti fjárveitinganefndar á þgskj. 245. Því var ekki útbýtt hjer á fundinum. Jeg stóð að eins upp til þess að minna á það, áður til atkvæða er gengið, svo að það skyldi ekki fara fram hjá mönnum. Meiri hluti fjárveitinganefndar mælir með þessu máli, þó með vissu skilyrði, sem sje því, að að eins verði veittur styrkur til eins báts á því svæði, sem sjósókn er mest á vetrum. Fjárveitinganefndin býst við, að orðið gæti um fleiri en einn bát að ræða. Yrðu það þá mjög mikil útlát fyrir landssjóð. En það eru þó ekki eingöngu og ekki aðallega útlátin, sem nefndin horfir í, heldur hitt, að ekkert er víst og engin reynsla fyrir því, að hve miklu gagni slíkir bátar koma.

Nefndin álítur því sjálfsagt að binda styrkveitinguna eingöngu við einn bát og láta sjá, hvernig hann reynist, áður en hugsað er um fleiri. Jeg vildi því leyfa mjer að skjóta því til hv. sjávarútvegsnefndar, hvort hún vill ekki koma með brtt. í þá átt, sem álit fjárveitinganefndar fer fram á. Ef hún vill ekki gera það, þá verður meiri hluti fjárveitinganefndar að koma fram með brtt. við síðari umr. En það væri æskilegra, að sjávarútvegsnefnd tæki breytinguna upp, enda sje jeg ekki, að hún brjóti neitt í bág við skoðun þeirrar háttv. nefndar á málinu.

Frsm. (Sveinn Olafsson): Eftir athugasemd háttv. frsm. fjárveitinganefndar (M. P.) verð jeg álíta, að ekki þurfi að breyta till. að þessu leyti. Það hefir verið tekið fram í framsögu málsins, að búist sje við, að ekki komi til þess, að veita styrk nema einum báti, að minsta kosti ekki fyr en eftir næsta þing. Enda felst þetta að nokkru leyti í till. sjálfri, þar sem talað er um að veita styrkinn fjelagi, en ekki fjelögum. Annars hefi jeg ekkert á móti tryggingarákvæði í þessa átt. Sjávarútvegsnefndin er einmitt háttv. fjárveitinganefnd sammála um, að eigi beri að veita til fleiri báta að þessu sinni, eins og nál. ber með sjer, og taldi tillöguna nægilega ljósa í þessu efni.

Mjer skilst, að ef ætti að ganga betur frá þessu atriði, þá yrði að taka málið út af dagskrá, og jeg vil beina þeirri spurningu til hæstv. forseta, hvort svo skuli með fara. (**M. P.:** Það er eftir ein umr. enn). Já, það er rjett. Þessi breyting getur því tálmunarlaust komist að, og jeg get fyrir hönd nefndarinnar lýst yfir því, að þetta verði athugað. Með þeim formála vona jeg, að deildin sjái sjer fært að afgreiða till. til síðari umr.

Pjetur Jónsson: Við erum tveir í fjárveitinganefnd, sem ekki höfum sjeð okkur fært að fallast á þessa till. Ekki af því, að við viðurkennum ekki þörfina á því að útvega björgunarbát. En það hefir nú verið svo, í hvert sinn, sem þessu máli hefir verið hreyft, þá hefir þótt í mikinn kostnað ráðist, ef báturinn ætti að vera góður og útbúnaður allur fullkominn.

Nú hefir málinu verið hreyft á þann veg, að það er ekki ætlast til þess, að landssjóður kaupi bátinn, heldur styrki eitthvert fjelag til þess að kaupa hann og halda honum úti. En enn þá veit jeg ekki til, að neinn undirbúningur sje um slíkan fjelagsskap nje um bátskaupin. Nú er það venja, að samþykkja ekki þesskonar styrkveitingar fyr en eitthvað liggur fyrir sem veiti einhverja

tryggingu fyrir framkvæmdinni, einhver, sem ætlar að ráðast í fyrirtækið, og leitar styrks til þess. Það virðist því nokkuð fljótt, meðan ekkert er að þessu gert, að fara að heita fje úr landssjóði.

Jeg líts voá, að það verði að liggja fyrir tilboð eða umsókn frá einhverju fjelagi, annaðhvort einstakra manna eða sveitareða sýslufjelagi, sem bundist hefir fyrir framkvæmdirnar og legði fram áætlun um það. Auðvitað getur verið um það að tala, að þetta styrktilboð, sem tillagan hljóðar um, eigi að vera til þess að hvetja einhver fjelög til þess að ráðast í að kaupa bátinn, og væri hjer um bjargráð að ræða, sem sjerstaklega miðuðust við yfirstandandi hernaðarástand. En þótt þetta sje »bjargráð« í almennari skilningi, þá miðast þau ekkert sjerstaklega við þennan tíma. Nú veigrar þing og stjórn sjer við flestum fjárframlögum til hinna bráðustu bjargráða, og það sökum sýnilegs fjárskorts. Mjer sýnist því, að ekki hæfi annað en að skjóta þessu þarfa fyrirtæki á frest þangað til hitt er frá hendinni.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla að leyfa mjer að mæla með því, að þetta verði heimilað. Eftir því, sem kunnugt er orðið, mun hugsað til þess, að báturinn haldi til við Vestmannaeyjar, sem er, eins og menn vita, stór veiðistöð úti í reginhafi. Ber það oft við, að bátar þaðan verða nauðulega staddir úti á fiskimiðum og geta enga björg sjer veitt, er vjel bilar og ómögulegt er að ná landi fyrir stormi og sjó.

Botnvörpungar hafa oft orðið til þess að draga að landi báta, sem rekið hefir bjargarlausa fyrir vindi og sjó. En það vill ekki ávalt svo til, að botnvörpungar verði á veginum, og þá farast bátarnir með allri áhöfn, því að ekkert er til bjargar. Það má því gera ráð fyrir, að það mundi draga úr manntjóni hjer við land, ef styrkur er veittur til þessa báts.

Einnig má líta á það, að veiðistöð þessi er landseti landssjóðs, — situr á einni af þeim eignum, sem landið hefir ekki látið frá sjer. Það virðist því sanngjarnt og eðlilegt, að landssjóður geri þetta fyrir Eyjabúa, til þess að tryggja atvinnuveg þeirra, því að þeir hafa setið eignina vel. En ríkust á metunum verða þó mannslífin, sem þessi ráðstöfun gæti bjargað.

ATKVGR.

Brtt. 234. samþ. með 17:2 atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 15:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 15:2 atkv.

Á 36. fundi í Nd, föstudaginn 31. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 259, 269).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Brtt. á þgskj. 269 er komin fram eftir ósk fjárveitinganefndar, sem batt meðmæli sín með því, að styrkurinn væri veittur, því skilyrði, að hann væri bundinn við bát, sem hefði aðsetur í Vestmannaeyjum. Nefndin hefir því orðið ásátt um að bæta því inn í till.

Hitt atriðið, að báturinn skuli ekki vera nema einn, hefir nefndin ekki sjeð sjer fært að taka til greina, því að við því getur hvorki nefnd nje einstakur maður spornað, ef fleiri vilja upp á sitt eindæmi halda úti slíkum bát. En til þess að fleiri en einn bátur nyti styrks úr landssjóði, þyrfti nýja fjárveitingu, en engum verður bannað að sækja um hana. Jeg hygg, að það sje fullljóst,

bæði af áliti sjávarútvegsnefndar og eins af framsögunni hjer í deildinni við síðustu umræðu, að ekki er ætlast til, að styrkurinn sje veittur nema einum bát. Nefndin sjer sjer ekki fært að gera neina breytingu í þessa átt.

Jeg vona, að málið gangi nú slindrulaust gegnum deildina, eins og því er komið, og álít frekari umræður óþarfar.

ATKVGR.

Brtt. 269. samþ. með 13 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 1. júní, og á 33. fundi í Ed, sama dag, var útbýtt frá Sþ.

Tillögu til þingsályktunar um heimild handa landsstjórninni til þess að veita styrk til að kaupa björgunarbát,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 284).

Á 3. fundi í Sþ., þriðjudaginn 11. júní, var till. tekin til u m r. (A. 284, 334).

Afbrigði leyfð og samþ. um brtt. 334, er of seint var útbýtt.

Frsm. sjávarútvegsnefndar Ed. (Kristinn Daníelsson): Brtt. sú, sem hjer liggur fyrir sameinuðu þingi og prentuð er á þgskj. 334, er í rauninni að eins smávægileg breyting á þingsályktunartill. á þgskj. 284, en breyting, sem jeg álít að svari til hins upphaflega tilgangs.

Eins og kunnugt er, þá er þingsályktunartill. upprunalega runnin frá sjávarútvegsnefnd Ed. Vona jeg, að háttv. samnefndarmenn mínir þar sjeu samþ. brtt. þessari. Tilganguriun með henni er að koma till í sama horf og upprunalega var til ætlast, þ. e. að hverjir þeir menn eða fjelög, sem fyrstir verða til þess að hrinda því máli, sem hjer er um að ræða, af stað, fái að njóta þessa styrks, án tillits til hvar þeir eru á landinu. Því að jeg kann ekki við, að styrkurinn sje bundinn við Vestmannaeyjar eingöngu, þar sem þörfin á björgunarbát er hin sama svo víða annarsstaðar. Má t. d. benda á — eins og jeg líka hefi áður gert — verstöðvarnar kringum Reykjanesskagann, þar sem sjósókn er mikil og jafnframt hættuleg. Einkum er mótorbátaútgerð mikil frá Sandgerði, og komast þeir þar oft í hann krappan á vetrarvertíðinni. Bátstapar hafa einnig komið fyrir á þessu svæði. Sem frsm. nefndarinnar í Ed. get jeg lýst yfir því, að það hefir aldrei verið ætlunin, að stjórnin veitti styrk nema til eins báts að sinni. Og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir lágu þar, er langliklegast, að Vestmannaeyjar verði fyrstar til þess að afla bátsins. En jeg kann ekki við, ef svo skyldi ólíklega fara, að Vestmannaeyjar kæmu þessu ekki í framkvæmd, og önnur hjeruð, þar sem þörfin er engu minni, vildu koma sjer upp bát, að orðalagið á till. yrði til þess, að ekki mætti veita þessum hjeruðum styrkinn. En standi hún óbreytt, eins og hún er, verður stjórnin að svara, þegar þau biðja um styrk: Nei, það má ekki veita styrkinn öðrum en Vestmannaeyjum. Þetta álít jeg ófært og vona, að brtt. á þgskj. 344 verði samþykt.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi ekki skift mjer af þessu máli enn sem komið er, en það er síður en svo, að jeg álíti það óþarft, heldur þvert á móti. En það er svo fyrir mjer í þessu máli, sem öðrum, þar sem um útgjöld er að ræða fyrir landssjóðinn, að jeg vil ekki láta veita fje nema að notum komi og undirbúningur framkvæmda sje gerhugs-

aður, svo að það sje ljóst, að ekki sje verið að varpa fje landsins í sjóinn að óþörfu. En hjer verð jeg að viðurkenna, að undirbúningur þessa máls er sama sem enginn.

Hjer er verið að bjóða út fje landssjóðs, án þess að þingið hafi nokkra tryggingu fyrir því, hvort nokkuð verði úr verki, eða í hvers höndum eða hvernig höndum það lendir. Má vera, að hæstv. landsstjórn sje það framsýnni en jeg, að henni finnist engin áhætta við styrkveitinguna, en mjer finst hún sannast að segja veitt út í bláinn, þar sem enginn fjelagsskapur er mjer vitanlega enn myndaður til þess að hrinda fyrirtækinu af stað. Og þótt málið sje gott og nauðsynlegt í sjálfu sjer, þá get jeg ekki sjeð, að það sje komið á þann rekspöl, að þingið eigi, að svo komnu, að veita þetta fje. Jeg vil á þennan hátt gera grein fyrir atkvæði mínu og vona, að þingið skilji, hvers vegna jeg greiði atkv. á móti till.

Fyrir mjer stendur starf þessa báts þannig, að það sje mjög vafasamt, að hann geti uppfylt skyldu sína, hafi hann önnur störf með höndum. Jeg fyrir mitt leyti álít hann ekki mega hafa nein önnur störf með höndum en þau, sem nafnið bendir til, að bjarga lífi manna. Eigi hann að vera bundinn við veiðar öðrum þræði, mundi oft fara svo, að hann væri ekki til taks, er á þyrfti að halda, því að engum er fært að sjá það fyrir, hve nær háska beri að höndum meðfram ströndum landsins og hve nær ekki, jafnóstöðug og íslensk veðrátta jafnan reynist.

Þótt ákveðið sje, hvaða árstíma báturinn eigi sjerstaklega að gegna björgunarskyldu sinni, gæti hann brugðist þeirri skyldu sinni, er mest ríður á, nema því að eins, að hann stundaði það alt árið.

Jeg álít, að málið þurfi miklu betri undirbúning en þegar er fenginn og að það sje rangt af þinginu að samþykkja þessa styrkveitingu svona út í bláinn, eins og nú eru erfiðir tímar og hagur landssjóðins bágborinn.

Frsm. sjávarútvegsnefndar Ed. (Kristinn Daníelsson): Jeg get verið háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) samdóma um, að tímarnir sjeu erfiðir, en hinu verð jeg að mótmæla, að þetta mál sje undirbúningslaust. Fiskifjelag Íslands hefir unnið nokkuð að því að hrinda því í framkvæmd og sjeð fyrir löngu, að svo má ekki lengur standa. Sama hefir fjöldi annara manna sjeð, eftir að mótorbátunum fjölgaði svo mjög. Vestmannaeyingar hafa líka skorað á þingmann sinn að beitast fyrir málinu hjer á þingi, og þótt eigi sje búið að stofna fjelag til framkvæmda, þá mun ekki standa á því, einkum ef Alþingi samþykti till., því að hún yrði mönnum hvatning til þess að vinda bráðan bug að þessu.

Jeg álít alveg ókleift fyrir háttv. þm. að ætla sjer að fella málið með þeirri mótbáru, að það sje ekki undirbúið, þar sem allir, sem nokkuð þekkja til sjávarútvegs, vita, að þetta má ekki dragast lengur, og jafnframt, að tök sjeu til bjargráða, ef þingið að eins styður.

Rekstrarkostnaðurinn getur fengist að nokkru leyti með því að láta bátinn starfa að öðru þann tímann, sem veðrátta er hagstæð. Því að ekki álít jeg það rjett, að báturinn megi eigi öðru sinna en eingöngu því að vera björgunarbátur. Hann ætti vel að geta sint fiskveiðum þess á milli. Sem betur fer eru margar vertíðir fleiri dagar góðir en vondir hvað veður snertir.

Örðugleikarnir eru því alls ekki svo miklir, að þingið eigi nú að gefast upp við annað eins nauðsynjamál eins og þetta er. Þess vegna vona jeg, um leið

[illegible], sem hjer kom fram, var sú, [illegible] menn, sem hefðu vanið sig á [illegible], gætu ekki verið án þess, og [illegible] borgað það með þessari hækk[illegible]. Ein þá er að athuga, hvort þessi [illegible] myndi koma svo afskaplega [illegible] niður.

Í frv. er gert er ráð fyrir því, að hver maður, sem tóbaks neytir, eyði um 8 pundum á ári að meðaltali, sem mun ekki [illegible] fjarri sanni, nemur tollhækkun af því 4 kr. á ári.

Það verður nú naumast litið svo á, að hver maður, sem annars getur framfært sig sjálfur, komist ekki yfir það að borga þessar 4 kr. Og hvað þá snertir, sem eru á annara framfæri, þá hygg jeg, að hvorki einstakir menn nje sveitarfjelög ljetu sig þetta muna.

Það getur því naumast til þess komið, að menn þyrftu að spara við sig lífsnauðsynjar til þess að hafa tóbakið. En þótt svo væri, þá má líta á það, að svo virðist, sem það gæti engum orðið skaðlegt að draga af sjer fyrir þessari upphæð, þar sem það á daglegum nauðsynjum gæti ekki munað nema röskum 1 eyri, og sjá allir, að slíkt er ekki tilfinnanlegt. Jeg held, að niðurstaðan yrði því sú, að menn mundu nota tóbak alveg eins eftir sem áður, og, eins og jeg hefi sýnt fram á, þá munar það sáralitlu, fjárhagslega sjeð. Nefndin telur þessa leið vera þá rjettustu, og hefir því leyft sjer að bæta þessum lið aftur inn í frv., og væntir þess, að háttv. deild samþykki hann.

ATKVGR.

Brtt. 677. samþ. með 16 : 3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og endursent Ed.

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 1. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911,

eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 747).

Á 49. fundi í Ed., fimtudaginn 6. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 747, 751, n. 795).

Frsm. (Halldór Steinsson): Eins og sjá má af frv. hefir háttv. Nd. vakið upp aftur þann draug, er þessi háttv. deild kvað svo rækilega niður við síðustu umræður. Háttv. Nd. vill halda dauðahaldi í tóbakstollinn.

Fjárhagsnefnd hefir nú athugað frv. á ný, og hefir ekki breytt skoðun sinni á þessu atriði. Nefndin álítur ekki fært að hækka eins mikið og hjer er farið fram á toll á tóbaki, þegar þess er gætt, að allur almenningur notar það sem hverja aðra nauðsynjavöru. Tollurinn myndi og koma jafnvel harðara niður á fátæklingum, er tóbaks neyta, heldur en efnamönnum, þar sem ætla má, að hækkunin myndi ekki draga úr tóbaksnautn, svo að nokkru nemi.

Annars hafa verið færð rök fyrir þessu hjer í deildinni, bæði af mjer og öðrum, og hirði jeg ekki að endurtaka þau. Vona jeg, að háttv. deild líti mál þetta sömu augum sem áður og samþykki frv. í þeirri mynd, er það fór hjeðan, með því að greiða brtt. nefndarinnar atkvæði.

Seinni liður brtt. háttv. þm. Ísaf. (M. T.) á þgskj. 751 er samhljóða brtt. nefndarinnar, og fellst hún því á hann. Hins vegar sjer nefndin ekki ástæðu til að hækka meir toll af vindlum og vindlingum en gert er í frv., og getur hún því ekki verið samþykk fyrri brtt. á þgskj. 751.

Magnús Torfason: Að jeg ekki eingöngu kom með síðari brtt. á þgskj. 751 stafar af því, að háttv. Nd. virðist leggja mikið kapp á að hækka tollinn á tóbaki. Jeg leit svo á, að yrði tóbakstollurinn hækkaður, væri sjálfsagt að hækka vindlatollinn enn meir. Deildarmenn verða að ráða það við sig, hvort þeir vilji hætta á, að afl muni vera til þess að láta frv. standa óbreytt, er það kemur fyrir sameinað þing. En verði þeir í meiri hluta þar, sem hækka vilja toll af tóbaki, er aftur álitamál, hvort ekki eigi strax að hækka vindlatollinn hjer.

Síðan mál þetta var hjer á ferðinni hefi jeg athugað annað tekjufrv., er liggur fyrir hjer í háttv. deild. Af tvennu illu kýs jeg heldur að afla landssjóði tekna með þessu frv. en á þann hátt, sem hitt frv. fer fram á, nema það taki stórmiklum breytingum til bóta hjer í deildinni.

Jeg vil enn leggja áherslu á, að mjer er ekkert kappsmál, að brtt. mín á þgskj. 751 sje samþykt, nema frá því sjónarmiði, að hækkun á tóbakstollinum verði aftur sett inn í frv. í sameinuðu þingi.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi ekki breytt þeirri skoðun minni, er jeg hefi áður haldið fram í þessari hv. deild, að rjett sje að hækka tollinn af tóbaki. Jeg sje ekki ástæðu til að endurtaka röksemdir mínar, en vil þó geta þess, að mjer finst rjettmætara að tolla tóbak, þótt margir álíti það nauðsynjavöru, heldur en eiginlegar nauðsynjavörur.

Þótt mönnum falli það illa að leggja aukinn toll á þessa vöru, verða menn þó að gæta þess, hvernig fjárhag landsins er komið. Það er ekki ætlun mín að gefa neitt yfirlit yfir fjárhaginn, en jeg vil að eins benda á, að í fjárlagafrv., eins og það var samþykt í háttv. Nd., er 700,000—800,000 kr. tekjuhalli, og sá tekjuauki, sem landinu veitist með ýmsum frv., sem nú liggja fyrir þinginu, nemur ekki miklu. Jeg geri ráð fyrir, að tekjuskattsfrv. verði einnig samþykt hjer í háttv. deild, og myndi sá skattur ekki gefa af sjer meira en 100,000 kr. Burðargjaldsfrv. er óvíst hvort samþykt verður, en það myndi veita um 80,000 kr. tekjuauka. Ekki er mjer kunnugt um, hve mikið verðhækkunartollurinn muni gefa af sjer, enda er ekki áreiðanlegt, að það frv. nái fram að ganga. Vitagjaldshækkunin mun ekki nema meiru en 5—6000 kr., þar sem siglingar til landsins eru nú svo litlar.

Þegar þess er gætt, að landssjóður er bundinn á allar hliðar, en þarf hins vegar á miklu fje að halda, þá skilst mjer, að háttv. deild þurfi að athuga það vandlega, hvort hún vilji vera of ólm að skera niður öll þau frv., sem fara fram á aukna tolla.

Jeg vil því mælast til, að háttv. deild samþykki frv. óbreytt, eins og háttv. Nd. hefir gengið frá því. Jeg hefi ekkert sjerstaklega að athuga við 1. brtt. á þgskj. 751, ef jeg væri ekki hræddur um, að samþykt hennar gæti orðið frv. að falli.

ATKVGR.

Brtt. 795. samþ. með 9:3 atkv.
— 751, 1. feld — 8:2 —
— 751, 2. kom ekki til —
Frv., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv. og afgr. til Sþ.

Á 54. fundi í Nd., föstudaginn 7. sept., og á 50. fundi í Ed., s. d., var útbýtt frá Sþ.

Frumvarpi til laga um breyting á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911,

eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 825).

Á 6. fundi í Sþ., miðvikudaginn 12. sept., var frv. tekið til umr. (A. 825, 859).

Frsm. í Nd. (Þórarinn Jónsson): Fjárhagsnefnd Nd. hefir leyft sjer að bera fram brtt. við frv. þetta. Frv. hefir orðið fyrir því óhappi að hrekjast á milli deildanna, án þess að samkomulag hafi orðið á milli þeirra. Ágreiningnum veldur hækkun sú á tóbakstollinum, sem ákveðin var í upphafi í frv., en háttv. Ed. hefir ekki getað fallist á þá hækkun. Brtt. á þgskj. 859 fer nú fram á, að þetta ákvæði verði aftur sett inn í frv. Fjárhagsnefnd Nd. hefir litið svo á, að ástæðulaust hafi verið að fella þennan lið niður. Fyrst og fremst er hjer um æði mikinn toll að ræða, þar sem samkvæmt innflutningi á tóbaki árið 1916 má búast við því, að hann nemi um 100,000 kr. Nú má segja, að verði hækkunin á tollinum til þess, að menn spöruðu tóbak að mun, þá myndi það rýra tollinn. En fjárhagsnefnd Nd. gat ekki sjeð, að svo myndi verða. Og eftir tóbaksnautn manna yfirleitt í landinu gat nefndin ekki sjeð, að hækkunin væri svo mikil, að hún munaði jafnvel fátæklingana nokkru. Vill hún því breyta frv. í það horf, sem það var upphaflega í, og setja þetta ákvæði inn aftur. Það hefir einnig verið viðurkent af báðum deildum, að tóbak væri mjög góður tollstofn.

Skal jeg svo ekki orðlengja um málið að sinni, fyr en jeg hefi heyrt ástæður háttv. Ed. Getur þá verið, að jeg finni ástæðu til að ræða nánar um þetta atriði.

Frsm. í Ed. (Halldór Steinsson): Jeg hefi haldið því fram, og háttv. Ed. hefir að mestu leyti verið mjer sammála í því efni, að eigi sje rjett að auka mikið tolla og skatta á þessu þingi. Jeg hefi litið svo á, að gjöldin á landsbúum væru orðin svo há, að ekki væri á þau bætandi nú á ófriðartímunum. Hjer er farið fram á að hækka að mun toll á tóbaki. Það þýðir ekki að slá því fram, að tóbak sje í raun og veru munaðarvara. Allir vita, að tóbak er notað sem nauðsynjavara, og margir geta ekki verið án tóbaks fremur en eiginlegra nauðsynjavara, nema síður sje. Jeg álít því ekki rjett að samþykkja svo gífurlega tollhækkun á þessari vöru, og það því síður, sem augljóst er, að hún kemur þyngst niður á fátæklingum. Því að fátæklingar munu yfirleitt neyta meir tóbaks en efnamennirnir. Þetta er aðalástæðan til þess, að jeg legst á móti þessari brtt. Það er langt frá því, að jeg álíti tóbaksnautn holla. Jeg álít hana þvert á móti ofmikla hjer í landi. En jeg hygg, að hækkun á tollinum sje ekki leiðin til að draga úr henni.

Hin ástæðan til þess, að jeg get ekki verið þessari hækkun samþykkur, er sú, að verði tollurinn hækkaður, eins og frv. fer fram á, þá verður hann jafnhár innkaupsverðinu. Og þá er mjög hætt við tollsvikum. En verði tollhækkunin til þess að auka tollsvik, þá er hætt við, að landssjóði verði lítill tekjuauki að frv.

Jeg verð því að leggja á móti brtt. af áðurnefndum ástæðum, en hins vegar ætla jeg ekki að gera þetta að neinu sjerstöku kappsmáli.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hygg, að háttv. þing ætti að fara mjög varlega í það að fella þau frv., er fara fram á tekjuauka fyrir landssjóð. Að eins eitt tekjuaukafrv. hefir þegar verið

afgr. Það er hækkunin á vitagjaldinu. En þar er að eins um mjög óverulegan tekjuauka að ræða, eða jafnvel alls engan fyrst um sinn, meðan siglingar teppast af völdum ófriðarins. Enn eru á ferðinni tvö tekjuaukafrv., en mjög er óvíst um afdrif þeirra. Þau eru frv. um aukinn tekjuskatt og hækkun á burðargjaldi. Og þótt þau yrðu bæði samþ., myndi síst veita af því, að þetta frv. yrði einnig samþ., þar sem um svo mikinn tekjuauka er að ræða. Margir líta svo á, að menn geti ekki verið án tóbaksins — það sje nauðsynjavara —, en þegar meta á, hvort fremur skuli leggja á þessa vöru en eiginlega nauðsynjavöru, þá er jeg hræddur um, að niðurstaðan verði sú, að fremur skuli tolla tóbakið.

Ekki mun sjerstök ástæða til að óttast, að tollsvik muni færast í vöxt, verði frv. þetta að lögum, enda tollurinn áður svo hár, að næg var freistingin fyrir þá, sem tilhneiginguna höfðu til tollsvika. Að fátæklingar neyti meir tóbaks en efnamennirnir hygg jeg ekki rjett. Efnamenn munu þvert á móti vera meiri tóbaksneytendur.

En aðalatriðið fyrir mjer er það, að tekjuhallinn í fjárlagafrv. og fjáraukalaga er alt að 1 miljón. Við það bætist allmikil fúlga, verði frv. um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landsins og till., sem borin hefir verið fram í háttv. Ed., um að selja kol undir verði, samþ. Á hinn bóginn hefir lánstraust landsins verið allmjög notað vegna vörukaupa og skipa, og nemur sú fúlga allmiklu, eins og kunnugt er. Þegar á alt þetta er litið, finst mjer, að þingið megi fara varlega í að fella tekjuaukafrv. Og þar sem enn er óvíst um afdrif þeirra tveggja frv., er jeg nefndi áðan, en mjer finst þessi tollstofn hins vegar ekki ósanngjarn, vil jeg fastlega mæla með því, að brtt. verði samþ.

Guðjón Guðlaugsson: Það er til máltæki, er segir: hingað og ekki lengra. Og er menn ræða um aukinn toll af tóbaki, hygg jeg kominn tíma til að hugsa um þetta máltæki. Jeg álít toll þennan þegar hafa náð hámarki sínu og hygg ófært að hækka hann enn þá. Jeg er sammála hv. þm. Snæf. (H. St.), að þegar tollurinn er orðinn jafnhár því, sem nemur verði vörunnar, þá sje mál að láta staðar numið. Ef um skaðræðisvöru væri að ræða, væri miklu fremur vegur að banna innflutning á henni, enda þótt jeg sje slíkum bönnum algerlega mótfallinn. Öllu heldur ætti að mynda samtök gegn því, að þessi nautn færist meir í vöxt, og til að útrýma henni. Tollur þessi er á annan bóginn sama sem bann, en á hinn bóginn gefur hann freistingunni til tollsvika undir fótinn. Þegar hægt er að kaupa munntóbak eða neftóbak frá útlöndum fyrir 1 kr. pundið, en það kostar með tolli og kaupmannsgróða 3 kr. pundið, þá sjá allir, hve mikil freisting er til þess að svíkjast undan tollinum. Og því meiri verður freistingin, þegar hækka á tollinn um þriðjung. Menn verða að gæta þess, að þegar ófriðnum linnir og siglingar aukast til landsins, mun freistingin til að fara í kringum tollög og bannlög verða ríkari en nokkru sinni áður.

Mjer finst þingið ætla að vera nokkuð harðbrjósta við þá, er tóbaks neyta. Margir þeirra eru gamalmenni, sem eiga við lítil efni og miður góða heilsu að búa. Þeim hlýtur að sárna, er þeim er gert ókleift að neyta þessarar vöru, sem þeir mega ekki án vera, en efnahagur þeirra leyfir þeim hins vegar ekki að neyta í hófi, sakir þess, hve dýr hún

verður. Mjer finst þetta því vera gert til að græta gamalmennin. Og að því er þessa nautn snertir, finst mjer ekki hægt að jafna henni við vínnautn, þótt jeg hins vegar sje mótfallinn aðflutningsbanni á þeirri vöru. Drykkjumenn þurfa oftast ekki nema nokkra daga til að gleyma víninu. En tóbaksnautnin er svo samgróin mönnum, að þeir geta ekki gleymt henni, og þeim líður ekki vel, ef þeir eru sviftir henni.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) lagði áherslu á það, að ekki væri rjett stefna að fella öll frv. í þinginu, sem ykju tekjur landssjóðs. Það er alveg rjett mál, en hann hefði átt að sýna þá skoðun í verkinu í gær, betur en hann gerði, þegar hann greiddi atkvæði á móti brtt. við fjárlögin, sem veitir landssjóði 40000 kr. tekjur. Það mun þó ekki koma neinum manni til að tárfella, heldur verða þinginu til sóma og þjóðinni til gagns, ef það nær fram að ganga. Og það er jeg sannfærður um, að enginn myndi áfella þingið fyrir að leyfa sölu á lyfinu (Kínabitter), og hitt er víst, að það getur að gagni komið, þótt ekki sje nema fyrir þá tröllatrú, er sumir hafa á því.

Það verður því ekki sagt, að hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) sje sjálfum sjer samþykkur, ef hann heldur fast við frv. þetta, eins og það var samþykt hjá háttv. Nd.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) komst svo að orði, að feld væru öll tekjufrumvörp. Það er ekki rjett. Báðum háttv. deildum kemur saman um að hækka tollinn á flestum þeim vörum, sem getið er um í frv. Hjer er því ekki um það að ræða að fella frv., heldur að eins að breyta því.

Hins vegar verður því ekki neitað, að frv. kann að fá færri atkv., ef brtt. verður samþykt.

Þá er hjer var komið umræðum, kom fram ósk um, að þeim skyldi þegar hætt, frá þessum þm.: J. B., E. Árna., Sv. Ó., E. J., B. St., M. P., M. G., E. A., St. St., Þorst. J.

Forseti kvaðst skilja ósk þessa svo, að umræðum skyldi hætt þá er þeir hefðu lokið máli sínu, er beðið hefðu sjer hljóðs. Væri það samkvæmt þingvenju að slíta eigi fyr umræðum þegar svo stæði á. Bjóst hann til að bera það undir atkv. þm, hvort hætt skyldi umræðum þá er talað hefðu þeir, er nú hefðu beðið sjer hljóðs, en þá tóku þeir E. A. og M. P. aftur nöfn sín undir beiðninni um, að umræðum skyldi hætt, úr því að forseti hefði úrskurðað, að það yrði eigi þegar gert, eins og farið hefði verið fram á.

Málið kom því eigi til atkvæða, með því að nú var eigi lögfull tala þeirra þm., er óskað höfðu, að umr. skyldi hætt, og hjeldu því umr. áfram.

Frsm. í Nd. (Þórarinn Jónsson): Það hafa komið fram allsterk mótmæli gegn brtt. 859. Hv. þm. Snæf. (H. St) byrjaði á því að sýna fram á, að varasamt væri að hækka tolla, sjerstaklega nú á þessum erfiðu tímum.

Því verður ekki neitað, að landsmenn eigi erfiðara með að anna þeim nú en endrarnær, en þess ber að gæta, að þörf landssjóðs hefir aldrei verið brýnni en einmitt nú að fá eitthvað upp í þau útgjöld, sem alveg eru óhjákvæmileg vegna dýrtíðarinnar.

Jeg álít þess vegna ekki rjett að fella tollaukningar þær, sem þingið hefir leitast við að innleiða.

Háttv. þm. Snæf. (H. St.) taldi tóbakið nauðsynjavöru, þar eð menn gætu ekki vanið sig af því; hann benti líka á, að hjer ættu fátæklingar sjerstaklega hlut að máli.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) tók í sama strenginn, og hjelt því fram, að hækkun þessi mundi aðallega koma niður á fátæklingum. Það er að vísu fallegt og gott að tala þeirra máli, því að »fátæka hafið þjer jafnan hjá yður«, en hjer verður að athuga alla málavöxtu. Tökum t. d. meðaltóbaksmann; segjum að hann eyði 8—9 pundum á ári. Upphæð sú, er tollaukningin nemur, verður þá ekki svo gífurleg, 4—5 kr. á ári. Auðvitað má gera ráð fyrir, að sumir eyði meiru, en munurinn verður þó aldrei svo mikill, að það geri nokkrum manni ófært að greiða toll þennan.

Ef litið er til þeirra manna, sem eru á framfærslu sveitar, þá veit jeg ekki til þess, að nein sveitarstjórn hafi orðið til þess að svifta þá nautn þessari, og mun enginn heldur gera það vegna tollhækkunarinnar. Jeg held því, að það sje misskilningur, að menn geti ekki risið undir þessu.

Það mætti ef til vill halda því fram, að fátæklingar myndu spara við sig á öðrum sviðum ýmsar nauðsynjar, svo að þeir liðu af, til þess að geta neytt tóbaksins eftir sem áður. En ekki held jeg, að það geti komið til mála, þar sem upphæð þessi er svo lítil, að hennar gætir ekki. Þetta geta því ekki talist nægar ástæður á móti brtt., og þessi fátækrabarlómur háttv. þm. verður ekki þungur á metunum.

En nú er hins að gæta, að um leið og fjár er aflað í landssjóð getur það rýmkað til fyrir fátæklingunum á ýmsan hátt. Fjeð er þá orðið almenningseign, og landssjóður ætti að hafa öll tök á að verja því vel. Og mjer er nær að halda, að þessir háttv. þm. hefðu ekki á móti því að fá eitthvað af því til sinna kjördæma, ef því væri að skifta.

Þá benti háttv. þm. Snæf. (H. St.) á, að aukast myndu tollsvik við það, að tollurinn hækkaði svo mjög, að næmi innkaupsverði.

Jeg get ekki sjeð, að tollsvik þurfi að aukast sjerstaklega fyrir þá sök, að tollur verði jafnhár innkaupsverði. Að vísu eru altaf til einstakir menn, sem reyna til þess að flytja inn vörur án þess að greiða toll, en jeg hygg, að eftir því, sem eftirlitsmönnum bannlaganna er gefið meira vald, þá munu þeir frekar telja sjer skylt að líta eftir fleiru og gæta þess einnig, að tollsvik sjeu ekki framin á öðrum sviðum.

Þetta verður því ekki heldur næg ástæða til að fella brtt.

Hv. 4. landsk. þm. (G. G.) sagði, að mönnum mundi takast fljótar og hægar að venja sig af víni en tóbaki. Jeg sje ekki, að það komi málinu við. Hjer er ekki til þess ætlast að venja menn af tóbaki, heldur er þetta tilraun til að afla landinu tekna, sem engum verði um megn að greiða, og mun því óhætt að ganga út frá tekjuauka þeim, er ráð er gert fyrir, ef brtt. verður samþykt.

Fjármálaráðherra (S. E.): Satt að segja, hefir mjer fundist, að hjer væru sungnir fullmargir lofsöngvar yfir tóbakinu. Þótt jeg sje sjálfur tóbaksmaður og þyki gott að reykja, hefi jeg altaf verið á þeirri skoðun, að best sje að gera sem minst að því, og tel jeg það því til bóta, ef einhver yrði til þess að minka þá nautn við sig. Og jeg lít svo á, að þeir, sem vilja eyða fje sínu í slíkt, sjeu ekki ofgóðir til þess að greiða tollinn.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) þótti það ósamkvæmni hjá mjer að vera með þessari brtt., en hafa þó greitt atkv. móti till. í gær, sem fór fram á að leyfa sölu á Kínalífs-elixirnum.

En hjer er um tvent ólíkt að ræða.

Og auðvitað má fara fram á að afla landinu tekna á margan þann hátt, sem mjer væri ómögulegt að fylgja.

Ástæður mínar fyrir því að vera á móti till. í gær voru fyrst og fremst þær, að eftir áliti þeirra, sem vit hafa á, meðal annara landlæknis, þá er lyf þetta engu nýtt og jafnvel skaðlegt.

Það hefir oft komið fyrir, að menn hafa reitt sig á lyfið, í stað þess að sækja lækni, og haldið, að þaðan væri hjálparinnar von, en alt svo orðið um seinan.

Allir hljóta nú að sjá, hvílík fjarstæða það er, að Alþingi hvetji menn til að kaupa lyf, sem að áliti þeirra, er vit hafa á heilbrigðismálum, er með öllu gagnslaust og getur verið hættulegt fyrir heilsu manna.

Með þessu móti á að afla 40,000 kr. tekna, en til þess að fá þær tekjur verða landsmenn að blæða í hreinum hjegóma, eða jafnvel í skaðlega hluti, miklu hærri upphæð en tollurinn er sjálfur. Jeg get ekki skilið, að nokkur stjórn sjái sjer fært að afla tekna með slíku móti.

En ofan á alt þetta bætist, að elixirinn inniheldur svo mikið áfengi, að það væri bannlagabrot að selja hann. Jeg held því, ef litið er á mál þetta með sanngirni, þá geti það ekki talist nein ósamkvæmni, þótt jeg greiði atkv. með tóbakstollinum nú, en á móti Kínalífselixirnum í gær.

Eggert Pálsson: Jeg skal ekki vera langorður, þar sem mjer skilst, að háttv. þm. sjeu leiðir orðnir á umr. þessum.

En sakir standa svo, að jeg hefi ekki enn þá tekið til máls í máli þessu, þótt það hafi gengið tvisvar í gegnum háttv. Ed., fyrst með þrem umr. og síðar einni.

Jeg vil þess vegna nú gera grein fyrir atkv. mínu. Jeg hefi nefnilega greitt atkv. móti tollhækkun þeirri, sem hjer er um að ræða.

Þó verð jeg að segja það, að stefna mín í skattamálum er sú, að auka beri tekjur landsins með öllu góðu móti, því að jeg lít svo á, að landssjóður sje sú hít, sem einhverju þurfi í að ausa, á móts við það, sem úr henni er ausið, ef ekki á að ganga til þurðar fjeð.

Og jeg verð að viðurkenna það, að tóbakstollurinn sje á rjettum grundvelli lagður, og ekki tel jeg eftir mönnum að að greiða hann.

En jeg er á móti þessari hækkun af því, að jeg álít, að svo sje með þennan toll sem aðra, að takmörk sjeu, sem ekki má fara út fyrir. Hjer er um toll að ræða, sem er jafnhár og innkaupsverð vörunnar, og verður því ekki neitað, að freisting sje vakin til tollsvika, ef svo langt er gengið. Og þegar þess er gætt, að eftirlit er hjer sljóvt, og hlýtur að vera það, þá verður því ekki neitað, að eftir því sem tollar hækka, eftir því er aukið á freistni manna til tollsvika.

Þetta er ástæðan til þess, að jeg hefi verið móti hækkuninni, og er enn; mun jeg því greiða atkv. móti brtt.

Guðjón Guðlaugsson: Háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) sagði, að skattur þessi væri svo lítill, að hans gætti ekki, eitthvað 4 kr. á mann. En hugsanlegt er, að hann yrði hærri hjá sumum, t. d. 5 kr., og setjum nú svo, að 4—5 sjeu á heimili, sem neyta tóbaks. Skatturinn er þá orðinn 20 kr., og ekki er það óhugsandi, að hann lendi allur á einum manni.

Þess eru mörg dæmi, að hjón bruki bæði neftóbak; svo getur verið gamalmenni, sem þau eiga fyrir að sjá, sem líka brúkar tóbak; þar að auki niðursetningur, og lendir þá allur skatturinn á húsbóndanum, því að ekki þekki jeg

þær sveitarstjórnir, sem taka tillit til þess, hvort ómagar neyta tóbaks eða ekki. Flestar munu þær láta nægja að sjá um, að ómagarnir fái nóg til fæðis og klæða, en láta húsbóndann sjá þeim fyrir tóbaki.

Fyrir marga menn geta nú 20 kr. verið talsverð upphæð, t. d. fyrir þá, sem liggja við sveit, en eru ekki komnir á hana. Þá getur það komið sjer illa í bili að vanta, þótt ekki sje nema 20 kr., t. d. fyrir mann, sem á veika konu, og getur ekki fengið meðul nema borga þau strax; þá gæti hann, ef á alt er litið, munað mikið um þótt ekki væri nema 4—5 kr.

Jeg hefi heyrt hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) gera allra manna mest úr verðhækkunartollinum; hann gerði mikið úr því, að bændur, sem selja 1 tunnu af kjöti á 120 krónur, ættu að greiða af því 1 kr. skatt til landssjóðs, en honum þykir það ekki hart að leggja á fátækan mann, sem notar 9—12 pund af tóbaki á ári, 5-10 kr. skattauka. Jeg held, að gjaldþol þessara manna sje þó ólíkt.

Jeg sje ekki, að það sje rjett, að háttv. Ed. hafi drepið skattafrumvörp frekar en háttv. Nd., og háttv. Nd. drap þó frv. um aukna löggæslu, það er tollgæslu, frá Ed., og það var spor í rjetta átt.

Jeg er ekki að syngja neinn lofsöng um tóbakið, eins og hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) sagði, enda efa jeg ekki, að það sje óþörf nautn, en það eru margir, sem hafa vanið sig á hana og geta trauðla verið án hennar, og hækkun á þessu lendir meir á þeim fátæku en þeim ríkari. Það kom fram í háttv. Ed. tillaga um að hækka tollinn á vindlunum. Jeg skal játa, að sú hækkun hefði mest lent á efnamönnum og yngra fólki. Þessi tollur var feldur í háttv. Ed., og var jeg með því, og stafaði það af því, að mjer finst tollurinn nógu hár eins og hjer er gert ráð fyrir. En háttv. Nd. hefir ekki tekið þessa tillögu upp. Er það vegna þess, að hún vill heldur hlífa efnamönnunum?

Viðvíkjandi bitternum vil jeg geta þess, að hann var leyfður á þingi 1907, og það var með rangindum, að hann var bannaður, og að segja, að hann sje »humbug« eitt, er rangt. Jeg hygg, að sjúklingarnir hljóti að finna best sjálfir, hvaða meðul þeim koma að haldi, og það er nú svo, að um mörg meðul, er læknarnir gefa, má segja, að þau sjeu gagnslaust »humbug«. Þetta kemur oft til af því, að þeir þekkja ekki sjúkdóminn, og vita því ekki, hvaða meðul eiga við, en sjúklingurinn verður var við áhrif lyfsins á sig, og má því best segja um það; sannast þar, að sá veit gerst, sem reynir.

Að endingu vil jeg leyfa mjer að óska þess, að nafnakall verði haft um brtt.

Matthías Ólafsson: Jeg vil að eins gera örstutta grein fyrir atkv. mínu og afstöðu minni til brtt. þeirrar, er hjer liggur fyrir.

Jeg sje mjer ekki fært að greiða atkv. með brtt., því að mjer líst, að þingið sje með því að hlífa þeim efnaðri, en að leggja meir á þann fátæka. Við vitum það, að hinir fátækari nota meir reyktóbak og neftóbak, en hinir efnaðri aftur vindla. Þessu er nú svo varið, að þótt menn vildu, þá er ekki hægt að venja fólk af allri nautn, og þeim, sem eru orðnir vanir tóbaki, líður illa ef þeir eru tóbakslausir. Þeim líður betur ef þeir hafa tóbakið, og störfin ganga betur úr hendi. Og ef fólkið — eins og nú lítur út fyrir — verður að sitja í kulda í vetur, þá held jeg, að því líði ekki ofvel, þótt það geti tekið í nefið eða fengið sjer væna tölu. En ef það

hættir brúkuninni vegna þess, hversu tóbakið verður dýrt, þá fær landssjóður engar tekjur.

Efa verð jeg það, að það sje rjettmætt að leggja á neyslutolla, því að vitanlega lenda þeir oft á þeim, sem eiga mjög bágt, og það er hlægilegt að veita hjálp og heimta tolla af sama manninum.

Sigurður Stefánsson: Jeg verð að taka undir ummæli hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), að það verður að fara allar færar leiðir til að afla landssjóði tekna, og mjer finst það skylda háttv. fjármálaráðherra (S. E.) að stuðla að því, að svo sje gert.

Andmælendur þessarar brtt. tala um tóbakið eins og það væri hrein og bein nauðsynjavara. Jeg minnist ekki, að jeg hafi heyrt slík ummæli fyr á þingi, enda hafa þau ekki við neitt að styðjast. Það geta allir vanið sig af tóbaki, en það getur enginn vanið sig af notkun nauðsynjavöru, þ. e. a. s. fæðu fyrir líkamann. Jeg segi þetta svo að allir geti sjeð, að hjer er alt öðru máli að gegna en um nauðsynjavöru.

Þá halda andmælendurnir því fram, að þetta muni auka tollsvik. Það er nú ekki nein ný mótbára; hún hefir altaf kveðið við þegar tollar hafa verið hækkaðir, og skal jeg ekki neita, að hún hafi við dálitið að styðjast. En það hefir samt altaf farið svo, að landssjóður hefir grætt á tollhækkunum. Þetta vita allir háttv. þm. Og ef það væri rjett, að menn hræddust þetta svo mjög, þá vil jeg benda á, að í frv. er hækkaður mjög tollur, t. d. af vindlum, svo að þar geta tollsvikin fullkomlega komist að, enda munu neytendur þeirra, kaupstaða- og kauptúnalýðurinn, engu ólíklegri til þess að brjóta lögin en hinir, sem einkum brúka nef- og munntóbak, og andmælendur brtt. bera mest fyrir brjósti.

Enn fremur má benda á það, að samþykt hefir verið frv., sem nú er orðið að lögum frá Alþingi, um aukna tollgæslu í Reykjavík, og mest af þessum vörum er flutt hingað.

Með þeim tekjum, er fengjust með þessari brtt., mætti bæta úr miklu brýnni þörfum en tóbaksþörfin er, þörfum á brýnustu lífsnauðsynjum hjá hinum fátækustu limum þjóðfjelagsins, og er það mikilsvert atriði á þessum vandræðatímum.

Að ekki sje hægt að venja sig af tóbaki þarf enginn að segja mjer. Jeg var ákaflega mikill reykingamaður og reykti svo mikið, að heilsu minni var hætta búin, en jeg vandi mig af því á einni viku. Það liðu svo 3 ár, að jeg neytti einkis tóbaks, en þá fór jeg, mest af rælni, að taka í nefið, sem jeg geri enn, en jeg get vanið mig af hve nær sem vera skal.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) tók það fram um Kínalífs-elixírinn, að engin stjórn gæti verið þekt fyrir að greiða atkvæði með því að leyfa sölu hans. Þetta finst mjer höggið nærri hæstv. atvinnumálaráðherra, því að hann greiddi, sem jeg tel honum til hróss, atkvæði með honum. Finst mjer, að hjer höggvi sá, er hlífa skyldi.

Hjer er alt öðru máli að gegna en um flest tekjufrumvörp, sem hafa verið borin fram nú á þinginu. Hjer er ekki um það að ræða að leggja skatt á atvinnuvegi eða framleiðslu landsins, og því er frv. þetta ekki í neinu sambandi við frv. þau, er hafa verið feld. Jeg hefi samt greitt atkvæði með öllum frv., sem hafa miðað til þess að auka tekjur landsins, nema 100% gjaldhækkun á sjávarafurðum. Jeg hefi ekki gert þetta vegna þess, að mjer hafi það altaf verið

ljúft, heldur vegna þess, að jeg tel þess brýna þörf að afla landssjóði meiri tekna, og jeg hygg, að allir háttv. þm. sjeu mjer samþykkir í hjarta sínu, þótt þeim hins vegar gangi oft örðugt að sýna það í verkinu. Flest tekjuaukafrumvörp hafa verið feld að þessu sinni, og er það ekki nema eðlilegt, þegar litið er til þess, að þau eru fram borin af einstökum þingmönnum lítt hugsuð eða undirbúin. Þetta horfir alt öðruvísi við ef stjórnin undirbýr málin, áður en þau koma til kasta þingsins; þá verða allir að játa, að þá eru miklu meiri líkur fyrir því, að vel sje vandað til undirbúnings málanna og þau nái fram að ganga. Hjer ber því alt að sama brunni, að það er stjórnin, sem verður að hafa og á að hafa frumkvæði til allra þeirra mála, sem verslun snerta og fjárhag landsins. Geri hún það ekki, þá vanrækir hún skyldu sína. Jeg er ekki að segja þetta núverandi stjórn til ámælis; hún er ung í sessinum og hefir haft miklu starfi að gegna síðan hún tók við, en jeg tek þetta fram sem almenna athugasemd. Og örlög þau, er tekjuaukafrv. hafa hlotið nú, ættu að vera góð bending fyrir hæstv. stjórn að búa slík mál sem best undir þingið framvegis. Og þegar málin eru lögð fyrir þingið strax í byrjun þess, þá hafa þingmenn miklu betri tíma til að athuga málið heldur en þegar því er dembt inn í þingið, má ske í mesta annatíma þess.

Jeg greiði því atkv. með brtt. og þessu frv., af því að jeg tel brýna þörf á að auka tekjur landssjóðsins og þennan tollstofn einna sjálfsagðastan af öllum tollstofnum, sem vjer höfum.

ATKVGR.

Brtt. 859. samþ. með 19:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. P., Ó. B., P. Þ., S. E., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., E. Árna., G. Sv., H. Sn., Jóh. Jóh., J. M., J. B., M. G.

nei: M. K., M. T., M. Ó., P. O., S. J., B. K., B. St., E. P., E. A., E. J., G. G., G. B., G. Ó., H. St., H. K., K. E., K. D.

Fjórir þm. (H. H., J. J, P. J., Þorl. J.) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 21:7 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 903).

31. Bakkagerði í Borgarfirði.

Á 11. fundi í Nd., mánudaginn 16. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 39, 13. des. 1895, um löggilding verslunarstaðar hjá Bakkagerði í Borgarfirði (A. 76).

Á 13. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þorsteinn Jónsson): Jeg sje, að meinleg ritvilla hefir slæðst inn í fyrirsögn frv. á þgskj. 76. Þar stendur 1885, í staðinn fyrir 1895. Með lögum þeim, sem hjer er farið fram á að breyta, var löggiltur verslunarstaður hjá Bakkagerði í Borgarfirði. Bakkagerði er upphaflega hjáleiga úr Bakkalandi og hvortveggja jarðirnar liggja saman að höfninni, þar sem kauptúnið Borgarfjörður er nú. Nálega helmingur kauptúnsins er bygður í Bakkalandi. Hefir þótt hentugra að byggja þar en í Bakkagerðis-

landi, og liggja til þess ýmsar orsakir, meðal annars sú, að land er þar betur fallið til ræktunar. En með því nú að Bakki er ekki löggiltur verslunarstaður, heldur að eins Bakkagerði, þá fer sá hluti þorpsbúa, sem hús á í Bakkalandi, á mis við ýms rjettindi, sem hinir njóta. Í Bakkalandi má t. d. ekki reka verslun, nema þá að fá sveitaverslunarleyfi, og húseigendur fá ekki lán út á hús þau, sem standa í þessum hluta kauptúnsins. Er það einkum þess vegna, sem jeg flyt frv. þetta. Og þar sem þetta hefir ekki í för með sjer neinn kostnað fyrir landið og getur ekki komið í bága við hagsmuni nokkurs manns, en gæti hins vegar orðið til hagsbóta þeim mönnum, sem hlut eiga að máli, þá vona jeg, að frv. fái fram að ganga óhindrað af þinginu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 76).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 27. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 167).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 17. fundi í Ed., mánudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 39, 13. des. 1895, um löggilding verslunarstaðar hjá Bakkagerði í Borgarfirði,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 195).

Á 19. fundi í Ed., miðvikudaginn 1. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Jóhannes Jóhannesson: Frv. þetta er mjög einfalt og óbrotið, eins og háttv. deildarmenn sjá.

Svo hagar til, að smáá skilur lönd jarðanna á Bakkagerði og Bakka, og er því ekki hægt að stækka verslunarlóðina á Bakkagerði í haganlegustu átt með stjórnarráðsboði, af því að löggildingin er bundin við Bakkagerði eitt.

Jeg álít málið svo óbrotið, að það ætti að geta gengið í gegnum háttv. deild nefndarlaust, en geri það ekki að kappsmáli; óska að eins, að það, með nefnd eða án nefndar, fái greiðan gang gegnum deildina.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., mánudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 195).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 195).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 359).

---

32. Stefnubirtingar.

Á 13. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stefnubirtingar (A. 83).

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 20. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá,

Á 18. fundi í Nd, fimtudaginn 26. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Arnórsson): Það kom fram við 1. umr. annars máls hjer í deildinni, að þörf mundi vera á að athuga löggjöf vora um stefnubirtingar. Nú er þetta frv. komið fram vegna þessa. Það hefir verið safnað hjer saman í eina heild gildandi fyrirmælum, sem að þessu lúta, og auk þess eru hjer líka nýmæli, sem jeg vona að sjeu til bóta.

Jeg óska, að frv. sje vísað, að umræðu lokinni, til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 27. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 83, n. 298).

Forseti: Sökum þess að nefndarálitinu, þgskj. 298, var ekki útbýtt hjer í deildinni fyr en í morgun, verður að leita afbrigða frá þingsköpunum, 18. gr., til þess að taka megi málið til umræðu að þessu sinni.

Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Framsagan verður örstutt. Þetta mál hefir ekki valdið neinum ágreiningi í allsherjarnefndinni. Hún hefir orðið sammála um það, að frv. eigi fram að ganga. Með frv. þessu eru gefin skýrari og fyllri ákvæði en nú eru til um það, hvernig stefnu skuli birta, og auk þess er nokkrum nýjum ákvæðum bætt við, sem vafalaust eru til bóta. Síðari hluti frv. er um það að ljetta undir með þeim mönnum, sem dæmdir hafa verið, án þess að þeir hafi átt kost á að bera hönd yfir höfuð sjer. Er það til mikilla bóta, því að svo getur staðið á, að stefndur geti ekki mætt á rjettum tíma, og tapar máli fyrir þá sök.

Jeg skal geta þess, — til þess að menn skuli ekki halda, að jeg sje hjer að hrósa mínum eigin verkum, — að þótt jeg sje meðflutningsmaður að frv. þessu, þá á jeg engan þátt í samningu þess. Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir samið það, vist að öllu leyti einn, og frv. á það skilið, að lofsorði sje á það lokið.

Brtt. nefndarinnar eru fáar og óverulegar, og óþarfi að fara mörgum orðum um þær.

Fyrsta brtt. er um það, að stefnuvottar megi vera fleiri en 2. Er það gert með það fyrir augum, að sumir hreppar eru svo stórir, að stefnubirting yrði óþarflega dýr ef stefnuvottar væru ekki

nema 2. Betra, að þeir sjeu fleiri og dreifðir um hreppinn.

Önnur brtt., við 4. gr., um að stefnuvottar þurfi ekki að undirskrifa drengskaparheitið um leið og þeir eru skipaðir, heldur áður en þeir taka til starfa, er til bóta, því að svo getur verið, að stefnuvottar sjeu eigi við þegar þeir eru skipaðir, en það er venjulega gert á manntalsþingi.

Fjórða brtt. er um það, að ákvæði 11. gr. frv. nái einnig til mála, úrskurðaðra af sáttanefnd, og er sú breyting sjálfsögð.

Hinar brtt. nefndarinnar eru að eins orðabreytingar, sem jeg finn enga ástæðu til að nefna sjerstaklega.

ATKVGR.

Brtt. 298, 1. talin samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
2. og 3. gr. samþ. í e. hlj.
— 298, 2. talin samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
5.—7. gr. samþ. í e. hlj.
— 298, 3. talin samþ. án atkvgr.
8. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
9. og 10. gr. samþ. í e. hlj.
— 298, 4. talin samþ. án atkvgr.
11. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
12.—16. gr. samþ. í e. hlj.
— 298, 5. talin samþ. án atkvgr.
17. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn talin samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 355).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., föstudaginn 10. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stefnubirtingar, eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 379).

Á 29. fundi í Ed., mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Eggert Pálsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að frv. verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1607) með 11 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 29. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 379, n. 632, 701).

Framsm. (Magnús Torfason): Aðalbrtt. nefndarinnar við frv. er sú að leggja til, að upptaka mála falli niður. Nefndinni þótti ekki þörf á að hafa sjerstakt ákvæði um það, sökum þess, að leita má rjettar síns fyrir æðra dómstóli, en hins vegar þótti ísjárvert, að þrætugjarnir menn geta með þessu fengið átyllur til að tefja mál fyrir mönnum. Þá hefir nefndin einnig lagt til, að stefnuvottar þurfi ekki að setja innsigli undir nöfn sín. Þótti henni lítil trygging vera í því, með því að blýinnsigli eru nú orðin algeng. Hins vegar vildi hún leggja áherslu á, að stefnuvottar rituðu sjálfir nöfn sín, því að nú má vafalaust gera ráð fyrir, að allir stefnuvottar sjeu skrifandi. Nefndin hefir enn fremur lagt til, að birta megi stefnur á skrifstofum eða vinnustofum manna. Vildi hún með því koma í veg fyrir óþarfa flæking á heimili manna, sem oft getur komið sjer illa, og auk þess

er títt, að menn búi annarsstaðar en þeir stunda atvinnu sína, þar er þeir eiga til að svara. Þá hefir nefndin bætt við einu ákvæði til skýringar á því, hvernig birta skuli stefnu bæjarstjórnum, sýslunefndum og hreppsnefndum. Telur nefndin nægja, að oddvitum eða bæjarstjórum sje birt stefnan. Loks vildi nefndin, að ákveðið væri, að ávalt skuli eftir skilið eftirrit af stefnunni. Í frv. er ákveðið, að eftirrit skuli skilið eftir, þegar stefnan er ekki birt stefndum sjálfum, en nefndinni fanst rjettara að stíga sporið fult. Aðrar breytingar eru að eins orðabreytingar, er þóttu vera til bóta.

ATKVGR.

1. og 2. gr. samþ. með 9. shlj. atkv.

Brtt. 632, 1. a. og b. samþ. með 9 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

— 632, 2. a. og b. samþ. með 9 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. 9 shlj. atkv.

— 632, 3. samþ. með 8 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

— 701 (við brtt. 632, 4. a.—d.) samþ. án atkvgr.

— 632, 4. a.—d., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

— 632, 5. a.—d. samþ. með 9 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

10. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

— 632, 6. a. og b. samþ. með 7 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 632, 7. (12.—16. gr. falli burt) samþ. með 7 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., K. D., M. K., M. T., S. E.

nei: E. P., G. Ó., S. J., G. B.

Þrír þm. (G. G., H. H., K. E.) fjarstaddir.

17. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 31. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 716).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 49. fundi í Nd., laugardaginn 1. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um stefnubirtingar, eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 743).

Á 56. fundi í Nd., mánudaginn 10. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 743, n. 857).

Framsm. (Magnús Guðmundsson): Þetta frv. er komið frá háttv. Ed., með nokkrum breytingum frá því, sem það var samþ. hjer.

Í 3. gr. frv. hefir Ed. felt úr það

skilyrði, að stefnuvottar megi ekki vera í þjónustu annara, svo að í bága kæmi við starfann. Þetta er breyting, sem allsherjarnefnd Nd. getur fallist á, með því að hún gengur út frá, að þeir, sem stefnuvotta skipa, gæti þess að skipa þá eina, sem rækt geta starfann.

Í 5. gr. hefir háttv. Ed. felt það burt, að stefnuvottar skuli votta stefnubirtinguna með innsiglum sínum.

Í 8. gr. hefir Ed. skotið því inn, að birta megi stefnur í skrifstofu eða vinnustofu stefnds.

Í 9. gr. er sú breyting gerð, að jafnan skuli afhent eftirrit af stefnunni þeim, sem stefnan er birt, á kostnað stefnanda. Auk þess er í þá grein bætt inn í ákvæðið um það, hverjum megi birta stefnuna.

En aðalbreytingin liggur í því, að háttv. Ed hefir felt alveg niður 12.—16. gr. frv. um endurupptöku mála, þegar stefndur hefir eigi getað mætt, svo að jafnan verður að áfrýja slíkum málum sem áður. Þetta gerir þó minna til, með því að aðiljum er heimilað með frv. að koma fram með ný gögn í yfirrjetti leyfislaust.

Þrátt fyrir þetta vill nefndin þó ekki hagga frv., og vegna samkomulags, sem orðið hefir milli nefnda beggja deilda, tekur nefndin aftur brtt. sínar um lýsingarorðin »ósjálfráða« og »ófjárráða«.

ATKVGR.
Brtt. 857 tekin aftur.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 871).

33. Hagnýt sálarfræði.

Á 13. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um að skipa dr. phil. Guðmund Finnbogason kennara í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands (A. 87).

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 20. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Nd, fimtudaginn 26. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Það kemur oft fyrir um mig og aðra, að þeir segja, að þetta eða hitt sje ekki viturlega gert af Alþingi, en þótt svo sje, að ekki sje alt sem viturlegast gert af þessari samkundu, þá ætla jeg þó ekki að geta þess til, að Alþingi hafi tekið upp þann sið að veita Guðm. Finnbogasyni styrk án þess að hafa ætlað sjer að halda honum áfram. Slíkt starf sem það, er hann hefir með höndum, verður ekki int af hendi á einu ári. Það er fullkomið æfistarf að rannsaka, á hvern hátt sálarkraftar mannanna verði hagnýttir sem best.

En þar sem jeg nú byggi á þessu, þá þótti mjer sýnt, að Alþingi bæri að sýna, að það kynni dálítið til vinnubragða, án þess að ganga í skóla hjá Guðmundi Finnbogasyni. Jeg vildi sýna, að Alþ. kynni að hagnýta sjer þá krafta, sem það hefir tekið í þjónustu landsins, hagnýta ekki brot þeirra krafta, heldur þá alla, og því er þetta frv. fram komið.

Rannsókn á þessum sviðum er torveld á vetrum, og verður því mestur hluti þess árstíma að ganga til þess að vinna úr þeim rannsóknum, sem fram hafa farið að sumrinu, og halda fyrirlestra um þær rannsóknir. En til þessa þarf ekki allan veturinn. Það væri því hagsýni af þinginu að skylda Guðm.

Finnbogason til þess að halda fyrirlestra um sálfræðileg efni við Háskólann. Sömuleiðis ætti hann að fást við kenslu í uppeldisfræði, því að það kemur líka inn á hans svið í vinnuvísindum.

Það vita allir, að Guðm. Finnbogason er maður mjög vel mentaður. Hann er nú yfir 40 ára gamall og hefir gengið í bestu skóla í Danmörku, Frakklandi og Þýskalandi. Það er því auðsætt, að hann hlýtur að hafa mikið og margt að kenna mönnum, og væri því mikil hagsýni af þinginu að nota krafta hans út í æsar. Það er líka miklu hægra að skuldbinda hann til að kenna við Háskólann, ef hann þarf ekki sífelt að kvíða því, að þessi styrkur verði af honum tekinn. Jeg þarf ekki að taka það fram, að landinu er þetta enginn fjárskaði, því að jeg geng að því vísu, að styrkurinn mundi halda áfram framvegis, hvort sem er. En á hitt ber að líta, að maðurinn er miklu tryggari með því, að honum sje strax veitt fast embætti, heldur en eiga þetta ef til vill undir högg að sækja, og því á hann miklu betra með að nota kraftana. Það er líka nokkuð undarlegt að ætlast til þess, að bestu menn þjóðarinnar geti ekki lifað áhyggjulitlu lífi, til þess að þeir njóti sín sem best. Alþ. þarf að veita þeim tryggingu fyrir því, að þeir geti það, og þessa tryggingu vil jeg nú láta veita Guðm. Finnbogasyni.

Það er í sparnaðarskyni, sem jeg hefi viljað binda þetta embætti við nafn, því að ef Guðm. Finnbogason deyr, sem hann eflaust gerir einhvern tíma, þótt verk hans lifi, þá stæði ella kennaraembættið eftir, og get jeg hugsað, að sumum þyki óþarfi að ákveða það nú þegar.

Jeg skal svo ekki segja meira um þetta að sinni, en vona, að málinu verði, að umr. lokinni, vísað til mentamálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e.hlj., og til mentamálanefndar (sjá A, bls. 1614) í e.hlj.

Á 27. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 87, n. 297).

Forseti: Viðvíkjandi þessu máli skal jeg geta þess, að samkvæmt 18. gr. þingskapanna verður að leita afbrigða, með því að ekki eru liðnar 2 nætur síðan nefndarálitinu var útbýtt.

Afbrigðin leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg skal ekki vera margorður nú um frv. þetta. Bæði fór jeg um það nokkrum orðum við 1. umr., og svo er það rakið í höfuðdráttunum í nál., svo að nú mun það ljóst, er menn hafa eigi áður vitað. Skal jeg þó nú fara nokkrum orðum um 2 höfuðgreinar frv.

1. gr. mælir svo fyrir, að stofnað skuli kennaraembætti í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands, og bundið við nafn þess manns, sem þar er nefndur. Það er öllum kunnugt, að þessi sami maður hefir 3000 kr. styrk á ári úr landssjóði til sálarfræðirannsókna. Nú er það segin saga, að hann mun halda rannsóknum þessum áfram, þótt eigi verði hann prófessor við Háskóla Íslands. Mundi hann því engu tapa við synjun embættisins, nema þeirri ánægju að flytja sína fyrirlestra á rjettum stað og eiga vísa von áheyrenda. Ágóðinn er allur Háskólans megin. Ef hann er gerður að kennara, er hann skyldur til að flytja fyrirlestra um þessi efni. Á því græðir Háskólinn ágæta kenslukrafta, og jeg gæti trúað því, að áður langt liði kæmi eitthvað það fram

í starfi þessa manns, er gæti orðið Háskólanum til sóma, og svo ung stofnun má ekki fara á mis við neinar vonir þess. Þörfin fyrir slíka kenslu er mikil, og sjerstaklega vil jeg taka það fram, að það er ætlið miklu tryggara, ef landið vill halda góðum starfsmönnum, að festa þá við einhverja stofnun, svo að þeir sjeu ekki í lausu lofti. En ef maðurinn á að lifa á lausri styrkveitingu, er ætlið miklu hættara við, að hann taki góðum tilboðum annarsstaðar að og fari af landi burt. Hitt er bæði tryggara og meiri sómi, að vera kennari við háskóla, en að hafa lausa styrkveitingu.

Í 2. gr. er talað um háskólakenslu þá, sem hann á að hafa á hendi, auk rannsókna þeirra, er honum er ætlað að starfa að. Þar undir má heimfæra margar greinar sálarfræðinnar.

Þar er t. d. uppeldisfræði, sem er náskyld slíkum rannsóknum. Í þeirri grein er engin kensla nú, engar kenslubækur, og því full þörf á manni, er samið geti kenslubækur til afnota við kennaraskóla þá, er hjer verða.

Annað er fagurfræði (æsthetik). Þar heyra til svipaðar rannsóknir, hlutföll á allskonar listategundum, hlutföll lita t. d. og hvernig þeir verka á sjerstaka menn undir vissum kringumstæðum. Annars er þetta svo flókið mál, að langrar útskýringar þyrfti. Gæti hann haldið nokkra fyrirlestra um það efni; væri það bæði þarflegt og skemtilegt.

Þá er sálarfræði fjelagslífsins (social psykologi), sem nú er að verða allmerk grein. Hún fæst við fyrirbrigði í fjelagslífinu, og með hverjum meðulum sálaröflin starfa þar. Má þar við tengja þjóðaruppeldi.

Fyrir guðfræðinga væri gott að fá sálarfræði trúarbragðanna. Þau eru jafnan eins, og þau hafa verið mikill liður í sálarlífi þjóðanna. Er það mjög nauðsynlegt að vita, hvernig þau verka í sálarlífinu, og hverjum lögmálum þau lúta og hvernig hvert sjerstakt lögmál gildir. Ef til vill hefði verið minna um trúarbragðastyrjaldir á liðnum öldum, ef mönnum hefðu verið þau lögmál kunn.

Þá kæmi lögfræðingunum vel glæpasálarfræði (kriminal psykologi). Það er afarnauðsynleg grein, og ómissandi fræðsla í henni við hvern háskóla handa þeim mönnum, er ætla að verða dómarar. Sama er að segja um sálarfræði vitnaleiðslunnar (psykologi der Aussage). Hversu oft er valt að byggja á framburði vitna, eins eða tveggja. T. d. gæti það verið mjög athugavert að dæma mann af lífi eða æru eftir sögusögn tveggja votta. Að ummælum háttv. sessunauts míns (M. Ó.) fyrir skemstu má marka það, hve lítið menn oft geta lagt upp úr sögusögn annara. Enda sýnir sig oft í öllu þessu, að miklu getur valdið minnisskekkja eða röng eftirtekt. Væri gott, ef hægt væri að fræða menn, einkum dómaraefni, um lögmál um slíka hluti.

Þá má nefna athuganir á geðveikum mönnum. Læknar, sem við þá hluti fást, þurfa ekki einungis læknisfræðilega, heldur og sálarfræðilega, kenslu, og þá kæmu slíkar athuganir í góðar þarfir.

Nú hefi jeg talið upp ýmsar greinar sálarfræðinnar, þeirrar er jeg áður leyfði mjer að nefna eina grein náttúrufræðinnar.

Rannsókn allra greina heimspekinnar er svo mikið verk, að enginn einn maður getur unnið að því öllu, allri sálarfræði, og allri heimspeki, sem er margar mismunandi greinar. Jeg get þessa til þess, að mönnum verði skiljanlegt, að þótt kennari sje til í heimspeki áður, hefði þó þessi maður yfrið nóg að starfa. Hver þeirra 7 greina,

er jeg áður nefndi, væri nægilegt æfistarf einum manni, ef rannsakað væri út í æsar. Væri því ástæða til að ætla þetta ekki einum manni, heldur fleirum. Þessi vísindi eru sem nokkurskonar sólaruppás í þekkingu manna. Því að það er rjett, sem Bjarni Thorarensen sagði:

»Þótt tungla teljir klasa,
sem tindra um himinbaug,
getnaðarlimu grasa,
og gastegundir í haug,
vitir alt, er varðar mig,
þann jeg kalla þekkja lítt,
sem þekkir ei sjálfan sig.«

Einmitt í þekkingu manna á sjálfum sjer og meðvitundinni, er stýrir líkamshreyfingunum, er mönnum mjög ábótavant. Þar eiga endurbæturnar að byrja, og ekki síður á því, er snýr að líkamshreyfingunum, en öðru.

Þetta vildi jeg segja alment um starfssvið þessa manns sem háskólakennara. Og ef hann er gerður að háskólakennara, á Háskólinn heimtingu á, að hann verji öllum þeim tíma, sem hann hefir afgangs frá aðalstarfi sínu, rannsókn vinnubragða, til athugana á þeim sviðum, er jeg áður nefndi.

Auk þessa er honum einnig gert að skyldu að hafa með höndum vísindalega rannsókn á vinnubrögðum, eins og hann hefir nú. Eins og allir vita hefir hann skrifað bók um vinnuna, sem hefir mikinn fróðleik að geyma handa öllum, en sjerstaklega handa þeim, sem lítið hafa getað sett sig inn í verkefni það, sem hann hefir fyrir höndum. Nú er hann að rannsaka vinnubrögð við slátt. Hefir hann 15 menn til rannsóknar, og skrásetur aldur hvers um sig, hæð, aðstöðu og handtök við vinnuna, vinnuhraða o. s. frv. Hjer fyrir framan mig liggur tafla, sem sýnir, hvernig þessar rannsóknir eru gerðar. Er ekki til neins að lesa alt upp, sem á töflunni stendur, en rannsóknin fer þannig fram, að hverjum manni er mældur út 1 ha. af slægjulandi, og rannsakað, hve lengi hver sláttumaður er að slá þetta land, og nákvæm skýrsla gefin um aðstöðu, handtök og skilyrði til vinnunnar hjá hverjum fyrir sig. Niðurstaðan er sú, að þeir fljótustu slá blettinn á liðugum 7 stundum, en sá seinasti á 28 stundum. Hjer er hægt að rekja eftir tölunum, hvernig vinnubrögðin eru og hvern árangur hverjir tilburðir um sig gefa. Þegar þessum athugunum er lengra komið og tilraunir gerðar, ekki að eins á þessum mönnum, heldur mörgum fleirum, og þegar búið er að draga allar þessar rannsóknir saman í eitt kerfi, þá er full von um, að hægt verði að draga út af þeim ábyggilega ályktun um það, hvernig haga skuli vinnunni, til þess að árangurinn verði sem bestur. Verk þetta er, eins og menn sjá, mjög tafsamt og vandasamt, en með tíð og tíma er hægt að gera sjer von um mikinn árangur. Við tilraunir þessar hefir honum dottið í hug að nota orf, sem hægt er að stytta, lengja og steypa með skrúfum, til þess að geta rannsakað nákvæmlega, hvaða orflag og steyping reynist best fyrir hvern sláttumann. Jeg tek þetta fram til dæmis, til þess að menn fái dálitla hugmynd um, hversu seinlegt það er og vandasamt að gera þessar tilraunir, til þess að menn búist ekki við því, að strax verði sett fram ákveðin lögmál, eða vinnubrögðunum umsteypt á skömmum tíma. En jeg segi þetta líka til þess að sýna, hve mikil nákvæmni er viðhöfð við rannsóknirnar. Alstaðar, þar sem rannsóknum hefir verið beitt í heimi vísindanna, hefir eitthvað nýtt komið fram í dagsljósið. Nú er það þessi greinin, sem er að renna upp eins og nýr morgunroði yfir löndin, og er gleðilegt til þess að vita, að vjer skulum eiga á að skipa þeim

manni, sem getur gert oss aðnjótandi þeirra gæða, sem vísindagrein þessi ber með sjer. — Jeg hefi enga ástæðu til að segja meira að sinni, en vænti þess, að háttv. deild láti málið ganga óhindrað áleiðis.

Einar Jónsson: Það er fjarri því, að jeg sje mótmæltur manni þeim, sem hjer er um að ræða, eða að jeg ætli að mæla á móti því, að hann haldi þeim styrk, sem honum hefir verið veittur og honum ber að halda, einmitt þar sem hann nú situr. En hjer finst mjer kenna nokkurrar heimtufrekju eða græðgi. Jeg minnist þess, að á þingi 1915 var farið fram á að stofna prófessorsembætti við Háskólann, handa dr. Guðm. Finnbogasyni. Þingið gekk ekki inn á það þá. Á sömu leið fór tilraun til að fá stofnað dósentsembætti, en loks varð það niðurstaðan að veita honum styrk til vísindalegra rannsókna í hagnýtri sálarfræði. Um þennan styrk varð að vísu dálítið stapp, en engin veruleg óánægja virtist vera með hann. Margir höfðu það við orð, og flestir munu hafa gengið út frá því, að ef einhver árangur sæist af starfinu, vinnuvísindunum, þá yrði styrknum haldið áfram. Nú hefi jeg ekki orðið var við, að það lægi neitt í lofti að skera niður þennan styrk, og taldi jeg því sjálfsagt, að honum yrði haldið áfram. En mjer virðist ekkert liggja nær með embættisstofnunina nú heldur en 1915. Og það liggur líklega aldrei nær, því að verkefni hans er þannig varið, að hann þarf ekki að vera við Háskólann; lægi þá miklu nær að tilnefna búnaðarskóla, ef embætti skyldi stofna.

Háttv. frsm. (B. J.) tók það fram, að hann ætti meðal annars að kenna mönnum vinnubrögð við slátt, en sláttarkensla getur ekki farið fram við Háskólann. Jeg hefi gengið um gólfin í kenslustofunum, en ekki orðið var við, að þar væru nein slægjulönd. Jeg er sem sagt með því, að hann haldi styrknum, og ef hann á erfitt með að lifa af honum, væri sanni nær að fara fram á að hækka hann, en embættisstofnun er jeg alveg á móti. Það eru mikil líkindi til þess, að Guðmundur Finnbogason vinni vel fyrir þeim styrk, sem hann verður látinn hafa, ef hann er með vinnumönnunum, hvort heldur er við fiskvinnu, slátt eða hvað sem er. En það verður minna gagn að starfsemi hans, ef hann verður settur inn í Háskólann. Það þarf enginn að segja mjer, að nokkur læri vinnubrögð af því að hlýða á lýsingu á því, hvernig eigi að vinna, eins og ef hann tekur verkfærið og honum er sýnt, hvernig hann eigi að beita því. Það verður t. d. enginn góður sláttumaður við það að lesa bók um það, hvernig hann eigi að slá. Enginn verður nokkurn tíma góður sláttumaður nema hann venjist verkfærinu og læri að beita því.

Jeg skal ekki þreyta menn með langri ræðu. Það, sem jeg vildi taka fram, er þetta, að jeg get ekki verið með stofnun þessa embættis, sje enga ástæðu til þess nú, fremur en 1915, jafnvel lakari ástæður nú. Dr. Guðmundur fjell þá frá kröfu sinni um stofnun embættis og og gekk inn á, að honum yrði veittur styrkur. Nú er sjálfsagt að halda honum áfram, og hækka hann, ef þörf gerist. Embætti í Háskólanum er ekki til neins gagns fyrir vinnuvísindin. Ef maðurinn hefir nóg fje, til þess að geta gefið sig að starfinu, þá getur hann skrifað bækur eins fyrir því, þótt hann sje ekki prófessor. Jeg efast ekki um það, að bækur geti verið til mikils gagns, eins á þessum sviðum sem öðrum, og jeg veit, að mikið má af þeim læra, en

aldrei eins mikið og af verklegri tilsögn. Hún verður að vera aðalatriðið. Embættisstofnunin gæti því dregið úr því gagni, sem maðurinn á að gera, auk þess sem jeg tel það mjög varhugavert að stofna konungleg embætti, eins og nú er högum háttað, nema brýn nauðsyn sje á.

Jörundur Brynjólfsson: Eins og háttv. deild er kunnugt var máli þessu vísað til mentamálanefndar, og frá henni er komið álit. Við tveir af nefndarmönnunum höfum skrifað undir þetta nefndarálit með fyrirvara. Í raun og veru eru það að eins niðurlagsorð álitsins, sem við gátum ekki skrifað undir. Við tókum það strax fram á móti þessari embættisstofnun, að hún væri ekki nauðsynleg og yrði jafnvel að minni notum en starf mannsins á öðrum grundvelli. Þar sem maðurinn á að starfa í sjerstökum tilgangi, þá hefðum við talið hyggilegra, að embættið væri stofnað með tilliti til starfsins, sem á að vinna, ef það er stofnað á annað borð, en síður, að það sje bundið við Háskólann. Samt var okkur þetta ekki svo mikið kappsmál, að við vildum fara að kljúfa nefndina á því atriði, fyrst að við áttum samleið með henni að öðru leyti. Við teljum sjálfsagt, að maðurinn fái sömu launakjör og hann hefir nú, eða jafnvel ríflegri, eftir því sem hann þarf með.

Jeg og meðnefndarmaður minn (St. St.) lítum svo á, að ekki eigi að stofna embætti við Háskólann handa dr. Guðmundi Finnbogasyni, ef hann á að starfa að vísindalegri rannsókn á vinnubrögðum, eins og gengið hefir verið út frá. En þótt svo væri álitið, að svo skyldi vera, þá virðist okkur heldur fljótt að fara fram á það nú. Það er ekki enn þá kominn svo mikill sýnilegur árangur af starfinu, að ástæða sje til að vinda svo bráðan bug að embættisstofnuninni. Ekki svo að skilja, að jeg telji árangurinn minni en von er á. Það má heita mikið, sem eftir manninn liggur, eftir svo stuttan tíma. En þá er líka hægur hjá að bíða með embættisstofnunina eftir meiri árangri. Jeg geri ekki lítið úr þeim endurbótum á vinnubrögðum, sem koma má á með þessum rannsóknum. Jeg er ekki í nokkrum vafa um það, að maður með góðum hæfileikum geti miklu breytt til bóta í þessu efni. Og þótt jeg viti, að dr. Guðmundur Finnbogason sje ókunnugur ýmsri vinnu, þá veit jeg líka, að hann getur á stuttum tíma sett sig svo inn í flesta vinnu, að rannsóknir hans geta borið árangur. En jeg vildi bíða með embættisstofnun, þangað til meira sjest frá honum í þessu efni en enn er komið. Fjárhagsatriði er þetta ekkert, eins og háttv. flutnm. (B. J.) tók fram, og þar sem ekki bar meira á milli meiri og minni hluta nefndarinnar en þetta, þá þótti okkur sjálfsagt að kljúfa ekki nefndina, en gera grein fyrir aðstöðu okkar til málsins í umræðunum. Við viljum veita styrkinn áfram, jafnvel hækka hann, en sjáum ekki ástæðu til að stofna sjerstakt embætti.

Jeg býst við, að háttv. frsm. (B. J.) svari mjer einhverju. Jeg sje, að hann er að biðja um orðið. En jeg tel mig standa við það, sem jeg sagði í nefndinni. Jeg sagði þar, að jeg væri mótfallinn nýrri embættisstofnun, en gerði það ekki að svo miklu kappsmáli, að jeg vildi kljúfa nefndina.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Ætlar háttv. þm. (J. B.) að greiða atkvæði með eða móti frv.? (**J. B.:** Það kemur bráðum í ljós). Það er það, sem máli skiftir nú. Annars vildi jeg kenna honum að kljúfa nefndir, — að gera það

á nefndarfundum og koma hreint til dyranna, en svíkjast ekki undan merkjum þegar málið er komið inn í deild.

Öðru ætlaði jeg ekki að svara.

ATKVGR.

1., 2. og 3. gr., allar í einu lagi, samþ. með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., B. St., E. A., G. Sv., J. J., J. M., M. P., M. Ó., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J.

nei: E. Árna., E. J., H. K., J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Þór. J., Ó. B.

Einn þm. (B. Sv.) fjarstaddur.

P. J. neitaði að greiða atkv. Lýsti þá forseti yfir því, að beitt yrði við hann ákvæði því í þingsköpunum, sem hljóðar um þá, er neita að greiða atkvæði við nafnakall, án þess að tilgreina ástæður, sem teknar eru til greina.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., B. St., E. A., G. Sv., J. J., J. M., M. P., M. Ó., P. J., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J.

nei: E. Árna., E. J., H. K., J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Þór. J., Ó. B.

Einn þm. (B. Sv.) fjarstaddur.

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 87).

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg sje enga ástæðu til að ræða þetta mál frekar. Jeg vona, að menn sjeu búnir að átta sig á því, að hjer er verið að gera Háskólanum mikið gagn, án nokkurs kostnaðar, og tel því víst, að frv. verði samþykt núna, eins og um daginn.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 : 10 atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., föstudaginn 10. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um að skipa dr. phil. Guðmund Finnbogason kennara í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 380).

Á 29. fundi í Ed., mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að málinu verði vísað í mentamálanefnd.

Eggert Pálsson: Jeg ætlaði líka að gera það að tillögu minni að vísa málinu til mentamálanefndar, en nú hefir hæstv. atvinnumálaráðherra orðið fyrri til þess, þótt jeg bæði mjer fyr hljóðs en hann.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. attkv., og til mentamálanefndar (sjá A, bls. 1606) með 10 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 1. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 380, n. 705).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Ed., þriðjudaginn 4. sept., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Hannes Hafstein: Mjer er engin launung á því, að jeg er fylgjandi þessu frv., álít, að það sje mjög sanngjarnt, sem það fer fram á; jeg skil einnig hv. nefnd svo, að hún sje fylgjandi því, sem frv. vill vera láta, en finnist hins vegar ekki tími til þess nú; skírskotar hún til þess, að skólum muni lokað nú, samkvæmt tillögu, sem fram er komin um það í háttv. Nd.

Það er auðvitað engin þörf á að auka kenslukrafta Háskólans, ef svo fer, að honum verður lokað næsta vetur, en það er engin vissa fyrir því, að svo fari, og jeg hygg, að það muni jafnvel ekki fást næg atkvæði fyrir því hjer í háttv. deild að loka Mentaskólanum. En með því að það mál er ekki á enda kljáð, vil jeg leggja til, að þessu máli verði frestað, og skora á hæstv. forseta að taka það út af dagskrá og taka það eigi á hana fyr en menn vita, hvernig rætist úr um kolin.

Forseti: Samkvæmt beiðni háttv. 1. landsk. þm. (H. H.) skal jeg taka málið út af dagskrá og fara með það svo, sem háttv. þm. óskar eftir.

Á 58. fundi í Ed., laugardaginn 15. sept., kl. 1 miðdegis, var frv. enn tekið til 2. umr.

Framsm. (Magnús Torfason): Loks kemst þetta mál þá til umr., ef enginn háttv. þingdeildarmaður stingur þá upp á, að það verði tekið út af dagskrá. Eru það sjálfsagt hin nýju vinnuvísindi, sem valda því, að sama málið er tekið þrisvar til sömu umr.

Eins og sjá má af nefndarálitinu hefir nefndin lagt aðalálhersluna á það, að háskólaráðið hefir ekki talið brýna þörf á að stofna nýtt embætti í sálarfræði við Háskólann. En síðan nefndarálitið var samið hefir nefndinni borist erindi frá heimspekideild Háskólans, dagsett 24. okt. 1916, þar sem hún mælir með því, að beiðni Guðmundar Finnbogasonar frá árinu 1915 um, að stofnað verði prófessorsembætti handa honum, verði tekin til greina. Vera má, að álitamál sje um, hvort meira tillit eigi að taka til háskólaráðsins en heimspekideildarinnar, en jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að ekki sje ástæða til þess að stofna embætti við Háskólann, sem háskólaráðið sjálft krefst ekki eða álítur óhjákvæmilegt fyrir Háskólann. Tel fyrirdæmið afarviðsjárvert.

Þá er og vikið að því í nefndarálitinu, að þar sem óvíst sje, hvort Háskólanum verði haldið áfram í ár, sje enn minni ástæða til þess að stofna embættið. Nú hefir nokkur breyting orðið á þessu, og verða háttv. deildarmenn því að ráða við sig sjálfir, hvort þeir leggja meiri eða minni áherslu á þessa ástæðu heldur en þegar hún var fram borin.

Loks er vikið að því í nefndarálitinu, að þó að alls góðs megi vænta af þessum manni, þá sje þó ekki enn sýnt, að verulegt gagn muni af þessari kenslu. Nefndin lagði áherslu á, að þar sem hjer er um hagnýta sálarfræði að ræða, þá sje eðlilegt, að beðið sje eftir því, að einhver agnarlítill árangur sjáist af vinnuvísindunum, áður en farið er að stofna prófessorsembætti í þeim. Þetta er ekki sagt þessum heiðursmanni, sem hjer er um að ræða, til hnjóðs á nokkurn hátt, en það er vitanlegt, að ekki er nema örskamt síðan hann fór að leggja stund á þessi fræði, og er því ekki hægt að búast við, að árangur sje enn sýnilegur. Annars skal jeg taka það fram, að það kom fram í nefndinni, að fult eins heppilegt gæti verið að lofa þessum efnilega manni að fá ráðrúm til

þess að setja sig inn í störf sín í næði, og að það mundi ef til vill einungis draga úr vinnu hans, ef hann væri gerður að prófessor nú þegar og þar með skyldaður til þess að flytja fyrirlestra. Jeg get að lokum bætt því við, að hæstv. atvinnumálaráðherra hefir fyrirfram ákveðið, hvernig hann ætti að greiða atkvæði, og þar með sýnt, hversu mikils hann metur vinnuvísindin. Háttv. deildarmenn verða vitanlega að ráða það við sig sjálfir, hversu mikið þeir eigi að gera úr þessum meðmælum hans.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er alveg rjett hjá háttv. framsögumanni (M. T.), að jeg hefi lýst yfir því áður, í sambandi við annað mál, sem hjer var á dagskrá, að jeg væri þessu frv. fylgjandi.

Háttv. frsm. (M. T.) tók það fram, að háskólaráðið hefði ekki lagt það til, að þetta embætti yrði stofnað, en hins vegar hefði heimspekideild Háskólans verið því mjög meðmælt og lagt það til, að þessum manni yrði veitt embættið. Jeg hefi þessa umsögn háskólaráðsins fyrir mjer í afriti. Segir í því skjali, að háskólaráðið vilji ekki eiga frumkvæðið að því, að embættið sje stofnað, en ef Alþingi sjái sjer það fært, þá telur það þennan mann, sem hjer er um að ræða, vel til starfans fallinn.

Jeg vil því leyfa mjer að minnast stuttlega á nefndarálitið, eins og háttv. frsm. (M. T.) gerði sjálfur.

Það er rjett, sem þar stendur, að háskólaráðið hefir ekki viljað segja neitt af eða á um stofnun embættisins, en hvað því viðvíkur, að ekki hafi enn verið neitt gagn sjáanlegt af starfi þessa manns, þá hygg jeg þó, að ekki verði neitað, að fyrirlestrar þeir, sem hann hefir haldið um þetta efni, hafi verið gagnlegir, og jeg veit, að hann hefir bent á ýmislegt til bóta við fiskverkun, sem þegar hefir verið tekið til greina með góðum árangri. Einnig hefi jeg átt kost á að sjá verklegar tilraunir heima hjá honum og getist mjög vel að. Sjerstaklega þótti mjer mikið koma til tilrauna hans með slátt á túnum. Jeg þykist sjálfur bera nokkuð gott skyn á slátt, og helst af vinnubrögðum öllum, og get jeg ekki annað sagt en að tilraunir hans hafi komið vel heim við margra ára eftirtekt mína. Og ef starf hans yrði til þess að bæta verklag þjóðarinnar, þá gæti ómetanlegt gagn af því leitt. Það er alveg rjett, sem tekið hefir verið fram, að ef til vill hefir eitthvað skort á undirbúning mannsins, en þó hefir hann komist lengra en búast hefði mátt við. Er það alt atorku hans og dugnaði að þakka.

Þar sem nefndin tekur það fram, að alt sje óráðið um Háskólann, þá er nú það mál, eins og kunnugt er, alt komið til ákveðins vegar.

Hvað viðvíkur þeirri rökstuddri dagskrá, sem fylgir nefndarálitinu, þá skil jeg ekki, að neitt nýtt geti af því leitt að vísa málinu til háskólaráðsins, því að frá því er naumast að vænta annars en þegar er komið. Annars vil jeg taka það fram, að jeg hefi aldrei litið svo á, að Háskólinn hafi verið til þess eins stofnaður að steypa saman þessum þremum deildum, lögfræðideild, læknadeild og guðfræðideild. Þarna eiga að þróast sem flest menningarblóm þjóðfjelagsins. Og kennararnir við þessa stofnun eiga að vera leiðsögumenn í hverskonar fræðum, bóklegum og verklegum, engu síður hinum verklegu, þegar þjóðin sjer sjer fært og völ er á hæfum mönnum í þeim vísindagreinum. Jeg legg sjerstaka áherslu á, að þar

fari fram kensla í ýmsum hagnýtum fræðum. Þesskonar mun vera sameinað hjá öllum mentaþjóðum nú orðið.

Hjer er ekki um sjerstakan kostnaðarauka að ræða á þessu fjárhagstímabili. En þar sem þetta embætti á að vera bundið við nafn, svo sem oft tíðkast erlendis, þá er landssjóði vitanlega bundinn baggi, meðan maðurinn getur gegnt starfinu. En sje nú þessu tækifæri hafnað, þá óttast jeg, að þjóðin fái ekki að njóta þessa manns til langframa, ef honum er ekki gefinn kostur á lífvænlegri stöðu, og það hygg jeg að væri misráðið af þessari háttv. deild að verða slíks valdandi.

Af þessum ástæðum og öðrum fleirum, er jeg hirði ekki að tína til, mun jeg greiða frv. atkv. og veiti því mín bestu meðmæli.

Frsm. (Magnús Torfason): Eins og háttv. deild mun kunnugt hefir þessum manni, sem hjer er farið fram á að gera að prófessor, verið lögð til talsverð vinnufúlga í fjárlagafrv., og er þegar af þeirri ástæðu engin þörf á embætti þessu. Og ekki er embættið heldur nauðsynlegt fyrirlestranna vegna. Maðurinn hefir, sem doktor í heimspeki, rjett á að halda fyrirlestra við Háskólann, og býst jeg ekki við, að honum verði meinað þar húsrúm. Jeg býst við því, að fult eins ánægjulegt mundi verða fyrir þennan mann að fá þá viðurkenningu, sem liggur í prófessorstitlinum, fyrir unnið starf.

Kristinn Daníelsson: Jeg skal gera örstutta grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli.

Á þinginu 1915 greiddi jeg atkv. gegn fjárveitingu til þessa manns, en nú geri jeg ráð fyrir að greiða atkv. með frv. Jeg sje, að honum er ætluð sama upphæð sem áður í fjárlagafrv. nú, og lít svo á, að með því sje slegið föstu, að hann eigi að halda þessu starfi áfram. Sje jeg því enga ástæðu til að draga hann á því, að hann hafi fulla vissu um það.

Eins og háttv. frsm. (M. T.) tók fram varðar það miklu, að hann geti fengið næði til þess að iðka rannsóknir sínar og slept öðrum störfum. Þegar fjárveitingin var samþ. 1915, var jeg þeirrar skoðunar, að ekki myndi svo mjög mikið gagn að þessum rannsóknum. Jeg ber reyndar ekki skynbragð á slíkt, en jeg heyri marga vitra menn telja þær mjög gagnvænlegar.

Þá vil jeg minnast á eitt atriði, sem ef til vill gæti skift einhverju í þessu máli, að maður þessi hefir áður orðið allhart úti. Hann var á unga aldri að nokkru leyti kjörinn til þess af Alþingi að verða forkólfur þjóðarinnar í mentamálum og styrktur til undirbúnings í því skyni. En eftir að hann hafði lagt talsverðan tíma í sölurnar til þess að búa sig undir það starf, fór þó svo, að sú varð ekki lífsstaða hans. Vil jeg nú ekki vera þröskuldur í vegi fyrir því, að hann fái á þennan hátt uppbót fyrir það. Enda viðurkenna allir, að hann sje mjög nýtur maður og einkum á þessu sviði.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá mentamálanefnd, á þgskj. 705, feld með 6 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. T, S. E, E. P., G. Ó., H. St, H. Sn.

nei: G. G., Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. K., G. B.

S. J. greiddi ekki atkv.

Einn þm. (H. H.) var fjarstaddur.

1. gr. frv. samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eftir skriflegri beiðni 3 þm. (H. Sn., E. P., G. Ó.), og sögðu

já: Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. K., S. J., G. G., G. B.

nei: H. Sn., M. T., S. E., E. P., G. Ó., H. St.

Einn þm. (H. H.) fjarstaddur.

2. og 3. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7:3 atkv.

Á 59. fundi í Ed., s. d., kl. 8[58] síðdegis, að loknum fundi í Sþ., var frv. tekið til 3. umr. (A. 380).

Altof skamt var liðið frá 2. umr. um málið. Leitaði forseti því leyfis til afbrigða frá þingsköpum um að mega taka málið þegar til 3. umr. — Afbrigðin leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Magnús Torfason): Eins og jeg drap á við síðustu umr. um doktorinn þá lítur út fyrir, að hjer sje beitt æði vísindalegri vinnuaðferð um þetta frv. Eins og við vitum þá flaut það gegnum háttv. Nd. á eins atkv. mun, og við síðustu umr. hjer munaði líka að eins einu atkv.

Það lítur út fyrir, að það sje þröngt nálaraugað, sem frv. smýgur í gegnum, en jeg sje ekki betur en að enn þá sje eftir það síðasta.

Eins og við vitum þá höfum við nýlega samþ. fjárlög fyrir árin 1918 og 1919, og þar er þessum háttv. manni heitin 3000 kr. fúlga til að vinna að þessum vinnuvísindum sínum.

Ef frv. það, er hjer liggur fyrir, verður samþ., fæ jeg ekki betur sjeð en að viðkomandi eigi heimting á bæði prófessorslaununum og þessari 3000 kr. fúlgu næstu tvö árin, og kalla jeg þá vel að verið, bæði hjá honum og hinu háa Alþingi.

Jeg vil því spyrja háttv. fjárveitinganefnd og hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), hvernig hann líti á þetta atriði.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal ekki fara að tala um frv. Eins og háttv. þm. vita greiddi jeg atkv. á móti því við síðustu umr. og geri það aftur nú, en að eins vil jeg svara fyrirspurn háttv. þm. Ísaf. (M. T.).

Jeg geng að því sem vísu, að ef frv. þetta verður samþ., þá fái landsstjórnin yfirlýsingu frá dr. phil. Guðmundi Finnbogasyni um, að hann geri enga kröfu til fjárveitingar þeirrar, sem honum er veitt í fjárlögunum, áður en frv. verður staðfest.

Kristinn Daníelsson: Jeg greiddi atkv. með frv. þessu í dag, og býst við að gera það aftur nú, en jeg vildi láta þess getið um leið, að þessu atkv. mínu fylgir það skilyrði, að fjárveitingin, sem tekin er upp í fjárlögin, falli niður.

Og jeg lít svo á, að allir aðrir, sem atkv. greiða með frv., geri það með það sama fyrir augum, ef þeir lýsa ekki yfir hinu gagnstæða.

Frsm. (Magnús Torfason): Jeg bjóst altaf við þessu svari hjá hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) og sætti mig við það. Sje jeg því ekki ástæðu til að gera þennan þinghala lengri.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. J., G. G., Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. K., G. B.

nei: E. P., G. Ó., H. St., H. Sn., M. T., S. E.

Einn þm. (H. H.) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 969).

---

34. Sveitarstjórnarlög.

Á 13. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 43, 10. nóv. 1905 (A. 91).

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 20. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 27. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Jónsson): Jeg hefi komið fram með frv. þetta meðal annars vegna þess, að jeg sje, að mönnum þykir nú nauðsyn bera til að hækka laun hreppstjóra, úttektarmanna og annara manna, er störfum gegna fyrir sveitareða sýslufjelög. Mjer finst þá um leið vera ástæða til að hækka laun hreppsnefndaroddvita og sýslunefndarmanna. Laun þeirra eru nú svo lág, að full ástæða væri til að hækka þau, jafnvel þótt ekki væru stríðstímar. Þess er vert að gæta, að eftir lögum þeim, sem nú gilda, eru laun oddvitanna sumstaðar töluvert lægri en eftir eldri lögum. Þó mun aldrei hafa verið til þess ætlast, að núgildandi lög færðu launin niður frá því, sem áður var. Samt er það svo, að nú geta oddvitalaunin komist niður í 40 kr. í einstöku hreppum. En eftir eldri lögunum voru þau 60—80 kr.

Í frv. á þgskj. 91 er farið fram á, að laun oddvita hækki í hlutfalli við fólksfjölda í hreppunum, og fæ jeg ekki skilið, að sú hækkun á launununm yfirleitt, sem fram á er farið í frv., geti þótt ósanngjörn.

Hvað viðvikur launum sýslunefndarmanna, þá er farið fram á, að þau sjeu hækkuð um þriðjung, eða úr 4 kr. upp í 6 kr. á dag. Er varla hægt að segja, að þeir sjeu ofhaldnir af því. Góða menn þarf að velja til þessara starfa, en þá má ekki borga þeim miklu minna en alment er borgað við aðra vinnu. Og þótt teknir sjeu menn, sem eiga með sig sjálfir, þá getur oft verið bagalegt fyrir þá að fara frá starfi sínu, og stundum þurfa þeir að kosta ærnu fje og fyrirhöfn til þess að komast á sýslufund. Jeg vænti því, að frv. þetta fái góðar undirtektir hjer í deildinni, og leyfi jeg mjer að leggja til, að því verði vísað til allsherjarnefndar, að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e.hlj.

Á 26. fundi í Nd., mánudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 91, 192, n. 267).

Frsm. (Einar Árnason): Allsherjarnefndin hefir athugað þetta frv. og leggur til, að það sje samþ., með lítilli viðbót.

Frv. fer fram á, að laun oddvita sjeu aukin um $^1/_3$, verði 30 aur., í stað 20 aur. áður, á höfuð hvert í hreppnum, og dagpeningar sýslunefndarmanna sömuleiðis um $^1/_3$, verði 6 kr. í stað 4 kr. Nefndinni virðist þetta mjög sanngjarnlega í málið farið.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) ber fram brtt., þar sem hann vill miða borgunina við verðlagsskrá. Nefndin hefir ekki getað fallist á þessa brtt., fyrst og fremst vegna þess, að henni finst ekki rjett að taka þessa einu stjett sjerstaklega út úr og greiða henni kaup sitt á þennan hátt, og í annan stað er þessi verðlagsskrá ekki eins rjettlát og margur hyggur. Það getur munað miklu á verði meðalálnar í hverri sýslu, jafnvel svo að nærri dregur helmingi. Svo er ekki víst, að saman fari minni störf oddvita í þeirri sýslu, þar sem lægri er meðalalin, og er þetta því ósanngjarnt og ósamrýmanlegt. Nefndin leggur því til, að brtt. verði feld.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um málið.

Bjarni Jónsson: Það er mjög rjett, sem háttv. frsm. (E. Árna.) segir, að það væri hjákátlegt að greiða þetta gjald eitt í landaurum, en þessi brtt. gæti þó gefið nefndinni tækifæri til að íhuga, hvort ekki sje rjett að breyta og ákveða landauragjald, í stað peninga, fyrir alla vinnu í hjeraðanna þarfir. Síðast er jeg fór um sveitir, ferðaðist jeg um 3 eða 4 kjördæmi, og hitti marga menn að máli. Kom öllum saman um, að starfsmenn hjeraðanna fengju óþolandi litla borgun fyrir störf sín, eftir verði peninga nú. Virtust allir sammála um, að nú sæist þess ljós vottur, að landaurareikningur bæri vott um mikla vitsmuni forfeðra vorra. Þar liggur til grundvallar sú rjetta og margsannaða hugsun, að lífsnauðsynjar eru sama sem altaf í jöfnu gildi, þ. e. þörfin fyrir fæði og klæði ætíð jöfn. Hvort þær kosta fleiri eða færri krónur fer eftir því, í hvaða verði krónan stendur. Því eru landaurar sem verðmælir bygðir á rjettri hugsun. Þarf ekki að blanda saman verðmiðli og verðmæli. Ef verðmælirinn er stöðugur, gerir ekkert til, þótt verðmiðillinn breyti gildi. Mjer stendur á sama, hvort jeg fæ 12 kr. eða 24 kr. til að kaupa einhvern hlut, ef jeg einungis get fengið hlutinn. Munurinn er einn sá, að gjaldmiðill er í mismunandi verði. Gefst nú háttv. nefnd færi á að sýna, að frændur sjeu ekki frændum verstir, og bændur ekki bændum verstir, einmitt er um gjald er að ræða fyrir þessi störf, er þeir þekkja best.

Alt þetta mál er samanhangandi, frá lægstu launum til hæstu. Launin eru misjöfn að upphæð, en mega ekki vera mismunandi frá ári til árs. Eins er þegar ræða er um skifti landssjóðs við verkamenn sína. Þar þarf að miða við eitthvað, sem breytir ekki gildi frá ári til árs, og taka fult tillit til sóma landsins.

Ef ákveða skal kaup eftir öðru en því, sem rjett er og sómasamlegt, þyrfti að fá aðra ráðsmenn fyrir það bú, sem vilja hafi að kippa í lag. Læt jeg því nú till. þessa ganga til atkv., að jeg vil sjá, hversu ráðsmenn þjóðarbúsins vilja gæta sóma húsbóndans. Jeg skal taka það fram, að ekki myndi standa á mjer til að samræma þessar greiðslur við aðrar, og fylgja frv. um að greiða alt eftir verðlagsskrá. Það er rjett, sem hv. frsm. (E. Árna.) gat um, að gallar eru á verðlagsskránni í einstökum atriðum, og skal jeg játa, að jeg hafði það ekki í huga, en átti við meðalverð allra meðalverða um land alt. En vjer hjer á þingi megum ekki tala altof hátt um, hve ónýt plögg verðlagsskrárnar sjeu. Það er nokkuð mikið sagt gagnvart þeim, er þær semja. Jeg skal ganga inn á, að hún verður skökk af því, að á henni eru vörur, sem eru ekki lengur verslunarvörur, og fleiri tegundir en þarf. Þetta gerir skekkju, en þegar

þar á móti kemur, að sumir vilja hækka, en aðrir lækka meðalverðið; þá verður meðalverð allra meðalverða ekki langt frá rjettu.

Jeg vil skjóta því til háttv. nefndar, hvort hún sjer ekki fært að samrýma það við 3. umr. og ákveða, ef unt er, landauragreiðslu fyrir öll svipuð störf í þarfir sveitarfjelaga og sýslufjelaga. Jeg ætla annars ekki að fjölyrða um landauragreiðslu yfirleitt að þessu sinni, býst við að fá tækifæri til þess síðar, þegar til umr. kemur frv. um það efni, sem jeg flyt hjer í deildinni.

Frsm. (Einar Árnason): Jeg ætla ekki að deila um það, hvort heppilegt sje að greiða laun embættis- og sýslunarmanna landsins yfirleitt eftir verðlagsskrá. Það gæti ef til vill komið til mála, ef verðlagsskrá sú, er launin yrðu reiknuð eftir, væri á rjettum grundvelli bygð. En hjer er dálítið öðru máli að gegna. Mjer skildist á háttv. þm. Dala. (B. J.), að hann ætlist til, að laun þessi verði miðuð við þá verðlagsskrá, sem gildir nú. Jeg hygg, að það verði önnur verðlagsskrá, sem lögð verður til grundvallar launum embættismanna, þegar farið verður að reikna þau í landaurum. En ef það er tilgangurinn að taka nú þegar upp þá stefnu, að reikna laun fyrir öll opinber störf í landaurum, þá kemur þetta heldur seint fram, þar sem nýlega er gengið í gegnum deildina frv. til laga um breyting á launum hreppstjóra o. fl., og þá kom þetta ekki til greina. Mjer finst því ekki nein frekari ástæða til að taka þá stefnu upp við þetta mál.

Hákon Kristófersson: Þegar jeg sá þetta frv., þá varð mjer á að velta því fyrir mjer, af hvaða toga það gæti verið spunnið. Hvort það væri borið fram eftir áskorun þingmálafunda, eða hvort það væri af innri hvöt flm. (J. J.), að hann kendi meðaumkvunar með þessum mönnum, sem frv. vill bæta launakjörin við, og vildi fara betur með þá. Mjer varð því starsýnna á frv., sem hjer er farið fram á töluverða breytingu. Þótt breytingin sýnist ekki mikil í raun og veru, þá er hún allveruleg, þegar litið er til þess, sem verið er að breyta. Hjer er farið fram á að hækka laun oddvita og sýslunefndarmanna um þriðjung. Jeg vil ekki halda því fram, að þessi hækkun sje ranglát, en jeg veit ekki til þess, að neinar kröfur hafi komið fram um það, að hún sje gerð. Laun oddvita eru nú 2 kr. fyrir hvern tug hreppsbúa. Það má að vísu segja, að það sje ekki mikil borgun. En þess ber að gæta, að oddviti er ekki bundinn við starfa sinn nema í 6 ár. Þó að þeir fái oflitla borgun fyrir starfann, þá skil jeg ekki í, að nokkur maður sjái eftir að leggja það á sig fyrir hreppsfjelag sitt að gegna störfunum þennan tíma. Jeg sje ekki betur en hækkunin komi alleina niður á sveitarfjelaginu, en efnahagur þeirra er jafnaðarlega svo þröngur, að hlífa verður þeim sem mest við útgjaldaauka. Þau eru oft svo fátæk, að þau standast ekki við háum greiðslum. Hvers vegna er þá ekki líka farið fram á að greiða meðnefndarmönnum oddvitanna í hreppsnefndinni kaup? Ef þeir geta unnið sín störf kauplaust, þá finst mjer ekki ósanngjarnt, að oddvitarnir vinni fyrir dálítið minni laun en talist getur full borgun. Jeg er ekki heldur viss um, að laun oddvita sjeu oflág; jeg held, að þeim sje allsæmilega borgað fyrir þá fyrirhöfn, sem þeir láta sveitarfjelögunum í tje, þegar þess er gætt, að þeir geta fengið borgun fyrir þær ferðir, sem þeir fara í þarfir hreppsins. Mjer virðist tæplega rjettmætt að hækka laun oddvitanna, en ganga al-

veg fram hjá hreppsnefndarmönnunum. Þeir verða einnig að leggja á sig ýmisleg störf í þarfir hreppsfjelaga sinna. Þótt skriftir lendi að vísu að mestu leyti á oddvitanum, þá vinna hinir oft töluvert mikið og fá engin laun fyrir. Og ónot og vanþakklæti, sem hreppsnefndir verða iðulega fyrir, og menn munu reyndar ekki ætlast til að bætt verði með fje, lenda ekkert frekar á oddvitanum en hinum, nema þá ef hann er eini atkvæðamaðurinn í nefndinni.

Þá er í 2. gr. frv. farið fram á að hækka dagpeninga sýslunefndarmanna. Sama er um það að segja og um laun oddvita, að mjer er ekki kunnugt um, að neinar kröfur hafi komið fram í þessa átt, og svo mikið er víst, að ekkert hefir á þeim bólað þar, sem jeg þekki til. Að vísu skal jeg játa það, að þetta er oftlítil borgun, sem þessum mönnum er ætluð, ef þeir ættu að sitja á sýslufundi um gagnsmunatíma. En jeg tel víst, að fæstir telji það eftir að sitja á sýslufundum, sem aldrei eru þó oftar en tvisvar á ári, og það á þeim tíma jafnaðarlega, sem jeg verð að álíta, að sje besti tíminn fyrir bændur til að yfirgefa heimili sín. Jeg geri ekki ráð fyrir, að neinn ljeti sig muna þessa hækkun, því að jeg tel víst, að að eins góðir og nýtir menn eigi í hlut, og margur nýtur maður lætur oft meira af hendi rakna fyrir sveitarfjelag sitt en nemur mismuni þeim í kaupgjaldi, sem hjer er farið fram á. Það er annars einkennilegt að vera að gera gangskör að því að breyta lögum, sem í það minsta engin almenn óánægja er með. En þessi breyting hlýtur að hafa frekari breytingar í för með sjer. Þegar ein báran rís, þá er önnur vís, og jeg sje það líka á öðrum frumvörpum, sem á leiðinni eru, hvert stefnir í þessu efni. Önnur vinnulaun verða hækkuð smátt og smátt; má þar t. d. benda á laun jarðamatsmannanna, sem þegar er farið fram á að hækka. Og ómögulega mun hægt að neita því, að ef jarðamatsmenn þurfa að nota sumartíma til matsins, þá er þeim lakar borgað með 5 kr. á dag en sýslunefndarmönnum með 4. Þessi straumur verður ekki stöðvaður, ef honum er eitt sinn hrundið af stað. Jeg verð því á móti frv. í heild sinni. Ekki af því, að jeg álíti, að borgunin, sem það fer fram á, sje ofhá, heldur af því, að jeg er þess vís, að enginn sýslunefndarmaður mun segja af sjer störfunum vegna oflágra launa. Jeg sje því engar ástæður til að gera breytingar, meðan engar almennar óskir eða kröfur koma fram um það. Jeg álít, að það sjeu ekki valdir til starfa þessa aðrir en þeir, er ekki gera launin að neinu aðalatriði. Hvað hreppsnefndaroddvita snertir, þá eru það alt aðrar ástæður en hve þeim er vanborgað, sem eru þess valdandi, að flestir vilja vera lausir við þær stöður, enda til þess valdir jafnaðarlega hinir betri menn, er í ýmsum tilfellum vinna margt og mikið fyrir sín sveitarfjelög án endurgjalds.

Frsm. (Einar Árnason): Jeg skal vera mjög stuttorður. Jeg skrifaði ekki hjá mjer neitt úr þessari löngu ræðu háttv. þm. Barð. (H. K.). Mjer er það nóg, að hann lýsti yfir því, að honum þættu laun oddvita og sýslunefndarmanna oflág, en að hann vildi ekki hækka þau fyr en einhver kvartaði. Háttv. þm. (H. K.) mintist á það, hverjar afleiðingar þetta gæti haft fyrir laun opinberra starfsmanna yfirleitt. »Þegar ein báran rís, þá er önnur vís«, sagði hann. En hann hefir orðið helst til síðbær með þessa varkárni. Launahækkun hreppstjóra er nú afgreidd frá deildinni, og mig minnir ekki betur en að háttv. þm. Barð. (H. K.) fylgdi því máli nokkuð eindregið fram. En nú

getur hann ekki unnað oddvitunum hins sama. Jeg geri ekki ráð fyrir, að þetta standi í neinu sambandi við það, að háttv. þm. (H. K.) er hreppstjóri, en ekki oddviti. Jeg þekki nokkuð inn á störf oddvita og veit, að þau eru bæði ónæðissöm, vanþakklát og erfið. Það er ekkert ósanngjarnt, að þeim sje borgað sæmilega fyrir það. Þótt öðrum hreppsnefndarmönnum sje ekkert greitt fyrir starfa sinn, þá er þar öðru máli að gegna, því að það er alveg víst, að langmestur hluti nefndarstarfanna lendir á oddvitanum. Má t. d. nefna allar fjárheimtur, sem oft getur verið ærið umfangsmikið starf, og yfir höfuð allar framkvæmdir verður oddvitinn að annast.

Þá virtist mjer háttv. þm. (H. K.) þykja borgun til sýslunefndarmanna vera nóg, og að ekki gerði mikið til, þótt þeir yrðu að borga úr sínum eigin vasa fyrir sveitarfjelögin. Jeg þekki þess dæmi, að sýslunefndarmenn hafa orðið að borga fyrir fæði og húsnæði alt að 6 kr. á dag meðan sýslufundur stóð yfir, og auk þess ferðakostnað heim til sín, fleiri tugi kr., úr eigin vasa. Mjer finst ekkert rjettlæti vera í þessu, og mig stórfurðar á því, að háttv. þm. Barð. (H. K.) skuli telja sanngjarnt að bjóða nokkrum manni þetta. Mjer finst það hreinasta óhæfa.

Hákon Kristófersson: Háttv. frsm. (E. Árna.) sagði, að jeg hefði lýst yfir því, að mjer þættu laun oddvitanna oflág, en vildi samt ekki, að þau væru hækkuð. Jeg sagði ekki, að mjer þættu launin oflág, heldur að jeg vildi engan dóm á það leggja, hvort svo væri eða ekki, og að engin ástæða væri til að hækka laun þeirra, í samanburði við aðra hreppsnefndarmenn, sem ekki fá neitt fyrir starfa sinn. Jeg sagði enn fremur, að jeg hefði ekki heyrt neinar kvartanir frá oddvitum um, að launin væru oflág. Þótt oddvitarnir hafi aðalstörfin á höndum, þá hvílir samt mikið á hinum hreppsnefndarmönnunum, þar sem jeg þekki til. Háttv. frsm. (E. Árna.) benti á, að oddvitar hefðu innheimtuna á hendi, og að það yki mjög á starf þeirra. Það þarf ekki endilega að vera. Þeir geta látið nefndarmennina annast um innheimtu að nokkru eða öllu leyti. Sumstaðar eru oddvita líka borguð sjerstök innheimtulaun, 4% af því, sem hann innheimtir. (**E. Árna.:** Það er á móti lögunum). Það er ekkert á móti lögum, ef það er samþ. á hreppsfundi. Og af því getur oddviti haft talsverðar tekjur, þar sem mikið er að innheimta.

Þá er það um sýslunefndarmennina. Jeg veit, að það getur verið nokkuð misjafnt, hverju þeir þurfi að kosta til. Háttv. frsm. (E. Árna.) sagði um einn sýslunefndarmann, að hann hefði orðið að borga 6 kr. á dag og 30 kr. í ferðakostnað hvora leið. Mjer er þetta alveg óskiljanlegt. Jeg veit ekki, hvar það getur verið á þessu landi, sem svo langt er að sækja á sýslufund, að ferðakostnaður geti verið neitt nálægt þessu, nema ef kaupa þarf flutning á sjó. En fyrir slík einstök tilfelli er ómögulegt að synda, enda varla hægt að gera ráð fyrir, að þau þurfi að koma fyrir. Og að borga með sjer 6 kr. á dag er alveg óþekkjanlegt á úthjeruðum. (**E. Árna:** Þetta var ekki »á úthjeraði«). Jæja, jeg á við úti um land. Það gæti kann ske komið fyrir hjer í Reykjavík, en varla nokkursstaðar annarsstaðar. Ekki svo að skilja, að jeg efist neitt um sannsögli háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.). En hjer hlýtur að vera að ræða um alveg sjerstakt tilfelli, sem ómögulegt er að taka tillit til.

Þá drap háttv. frsm. (E. Árna.) á það, að jeg hefði fylgt fram launahækkun

hreppstjóra, en kvaðst þó ekki vilja setja það í neitt samband við það, að jeg væri hreppstjóri, en ekki oddviti. Það var mjög nærgætnislega sagt af honum. En jeg verð að játa það, að jeg álít það miklu ábyrgðarmeiri störf, sem hvíla á hreppstjórunum, heldur en á oddvitunum, og því meiri ástæða til að launa þá. Jeg hefi líka sjálfur verið oddviti og fann aldrei til þess, að jeg hefði oflítil laun. Að jeg hefi viljað vera laus við þann starfa kemur af öðru en að starfið sje vanborgað. Og jeg er þó að minsta kosti sýslunefndarmaður og vinn því að nokkru leyti á móti sjálfum mjer, með því að mótmæla þessu frv. (**E. Árna.**: Á að kjósa í vor?). Nei, það á ekki að kjósa í vor, og þótt það ætti að kjósa, þá hefði jeg góða von um að verða kosinn aftur, hvernig sem jeg snerist við þessu máli hjer. Háttv. 2. þm. Eyf. (E Árna.) þarf ekki að halda, að jeg sje svo lítilfjörlegur, að jeg sje að veiða mjer atkvæði, hvorki með þessu nje öðru. Jeg þarf þess ekki. Jeg get ekki heldur skilið, að hægt sje að segja, að neinnar eigingirni gæti hjá mjer í þessum launamálum. Jeg vildi heldur ekkert láta hækka laun hreppstjóranna, heldur að eins jafna þau. Frumvarp það kom frá stjórninni. Jeg mundi aldrei hafa gerst flutningsmaður að því. En úr því að það var komið fram, og jeg sá fram á, að það mundi verða samþykt, vildi jeg koma að sanngjörnum breytingum; brtt. mín við það frv. fór að eins í þá átt að jafna launin, þ. e. draga úr mismuni þeim, sem gerður var á hreppstjóralaunum í frumvarpinu, og jeg held, að það hafi verið fyllilega rjettmætt.

Þórarinn Jónsson: Jeg ætla mjer ekki að lengja umræður mikið, að eins drepa á fáein atriði.

Háttv. þm. Barð. (H. K.) sýndi fram á það, og það með rjettu, að það væri rjettlætiskrafa fyrir þessari breytingu. Launin væru óhæfilega lág og það þyrfti að bæta þau upp. En sami þm. (H. K.) benti á, í sambandi við þetta, að sumir sveitarsjóðir væru svo fátækir, að þeir »standi sig ekki við« að bæta við launin. Það er alveg rjett, að flest sveitarfjelög eru fátæk. En það er ekki sagt, að sveitarsjóður tapi neitt á því að greiða oddvitanum hæfileg laun. Þessi lágu laun, sem nú eru greidd, valda því, að oddvitaskifti eru mjög tíð, og þótt nýtur maður fáist í þá stöðu, þá tapast hann strax aftur. Það er áreiðanlega tap fyrir hreppsfjelagið. Enda veit jeg til þess, að sumir hreppar hafa greitt nýtum oddvitum meira en tilsett er, til þess að geta haldið þeim. Störf oddvitans fara stöðugt vaxandi, og kostnaður ávalt nokkur við starfsemi hans. Aðrir hreppsnefndarmenn þurfa miklu minna á sig að leggja og tiltölulega lítlu til að kosta. Þeir þurfa að vísu að sitja á hreppsnefndarfundum, að minsta kosti tvisvar á ári, og eyða þannig tíma til þess, en það, sem þeir þurfa að borga fyrir greiða meðan á fundinum stendur, fá þeir vanalegast borgað úr sveitarsjóði. Ekki er heldur hægt að líkja störfum oddvitans við störf hreppstjórans. Starf oddvitans er miklu meira. Þetta er, sem sagt, rjettlætiskrafa, sem frv. fer fram á, en alt um það geri jeg það ekki að neinu kappsmáli, því að það veltur ekki á svo miklu.

ATKVGR.

Brtt. 192, 1. feld í e. hlj.

— 267. samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með öllum gr. atkv. gegn 2.

— 192, 2. sjálffallin.
2. og 3. gr. samþ. með öllum gr. atkv. gegn 2.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með öllum gr. atkv. gegn 1.

Á 28. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. ágúst. var frv. tekið til 3. umr. (A. 330, 349).

Frsm. (Einar Árnason): Jeg stend upp til að minnast á brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), á þgskj. 349. Hún er þess efnis, að í staðinn fyrir 6 kr. fæðispeninga og ferðakostnað á dag handa hverjum sýslunefndarmanni, komi 5 kr. Nefndin, sem mál þetta hefir til meðferðar, hefir athugað tillöguna og leggur til, að hún sje feld, því að hún telur 6 kr. borgun eftir öllum atvikum hæfilega.

Sveinn Ólafsson: Það er ekki hægt að telja það neina stórbreytingu, sem jeg ber hjer fram, en hún lýtur þó að sparnaði, því að hún mundi geta sparað hverju hreppsfjelagi hátt upp í 100 kr., í samanburði við það, sem frv. ætlast til. En alls mundi aukning sýslusjóðsgjaldsins nema á annað hundrað krónur fyrir hvern hrepp, verði frv. samþykt óbreytt.

Má vera, að með sanni megi segja, að sýslunefndarmönnum verði vangoldið, í samanburði við ýmsa aðra, fái þeir eigi nema 5 kr. á dag. En þar er þó tvenns að gæta. Störf þeirra falla að jafnaði á vetrartímann, og í öðru lagi hefir mjer fundist, að hreppunum þætti fullerfitt að inna af hendi sýslusjóðsgjald sitt, eins og það er nú, og hvað mundi þá verða, ef það hækkaði að miklum mun, og jeg er ekki viss um, að þeir mundu taka því þakksamlega, að sýslusjóðsgjöld væru hækkuð á þeim að þeim fornspurðum og að óþörfu, en að óþörfu tel jeg það gert, þar sem jeg veit ekki til, að farið hafi verið fram á hækkun á nokkrum þingmálafundi.

En það var ekki eingöngu tillit til aukins kostnaðar, sem kom mjer til þess að bera fram brtt. Það er önnur hlið málsins, sem mjer finst ekki minna um vert. Hjer er gengið inn á þá braut, sem mjer finst alt annað en viðfeldin, þá braut, að fækka þeim störfum, sem hingað til hafa verið unnin kauplaust eða kauplítið fyrir sveitarfjelögin, og þar af leiðandi fyrir þjóðfjelagið, og farið að launa þau fullum launum.

Mjer finst hjer oflangt gengið í smámunalegri heimtufrekju og auragræðgi smeygt inn fyrir ósjerplægni. Mjer finst þetta líkt því, sem verið sje að ráðast á hina alkunnu íslensku gestrisni, sem ekki vildi heyra nefnt gjald fyrir greiða. Þótt svo kunni að vera, að einhver sýslunefndarmaður hafi ekki sloppið alveg skaðlaus við einhverja sýslufundarferð, þá er það ekki nægilegt tilefni til að fara að hækka alment kaup sýslunefndarmanna fyrir það svona freklega. Jeg verð að halda því fram, að dagkaup það, sem brtt. ætlar sýslunefndarmönnum, sje yfirleitt sómasamlegt, og að 5 kr. á dag muni að jafnaði nægja þeim að vetrarlagi.

Jeg hefði helst kosið, að frv. hefði alls ekki komið fram. En úr því að það nú hefir verið flutt inn á þing, þá hefi jeg neyðst til að bera fram brtt. þessa, þótt í óþökk flutningsmanna sje. Því er svo varið með þetta frumvarp, eins og fleiri af líku tægi, sem nú er fleygt hjer inn, — svo sem frv. um kauphækkun hreppstjóra — að þau eru allsendis óþörf og ekki heimtuð af starfsmönnunum sjálfum. Þau eru bergmál af þeim sífelda jarmi um launabætur, sem á æðri stöðum hljómar, og lýsa beiningamannsins hugsunarhætti, sem ekki vill hreyfa

hönd eða fót nema fyrir hæsta gjald. Slíkir menn fórna eigi heldur miklu í þarfir hjeraða sinna eða sveita.

Jeg læt mjer það að vísu í ljettu rúmi liggja, hvort brtt. mín verður samþykt eða ekki, en jeg álít þó, að fylsta ástæða hafi verið til að koma fram með hana, og að hana eigi að samþykkja.

Magnús Guðmundsson: Jeg ætla að leyfa mjer að gera fyrirspurn til háttv. 1. S.-M. (Sv. Ó.) um, hvernig hann hafi reiknað út, að með þessari hækkun á kaupi sýslunefndarmanna hækkuðu útgjöld hreppsins um 100—200 kr. á ári. Jeg skil ekki, hvernig hann hefir fengið það út, því að sýslufundir standa vanalega ekki nema 6—7 daga, og með 1 kr. hækkun á dag getur árshækkunin í krónutali orðið jöfn dagatölunni, sem sje 6—7 kr. á hvern hrepp á ári, auk ferðadaga, sem eru mismunandi. Þessi reikningur 1. þm. S. M. (Sv. Ó.) er því ekki bygður á neinu nema bláberum miskilningi.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal kannast við, að jeg gerði ekki ítarlega grein fyrir því, hvernig jeg fekk út þennan 100 kr. kostnað, enda voru heldur engar skýrslur fyrirliggjandi um lengd sýslufunda. (**M. G.:** Maður þekkir það.) Jeg veit dæmi þess, að sýslufundir hafa staðið yfir í $^1/_2$ mánuð. Auk þess þarf löng ferðalög í sumum sýslum, og taka þau ef til vill fleiri daga, og stígur því þessi kostnaður þá að sama skapi. Þessar 100 kr. voru að vísu ágiskun hjá mjer, en jeg hygg, að það fari ekki fjarri sanni. Að sýslufundir standi ekki yfir nema í viku þekki jeg ekki dæmi til; en enda þótt kostnaðurinn yrði minni, er þó samt sem áður að ræða um aðalástæðuna, sem jeg gat um áðan.

Frsm. (Einar Árnason): Jeg skal ekki lengja umr. mikið. Það er skoðun margra, og hún styðst við rök, að sýslunefndarmenn skaðist á því að fá ekki nema 4 kr. á dag og verði að borga úr eigin vasa nokkuð af kostnaðinum við starf sitt.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hjelt því fram, að ekki mætti íþyngja sveitarsjóðum um of, og er það rjett, en ætli það sje þó ekki rjettara að íþyngja sveitarsjóðum en einstökum mönnum? Hvað miklu þetta nemur fyrir hreppana ætla jeg ekki að koma með ásætlanir um, því að það hefir háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) þegar gert, en jeg geri ráð fyrir, að eftir því sem dagarnir eru fleiri, því verra verði það fyrir sýslunefndarmennina, ef þeir hafa persónulegan skaða af starfa sínum.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) taldi það illa farið, að menn vildu nú orðið ekki vinna í þarfir sveitarfjelags síns fyrir lítið eða ekki neitt. Þótt kaup sýslunefndarmanna verði hækkað, býst jeg við, að það verði langt frá, að þeir menn hætti að vinna í þarfir sveitarinnar fyrir lítið eða ekkert. Í hverju sveitarfjelagi eru margskonar störf, sem ekkert er borgað fyrir, og oftast lenda þau á einstaka mönnum, og þá ekki altaf þeim, sem helst þola það efnalega að fara að heiman og vera að heiman fyrir ekki neitt. Jeg get því ekki fallist á, að sú regla sje úr gildi fallin, að menn starfi með ósjerplægni í þarfir sveitarinnar, og jeg get ekki heldur fallist á, að það sje neinn beiningamannshugsunarháttur, þótt menn vilji fá sanngjarnt kaup fyrir vinnu sína. Og óviðeigandi tel jeg það að vilja láta þjóðfjelagið níðast á einstaka mönnum.

Magnús Guðmundsson: Jeg var ekki á því hreina með, hvort háttv. 1.

þm. S.-M. (Sv. Ó.) viðurkendi, að það væri rjett hjá mjer, að hreppana munaði þetta ekki nema 1 kr. á dag. (**Sv. Ó.:** Setjum sýslu fyrir hrepp). Þá hefir háttv. þm. (Sv. Ó.) sagt annað en hann meinti, og það skiftir ekki litlu, hvort átt er við hreppa eða sýslur, því að hreppar eru um 200 á landinu, en sýslur ekki 20.

Jón Jónsson: Af því að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) er ekki kunnugt um, að þjóðaróskir standi bak við þessa hækkun, vil jeg benda á það, að þegar ákveðið var hjer á þingi kaup sýslunefndarmanna, var ekki spurt um þjóðaróskir. Jeg hygg, að þingið verði að fara eftir eigin vilja í þessu efni, án þess að bera það undir þjóðarviljann. Þessar mótbárur eru því alveg ástæðulausar. Það á að vera regla þingsins, eins og háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) tók fram, að ætla starfsmönnum hins opinbera sómasamlega borgun fyrir verk sín. Það er ósæmilegt að ætlast til þess, að menn fari að vinna fyrir aðra sjálfum sjer í skaða. Vitanlega má spenna bogann ofhátt með þetta, en það er ekki gert í þessu frv. Það er ógnarlega leiðinlegt að heyra menn tala um beiningamannshugsunarhátt í þessu sambandi; mjer finst það miklu fremur bera vott um betlara eða nurlarahugsunarhátt hjá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) að setja fyrir sig, hvort sýslunefndarmönnum er borgað 1 kr. meira eða minna á dag. Hann og allir aðrir ættu að vita, að það er orðið svo dýrt að fara að heiman og vera að heiman, að 6 kr. á dag er ekki einu sinni nóg til, að menn sjeu skaðlausir. Háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) hefir þegar hrakið, að kostnaðurinn, sem af þessari hækkun leiðir, sje svo mikið fje eins háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) vildi halda fram. Það eru að vísu stundum langir sýslufundir í Suður-Múlasýslu, en jeg veit, að í Norður-Múlasýslu eru sýslufundarmenn ekki lengur frá heimili sínu en 8—10 daga, en þá getur þessi hækkun ekki numið meiru fyrir hreppinn á ári en hjer um bil 20 kr., og það ætti enginn hreppur að þurfa að setja fyrir sig. Yfir höfuð finst mjer það eiga að vera regla þingsins að skera ekki um of við neglur sjer og borga svo vel, að sómasamlegt geti talist. (**H. K.:** Það er það líka á venjulegum tíma.)

ATKVGR.

Brtt. 349. ofseint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 349. feld með 15:5 atkv.

Frv. samþ. með öllum gr. atkv. gegn 2 og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., fimtudaginn 9. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 43, 10. nóv. 1905, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 364).

Á 28. fundi í Ed., laugardaginn 11. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Halldór Steinsson: Jeg leyfi mjer að leggja til, að málinu sje, að lokinni þessari umr., vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1607) með 13. shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., laugardaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 364, n. 477).

Framsm. (Magnús Torfason): Nefndin hefir leyft sjer að gera brtt. við 2. málslið 1. gr. frv. Sú brtt. fer í þá átt að færa oddvitalaunin til sams vegar og ákvæðin eru um hreppstjóra, þannig að þau takmarkist einungis af mannfjöldanum. Að öðru leyti hygg jeg þarflaust að fara um þetta fleirum orðum, því að ástæðurnar, sem færðar eru fyrir þessu í nefndarálitinu, munu nægja.

Guðmundur Ólafsson: Það mun ekki vera þakklátt verk að hafa á móti launahækkunum í þessari háttv. deild, en jeg get þó ekki stilt mig um að geta þess, að mjer virðist ekki brýn þörf á að hækka laun sýslunefndarmanna. Hækkunin er að vísu ekki mikil, en nemur þó $^1/_3$. Hins vegar er jeg alveg sammála háttv. nefnd um það, að nauðsynlegt sje að hækka laun oddvita; um þá er alt öðru máli að gegna. Þeir hafa miklu verki að sinna, og það er illa borgað. En um laun sýslunefndarmanna er það að segja, að þótt þau sjeu að vísu ekki mikil, þá hygg jeg, að þeir þurfi naumast að eyða meiru, af því að fundir eru altaf haldnir að vetrarlagi. Mjer finst því litlu skifta, þótt þá sje ekki um verulegt kaup að ræða, því að menn eru óvanir því að fá mikið fyrir ómök sín um þann tíma árs. Mönnum kann að virðast, að þetta skifti ekki miklu máli, en mjer er kunnugt um, að tekjur sýslusjóða eru víðast hvar svo litlar, að þeir eru naumast færir um að gjalda þetta, eða hafa að minsta kosti margt þarfara við þær að gera. Jeg get þess t. d., að í Austur-Húnavatnssýslu nemur öll upphæðin, ef þessi brtt. nær fram að ganga, um 200 kr. á ári. Jeg treysti mjer því ekki til að greiða atkv. með 2. gr. frv., en er ánægður með 1. gr.

Framsm. (Magnús Torfason): Mjer þykir vænt um að heyra, að háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) er ánægður með 1. gr. frv. En að því er snertir þessa þóknun yfirleitt, þá er það um hana að segja, að venja hefir verið að níðast sjerstaklega á alþýðumönnum, sem gegnt hafa opinberum störfum. Nauðsyn ber til að kippa þessu í lag, því að hætta getur af því stafað fyrir sveitarfjelögin. Sjerstaklega skiftir það miklu máli, að ekki sje ofoft skift um oddvita. Við, sem höfum verið sýslunefndaroddvitar áratugum saman, vitum, hvað það getur oft valdið mikilli óreiðu og ringulreið og staðið áhugamálum sveitarfjelaganna ónotalega fyrir þrifum.

ATKVGR.

Brtt. 477. samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9:1 atkv.
3. — — — 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 22. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 524).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 23. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 43, 10. nóv. 1905,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 585).

Á 51. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 585, n. 755).

Frsm. (Einar Árnason): Þetta frv. er komið aftur frá háttv. Ed., með þeirri breytingu, að afnumið er hámark oddvitalaunanna. Allsherjarnefnd þessarar deildar sjer ekki ástæðu til að gera ágreining út af þessu atriði, og leggur því til, að frv. verði samþ., eins og það er nú.

ATKVGR.

Frv. samþ. með öllum gr. atkv. gegn 1 og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 788).

35. Mjólkursala í Reykjavík.

Á 13. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um mjólkursölu í Reykjavík (A. 94).

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. júlí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Einar Arnórsson): Það er óþarft að gera langa grein fyrir þessu frv.; það hefir þegar verið rætt í sambandi við mál það, er síðast var á dagskrá (einkasöluheimild mjólkur).

Ástæðan fyrir þessu frv. er sú, að gildandi lög vantar, er heimili bæjarstjórn að setja reglur um mjólkursölu í bænum. Jeg get nefnt t. d., að það hefir verið talið fullkomlega frjálst hverjum manni að selja brauð og mjólk, án þess að sá eða sú þyrfti að kaupa borgarabrjef. Þetta eru óskrifuð lög, sem gilt hafa allan aldur bæjarins. Reyndar stendur í mjólkurreglugerð bæjarins, að þeir, sem selja vilji mjólk, skuli sækja um það til lögreglustjóra. En þetta hefir verið skilið svo, að þeir þyrftu að eins að tilkynna honum það; þar með væri þeim salan frjáls. En þar sem nú þessi óskrifuðu lög eru fyrir hendi — mjer vitanlega er ekkert um þetta í lögum — þá leiðir af því, að þótt bæjarstjórn svifti einhvern mjólkursölu, þá mundi hann vinna mál sitt fyrir dómstólum, ef til máls kæmi. Fyrir því er hjer farið fram á að veita stjórnarvöldunum löglega heimild í þessa átt.

Í frv. eru sett ýms ákvæði, sem girða fyrir allan vafa um vald bæjarstjórnar og stjórnarráðs, en ekki hlýðir nú að gera nánari grein þeirra.

Með því að frv. er komið frá nefnd, má gera ráð fyrir, að það geti gengið leið sína nefndarlaust.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg gat þess áðan, að þótt jeg væri ekki alls kostar ánægður með þetta frv., þá þætti mjer það samt að ýmsu leyti til bóta. En við einstakar greinar þess, sem mjer þykja athugaverðar, geri jeg ef til vill brtt. við 2. umr.

Frsm. (Einar Arnórsson): Fyrir mína og nefndarinnar hönd get jeg lýst yfir því, að vjer munum taka öllum bendingum háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) með þökkum, og væri oss geðfeldast, að háttv. þm. (J. B.) vildi bera sig saman við oss um væntanlegar brtt. sínar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e.hlj.

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 94).
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 21. fundi í Nd., þriðjudaginn 31. júlí, var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. í e.hlj.
2.—9. gr. samþ. í e.hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e.hlj.

Á 24. fundi í Nd., föstudaginn 3. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 94).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e.hlj. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 4. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um mjólkursölu í Reykjavík,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 288).
Á 23. fundi í Ed., mánudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Halldór Steinsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að málinu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til allsherjarnefndar.

Hannes Hafstein: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að málinu sje vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1607) með 7:6 atkv.

Á 33. fundi í Ed., föstudaginn 17. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 288, n. 460).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg hefi engu við að bæta það, sem segir í áliti nefndarinnar og prentað er á þgskj. 460, enda vænti jeg, að háttv. þingdeildarmenn hafi kynt sjer það.
Nefndin er samdóma um það, að nauðsyn sje á því, að bæjarstjórn Reykjavíkur sje gefin heimild til þess að hafa eftirlit með gæðum mjólkur og rjóma, sem selt er hjer, og mælir nefndin því með, að frv. verði samþ.
Nefndin ber fram nokkrar breytingar á frv., en þær geta ekki talist efnisbreytingar.
Eins og sjest af 1. málsgr. 1. gr. er hjer að ræða um heimildarlög til handa bæjarstjórn Reykjavíkur, en 2. málsgr. 1. greinar segir afdráttarlaust: »Enginn má« standa fyrir sölu. Hjer er lagt lagabann fyrir því, að aðrir megi mjólk selja en þeir, sem hafa leyfi heilbrigðisnefndar. Þetta vill nefndin laga og setja í samræmi við lögin, sem heimila að eins bæjarstjórninni að banna það. Um þetta er fyrsta brtt. nefndarinnar.
Í öðru lagi leggjum við til, að 3. og 4. grein verði færðar saman í eina grein. Þær eru báðar um sama efni. Nefndinni þótti það ofiangt gengið að banna neyslu mjólkur á veitingastöðum,

og hefir því felt það niður. Eftir orðalagi greinarinnar mætti líta svo á, sem þeim, er mat kaupa á veitingastöðum, væri óheimilt að drekka mjólk með matnum. Í 4. gr. frv. er heimilað að banna að nota mjólk eða rjóma í kökur eða til sælgætis. Nefndinni þótti hjer fulllangt farið, og vill láta sjer nægja að heimila að banna að nota mjólk eða rjóma til sælgætis.

Jeg vænti þess, að háttv. deild samþ. frv. þetta.

ATKVGR.

Brtt. 460, 1. samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 460, 2. (ný 3. gr., í stað 3. og 4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 460, 3. samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt (verður 4. gr.), samþ. með 11 shlj. atkv.
6.—9. gr. (verða 5.—8. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 511).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 22. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um mjólkursölu í Reykjavík,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 558).

Á 44. fundi í Nd, mánudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til einnar umr. (A. 558, n, 598).

Frsm. (Einar Arnórsson): Hv. Ed. hefir gert eina efnisbreytingu á þessu frv, sem allsherjarnefnd Nd. getur ekki fallist á. Í frv., eins og það fór hjeðan úr deildinni, var bæjarstjórn Reykjavíkur heimilað að banna alla sölu á mjólk á veitingastöðum og kaffihúsum. Þessa heimild vill hv. Ed. fella í burt. En allsherjarnefnd Nd. leyfir sjer að bera fram brtt., á þgskj. 598, um að taka þetta ákvæði aftur upp í lögin. Vona jeg, að háttv. Nd. líti á málið á sama hátt og allsherjarnefnd gerði.

ATKVGR.

Brtt. 598, a. og b. samþ. í e.hlj.

Frv., svo breytt, samþ. í e.hlj., og endursent Ed.

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 28. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um mjólkursölu í Reykjavík,

eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 657).

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 31. ágúst, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg vil að eins lýsa yfir því, að nefndin hefir fallist á að ráða háttv. deild til að samþ. frv. óbreytt, eins og það kom frá háttv. Nd. Þar hefir verið gerð ofurlítil breyting á frv, sem nefndin getur verið samþykk.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv., og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 740).

---

36. Bifreiðar.

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 19. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 21, 2. nóv. 1914, um notkun bifreiða, og viðauka við sömu lög (A. 102).

Á 18. fundi í Nd, fimtudaginn 26. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Arnórsson): Þetta er stutt frv., um breytingu á bifreiðalögunum. Jeg býst ekki við, að þörf sje á að hafa mörg orð um það nú, því að það er gerð grein fyrir frv. í athugasemdum við það.

Reynslan hefir sýnt það, að bifreiðar aka ofhart þar sem þjettbýli er mikið. Bæði er það, að vegir eru ekki svo góðir sem skyldi, og auk þess eru oft börn á götunni, því að sem stendur er t. d. hjer í Reykjavík enginn staður annar, sem þau geta hafst við á úti.

Þá er önnur breytingin samkvæmt frumvarpinu, að bifreiðarnar skuli aka eftir föstum taxta. Það er orðin trú manna á þessu landi, að bifreiðastjórar taki æði hátt gjald af þeim, sem bifreiðarnar nota, og því er farið fram á að koma á föstum gjaldskrám, í líkingu við það, sem er hjá öðrum þjóðum. Jeg skal ekkert fullyrða um það, hvort orðrómurinn, sem jeg mintist á, er rjettur. En þótt svo sje ekki, þá er sjálfsagt að breyta þessu svo, að ekkert handahóf geti átt sjer stað.

Jeg skal svo ekki segja meira að sinni, að eins geta þess, að enn vantar eitt atriði inn í frv., og mun jeg koma með viðaukatillögu um það við aðra umr.

Jeg óska, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar, að þessari umræðu lokinni.

Pjetur Þórðarson: Jeg vildi taka það strax fram, að jeg er mótfallinn þessu frv. Jeg held, að það sje í aðalatriðinu ekki á rökum bygt, og á jeg þar einkum við hraðann. Jeg held, að það sje altof langt farið að takmarka hraðann, sem bifreiðarnar mega hafa, við 10 km. á klst. Það er ekki meiri hraði en svo, að fullfriskur maður getur vel komist þessa leið gangandi á sama tíma. Það sem veldur því, að mönnum finnast bifreiðarnar fara ofhart, mun vera það, að eftirlitið með því, að þær aki ekki nema 15 km. á klst., er ekki nægilegt, en ekki hitt, að það sje ofmikill hraði í sjálfu sjer, og það sýnist mjer geta verið varhugavert að takmarka hraðann ofmikið. Jeg skal nefna til dæmis, að um daginn þurfti jeg að bregða mjer upp á Laugaveg, og varð að vera kominn hingað niður eftir aftur eftir örskamman tíma. Jeg fór þetta á bifreið og náði í tæka tíð. En það er jeg viss um að jeg hefði ekki getað, hefði hraðinn ekki mátt vera meiri en 10 km. á klst. Jeg mun því með atkvæði mínu reyna til að koma í veg fyrir það, að þetta ákvæði verði að lögum.

Í öðru lagi, að því er kemur til ákvæða frv. um mæla, þá býst jeg við, að erfitt verði að fá þá, eða jafnvel alveg ókleift, og getur því farið svo, að þessi ákvæði girði algerlega fyrir notkun bifreiða, ef þeir verða ekki fengnir fyrir þann tíma, sem frv ákveður. Svo að jeg held, að ekki sje nauðsyn á, og jafnvel heldur lakara, að frv. nái fram

að ganga. Jeg treysti mjer ekki til þess að fullyrða, að ekki megi ráða bót á þessu með mælana, en hinu verð jeg að halda fast fram, að það sje ótækt að minka hraðann.

Ef málið gengur lengra, mætti koma að bendingu um það að fá þá mæla, sem frv. getur um, eða að bifreiðum verði veitt hjálp til þess að útvega þá.

Enn fremur skal jeg taka það fram, út af gjaldskránni, að mjer virðist ekki gert ráð fyrir því í frv., að þeir, sem hjer eiga mestan hlut að máli, geti haft nokkur áhrif á hana, og það finst mjer ekki alveg sanngjarnt, þótt jeg beri ekki brigður á, að stjórnarráðið mundi gæta allrar sannsýni.

Í einu orði að segja, er jeg frv. yfirleitt mótfallinn.

Sigurður Sigurðsson: Það er næstum auðheyrt á háttv. þm. Mýra. (P. Þ.), að hann muni líklega vera gerður út af einhverju bifreiðafjelaginu hjer, til þess að hefta framgang þessa frv. Jeg þarf ekki að svara honum; háttv. flm. (E. A.) mun einfær um það.

Jeg er þakklátur háttv. flm. (E. A.) fyrir þetta frv. En ástæðan til þess, að jeg kvaddi mjer hljóðs, er sú, að jeg vildi beina því til háttv. flm. (E. A.) og væntanlegrar nefndar, hvort ekki mundi fært að ganga lengra en frv. gerir í þá átt að gera takmarkanir í notkun bifreiða. Fyrst og fremst vakir það fyrir mjer, hvort ekki mundi unt að takmarka tímann, sem bifreiðar eru á gangi fram eftir nóttu hjer í bænum. Það er alkunnugt, að hjer í bæ eru bifreiðar á ferð fram eftir allri nóttu, einkum á laugardagskvöldum og sunnudagskvöldum, og valda með því skarkala fyrir þá, sem sofa. Auk þess eru þessar næturferðir sjaldnast til fjár fyrir notendurna; þær munu oftast vera skemtiferðir fólks, sem stundum ver sínum síðasta eyri á þennan hátt. Þetta þætti mjer ástæða til að væri athugað.

Í annan stað er það, að á þingi 1914, þegar fyrst kom fram frv. það um notkun bifreiða, sem nú er lög, þá var það tillaga mín, að takmörkuð væri umferð bifreiðanna á vegum, t. d. að þeim væri eigi leyft að fara veginn austur í sýslur, nema á ákveðnum dögum; en sú tillaga hafði þá ekki fylgi, jafnvel þótt hún hefði við rök að styðjast. Jeg er enn þeirrar skoðunar, að rjettast sje að takmarka notkun bifreiða að þessu leyti. En samt geri jeg það ekki að kappsmáli; hitt þykir mjer liggja nær að takmarka næturferðirnar, t. d. svo, að bifreiðum sje bannað að vera á ferð í bæjum eftir kl. 10—11, nema þær komi annarsstaðar að.

Jeg vil enn fremur minna á það, að á þingmálafundum í Árnessýslu var því hreyft að leggja skatt á bifreiðar. Þótt jeg geri þetta ekki að beinni tillögu, vildi jeg þó gjarnan, að athugað væri, hvort þetta þætti kleift. Það er grunur sumra manna, að bifreiðaeigendurnir græði allmikið á þeim; það segja að minsta kosti þeir, sem standa utan við og á horfa. Þar á móti segja eigendurnir, að áhöld sjeu um það, að bifreiðarnar beri sig. En upp úr umsögn þeirra legg jeg ekki svo mikið, og yfirleitt er ekki gott um þetta að segja, nema reikningarnir sæjust. En hitt er áreiðanlegt, að hjer er um »luxus«-áhald að ræða, sem eigendurnir græða á og hafa sjer til skemtunar. Þess vegna má segja, að hjer sje um rjettlátan tekjustofn undir skatt að ræða.

En jeg vil í þessu sambandi benda á það, að bifreiðarnar fara illa með vegina. Síðan bifreiðar byrjuðu hjer þurfa vegirnir meira viðhald. Einkum eru trjebrýr á vegum altaf að bila. Þetta kemur hart niður, sjerstaklega á austursýslunum, sem kosta viðhald veganna.

Þá hefi jeg drepið á þau atriði, sem jeg vildi mælast til, að háttv. flm. (E. A.) og væntanleg nefnd tækju til yfirvegunar.

Flm. (Einar Arnórsson): Jeg bjóst ekki við, að þetta litla frv. mundi sæta þeirri mótspyrnu, sem það hefir orðið fyrir frá háttv. þm. Mýra. (P. Þ.), og ekki hafa mótbárur hans sannfært mig um það, að frv. væri ótímabært. Jeg hefi borið frv. undir lögreglustjórann hjer, og er hann því samþykkur og telur frv. þarft. Jeg veit enn fremur um hugi margra manna hjer í bæ, og flestra manna mál er það, að altof mikill ökuhraði sje á bifreiðum í bæ, þar sem líkt hagar til og hjer í Reykjavík.

Háttv. þm. Mýra. (P. J.) sagði, að 10 km. hraði væri oflágt takmark. Það er rjett, að það er oflítill hraði, ef hann mætti hvergi meiri vera, en nú á þetta ákvæði að eins við um kaupstaðina og ámóta þjettbýli, en annarsstaðar er bifreiðunum heimilaður 35 km. hraði á klukkustund. Hann taldi mega ganga 10 km. á klukkustund. Jeg skal nú ekki segja um það, hversu mikill göngugarpur háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) er, en taka mundi jeg nærri mjer að ganga þá leið, sem því svarar, t. d. úr Reykjavík upp að Baldurshaga, sem láta mun nærri 10 km. Einnar stundar lestaferð er talin frá Reykjavíkurlæk upp að Elliðaám, og þá má telja harða reið til lengdar að ríða 10 km. á klukkustund; það mundi skemma hestinn til lengdar. Og ef 10 km. hraði í bæ, eða sem lætur nærri skarpri reið á hesti, er ekki talinn nægja bifreiðum, þá veit jeg ekki, hvers menn vilja óska framar. Athugi menn, hve langan tíma taki að fara með þeim hraða úr einum bæjarenda í annan, t. d. af Vesturgötu upp á Laugaveg. Dæmið, sem háttv. þm. (P. Þ.) nefndi um flýti, er ekki nægilegt. Svona mætti halda áfram; t. d. ef jeg hefði ekki flugvjel, þá gæti jeg ekki komist þetta og þetta, sem jeg þarf.

Í annan stað sagði sami háttv. þm. (P. Þ.), að erfitt mundi að fá mæla. Það er misskilningur. Svo framarlega sem hægt er að fá bifreiðar, en á því hefir enginn hængur verið, þá er hægt að fá mæla; sömu verksmiðjurnar framleiða þá, en fyrirferð og þyngd svo lítil og fragt þeirra því svo lág, að ekki mundu verða torveldleikar á sendingum þeirra.

Að öðru leyti vil jeg segja það, að svo framarlega sem bifreiðarnar geta ekki fullnægt þeim skilyrðum, sem þeim eru settar í öllum siðuðum löndum, þá eiga þær engan rjett á sjer hjer.

Enn fremur vjek sami háttv. þm. (P. Þ.) að gjaldskránni. Jeg skal geta þess, að jeg ætlaðist engan veginn til þess, að gengið væri á rjett þeirra manna, sem bifreiðar eiga; jeg ætlast til þess, að þeim verði settur sanngjarn taxti. Það er ekki fráleitara að fela stjórnarráðinu þetta en svo margt annað, sem því er trúað fyrir. Ef það hefir ekki þekkingu sjálft, þá aflar það sjer hennar hjá hæfum mönnum, t. d. forstöðumanni vjelstjóraskólans, og auðvelt er að vita, hvað bensín kostar á hverjum tíma; eftir þessu má breyta gjaldskránni, eins og sjálfsagt er gert hvarvetna annarsstaðar.

Jeg skal geta þess, að sumstaðar í útlöndum er bifreiðum bannaður akstur um tiltekna vegi, og sumir vegir eru óheimilir til yfirferðar ákveðna daga; t. d. er svo í Noregi. Það er þess vegna engin fjarstæða, sem háttv. samþingismaður minn (S. S.) benti á, og tel jeg rjett að taka bendingar hans til athug-

unar, þótt ekki þori jeg að segja, að hægt sje að framkvæma þær.

En hitt, sem sami háttv. þm. (S. S.) mintist á, að takmarka næturferðir bifreiða, þá kann það að þykja hart, því að sá bragur er nú kominn hjer á, sem víða í bæjum erlendis.

Enda jeg svo mál mitt með þeirri ósk, að deildin sýni frv. þann sóma að vísa því til 2. umr. og til nefndar. Jeg endurtek það, að það er mildi, að ekki skuli fleiri slys hafa orðið af bifreiðum en raun hefir á orðið, og jeg álít, að þeir, sem leggja stein í götu frv., beri siðferðilega ábyrgð á þeim slysum, sem seinna kunna af því að leiða, ef eigi verður til breytt.

Pjetur Þórðarson: Það var óþörf tilgáta hjá háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) að núa mjer því um nasir, að jeg væri gerður út af bifreiðarfjelögum hjer. Jeg veit tæplega, hvort þau eru til hjer, og því síður er jeg í kynni við bifreiðaeigendur. En hitt er rjett, að jeg hefi leitað upplýsinga hjá einstökum bifreiðastjórum, af þeirri ástæðu, að jeg vil ekki segja af eða á um nokkurn hlut, nema jeg hafi kynt mjer málavexti.

Það er og ekki rjett hjá háttv. fim. (E. A.), að mjer sje ekki kunnugt um það, hvern hraða bifreiðar megi hafa utanbæjar. Jeg held og fast við það, að það er ekki hinn lögákveðni hraði, sem þarf að óttast, heldur hitt, ef farið er út fyrir hann.

En þar sem háttv. 1. þm. Árn. (S.S.) benti á ýmislegt fleira, sem athuga bæri í sambandi við frv., þá skal jeg vera manna fyrstur til þess að fylgja honum í því, sem verulega horfir til bóta um bifreiðar, og jafnvel að því að afnema þær með öllu, ef gild rök eru fyrir hendi. En jeg álít rjett að ganga ekki lengra í því að setja þessi takmörk en sanngjarnt er; þá er betra að banna bifreiðarnar með öllu.

Jeg hefi, satt að segja, ekki næga þekkingu til þess að segja, hver vandkvæði eru á að útvega mæla. En örðugleikar geta þó verið á því að útvega þá fyrir þann tíma, sem settur er í frv.

Að því er snertir óþægindin af næturferðum bifreiðanna, þá skal jeg fús til þess að vera með að stytta þær, ef mjer verður sýnt fram á, að það sje nauðsynlegt, þó svo, að takmarkanirnar sjeu ekki svo miklar, að bifreiðunum sje gert ómögulegt að ganga.

Um slys held jeg að sje hægt að sýna fram á, að fleiri hafa þau hlotist af hjólhestum og hestum.

Með þessum athugasemdum vil jeg hafa fullvissað háttv. þm. Árn. (S. S.) um það, að jeg er ekki gerður út af bifreiðarfjelögum nje einstökum bifreiðareigendum.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg verð að telja það vel farið, að frv. hefir komið fram, en vegna kunnugleika míns síðan jeg var lögreglustjóri hjer í bænum vildi jeg gera örfáar athugasemdir fyrir háttv. nefnd, er fær málið til meðferðar.

Jeg tel það rjettara að heimila viðkomandi sveitarstjórnum að ákveða hraðann. Er varla hægt að skipa svo fyrir um öll kauptún, að hann skuli ekki vera meiri en 10 km., því að mörg kauptún eru ekki þjettbýl.

Bæjarstjórnin hjer hefir ákveðið að hraðinn skuli vera 10 km. í bænum, og efast jeg um, hvort það er fyllilega lögum samkvæmt.

Að öðru leyti held jeg, að þessi breyting á lögunum sje til bóta. Sjerstakleg er alveg nauðsynlegt að hafa einhver tök á að ákveða gjaldið.

Ákvæðið í 3. gr., um einkennishúfuna,

er í sjálfu sjer gott, en jeg hefi fremur litla trú á, að það gagni mikið, því að ef ekki er hægt að sjá merkið á bifreiðinni sjálfri, mun vera örðugt að sjá merkið á húfunni, sjerstaklega í myrkri. Þetta vildi jeg að nefndin tæki nánar til íhugunar. Jeg get ekki neitað, að mjer finst það óviðkunnanlegt ákvæði, ef t. d. eigandi ekur sjálfur bifreið sinni, að heimta, að hann noti einkennishúfu. Þetta mun ekki vera venja erlendis. Annars getur verið, að hjer sje átt við þá, er hafa bifreiðarstjórn að atvinnu og flytja fyrir borgun, en það þyrfti þá að koma skýrar fram.

Það væri í sjálfu sjer gott, ef hægt væri að takmarka næturferðir bifreiða. Hjer í Reykjavík eru þær oft hreinasta plága. En um sumar þeirra er svo háttað, að þær mun ilt að banna. T. d. getur verið, að menn sjeu fluttir í heimboð til vina sinna, og vilji fá flutning heim aftur að nóttunni; og þó að þetta sje ekki alveg nauðsynlegt, er þó efasamt, hvort slíkt eigi að hindra.

Flm. (Einar Arnórsson): Að eins örfá orð. Háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) staðhæfir, að hjer á landi sje örðugra að fullnægja skilyrðum þeim, sem frv. þetta setur, en annarsstaðar. Það fæ jeg ekki sjeð.

Fyrst og fremst er það gjaldskráin. Þar er ekki annað en leita álits kunnugra manna. Álít jeg, að stjórnarráðið geti vel sett hana. Svo þarf að prenta hana á pappír, sem eins má fá til þess hjer sem annarsstaðar.

Jeg skoða það svo sjálfsagt atriði að fá mælana, að um það ætti ekki að þurfa að deila. Auðvitað hefir það dálitinn kostnað í för með sjer, en hins vegar alveg óhæfilegt í síðuðu landi að ska með þeim hraða, sem hingað til hefir tíðkast. Jeg er því feginn, að hæstv. forsætisráðherra, svo kunnugur maður, telur rjett að setja ákvæði um ökuhraðann. Jeg skal fallast á það með honum, að ef til vill megi orða greinina á þá leið, að ökuhraðinn megi ekki vera meiri en 10 km. á klukkustund, nema sveitar- eða bæjarstjórn leyfi. Mun sú bending tekin til íhugunar. (**P. Þ.:** Það er aðalatriðið). Látum svo vera, en þá býst jeg við, að sveitar- og bæjarstjórnir líti svo rjett á málið, að þær leyfi ekki meiri hraða.

Ákvæðið í 3. gr., um einkennishúfuna, hefi jeg aldrei talið neitt aðalatriði. En jeg leit svo á, að það gæti verið hentugt, ef t. d. bifreiðarstjóri vildi ekki nema staðar eða hægja ferðina. Þá yrði hægra að þekkja hann aftur, og hægra jafnan að ná í hann, ef slys verða, og margir safnast saman um vagninn, eins og títt er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 25. fundi í Nd., laugardaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 102, n. 236, 237).

Frsm. (Einar Arnórsson): Það er eins með þetta frv. og það, sem nú var vísað til 3. umr., að allsherjarnefnd hefir haft það til meðferðar og orðið sammála um að mæla með því með dálitlum breytingum. 1. brtt. fer fram á að breyta orðalaginu á 2. gr. bifreiðalaganna. Í þeirri grein er nú svo fyrir mælt, að stjórnarráðið geti, að fengnu áliti hlutaðeigandi sýslunefnda eða bæjarstjórna, takmarkað eða bannað með öllu umferð bifreiða á vegaköflum,

ef hún er til óþæginda fyrir umferð um veginn. Nefndin hefir lagt til, að skilyrðið til þess að banna umferð yrði rýmkað þannig, að hægt sje að banna bifreiðaumferð um vegakafla, ef til óþæginda geti orðið, hvort sem um er að ræða óþægindi fyrir aðra umferð um veginn eða á annan hátt.

2. brtt. er umorðun á 7. gr. bifreiðalaganna. Nefndinni var bent á það, að í greininni stæði, að ef hestur fældist, skyldi þegar stöðva bifreiðina. En þó að vagninn sje stöðvaður, þá getur þó vjelin verið í gangi og heldur áfram að gefa frá sjer hljóð, sem er nóg til þess, að hestar, sem ormir eru hræddir, halda áfram að fælast, þótt vagninn sje kyr. Mjer hefir verið sagt, að menn hafi einmitt orðið fyrir þessu. Hestar hafi fælst og bifreiðarstjóri stöðvaði vagninn samstundis. En er hestarnir hjeldu áfram að fælast og bifreiðarstjóri var beðinn að stöðva vjelina, hafi hann að eins svarað því til, að sjer væri það ekki skylt, því að bifreiðalögin krefðust þess ekki. Þess vegna vill allsherjarnefnd breyta lögunum þannig, að einnig sje skylt að stöðva vjelina. En til þess þurfti að orða um 1. málsgr. 7. gr., eins og nefndin hefir gert.

Loks er 3. brtt. Nefndinni sýndist rjett, að stjórnarráðið geti gefið bifreiðaeigendum frest á fullnæging þeirra ákvæða í lögunum, sem útheimtir útvegun nýrra áhalda. Nefndin leggur til, að þessi frestur megi vera til 1. apríl 1918.

ATKVGR.

Brtt. 237, 1. (ný 1. gr.) samþ. í e. hlj.
1. og 2. gr. (verða 2. og 3. gr.) samþ. í e. hlj.
— 237, 2. (ný 4. gr.) samþ. í e. hlj.
3. og 4. gr. (verða 5. og 6. gr.) samþ. í e. hlj.
— 237, 3. samþ. í e. hlj.
5. gr., svo breytt (verður 7. gr.), samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 26. fundi í Nd., mánudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 307).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 24. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 21, 2. nóv. 1914, um notkun bifreiða, og viðauka við sömu lög,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 323).

Á 26. fundi í Ed., fimtudaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að máli þessu verði, að umræðunni lokinni, vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv., og til allsherjarnefndar (sjá, A, bls. 1607) með 9:2 atkv.

Á 33. fundi í Ed., föstudaginn 17. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 323, n. 462).

Framsm. (Hannes Hafstein): Eins og háttv. þingdeildarmönnum er kunnugt, af nál. á þgskj. 462, hefir nefnd-

in stungið upp á nokkrum breytingum á frv. þessu. Vil jeg leyfa mjer að gera stutta grein fyrir þessu.

Það þótti nokkuð hart aðgöngu að takmarka mesta ökuhraða við 10 km. á klukkustund, þótt í kaupstöðum og þjettbýli sje. Sá hraði er ekki meiri en hægt er að fara á sæmilegum hesti, jafnvel þótt hvílt sje við og við. Hraði bifreiðanna yrði því í raun og veru minni, því að ekki þurfa þær hvildar við.

Við fengum beiðni um það frá kunnugum mönnum, að leyfður yrði 15 km. hraði, en okkur þótti varhugavert að fara fram á svo miklar breytingar frá því, sem samþ. var í háttv. Nd., og ljetum okkur því nægja að hækka takmarkið upp í 12 km.

2. brtt. nefndarinnar á við 3. gr. frv. Í frv. stendur, að hraðamælir skuli vera á hverri bifreið. En nú eru til ýmiskonar hraðamælar; sýna sumir vegalengdina í km., en aðrir í enskum milum. Þetta gæti valdið ruglingi, og þótti nefndinni því rjett að setja ákvæði um, að hraðamælir þessir sýni vegalengdina í km.

Þá er 3. brtt. nefndarinnar, við 5. gr. frv., viðvíkjandi því, hvernig bifreiðarstjórar skuli vera merktir, svo að þeir þekkist og unt sje að láta þá sæta ábyrgð, ef þeir brjóta ökureglurnar.

Í frv. er ákvæði um það, að þeir skuli bera einkennishúfu, er á standi skrásetningarmerki bifreiðarinnar.

Nú er það ekki bifreiðin, sem brýtur lögin, heldur bifreiðarstjórinn, en hann getur farið úr einni bifreiðinni í aðra og ef til vill ekið 3—4 sama daginn.

Nefndinni þótti því rjett að orða þetta ákvæði svo, að á húfunni skyldi standa skrásetningarmerki þess umdæmis, þar sem hann hefir fengið skírteini, svo og tölumerki ökuskírteinis hans. Með þessu móti er vissa fengin fyrir því að þekkja má, hver brýtur, svo framarlega sem hann skiftir ekki um húfu.

Við 6. gr. frv. hefir nefndin að eins gert orðabreyting, sett orðið »gjaldvísir« í staðinn fyrir »leiðarmælir«, því að svo er til ætlast, að mælir sá sýni bæði, hve langt er farið og hve hátt er orðið gjaldið.

Síðari breytingarnar eru að eins leiðrjetting á skakkri tilvísun.

Hefir háttv. Nd. breytt greinatölunni á síðustu stundu og tilfært síðan skakka greinatölu.

Þá vil jeg geta þess, að sumum hefir þótt óheyrilegt að skylda aðra bifreiðarstjóra til að hafa einkennishúfur en þá, er aka bifreiðum til almenningsafnota, og hafa þeir viljað undanskilja þá, er hafa bifreiðar til eigin afnota.

Nefndin hefir samt ekki tekið þessar athugasemdir til greina, því að hún leit svo á, að þeir, sem hefðu efni á að kaupa bifreiðar til eigin afnota, mundu engu síður geta ráðist í það að kaupa einkennishúfu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 462, 1. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

— 462, 2. samþ. með 12 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

— 462, 3. samþ. með 12 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

— 462, 4. samþ. með 12 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

— 462, 5. samþ. án atkvgr.

7. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 512).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og endendursent Nd.

Á 40. fundi í Nd, miðvikudaginn 22. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 21, 2. nóv. 1914, um notkun bifreiða, og viðauka við sömu lög,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 559).

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn, 27. ágúst, var frv. tekið til einnar umr. (A. 559, n. 591).

Framsm. (Einar Arnórsson): Háttv. Ed. hefir ekki gert neina efnisbreytingu á frv., sem máli skiftir, aðra en að færa ökuhraðann upp í 12 km. á klukkustund., og finst allsherjarnefnd Nd. vel mega ganga að henni. Hinar brtt. telur nefndin fremur til bóta en hitt, og eru það aðallega formbreytingar.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða, og vil mælast til, að frv. verði afgreitt hjeðan.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 659).

---

37. Eiðaskólinn.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 21. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stofnun alþýðuskóla á Eiðum (A. 128).

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 27. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Frv. þetta fer fram á stofnun alþýðuskóla í Austfirðingafjórðungi, myndarlegs skóla, er svari til skóla þeirra, sem nú eru til í Norðlendinga- og Sunnlendingafjórðungi. Ef til vill má segja, að það sje nokkuð hart aðgöngu á þessum tímum að fara fram á stofnun nýrra skóla. En með stofnun þessa skóla stendur öðruvísi á en með aðrar skólastofnanir, sem fram eru bornar í þinginu. Við gerum ekki ráð fyrir stofnkostnaði í frv., enda hlýtur hann að verða sáralítill, og varla fyrirsjáanlegt, að hann verði neinn. Auðvitað mun þó rekstur skólans í framtíðinni baka landssjóði einhver útgjöld. Á það ber að líta, að skólinn á talsverðar eignir í fasteignum og lausafje, sem eru rentubærar. Eignir þessar eru taldar upp í ástæðunum fyrir frv. Nokkuð af eignum þeim, sem þar eru taldar, eru húseignir, sem skólinn mundi nota og gæfu því ekki beinan arð. Sá hluti eignanna er hjer um bil 40,000 kr. virði; hitt er rentubært fje, sem mundi gefa af sjer langdrægt árlegan rekstrarkostnað. Kostnaðurinn mundi varla verða meiri en 2—3000 kr. á ári, umfram rentur af eignunum, svo að hjer virðist ekki til mikils mælst.

Nokkurt umtal hefir orðið um það, hvort rjettara sje að hafa bændaskóla eða alþýðuskóla á þessum stað. Við, sem þetta frv. flytjum, erum allir svo kunnugir á því svæði, sem skólans ætti einkum að njóta, að við vitum fyrir

víst, að alþýðuskóli mundi miklu vinsælli en bændaskóli. Er það eðlilegt, þar sem mikill hluti af svæðinu er sjávarsveitir. Jeg vona, að þingið líti sanngjarnlega á allar ástæður, og ef skólastofnuninni verður tekið, að þá verði einmitt þessar ástæður teknar til greina.

Jeg sje enga ástæðu til að fara frekari orðum um frv. fyr en það hefir verið athugað í nefnd. Legg jeg því til, að því verði vísað til mentamálanefndar.

Pjetur Jónsson: Mjer er dálítið kunnugt um tilboð það frá Múlasýslunum, sem segja má að liggi fyrir í frv. þessu. Tilboðið er á þá leið, að sýslurnar bjóðast til að láta af hendi við landssjóð eignir þær, sem tilheyra hinum núverandi Eiðaskóla, gegn því, að landssjóður kosti þar skóla, annaðhvort bændaskóla eða unglingaskóla. Jeg veit, að tilboð þetta hefir verið í undirbúningi um nokkur ár, og jeg er á því, að þingið eigi að taka tilboðinu. Á hinu er jeg ekki búinn að átta mig enn, hvort skólafyrirkomulagið eigi heldur að aðhyllast. Jeg er ekki undirbúinn með það nú að kveða upp úr með mína skoðun í því efni. Ráðlegra hefði jeg þó talið, að landssjóður tæki að sjer að starfrækja skólann á sama hátt og nú er, með það fyrir augum þó, að síðar verði breytt til, ef ástæða þykir. Jeg hefði óhikað lagt til, að tilboðinu væri tekið með því skilyrði, en lengra hefði jeg helst ekki viljað að frv. færi. Mjer finst ástæða til að benda á það, að verði frv. samþ., eins og það liggur fyrir, þá virðist því slegið föstu, að landssjóður tekur að sjer að fullu og öllu — með töluverðu framlagi annarsstaðar að að vísu — að halda unglingaskóla hjer á landi. Með því er gefið fordæmi, sem önnur hjeruð mundu benda á, er þau kæmu með sínar kröfur um skólastofnun. Og það er full ástæða til að athuga vandlega hvert það gæti leitt, ef inn á þá braut er haldið. Að vísu má segja, að hjer sje um stórfúlgu að ræða, sem látin er af hendi, og að því leyti til sje einnig gefið annað fordæmi, sem benda mætti á, þegar aðrar kröfur kæmu um skólastofnanir. En jeg er ekki óhræddur um það, að því fordæminu kynni að verða skotið til hliðar, en starað eingöngu á hitt, að landssjóður kostaði þarna unglingaskóla.

Jeg er sem sagt ekki á móti því, að frv. verði tekið til rækilegrar yfirvegunar í nefnd. En jeg vil að eins benda háttv. mentamálanefnd, sem frv. að sjálfsögðu verður vísað til, á að athuga þetta fordæmi og þær afleiðingar, sem það gæti haft í för með sjer.

Flm. (**Sveinn Ólafsson**): Jeg vil leyfa mjer að benda á það, að í bráðabirgðaákvæði í frv. er einmitt tekið fram að nokkru leyti það, sem háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) hafði við frv. að athuga. Þar er landsstjórninni heimilað að reka skólann á hvern hátt, sem hentast þyki, meðan á heimsstyrjöldinni stendur. (**P. J.**: En samþyktirnar í frv. binda). Þær binda þó að minsta kosti ekki fyr en að stríðinu loknu. Hitt get jeg ekki felt mig við, að að eins sje veitt heimild til að stofna skóla, sem rekinn sje af landssjóði með tilstyrk sýslufjelaganna, eins og verið hefir um óákveðinn tíma, en engin endanleg ákvörðun tekin um það, hvernig skólanum skuli fyrir komið eftirleiðis. Mjer finst það vera altof teygjanlegt og óvíst.

Það er tekur til unglingaskóla, þá hefi jeg haft þá í huga, en ekki í sambandi við þennan skóla. Jeg hefi hugsað mjer, að 1 unglingaskóli kæmist á í hverri sýslu, en auk þess sje í hverjum landsfjórðungi 1 æðri alþýðuskóli, skóli,

sem byggi menn undir hvers kyns störf í þjóðfjelaginu og veitti næga mentun til lærdómsdeildar Mentaskólans. Hafa menn úr öllum fjórðungum, sem jeg hefi borið þetta undir, verið hugmyndinni hlyntir, einkum Vestfirðingar. Þessi hugsun kemur fram í frv. En ef þessu frv. verður tekið eftir vonum, þá vantar slíkan skóla að eins í Vestfirðingafjórðung, en væntanlega verður ekki langt að bíða hreyfingar í þessa átt þaðan.

Hjer er þá að eins um lítilfjörlega sanngirniskröfu að ræða, sjerstaklega þegar litið er til þess, hve mikið er lagt af mörkum, enda er þá með því skapað gott fordæmi fyrir þá, sem seinna kunna að ríða á vaðið.

Pjetur Jónsson: Fyrir mig er það ekki nóg, sem felst í ákvæðinu til bráðabirgða. Það var ekki mín meining að draga á langinn, að því leyti að taka Eiðaskólann, heldur hitt, hvort gerlegt væri að skuldbinda landið til þess að stofna svona lagaðan skóla.

Jeg lít svo á, að skólamál, eins og alt annað, eigi að hafa heildarsamræmi. Nú skilst mjer, að fyrir háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) vaki að setja upp, ekki venjulegan unglingaskóla, heldur eitthvað æðri skóla. En slíkt hefir oft verið sagt um skóla, sem tranað hefir verið fram, t. d. Flensborgarskólann. Hjer er þó, skilst mjer, ekki um fullkominn gagnfræðaskóla að ræða, eins og þá, sem eru í Reykjavík og Akureyri. En hefði sá verið tilgangurinn, þá var síður að óttast fordæmið, því að þá er að eins um fjórðungsskóla að ræða. En þetta sjest ekki á frv., nje heldur það, að skólanum sje ætlað að taka eitthvað fram öðrum unglingaskólum vorum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til mentamálanefndar (sjá A, bls. 1614) í e. hlj.

Á 26. fundi í Nd., mánudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 128, n. 265, 299, 316).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Mentamálanefndin hefir lagt til að gera 3 breytingar á frv., og er engin þeirra sjerlega mikilvæg. Samkomulag mátti heita gott í nefndinni. Samt var nefndin ekki alveg sammála um það, hverjar skyldu vera fastar námsgreinar við skólann og hverjar fara eftir vild nemenda. Meiri hluti vildi, að danska yrði ekki skyldugrein, og til þess að kljúfa ekki nefndina samþyktist jeg það.

Fyrsta brtt. fer fram á það að taka upp í fyrirsögnina afhending skólans, í stað þess, að hún upphaflega að eins felur í sjer stofnun hans. Með þessari brtt. er efni frv. betur afmarkað en ella.

Önnur brtt. fer fram á það að raða kenslugreinunum niður á annan hátt en í frv., þannig, að danska verði, eins og enska, ekki skyldugrein, heldur heimil nemendum tilsögn í henni, ef óska.

Þriðja brtt. lýtur að launakjörum kennaranna. Það var til þess ætlast í frv., að skólastjóri fengi leigulaus 2 herbergi til íbúðar, og aðstoðarkennari 1 herbergi, en nefndin ætlar skólastjóra 3 herbergi auk eldhúss, og aðstoðarkennara 2 herbergi, hvorum tveggja þar með hita og ljós. Kjör kennaranna hafa þannig verið bætt að mun.

Annars liggur málið svo ljóst fyrir

háttv. þingd., að ekki ætti að þurfa að fjölyrða um það meira.

Að eins skal jeg geta þess um brtt. á þgskj. 316, að hún fer í rauninni fram á það að færa 3. gr. í líkan búning sem hún hafði upphaflega, í fyrstu mynd frumvarpsins, og er hún mjer því eigi óskapfeld. En með því að jeg vann það til samkomulags í nefndinni að slaka til í þessu efni, þá get jeg ekki greitt atkv. með henni, en ánægja væri mjer samt að því, að hún hlyti sem flest atkv.

Einar Arnórsson: Jeg stend ekki upp til þess að andmæla frv.; því fer fjarri. En það er eitt atriði, sem mjer finst óviðkunnanlegt, og nefndin hefir að vísu athugað, en ekki gert svo úr garði sem vera ber. Jeg á við ákvæði 4. gr., um leigulausa íbúð skólastjóra og kennara. Frv. ætlar þeim, skólastjóra 2 herbergi, og aðstoðarkennara 1. Nefndin ætlar þeim rífari kosti, sem sje skólastjóra 3 herbergi auk eldhúss, og kennara 2 herbergi. Jeg verð að telja það næstum ótækt, að löggjafarvaldið fari að ákveða um húsakynni slíkra manna. Beinast liggur við, að stjórnin ákveði það, um leið og hún skipar í þessar stöður, en löggjafarvaldið leiði það hjá sjer. Jeg skal benda á það, að samkvæmt lögum er t. d. forstöðumanni Kennaraskólans ætluð leigulaus íbúð í skólanum; sama er að segja um forstöðumann Akureyrarskólans, og enn gildir sama um dyraverði ýmsra stofnana, en hvergi er það ákveðið, að þessir menn skuli hafa 1 eða 2 herbergi, enda væri það mjög smásmyglislegt. Ef ákvæði væru sett um þetta, þá þyrfti sjálfsagt líka að taka til um kjallara, geymslurúm og ræsting, hver ræsta ætti tröppur til vinstri, hver til hægri o. s. frv. Jeg get ekki felt mig við að setja ákvæði í lögin um þetta, heldur að eins ætla skólastjóra og kennara leigulausa íbúð. Jeg veit að vísu ekki, hvernig húsakynnum er háttað við þennan skóla, en stjórnin mundi spyrjast fyrir um það og tiltaka húsnæði eftir því. Ef nú svo færi, að nýtt hús yrði sett þarna í viðbót, og ástæða þætti til að fjölga herbergjum íbúðanna eða fækka, þá þyrfti lagabreyting til þess, því að ella hefði stjórnin enga heimild til þess; en jeg held sannarlega, að slík atriði þurfi ekki tilkvæmdar löggjafarvaldsins.

Jeg vænti, að háttv. nefnd taki þessa bending mína til greina; ella mun jeg sjálfur koma fram með brtt. í þessa átt við 3. umr.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Það er alveg rjettilega athugað hjá háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), að þetta ákvæði um íbúðina er eigi sem viðfeldnast, og skal jeg þegar taka það fram, að jeg er eigi ófús til breytinga í þá átt, sem hann benti til. Býst jeg jafnvel við, að nefndin verði því sinnandi. En ákvæðið er komið inn í frv. út af því, að álitamál þótti, hver laun skyldi ákveða, og þá þurfti að sjálfsögðu að hafa hliðsjón af þeim hlunnindum, sem veitt væru, en með því að skólinn á að vera í sveit, er nauðsynlegt að tryggja kennöndum íbúð, af því að erfitt er að fá hana í grend við skólann. Það vakti enn fremur fyrir oss, að takmarka þyrfti íbúðina, því að ella kynnu að verða offá herbergi til skólahaldsins. En þessi bending háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) mun tekin til greina og væntanlega verða gerð brtt. við 3. umr. í þessa átt.

Bjarni Jónsson: Jeg hafði ekki hugsað mjer að segja neitt, en brtt. á þgskj. 316 kemur mjer til þess að standa upp. Þar er það lagt til að gera dönsku

að skyldugrein við skólann. Jeg get ekki hugsað mjer það, að í sveitaskólum úti um landið þurfi að gera dönsku jafnhátt undir höfði sem móðurmálinu; ef menn vilja láta nema þar erlendar tungur, þá ætti að velja til þess hinar stærri tungur, ensku eða helst þýsku. En ef menn vilja endilega láta kenna þar einhverja Norðurlandatungu, þá ætti síst að velja þessa tungu; þá ætti að velja sænsku, en ekki dönsku; er hún bæði fallegra mál, eldra, skyldara íslensku og betra til framkvæmda, þar sem Svíar eru bæði stærri og menningarmeiri þjóð en Danir. En að minni hyggju á hjer engin tunga að vera skyldugrein, nema íslenska.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) þóttu undarleg ákvæði 4. gr. frv. Hún er að vísu ekki af mínum toga spunnin, og ekki þarf jeg að standa upp til þess að vitna, þótt háttv. þm. (E. A.) láti svo lítið að amast við þessu, en jeg vil samt benda á það, að löggjafarvaldið lætur sig skifta mörg lítilsverð atriði svo að ekki detta af þinginu gullhringarnir við að láta þetta til sín taka. Jeg vil og benda háttv. þm. (E. A.) á það að ekki er loku skotið fyrir það, að kennöndum verði gefinn kostur á stærri íbúð, ef þeir vilja greiða fyrir það.

Þar sem sama háttv. þm. (E. A.) þótti það óviðfeldið að tiltaka íbúðina með lögum og taldi þar með, að löggjafarvaldið sletti sjer fram í, hver nota ætti stagið til vinstri og hver til hægri, þá er það þó ekkert kynlegra en margt það, sem löggjafarvaldið lætur til sín taka, t. d. það, að því er illa við, að menn hengi sig, jafnvel í sjálfs sín stagi.

Jón Jónsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt. á þgskj. 316. Jeg vil ekki gera kröfurnar harðari en þetta. Jeg vil, að dönsku sje haldið fastri sem skyldugrein, en hegð sje slept. Jeg lít svo á, að sú námsgrein, hegð, sje ekki mikils virði, enda vafasamt, hvort nokkur verði við skólann, sem fær sje um að kenna þá grein. Mjer er kunnugt um, að margir nemendur við skólana vilja alls ekki læra þá grein, enda sje jeg ekki, að hún sje annað en hjegómi. Þar á móti er danska nokkurs virði; það getur ekki talist fullkominn alþýðuskóli, sem ekki veitir tilsögn í einhverju tungumáli, auk móðurmálsins; bókmentir vorar eru svo ófjölskrúðugar, að unglingum er nauðsynlegt að kunna eitthvert tungumál, til þess að geta kynst annara þjóða bókmentum, en einmitt bókasöfn vor úti um land hafa mestmegnis að geyma danskar bókmentir. Háttv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að nær lægi að velja þá sænsku í stað dönsku. Þess þarf ekki. Hver sæmilega skynugur maður, sem kann dönsku, getur fyrirhafnarlítið lesið sænsk rit. Jeg veit um sjálfan mig, að þótt jeg hafi ekki fengið tilsögn í sænsku, þá get jeg þó lesið hana mjer til gagns, af því að jeg hefi lært dönsku.

Þetta er þá ástæðan fyrir því að halda dönsku sem skyldugrein. Kenslan er ekki sæmileg, ef ekki er numið eitthvert tungumál, og er þá danska best til þess fallin, vegna þess, eins og jeg tók fram, að bókasöfnin úti um land eiga mest danskar bókmentir; aftur á móti er þar mjög lítið um enskar eða þýskar bækur.

Einar Arnórsson: Jeg er þakklátur háttv. frsm. (Sv. Ó.) fyrir það, hve vel og viturlega hann tók í aths. mína um íbúðirnar. Alt öðru máli er að gegna um háttv. þm. Dala. (B. J.), sem jafnan gengur illa að snúa frá villu síns vegar. Það er svo að heyra sem hann haldi, að stjórnin verði ekki rífleg í að skamta íbúðirnar eða þá ofrif; óhætt mun þó vera að trúa stjórninni fyrir

því, að ekki hafi hún íbúðirnar svo rífar, að standi fyrir skólahaldi, einkum er hún hefir fyrir sjer bendingar háttv. mentamálanefndar.

Sami hv. þm. (B. J.) sagði, að kennendur mundu ekki fá fleiri hlunnindi, án þess að borga fyrir, og er það líklega rjett, eftir till. nefndarinnar. Stjórnin yrði þá sjálfsagt að krefja þá borgunar fyrir þvottahús, búrklefa eða þurkloft og útihús.

Það má vel vera, eins og háttv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að löggjafarvaldið lúti oft að litlu, en dæmið, sem hann tók, var hrapallega illa valið. Löggjafarvaldið skiftir sjer ekki af því, þótt menn hengi sig á snaga, enda er ekki greitt aðgöngu að ná til þess, sem hefir lógað sjer; annað mál er það, ef háttv. þm. Dala. (B. J.) horfir á mann hengja sig og bregður ekki við til þess að skera hann niður, hver sem stagið á, þá mundi löggjafarvaldið sjálfsagt hnippa í háttv. þm. Dala. (B. J.), þótt ekki sjeu þessi ákvæði eingöngu sett vegna hans (B. J.).

En, í alvöru að tala, býst jeg við því, að háttv. nefnd taki bending mína til greina, úr því að háttv. frsm. (Sv. Ó.) fanst hún rjett, og jeg veit, að háttv. þm. Dala. (B. J.) muni og verða á sama máli, þegar hann hefir hugsað sig um.

Bjarni Jónsson: Það þarf ekki að hengja háttv. 2. þm. Árn. (E. A.); háttv. háskólakennarinn (E. A.) hefir útlistað nákvæmlega, að það sje ekki bannað, jafnvel þótt hann eigi ekki snærið sjálfur. En um aðrar aths. hans er það að segja, að þær lýsa lofsamlegum áhuga og lærdómi úr húsaleigunefndinni hjer í Reykjavík; sýna þær, að stjórn landsins og Reykjavíkur falla vel saman og verða löggjafarvaldinu að góðum notum.

Háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.) sagði, að rjettara væri að halda dönsku en hegð sem skyldugrein. Ef danska er svo nauðsynleg, sem hann lætur, þá munu allir nemendur æskja kenslu í henni, þótt hún sje ekki skyldugrein, og er hún þeim þá heimil eftir till. nefndarinnar. En jeg hverf ekki aftur frá því, að ef einhver Norðurlandatunga á að vera skyldugrein, þá ætti það helst að vera sænska, af þeim ástæðum, sem jeg nefndi áðan. Og þótt háttv. þm. (J. J.) skilji sænsku, af því að hann hefir lært dönsku áður, þá mundi sjálfsagt líka mega snúa þessu við og segja, að ef hann hefði lært sænsku, mundi hann einnig skilja dönsku. En hví setur háttv. þm. (J. J.) ekki einhverra hinna stærri tungna, t. d. þýsku?

En mín skoðun er sú, að í alþýðuskólum beri fyrst og fremst að leggja áherslu á móðurmálið, en aðrar tungur ekki, fyr en nemendur hafa þá lært íslensku vel. Jeg vil því ráða mönnum til þess að fella brtt., einkum af því, að eftir henni á danska að vera skyldugrein, en nægilegt virðist að heimila tilsögn í þeirri tungu.

Sigurður Sigurðsson: Jeg tel mjer skylt, þótt það sje ekki vani minn, að gera grein fyrir atkv. mínu í þessu máli, því að hjer stendur sjerstaklega á. Í þessu frv. er farið fram á að leggja niður Eiðaskóla og koma upp alþýðuskóla á Austurlandi, á Eiðum eða annarsstaðar, í staðinn. Jeg verð að lýsa yfir því, að jeg er algerlega mótfallinn þessari breytingu. Jeg álít sem sje, að búnaðarskólinn ætti að halda áfram, og að það beri að breyta honum í bændaskóla og landið að taka hann að sjer, eins og aðra bændaskóla hjer. Jeg skal ekki rekja þetta mál langt, en get bent á ýmsar ástæður, sem mæla með því,

að búnaðarskóli sje á Austurlandi, á Eiðum eða annarsstaðar þar. Jeg vil vekja athygli á því, að þar sem í 2. málsgr. 3. gr. í frv. er farið fram á, að haldið sje búnaðarnámsskeið haust og vor, er það ekki tekið fram, hvort vera skuli verkleg námsskeið eða fyrirlestrar. En þó skilst mjer, að þar sje heldur átt við verklegt nám, þar sem sagt er, að sjerstök áhersla skuli lögð á jarðrækt, smíðar, hússtjórn og mjólkurmeðferð. Ef það er rjett skilið hjá mjer, vil jeg benda á, að mjer fyndist »praktiskara« að takmarka námsskeiðið við eitt eða tvent, t. d. jarðrækt og hússtjórn. Það segir sig t. d. sjálft, að um mikinn lærdóm í smíðum getur ekki verið að ræða á svo stuttum tíma. Það var að eins þetta, sem jeg vildi benda á, að jeg kysi helst, að Eiðaskóla yrði breytt í bændaskóla, sem landið tæki að sjer; það hygg jeg að muni verða langhagkvæmast.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Að eins örfá orð út af því, sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði um þetta, sem lengi hefir verið deiluefni eystra, hvort heldur ætti að vera alþýðuskóli eða búnaðarskóli á Eiðum. Mjer finst ekki rjett að fara að vekja deilur um það hjer aftur, enda kom það fram við 1. umr. (**S. S.:** Mín aths. stendur fyrir það.) Það gæti verið, að þeir, sem ekki hafa fylgst með í málinu, hjeldu, að hjer væri um nýtt atriði að ræða, sem ekki er rjett. Hvað búnaðarnámsskeiðinu viðvíkur, þá er í skiftingu þess tekið sjerstakt tillit til bæði karla og kvenna, sbr. hússtjórn, en jarðrækt hygg jeg að mundi altaf verða aðalatriðið á búnaðarnámsskeiðunum. Finst mjer svo ekki ástæðu til að svara þessu frekar.

Björn Stefánsson: Jeg ætlaði mjer ekki að taka til máls við þessa umr. málsins, en það var að eins fyrirspurn háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), sem kom mjer af stað, um það, hvernig búnaðarnámsskeiðinu skyldi háttað. Frá mínu sjónarmiði er það meiningin, að það verði jarðræktarnámsskeið. Það er stór flokkur manna fyrir austan, sem ekki vill, að slept verði búnaðarkenslu, en þar er líka annar flokkur, sem óskar eftir alþýðuskóla, og í þessu frv. er hvorttveggja sameinað, til að sætta báða, en flutningsmenn munu aðallega hafa átt við jarðrækt, og til að taka þetta skýrar fram hefi jeg hugsað mjer að koma með brtt. um að breyta búnaðarnámsskeið í jarðræktarnámsskeið, við 3. umr. málsins.

ATKVGR.

Brtt. 316. ofseint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ.
1. gr. samþ. með 13:2 atkv.
2. — — í e. hlj.
— 265, 2. samþ. með 15:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., B. Sv., B. J., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., Ó. B.

nei: J. J., S. S., Þorst. J., Þór. J., B. St., P. J.

Fjórir þm. fjarstaddir.

Brtt. 316. því fallin.
3. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
— 265, 3. samþ. í e. hlj.
4. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
5. og 6. gr. samþ. í e. hlj.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. í e.hlj.
— 265, 1. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með öllum gr. atkv. gegn 2.

Á 28. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 3. umr., með svo látandi fyrirsögn:

Frumvarp til laga um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhendingu Eiðaeignar til landssjóðs (A. 333, 334, 348).

Bjðrn Stefánsson: Út af umræðum um þetta mál við 2. umr., að hve miklu leyti skyldi stunda jarðrækt á þessum fyrirhuguðu námsskeiðum, vil jeg taka það fram, að það, sem fremur öllu öðru hefir vakað fyrir mjer, er að leggja stund á jarðrækt fremur öllu öðru á námsskeiðunum. Jeg veit, að fjöldi manna fyrir austan er óánægður með það, að búnaðarskólinn á Eiðum leggist niður, og sættir sig því að eins við það, að þessi námsskeið verði haldin, þau höfð sem fullkomnust, og að á þeim verði aðallega lögð stund á jarðrækt.

Úr því að búnaðarnámsskeiðin, sem eiga ekki að standa yfir nema 3—4 vikur haust og vor, eru svona stutt, er þýðingarlaust að fara að leggja þar stund á margar námsgreinar, enda hætt við, að því verði þá haldið fram, að þýðingarlaust sje að hafa margt í takinu svo stuttan tíma, og að betra væri að sleppa einhverju alveg en að vera að káka við margt, eins og í sjálfu sjer er alveg rjett, en jeg vil ekki eiga á hættu, að það verði kann ske jarðræktin, sem verður slept.

Þess vegna vil jeg fækka þessum greinum og hefi farið fram á það með brtt. á þgskj. 334, til þess að jarðræktin fari ekki alveg út um þúfur, því að mínu áliti á það að vera aðaltilgangur þessara búnaðarnámsskeiða að tryggja það, að kensla í jarðrækt leggist ekki alveg niður á Austurlandi.

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Það eru hjer fram komnar 2 brtt., á þgskj. 334 og 348, sem gefa mjer tilefni til að segja nokkur orð, og þær eru báðar ósköp meinlausar og breyta litlu. Að því er snertir brtt. á þgskj. 334 skal jeg taka það fram, að orðalagið á greininni, sem hún vitnar til, 3. gr., er haft svona fyrir þá skuld, að sameinaður sýslufundur fyrir Múlasýslur benti á námsskeið, þar sem kend skyldi jarðrækt og smíðar. Jeg sá enga ástæðu til að breyta þessu orðalagi, enda lít jeg svo á, að smíðakenslan eigi aðallega að miða að því að kenna mönnum að gera við og lagfæra jarðyrkjuverkfæri, og það tel jeg vel til fallið.

Að því er síðari liðinn snertir, að kend skuli hússtjórn og mjólkurmeðferð, þá er það ákvæði sett inn í frv. af mjer, í samráði við aðra flm., vegna þess, að þessi námsskeið eru ætluð bæði körlum og konum, og því sjálfsagt, að kent sje þar það, sem sjálfsagt er að konur í sveit kunni. En mjólkurmeðferð er, ef ekki aðalatriðið, þá að minsta kosti mjög þýðingarmikið atriði í allri hússtjórn til sveita. Jeg veit ekki, hvaða grein hússtjórnar er nær fyrir sveitakonur að læra en einmitt mjólkurmeðferð. Jeg sje því ekki, að þetta ákvæði ætti að spilla fyrir því, að frv. næði fram að ganga óbreytt að þessu leyti. Brtt. á þgskj. 348 fer fram á lítils háttar orðabreyting á 4. gr., og lýtur að því að nema burt ákvæði um herbergjafjölda þann, er skólastjóri og kennari fá leigulausan. Þetta ákvæði heyrir öllu fremur undir reglugerð en lög, og

skiftir því litlu máli, enda læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja, hvort heldur verður ofan á.

Bjðrn Stefánsson: Háttv. frsm. (Sv. Ó.) tók það fram, að sýslufundur í Suður-Múlasýslu hefði bent á að hafa kenslu í smíðum á námsskeiðinu. (**Sv.Ó.:** Það var sameiginlegur sýslufundur). Jæja, sameiginlegur fundur.

Jeg fyrir mitt leyti geri ekki mikið úr, þótt breytt væri út af því, því að þingið hefir breytt í öðru meira út af því, sem sýslufundur sá lagði fyrir. Sameiginlegur sýslufundur tók ekki ákvörðun um, hvort hafa skyldi bændaskóla eða alþýðuskóla á Eiðum, vildi hafa það óbundið að svo stöddu, en nú er búið að útiloka alveg bændaskóla. Jeg var aldrei vel ánægður með það, og vil því ekki sleppa jarðræktinni. Ef ekki á að kenna aðra hegð en viðgerðir og lagfæringar á jarðyrkjuverkfærum, þá má vel heimfæra það undir jarðrækt, og vil jeg því sleppa alveg orðinu »hegð«, svo að ekki verði farið að fitla við neitt alveg óviðkomandi jarðyrkju. Um mjólkurmeðferð er sama að segja; jeg sje ekki annað en að hún heyri alveg undir hússtjórn, og megi því sleppa orðinu alveg. Jeg get frekar búist við því, að eftir því, sem fleiri námsgreinar eru teknar fram, þyki forsvaranlegt á svona stuttu námsskeiði að sleppa einhverju af því. Jeg vil alls ekki láta slaka til með jarðræktina, því að nóg er búið að slaka til samt, og mikla nægjusemi hafa Austfirðingar sýnt, þar sem sýslurnar afhenda þessa eign, sem er á annað hundrað þúsund króna virði, og eiga svo að sætta sig við að fá í staðinn framhaldsbarnaskóla, því að annað eða meira verður þessi skóli ekki eftir frv. Það var gengið svo frá þessu frv. við 1. umr., þar sem feld var niður ein af þeim skyldunámsgreinum, sem þó upphaflega var gert ráð fyrir í frv., að mjer þykir nú komið nógu langt niður, og neðar vil jeg ekki fara og fer ekki.

ATKVGR.

Brtt. 348. ofseint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþykt.

Brtt. 334. samþ. með 14 : 1 atkv.

— 348. — — 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhendingu Eiðaeignar til landssjóðs,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 363).

Á 28. fundi í Ed., laugardaginn 11. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Jóhannes Jóhannesson: Vil leyfa mjer að leggja til, að málinu sje vísað til mentamálanefndar, að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv., og til mentamálanefndar (sjá A, bls. 1606) með 11 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., laugardaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 363, n. 480, 504).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg þarf ekki mikið um þetta mál að tala. Því hefir verið vel tekið af hv. Alþingi, og sama sem engar breytingar hafa verið gerðar á frv., eins og það

kom fram í háttv. Nd., og nefndinni, sem fjallaði um málið þar, hefir farið eins og nefndinni hjer, að hún hefir lítið haft við það að athuga.

Þingmenn Múlsýslunga og Austur-Skaftfellinga báru frv. fram samkvæmt óskum manna þar eystra, um að fyrirkomulagi Eiðaskóla yrði breytt á þennan hátt. Hann hefir verið búnaðarskóli frá því að hann var stofnaður, en aðsókn hefir lítil verið að honum í seinni tíð. En nú er álitið, að alt annað muni verða uppi á teningnum, ef hann verður gerður að alþýðuskóla. Það er meiri þörf á slíkum skóla, og auk þess er alment litið svo á, að þeim skólum sje best borgið, sem stjórnin sjer um og landssjóður kostar. Hjer er líka nokkuð öðru máli að gegna en um nýja skóla, því að þessi skóli er nú orðinn nokkuð gamall og á talsverðar eignir. Húseignir eru miklar og viðunandi fyrst um sinn, svo að ekki er sjáanlegt, að byrðar landssjóðs geti aukist mikið, þó að þessi breyting kæmist á. Skólinn nýtur 3000 kr. styrks í núgildandi fjárlögum, og getur það ekki numið miklu, sem landssjóður yrði að kosta meiru til, þótt frv. verði samþykt.

Í greinargerð frv. er gert ráð fyrir, að eignir skólans muni að minsta kosti vera 100,000 kr. virði. Nefndinni hefir virst þetta sist ofhátt reiknað. 8 jarðir fylgja honum, og eru þær metnar 88 hndr. Auk þess á skólinn um 400 fjár og 10—12 stórgripi og mörg þús. krónur í húsum, innbúi og skólaáhöldum. Skuldir skólans eru um 10 þús. kr.

Eins og háttv. deildarmönnum er kunnugt hefir verið útbýtt hjer í deildinni áliti fjárveitinganefndar um þetta mál, og hefir hún ekkert haft að athuga við fjárhagshlið þess. Það mun hafa gleymst að leita álits háttv. fjárveitinganefndar Nd. um málið, en það ætti ekki að skifta svo sjerstaklega miklu máli fyrir þessa háttv. deild, því að vjer munum síst gera minna úr skoðun þeirra mætu manna, sem sitja hjer í fjárveitinganefnd.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að mæla með því, fyrir nefndarinnar hönd, að mál þetta nái fram að ganga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 22. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 363).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 586).

---

38. Brauðgerðarhús.

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild handa bæjar- og sveitarstjórnum til að taka eignarnámi eða á leigu brauðgerðarhús o. fl. (A. 130).

Á 18. fundi í Nd., fimtudaginn 26. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Ofskamt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg tel ekki þörf á að fara mörgum orðum um þetta frv. nú, enda get jeg vísað til greinargerðarinnar fyrir frv. Á svona tímum, eins og nú eru, veit enginn, hvað fyrir kann að koma, og því er sjálfsagt að vera við öllu búinn. Það er auðvitað mál, að slík heimild sem þessi verður ekki notuð nema brýn nauðsyn beri til.

Jeg vona, að frv. fái að ganga í gegnum deildina hindrunarlaust.

Bjarni Jónsson: Jeg skal að eins geta þess, að jeg mun við 2. umr. koma með tillögur um að fella burt 3 síðustu greinar frv., og mun jeg þá gera grein fyrir hvers vegna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 130, 189).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg sje ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um frumvarpið. Jeg vona, að deildin leyfi því að ganga til 3. umr. Viðvíkjandi breytingartillögu, sem fram hefir komið, skal þess getið, að öll nefndin, að undanteknum háttv. þm. Dala. (B. J.), æskir þess, að frv. verði samþ. óbreytt.

Bjarni Jónsson: Jeg skal gera stutta grein fyrir brtt. Það er sjálfsagður hlutur og samkvæmur stjórnarskránni að taka eign manna eignarnámi, ef almenningshagur krefst. En verði hið opinbera að neyta þessa neyðarúrræðis, þá ætti að taka eignirnar fyrir fult og alt, því að sjálfsagt er, að það taki alla áhættuna með, sem kann að vera því samfara, að menn sjeu sviftir eigum og atvinnuvegi sínum. Þegar um brauðgerðarhús er að ræða, ætti áhættan ekki að vera sjerlega mikil. Bærinn ætti að geta rekið brauðgerðina á sama hátt, með sama tilkostnaði og líkum hagnaði og bakararnir áður, og almenningur þó sætt betri kjörum. Hitt er varhugavert, að taka af mönnum t. d. brauðgerðarhús á leigu til 1 eða 2 ára. Hugsast gæti, að bakararnir vildu þá helst hætta alveg brauðgerðinni. Og í annan stað þykir mjer sem miklu væri hættara við, að gerræði skeði af hendi bæjarstjórnar, ef henni er þannig heimilað að taka á leigu, þótt eftir mati sje, eignir manna og fyrirtæki, reka það á sinn kostnað um hríð og fleygja svo í menn aftur. Sje jeg ekki, að trygging sje fyrir því, að ekki sje brotið í bág við ákvæði stjórnarskrárinnar um eignarrjett einstaklingsins, ef þetta er lagt í hendur bæjar- eða sveitarstjórn einni. Þá væri tryggingin meiri, ef landsstjórninni einni væri þetta heimilað. Hún hefir bæði ríkari áhrif og ríkari hvöt til að fara ekki í bág við stjórnarskrána, og auk þess hefir hún venjulega kost betri lögfræðinga en bæjarstjórnir yfirleitt hafa. Eftir því, sem jeg þekki til bæjarstjórna, er tryggingin engin. En jeg tel þó rjett, að bæjar- og sveitarfjelög hafi rjett til að taka brauðgerðarhúsin gegn fullu endurgjaldi, enda hafi eigandi frjálsar hendur til að afla sjer nýrrar atvinnu, og sje ekki skyldur til að taka við fyrirtækinu aftur, ef það er illa rekið.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál. Þetta mun vera álitamál og trúaratriði, en jeg held það rjett vera að fella aftan af þessum lögum þau ákvæði,

er heimila að taka á leigu eignir manna að þeim nauðugum.

Einar Arnórsson: Jeg stend að eins upp til þess, að þingheimur þurfi ekki að halda, að háttv. þm. Dala. (B. J.) hafi sannfært mig með því ljettmeti, er hann bar hjer á borð. (**B. J.:** Mjer datt aldrei í hug, að þingmaðurinn ljeti sannfærast). Mjer skilst, að það sje ályktun frá því meira til hins minna, að hægt sje að taka eignina á leigu til þess tíma, er þörf gerist, fyrst að heimilað er að taka hana eignarnámi. En það er auðvitað sjálfsagður hlutur, að menn fái fult endurgjald, eigi að eins fyrir slit hluta, heldur og atvinnutjón.

Bjarni Jónsson: Jeg stend upp, eins og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), til þess, að háttv. þingdeild sjái, að hann hefir ekki sannfært mig. Jeg tel mjög vafasamt, hvort þetta er í anda stjórnarskrárinnar, og það er ekki ályktun frá því meira til hins minna, ef alt er skemt og kemst í niðurníðslu. Hinn háttv. þm. (E. A.) þarf ekki að kveðja sjer hljóðs; jeg veit, hvað hann ætlar að segja, að eigandi geti fengið fult endu gjald fyrir verkfæri og aðra niðurníðslu. En ef búið er að flæma skiftavinina burt, bætir enginn tjón það, er klaufarnir, sem falið var að reka brauðgerðarhúsið, hafa bakað því. Á slíkt er ekki hægt að gefa álag. Auk þess hefi jeg enga tröllatrú á þessu mati, sjerstaklega ef hlut eiga að máli hataðir brauðgerðarmenn, sem hafa selt ofdýrt, að annara dómi en sínum.

Jeg held, að það sje rjett, að mjög vafasamt sje, hvort þetta er í samræmi við hugsun löggjafarinnar, þótt lögfræðingar skýri svo frá. Það er algerlega rangt, að það sje ályktun frá meira til minna, því að skaðinn er minni, ef eign er tekin fullu verði, en ef hún er tekin á leigu með öllum umráðarjetti um skamman tíma. Það er móðgun, ef eignin er tekin til að reka undir öðru nafni um skamman tíma, en engin móðgun, ef þjóðfjelaginu sýnist að kaupa hana fullu verði sjer til eignar.

Einar Arnórsson: Jeg mun ekki karpa lengi við háttv. þm. Dala. (B. J.). Hann neitaði því bæði fyrst og síðast, að þetta væri ályktun frá meira til minna, eða með öðrum orðum, hann bæði byrjaði og endaði á rangri staðhæfingu. Jeg skal taka dæmi. Háttv. þm. Dala. (B. J.) og jeg eigum dýra lóð hjer í bænum. Almenningsheill krefst þess, að bæjarstjórn taki lóðina á leigu um tíma sem dýrtíðarráðstöfun, t. d. ef bærinn ræki fiskiútveg, bæjarmönnum til bjargar. Jeg vil þá heldur, að mín dýra lóð sje tekin á leigu um stundarsakir, en missa hana um alla eilífð. (**B. J.:** Atvinna er annað en lóð). Lóðin getur staðið í því sambandi við atvinnu mína og viðskifti, að þessi tilfelli verði alveg hliðstæð. Þetta veit háttv. þm. Dala. (B. J.) eins vel og jeg og aðrir. Svo kom háttv. þm. Dala. (B. J.) með þá mótbáru, að þetta gæti aldrei orðið bætt, af því að klaufar mundu reka það fyrir bæjarfjelagið. En ef háttv. þm. Dala. (B. J.) er góður bakari, koma skiftavinirnir fljótt aftur. (**B J.:** Það er óvíst; fleiri bakarar geta verið góðir). Að matsmenn meti yfirleitt ranglega veit jeg ekki á hverju hann byggir. (**B. J.:** Reynslunni). Háttv. þm. Dala. (B. J.) hefir naumast leyfi til að slá slíku fram. (**B. J.:** Hefi sagt það og stend við það). Jeg vil heldur halda mjer við gömlu regluna, að allir sjeu taldir rjettlátir, þar til hið gagnstæða er sannað. (**B. J.:** En reynslan?) Reynslan sýnir, að mats-

menn hjer gera sjer alment alt far um að vera áreiðanlegir, og þeir menn munu venjulegast valdir af dómstólunum, sem bestir og færastir eru taldir. (B. J.: Jeg mótmæli öllu þessu. Það er rangt). Það er venja í málfærslu að enda á því að mótmæla. (B. J.: Jeg á hjer við málfærslumann). Svo sagði háttv. þm. Dala. (B. J.), að hús og áhöld gætu vel skemst á meðan eignarnemi hefði þau. Nefndin hefir gert ráð fyrir því, og þess vegna ákveðið í frv., að upphæðin skuli metin og lögnemi greiða skaðann. Býst jeg nú við, að eigi verði langar umr. úr þessu, þar sem við háttv. þm. Dala. (B. J.) erum báðir bænir að tala okkur dauða.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2.—6. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 189. feld með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., B. St., J. J., M. P., P. Þ., S. S., Þorl. J.

nei: B. Sv., E. A., E. Árna., G. Sv., J. M., J. B., M. G., P. J., P. O., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

Frír þingmenn fjarstaddir.

7.—10. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 22. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 130, 232).

Einar Arnórsson: Það er einungis vegna brtt. á þgskj. 232, að jeg stend upp. Eins og allur þingheimur man þá var við 2. umr. feld brtt, sem fór fram á það að kippa burt úr frv. heimildinni til náms til leigu. Nú hefi jeg ásamt háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) borið fram nýja viðaukatill., sem heimilar forstjórum og verkamönnum forgangsrjett til atvinnunnar. Mjer finst þetta sanngjörn till. og hún geta orðið til hagnaðar báðum málsaðiljum, bæði bæjarstjórn og atvinnurekendum. Í fyrsta lagi er með henni sjeð fyrir því, að menn þurfi ekki að missa atvinnu sína. Í annan stað er ætlast til, að sá hafi stjórnina, sem áður hafði. Í 3. lagi er það hagur bæjarstjórnarinnar, að sá haldi áfram meðferð húsa og áhalda, sem áður hafði slíkt á hendi, og líkur til þess, að hann geti betur haldið áfram sama fólki en ókunnugir.

Jeg vænti þess vegna, að engir, sist þeir, sem áður lögðu með því að fella burt 7., 8. og 9. gr. frv., verði á móti þessari viðaukatill.

Benedikt Sveinsson: Jeg get engan veginn fallist á viðaukatill. á þgskj. 232. Hún gerir sem sje ráð fyrir því, að bakarar, sem sýnt hafa þrjósku, sitji fyrir og fái atvinnu við brauðgerðarhús þau, er tekin hafa verið af þeim. Þetta frv. er einmitt í því skyni flutt að aftra því, að bakarar, sem sýnt hafa þverúð í viðskiftum við almenning, beiti sjer þannig framvegis. Frv. á að vera trygging í þá átt. Væntanlega þarf ekki að nota þessa heimild um eignarnám, ef frv. verður samþ. óbreytt, því að bakararnir sjá þá að sjer í tíma, en ef slakað verður til, þá er miklu hættara við, að bakararnir verði óþrútnir og jafnvel »spekúleri« í því að láta taka af sjer húsin, til þess á síðan að fá ágætt kaup hjá landsbúðinni við sömu atvinnu.

Jeg vil því alvarlega vara menn við því að láta ginnast á þessari viðaukatill.

Björn Jónsson: Menn geta sjeð af umræðum síðasta ræðumanns (B. Sv.), sem er bæjarstjórnarmaður, hvort jeg hefi ekki haft rjett fyrir mjer í því, sem jeg hjelt fram við 2. umr. Menn sjá nú, hverrar miskunnar bökurum er að vænta, þegar tekin hefir verið af þeim atvinna þeirra að þeim nauðugum. Þeir eiga að verða alveg rjettlausir; þeim á að kasta út á götur, en hinir og þeirr eiga að vinna þeirra verk, á meðan bæjarstjórnin er að brjóta og skemma fyrir þeim, en þegar bæjarstjórn þykist hafa leikið sjer nóg og ef til vill hefir flæmt alla frá viðskiftunum, þá eiga bakararnir að taka við molunum. Jeg minni að eins á þetta út af brtt. minni, sem feld var við 2. umr., en samt er ekki enn úr sögunni, með því að líklegt er, að Ed. taki hana upp.

Hitt er satt, að brtt. á þgskj. 232 bætir nokkuð úr skák. En háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) láðist þó að geta þess, hvaðan hann hefir þessa manndóð, sem sje frá mjer, og segi jeg það honum til lofs, að hafa farið að bendingum, sem jeg ljet í tje.

Það er einkanlega eitt í þessu máli, sem mjer þykir á brestu, það að bakarar sjeu svo miklu verri en aðrir menn, að sjerstakar varúðarreglur þurfi við þá um fram aðra. Jeg hefi ekki heyrt nje sjeð um það annað en fáeinar blaðagreinar, hverja annari vitlausari, þar sem sagt er, að bakarar græði 100 kr. á hverjum sekk; en slík ummæli eru bygð á algerðu þekkingarleysi, eins og hver getur sjeð, sem greinarnar les. Jeg vil aftra því, að nokkur standi varnarlaus uppi gegn slíkum stofnunum, sem bæjarstjórnir og hreppsnefndir eru. Jeg hefi sjeð bústna hreppsnefndaroddvita koma til aumingja og gamalla fáráðlinga og varpa þeim út á gaddinn. En jeg vil ekki, að hið íslenska ríki þoli, að nokkuð þvílíkt geti átt sjer stað.

Jeg mun nú fylgja þessari brtt., á þgskj. 232, en hefi mælt þessi orð til þess að sýna, að brtt. mín við 2. umr. var ekki ástæðulaus.

Ef til vill setti það við að taka frv. út af dagskrá, til þess að hægt sje að breyta því svo, að heimilað sje að taka námi til leigu, ef eigendur vilja það heldur, en ella eignarnámi. Þannig mætti bjarga málinu, án þess að það verði að voða. Jeg vil enn benda á það, hve hættulegt það getur verið atvinnurekendum að sleppa atvinnu sinni, þótt ekki væri lengur en um eitt ár, en taka svo við aftur, þegar öll skilyrði eru breytt orðin og viðskiftavinir hans ef til vill flæmdir burt. Þetta má öllum vera kunnugt, sem nokkuð þekkja til viðskifta. Jeg vænti þess því, að frv. verði tekið út af dagskrá; jeg hefði ekki tíma til þess að koma fram með brtt. í dag, mundi ekki heldur, að málið væri á dagskrá. En nú get jeg haft til brtt. í kvöld, svo að frv. nái að komast á dagskrá aftur á morgun.

Einar Arnórsson: Mjer kom það ekki ávænt, að fram kæmi slík mótbára, sem kom frá háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), og jeg skal játa, að fyrir geta komið þau tilfelli, sem hann gat um, sem sje, að bakarar mundu geta neitað út, að þeim væri heimilt að láta taka af sjer hús og áhöld, verða síðan forstjórar þeirra fyrir hönd bæjarstjórnar, og láta svo tap verða á öllu, og því notað sjer aðstöðu sína til að græða á. En til þess að girða fyrir þetta mætti orða viðaukatill. öðruvísi. Í raun inni held jeg samt, að í till. felist nægilegt til þess að girða fyrir þetta. Forstjórum er þar ekki veittur rjettur til þess að stýra stofnuninni framvegis;

þeim er að eins veittur rjettur til atvinnu að öðru jöfnu; það er ekki sagt rjettur til stjórnar, heldur til atvinnu. Að öðru leyti má á sama standa fyrir bakarana; þeir hafa fjelagsskap sín á milli, og geta því mjög svo ráðið, hver kjör þeir vilja sætta sig við.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) gaf nú út í 2. útgáfu ummæli sín frá 2. umr., en ekki gat jeg fundið, að útgáfan væri nokkuð endurbætt. Hann kom þó með eitt nýtt, viðauka við 1. útgáfu, sem sje er hann sagði, að bakarar væru ekki verri en aðrir. Jeg hefi nú aldrei heyrt því haldið fram, enda er því engan veginn svo farið um þetta frv., að það bendi nokkuð í þá átt; hjer er að eins um varúðarráðstöfun að ræða. Og jeg man ekki betur en að háttv. þm. Dala. (B. J.) hafi orðið með í því að samþykkja svipaðar ráðstafanir, t. d. þegar verðlagsnefndin var sett, eða þegar þær ófriðarráðstafanir voru gerðar, að taka mætti vörur eignarnámi; þar var engin sönnun fram komin um það, að þessara ráða þyrfti að neyta, en varúðar vegna þótti rjett að setja þessi lög. En eftir kenningu háttv. þm. Dala. (B. J.) er óþarft að beita varúð; honum nægir að byrgja brunninn eftir að barnið er dottið í hann.

Nefndin hefir ekki getað borið sig saman um það, hvort rjett sje að taka málið út af dagskrá. Jeg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því, ef það þykir horfa málnu til bóta.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Eftir því, sem jeg þekki til máls þessa, þá verð jeg að taka í sama streng sem háttv. þm. Dala. (B. J.), að jeg býst við, að það flýtti fyrir málinu, að það væri tekið út af dagskrá nú, og breytt í þá átt, sem bent hefir verið á.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Ef svo er, að menn haldi, að það muni tefja fyrir málinu, að það yrði samþykt hjer í því formi, sem það liggur fyrir, ásamt viðaukatill. á þgskj. 232, þá skal jeg geta þess, að nefndin hefir sætt sig við það, að frv. sje nú tekið út af dagskrá.

Forseti: Samkvæmt ósk nefndarinnar tek jeg þá málið út af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., fimtudaginn 2. ágúst, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 130, 232, 262, 264).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Frá því í gær hafa komið fram tvær brtt. Jeg er fylgjandi brtt. á þgskj. 264 og tel hana betri en brtt. á þgskj. 232. Jeg fæ ekki annað sjeð en að brtt. á þgskj. 262 sje það sama sem felt var við 2. umr. viðvíkjandi, 7. gr. frv. Það væri mjög óheppilegt, ef bæjarfjelögum væri meinað að taka brauðgerðarhús á leigu, því að það gæti alveg hindrað, að þau gætu tekið brauðgerðarhúsin í sína þjónustu, þó að á þyrfti að halda. Brtt. við 8. gr. á sama þgskj. er óþörf. Jeg vona því, að háttv. deild samþ. frv. óbreytt að öðru leyti en brtt. á þgskj. 264 fer fram á.

ATKVGR.

Brtt. 262. ofseint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ. í e.hlj.

— 262, 1. feld með 17 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., H. K., J. J., M. P., P. Þ., S. S.

nei: B. Sv., B. St., E. A., E. J., G. Sv.

J. M., J. B., M. G., M. Ó., P. J., P. O., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.
Einn þm. fjarstaddur.

Brtt. 262, 2. tekin aftur.
— 264. samþ. með 17 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. A., E. J., G. Sv., H. K., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.
nei: B. Sv., B. J., B. K., B. St., J. J., P. Þ., S. S.
Einn þm. fjarstaddur.

Brtt. 232. kom því eigi til atkv.
Frv., svo breytt, samþ. í e.hlj. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., föstudaginn 3. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild handa bæjar- og sveitarstjórnum til að taka eignarnámi eða á leigu brauðgerðarhús o. fl.,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 275).

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 4. ágúst, var frv. tekið 1. umr.

Ofskamt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði leyfð og samþ. í e.hlj.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Þetta mál er hingað komið frá háttv. Nd. Það var bjargráðanefnd þeirrar háttv. deildar, sem kom fram með það, og hefir hún mælst til, að því yrði hraðað sem mest.

Eins og kunnugt er urðu allmiklar umræður um málið í háttv. Nd., sjerstaklega um 7.—10. gr. frv., sem ræða um leigutöku á brauðgerðarhúsum. Fanst sumum það vafasamt, að heimild mundi til þess vera í núgildandi lögum að framkvæma það, sem þar er farið fram á, og þótti við því búið, að húseigendur mundu verða hart úti. Brtt. um að nema þetta burt úr frv. kom að vísu fram, en var feld, þó ekki með stórvægilegum meiri hluta atkv.

Að svo stöddu mun jeg ekki fara frekar út í einstök atriði frv., en leyfi mjer að eins að óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr., og til bjargráðanefndar þessarar háttv. deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv., og til bjargráðanefndar (sjá A, bls. 1618) með 14 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 275, n. 325).

Frsm. (Karl Einarsson): Nefndin, sem hafði mál þetta til meðferðar, áleit, að þörf væri á að flýta því sem mest, og hefir því afgreitt það eins fljótt og hún gat.

Nefndinni finst að vísu sumar greinar frv. nokkuð harðar í garð brauðgerðarmanna, en verður þó að mæla með, að það verði samþ., því að svo getur farið, að verð brauða breytist enn þá, og þá getur staðið svo á, að erfitt verði fyrir viðkomandi sveitarfjelög að greiða fram úr vandræðunum, ef heimild sú, er frv. þetta hefir að geyma, verður eigi veitt.

Þá hefir nefndin lagt til, að gerðar verði nokkrar breytingar á frv. Það eru, eins og brtt. bera með sjer, aðallega orðabreytingar, t. d. í 5. gr. 1. málsgrein. Þar gat nefndin ekki felt sig við, að talað væri um að áfrýja mats-

gerð, og leggur því til, að sett sje »ekki hlíta« í staðinn fyrir »áfrýja«. Þá er 6. gr. frv. Þar er talað um að yfirheyra menn; það gat nefndin ekki heldur felt sig við, að þessir matsmenn yfirheyri fólk eins og vitni, og leggur því til, að því verði breytt, enda liggur hegning við að gera það rangt.

Loka eru 2 efnisbreytingar, þó ekki mikils verðar, en heldur til hægindа fyrir eigendur, nefnilega að leigan sje borguð fyrirfram, en ekki eftir á, og ef hús eru tekin eignarnámi, þá sje uppsögn bundin við þrjá mánuði.

Jeg skal svo leyfa mjer að óska þess, að frv. þetta nái fram að ganga.

ATKVGR.

Afbrigði um n. 325, er ofseint var útbýtt, leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 325, 1. a.—d. samþ. með 13 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

— 325, 2. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

— 325, 3. samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

— 325, 4. samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

— 325, 5. a.—c. samþ. með 11 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

— 325, 6. samþ. með 11 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

— 325, 7. samþ. með 11 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

8. og 9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 325, 8. samþ. með 11 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., fimtudagian 9. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 366).

Ofskamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 30. fundi í Nd., miðvikudagian 10. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild handa bæjar- og sveitarfjelögum til að taka eignarnámi eða á leigu brauðgerðarhús o. fl., eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 375).

Á 32. fundi í Nd., mánudagian 13. ágúst, var frv. tekið til einnar umr. (A. 375, n. 417).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg sje enga ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, en lest mjer nægja að vísa til framsöguframsögunefndarálitsins; þar er gerð grein fyrir því, hvernig nefndin lítur á breytingar þær, sem háttv. Ed. hefir gert á frv.; eru það mestmegnis orðabreytingar, og ekki nema tvær efnisbreytingar, hvorug þó stórvægileg. Vænti jeg þess, að háttv. deild

muni samþykkja frv. óbreytt, eins og nefndin leggur til.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e.hlj. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 437).

---

39. Hjónavígsla.

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stofnun hjónabands (A. 151).

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 27. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (**Gísli Sveinsson**): Jeg skal leyfa mjer að mæla nokkur orð, til viðbótar við greinargerðina fyrir frv.

Það er kunnugt, að ástandið í landinu er svo í þessu efni, að veraldlegir valdsmenn geta ekki gefið saman hjón, nema annaðhvort hjónaefnanna eða bæði sjeu utan þjóðkirkjunnar. Þetta finst mörgum hart, að veraldlegum embættismönnum skuli eigi jafnan heimilt að gefa saman hjón, hvernig sem á stendur.

Í annan stað eru prestar ekki allir jafnrjettháir til þess að gefa saman hjón; að eins þeir, sem eru þjóðkirkjuprestar, hafa rjett til þess að gefa hjón saman, hverrar trúarjátningar sem eru, en utanþjóðkirkjuprestar hafa ekki að lögum leyfi til þess að gefa saman hjónaefni, sem eru í þjóðkirkjunni. Eina undantekningin er fríkirkjupresturinn hjer í Reykjavík, sem fengið hefir sjerstaka undanþágu að þessu leyti.

Í þriðja lagi, þótt kleift sje með undanbrögðum að komast undan blessun prestanna, þá geta hjónaefnin það þó ekki með öðru en því að segja sig úr þjóðkirkjunni að forminu til eða til yfirdrepskap, til þess að geta fengið bargaralega vígslu.

Hjónaband er algerlega borgaralegs eðlis og hefir verið það, þangað til kirkjan tók það undir sig, eins og önnur fleiri mál. En lögunum er ekki heldur fullnægt þótt menn geri þetta, að segja sig úr þjóðkirkjunni; þótt þeir sjeu alveg trúlausir, verða þeir að segja til, hverja trú þeir hafi og í hverri trú þeir ætli að ala upp börn sín. Þetta má teljast alveg óviðeigandi og óviðunandi. Það er nú komið meira los á kirkjumál en verið hefir, þótt alla tíð hafi verið innan kirkjunnar vjebanda menn, sem ekki hafa fylgt trú kirkjunnar. En afleiðingar trúbragðafrelsisins eru þær, að menn vilja ekki hlíta þeirri kirkju, sem þeir ef til vill, eða oftast, af tilviljun hafa komist inn undir, því síður að þurfa að tilkynna trúarjátning, sem þeir má ske hafa alls ekki.

Frv. þetta miðar að því að ráða bót á þessu ástandi, á svipaðan hátt og á sjer stað í flestum menningarlöndum. Í sumum helstu menningarlöndunum eru lögin enn strangari en þetta frv. tilskilur, sem sje skilyrðislaust borgaralegt hjónaband. Svo er í Frakklandi, Þýskalandi, Austurríki og Ítalíu, löndum, sem ekki verður sagt um, að apað hafi hvert eftir öðru.

Í þessu frv. er valin sú leið, sem mun þykja aðgengilegri, sem sje að gera mönnum frjálst, hvort þeir vilji klerklegt eða veraldlegt hjónaband. Það er hin facultativa leið. Þetta er efni frv., og í samræmi við það hafa verið gerðar nauðsynlegar breytingar á þeirri löggjöf, sem hjer að lýtur.

Hjer er og gerð ein lítil breyting, sem sje sú, að sóknarpresti beri ekki gjöld af þeim, sem velja annan prest eða

embættismann til hjónavígslunnar. En að þessu hefir það verið svo, að hjónaefni, sem hafa valið sjer prest til hjónavígslunnar, hafa orðið einnig að greiða pússunartoll til sóknarprests brúðarinnar.

Jeg skal að eins geta þess í þessu sambandi, að jeg, ásamt háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), flyt till. til þingsályktunar um hjúskaparslit og afstöðu barna til foreldra. — Háttv. meðflutningsmaður minn (E. A.) hefir nú komið fram með brtt. við þá till. í þá átt, að hún hljóði einnig um stofnun hjúskapar.

Að gefnu tilefni vil jeg taka það fram, með því að jeg hefi orðið var við, að sumir hafa misskilið þetta, að þessi brtt. háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) fer alls ekki í bága við þetta frv., og jeg veit, að það er ekki tilætlun háttv. flutningsm. Hún hnígur að skilyrðunum fyrir stofnun hjónabands, en þetta frv., eins og menn sjá, hljóðar um athöfnina, um hjónavígsluna.

Einar Arnórsson: Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er efnd á gömlu heiti 47. gr. stjórnarskrárinnar, er mælir svo fyrir, að enginn skuli nokkurs í missa af borgaralegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna. Jeg lít svo á, að ákvæði laga 19. febrúar 1886 fullnægi ekki anda stjórnarskrárinnar. Það er haft á mönnum að binda hjónabandið við trúarskoðanir, og þess vegna er rjett og skylt að greiða fyrir frv.

Eins og háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) gat um er svo að sjá, sem sumir misvitrir menn hafi skilið brtt. mína við þingsályktunartillögu okkar þm. V.-Sk. (G. Sv.) um hjúskaparslit o. fl. svo, að hún ætti að svæfa frv. Þótt jeg hafi orðað hana svona, ætlaðist jeg ekki til þess, en átti við það, að mörg önnur atriði varða stofnun hjónabands, en hjónavígslan ein, og brtt. mín er fram komin í því skyni, að ýms gömul og úrelt ákvæði um frændsemi, mægðir o. s. frv. verði afnumin og önnur betri og sæmri siðuðu landi komi í staðinn. Jeg vil því mæla hið besta með frv., hvort sem þingsályktunartill. verður samþykt eða ekki.

Pjetur Otteson: Jeg vil lýsa ánægju minni yfir því, að slíkt frv. sem þetta er fram komið, og finst mjer meira en tími til þess kominn að hrista af sjer ýmsar kreddur og löghelgaðar venjur frá eldgamalli tíð, sem ekki samrýmast frelsi manna í trúmálum og tíðarandanum yfirleitt. Það gleður mig mikið, að þessi breyting gengur einmitt í þá átt að losa um þau tengsli, er halda ríki og kirkju saman. Þau tengsli þarf að slíta sem allra fyrst í sundur með öllu. Það mál hefir nú um langt skeið verið ofarlega á baugi hjá þjóðinni, og er trauðla hugsanlegt, að það dragist mjög lengi úr þessu að hrinda því fram til sigurs. Enda er nú hægra um vik en áður var, þar eð sú breyting hefir verið gerð á stjórnarskránni, að skilja megi ríki og kirkju með einföldum lögum.

Viðvíkjandi 3. gr. frv. er það að segja, að jeg fjelli mig miður vel við þessa auglýsingu um hjónabandið, sem þar er gert ráð fyrir.

Jeg vildi helst, að henni væri alveg slept. Það er hvort sem er, að því er mjer finst, eingöngu formsatriði. Sýnir það best, að mönnum skuli vera gefinn kostur á að kaupa sig undan því með leyfisbrjefi.

Mjer finst aftur á móti ekkert á móti því, að mönnum væri þá gert það að skyldu að láta af mörkum þessa litlu upphæð, sem leyfisbrjefið hljóðar upp á, við svo hátíðlegt tækifæri sem hjónavígslan er.

En að vera að auglýsa þetta innan

um þrotabús-, uppboðs-, fjárnáms- og sauðfjármarkaauglýsingar í Lögbirtingablaðinu um landið þvert og endilangt, það felli jeg mig ekki við. (E. A.: Ekki að gleyma óskilafjenu). Já, og svo það. Jeg vonast til þess, að háttv. flm. þessa frv. (G. Sv.) og nefnd sú, er fær það til meðferðar, fallist á að breyta þessu ákvæði.

Jeg vil svo að lokum mæla hið besta með þessu frv. Með því er stigið spor í rjetta átt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 27. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 151, n. 266).

Frsm. (Einar Arnórsson): Menn munu sjá það á málum, sem koma frá allsherjarnefnd, að henni kemur óvenjulega vel saman. Svo er enn í þessu máli; nefndin leggur til, að frv. nái fram að ganga.

Það var tekið fram á dögunum, út af þingsályktunartill., sem þá var á ferðinni, um stofnun og slit hjónabands, að sú væri ekki tilætlunin, að till. skyldi hamla framgangi þessa frv., því að það er alveg sjálfstætt og felur nær að eins í sjer formleg atriði eða hina ytri aðferð um það, hvernig hjón skuli gefin saman.

Aðalbreytingin, sem frv. fer fram á frá núgildandi lögum, er sú, að mönnum sje heimilt að snúa sjer til valdsmanns til þess að fá hjónavígslu, hverrar trúarjátningar sem eru og hvort sem menn eru í þjóðkirkjunni eða ekki. Nú er það svo, að valdsmenn mega eigi gefa hjón saman, nema annaðhvort eða bæði sjeu utan þjóðkirkjunnar. Þessi breyting bætir úr ójöfnuði, sem átt hefir sjer stað, og er í samræmi við það, sem tíðkast í flestum siðuðum löndum. Sumstaðar er raunar eingöngu valdsmönnum heimilt að gefa saman hjón, en háttv. flm. (G. Sv.) og nefndinni þótti rjettara að fara ekki lengra en svo, að heimila mönnum að velja, hvort þeir vildu heldur borgaralega eða kirkjulega vígslu.

Brtt., sem nefndin leggur til að gera, lúta ekki að aðalefni frv.

1. brtt. er við fyrirsögnina. Nefndin leit svo á, að rjett væri að skíra lögin eftir aðalefni þeirra, með því að um stofnun hjónabands er um fleiri atriði að ræða en hvernig vígslan fari fram.

2. brtt. er við 3. gr. Nefndinni þótti ekki vert að auglýsa hjónabandið í Lögbirtingablaðinu; hún feldi sig betur við gömlu regluna í lögum 19. febr. 1886, og leggur til að breyta 3. gr. samkvæmt því.

3. brtt. við 4. gr. er gerð í samræmi við 2. brtt. og við gildandi rjett.

6. brtt. stafar líka af þessu atriði og er samskonar ákvæði sem í lögum 19. febr. 1886.

7. brtt. er að eins orðabreyting. Nefndinni þótti viðkunnanlegra að orða 1. málsgrein 7. gr. svo, með því að ekki er víst, að forstöðumenn safnaðanna sjeu jafnan prestar, en lög 3. mars 1904 tala um presta og löggilta forstöðumenn.

4.—5. brtt. eru orðabreytingar. 5. brtt. er komin fram af því, að nefndin telur ekki rjett að vitna til ákvæða reglugerðar 30. maí 1890. Þeirri reglugerð kann að verða breytt, og einnig mætti skilja svo greinina, sem hún löghelgaði reglugerðina.

Að svo mæltu vænti jeg góðra undir-

tekta háttv. þingdeildar undir frv. og brtt. nefndarinnar.

Gísli Sveinsson: Jeg stend að eins upp til þess að láta í ljós gleði okkar fim. yfir því, að háttv. nefnd hefir fallist á frv. og telur það nauðsynlegt. Allar brtt. nefndarinnar eru óverulegar og hagga ekki efni frv., svo að jeg get sætt mig við þær. Jeg skal þó að eins drepa á, hvað vakti fyrir mjer í þeim greinum, sem háttv. nefnd hefir lagt til að breyta.

Fyrirsögnina, stofnun hjónabands, valdi jeg sökum þess, að hjónavígsla táknar fremur klerklega athöfn, eins og orðið vígsla yfirleitt, og á því síður við um borgaralega athöfn. En vera má, að skoða megi þetta orð sem ákveðið orð með fastri merkingu. Mín skoðun er sú, að ekki beri að halda orðum, þegar breytt er skipulagi þeirra athafna, sem þau tákna, og fátitt ætla jeg það einnig að kalla veraldlegar athafnir vígslur. En ekkert kapp legg jeg á þetta.

2. brtt. er að eins tilhögunarbreyting og lýtur að birtingu hjónabandsins. Það er auðvitað alveg skoðunarmál, hvað heppilegast sje í þessu efni, en í fljótu bragði finst mjer eins heppilegt að birta þetta í Lögbirtingablaðinu og hin aðferðin. En vel get jeg þó felt mig við þetta.

Allar hinar brtt. standa í sambandi við þessa, alt að síðustu, 7. brtt., sem þó er í rauninni orðabreyting, skotið inn forstöðumönnum safnaða. Jeg hafði þetta í huga við samningu gr., en mjer þótti ekki taka því; flestir löggiltir forstöðumenn safnaða munu vera kallaðir prestar, og í annan stað er ef til vill ekki rjett að veita öðrum forstöðumönnum safnaða en þeim, sem samtímis eru prestar, þetta vald; prestarnir ættu, að öllum jafnaði, ef lærdóm hafa, að vera færari um það en hver og einn »forstöðumaður« safnaðar.

En öll þessi atriði eru skoðunaratriði, sem jeg læt mjer í litlu rúmi liggja.

Frsm. (Einar Arnórsson): Það eru að eins 2 atriði, sem jeg vil gera athugasemdir við, hjá háttv. fim. (G. Sv.).

Það mun vera sögulega rjett hjá honum (G. Sv.), að vígsla eða ordinatio táknar í upphafi kirkjulega athöfn, enda er hjónabandið í kaþólskum sið talið sacramentum, svo að samkvæmt sögulegum kirkjurjetti mun hann (G. Sv.) hafa rjett að mæla. En orðið að »vígja« er ekki eingöngu notað í kirkjumáli. Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) minnir mig á það, að orðið er notað í ramheiðnu kvæði, sem að vísu er ort áður en kristni komst á hjer, sem sje Þrymskviðu. Þar stendur svo:

»Berit inn hamar
brúði at vígja«.

(G. Sv.: Þar er það einmitt helgiorð úr heiðnum sið). En það þarf ekki einu sinni að seilast svo langt til dæmanna; málvenjan hefir fært út kvíarnar, svo að alment mun nú sagt að vígja hjón borgaralega, í stað þess að gefa saman. Og allir þekkjum vjer orðið brúarvígslu, sem háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) nú skaut fram, og engan veginn felur í sjer kirkjulega athöfn. En nefndinni er þetta atriði ekkert kappsmál, fremur en háttv. fim. (G. Sv.).

Hitt atriðið, sem jeg vildi minnast á, var um forstöðumenn safnaðanna. Jeg get bent á forstöðumann safnaðar, sem aldrei er kallaður prestur, sem sje forstöðumann aðventista. Mjer fanst og gægjast fram misskilningur hjá háttv. fim. (G. Sv.), er hann vildi að eins fela prestvígðum forstöðumönnum safnaða hjónavígsluna, auk þess sem hann víkur þar frá jafnrjettis-grundvallarstefnu

frv. sins. Ef söfnuður hefir fengið löggiltan forstöðumann, þá hefir ríkisvaldið viðurkent hann, en 13. gr. laga 19. febr. 1886 heimilar forstöðumönnum safnaða að framkvæma þau verk, sem prestar þjóðkirkjunnar mega gera, og þar undir fellur þá hjónavígsla. Að öðrum kosti yrði að breyta lögunum. En jeg sje enga ástæðu til þess að gera upp á milli forstöðumanna, sem eru vígðir, eða ekki, ef þeir að eins hafa fengið löggilding til þess að framkvæma verk, sem prestum eru ella ætluð.

ATKVGR.

1.—2. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 266, 2. samþ. í e. hlj.
3. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
— 266, 3. samþ. í e. hlj.
— 266, 4. — án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
— 266, 5. samþ. án atkvgr.
5. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
— 266, 6. samþ. í e. hlj.
6. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
— 266, 7. samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
8. gr. samþ. í e. hlj.
— 266, 1. (ný fyrirsögn) samþ. með öllum gr. atkv. gegn 1.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 3. umr., með fyrirsögninni

Frumvarp til laga um hjónavígslu (A. 354).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með öllum gr. atkv. gegn 1 og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., föstudaginn 10. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um hjónavígslu,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 383).

Á 29. fundi í Ed., mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Eggert Pálsson: Það er ekki ætlun mín að halda langa ræðu. En af því að mál þetta var í allsherjarnefnd í Nd., og þessi háttv. deild mun vísa því til nefndar, þá vildi jeg vekja athygli á því, hvort eigi mundi rjett, fyrst að einstaklingarnir eru leystir frá þeirri skyldu að nota sóknarprest sinn til þess að láta hann gefa sig í hjónaband, eða greiða honum gjald það, sem hann hingað til hefir átt rjett á að fá, hafi annar prestur gift, að þá væri einnig sóknarpresturinn leystur frá þeirri skyldu að gifta persónur, sem hann af einhverjum ástæðum, segjum trúarlegum, vill ógjarnan gifta. Nú kveður 7. gr. frv. svo á, að hjónaefni geti eigi að eins látið sýslumann eða bæjarfógeta gifta sig, heldur einnig annan prest en sóknarprestinn, án þess að þau leysi nokkurt gjald af hendi til prestsins. Því fyndist mjer rjettast og í bestu samræmi við þetta ákvæði, að prestur sje líka undanþeginn þeirri skyldu að gifta hjónaefni, ef honum, af einhverjum ástæðum, kynni að vera það ógeðfelt. Það getur hugsast, að presti þætti ekki geðfelt að gifta t. d. fráskildar persónur. Það hefir komið fyrir í Danmörku, að málaferli hafa risið út af því, að prestur neitaði að vígja þesskonar persónur, og varð úr hæstarjettarmál, og prestur sýknaður. Sömuleiðis gæti það auðveldlega komið fyrir, að prestar sæju sjer ekki fært, vegna trúarskoðunar sinnar, að gifta hjónaefni, sem eigi hefðu hlotið skírn, og sýndist þá engin ástæða til að þvinga

prestinn til að framkvæma slíka vígslu, allra síst þar sem hjónaefnin geta samkvæmt frv. þessu eigi að eins látið sýslumann eða bæjarfógeta gifta sig, heldur hvern prest sem vera skal. Þess vegna fyndist mjer rjettast, að sóknarprestarnir væru undanþegnir þessari skyldu, úr því að hjónaefnin eru losuð við gjaldið til hans.

Jeg vildi skjóta þessu fram, væntanlegri nefnd til athugunar. En má ske slíkt ákvæði í þessu frumvarpi sje með öllu óþarft, fyrir þá skuld, að sömu lög sjeu hjer gildandi og í Danmörku í þessum efnum, samkvæmt hinum áminsta hæstarjettardómi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1607) með 11 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., föstudaginn 24. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 383, n. 547).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Hingað til hafa það verið lög innan þjóðkirkjunnar, að hjónaband sje ekki löglegt nema prestur vígði hjónin. En fyrir alllöngu hefir brytt á röddum í þá átt að leyfa borgaralegt hjónaband jafnhliða. Lagafrv. hafa komið fram um þetta á árunum 1894, 95 og 97. Tvisvar voru þau ekki útrædd, en einu sinni var neitað um staðfestingu á þeim. En jafnan hefir verið allharður ágreiningur um málið. Menn hafa bent á það annars vegar, að málið væri borgaralegs eðlis. Hins vegar hefir því verið haldið fram, að það mundi rýra helgi hjónabandsins, ef engin kirkjuleg athöfn væri stofnun þess samfara. Hvorttveggja hefir nokkuð til síns máls. Hjónabandið er að sjálfsögðu borgaralegs eðlis; borgaralegur rjettur er því samfara, og borgaralegar skyldur eru við það bundnar. Hins vegar er hjúskapurinn og málefni hans á ýmsan hátt svo nálægt svæði siðferðis og trúarbragðanna, að eðlilegt mætti þykja, að kirkjunni þætti mikils um vert að hafa nokkur afskifti af honum.

Nú liggur hjer enn fyrir þetta frv., um að gera hvorttveggja stefnunni jafnhátt undir höfði. Og nefndin hefir, að öllu athuguðu, fallist á, að rjett sje að samþykkja það. Að vísu hefir málið legið að mestu í þagnargildi um hríð, og að vísu hafa engar háværar kröfur komið fram um það; jeg man t. d. ekki eftir neinum þingmálafundi, þar sem um þetta hefir verið rætt. En alt fyrir það mun þó víst, að hugur manna hefir nú meira snúist að þessu, og yfirleitt má búast við, að þessari breytingu verði vel tekið. Það er raunar ekki svo, sem jeg sje hjer fyrir kirkjunnar hönd að flytja skilnaðarkveðju til kirkjulegrar hjónavígslu; hún mun að sjálfsögðu enn verða aðallega notuð. En rjettindi til borgaralegrar vígslu hafa þegar verið veitt utan þjóðkirkju, og hefir þá verið óskað sama rjettar fyrir þá, sem í þjóðkirkjunni eru. Þessi rjettur utanþjóðkirkjumanna hefir haft áhrif á þjóðkirkjuna. Því að ekki hefir þurft annað en segja sig úr henni til þess að fá hann, og er kunnugt, að það hefir þó nokkuð verið notað. Er þetta einni ástæðu meira til þess að stíga sporið fult og heimila þetta án krókaleiða.

Jeg tel víst, að kirkjunnar mönnum verði kært, að hin þýðingarmikla stofnun hjónabandsins verði eftir sem áður sem mest tengd við kirkjulega athöfn. En jeg tel hitt jafnvíst, að þeir óski ekki lengur neina þvingun, en játi, að þessi rýmkun geti einnig haft sína þýðingu til nytsemdar. Það gæti t. d. ef

til vill orðið eitt ráð í áttina til þess, að minna yrði af ólögfullum samböndum, þegar greiður er aðgangur að þeirri vígslu, sem hver vill helst kjósa.

Jeg tel varla þörf á að fara fleirum orðum um niðurstöðu nefndarinnar, en vil leyfa mjer að ráða háttv. deild til að samþykkja frv., með þeim breytingum, sem nefndin hefir lagt til að á því verði gerðar. Jeg geri ekki ráð fyrir, að jeg þurfi að gera neina grein fyrir brtt. nefndarinnar. Það er að eins breyting á niðurröðun efnisins, sem oss þótti betur við eiga.

ATKVGR.

Brtt. 547, 1. (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 547, 2. (ný 2. gr.) — — 12 shlj. atkv.
— 547, 3. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt (verður 3. gr.), samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 547, 4. samþ. án atkvgr.
— 547, 5. — — —
4. gr., svo breytt (verður 5. gr.), samþ. með 13 shlj. atkv.
— 547, 6. samþ. án atkvgr.
— 547, 7. — — —
— 547, 8. — — —
5. gr., svo breytt (verður 6. gr.), með 13 shlj. atkv.
— 547, 9. samþ. án atkvgr.
— 547, 10. — — —
6. gr., svo breytt (verður 7. gr.), samþ. með 12 shlj. atkv.
— 547, 11. samþ. með 11 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 626).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 45. fundi í Nd., þriðjudaginn 28. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um hjónavígslu, eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 654).

Á 49. fundi í Nd., laugardaginn 1. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 654, n. 727).

Frsm. (Einar Arnórsson); Hv. Ed. hefir ekki gert neinar breytingar á þessu frv. að efni til, en breytt dálítið forminu, skift um greinar og gert aðrar smávægilegar breytingar. Allsherjarnefnd hefir því ekkert við frv. að athuga, en leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Sigurður Stefánsson: Það er eins með þetta frv. eins og flest önnur á þessu þingi, að jeg hefi ekki getað fylgst með því frá byrjun. Mjer er því ókunnugt um þau drög, sem liggja til þess, að þetta frv. er fram komið, hvort það eru almennar óskir frá þjóðinni, eða þessi vanalega frumvarpa-frjósemi hjer á þinginu. Getur vel verið, að raddir hafi komið fram á þingmálafundum um að hreyfa þessu máli. En hafi engar raddir heyrst í þá átt, þá verð jeg að álíta, að lítil nauðsyn hafi borið til að koma með þetta frv. nú.

Breytingin, sem hjer er farið fram á frá gildandi lögum, er sú, að frv. veitir öllum jafnan rjett til borgaralegrar hjónavígslu, án tillits til þess, hvort

þeir eru í þjóðkirkjunni eða utan hennar. Við það er í sjálfu sjer ekkert að athuga, ef svo væri að öðru leyti í garðinn búið, að hjónaefni yfirleitt sæju sjer fært að nota þetta frelsi. En er jeg les yfir frv., rek jeg mig á talsverða agnúa á því. Jeg get tekið það fram, að þetta frv., að forminu til, sviftir presta talsverðum tekjum. Jeg skal nú ekki fást um það. Við prestar erum orðnir ýmsu vanir af slíkum ráðstöfunum og eigum nú orðið hjer á þingi formælendur fáa. Jeg legg ekki heldur mikið upp úr þessu atriði, en rjettlátt er það ekki, að löggjafarvaldið svifti einstaka stjett embættismanna tekjum, án þess að bætur komi fyrir. En þegar jeg lít á þetta frv., þá er jeg ósköp hræddur um, að frelsisgjöfin verði meiri í orði en á borði. Í lögunum frá 1886 er utanþjóðkirkjumönnum veitt undanþága frá kirkjulegri vígslu. Niðurstaðan hefir orðið sú, að hjónavígslan hefir orðið miklu dýrari og að ýmsu leyti umsvifameiri fyrir þessa menn heldur en fyrir þjóðkirkjumenn. Um þetta er ekki mikið að fást. Jeg verð að álíta, að þeir, sem geta ekki notað kirkjulega vígslu af trúarlegum ástæðum, vilji fúslega leggja á sig þann kostnað, sem þeir verða að borga fram yfir þjóðkirkjumenn. En þegar þess er gætt, að nú er öllum leyft að nota borgaralega vígslu, þá þarf ekki lengur neitt trúaratriði til þess að nota hana í stað kirkjulegrar vígslu. Þá hefði um leið átt að sjá um það, að jafnhægur aðgangur væri að hvorutveggju. En svo er ekki. Eftir þessu frv. verður borgaraleg vígsla miklu dýrari en kirkjuleg. Hún verður svo dýr, að allur fjöldi hjónaefna mun ekki sjá sjer efnalega fært að nota hana. Það er því tekið með annari hendinni, sem gefið er með hinni. Þess vegna eru allar líkur til, að þessi lög verði ein af pappírslögunum, sem ungað er út á Alþ., með ærnum kostnaði, við umr., prentun o. fl., en aldrei koma neinum að notum. Þetta frv. er einn fleygurinn, sem verið er að reka í þjóðkirkjulöggjöfina, ný bót á gamalt fat. Það er miklu nær að taka málið frá rótum heldur en að vera með þetta sífelda kák í kirkjulöggjöfinni.

Jeg skal nú finna orðum mínum stað um það, að dýrt yrði hjónaefnum að fá vígslu eftir þessum lögum. Að vísu má segja, að það, sem dýrleikann snertir, sje ekki neitt nýmæli í þessum lögum, þar sem það er til í eldri lögum. En flutningsmenn hafa sjálfsagt búist við, að þessi lög yrðu eitthvað notuð, og þá fyrst er hægt að nota þau, er hjónaefni sjá sjer það fært vegna kostnaðar. Fyrst og fremst er það ákvæði, að valdsmaður skuli geta stefnt hjónaefnunum til kaupstefnu hvert sem hann vill í lögsagnarumdæminu. Í lögunum um utanþjóðkirkjumenn er þetta svona. En þar er alt öðru máli að gegna þegar trúaratriði valda því, að menn nota sjer undanþáguna. Nú er hægt að gera ráð fyrir, að valdsmaður, sem gefa á saman hjón eftir nýju lögunum, vilji sem oftast stefna hjónaefnum heim til embættisbústaðar síns. En þá má búast við, að oft geti hjónaefni hreint ekki hlýtt stefnu valdsmannsins, nema með ærnum kostnaði. Það getur kostað ærna peninga að fara úr fjarlægum sveitum til bústaðar valdsmannsins. Nú má segja, að valdsmaður geti ákveðið brúðkaupsstefnu annarsstaðar, þar sem brúðhjónin eiga hægra með að mæta. En þá fylgir sá böggull skammrifi, að eftir gildandi lögum fá valdsmenn auðvitað ferðakostnað og dagpeninga, á meðan þeir eru á leiðinni, og þann kostnað verða hjónaefnin að borga. Þessi ferðakostnaður yfirvaldsins getur oft orðið margir tugir króna. Tökum t. d., að hjón norður á Melrakkasljettu eigi að sækja vígslu til sýslumannsins á Húsavík. Sú ferð gæti

kostað marga tugi króna. Samkvæmt þessu frv. er einnig sjálft hjónavígslugjaldið, pússunartollurinn, hækkaður um helming frá því, sem nú er í lögum um utanþjóðkirkjumenn, eða úr 4 kr. upp í 8 kr.; það er líka nokkur kostnaðarauki. Þjóðkirkjuvígslan kostar 6 álnir, sem í vanalegu árferði er 3—4 kr. Þetta er sem sagt mjög mikill kostnaður, þegar alt kemur saman, ferðakostnaður hreppstjóra fyrir að festa upp auglýsingar, dagpeningar og ferðakostnaður sýslumanns o. fl.; alt verður að reikna með. Jeg er ekki að segja, að það sje óhjákvæmilegt fyrir brúðhjónin að hleypa sjer í þennan kostnað. Þau geta eftir sem áður notað kirkjulega vígslu. En til hvers er þá verið að setja þessi lög? Jeg sje ekkert við þau unnið, ef að því rekur, að þau verða svo sem ekkert notuð sökum kostnaðar. Þau verða þá dauður bókstafur. Það er alt annað, þó að menn vilji mikið á sig leggja af trúarlegum ástæðum.

Þá er eitt atriði í frv., sem jeg varla veit við hvað á. Í 6. gr. er svo fyrir mælt, að skýrslu þá, sem valdsmaður sendir sóknarpresti, skuli rita inn í gerðabók prestakallsins. Með minni embættisreynslu þekki jeg ekki þá bók. Jeg veit, að þetta er tekið upp úr lögunum frá 1886, en er ekkert betra fyrir það. Það er leitt að sjá »terminos« í lögum, sem ekki eru til í málinu, heldur eru einhver aðskotadýr, sem enginn kannast við.

Jeg verð að álíta, að engin þörf hafi verið á þessu frv. nú, og að það taki aftur með annari hendinni það, sem það þykist veita. Það ætlast til, að engum skuli meinað að nota borgaralega hjónavígslu, en svo er hún gerð svo dýr, að fyrirsjáanlegt er, að ekki muni nema sárfáir menn vilja nota hana. Hvað er þá unnið við þessi lög? Þau eru dauður bókstafur, pappírslög og ekkert annað. Borgaraleg vígsla getur kostað 70—80 kr. eftir þessu frv. Það dettur því engum í hug að nota hana, sem á annað borð tilheyra þjóðkirkjunni, heldur fara menn til prestsins eftir sem áður. Og til hvers eru þá lögin?

Gísli Sveinsson: Það sjer á, að við höfum fengið kennimann í deildina, sem rennur blóðið til skyldunnar. Jeg kann því ekkert illa, þótt háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) risi upp á 11. stundu, þar sem hann hefir ekki átt kost á því fyr. En það er algerlega á 11. stundu, því að frv. er nú búið að ganga í gegnum báðar deildir og er komið hingað aftur frá háttv. Ed. Háttv. þm. (S. St.) virðist leggja aðaláhersluna á það, að frv. þetta muni ekki geta komið að neinum notum, en gat þess þó — í svigum að vísu, en nokkuð áberandi samt — að það gæti svift presta nokkrum tekjum. Það er satt, að prestar geta mist einhvers í. Þeir eiga eftir þessu frv. ekki að fá gjöld, sem þeir hafa órjettilega upp borið, gjöld fyrir verk, sem þeir hafa alls ekki int af hendi. Og eftir reglum um kaupgjald er ekki rjett, að neinn fái borgun fyrir verk, sem annar leysir af hendi. Jeg býst því við, að einhverjum prestum þyki þetta ef til vill skerðing, varla á frelsi samt, heldur á einhverju öðru. Reyndar þurfa þeir nú ekki að óttast svo mjög tekjumissi, eftir þeirri niðurstöðu, sem háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) komst að um framkvæmd laganna, að borgaraleg vígsla mundi verða svo dýr, að flestir mundu frá hverfa og leita til prestanna, eins og áður.

Háttv. þm. (S. St.) sagði nú öllum leyfilegt að láta vígja sig borgaralega. Þetta er auðvitað ekki rjett. Eins og hann hlýtur að vita er svo langt frá því, að til þess að geta fengið borgaralega vígslu verða menn að ganga úr

þjóðkirkjunni. (E. A.: Þetta er misskilningur á orðum þm. (S. St.). Hann sagði, að það yrði öllum leyfilegt eftir þessu frv.). Ef hann hefir átt við það, þá er það alveg rjett, og það er tilgangur frv., að öllum skuli jafnheimilt að láta borgaralegan valdsmann gifta sig. Það teljum við flutningsmenn mikinn kost, og fjöldi manna víðs vegar úti um land og meiri hluti þessa þings álíta það mikinn kost. Jeg hygg, að allur þorri manna sje einhuga á þeirri skoðun, að með þessu frv. sje komist miklu nær því persónulega frelsi, sem stjórnarskráin lofar öllum mönnum, heldur en núgildandi lög um þetta efni gera.

Það er rjett hjá háttv. þm. (S. St.), að með þessu er ekki grafið fyrir allar rætur, sem saman liggja í borgaralegum og kirkjulegum efnum. Jeg vona, að við getum átt samvinnu um það síðar, ef við eigum eftir að vera á þingi saman, sem við búumst báðir við. Mjer er það ríkt í huga að ganga svo frá þeim málum, að engu verði þar saman blandað nema því, sem menn vilja af frjálsum hug. Jeg á hjer við það, að ríki og kirkja verði aðskilin til fulls. Þetta frv. er bót á ástandinu, sem nú ríkir, en jeg vona, að þeir, sem eru þeirrar skoðunar, að þetta eigi að leysast sundur að fullu, geti ekki haft á móti að taka þetta atriði til endurbóta, þótt ekki sje grafið fyrir allar rætur að þessu sinni, enda hefir það verið gert í aðalmenningarlöndum.

Þótt hjer sje farin þessi leið, að leyfa mönnum að velja um, hvort þeir vilja heldur nota borgaralega vígslu eða kirkjulega, þá blandast mjer ekki hugur um, að rjettast væri að skylda alla menn til að hlíta borgaralegum reglum um mál, sem eru algerlega borgaralegs eðlis. Og engum getur blandast hugur um, að hjónabandið er borgaraleg stofnun. Hjer er þó farinn sá gullni meðalvegur að leyfa þeim, sem vilja, að nota prestana, meðan þeir sitja á þessari hillu, sem þeir eru nú á. En hitt er með öllu ósanngjarnt, að skylda þá menn til að hlíta prestlegri blessun, sem heldur vilja láta gifta sig borgaralega. Þá taldi háttv. þm. (S. St.), að þessi nýbreytni mundi hafa ærinn og óskaplegan kostnað í för með sjer. Þessi ummæli hans eru auðvitað alveg út í hött, því að, eins og hann játaði sjálfur, er það ákvæði, er hjer að lýtur, tekið upp úr lögum, sem nú eru í gildi, sem sje það, að valdsmaður geti kvatt til brúðkaupsstefnu á þeim stað og stundu, sem honum þóknast. Það getur því ekki haft meiri kostnað í för með sjer nú en að undanförnu, ekki síst ef lögin verða ekki notuð meir en nú er, eins og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) álítur. Þetta frv. eykur þá ekki neinn kostnað, nema þá þessi hækkun á pússunartollinum úr 4 upp í 8 kr., sem á að renna í landssjóð. (S. St.: Það munar ærið miklu). Það munar líklega meiru í augum háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) fyrir það, að það er ekki óhugsandi, að við það dragist eitthvað frá tekjum prestanna.

Það er ekki rjett hjá háttv. þm. (S. St.), að ekki megi semja lög, sem geti svift einhverja stjett embættistekjum, án þess að endurgjald komi fyrir. T. d. gera m. a. lögin frá 1886 ráð fyrir, að menn geti komist undan prestlegri vígslu. Klerkar í Ed. hafa ekki heldur fengið sig til að verja »rjettindi« presta í þessu efni. Það ber ekki heldur að telja, að þau sjeu skert um skör fram.

Jeg hygg, að það sje rangt, að menn muni vilja leggja á sig þennan kostnað að eins af trúarlegum ástæðum. Flestir munu sjá, að margar aðrar ástæður gætu orðið trúarlegu ástæðunum jafnríkar.

Annars skal jeg ekki fjölyrða um þetta mál meir að svo komnu.

Sigurður Stefánsson: Forlög þessa máls munu þegar vera ákveðin. Þó jeg hafi vikið orði að því, þá er það ekki af því, að mjer sem presti renni blóðið til skyldunnar eða sje þetta sjerlegt kappsmál.

Mig furðar á þeim ummælum háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að kostnaðurinn verði ekki meiri með þessu móti. Það þarf ekki annað en líta á embættisbústaði sýslumanna á landsbrjefinu til að sjá, að slíkt er fjarstæða. Það er ofætlun að ætla sjer að telja öðrum trú um, að það sje yfirleitt ekki ódýrara að fara til sóknarkirkjunnar sinnar en til sýslumanns. (**G. Sv.**: Til sóknarkirkju sinnar verða menn að fara hvaðanæva úr sókninni, nema leyfi sje keypt). Þótt svo yrði, að sýslumaður gæfi að jafnaði saman hjónin á skrifstofu sinni, þá er kostnaðarmunurinn æði mikill.

Það ætti háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og að vita, að það er ekki sanngjarnt að svifta embættismenn tekjum, þótt prestar sjeu, og bæta þeim ekki upp í neinu. En þetta er formatriði.

Jeg skal ekki neita því, að hjónabandið sje borgaraleg stofnun. En það mun varla spilla hjónaböndum hjer eftir fremur en hingað til, að vígslan sje kirkjuleg.

Eftir þessu frv. getur ferðakostnaður og annar kostnaður orðið 60—70 kr., og mun það rjett, sem jeg sagði, að það muni þurfa meiri en venjulegan áhuga til, að lagt sje út í hann. Er ekki líklegt, að aðrar ástæður en trúarlegar verði nógu ríkar.

Þess vegna munu lög þessi nánast verða dautt pappírsgagn.

Frsm. (Einar Arnórsson): Það er ekki laust við, að mjer þyki fyrir því, að þetta mál skuli hafa orðið þessum góðu kirkjunnar mönnum að sundurþykkjuefni. Báðir fylgja þeir hinni hreinu evangelisku kenningu, og munu vonandi sættast á öðrum sviðum. Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) mun nú vera dauður í þessu máli, og skal jeg ekki leggja honum ámæli í gröfinni. Þetta verður að eins góðmannleg grafskrift, og ekki löng.

Þetta er stefnumál. Í stjórnarskránni, 47. gr., stendur, að enginn megi neins í missa af borgaralegum eða þjóðlegum rjettindum sakir trúarskoðunar sinnar. Nú er það þó svo, að þeir einir, sem eru utan þjóðkirkjunnar, hafa rjett til borgaralegrar vígslu. En margur, sem í þjóðkirkjunni er, mundi þó heldur kjósa hana. Hjer er um það að ræða, að menn öðlist rjett til þess, sem þeir heldur óska. Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) kvað þetta vera kák. En sama kákleiðin hefir verið farin víða annarsstaðar.

Frá sjónarmiði háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) ætti það að vera meðmæli, ef lögin yrðu að eins pappírsgögn. Þeim góða kirkjunnar manni, sem álítur það sáluhjálplegra, að prestur vígi hjón, en veraldlegur valdsmaður, ætti þá að liggja í ljettu rúmi, hvort frv. verður að lögum eða ekki.

Mörg dæmi þekki jeg til þess, að fólk virðist ekki horfa í kostnaðinn, þegar um giftingu er að ræða. Það er ekki óvenjulegt, að fólk komi hingað til Reykjavíkur austan úr sýslum til að giftast, »og svona kvað það vera um allar jarðir«. Menn gifta sig mikið á vorin í sveitunum, og nota sjer þá manntalsþingaferðir sýslumanna. Það yrði mönnum kostnaðarminst. (**S. St.**: Í sveitinni giftast menn ekki á vorin). Svo er þó oft, þar sem jeg þekki til, enda er það eðlilegast þeim, sem ætla að byrja búskap.

Rjettindamissir presta, ef þessi lög verða samþykt, er ekki meiri en rjettinda- og tekjumissir sýslumanna, er

bannlögin gengu í gildi, og heyrðust þó engar kvartanir þá af þeim ástæðum. 2. gr. laga frá 15. okt. 1875 kveður svo á, að fastlaunaðir embættismenn verði að láta sjer lynda hverja þá takmörkun, sem gerð er á yfirgripi og ásigkomulagi embætta þeirra, þótt þetta sje ekki tekið fram í hverju veitingarbrjefi. Prestar verða því að lögum að hlíta þessu.

Þá skal jeg ekki eyða fleirum orðum um þetta mál. Jeg þakka háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) fyrir hans kirkjulega áhuga, og vona, að þótt honum og háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hafi ekki samið í þessu máli, að það valdi ekki sundrungu þeirra í milli um hið góða málefni, hina góðu og gömlu kenningu kirkjunnar, er þeir berjast fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:2 atkv., og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 760).

---

40. Friðun hreindýra.

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 27. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um framlenging á friðunartíma hreindýra (A. 178).

Á 23. fundi í Nd., fimtudaginn 2. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Jónsson): Þetta frv. er komið fram af því, að nú er útrunninn friðunartími hreindýra. Jeg lít svo á, að ekki geti komið til mála að láta friðunarlögin falla úr gildi, án þess að framlengja þau. Jeg sting upp á, að frv. sje látið ganga nefndarlaust gegnum þingið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 27. fundi í Nd, þriðjudaginn 7. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 178).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 178).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., föstudaginn 10. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um framlenging á friðunartíma hreindýra,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 382).

Á 29. fundi í Ed., mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg hefi heyrt kunnuga menn eystra bera brigður á, að nauðsynlegt sje að friða hreindýr alt árið. Það muni nægja að friða þau 11 mánuði; en óþarft sje að friða í ágústmánuði.

Málið hefir gengið nefndarlaust gegnum Nd., og vildi jeg leyfa mjer að stinga upp á, að þessi háttv. deild vísaði því til landbúnaðarnefndar, til þess að hún geti athugað þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv., og til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1604) með 11 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 382, n. 609).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um frv. þetta.

Hreindýr voru friðuð hjer með lögum 1901 í 10 ár, eða til 1. jan. 1912. Á þinginu 1911 var friðunartíminn framlengdur til 1. jan. 1917. Síðan hafa þau því verið ófriðuð.

Flm. þessa frv., sem kunnir eru þessu máli, halda því fram, að mjög hægt gangi með fjölgun hreindýra og að mikil hætta sje á því, að þeim muni verða útrýmt á skömmum tíma, ef þau verða ekki friðuð framvegis; þau sjeu svo fá enn.

Landbúnaðarnefnd Ed. hefir fallist á þá skoðun flm., og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 29. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 382).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv., og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 713).

---

41. Herpinótaveiði.

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 27. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um samþyktir um herpinótaveiði á fjörðum inn úr Húnaflóa (A. 179).

Á 23. fundi í Nd., fimtudaginn 2. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Pjetursson): Þótt greinargerðin fyrir þessu frv. sje stutt, vona jeg, að hún sje nægileg, og skal jeg því ekki segja neitt frekar um málið að þessu sinni. Jeg legg til, að málinu verði vísað til sjávarútvegsnefndarinnar, og vil skjóta því til hennar að athuga vel línurnar, sem frv. getur um. Jeg skal lána nefndinni sjókort yfir Húnaflóa, ef hún æskir þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til sjávarútvegsnefndar (sjá A, bls. 1613) í e. hlj.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 179, n. 408).

Frsm. (Matthías Ólafsson): Þetta frv. er fram komið að ósk Strandamanna og Húnvetninga. Sjávarútvegsnefndin, sem haft hefir málið til meðferðar, hefir komist að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að leggja til, að það verði samþykt. Það stendur þannig á Húnaflóa, sjerstaklega vestanverðum, að þar er síld mikil og veiðisæld góð í fjörðum þeim, er inn úr Húnaflóa ganga, en komið hefir það fyrir, að botnvörpungar hafa dregið þar um herpinætur og gert með því trafala þeim, sem lagnet eiga inni í fjörðunum, og yrði meiri skaði að, ef meira væri um lagnetaveiði. Það virðist því ekki neitt til fyrirstöðu, að samþyktir yrðu gerðar um þetta. Það þyrfti enginn skaði að verða fyrir stórútgerð, því að firðir þessir eru allir mjóir, nema Steingrímsfjörður, og allir í landhelgi. Nefndin leggur því eindregið til, að frv. verði samþykt, með þeirri lítilfjörlegu breytingu, sem prentuð er aftan við nál. á þgskj. 408, að línan verði dregin frá Bjarnarnestöngum í Hnappasker á Hrútafirði, í stað Ennisstiga. Með þessu er hægt að komast af með eina beina línu, í stað tveggja, án þess þó, að oflangt sje farið í einu, því að það er óhugsandi, að stórskip fari inn fyrir þessa línu til að fiska. Þessi breyting miðar að því að gera línurnar, sem draga þarf, færri. Frá Heggstaðanesi er svo dregin lína í Ánastaðabæ, og er því ekki ætlast til, að svæðið fram af Vatnsnesi verði friðað.

Frá Vatnsnestá skal svo lína dregin að Sölvabakka í Refasveit, en undanskilið er er þó dálítið svæði innan þeirrar línu, sem er utan landhelgi, því að vitanlega er ekki hægt að gera samþyktir um svæði, sem ekki eru í landhelgi.

Nefndin athugaði þetta nákvæmlega, og komst að þeirri niðurstöðu, að þetta væri engin hætta fyrir herpinótaveiði, en gæti komið í veg fyrir þá hættu, sem af því stafaði, ef farið væri með herpinætur inn á mjóa firði, því að það myndi spilla veiði hjeraðsbúa, án þess að herpinótaveiðin gæfi nokkuð verulegt í aðra hönd. Það er mikill hagur fyrir Húnvetninga og Strandamenn, ef komið væri í veg fyrir, að herpinótaveiði spilti lagnetaveiði, sem er mjög þýðingarmikil fyrir hjeraðsbúa, sem veiða síld, bæði til beitu, manneldis og skepnufóðurs. Jeg vil því, fyrir nefndarinnar hönd, mæla hið besta með frv. við háttv. deild.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil leyfa mjer að benda á, að í 1. gr. frv. er sýslunefndum Strandasýslu og beggja Húnavatnssýslna heimilað að gera samþyktir, hverri í sínu lagi eða saman. Eftir orðalaginu verður ekki annað sjeð en að hverri sýslunefnd fyrir sig sje heimilt að gera samþyktir fyrir alt svæðið. Það er ekki gert ráð fyrir, að því verði skift þannig milli sýslunefndanna, að hver þeirra hafi að eins rjett til að gera samþykt um veiði fyrir sinni sýslu. Mjer finst, að nefndinni hafi láðst að athuga þetta, og það verði að leiðrjetta, svo að ekki sje hægt að gera samþyktir fyrir alt svæðið, nema sýslunefndir allra sýslnanna komi sjer saman um. Jeg vil líka benda á, að ekki er gert ráð fyrir, hvernig sýslunefndirnar eigi að koma sjer saman um þetta. (**M. Ó.:** Það er eftir almennum samþyktarlögum). Það getur vel verið, að það megi komast fram úr þessu, en frv. er samt ákaflega stuttaralegt, og vantar í það ákvæði, eftir því sem mjer sýnist, sjerstaklega þó þessi, sem jeg hefi nú vikið að.

Magnús Pjetursson: Jeg get ekki sjeð nauðsyn til að leiðrjetta ákvæði 1. greinar, því að mjer finst það liggja í hlutarins eðli, að sýslunefnd geti ekki

gert samþyktir fyrir aðrar sýslur en sína eigin. Þar að auki er þetta beint sagt í 2. gr., þar sem talað er um undirbúning funda og atkvæðagreiðslu þeirra, er á svæðinu búa. Mjer finst þetta útiloka allan misskilning. Aftur á móti er sjálfsagt, að hver sýslunefnd út af fyrir sig geti gert samþyktir um sína sýslu eða hluta úr sinni sýslu. En ef samþykt á að gera fyrir alt svæðið, verða auðvitað allar sýslurnar að taka þátt í því, af því að þær eiga land hvor sínu megin að flóanum. Það er síður en svo, að jeg sje á móti því að bæta við »um sitt svæði«, en mjer finst það óþarft, því að það hlýtur að upplýsast, þegar lesin er 2. og 3. gr., þótt það hafi misskilist áður.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal ekki deila um tilgang frv.; hann getur verið ljós bæði flutnm. og nefndinni, en jeg get ekki fallist á, að 2. gr. bæti úr 1. gr., eins og hv. þm. Stranda. (M. P.) hjelt fram. Þar er að eins tiltekinn einn einasti fundur, sem á að boða til. Hvort heppilegra er, að allar sýslurnar sjeu saman, skal jeg ekkert um segja, en jeg staðhæfi það, að a. m. k. þýði ekki að vísa til 2. gr., því að samkvæmt orðalagi frv. er hverri einni sýslunefnd gefin heimild til að að gera samþykt fyrir alt svæðið.

Magnús Pjetursson: Jeg skal ekki fara út í lagaskýringar, en mjer finst það augljóst af frv., að það megi gera samþykt um hverja línu út af fyrir sig, eða a. m. k. sjálfsagt, að það sje 1 fundur fyrir hvert svæði, sem ákveður um það svæði, sem hver af þessum línum lokar.

Forsætisráðherra (J. M.): Það getur vel verið, að þetta sje meiningin, en það er þá illa orðað.

Magnús Pjetursson: Það er ekki ver orðað en gildandi ákvæði um samþyktir.

Benedikt Sveinsson: Hæstv. forsætisráðherra hefir lýst yfir því, að frv. sje illa orðað, og það stoðar lítt að vísa til annara laga, þótt þau sjeu líka illa orðuð. Jeg held, að rjettara væri að gera bragarbót og taka málið út af dagskrá, svo að nefndin gæti lagað það. (**M. P.:** Það má eins gera það við 3. umr.). Annars sje jeg ekki nauðsyn þessa máls, því að það gægist út úr umræðunum, að veiði er harla lítil á þessu svæði, nema af íslenskum skipum, og hvað viðvíkur friðun á Húnafirði, eða í innanverðum flóanum milli Vatnsness og Skaga, þá er þar ekki um aðra útgerð að ræða úr landi en nokkur síldarlagnet, sem Blönduóssbúar kunna að eiga. Það er því að eins með þessu verið að friða nokkrar síldartorfur, sem leika sjer í landhelgi fáeina daga og fara svo út til hafs aftur.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg er hissa, að nokkrum skuli vera í nöp við þetta frv. Að orðalag þess sje óskýrt get jeg ekki fallist á, og jeg sje ekki, að nefndin gæti bætt það neitt, þótt því yrði vísað til hennar aftur. Það er auðvitað, að sýslunefndir geta ekki gert samþyktir um veiði annarsstaðar en innan landhelgis sinnar eigin sýslu. Það liggur í hlutarins eðli og verður varla misskilið. Ef Strandamenn vilja gera samþyktir um einstaka firði í Strandasýslu, gera þeir það vitanlega einir, en ef þeir ætla að gera samþykt um veiði í Hrútafirði, yrðu þeir að gera það í samráði við Vestur-Húnvetninga. En það er annað, sem þyrfti að leiðrjetta í frv., og það er dálítil prentvilla. Skerið heitir sem sje Skriflusker en ekki Skreflusker; það hefir líklega einhver

Sunnlendingurinn sett orðið og stafað það upp á sína vísu. Það er sú breyting, sem jeg gæti lagt til að yrði gerð, og jeg býst ekki við, að það hafi neina þýðingu að vísa því aftur til nefndarinnar, því að hún kemst varla að heppilegri niðurstöðu en hún hefir þegar komist.

Vitanlega sá háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) enga galla á frv.; hann langaði bara til að reka hornin í það.

ATKVGR.

Brtt. 408, 1. samþ. í e. hlj.
— 408, 2. — —
1. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
2.—7. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

A 35. fundi í Nd., fimtudaginn 16. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 469).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., föstudaginn 17. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um samþyktir um herpinótaveiði á fjörðum inn úr Húnaflóa,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 491).

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil leyfa mjer að óska þess, að frv. þessu verði vísað til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv., og til sjávarútvegsnefndar (sjá A, bls. 1605) með 13 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 1. sept. var frv. tekið til 2. umr. (A. 491, n. 706).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Það var að vísu nokkur efi á því hjá sjávarútvegsnefndinni, hvort þörf væri lagasetningar þessarar, en, eins og nefndarálitið ber með sjer, þá varð það þó niðurstaða nefndarinnar að mæla með því, að málið nái fram að ganga.

Sjálfur er jeg svo ókunnugur á stöðvum þeim, sem frv. nær til, að jeg get ekki dæmt um, hversu mikil þörf er þessa, en með því að Alþingi hefir áður veitt slík heimildarlög fyrir Eyjafjörð og Skagafjörð, þá sýnist það ekki vera rjett, að löggjafarvaldið hafi á móti því að veita sömu heimild fyrir Húnaflóa.

Jeg vil því, fyrir hönd nefndarinnar, mæla með því, að málið nái fram að ganga.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg er kunnugur á stöðvum þeim, sem frv. þetta á að ná til, og veit, að það er almennur vilji manna þar, að frv. þetta nái fram að ganga.

Aðallega nær frv. þetta til þriggja fjarða í Strandasýslu, Ingólfsfjarðar, Reykjarfjarðar og Steingrímsfjarðar.

Af reynslu þeirri, er fengist hefir um herpinótaveiði á Reykjarfirði, virðist það vera sýnt, að ef síld er veidd með herpinótum yst í firðinum eða fram undan Gjögri, þá eyðilegst alveg síldarafli fyrir báta, þótt síld sje nóg fyrir utan þessa línu og megi þar veiða hana með herpinótum.

Á Ingólfsfirði horfir málið öðruvísi við; þar eru sker yst í firðinum, og því engar líkur til, að heimildin yrði notuð þar.

Um Steingrímsfjörð er hið sama að segja og um Reykjarfjörð, að síldveiði mundi eyðileggjast fyrir opna báta, ef stunduð væri herpinótaveiði þar inni á firðinum. En meinlaust mundi vera, þótt hún væri stunduð fyrir utan þá línu, sem þar er dregin.

Jeg vil því leggja til, að frv. þetta verði samþykt, eins og það nú liggur fyrir.

Að eins vil jeg drepa á eina misfellu, sem á er frv. Var að vísu bent á hana í háttv. Nd.; hún er sú, að í frv. stendur rangt nafn, Skreflusker, í staðinn fyrir Skriflusker.

Þessu rangnefni þarf að breyta, og vona jeg, að gera megi það við endurprentun frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., þriðjudaginn 4. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 491).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 792).

---

42. Lýsismat.

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 27. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um lýsismat (A. 180).

Á 23. fundi í Nd., fimtudaginn 2. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Benedikt Sveinsson): Þetta frv. er gamall gestur hjer í deildinni. Það dagaði uppi hjá sjávarútvegsnefndinni í þinginu í vetur.

Frv. er fram komið samkvæmt ósk lýsissala, sem segja vera torvelt að selja lýsi »frítt um borð« nú sem stendur, þar sem ekki er lögboðið lýsismat, og erlendir kaupendur geta ekki treyst því, að lýsið sje rækilega flokkað eða slíkt að gæðum, sem þeim er sagt. Þess má raunar geta, að lýsissalar hafa komið á hjá sjer lýsismati, en verið erfitt að fá það nokkurs virt af þeim, sem lýsið kaupa, af því að lýsismatið fer ekki fram undir opinberu eftirliti.

Þetta mál snertir mjög mikið alla sjómannastjett landsins, því að hjer er um eina höfuðvörutegund sjávarútvegarins að ræða.

Árið 1912 var flutt út lýsi fyrir $^1/_2$ miljón kr., en 1913 fyrir 800 þús. kr., og síðan styrjöldin byrjaði og lýsið komst í það geipiverð, sem nú er á því, er hjer um enn meiri fjárupphæð að ræða.

Sumar atvinnugreinar byggjast algerlega á þessari lýsissölu, t. d. selveiði og hákarlaveiði, og sömuleiðis eru hagsmunir báseta á botnvörpungum mjög komnir undir verði á lýsinu, því að þeir fá alla lifur, sem til fellur, í aukagetu. Það þykir því auðsætt, að tryggja beri sem best verð á lýsi, en það verður einungis gert með því, að mat fari fram. Það greiðir bæði fyrir sölunni og tryggir það, að varan sje góð.

Þær þjóðir, sem best hafa lýsismat,

eru Norðmenn. Jeg hefi hjer í höndum samning þann, er norska stjórnin gerði í fyrra við England, um verð á norskum afurðum, og þar er lýsi flokkað í 16 tegundir.

Það kann því að vera, að stundum verði erfitt að fá menn, sem hafi nægа þekkingu á að meta lýsið, en þó hygg jeg helst tiltækilegt að fela fiskimatsmönnum þennan starfa, því að þeir munu hafa best færi á að afla sjer þekkingar um málið, og verkið að öðru leyti samrækilegast starfi þeirra við mat á fiski.

Jeg óska, að málinu verði vísað til sjávarútvegsnefndar, og vona, að hún láti það nú ekki daga uppi, eins og vetur. í

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj, og til sjávarútvegsnefndar (sjá A, bls. 1613) í e. hlj.

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 180, n. 320).

Frsm. (Mattías Ólafsson): Jeg hefi enga ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. Það getur ekki verið neinum til meins, en er lýsisframleiðendum til bóta. Í athugasemd við frv. er gerð grein fyrir nauðsyn þess og það tekið fram, að vænta megi betra verðs á lýsi, ef mat yrði lögleitt. Jeg geri ekki ráð fyrir því, að nokkur hafi nokkuð við frv. að athuga, og þykist því ekki að svo komnu þurfa að færa fleira fram málinu til styrktar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2. og 3. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 31. fundi í Nd., laugardaginn 11. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 180).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., mánudaginn 13. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um lýsismat,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 425).

Á 31. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að málinu verði vísað til sjávarútvegsnefndar, að umræðunni lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv., og til sjávarútvegsnefndar (sjá A, bls. 1605) með 9 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 31. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 425, n. 667).

Frsm. (Karl Einarsson): Jeg get látið mjer nægja að vísa til nál. og vona, að háttv. deild samþ. frv. með breytingum nefndarinnar. Okkur var sem sje ljóst, að frv. ætti því að eins að ná fram að ganga, að hæfir menn

væru skipaðir til starfans. 2. brtt. á þgskj. 667 fer í þá átt að tryggja það.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða um málið að sinni, en komi fram einhver mótmæli gegn frv., kann að vera, að jeg finni ástæðu til að svara þeim.

ATKVGR.

Brtt. 667, 1. samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
— 667, 2. (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 667, 3. samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 3. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 744, 749).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 50. fundi í Nd., mánudaginn 3. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um lýsismat,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 776).

Á 56. fundi í Nd., mánudaginn 10. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 776, n. 839).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e.hlj., og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 870).

---

43. Lokunartími sölubúða.

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum (A. 213).

Á 28. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 10. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (**Matthías Ólafsson**): Það er líkt um þetta frv. og það, sem var til umr. fyrir háttv. deild hjer áðan og vísað var til allsherjarnefndar. Svo er mál með vexti, að kaupmenn utan af landi hafa skrifað kaupmannaráðinu hjer í Reykjavík og farið þess á leit, að hlutast væri til um, að lög væru sett um lokunartíma í sölubúðum í kauptúnum úti um land.

Kaupmannaráðið hjer í Reykjavík áleit sjer ekki fært, sakir ókunnugleika, að dæma um, hvort sami lokunartími gæti átt við á öllum stöðum, en taldi málinu komið í rjett horf, ef heimild væri gefin til að gera samþyktir í þessa átt, eftir því sem við ætti á staðnum. Og eins og allir hljóta að sjá er þetta rjett athugað, því að það er talsvert ólíkt ástatt í bæjum, t. d. hjer á Suðurlandi og á Norðurlandi, og því best, að hver bær hagi sjer eftir sínum kringumstæðum.

Jeg hefi orðið við þeim tilmælum kaupmannafjelagsins að flytja þetta frv. hjer á þingi, því að jeg get ekki betur sjeð en að það sje meinlaust gagnvart öllum, en hins vegar til gagns fyrir kaupmannastjettina úti á landi, sem hefir óskað þessa.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta, en jeg býst við, að háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) áliti, að það beri að athuga frv. í nefnd, og er jeg ekki mótfallinn, að því verði vísað til allsherjarnefndar, að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e.hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 55. fundi í Nd., laugardaginn 8. sept, var frv. tekið til 2. umr. (A. 213, n. 821).

Frsm. (Einar Arnórsson): Hjer í deildinni hafa komið fram tvö frv. um líkt efni, annað um lokunartíma sölubúða hjer í Reykjavík, hitt um lokunartíma sölubúða í öðrum kaupstöðum landsins. Í síðara frv. er heimilað að gera samþyktir um lokunartímann, en í Reykjavík skyldi lokunartími sölubúða vera beinlínis lögbundinn. Nú þótti nefndinni Reykjavík vel geta við sömu kjör unað og aðrir kaupstaðir landsins, og því mun hún ekki afgreiða fyrra frv. fyr en sjeð er fyrir örlög hins síðara. En ef nokkur krefst þess, þá er nefndin fús á að koma fram með álit sitt um Reykjavíkurfrv., og mun þá hiklaust leggja til, að það verði felt.

En frv. á þgskj. 213 álítur nefndin að muni vera meinlaust, og leggur því til, að því verði ljeð samþykki, með nokkrum breytingum. Nefndinni finst nóg, að bæjarstjórn og stjórnarráð fjalli um samþyktirnar, og vill sleppa borgarafundarbákninu, sem um getur í 3. gr. frv. Af þeirri brtt. leiða ýmsar aðrar breytingar á frv. Við það eru brtt. nefndarinnar miðaðar. Ef frv. nær fram að ganga með brtt. nefndarinnar, þá nær það líka til Reykjavíkur, og verður þá óþarft að setja sjerstök lög viðvíkjandi lokunartíma hjer í bænum.

Eins og jeg hefi sagt álítur nefndin frv. meinlaust og leggur til, að það nái fram að ganga.

Matthías Ólafsson: Það mun naumast vera hægt að bregða háttv. allsherjarnefnd um fljótfærni. Hún hefir nú þurft 5 vikur til að athuga frv., sem enginn hefir fundið neitt við að athuga. Og nú hefir hún ekki einu sinni skilað skurninu. Hún fer að eins og hæna, sem fargar eggi sínu. En þegar nú nefndin leggur til, að frv. kæmi ekki til athugunar, þá hefði verið eðlilegast, að hún hefði fundið því eitthvað til foráttu um leið. En það er ekki einu sinni því að fagna. Þó hefir nefndin verið mun lengri tíma að ráða fram úr þessu máli en Molbúarnir fram úr vandræðunum með úrið. Þeir þurftu ekki nema örstutta stund, en nú hefir nefndin tekið það ráð að leggja kollhúfurnar yfir frv. í 5 vikur. Þetta virðist þó vera nokkuð einsætt mál. Til sanninda get jeg nefnt það, að allan þennan tíma hefir enginn komið til mín, til að kvarta yfir frv., af öllum kaupmönnum og verslunarþjónum bæjarins, nema einn tóbakssali. Hann vildi fá undanþágu fyrir tóbakssala. Það sje þó fjarri mjer að vilja undantaka tóbaks- eða sælgætissala. Þeir selja reyndar mest að kvöldi til, en jeg held, að það riði ekki á miklu fyrir almenning, þótt þeir væru skyldaðir til að loka búðum sínum á sama tíma og aðrir.

Annars skal jeg nú reyna að gera mig ánægðan með það horf, sem málið er komið í. Annað frumvarpið verður þó samþykt, ef háttv. deild metur að nokkru hina nákvæmu yfirvegun nefndarinnar. Ef kaupmannastjettinni hjer í Reykjavík hefir verið hitt frv. áhugamál, þá ætti það að vera vinnandi vegur fyrir hana að fá bæjarstjórnina á sitt mál. Þannig gæti alt komið í sama stað niður. Samþyktirnar verða eins bindandi og lög. Auðvitað mega þær ekki vera eins alstaðar. Það hagar ekki eins til alstaðar á landi hjer. Meðal annars er skammdegið lengra norðanlands en hjer sunnanlands. Sumstaðar þarf líka að halda búðum lengi opnum um lestirnar. Þess vegna er hentugast, að hvert sýslu- eða bæjarfjelag geri samþykt út af fyrir sig, miðaða við staðhætti. Jeg vona því, að þetta frv. nái fram að ganga, og er betri hálfur skaði en allur.

Frsm. (Einar Arnórsson): Hún er virðingarverð ræktin, sem háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) leggur við þetta fóstur sitt, sem allsherjarnefnd hefir legið á alllanga hríð, og mun líklega ekki skila frá sjer að sinni. Allsherjarnefnd hefir haft mjög mikið að gera, eins og háttv. deild er kunnugt, og áleit satt að segja þetta mál einna minst nauðsynjamál af þeim, sem hún hefir haft með höndum. Nefndin taldi það sjálfsagt, að þau mál, sem fram skyldu ganga, væru látin sitja í fyrirrúmi fyrir hinum. En er um fór að hægjast fyrir henni, tók hún þetta mál til meðferðar, því að í þeirri mynd, sem nefndin ætlast til að það verði, mun það ekki að meini verða, en má vera, að verslunarstjettin geti haft einhvern hag af því. Að við vildum ekki ákveða með lögum lokunartíma búða í Reykjavík kom af því, að okkur fanst það óheppilegt, töldum það ofumsvifamikið og óþarft að þurfa að gera lagabreytingar til þess að mega breyta um opnunar- og lokunartíma búðanna, enda gæti verið óhagræði að þurfa að bíða eftir þeirri lagasmíð, þar sem þingið kemur ekki saman nema annaðhvort ár, því að varla má gera ráð fyrir, að það yrði að gefa út bráðabirgðalög um það. Hins vegar má sjálfsagt treysta bæjarstjórn, engu síður en þinginu, til að kveða á um hentugasta opnunar- og lokunartíma búða, og brotaminna er að breyta samþykt en lögum.

Það er satt, sem háttv. þm. (M. Ó.) gat til, að okkur þótti fullumstangsmikið, og auk þess tvísýnt, hvort til bóta væri, að kallaður væri saman borgarafundur, er samþykt skyldi gera eða samþykt breyta. Meðal annars er þess að gæta, að það eru ekki bæjarmenn einir, sem það snertir, hve nær búðum er lokað; það kemur líka við þeim sveitamönnum, sem verslun reka í kaupstöðunum, og þá má gera ráð fyrir, að bæjarstjórn og stjórnarráð taki öllu fremur rjett tillit til hagsmuna bæði bæjarbúa og sveitamanna en borgarafundur.

Jeg býst við, að málið fái að ganga í gegnum þingið í þeirri mynd, sem nefndin leggur til, og þá hefir háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) fengið meiri hlutann af því, sem hann óskaði.

ATKVGR.

Brtt. 821, 1. (ný 1. grein) samþ. með öllum gr. atkv.

— 821, 2. samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

— 821, 3. (3. gr. falli burt) samþ. í e.hlj.

— 821, 4. (4. gr. falli burt) samþ. í e.hlj.

— 821, 5. (ný 5. gr., sem verður 3.

gr.) samþ. með öllum gr. atkvæðum.
Brtt. 821, 6. (6. gr. falli burt) samþ. í e.hlj.
7. gr. (verður 4. gr.) samþ. með öllum gr. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með öllum gr. atkv.

Á 57. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. sept., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. sept., var útbýtt
Frumvarpi til laga um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum,
eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 895).
Á 57. fundi í Ed, föstudaginn 14. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli háttv. deildar á því, að mönnum hjer í höfuðstað og stærsta verslunarstað landsins er það mjög mikið áhugamál, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi.
Jeg veit ekki, hvers hugar háttv. deild er í þessu máli, en vil benda á, að hægt er að afgreiða málið sem lög frá þessu þingi með afbrigðum, verði því ekki vísað í nefnd. Frv. fer einungis fram á heimild fyrir bæjarstjórnir til að gera samþyktir um, að sölubúðum skuli lokað á ákveðnum tíma, og sje jeg ekki, að neitt geti verið athugavert að samþykkja það.

Eggert Pálsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að málinu sje vísað til allsherjarnefndar.

Magnús Torfason: Jeg sje ekki ástæðu til að tefja málið með því að athuga það í nefnd, og vil því styðja tillögu hæstv. forseta, að málið fái að ganga nefndarlaust áfram.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv.
Till. um að vísa því til allsherjarnefndar feld með 7:2 atkv.

Á 58. fundi í Ed., laugardaginn 15. sept., kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 895).
Ofskamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. og 3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr með 11 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., laugardaginn 15. sept., kl. 8^{58} síðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 895).
Forseti leitaði leyfis til afbrigða um að mega taka málið þegar í stað til 3. umr. — Afbrigðin leyfð og samþ. í e. hlj.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv og afgreitt sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 968).

---

44. Kornforðabúr til skepnufóðurs.

Á 22. fundi í Nd, miðvikudaginn 1. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs (A. 234).

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 16. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr. (A. 234, 279).

Frv. mikils til ofseint fram komið. Leyft í e. hlj., að það mætti þó taka til umr.

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Á þgskj. 234 er gerð grein fyrir, hvernig á þessu frv. stendur, og einnig er á það minst á þgskj. 409. Landbúnaðarnefndinni leist það ráðlegast að sameina í eitt ákvæði tvennra laga, sem til eru um þetta sama efni, og því er frv. nú komið fram. Upp í það eru einnig tekin aðalákvæðin úr frv. stjórnarinnar um viðauka við kornforðabúrslögin, og gerir nefndin sjer þá von um, að stjórnin taki sitt frv. aftur, ef þetta nær fram að ganga, sem jeg geri að sjálfsögðu ráð fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 234, 279).

Björn Stefánsson: Jeg bjóst við því, að háttv. frsm. (S. S.) mundi taka til máls, en af því að jeg sje ekki horfur á, að svo verði, vildi jeg segja nokkur orð um brtt. minar, á þgskj. 279.

Þegar háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) flutti frv. sitt um afnám forðagæslulaganna, þá greiddi jeg því atkv., ekki af því, að jeg áliti ekki vera þörf á eftirliti, heldur af hinu, að jeg áleit lögin ekki ná tilgangi sínum og vera alveg óviðunanlega öryggisráðstöfun til þess, sem þau eiga að tryggja. Jeg hefi orðið þess var hjá mörgum háttv. þm., að þeir álíta — rjettilega auðvitað — að nú sjeu sjerstaklega ástæður og brýn nauðsyn til þess að ganga svo frá þessu máli, að örugt sje, og því var jeg með því að nema forðagæslulögin úr gildi, að jeg vonaðist eftir, að það yrði háttv. þm. sjerstök hvöt til þess að vinna að því, að nú þegar yrði sett eitthvað í staðinn, sem gagn væri í, en ekki unað við það að eins að káka við það, sem kák var fyrir. Núgildandi forðagæslulög virða menn víðast hvar einkis, enda hafa þau reynst pappírsgagn eitt, eins og jafnvel fylgismenn þeirra játa, en reynsla undanfarandi ára hefir kent mönnum svo mikið, og fengið þá til að viðurkenna, að hjer þurfi eitthvað við að gera. Því mundi því alstaðar vel tekið, ef eitthvað það kæmi í staðinn, sem menn gætu virt, og sæju, að gagn væri að. Að háttv. þm. sje ljóst, hve ónóg forðagæslulögin eru, sjest best á því, hve margar till. um þau hafa komið fram hjer á þinginu, en þær eru allar sama vandræðafálmið, sem lítið gagn eða bót er að.

Jeg skal þá víkja að brtt. minum,

sem jeg tel ganga í rjetta átt, þótt ekki sæi jeg til neins að stíga sporið fult.

Jeg get ekki verið því samþykkur að binda fóðurbætinn eingöngu við korn, og því vil jeg láta orða fyrirsögn frv. eins og 1. brtt. mín á þgskj. 279 segir. Fyrst og fremst getur það vel komið fyrir, að ómögulegt verði að útvega korn; t. d. eru horfur á, að svo verði í haust. Í annan stað getur oft svo á staðið, að korn verði miklu dýrara en annar fóðurbætir, og væri þá óhafandi í lögum, að fóðurforðabúrin yrðu að binda sig við það og ekkert annað.

Þá er í 1. gr. gert ráð fyrir því, að sýslunefndir geri samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs fyrir einstaka hreppa. Þetta ákvæði tel jeg ekki heppilegt, enda er meiri hluti háttv. landbúnaðarnefndar mjer sammála um, að ekki sje heppilegt, að sýslunefndir kjósi forðagæslumenn, og á það sama sjer stað um forðatryggingar fyrir einstaka hreppa. Í stöku sýslum, eins og t. d. í Rangárvallasýslu, gæti þetta kann ske gengið, þar sem hjer um bil það sama ætti við í því efni um alla sýsluna. Í öðrum sýslum, t. d. Suður-Múlasýslu, eru skilyrði hinna ýmsu hreppa, landkostir, jarðsæld og vetrarríki, yfir höfuð svo gagnólík, að ekki gæti komið til mála að láta sama gilda fyrir þá alla. Auk þess er fjarlægð hreppanna svo mikil og viðkynning hreppsbúa svo lítil milli einstakra hreppa, að sumir sýslunefndarmenn eru svo ókunnugir því, sem við ætti í ýmsum öðrum hreppum sýslunnar, að þeir vita lítið betur, hvað við ætti þar, en menn vestan af landi. Ef ekki hefði staðið svo á, að háttv. samþingismaður minn (Sv. Ó.) er sýslunefndarmaður Mjóafjarðarhrepps, þá mundi jeg hafa sagt, að í Mjóafirði væri vandfundinn maður, sem gæti samið forðagæslureglugerð fyrir Geithellnahrepp, að minsta kosti betur en Geithellnahreppsbúar mundu sjálfir gera hana úr garði.

Í 2. gr. er ákveðið, að atkvæðisrjett á fundum um þetta mál hafi allir, sem kosningarrjett hafa til Alþingis. Mjer finst þetta óeðlilegt ákvæði. Tel rjettara, að miðað sje við atkvæðisrjett í sveitamálum, og vil þá bæta þar við búendum, þótt yngri sjeu en 25 ára. Jeg tel þá ekki síður bæra um að greiða atkv. og vera í ráðum um svona mál en suma alþingiskjósendur, t. a. m. sumar piparmeyjar, sem aldrei hafa átt kind, einkum ef þær hafa þá ekki heldur rakað ljáfar á æfi sinni

Torfi sál. í Ólafsdal vildi binda atkvæðisrjett í svona málum við þá, sem hefðu grasnyt. Það hefði vel getað komið til greina að hafa þetta svo, þótt ekki hafi jeg tekið það upp.

Þá vil jeg breyta 3. gr. nokkuð. Í frv. er gert ráð fyrir, að 2 fundi þurfi að halda um málið á samþyktarsvæðinu. Jeg hefi aftur á móti ekki gert ráð fyrir nema 1 fundi, en aftur á móti sett inn tryggingu fyrir því, að þessi eini fundur sje vel boðaður og með nægum fyrirvara, og jafnframt breytt atkvæðamagni því, sem úrslitum getur ráðið, úr $^2/_3$ í $^3/_4$.

Síðan heimilin urðu svo fámenn, sem nú er víðast orðið, þá er oft erfitt, einkum í strjálbygðum sveitum, að ná saman fjölmennum fundum. Það mundi því geta staðið fyrir því, að nokkur samþykt kæmist á, ef heimtað væri, að 2 fundi þyrfti að halda til þess, með litlu millibili. Aftur á móti hefði getað komið til mála að heimta, að fullur helmingur atkvæðisbærra manna mætti, en jeg hefi þó slept því af sömu ástæðu, en látið nægja að tryggja það, að fundurinn væri vel boðaður og yfirgnæfandi meiri hluti fundarmanna væri sammála.

Um brtt. við 5., 11. og 12. gr. skal jeg ekki fjölyrða. Þær eru bara afleiðing af þeim, sem áður eru nefndar.

En þá kem jeg að 7. brtt. minni, um að bæta inn í nýrri grein, sem verður 14. gr. Hún stendur ekki í neinu sambandi við hinar brtt. Hún er sjálfstæð, svo að ef menn hafa sjerstaklega ímugust á henni, þá má fella hana, þótt hinar verði samþ. Eins er það, að það veldur engu ósamræmi á frv. að samþ. hana, þótt hinar verði feldar. Þessa till. tel jeg til mikilla bóta. Jeg álít, að mjög óheppilegt sje, að tvenn lög gildi samtímis í sömu sveit um forðatryggingu. Jeg er hræddur um, að það geti leitt til þess, að hvorttveggja lögunum verði slælega fylgt, en ef um að eins ein lög eða samþykt væri að ræða, sem sniðin væri eftir því, sem við ætti á hverjum stað, og af þeim mönnum, sem við þau ættu að búa, þá hygg jeg, að undanfarin reynsla og vaxandi skilningur á því, um hvílíkt velferðarspursmál er að ræða, gerðu það að verkum, að með alvöru og áhuga væri eftir gengið. Enda væri þar um að ræða kvaðir og reglur, sem menn hefðu sett sjer með frjálsum samþyktum, sniðnum eftir staðháttum, í staðinn fyrir óvinsælt valdboð, sem óvíða á við, eins og eðlilegt er. Staðhættir eru svo ólíkir hjer á landi á ýmsum stöðum — jafnvel í sömu sveitinni — að það er blátt áfram barnalegt að hugsa sjer, að sömu fóðurforðareglur geti gilt um land alt. Þess vegna eiga allir landshlutar að hafa leyfi til, undir eftirliti landsstjórnarinnar, að sníða sínar tryggingarreglur eftir því, sem hjá þeim hentar — og það vil jeg einmitt taka fram og leggja áherslu á hjer, í áheyrn hæstv. stjórnar, að jeg hvorki ætlast til nje mæli með, að hún löggildi aðrar samþyktir en þær, sem fela í sjer öruggari tryggingar gegn fóðurskorti en í forðagæslulögunum felast.

Jeg hefi ekki talað út í bláinn um óvinsældir forðagæslulaganna. Jafnvel fylgismenn þeirra játa það með mjer, og háttv. minni hluti landbúnaðarnefndarinnar þorir ekki að hækka svo laun forðagæslumanna, að viðunanlegt geti talist, vegna þess, hve óvinsæl þau sjeu. Þessar óvinsældir stafa samt ekki af því, að menn vilji engar öryggisráðstafanir gera, heldur af því, að menn vilja ekki búa við lög, sem eru pappírsgagn eitt, og eru að eins til þess, að aðrar öruggari ráðstafanir sjeu ekki gerðar. Nei, menn vilja meiri og betri tryggingu en í forðagæslulögunum felst, og þetta frv. með brtt. mínum kemst þó svo langt, að það opnar mönnum leið til að búa um þetta eftir geðþótta. Þess vegna hefi jeg góða von um, að þetta frv. verði til góðs, ef brtt. mínar verða samþ. En það vil jeg taka fram enn einu sinni, að stjórnarráðið má ekki staðfesta sveitasamþyktirnar, nema í þeim felist meiri trygging en forðagæslulögin veita.

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Jeg get verið stuttorður um þessar brtt. háttv. 2. þm. S.-M. (B. St), því að í raun og veru eiga þær alls ekki við þetta frv., heldur við síðasta málið á dagskránni, sem sje forðagæslulögin. Jeg vil því eindregið leggja það til við háttv. flm. (B. St.), að hann taki þær aftur nú, en geri hann það ekki, þá er ekki annað ráð fyrir hendi en að fella þær.

Þetta frv., sem hjer er til umræðu, er ekki annað en sameining á þeim lagaákvæðum, sem nú gilda um kornforðabúr til skepnufóðurs, og upp í frv. eru einnig tekin ákvæði stjórnarfrv. um þetta sama efni.

Háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) vill, að sett sje inn í frv. ákvæði um fleiri fóð-

urtegundir, og er því til þess að svara, að korn er að því leyti langhentugast til forðatrygginga, að það geymist best allra fóðurtegunda, og því er miklu hægara að endurnýja kornforðann en annan fóðurforða. Kornið má nota til manneldis ef það er ekki notað, og því er hægt að fá forðann endurnýjaðan innan sveitar. Hjer er nefnilega ekki að ræða um forða, sem á að eyða samstundis, ef annars er kostur, heldur forða, sem á að geyma sem lengst og ekki grípa til nema í nauðirnar reki.

Björn Stefánsson: Út af því, sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, um að jeg tæki tillögur mínar aftur, skal jeg geta þess, að jeg get ekki orðið við þeim tilmælum, á meðan mjer er ekki sannað, að þær sjeu verri en ákvæði frv.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) talaði um, að korn geymdist betur en aðrar fóðurtegundir. Jeg skal játa, að það er satt; en hvar kemur það fram í brtt. mínum, að jeg vilji banna korn til skepnufóðurs. Jeg vil einungis heimila að nota fleiri fóðurtegundir.

Háttv. frsm. (S. S.) talaði t. d. um síld og lýsi, sem ekki væri hægt að geyma, en jeg sje ekkert á móti því að hafa það til á haustin, þótt ef til vill þurfi ekki að nota það. Það er reynsla bænda, að það sje gróði að gefa kraftfóður, enda þótt þeir hafi nóg hey. Þótt komið væri fram yfir miðjan vetur, og það sýndi sig, að nóg fóður væri til, þá væri ekki annað en að gefa kraftfóðrið, sem ekki þyldi geymslu, og fyrna hey.

Það mætti ætla af ræðu háttv. frsm. (S. S.), að það hefði verið till. mín að útiloka korn úr forðabúrunum, en svo er alls ekki. Tillaga mín miðaði að því, að það mætti einnig gera ráð fyrir fleiri fóðurtegundum en korni, svo að ekki þyrfti að miða kornforðasamþyktírnar, sem jeg vil nefna fóðurforðatryggingar, við korn og ekkert annað; einkum finst mjer það sjálfsagt meðan kornið er svona dýrt, og auk þess vafasamt, hvort hægt er að afla þess.

ATKVGR.

Brtt. 279, 2. feld með 14 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. St., H. K, P. O., Sv. Ó., Þorl. J.
nei: B. Sv., E. A., E. Árna., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., P. Þ., S. S., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

Sex þm. (St. St., B. J., B. K., E. J., M. Ó., P. J.) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 15 : 4 atkv.
Brtt. 279, 3.—8. og 1. tekin aftur.
2.—7. gr. samþ. með 13 : 2 atkv.
8.—10. gr. — — 13 : 2 —
11.—14. gr. samþ. með 13 : 2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 : 3 atkv.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 234).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 22. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 560).

Á 38. fundi í Ed., föstudaginn 24. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv., og til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1604) með 10 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 5. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 560, n. 757).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Landbúnaðarnefndin hefir athugað þetta mál og komist að þeirri niðurstöðu, að ekki beri að breyta því neitt, heldur samþykkja það orðrjett eins og það er. Háttv. þm. hafa sjálfsagt tekið eftir nefndarálitinu á þgskj. 757, og geta sjeð, í hverju breytingin liggur, frá því sem gildandi lög hljóða um. Breytingin er að eins ein, og hún er það, að landssjóður skuli endurgreiða sveitarsjóði — það stendur í 6. gr. frv. — vexti af þeim hluta forðans, sem eigi er notaður, þó eigi yfir eina krónu fyrir 100 kg. korns í þessum hluta forðans. Þegar það fór hjeðan úr deildinni, þá voru það 80 aurar, en nú ein króna; það er nokkru meiri byrði á landssjóði heldur en áður, en þó eigi svo, að fráfælandi sje að samþykkja það óbreytt.

Að öðru leyti er þetta frv. upptrentun úr kornforðabúrslögunum frá 9. júlí 1909 og 10. nóv. 1913, og ekkert nýtt í því annað en þetta, sem jeg hefi getið um, og þessi háttv. deild lagði til, þegar hún afgreiddi það til Nd. Nú er gjaldið 20 aurum hærra, og vil jeg fyrir mitt leyti — og sömuleiðis fyrir nefndarinnar hönd — leggja til, að frv. þetta verði samþykt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—14. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., föstudaginn 7. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 560).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 850).

---

45. Seðlaauki Íslandsbanka.

Á 26. fundi í Nd., mánudaginn 6. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905 (A. 318).

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg get búist við, að sumum þyki það undarlegt, að frv. þetta kemur frá nefnd. En ástæðan til þess er sú, að hæstv. landsstjórn fór fram á það við fjárhagsnefndina, að hún flytti þetta mál, til þess að spara fyrirhöfn og greiða fyrir

málinu, því að stjórnin hefði annars orðið að síma frv. til konungs og fá samþykki hans til að flytja það. Það var einróma álit nefndarinnar, að engin ástæða væri til að skorast undan þessum tilmælum stjórnarinnar, því að hún fjekk þær upplýsingar, að landssjóður skuldaði bankanum um 5 miljónir kr., og að búast mætti við, að hann gengi að landssjóði með greiðslu á þessum skuldum, ef hann fengi ekki leyfi til að auka seðlafúlgu sína.

Frv. þetta er í fullu samræmi við lög, sem samþykt voru á aukaþinginu í vetur. Jeg skal ekki fara frekar út í þetta mál. Það þótti nauðsyn í vetur að setja þessi lög, og jeg býst við, að ekki þyki bera minni nauðsyn til þess nú. Það var þá tekið fram í umræðum um þetta mál, að á það bæri að líta sem einn lið í ófriðarráðstöfununum, og þannig er það líka nú. Þess vegna greiði jeg atkvæði með frv., sem jeg mundi að öðrum kosti ekki gera. En jeg vil þá um leið taka það fram, að fjárhagsnefnd er ekki vonlaus um, að þetta geti orðið í síðasta sinni, sem gripið er til þessa örþrifaráðs, og að hægt verði að finna einhver önnur ráð til bæta úr vandræðunum heldur en að veita bankanum þenna bráðabirgðarjett hvað eftir annað. Að þessu sinni vona jeg, að háttv. deild líti á nauðsynina og greiði götu málsins.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi svo sem engu að bæta við það, sem háttv. frsm. (M. G.) hefir tekið fram. Jeg er háttv. fjárhagsnefnd mjög þakklátur fyrir það, að hún var fús á að taka frv. upp. Stjórnin hefði orðið að gera það að öðrum kosti. Nefndin hefir því sparað stjórninni kostnað og fyrirhöfn við það að síma frv. til konungs. Jeg get ekki sjeð, að nokkurt undanfæri sje frá því að samþykkja þetta frv. Stjórnin verður að leita til bankans og fá hjá honum alt það fje, sem hann getur af sjer. Bankarnir hafa báðir gert það að láta af hendi við landsstjórnina alt það fje, sem þeir geta mist. Það er líka alveg rjett, sem háttv. frsm. (M. G.) tók fram, að þetta sje einn liður í ófriðarráðstöfununum, sem ekki á að standa til frambúðar. Og það er ekki vonlaust um, að hægt verði að komast hjá því að framlengja seðlaútgáfurjett bankans hvað eftir annað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 31. fundi í Nd., laugardaginn 11. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 318).

Benedikt Sveinsson: Jeg skil tæplega í því, að háttv. þingdeild þyki hjer um það smámál að gera, að hæfilegt sje, að það gangi umræðulaust í gegnum þingið, og sýnist mjer þó helst mót á því. En hjer er vissulega um svo mikla hagsmuni að ræða, að nauðsyn ber til, að deildin geri sjer glögga grein fyrir málinu, áður en hún afgreiðir það.

Það kom fram við 1. umr. málsins, að háttv. fjárhagsnefnd flytur frv. fyrir bænastað landsstjórnarinnar. Áður, þegar slíkt leyfi hefir verið veitt, hefir það átt að vera til þess að bæta úr gjaldmiðilsþörf landsmanna, en nú er að heyra, að þörfin sje orðin þeim mun meir knýjandi, að landssjóður sjálfur sje svo mjög orðinn upp á bankann kominn, að hans vegna verði að veita ótakmarkaða heimild til seðlaútgáfu, enda skuldi nú landssjóður bankanum 5 miljónir kr.

Það er mjög leitt að heyra, að lands-

sjóðurinn skuli vera svona aðþrengdur, en hvað sem því líður, þá hygg jeg, að veiting hins aukna eða ótakmarkaða seðlaútgáfurjettar verði þó fyrst og fremst að skoðast í þágu bankans sjálfs. Hjer er um stórkostleg hlunnindi að gera bankanum til handa, er landið hefir á valdi sínu að veita honum, og finst mjer, að eitt allra fyrsta skilyrðið fyrir því, að honum sjeu veitt þessi hlunnindi, sje það, að landssjóður fái góð og rýmileg kjör hjá bankanum á lánum þeim, sem hann þarf að taka hjá honum, samkvæmt því, sem stjórnin segir. Það sýnist liggja ljóst fyrir, að hægast muni að ná góðum lánskjörum hjá bankanum einmitt nú, áður en þingið hefir fengið honum hin auknu rjettindi í hendur, og ætti það því beint að vera sett sem skilyrði af þingsins hálfu, að samningar þessir sjeu fullgerðir áður en lög þessi ganga hjer í gegnum deildina.

Annars mun mega fyllilega efast um, að nauðsyn þessa máls sje svo brýn, sem stjórnin hefir látið í veðri vaka. Það eru ýmsar aðrar leiðir en þessi færar fyrir stjórnina til þess að afla fjár. T. d. mætti fara að dæmi annara þjóða, að landssjóður gæfi út smá-»obligationer« eða skuldabrjef, er nota mætti til launagreiðslu og verið gætu lögmætur gjaldmiðill. Sömuleiðis gæti komið til greina á þessum tímum að fá Landsbankanum í hendur aukin seðlaútgáfurjettindi, eftir samkomulagi við Íslandsbanka. Að minsta kosti er þetta, sem jeg hefi nú nefnt, þess vert, að það sje athugað. Það gæti líka komið til mála, að landið gerði þá dýrtíðarráðstöfun að taka Íslandsbanka eignarnámi, og neytti til þess ákvæða stjórnarskrárinnar, auðvitað svo, að fult verð kæmi fyrir. Í öðrum tölulið 1. greinar frv. er ákveðið, að bankinn greiði við lok hvers mánaðar vexti, 2 % á ári, af upphæð þeirri, er seðlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr 2 1/2 miljón kr., og málmforðinn nægir ekki til. Þetta hefir nú áður þótt lágt gjald, og á undanförnum þingum hefir því verið haldið fastlega fram af bankafróðum mönnum, að bankinn mundi standa sig við að gjalda 4 %. Jeg skil ekki í, að nein sú breyting sje á orðin í þessu efni, að ósanngjarnt væri að krefjast þess gjalds. Þó gæti komið til mála að slá eitthvað af þeirri kröfu, ef samningar við bankann gætu þá fengist hagkvæmari en ella. Það er auðvelt að sjá það af hag bankans, að hann hefir hingað til ekki verið hart leikinn af þinginu, því að samkvæmt reikningi bankans fyrir árið 1916 var gróðinn það ár samtals 891,673,25 kr., eða nær 9/10 miljón króna, og er það nær furða, að bankinn skuli geta rakað saman svo miklu fje á einu ári, af ekki meira stofnfje en hann hefir yfir að ráða.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekara, en vil brýna það fyrir deildinni að kasta þessu máli ekki frá sjer í flaustri, því að hjer er um mikilvægan rjett og mikla hagsmuni að tefla.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg var því miður ekki kominn, þegar háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) byrjaði ræðu sína. Jeg hygg, að hann hafi talað um, hvort samið hafi verið við bankann um hámark lánsins, sem landið þarf að fá hjá honum. Jeg skal svara því, að það hefir ekki verið gert, en bankinn hefir lofað að láta stjórnina fá alt það fje, sem hann getur mögulega mist. Annars skal jeg upplýsa það í þessu máli, að bankinn hefir sjálfur orðið að lána stórfje, til þess að geta hjálpað landinu um þá peninga, sem það hefir þurft á að halda. Jeg held því, að hjer standi

svo á, að ekki sje um nokkurn annan veg færan að tala en að samþykkja þetta frv., sem hjer liggur fyrir. Og jeg fæ ekki með nokkru móti sjeð, að rjett sje að setja bankanum strangari skilyrði, þegar landssjóður er upp á bankann kominn, heldur en þegar hann þarf ekkert fje að fá til láns hjá honum. Jeg held því, að sjálfsagt sje að samþykkja umtölulaust þetta frv., sem hjer liggur fyrir. Enda sýnist mjer það vera óhætt með öllu, þegar landið skuldar bankanum meira fje en ábyrgð þess nemur.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg hefi ekki mikið að segja um þetta mál. Jeg man ekki, hvort háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) var við látinn, þegar jeg talaði um þetta mál við 1. umr. En hafi svo verið, þá hefir hann heyrt, að okkur ber í raun og veru ekki mikið á milli. Jeg sagði þá, að það væri vandræðafyrirkomulag að vera altaf að veita heimild til aukinnar seðlaútgáfu þing eftir þing, en að jeg skoðaði þetta nú, eins og á aukaþinginu í vetur, sem einn lið í ófriðarráðstöfununum. Hvað það snertir, að vjer getum tekið bankann eignarnámi, þá er því að svara, að þótt vjer gætum það, er það að eins mögulegt gegn fullu endurgjaldi, og hvað vinst þá? Landssjóður skuldar bankanum, eftir því sem hæstv. stjórn skýrir frá, um 5 miljónir kr., og verði þetta frv. eigi samþ., mun bankinn heimta greiðslu, og gæti þetta valdið miklum erfiðleikum fyrir oss.

Sami háttv. þm. (B. Sv.) sagði, að semja þyrfti við bankann, og er það rjett, en slíkir samningar eru á verksviði stjórnarinnar, en ekki Alþingis. Annars skal jeg taka það fram, að jeg vona, að þetta geti orðið í síðasta sinni, sem þarf að framlengja þetta leyfi til aukinnar seðlaútgáfu, og byggi jeg það á samningaumleitunum, sem þegar hafa átt sjer stað. En út í það tel jeg mjer eigi heimilt að fara frekar nú sem stendur.

Jón Jónsson: Jeg skal vera mjög stuttorður. Það væri nokkuð öðru máli að gegna um þetta mál, ef við mættum vera vissir um, að þetta leyfi væri ekki veitt nema til skamms tíma og við þyrftum ekki sífelt að eiga von á þessu kvabbi bankans; þess vegna þætti mjer vænt um að heyra það af munni stjórnarinnar sjálfrar, hvort von væri um slíkt. En annars finst mjer ekki nema von, þótt margur beri kvíðboga fyrir því, að hætta geti stafað af þessari sífeldu ásækni bankans. Jeg vildi því fá að vita, hvort vissa sje um það, að hluthafar bankans sjeu fúsir til samkomulags. Ef ekki er hægt að fá breytingu á þessu, þá gæti að því rekið, að menn væru ekki fúsir á að uppfylla allar óskir bankans.

Forsætisráðherra (J. M.): Þess hefir áður verið getið, að til stæði að skipa þessu máli einhvern veginn svo, að yrði til frambúðar. Hvernig sú skipun verður get jeg ekki um sagt hjer, en vilji háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.) fá að vita, hvernig sakir standa nú, þá getur hann snúið sjer til ráðuneytisins. Jeg get bætt því við, að jeg er alveg sammála háttv. frsm. (M. G.) um, að þetta frv. beri að skoða sem hverja aðra dýrtíðarráðstöfun.

Benedikt Sveinsson: Jeg vil endurtaka það, sem jeg sagði áðan, að þetta mál má ekki fara hjeðan úr deildinni fyr en svo er um hnútana búið, að hagfeldir samningar hafa fengist við bankann, bæði að því er snertir hámark lánsins og vexti af því.

Háttv. frsm. (M. G.) sagði, að verið

væri að semja við bankann. Það er ekki nóg. Samningunum verður að vera lokið áður en málið fer hjeðan, enda liggur því ekki svo mjög á.

Þó að bankinn hafi nú orðið að taka stórlán í útlöndum, eins og sagt hefir verið, þá verður ekki annað sjeð af reikningum hans árið sem leið en að hann hafi haft góðan hag af viðskiftunum við íslensku þjóðina.

Hæstv. forsætisráðherra sagði, að ekki væri rjett að setja bankanum strangari skilyrði en áður, þar sem landsstjórnin er upp á hann komin. En það geta ekki kallast ströng skilyrði, þó að bankinn yrði að borga nokkru meira en 2 %, svo háir sem vextir eru í landinu. Það væri óhæfilegt að taka ekki hærri vexti, nema stjórninni sje veitt lán með sjerstaklega góðum vaxtakjörum.

Hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) gat þess, að þetta leyfi til Íslandsbanka væri í raun og veru ekki annað en einn liður í stríðsráðstöfunum stjórnarinnar. Ef svo er, sje jeg ekki, hvað er því til fyrirstöðu, að stjórnin taki bankann blátt áfram eignarnámi. Auðvitað myndi það kosta mikið fje, en bankinn er líka mikil eign, og óvíst, að skilyrðin verði betri í annan tíma til að ná bankanum í hendur landsins. Þingið stendur svo að vígi gagnvart bankanum nú, að það þarf ekki að gangast undir neina afarkosti af hans hendi.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg held, að það hljóti að hafa verið spaug, sem hátt. þm. N.-Þ. (B. Sv.) sagði síðast, um að taka bankann eignarnámi. Jeg fyrir mitt leyti get ekki tekið það í alvöru.

Það kemur ekki þessu máli við, hvort bankinn hefir grætt á síðasta ári. Það er rjett, að hann græddi, enda var árið í alla staði óvenjulegt. Gróði hans mun mest hafa stafað af því, að þá var greitt mikið fje bankanum, sem áður hafði verið talið tapað.

Jeg fæ ekki sjeð, að það ætti að verða því til fyrirstöðu, að þessi lög verði samþ., þó að ekki sje búið að binda samningum vexti af lánum landssjóðs, því að það er ekki verið að veita bankanum rjettindi, heldur stjórninni heimild, sem hún getur svo notað til að hafa áhrif á lánsupphæðir og vexti í viðskiftum sínum við bankann. Annars ímynda jeg mjer, að stjórnin þurfi ekki á miklu meiri lánum að halda en hún hefir þegar tekið eða fengið loforð fyrir. Það er ekki heldur hægt að semja að fullu um vaxtakjör fyrirfram. Það er ekki alt hans eigið fje, sem lánað verður. Þess vegna verða vaxtakjörin að fara eftir þeim kjörum, sem Íslandsbanki fær hjá útlendum bönkum. Það er ekkert nýtt, að stjórnir taki svona lán. Mjer er sagt, að stjórnir á Norðurlöndum eigi víxillán í næstum öllum bönkum. Vitanlega hefir stjórnin hjer líka tekið lán hjá Landsbankanum, eins og hann gat veitt. Og þar sem stjórnin hefir nú tekið alt það fje að láni hjá Íslandsbanka, sem hann gat látið af hendi, þá ber eiginlega skylda til að láta þetta eftir honum í þetta sinn. Jeg hefi látið í ljós við bankastjórnina, að hún gæti örugg lánað landssjóði fje; hún þyrfti ekki að óttast vandræði með gjaldmiðil innanlands. Um lán landssjóðs er sumpart samið, hve lengi eigi að standa, og um þau öll þori jeg að segja, að þeim verður ekki sagt upp á meðan landsstjórnin þarf þeirra með. Þetta gæti jeg staðfest betur, ef óskað væri, við 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með öllum gr. atkv.

2. og 3. gr. samþ. í e.hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e.hlj.

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 318, 431).

Brtt. 431. ofseint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ.

Benedikt Sveinsson: Samkvæmt því, sem fram kom í umr. um mál þetta við 2. umr. þess, höfum vjer 4 þingdm. leyft oss að koma fram með brtt. við frv., og vil jeg nú fara fám orðum um þær.

Fyrsta brtt. er sú, að á eftir orðunum í 1. málsgr. 1. gr. »svo sem viðskiftaþörfin krefur«, komi: »að dómi landsstjórnar«. Oss flutningsmönnum brtt. þykir rjett, að það sje tekið fram með berum orðum, að landsstjórnin leggi sjálf dóm á það í hvert einstakt sinn, sem farið er fram á það að auka seðlaútgáfuna, hvort þess sje full þörf eða ekki. Sje þetta ekki tekið fram, má vera, að stjórnin tæki eigi málið til sjálfstæðrar rannsóknar, heldur ljeti sjer nægja að fara eftir einni saman frásögn bankastjórnar og till. hennar. Landsstjórnin fær ríkara aðhald við það, að orðum þessum sje bætt inn í frv.

Önnur brtt. er og við 1. gr. tölul. 2. Hún er í tvennu lagi, aðaltillaga og varatillaga. Aðaltill. fer fram á, að bankinn greiði 4 % í vexti af seðlum þeim, sem þar er um talað að hann greiði vexti af, í staðinn fyrir 2 %, eins og frv. gerir ráð fyrir. Varatill. leggur til, að í staðinn fyrir 2 % komi 3 %.

Hagur bankans er svo glæsilegur, að hann hefir grætt hátt upp í miljón kr. síðastliðið ár, og ætti hann því að geta staðið sig við að borga þessa 4 %, eða að minsta kosti 3 %, af seðlaaukningu þeirri, sem ekki er gulltrygð, heldur gefin út á ábyrgð landssjóðs; því að jeg verð að telja það sjálfsagt, að þegar landið veitir bankanum mikilsverð rjettindi, þá sje skylda þings og stjórnar að gæta þess, að landið fái sem mest í aðra hönd að unt er.

Þriðja brtt. er ætlast til að verði nýr liður og viðbót við hin skilyrðin, sem sett eru fyrir því, að bankinn fái aukinn seðlaútgáfurjett; skal jeg leyfa mjer að lesa hana upp, og er hún þannig:

»Samningar hafi tekist áður en aukningin er veitt, milli landsstjórnarinnar og bankans, um lán þau, er landssjóður kann að þurfa að taka í bankanum, og sjeu vextir af slíkum lánum að minsta kosti 1 % lægri en banka-útlánsvextir eru hjer á sama tíma.«

Það kom fram við 2. umr. málsins hjer í deild í ræðu háttv. frsm. (M. G.), að samningar væru byrjaðir milli landsstjórnarinnar og bankans um lántöku handa landinu og um lánskjörin. En í ræðu hæstv. forsætisráðherra kom það nú í ljós, að enn væru engir fastir samningar komnir á um lánið nje lánskjörin; bankinn hefði að eins haft góð orð um að lána það, sem hann frekast gæti; en um vextina ljet hæstv. forsætisráðherra það í ljós, að þeir mundu verða vanalegir bankavextir.

Þar sem landið veitir bankanum ýms hlunnindi og er að sjálfsögðu vissasti og besti viðskiftavinur bankans, þá væri ekki nema sanngjarnt og sjálfsagt, að hann nyti nokkru vægari vaxtakosta en aðrir.

Bankar setja jafnan nokkru hærri vexti á lán sín vegna þess, að gera má ráð fyrir, að eitthvað af þeim tapist. En fje það, er Íslandsbanki lánar landinu, má telja í svo öruggum skuldastað, að engin líkindi eru til þess, að hann tapi nokkru af því; hann má eiga það

víst, að ekki strýkur landið frá víxlum sínum til Ameríku. Af þessari sök einni, þótt ekki væri fleira, ætti landssjóður að fá nokkru betri lánskjör hjá bankanum heldur en aðrir. En nú bætist það við, að til stendur, að landssjóður verði stærsti viðskiftavinur bankans, og veitir honum þar að auki að öðru leyti mikilvæg hlunnindi. Þetta hvorttveggja er mjög þungt á metunum, þeirri kröfu til rjettlætingar, að landssjóður fái ríflega ívilnun í lánskjörum, móts við alla aðra viðskiftavini bankans.

Ef svo skyldi fara, sem jeg býst þó varla við, að háttv. deild vilji hlífa bankanum við að borga 4 % af seðlum þeim, sem hjer ræðir um, þá trúi jeg því ekki að óreyndu, að nokkur greiði atkv. á móti varatill., um 3 % gjaldið, og allra síst trúi jeg því, að ekki fylgi allur þingheimur svo sjálfsagðri kröfu sem þeirri, að landssjóður greiði 1 % lægri vexti en aðrir; en það munar hann fimtíu þúsundir kr. á ári, ef lánið verður 5 miljónir, eins og mjer skildist að ráð sje fyrir gert.

Fjölyrði jeg svo ekki meir um þetta, en bið deildina að taka brtt. til rækilegrar íhugunar. Jeg þykist vita, að þær muni hafa allmikið fylgi, þar sem þær eru fluttar af fjórum þm., sínum úr hverjum flokki.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg mæli að vísu ekki á móti því, að umræðu sje frestað um mál þetta. En ekki get jeg varist því, að mjer virðist í brtt. koma fram allmikil ósanngirni, ekki einungis gagnvart bankanum, heldur engu síður gagnvart stjórninni. Að samþykkja brtt. er alveg sama sem að neita bankanum um að auka gjaldeyri sinn; en afleiðingin mundi verða sú, að bankinn yrði að heimta það, sem landið skuldar honum nú, að undanteknum þrem miljónum, sem hann hefir lánað til lengri tíma. Því síður getur hann hlaupið undir bagga með ný lán, hvað mikið sem á kann að liggja. Bankinn hefir sjálfur orðið að taka stórlán í útlöndum. Má jeg hafa það eftir bankastjórninni, að hann skuldar þar nú meira en 5 miljónir króna, eða meira en hann hefir lánað landssjóði. Af þessu lánsfje verður bankinn að borga í vexti $5^1/_2$ %, og er það síst ósanngjarnt, eftir því sem tíðkast hjá bönkum, að hann taki $^1/_2$ % fyrir fyrirhöfn sína. Hitt veit hv. þm. (B. Sv.) eins vel og jeg, að Íslandsbanki þiggur ekki seðlaaukningarrjettinn, ef hann á að borga 4 %; hann hefir hiklaust lýst yfir því. Sjálfs sín vegna þarf hann ekki á þessu að halda, en landssjóður getur ekki komist af án þess að taka lán, og þetta lán þarf hann nú að fá hjá Íslandsbanka; hjá honum þarf hann meira lán en bankinn getur veitt af sínu eigin fje, og verður hann því að nota sitt eigið lánstraust til að geta hlaupið undir bagga með landssjóði. Það er því óforsvaranlegt, eins og nú er högum háttað, að leita ekki samkomulags við bankann, og það er meira en óforsvaranlegt að kasta þessari brtt. inn í deildina á síðasta augnabliki, öllum að óvörum, og ætlast til þess, að háttv. deild greiði atkvæði um hana, lítt yfirvegaða, og vita þó, hvað í húfi er, ef bankinn verður neyddur til að kippa að sjer hendinni. Kostirnir, sem bankinn býður, eru að veita landinu víxillán með venjulegum forvöxtum, en án framlengingargjalds. Að sjálfsögðu mun landsstjórnin reyna að útvega fast lán svo fljótt, sem kostur er á, en við þetta lánsfyrirkomulag verður að una, þangað til það er komið í kring.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Af því, að jeg sá ekki brtt. á þgskj. 431 fyr en nú á fund var komið, hefi jeg ekki getað borið mig saman við með-

nefndarmenn mína um hana, og mælist jeg því til, að málið sje tekið út af dagskrá.

Það er misskilningur hjá háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), að jeg hafi sagt, að landsstjórnin stæði í samningum við Íslandsbanka um lántöku; um það hefi jeg ekkert sagt, en talaði um hitt, að hún væri að semja við bankann um seðlaútgáfurjettinn.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 16. ágúst, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 318, 431).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg stend upp til að lýsa yfir því, fyrir hönd fjárhagsnefndar, að hún getur ekki fallist á brtt. á þgskj. 431, nema hina fyrstu; á hinar brtt. getur nefndin ekki fallist, vegna upplýsinga þeirra, sem hún hefir fengið hjá landsstjórninni.

Jeg geng út frá því sem gefnu, að bankinn græði á þessari auknu seðlaútgáfu, en sá gróði er naumast eins stór og litið gæti út við fyrstu athugun, því að bankinn þarf að hafa mikið gull til tryggingar, og ef hann setti það gull í umferð, fengi hann sömu vexti fyrir það og seðla. Hagurinn er því að eins af hinum ógulltrygðu seðlum, en auk þess, sem bankinn þarf að greiða 2% af þeim í landssjóð, er nokkur kostnaður annar, sem bankinn hefir, t. d. prentunarkostnaður seðla o. fl. En þótt bankinn græði mikið á þessum rjetti, sá nefndin sjer ekki annað fært en að ganga að frv., með þeirri einu breytingu, sem jeg nefndi áðan. Og jeg skil ekki, að þeir, sem á aukaþinginu í vetur samþyktu seðlaaukning Íslandsbanka með sömu kjörum og nú er gert ráð fyrir, muni greiða atkvæði gegn frv., því að nauðsynin er óneitanlega enn brýnni nú en þá. Jeg tek það þó fram, að nefndin skoðar þetta leyfi að eins einn lið í ófriðarráðstöfununum, en alls eigi til frambúðar, eins og frv. sjálft sýnir.

Benedikt Sveinsson: Það er leitt, að háttv. nefnd skuli ekki hafa getað tekið til greina nema eina af brtt. vorum, og því leiðara er það, að hagur landsins skuli vera þannig, eftir því sem hæstv. forsætisráðherra heldur fram, að hann treystir sjer ekki til að framfylgja þeim kröfum, sem brtt. fer fram á. Hæstv. forsætisráðherra segir, að brtt. sje svo ósanngjörn, að það sje sama að samþykkja hana og að knýja bankann til að heimta strax mikið af því fje, sem hann á nú hjá landssjóði, og að hann vissi þá ekki, hvernig að ætti að fara. Sú mynd af hag landssjóðs, sem hjer er dregin upp, er alt annað en glæsileg, og sje hún alls kostar rjett, þá hefir stjórnin farið allógætilega að ráði sínu og sýnt litla fyrirhyggju, ef hún hefir hagað þannig lántökum sínum hjá Íslandsbanka, að hann gæti fyrirvaralitið eða fyrirvaralaust sagt upp lánunum. Það klingir altaf í eyrum, að það sje dýrt fyrir bankann að fá peningalán erlendis. Hæstv. forsætisráðherra gaf þær upplýsingar, að bankinn mundi nú skulda um 7 miljónir króna erlendis. Þetta er nær ótrúlegt, þegar þess er gætt, hve mikið annað fje hann hefir í vörslum sínum. 31. desember síðastliðinn er það talið þannig í reikningi bankans:

Innst.fje á hlaupareikn.	kr. 4,133,576.31
Innstæðufje með sparisjóðskjörum . . .	— 1,608,207.33
Innlánsfje með sparisjóðskjörum . . .	— 5,400,632.51
eða samtals	kr. 11,142,416.15

Af sumu af þessu fje greiðir hann

4—4½% í vexti, og af því, sem á hlaupareikningi er, ekki meira en 3%. En þá átti hann og í bönkum erlendis geymdar kr. 4,286,968.41, eða með öðrum orðum rúma 1¼ miljón kr. meira en hlutafjeð nemur, sem er 3,000,000 kr. Það er auðsjeð af þessu yfirliti, að það er mestmegnis innlent fje, sem hann hefir verslað með. Því miður liggja ekki fyrir skýrslur um viðskifti bankans við landssjóð. En jeg held því hiklaust fram, að landssjóður sje besti viðskiftavinur bankans, og því ólíklegt, að bankinn geti ekki veitt landssjóði töluvert betri lánskjör en öðrum; og þegar litið er á hinn gífurlega gróða bankans síðasta ár, þar sem 3,000,000 kr. stofnfje hefir gefið í arð yfir 800,000 kr., þá má ólíklegt telja, að honum væri mjög íþyngt með því að greiða landssjóði að minsta kosti 3% af seðlum þeim, sem frv. ætlast til að hann greiði gjald af. Að þessu athuguðu vona jeg, að varatillaga vor fái að minsta kosti fram að ganga.

Forsætisráðherra (J. M.): Það hefir víst enginn talað um, að Íslandsbanki væri í fjárþröng; en fje það, sem háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) taldi upp, að bankinn hefði í vörslum sínum, er alt bundið, því að nú er erfitt með að koma afurðum landsins í peninga, svo að bankinn verður að binda mikið fje, til að hjálpa framleiðendum til að geyma afurðir óseldar til hagkvæmari tíma, og umliða þá um lán, sem hann hefir veitt þeim til framleiðslunnar. Jeg hefi engu við það að bæta, sem háttv. frsm. (M. G.) sagði, að hjer er að eins um ófriðarráðstafanir að ræða.

Annars mun engin ástæða til að lengja umræður. Þó skal jeg geta þess, að þessi aukni seðlaútgáfurjettur er líka til hagnaðar fyrir Landsbankann, þar sem Íslandsbanki á ókeypis að greiða fyrir viðskiftum hans erlendis.

Stjórnin leit svo á, að óhjákvæmilegt væri að veita bankanum nú þennan aukna seðlaútgáfurjett, hvernig sem annars er á málið litið, og hún taldi ekki rjett að setja honum þrengri kosti en hjer er gert.

ATKVGR.

Brtt. 431, 1. samþ. í e. hlj.
— 431, 2. (aðaltill.) feld með 15:6 atkv.
— 431, 2. varatill.) feld með 13:7 —
— 431, 3. feld með 14:11 atkv.,
að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O., P. Þ., S. S., Sv. Ó., Þorl. J., B. Sv., B. J, E. Árna., E. J., J. J, J. B.
nei: M. P., M. Ó., P. J., St. St., Þorst. J., Þór. J., B. K., B. St., E. A., G. Sv., H. K., J. M., M. G., Ó. B.

Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., mánudaginn 17. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 495).

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil leyfa mjer að óska þess, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv., og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1602) með 14 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 25. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 495, n. 595).

Frsm. (Hannes Hafstein): Eins og öllum er kunnugt er frv. komið frá fjárhagsnefnd Nd., og var það samþ. í þeirri háttv. deild. Þegar frv. var til meðferðar hjer í háttv. deild í vetur, var það samþ. með miklum atkvæðamun. Ástæðurnar eru enn hinar sömu, og tel jeg því óþarft að rökstyðja frv. frekar en þá var gert, enda mun þörfin öllum nægilega kunn. Jeg vil að eins geta þess, að það fer fjarri því, að seðlaþörfin hafi minkað síðan í vetur; hún hefir þvert á móti aukist og eykst stöðugt. Jafnvel þótt ýmisleg viðskifti, sem krefjast mikillar peningaveltu, sjeu ekki byrjuð, er þó seðlaveltan meiri nú en um sama leyti síðastliðið ár. Enn eru síldar- og fiskkaup ekki byrjuð, af því að veðrátta hefir verið óhagstæð útgerðinni, en til þeirra viðskifta þarf mikið fje. Má því búast við enn meiri veltu og enn meiri seðlaþörf, þegar að þeim viðskiftum kemur.

Til sönnunar því, að velta bankans hafi þrátt fyrir þetta aukist á þessu ári, skal jeg leyfa mjer að lesa upp nokkrar tölur.

Í júlímánuði í fyrra var mest í umferð af seðlum kr. 3.210.570, en í júlímánuði síðastliðnum mest kr. 3.762.280. Í ágúst 1916 mesta umferð kr. 3.850.650, en nú, 25. ágúst, eru í umferð kr. 4.200.000. Þetta sýnir, að seðlamagn það, sem bankanum er leyft í lögunum frá 10. nóv. 1905, $2^1/_2$ miljón króna, er öldungis ónógt nú. Leyfi jeg mjer því að vænta þess, að háttv. deild samþ. frv.

Eins og frv. kemur nú frá háttv. Nd. hefir verið gerð á því ein breyting frá frv. í vetur. En sú breyting er ekki veruleg efnisbreyting og ætti því ekki að fæla menn frá að samþ. það nú. Því hefir verið bætt inn í frv, að seðlaaukningin skuli ekki vera meiri en viðskiftaþörfin krefur. Í raun og veru er þetta engin breyting. Samkvæmt frv., sem lá fyrir þinginu í vetur, þurfti leyfi stjórnarinnar til seðlaaukningar, og hefði hún að sjálfsögðu miðað leyfið við viðskiftaþörfina. Þessi breyting dregur ekki úr þeim kvöðum, sem á Íslandsbanka eru lagðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14. shlj. atkv.

2. og 3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 495).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 658).

46. Almenn dýrtíðarhjálp.

Á 28. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar (A. 335).

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 10. ágúst, var frv. tekið til 1. umr. (A. 335, 336).

Framsm. (Þorsteinn Jónsson): Bjargráðanefndin hefir ekki getað átt samleið í þessu máli. Öll er hún sammála um, að áherslu beri að leggja á það, að þing og landsstjórn geri alt, sem í þeirra valdi stendur, til að stuðla að því, að landsmenn líði ekki neyð vegna dýrtíðar og ónægra nauðsynjavara. Minni hl. leggur sjerstaka áherslu á það, að landssjóður borgi nokkurn hluta af því, sem nauðsynjavörur hafa hækkað í verði undanfarið, síðan stríðið byrjaði. En meiri hlutinn vill aftur á móti gera það, sem hægt er, að með stuðningi landsins geti menn bjargað sjer sjálfir. Aðalatriðið í máli þessu er, að landsmenn fái alt það helsta, er þeir þurfa að lifa af. Og fyrsta sporið til þess er að sjá fyrir því að auka nægilega matvælaframleiðslu í landinu sjálfu, og þá fyrst og fremst að auka garðrækt á næsta sumri í stórum stíl.

Enginn efi er á, að til eru hjer víða ágætis garðyrkjustæði, og þá sjerstaklega hjer á Suðurlandi. Og teljum vjer því sjálfsagt, að landsstjórnin hlutist til um garðrækt, svo að miklu nemi, þar sem skilyrðin eru best fyrir hendi með tilliti til garðstæðis, veðráttu, áburðaraðdrátta og flutninga frá garðstæðunum. Þetta alt verður að taka til greina. Bjargráðanefndin hefir líka talið rjett, að landsstjórnin ljeti leggja svo mikla áherslu á kolagröft, að landsmenn þyrftu ekki að lenda í eldiviðarvandræðum, þótt ónóg kol flytjist frá útlöndum. Ef svo skyldi fara, að ekki yrði hægt að fiska á mótorbátum eða mótorskipum vegna steinolíuleysis, eða gufuskipum vegna kolaleysis, lítur meiri hluti svo á, að eitthvað þurfi að gera til þess að efla smábátaútveg, og þá helst að láta smíða smábáta í vetur, ef ilt verður útlit með útgerðina. En meiri hluta bjargráðanefndar er það og ljóst, að þótt næg matvæli verði til í landinu, innflutt og framleidd, þá verði mörgum erfitt að afla sjer þeirra, vegna dýrleika. En til þess, að menn geti keypt nægilega nauðsynjavöru handa sjer og sínum, þurfa þeir að hafa bæði vel borgaða og stöðuga atvinnu. Jeg álít, að vandræðin vegna dýrtíðarinnar komi harðast niður á kaupstaðabúum, því að sveitamenn geta frekar bjargast á sinni eigin framleiðslu, þótt erfitt verði. Til þess nú að koma í veg fyrir, að kaupstaða- og kauptúnabúar verði svo hart úti, ættu sveitarfjelög og landsstjórnin að gera alt, sem í þeirra valdi stendur, til að sjá þeim fyrir atvinnu. Það mætti t. d. í vetur sjá fjölda manna fyrir vinnu við undirbúning á ýmsu, er gera þarf í framtíðinni.

Hjer í Reykjavík þarf landið að láta reisa stórhýsi í sínar þarfir á næstu árum, og teljum vjer rjett, að þegar í vetur verði byrjað á undirbúningi. Næsta sumar mun að líkindum rætast úr vinnuleysinu, og þótt einhver brögð væru að því, ætti að vera hægt að bæta úr því með ýmislegu, sem gera þarf, svo sem vegabótum, undirbúningi hafnargerða o. fl. Vjer þykjumst þess fullvissir, að ef stríðið heldur áfram, þá beri að því, að landið neyðist til að taka stórt peningalán, til að ljetta mönnum vandræðin, og álítum vjer rjett, að hreppum og sveitarfjelögum gefist kostur á að fá lán hjá því. Svo hlýtur

auðvitað að fara, að þeir, sem ekki eru nægilega vel staddir til að afla sjer nægilegra nauðsynja, verði að leita á náðir sveitarinnar.

En, eins og menn vita, er því þannig farið, að flestir vilja leggja mikið á sig og jafnvel líða skort heldur en verða sveitarinnar. En til þess nú að koma í veg fyrir, að mönnum þyki minkun að því að taka sveitarlán, eða að þeir á nokkurn hátt verði fyrir skertum rjettindum af þeim ástæðum, þá höfum vjer sett það ákvæði inn í frv., að þótt maður taki lán hjá sveit sinni frá þessum tíma og þar til 3 mán. eftir stríðið, þá verði það ekki skoðað sem venjulegur sveitarstyrkur, og hlutaðeigandi hafi í engu mist borgaraleg rjettindi, heldur sem venjulegt peningalán, sem skuli greitt eftir föngum, en þó vera fullgoldið innan 10 ára að stríðinu loknu. Þetta byggist á því, að vjer teljum rjettara, að mönnum sje veitt fje að láni, en ekki beinlínis gefið, meðan stríðið stendur yfir.

Öðru máli er að gegna að stríðinu loknu. Nefndinni hefir dottið í hug, að þá gæti komið til mála, að gefið yrði eftir eitthvað af þessum lánum, eftir því sem ástæður væru. Jeg fyrir mitt leyti er þessari aðferð meðmæltur, en álít þó ekki heppilegt að ákveða neitt um það fyrirfram. Svo að jeg viki rjett snöggvast að frv. háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), þá er um það að segja, að næði það fram að ganga, þá yrði svo í reyndinni, að margir mundu samkvæmt því fá styrk, þótt hann þyrfti ekki nauðsynlega á honum að halda, en eftir þessu frv. meiri hluta bjargráðanefndar verður svo ekki, heldur miðar það að því að hjálpa mönnum, svo að þeir geti bjargað sjer sjálfir, og lána þeim fje, sem þess þurfa við, og svo seinna, ef ástæður eru til, má gefa þeim það upp að einhverju eða öllu leyti.

Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um þetta að sinni.

Bjarni Jónsson: Jeg var því miður ekki viðstaddur er háttv. frsm. (Þorst. J.) tók til máls, en hefi þó heyrt nokkuð af því, er hann sagði, og sjeð afsprengi þetta, sem hjer er á ferðinni, og jeg get ekki annað sagt en að mjer finst það einkennileg aðferð, sem þessi ágæti meiri hluti vill fara í þessu máli. Eftir allan þennan tíma, sem hann hefir haft til að íhuga málið, þá verður niðurstaðan sú, að hann kemur hjer með sjerstakt frv., sem þó hæglega hefði mátt sameina við okkar till., því að í því er ekkert, sem ekki er hjá okkar minni hluta, nema þessi lánveiting, sem segja má að sje hennar verk. Því að við höfðum einnig í okkar tillögum ráðið til, að veitt yrði fje til atvinnubóta, og eins að veitt yrðu lán vegna vandræða þeirra, er ófriðurinn veldur. Það er því að eins 1. gr. í frv. þeirra, sem ekki er tekin úr breytingartillögum okkar, og hefðu þeir vel getað flutt hana sem viðbótartillögu við brtt. okkar, og ekki þurft að koma með nýtt frv. Eins má segja um þá, sem dagskránni ráða: Síðast drekkur sá í Vík, sem fyrstur biður. Þetta frv. er tekið fyr en brtt. okkar, enda þótt það sje miklu seinna fram komið; það hefði mátt verða samferða þeim, svo að mönnum yrði ljósara, hvar þetta mikla starf meiri hlutans liggur, en það er samning 1. gr. Hjálpin vegna dýrtíðarinnar er, samkvæmt þessu frv., í því fólgin að veita sveitar- og bæjarfjelögum lán, til þess að þau geti aftur lánað einstaklingum. Mjer fyndist nær að kalla frumvarpið frv. til laga um almenn lán vegna dýrtíðarinnar. Þá hefðu menn ekki þurft að búast við meiru en efndirnar verða. Þetta ætlar

meiri hlutinn sjer að láta koma í staðinn fyrir frv., sem nefndin fjekk til meðferðar og hljóðaði um að selja vöru með afslætti, og þar að auki hefir hann tekið upp 2. og 3. gr. eftir till. minni hlutans, en raunar hafði nefndin talað um það áður en hún klofnaði. Ætlun meiri hlutans er auðsjáanlega að gera með þessu frv. hin lögin óþörf. En nú vil jeg benda á tvent. Hitt frv., með þeim breytingum, sem við leggjum til á þgskj. 259, getur alveg eins staðist og orðið samþykt, þótt þetta frv. nái fram að ganga. Það er að eins óviðkunnanlegt að samþykkja 2 lög, sem eru samhljóða, því að 2. og 3. gr. þessa frv. eru teknar eftir okkar tillögum og eru nærri því eins. Hins vegar er það aðgætandi, að eftir þessu frv., er um sama sem enga hjálp handa almenningi að ræða, heldur að eins lánveitingu, sem sækja verður um. Þetta er alt öðru vísi hjálp en sú, sem minni hlutinn fer fram á, því að eftir till. hans er ekki hægt að undanskilja neinn fátækling, því að allir fá helstu nauðsynjavörurnar undir verði. Þeir efnaðri borga svo auðvitað síðar með skatti það, sem þeir hafa fengið að óþörfu. Jeg held því, að þetta frv. meiri hlutans sje óþarft, enda býst jeg við, að hann hefði getað komist að samningum við minni hlutann um að bæta lánsákvæðinu inn í tillögur hans. Þótt jeg hafi ekkert umboð frá minni hlutanum, hygg jeg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að hann hefði fengist til að bæta 1. gr. á þgskj. 259 við brtt. sínar sem viðaukatill. við frv.

Gísli Sveinsson: Það hefði verið viðkunnanlegra, að frv. minni hlutans hefði komið fyr á dagskrá en þetta, af því að það kom fyr fram. Jeg býst við, að það sje meiningin, að þau verði bæði samferða á dagskrá til 2. umr., og þá verð jeg að geta þess, í því sambandi bandi, að von er á — og hefir nú verið útbýtt hjer í háttv. deild — nýju frv. um dýrtíðarstyrk til einstakra manna, og stend jeg að því. Jeg býst við, að þessi bæði biði þá eftir því, svo að öll þrjú bjargráðafrv. verði samflota við 2. umr. Jeg vil geta þess, enda þótt ekki liggi nú fyrir til umræðu annað en frv. meiri hlutans, að jeg álít þá leið, sem háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) stingur upp á í frv. sínu, alls ekki færa, því að það er engin meining að veita öllum ívilnun með verð, jafnt vel efnuðum sem öðrum, því að nú verða allir að brjótast áfram eins og þeir geta. Það er kunnugt, að enda þótt mikill hluti almennings sje illa staddur, og það jafnvel svo, að að því geti rekið, að það verði að hlaupa undir bagga, þá eru þó til þeir menn í þjóðfjelaginu, sem hafa grætt á þessu ófriðarástandi, og hvaða meining er í því að landssjóður fari að leggja á sig miljónahalla með því að borga verðhækkunina, þar sem þeir eiga í hlut, og gera þar með þeim, sem grætt hafa á ástandinu, óþarflega auðvelt fyrir að kaupa nauðsynjar sínar? Jeg sje enga ástæðu til, að landssjóður taki á sig halla fyrir þá, sem nóg fje hafa til að kaupa fyrir.

Í þessari dýrtíð verður fyrst og fremst um það að ræða að gera mönnum sem hægast fyrir að halda atvinnu sinni og sæmilegu kaupi, og ef það hrekkur ekki, verður að veita þeim, sem í þrengingar komast, vegna þessa ástands, styrk úr landssjóði, sem þeir eiga ekki að þurfa að greiða aftur, nema þeir hafi efni á. Það má ganga svo frá þessu máli, að þeir, sem ekki geta framfleytt sjer og sínum, verði styrktir með fjárframlagi, og í þessu sambandi vil jeg geta þess, að mitt frv. fer einmitt í þessa átt.

Hvað það snertir, að landssjóður veiti lán hreppum og bæjarfjelögum, og þau

láni aftur þeim, er skakkafall bíða af völdum þeirra hörmunga, sem nú geisa, þá álít jeg það ósamboðið landssjóði, því að hrepparnir og sveitarfjelögin geta fengið lán hjá bönkum og öðrum lánsstofnunum. Hjer er ekki heldur í þessu frv., sem nú liggur fyrir, að ræða um, að landssjóður veiti lán með betri kjörum en bankarnir. Ef sú stefna verður tekin að láta sveitarfjelögin taka lán, er sá vegur einn opinn, að það lán verði tekið hjá lánsstofnunum, bönkunum, enda er mjer kunnugt um, að sumir hreppar hafa þegar farið þá leið. Það er óþarfi að láta landssjóð vera að ljetta af lánsstofnunum. Jeg tel þá leið ekki henta, en jeg er líka á móti hinni tilögunni, sem mjer mun gefast kostur á að ræða um síðar. Jeg vil einungis hlaupa þar undir baggann, sem þörfin er mest. — Sanngjörn hækkun á vinnukaupi og uppbót á starfslaunum kemur ekki þessu máli við.

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Mjer kom það ekki á óvart, þótt háttv. þm. Dala. (B. J.) teldi ekki mikið nýtt nje nýtilegt í frv. Hann sagði, að meiri hlutinn hefði getað komið með brtt. við brtt. þeirra og sparað sjerstakt frv., en því er nú að svara, að við gátum ekki verið samþykkir fyrirsögninni, því að þar var um afslátt á vöruverði að ræða. (B. J: Þingmaðurinn sjer líklega, að við höfum breytt fyrirsögninni). Meiri hlutinn gat ekki fallist á orðrjettar till. minni hlutans, enda ljet hann ekki svo lítið að sýna okkur þær, eftir að bjargráðanefndin klofnaði. (B. J.: Hún klofnaði fyrir fult og alt). Jeg sje ekki, þótt hún hafi klofnað fyrir fult og alt, að minni hlutinn hefði ekki getað leitað samkomulags við meiri hlutann. — Meiri hlutinn taldi málið svo mikilvægt, að hann athugaði það lengur en minni hlutinn, sem hafði þá hægu aðferð að athuga málið lítið og koma fljótt fram með álit sitt. (B. J.: Fljótt og vel). Fyrst að frv. eru 2, er hægara að greina í sundur þær leiðir, sem hlutar bjargráðanefndar vilja fara. Viðvíkjandi því, er háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, að þessi lög væru óþörf, því að bankarnir gætu lánað sveitarfjelögunum, þá er því til að svara, að bankarnir eru alls ekki skyldugir til þess. Ef svo færi, að sveitarfjelögin þyrftu stórkostleg lán, gæti svo farið, að bankana þryti fje. En, sem sagt, ef einhver ný ráð koma fram, sem jeg, við nánari athugun, álít að verði líklegri til haldgóðra nota til bjargráða almenningi en þau, sem hingað til hafa fundist, þá mun jeg ganga inn á þau. En það frv., sem minni hlutinn kom með, sje jeg ekki að geti orðið heillavænlegra en frv. okkar meiri hlutans, nema síður sje. Höfuðatriðið í máli þessu er að hjálpa mönnum til að bjarga sjer, og þar næst að hjálpa þeim, er hjálpar þurfa, en eyða ekki fje handa þeim, sem þurfa ekki á hjálp að halda.

Einar Arnórsson: Eins og tekið hefir verið fram eru till. meiri hlutans, á þgskj. 335, að eins að einu leyti ósamræmar till. minni hlutans, sem sje í því, að meiri hlutinn vill ekki láta landssjóð taka neinn þátt í verðhækkun á helstu nauðsynjavörum. Mörgum kann líka að virðast svo, sem það sje hin mesta fjarstæða, en það er nú ekki. Það er kunnugt, að víða annarsstaðar hefir þessi aðferð verið höfð, og skal jeg nefna sem dæmi Kaupmannahöfn; þar hefir bæjarstjórnin varið miljónum króna í því skyni, og svo er einnig víða annarsstaðar.

Það má náttúrlega finna sitt að hverju, bæði að áliti meiri og minni hlutans, og deila um, hvort betra sje, en eitt er þó víst og það er það, að óheppilegasta frv. er frv. háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.),

en af því, að það er ekki til umr. nú, skal jeg sleppa því að fara frekar út í það. Það er auðsjeð, að meiri hlutinn hefir farið eftir till. minni hlutans og tekið þær upp lítið breyttar, en dálítið, og það til hins verra. 2. gr. þessa frv. er svo að segja tekin orðrjett eftir 7. gr., stafl. a., og 3. gr. orðrjett eftir stafl. b. (S. S.: Þetta er 1. umr.). Jeg ætla hæstv. forseta að grípa fram í fyrir mjer, ef jeg brýt þingsköp. (B. J.: 1. þm. Árn. (S. S.) vill ráða yfir 2. þm. Árn. (E. A.), af því að hann álítur sig hærri í þingmannstigninni). Þessar 2 greinar eru að mestu samhljóða, nema að einu leyti, því að meiri hlutinn segir, að þessi lán skuli ekki teljast sveitarstyrkur, ef þau eru greidd innan 10 ára. Fyrir það fyrsta hefir meiri hlutinn bætt þarna við málfræðilegum kortitti, og í öðru lagi hefir hann líka gert efnisbreytingu, því að svo er að sjá, sem lán þessi eigi að skoðast sveitarstyrkur, ef þau eru ekki borguð innan 10 ára. Þetta er á hverfanda hveli, enda er hjer farið aftan að siðunum, því að annaðhvort verður þetta að heita sveitarstyrkur eða ekki. Í okkar till. var gert ráð fyrir, að farið væri að borga lánið þegar að ófriðnum loknum, og að þau skyldu aldrei teljast sveitarstyrkur. Annars má vel vera, að nefndarhlutarnir geti komið sjer saman um þetta atriði.

Þetta, sem háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) sagði, að meiri hlutinn hefði ekki getað fallist á fyrirsögn frumv., lýsir meira en litlum vandræðahætti hjá honum að geta ekki komið með brtt. við fyrirsögnina. Reyndar skal jeg játa, að fyrirsögn þeirra á frv. á þgskj. 335 er ekki sjerlega vel orðuð, svo að það hefir ef til vill verið heppilegra að reyna ekki að breyta fyrirsögn okkar. Að minni hlutinn hefir ekki viljað vinna með meiri hlutanum kemur til af því, að það var auðsjeð, að leiðir þeirra voru skildar til fulls, og þeir gátu því ekki unnið saman. Ef meiri hlutinn hefir verið óánægður með ákvæði minni hlutans, var innan handar fyrir hann að koma með brtt. við brtt. minni hlutans, eða brtt. við frv. sjálft. Meiri hlutinn gat líka sagt: 1. gr. orðist svo o. s. frv., og sparað með því umr. að nokkru leyti. Annars er jeg meiri hlutanum þakklátur fyrir það, að hann hefir á ýmsan hátt fallist á till. minni hlutans, og ekki heldur skelt alveg skollaeyrunum við þeirri hugsun, sem kom fram í frv. háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Það er nærri því eins og meiri hlutinn hafi verið hræddur við að gera nokkrar till., sem í raun og veru skifta máli, því að það má fara svo með till. hans í 1. gr., að þær komi að sáralitlu haldi, og 2. og 3. gr. eru líkar og hjá minni hlutanum. (P. J.: Þær eru þó skárri). Hugsun minni hlutans var sú, að landssjóður greiddi nokkuð af verðhækkuninni á allra helstu nauðsynjavörutegundum, sem allir þurfa með, t. d. brauði og eldsneyti. Þessu má koma þannig fyrir, að tvent vinnist við það, í fyrsta lagi það, að enginn þyrfti að líða skort, og í öðru lagi er hægt að jafna með því þann halla, sem almenningur biður af dýrtíðinni, á mörg ár, og ef til vill fleiri kynslóðir en þessa. Þessu er alveg eins varið og því, er bóndi biður mikinn halla eitthvert ár. Hann reynir að halda búinu og tekur til þess lán, sem hann borgar aftur á löngum tíma. Hjer er alveg sama máli að gegna. Þetta er herkostnaður okkar Íslendinga, sem við verðum að reyna að borga á þann hátt, sem þægilegastur er.

Ef minni hlutinn hefði sjeð sjer fært, þá hefði hann gengið lengra í frv. sínu en þetta. En hann bjóst við því, að þessi háttv. deild mundi ekki taka því vel. Það hefði verið rjettast í þessu máli að ganga enn lengra en minni

hlutinn hefir gert, og rjettara af háttv. deild að taka málinu betur.

Umr. frestað.

Á 33. og 36. fundi í Nd., dagana 14. og 17. ágúst, var fram haldið 1. umr. um frv., en forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 20. ágúst, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum gr. atkv.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 22. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 335).

Gísli Sveinsson: Án þess að jeg ætli að gerræða mál þetta nú, og án þess að jeg ætli mjer þá dul að geta komið með nokkur þau ráð, er hin mikla og merkilega bjargráðanefnd eða meiri hluti hennar muni vilja taka til greina, þá vil jeg þó beina þeirri spurningu til háttv. nefndar, hvort hún hafi hugsað sjer nokkurt ráð til bjargar, ef bráða neyð ber að höndum, bráðari en svo, að hjálpin komi í tæka tíð eftir tillögum þessa frv.

Það var fundið að frv. því, sem jeg flutti, og var hjer til umræðu á dögunum, að eftir því væri svo seinlegt að ná í nauðsynjahjálp, að fólkið gæti soltið í hel, áður en til framkvæmda kæmi. En jeg sje ekki betur en að þetta frv. sje að minsta kosti með sama markinu brent, og sje ekki betur en að nauðstaddir menn geti verið farnir veg allrar veraldar áður en hjálp kemur, eftir ákvæðum þess, áður en sveitarstjórn hefir brætt það með sjer, hvort hún eigi að taka lán eða ekki, áður en lán er afgr. hjá landsstjórninni, og áður en lánsfjeð er komið í hendur sveitarstjórnar. Sama er að segja um það, að oflangur tími mun að jafnaði ganga til þess að koma atvinnufyrirtækjum handa þurfalingum í gang, ef bráðrar hjálpar er þörf. Það þyrftu því að minsta kosti að vera til einhver ákvæði um flýtvirka bráðabirgðahjálp, en slík ákvæði vantar í frv. þetta.

Mundi háttv. nefnd vera ófáanleg til að taka þetta atriði til íhugunar?

Framsm. (Þorsteinn Jónsson): Frumvarp það, sem háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) flutti um dýrtíðarstyrk, var rætt allrækilega um daginn, þegar dýrtíðarmálin voru til umræðu, þó að svo sýnist, sem hv. þm. (G. Sv.) hafi ekki þótt nóg komið þá. Svo var á hv. þm. (G. Sv.) að skilja þá, að hann væri ekki hræddur við, að hjálp sú, er hann vildi veita, mundi koma ofseint, og þá ætti hann því síður að vera hræddur um, að hún kæmi ofseint eftir fyrirmælum þessa frv. Jeg hygg það vera allsendis ástæðulausan ótta að kvíða því, að sveitarstjórnir muni láta þurfalinga sína svelta í hel, á meðan þær eru að útvega þeim fje til hjálpar. Jeg er þess fullviss, að þær muni bæði vilja og geta veitt þeim bráðabirgðahjálp, ef í nauðir rekur; til þess hefir hver úrræðagóð sveitarstjórn ýmsa vegi. En, sem betur fer, er ekki enn þá um neina almenna neyð að ræða, svo að til skjótra úrræða þurfi að grípa, og vinst vonandi nægur tími til ráðstafana, áður en á almennri hjálp þurfi að halda. Jeg vantreysti engan veginn sveitarstjórnum í samvinnu við landsstjórnina að bjarga mönnum svo vel, sem unt er að gera,

með því að nota þær heimildir, sem veittar eru í frv. þessu.

Það litur helst út fyrir, að hv. þm. (G. Sv.) hafi fundið þetta upp til að leggja stein í götuna fyrir frv. þetta, sem þó, eftir atkvgr. að dæma, er það frv. um dýrtíðarmál, sem hv. deild álítur að koma muni að almennustum og haldbestum notum af frv. þeim, sem fram hafa verið borin um almenn bjargráð hjer í deildinni.

Gísli Sveinsson: Mjer dettur ekki í hug að fara í langar deilur eða orðahnippingar við háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.), því að þaðan er ekki við öðru að búast en brigslyrðum út í bláinn og dylgjum, í stað röksemda, eins og kunnugt er frá fyrri umr. þessa máls.

Háttv. þm. (Þorst. J.) lætur sjer sæma að varpa því fram, að jeg hafi komið með athugasemdir mínar til þess að leggja stein í veg fyrir frv. Það þarf alveg sjerstakan hugsunarhátt, sem hlýtur að vera sjereign háttv. þm. N.-M. (Þorst. J.) hjer í deild, að komast að þeirri niðurstöðu, að þeir vilji spilla málum, sem leggja sinn skerf til, að þau sjeu athuguð sem best. Athugasemd mín átti að eins að vera, og var, hógvær bending til háttv. nefndar. Jeg var að benda á, að frá sjónarmiði þeirra manna, sem þótti hjálpin mundu koma ofseint eftir tillögum í mínu frv., og þar á meðal var háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) og hans fjelagar, þá mundi hún og geta komið ofseint eftir þessu frv., því að ekki er sá vegur, sem það bendir á, fljótfarnari en minn vegur mundi reynast. Háttv. frsm. (Þorst. J.) taldi nú öllu vel borgið, því að sveitin mundi taka þá upp á sína arma, sem hjálparþurfar yrðu áður en lögin væru komin í kring og hjálp eftir þeim fengin. Ef það hefir verið satt, sem borið var fram um daginn, þegar um frv. mitt var að ræða, að sveitarstjórnir mundu verða ofseinar á sjer með að ná hjálp handa þeim, sem þyrftu, þá á það ekki síður við þetta. Það má gera ráð fyrir, að sveitarstjórnir fari ekki að leita lána fyr en í fulla hnefana, ekki fyr en neyðin ber að dyrum, og sú hjálp getur hæglega komið ofseint.

Háttv. frsm. (Þorst. J.) gerir ráð fyrir, að þar, sem bráða hjálp þurfi, þá muni þurfalingarnir leita til sveitarstjórnar. Einmitt það. Hjer kemur það fram, að hann ætlast til, að þessir menn neyðist til að fá sveitarstyrk; vel er nú sjeð fyrir sjálfstæði manna.

Þótt landsstjórnin flýti öllu sem mest, eftir að málið er komið til hennar, getur svo farið — og fyrir því gerir líka háttv. frsm. (Þorst. J.) ráð — að sumir þurfi hjálpina áður en fjárveitingin kemur frá stjórninni, og þá eiga þeir að fá hana sem sveitarstyrk, en hinir, sem seinna þarfnast hennar, segjum mánuði seinna, fá hana sem lán, þótt sömu ástæður liggi fyrir. Þetta er svo hróplegt misrjetti, að það má ekki eiga sjer stað.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki betur sjeð en að mál þetta sje komið í óefni. Það var ákaflega leitt, að bjargráðanefndir í báðum deildum skyldu ekki geta komið sjer saman um eitthvað það, sem þær hefðu svo fylgt fram í þinginu. Það er lífsspursmál, þegar um jafnþýðingarmikil vandamál er að ræða, að allir taki höndum saman og láti hvern minni háttar skoðanamun þoka fyrir alþjóðarheill. Þegar jeg átti tal við háttv. nefnd, gat jeg þess, að líklega mundi rjettast, að stjórninni væri veitt heimild til að selja vörur eitthvað undir verði, ef á þyrfti að halda; það mundi reynast besta hjálpin.

Það mun að vísu hafa verið farið helst til langt hjá háttv. minni hluta, en áreiðanlega virðist mjer hann vera á rjettri leið. Það kölluðu aðrar annir að mjer, svo að jeg varð ofseinn til að taka til máls, þegar dýrtíðarmálin voru hjer síðast til umræðu, svo að jeg gat þá ekki látið skoðun mína í ljós. En jeg vil nú biðja háttv. nefnd að taka málið til nýrrar íhugunar, og vita, hvort ekki er hægt að finna einhvern samkomulagsgrundvöll. Málið er afarvandasamt; menn eiga svo erfitt með að spá í eyðurnar, og ástandið er svo breytilegt, að ráðstafanir, sem gerðar eru í dag, eiga má ske ekki við á morgun. Af þessum ástæðum var það, að stjórnin kom ekki fram með neinar ákveðnar tillögur; hún taldi það rjettara að geyma að ráða málinu til lykta þangað til um þingtímann og haga ráðstöfunum eftir útlitinu þá. En með því að ekki er unt að sjá fyrir, hvernig fara muni framvegis, nema að nokkru leyti, þá datt mjer í hug, að þingið veitti stjórninni nokkuð víðtæka heimild til að haga dýrtíðarráðstöfunum eftir því, sem augnabliksþörf krefur. Það gæti og komið til mála, að þingið skipaði nefnd til að vera stjórninni til aðstoðar við ráðstafanir þessar.

Þetta vildi jeg mega biðja hv. nefnd að taka til íhugunar.

Jeg er samdóma háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) um, að þótt þetta frv. bæti að sumu leyti úr, þá sje það ekki fullnægjandi, og hætt sje við, að sú hjálp, sem það gerir ráð fyrir að veitt sje, muni reynast ýmsum ónóg.

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Jeg heyrði á ræðu háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að hann lagði mikla áherslu á, að lán það, sem menn þyrftu að fá, yrði ekki talinn sveitarstyrkur. Þar er jeg honum sammála; og ef honum þykir ekki nógu vandlega um það búið í frv., að hjálp sú, sem menn kunna að þurfa að fá áður en í lán næst, sje eigi þannig talin, þá er langt frá, að jeg hafi á móti því, að hann komi með brtt., sem tryggi það. Annars er það einkennilegt, að háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) skuli stökkva upp á nef sitt og telja það brigslyrði og dylgjur, þótt sýnt sje fram á með rökum, hvað frv. hans um dýrtíðarstyrk er grunnhugsað.

Hæstv. forsætisráðherra mæltist til, að bjargráðanefnd tæki málið til nýrrar yfirvegunar, og varpaði því fram, að ráðlegt kynni að vera, að skipuð væri nefnd, stjórninni til aðstoðar um dýrtíðarmálin. Mjer hafði þegar áður dottið þetta í hug, að rjett mundi að skipa nefnd, stjórninni til aðstoðar við framkvæmd þessara mála, og að þeirri nefnd væri fengið töluvert vald í hendur og stjórninni veitt rýmra vald en gert er í frv.

Jeg hefi sagt það áður, og endurtek það enn, að meiri hlutinn hefir viljað fara þá leið, er hann telur vænlegasta til að bjarga landi og lýð á þessum erfiðu tímum; og vona jeg, að hann hafi hitt þá leiðina, sem líklegust er af þeim, sem enn hefir verið bent á. Að öðru leyti býst jeg við, að formaður bjargráðanefndar muni svara athugasemdum hæstv. forsætisráðherra.

Einar Jónsson: Jeg get ekki látið hjá líða að lýsa þakklæti mínu við þá menn, sem eru að reyna að bæta úr kjörum þeirra, sem í nauðum eru staddir. Það er kunnugt, að stungið hefir verið upp á ýmsum bjargráðum, en jeg verð að segja fyrir mig, að mjer gest best að till. þeim, sem bornar eru fram á þgskj. 335. Að vísu heyri jeg, að ýmsir háttv. þm. eru að setja út á þær. En jeg býst við, að lengi verði eftir því að bíða, að ósk hæstv. forsæt-

ráðherra uppfyllist, að allir verði á eitt sáttir í máli þessu. Jeg held helst, að eins og við horfir sje ekki önnur leið heppilegri en sú, að veita bæjar- og sveitarfjelögum lán til að bjarga mönnum; það mun óhætt mega treysta því, að þau fari ekki lengra í lántökum en brýn þörf krefur. Jeg held, að það sje miklu rjettari leið en að fara að selja vörur undir sannvirði. Jeg lasta að vísu ekki, þótt sú till. hafi komið fram, en jeg hefi ekki trú á, að hún komi að haldi eða sje fyllilega rjettlát.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) var hræddur um, að þeir yrðu fyrir misrjetti, sem styrk yrðu að fá áður en lög þessi kæmu til framkvæmda, borið saman við hina, sem fengju hann síðar. En jeg held, að það sje ekki svo hætt við því, því að þegar sveitarstjórnir vita um lánsheimildina, sem lög þessi veita þeim, þá munu þær geta hagað því svo til, að hjálp sú, sem einstöku menn kunna að þurfa á að halda áður en í lánið næst, þurfi ekki að teljast sveitarstyrkur.

Það held jeg og, að eigi sje ástæða að efast um, að sveitarstjórnir muni úthluta styrknum sanngjarnlega; og víst tel jeg, að sveitarstjórnir mundu ekki veita hann öðrum en þeim, sem þyrftu. Öðru máli er að gegna, ef fara ætti að selja vörur undir verði; þá nytu allir góðs af því, ríkir jafnt sem fátækir, og svo víðtækan styrk höfum við ekki ráð á að veita; og landssjóður má ekki fara lengra en að hjálpa að eins hinum fátæku, en láta hina bjarga sjer sjálfa. En ef vörur eru seldar undir sannvirði, þá nær það jafnt til allra. Þar kemur það sama sem með uppbótina til embættismanna. Það eru ekki allir embættismenn, sem þarfnast dýrtíðaruppbótarinnar, en ekki auðvelt að gera upp á milli þeirra, og því fá þeir hana allir. Eins njóta allir góðs af, ef vörur eru seldar undir verði. (**B. J.**: Og stórbændur líka, þar á meðal bóndinn á Geldingalæk, E. J.). Já, en jeg er ekki að biðja um neina dýrtíðaruppbót og kæri mig ekki baun um hana. Hefi hugsað mjer að leitast við að bjargast á eigin spýtur hjer eftir sem hingað til, án sveitarstyrks úr landssjóði.

Að öllu athuguðu er það sjálfsagt stór nauðsyn að gera hjer eitthvað, og þá fyrst og fremst að bjarga fátæklingum frá sveit, og þar sýnist mjer háttv. bjargráðanefnd hafa valið heppilegan veg.

Ýmislegt væri fleira að athuga í sambandi við þetta mál, en það heyrir ekki dagskránni til, og fer jeg því ekki langt út í það. Þó ætla jeg að minnast á, að hjer í Reykjavík horfir til vandræða með atvinnu í vetur; því sýnist það ekki góð tilhögun að láta vel vinnandi menn vinna að götugerð hjer um hásláttinn, þar sem þó vitanlegt er, að mannaskortur er í sveitinni og að bændur mundu taka með þökkum að fá þessa menn fyrir kaupamenn og gjalda þeim hátt kaup. Það sýndist því nær, að götuvinnan væri geymd til hausts og vetrar. Að vísu á þingið eða landsstjórn ekki sök á þessu sleifarlagi, heldur bæjarstjórn Reykjavíkur, en mjer þótti þó rjett að hreyfa því, einkum af því, að hjer situr á þingi einn úr bæjarstjórninni (J. B.), og mætti vera, að hann vildi taka þessa bendingu til greina.

Pjetur Jónsson: Það er leitt, að hæstv. forsætisráðherra skuli ekki vera viðstaddur, því að það var út af orðum hans, að jeg tek til máls. Jeg var að vísu ekki viðstaddur umræðu þessa máls síðast, og heyrði því ekki það, sem þá fór fram.

Jeg verð þá fyrst að benda á það, að

þetta frv., sem nú er til umræðu, er ekki nema einn liður í þeim dýrtíðarráðstöfunum, sem verið er að gera. Stærsti liðurinn er afskifti stjórnarinnar af landsversluninni, sem rætt var um í gær, og þau stórtæku vöru- og skipakaup, sem hún hefir gert. Þetta frv. er því að eins einn liður í keðju. Á sama hátt var frv. um sölu á vörum undir verði, sem hjer var til umræðu fyrir skömmu, að eins annar hlekkur í keðjunni, hliðstæður þessum, en það er nú úr sögunni, svo að um það þarf ekki að ræða. Það virðist því koma í opna skjöldu, sem hæstv. forsetisráðherra sagði áðan, við það, sem hann sagði er fyrst var rætt við hann um það í bjargráðanefndinni, hvort rjett mundi vera að selja vörur undir verði. Mjer skildist það á honum þá, að stjórnin gæti ekki fallist á, að það væri gert, nema þá í mjög smáum stíl. Hins vegar benti hann einmitt á þá vegi, sem frv. leggur til að farnir sjeu, svo sem um atvinnubæturnar. Nú virðist hann snúinn að hinu ráðinu, þegar það er um seinan, og telja þær ráðstafanir, sem frv. fjallar um, lítils virði. (B. J.: Hvernig stendur á því?) Já, það er orðið um seinan, af því að búið er að fella það. (B. J.: Það hefir nú stundum verið leiðrjettur misskilningur eftir á). Það má fara fleiri vegi en þennan, sem hjer er bent á.

Jeg skal ekki tefja umræður lengi, en að eins benda á það, út af ræðu háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að jeg get ekki sjeð, hvernig hjálpin getur orðið bráðari með því fyrirkomulagi, sem hann hugsar sjer, en með því að láta sveitarstjórnirnar ráða styrknum alveg. Jeg lít svo á, að nærtækast verði fyrir hvern einstakling að snúa sjer til þeirra, sem næstir eru og vanir að sjá málum þeirrar sveitar borgið, einkum af því að þetta heitir ekki sveitarstyrkur. (B. J.: Ekki fyr en eftir 10 ár). Já, ef ekki verður búið að gefa hann eftir. (B. J.: Ef náðin verður svo mikil). Jeg lít svo á, að ef stjórnin á að bjarga mönnum frá skorti, þá geti hún best náð því með samvinnu við sveitarstjórnirnar. Jeg álít, að fylgjast verði að landsstjórnin, sveitarstjórnirnar og hjeraðsstjórnirnar, ef vel á að vera, og jeg skil ekki, hvernig finna á þessu fyrirkomulagi það til forátttu, að þessa samvinnu á að hafa. Jeg veit ekki betur en að þessi samvinna landsstjórnarinnar og sveitarstjórnanna sje komin á, af því að stjórnin hefir sjeð, að það var heppilegt. Og þótt kvartað hafi verið undan því af sumum, að stjórnin hafi haft hjeraðastjórnir til meðalgöngu, get jeg ekki annað en verið á stjórnarinnar máli, að hún hafi gert alveg rjett í því. Höfuðatriðið er, að stjórnin hafi fjeð til, og sje fje fyrir hendi, er auðveldast, fjótlegast og sparlegast, að sveitarstjórnir, hjeraðsstjórnir og landsstjórnin vinni þar saman, eins og frv. ætlast til. Jeg get ekki sjeð, að það sje sparlegt að fara að dreifa út fje í vöruuppbætur, ef sem minst fje á að verða að sem mestum notum. Það er áreiðanlegt, að það fje, sem verður til að dreifa, verður ekki svo mikið, að ekki verði að knýja fram ítrasta sparnað og sjálfsafneitun. Jeg skil því alls ekki, hvernig á því stendur, að hæstv. forsætisráðherra skuli vera örðinn með vöruuppbótum, því að hann kom einmitt á fund í bjargráðanefndinni og var spurður, hvert álit hann hefði á þessu máli, og þá kvað hann ekki gerlegt að leggja út í vöruuppbætur, nema þá í mjög smáum stíl. Þessi umsögn hans er bókuð í gerðabók bjargráðanefndarinnar. Þess vegna skil jeg alls ekki í, að hann skuli nú segja, að stjórnin geti ekki notað þetta frv., enda þótt hægt verði að fá fje.

Jeg skal svo ekki lengja umræður

frekar, en þykir það leiðinlegt, að hann skyldi ekki vilja hlusta á mig.

Hákon Kristófersson: Það er enginn vafi á því, að tilgangur þeirra manna, er þetta frv. flytja, er hinn besti. Það er því alls ekki til að rýra álit þeirra, að jeg lýsi yfir því, að jeg hlýt að vera á sama máli og háttv. þingm. V.-Sk. (G. Sv.). Jeg er sem sje í miklum vafa um, hvort þetta frumvarp fer fram á þá veigamiklu og sjálfsögðu hjálp, sem þessu þingi ber að veita almenningi, eins og nú er högum háttað hjá öllum þorra þjóðfjelagsins. Jeg hygg, að almenningur líti svo á, að þinginu beri að gera veigameiri og víðtækari ráðstafanir til að hjálpa út úr þeim vandræðum, sem sýnilegt er að nú standa fyrir dyrum. Jeg vil leyfa mjer að benda á 2. gr. þessa frv. Þar stendur, að stjórninni skuli heimilt að verja fje til atvinnubóta o. s. frv. Það má vel vera, að þetta sje vel frambærilegt, en varla á það þó alstaðar við, því að varla getur það verið meiningin, að í hverri sveit, þar sem menn eru þurfandi, verði bygð stórhýsi. Á vetrum eru líka vegabætur ómögulegar, en á sumrin þarf varla íhlutun hæstv. stjórnar til að veita mönnum atvinnu. (**P. O.:** En ef sjávarútvegurinn legst niður?) Jeg vil vona það besta, og er í engum vafa um það, að sjávarútvegurinn hvorki má nje á að leggjast niður, enda finst mjer það sjálfsögð skylda stjórnarinnar að tryggja það, að svo fari ekki. Því að með því að tryggja atvinnuveginn eru trygð lífsskilyrði þjóðarinnar.

Hjer í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að landsstjórnin taki lán til að geta veitt það aftur sveitarstjórnunum. Þetta er nú fallega hugsað, enda gengur forgöngumönnum auðvitað það besta til, en jeg er í nokkrum vafa um, að þótt þetta frv. verði að lögum, komi hjálpin aldrei að verulegum notum. Mjer blandast ekki hugur um, að allur þorri fátæklinga flýr ekki fyr á náðir sveitarstjórnarinnar en þeir mega til, og þá getur það oft verið um seinan. Segjum nú, að ís lokaði höfnum, og engin matvæli væru til. Ætli það kæmi ekki að litlu haldi, þótt sveitarstjórnin fengi þá lán, þegar alt er komið í ótíma? Jeg get ekki betur sjeð en að það verði að fá lán þegar að hausti og kaupa mat fyrir, svo framarlega sem afkoma almennings yfir næsta vetur á að vera trygg, því að jeg er hræddur um, að sveitarstjórnirnar sæki ekki um lán fyr en þær sjá, að ekki er annað fært. Jeg verð að segja það, að nýtilegri till. en þessar hafa verið feldar hjer, og meina jeg þar frv. um að selja vörur undir verði, því að það álít jeg nýtilegasta frv., sem fram hefir komið, og það gleður mig því mjög, að hæstv. forsætisráðherra hefir viðurkent, að þær tillögur væru hyggilegar, og beint því til háttv. bjargráðanefndar að athuga það enn á ný. Hann fór nú reyndar ekki lengra en svo, að hann vildi, að stjórninni væri gefin heimild til að grípa til þessa, ef nauðsyn krefði. Jeg vil nú ekki gera neitt lítið úr því, en álít þó ekki, að nauðsyn sje á slíkri þingsályktunartill., því að jeg veit ekki betur en að stjórninni hafi á síðasta þingi verið gefin heimild til að selja landsstjóðsvöru út um land með sem líkustu verði alstaðar. Þessi heimild hefir ekki verið notuð, nema þá að litlu leyti, og gefur það því síst ástæðu til að ætla, að frekar yrði það að notum að samþykkja nú aðra slíka eða eitthvað, er færi í líka átt. Hæstv. forsætisráðherra sagði, að skipa mætti nefnd manna, stjórninni til ráðuneytis. Jeg veit ekki, hvað sú nefnd ætti að gera, því að jeg verð að bera það traust til stjórnarinnar, að

varla -beri brýn nauðsyn til að láta hana hafa slíka nefnd til ráðuneytis. Sem sagt, jeg er hæstv. forsætisráðherra mjög þakklátur fyrir það, að hann hefir látið í ljós þessa skoðun, því að hún er alveg í samræmi við mína eigin skoðun. Jeg álít, að sú leið, sem hann benti á, sje sú rjettlátasta og sjálfsagðasta, svo framarlega sem þingið vill skilja svo við þessi mál, að það hljótist ekki hneisa af.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) þótti sú leið, að borga verðhækkun, ófær, af því að ríkir og fátækir nytu jafnt góðs af henni. Án þess að jeg vilji gera neitt lítið úr tillögum þess háttv. þm. (S. S.), verð jeg þó að segja það, að mjer finst það nokkur smámunasemi að borga þeim efnaðri ekkert. Að vísu get jeg viðurkent það, að frá mannúðarlegu sjónarmiði er það alveg rjett, en ef það leiddi til þess, að margir fátækir yrðu þar fyrir engrar dýrtíðaruppbótar aðnjótandi, teldi jeg það illa farið. Sá sami háttv. þm. (S. S.) mintist á, að þetta yrði nokkurskonar ofanálag á dýrtíðaruppbót embættismanna. Þótt svo yrði, sje jeg ekki, að öðruvísi sje hægt að koma því fyrir, enda ýmislegt, er heyrst hefir á síðari tímum, sem gerir það að verkum, að jeg get ekki litið öðruvísi á en að við stöndum okkur ekki við annað en að veita embættismönnum, sjerstaklega þeim, er stöðu sinnar vegna þurfa að hafa dýrt skrifstofuhald, allríflega uppbót. Við höfum heyrt, að stjórnin borgar þeim mönnum, sem hún ræður nú, miklu hærra kaup en tíðkast hefir, og mjer finst því ekki nema eðlilegt, að embættismenn teldu sig allmiklu ranglæti beitta, ef miður væri með þá farið en verkamenn, er stjórnin ræður, og gegna óbrotnum störfum.

Mín afstaða til þessa frv., sem hjer er um að ræða, er sú, að jeg sæi ekki eftir, þótt það yrði felt, ef í staðinn fyrir það kæmi frv. líkt því, sem minni hluti bjargráðanefndar bar fram. (**S. S.**: Við viljum ekki hafa neinar afturgöngur hjer.) Það líkist engri afturgöngu, þótt það yrði tekið til yfirvegunar aftur, og því eru þessi ummæli háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) alóþörf. Jeg kalla ekki nýja yfirvegun afturgöngu, því að sú leið væri sæmilegri en þessi, ef málið yrði betur til lykta leitt en áður.

Að svo mæltu skal jeg ekki fjölyrða frekar um málið, því að jeg hefi þegar lýst afstöðu minni til þess.

Forsætisráðherra (**J. M.**): Jeg var því miður ekki inni, er háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) hjelt ræðu sína, en jeg heyri sagt, að hann hafi látið í ljós, að jeg hafi fallist á þetta frv., er það var til umr. í háttv. bjargráðanefnd. Það er nú að sumu leyti rjett, því að jeg mun hafa sagt sem svo, að það, að útvega mönnum vinnu, gæti verið gott út af fyrir sig, en að það væri ekki nægilegt, og að auk þess gæti verið ástæða til að veita stjórninni heimild til að selja 1 eða 2 vörutegundir undir verði, eins og víða er gert erlendis. Þetta hygg jeg að jeg hafi sagt. Það má vera, að þörf verði á því að greiða fyrir lánum eða veita lán handa sveitarfjelögum. En sem sagt, þetta tvent vakti aðallega fyrir mjer, að útvega mönnum atvinnu og að selja eitthvað af vörum undir verði, en vera má, að svo fari, að þessir tveir vegir yrðu ekki einhlítir, svo að líka þyrfti að veita sveitarfjelögum lán.

Bjarni Jónsson: Jeg hafði hugsað mjer að minnast á ummæli forsætisráðherrans og fundarbókina, sem háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) vitnaði í. Hann kvað tillögu frá ráðherranum, sem færi í líka átt og frv. þetta, bókaða þar. (**P. J.**: Í líka átt og 2. gr.). Af því að háttv.

þm. S.-Þ. (P. J.) sagði, að sjer kæmu orð hæstv. ráðherra á óvart, tel jeg ekki rangt að segja frá því, hvernig skýrt er frá áliti forsætisráðherrans í fundabókinni. Þar stendur, að stjórnin taldi leið hans (J. B.) vart færa, en álitamál að selja einhverja einstaka vörutegund undir verði. Kvað hún sjer þykja æskilegt að fá heimild þingsins til að veita mönnum atvinnu við störf í landsins þarfir, svo sem við undirbúning byggingu stórhýsa o. s. frv.

Menn hljóta því að sjá, að það, sem forsætisráðherrann hefir sagt við bjargráðanefndina um þetta mál, er í fylsta samræmi við ummæli hans nú; að eins hefir hann lagt meiri áherslu á það nú, að hann álítur þörf á því, að landssjóður selji vörur undir verði, og get jeg eigi lastað það, þótt hann komist að þessari niðurstöðu. Það er vitanlegt og skiljanlegt, að þær aðferðir eru ófærar, þótt þær sjeu ekki í sjálfu sjer ranglátar, að undanskilja þá, sem efnaðir eru. Það er óframkvæmanlegt á annan veg en þann, sem minni hl. bjargráðanefndarinnar hefir lagt til, því að framkvæmdirnar yrðu svo flóknar og dýrar, ef það væri haft öðruvísi, að menn verða að þola það, þótt einhver, sem síður þyrfti ívilnun, slæðist með. Jeg hefi þegar bent á, að mjög ljett er að leggja á menn skatt með tilliti til þessa. Hverjum getur dottið í hug, að hver og einn, sem þarf hjálp, rati á það að biðja sveitarstjórnirnar um lán. Við skulum bara hugsa okkur bæ með 15000 íbúum, eins og Reykjavík, þar sem $^{9}/_{10}$ þurfa hjálpar við. Það yrðu aldrei mjög margir af þeim, sem hefðu vitneskju um þessi lög, og rötuðu því á rjettan stað eða áttuðu sig á vilja þingsins í þessu efni. Það yrði alveg eins og sagan um storkinn og tófuna, sem jeg sagði hjer um daginn og ætla því ekki að endurtaka nú.

Það er ekki undarlegt, þótt menn komist að því, eins og hæstv. forsætisráðherra, að þetta er eina leiðin til að draga nokkuð úr dýrtíðarvandræðunum, að selja, þótt ekki sje nema eina vörutegund, undir verði, og selja hana eftir seðlum. Það er einfaldasta leiðin til framkvæmda; og þótt einstöku efnaðir menn flæktust með og nytu góðs af, þá verður ekki fyrir það synt. Það yrði að minsta kost mjög flókið að fara að flokka menn niður eftir efnum, og jeg held varla, að hægt sje að framkvæma það. Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) taldi nú um seinan að koma með nokkrar breytingar í þá átt, þar sem þær tillögur, sem miðuðu að því, hefðu verið feldar hjer í deildinni um daginn. En ekki er það nú alveg dæmalaust, að eitthvert atriði sje samþykt hjer í þinginu, þótt búið sje að fella það einu sinni. Á þinginu 1915 var það felt að stofna dósentsembætti í líffærafræði við læknadeild Háskólans, en nokkrum dögum seinna var samþykt að veita nákvæmlega sömu upphæðina til kenslu í sömu fræðigrein. Það væri því ekki í fyrsta sinni, sem þingið biti í halann á sjálfu sjer, þótt það samþykti nú tillögur í svipaða átt og þær, sem það feldi um daginn. Jeg heyrði, að sami háttv. þm. (P. J.) sagði, að sjer væri sama um það, sem háttv. þm. Dala (B. J.) væri að taka fram í. Það var við að búast, að honum væri sama um það, því að þm. Dala (B. J.) tekur ekki fram í, nema eitthvert vit sje í því, sem hann segir. En jeg veit þó eitt, sem háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) er ekki sama um, og það er það, hvernig tillögurnar reynast, þegar til framkvæmdanna kemur.

Þá kem jeg að þessari 10 ára náð hv. meiri hluta bjargráðanefndar. Þeir segja, að dýrtíðarlánin, sem þeir vilja veita, eigi ekki að vera sveitarstyrkur, en svo

stendur í sama lagafrumvarpinu, að lánið skuli samt verða sveitarstyrkur eftir 10 ár, ef það er þá ekki greitt. Nú er það öllum ljóst, að margur mundi ómögulega geta borgað lánið eftir 10 ár. Margur mundi alls ekki geta borgað það meðan hann lifði. Eina ráðið til þess að losna við það að verða sveitarlimur væri þá það að fara niður í gröfina. Getur verið, að það yrðu talin hyggileg búmannsverk að sjá um það, að þeir væru ekki settir á, en jeg býst nú ekki við, að neinn yrði til að sinna þeim búmannsverkum. Eina ráðið er því að breyta þessu ákvæði, ef hægt er að koma nokkrum breytingum fram. Jeg held, að margir mundu svelta sig og líða nauð, áður en þeir bæðu um þessi lán, upp á þá skilmála að afhenda rjettindi sín og gerast sveitarlimir. Jeg hefi ekki haft tíma til að búa út breytingartillögu, en ef nefndin verður við tilmælum hæstv. forsætisráðherra, og tekur málið til nýrrar yfirvegunar til 3. umræðu, þá sest jeg á meðan að fótum feðranna, og nem af þeim þeirra fræði. Það er þó að minsta kosti hægt að koma með brtt. um það að láta þessar skuldir fyrnast á 10 árum. Það hefir aldrei verið felt. Frv. var úrskurðað fallið, þegar búið var að fella 1. gr. þess. En þess var ekki gætt, að í 2. gr. var einstakt atriði, sem vel gat staðið, þótt 1. gr. væri feld. Jeg mun því að minsta kosti reyna að koma þeirri breytingu að við 3. umr., að dýrtíðarskuldir sjeu látnar niður falla, ef þær eru ekki borgaðar innan 10 ára.

Matthías Ólafsson: Jeg hefi ekki tekið til máls í þessum dýrtíðarmálum hjer í deildinni, en jeg hefi ekki getað varist því að hugsa töluvert um þau, eins og jeg veit að flestir þingmenn munu hafa gert. Hjer hefir aðallega verið rætt um tvær leiðir til að ljetta undir dýrtíðarbyrðina, sem á mönnum hvílir. Önnur leiðin er sú að selja undir sannvirði fleiri eða færri tegundir af nauðsynjavörum; hin leiðin er að styðja menn til þess að afla sjer nauðsynja sinna, þótt dýrar sjeu. Eftir því, sem jeg hefi hugsað þetta mál betur, eftir því hefi jeg færst fjær fyrnefndu leiðinni, en hallast meir og meir að hinni.

Það liggur í hlutarins eðli, að því betur stöndum vjer að vígi, þegar yfir erfiðleikana er komið, sem vjer höfum þurft minna á hjálp annara að halda til að standast þá. Eins mun auðvitað verða nú. Til þess mun vera ætlast af háttv. meiri hluta bjargráðanefndar um lán þau, sem veitt verða í tilefni af dýrtíðinni, að þeim verði einkum varið til atvinnubóta. Jeg hallast eindregið að þeirri stefnu, því að það er víst, að menn munu alment geta dregið fram lífið, ef þeir hafa nóga atvinnu, þótt dýrtíð sje. Þess vegna á einmitt að veita lán til atvinnubóta. Aftur mundi afleiðingin af hinni stefnunni verða sú, að menn hugsuðu minna um það að afla sjer atvinnu, ef þeir gætu fengið nauðsynjar sínar lágu verði. Í öðru lagi ber að líta á það, að ef einni stjett manna er veitt uppbót á launum sínum vegna dýrtíðarinnar, eins og jeg geng út frá að gert verði við starfsmenn landssjóðs, þá fá þeir menn tvöfalda dýrtíðarhjálp, ef þeir fá svo á eftir vörur sínar undir sannvirði. Jeg hallast því að till. meiri hluta bjargráðanefndar í þessu efni. En jeg get ekki verið honum sammála í öllu. Jeg álít, að lánstíminn, sem ákveðinn er í frv. meiri hlutans, sje altof stuttur. Jeg er yfirleitt á móti því, að þessi lán geti nokkurn tíma orðið að sveitarstyrk. Þess vegna mun jeg koma með brtt. um þessi atriði við 3. umr. málsins. Till. verður í þá átt, að í stað »10 ár« komi

20 ár, í 1. gr. frv., og að síðari málsgrein 3. gr. falli burt. Jeg álít, að menn verði að eiga það undir þegnskap landsmanna, að þeir, sem geta greitt þessi lán, geri það, þótt ekki liggi við rjettindamissir. Jeg held, að þeir verði ekki margir, sem vilja ekki borga þessi lán. Og þótt einstöku menn kunni að vera svo miklir ódrengir, að borga ekki, þá verður þjóðin að hafa það eins og annað hundsbit. Þegnskaparskortur þeirra má ekki ganga út yfir hina, sem geta ekki borgað. Jeg vildi gera grein fyrir þessari brtt. minni, sem kemur fram við 3. umr., og jeg vildi taka það fram, að jeg er sannfærður um það, að það er eina leiðin, sem hægt er að fara í þessum vandræðamálum, að gera sem mest til þess að afla mönnum atvinnu, og veita þeim svo lán með hægu móti, sem geta ekki komist af hjálparlaust.

Pjetur Jónsson: Mjer dettur ekki í hug að virða það á lakara veg fyrir hæstv. forsætisráðherra, þótt hann sje nú á eitthvað breyttri skoðun og hallist að því að selja vörur undir verði. Í viðtali, sem hann átti við nefndina, þegar hún hafði þetta mál til umr., skildi jeg orð hans svo, að hann væri fremur mótfallinn því að ganga inn á þessa stefnu, en teldi þó enga frágangssök að selja eina eða tvær vörutegundir undir verði að einhverju leyti. Jeg hefi ekki mikla tryggingu fyrir því, að það yrði að miklum notum, þótt stjórnin fengi heimild til að selja vörur undir verði. Jeg tel að minsta kosti hæpið, að sú heimild kæmi að tilætluðum notum úti um land. Eins og menn muna er í lögum heimild fyrir stjórnina til ívilnunar á flutningskostnaði á landsjóðsvörum til hafna úti um land. En stjórnin hefir ekki sjeð sjer fært að nota heimildina neitt verulega, eða ljetta undir með þeim, sem fyrst verða að borga afardýran flutning á vörunni hingað til Reykjavíkur, eins og aðrir, og síðan aukaflutning, einfaldan og tvöfaldan, hafna í milli innanlands. Fyrst að stjórninni hefir ekki lánast að halda betur á þessari heimild, þá er ekki beint nein trygging fyrir því, að henni takist betur með nýja heimild. Hæstv. forsætisráðherra vildi, að reynt væri að komast að einhverri niðurstöðu, sem menn gætu orðið sammála um, og óskaði því eftir, að nefndin tæki málið til nýrrar yfirvegunar. Jeg hefi ekki orðið var við, að málið sje að færast neitt í þá átt, að líklegt sje, að menn verði sammála. Stefnumunurinn er svo skýr, að jeg hefi ekki mikla von um, að menn sannfæri hver annan eða komi sjer saman. Ef nokkur von væri um samkomulag, þá væri það helst með því, að stjórnin kæmist fyrst að einhverri niðurstöðu sjálf. Ef hún kæmi sjer saman um og kæmi með till. um einhver bjargráð, sem hún hefði sjálf trú á að væri við hlítandi, þá segi jeg fyrir mitt leyti, að jeg væri eigi sá tregasti til að fylgja henni. Jeg hefi oft gert það áður að fylgja stjórn möglunarlaust, þegar hún hefir ráðið fram úr einhverju vandamáli, þótt jeg hafi eigi verið hæst ánægður. Eins mundi jeg gera nú, ef stjórnin hefði eitthvað fram að flytja, sem hún væri sjálf eindregið með, þótt till. hennar væru ekki alveg gallalausar í mínum augum. — Jeg hefði kosið, að hæstv. forsætisráðherra vildi hlýða á orð mín. —

Jeg hefi þá ekki fleira að taka fram, nema það, sem snertir orð háttv. þm. Dala. (B. J.) um 10 ára frestinn. Mjer er það reyndar ekki svo mikið kappsmál. Það, sem meiri og minni hluta nefndarinnar ber á milli um þetta atriði, er ekki svo mikið. Báðir ætlast

til, að veitt sje lán, ef þörf gerist, og báðir ætlast til, að skuldin sje greidd á 10 árum, ef hún þá er ekki gefin eftir, en það er alls ekki útilokað. Munurinn er því ekki annar en sá, að annar vill, að skuldirnar fyrnist alt í einu, þegar þessi 10 ár eru liðin, en hinn vill, að það, sem þá er ógoldið og ekki eftir gefið, verði talinn sveitarstyrkur. Jeg hygg nú reyndar, að sveitarstjórnirnar geti hagað þessu eftir vild. En nefndarhlutarnir ættu að bera sig saman um þetta atriði, og tel jeg víst, að þeir muni geta samrýmst um það.

Framsm. (Þorsteinn Jónsson): Það hefir nú ekki komið margt nýtt fram, sem þarf að athuga, nema helst það, hjá háttv. þm. Barð. (H. K.), að hann sagði, að lánin mundu ekki verða tekin fyr en í ótíma. Jeg veit ekki, hvers vegna það ætti að vera. Hjer er ekki um neitt að ræða annað en venjuleg lán, sem ekki eru bundin neinu skilyrði, öðru en því, að þeir sjeu lánsþurfar, sem um þau biðja. Aðgangurinn að þessum lánum verður því greiðari heldur en að venjulegum lánsstofnunum, þar sem menn þurfa hvorki að eiga eign, til að setja að veði, nje hafa ábyrgðarmenn að baki sjer.

Þá kom háttv. þm. (H. K.) enn einu sinni með þá hugmynd að selja vöru undir verði. Jeg álít, að þessi hv. deild hafi þegar tekið afstöðu til þeirrar stefnu, og að hún verði vart tekin upp aftur. Það verður því að finna einhver ný bjargráð, ef frv. meiri hlutans verður ekki álitið nægilegt. Þessi hv. þm. (H. K.) kvað ekki neitt á móti því, að allir fengju hagnaðinn af dýrtíðarhjálpinni, því að hinir ríkari borguðu þeim mun meira í landssjóðinn, sem ástæður þeirra væru betri en hinna fátækari. Þetta er ekki rjett. Skattalöggjöf okkar er ekki komin svo langt í rjettlætisáttina, þar sem mikið af tekjum landssjóðs er hreinn og beinn nefskattur, sem fátæklingarnir verða að borga jafnt og þeir, sem ríkir eru. Þarf ekki annað en nefna kaffi- og sykurtollinn, sem er einn af stærstu tekjuliðunum og lendir jafnt á fátækum og ríkum.

Þá kem jeg að háttv. þm. Dala. (B. J.). Hann hjelt því fram, að lánsheimild þessi mundi ekki koma að notum, því að almenningur vissi ekki um lögin. Jeg skil ekki í öðru en að það berist út meðal almennings, hvaða ráðstafanir þingið gerir til að hjálpa þeim, sem þurfa. Svo geng jeg líka út frá, að hreppstjórarnir geri sitt til að útbreiða vitneskju um lögin, bæði á hreppskilaþingum, eins og venja er til, og á annan hátt. Sú ástæða er því varla á rökum bygð. Þá er það 10 ára náðin, sem hann kallaði, að lánin skuli verða að sveitarstyrk, ef þau eru ekki greidd innan þess tíma. Jeg hefi áður lýst yfir því, að jeg búist við því, að Alþingi verði þá búið að taka málið á ný til yfirvegunar og gera nýjar ákvarðanir, eða jafnvel gefa lánin upp. Það er því ekki endilega víst, að nokkurt dýrtíðarlán verði talið sem sveitarstyrkur, þótt svona sje ákveðið í frv. Mjer líst vel á brtt. háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) og mun fylgja þeim, þegar þær koma fram. Uppástungu háttv. þm. Dala. (B. J.) um, að skuldirnar sjeu látnar fyrnast eftir 10 ár, hefi jeg ekki yfirvegað rækilega. En færi svo, að skuldirnar yrðu ekki gefnar upp, þá sje jeg ekki betur en að þetta gæti orðið til þess, að ekki væri hægt að ganga að þeim mönnum, sem geta borgað, en vilja ekki. Það gæti líka orðið til þess, að sveitarstjórnir færu að heimta tryggingu eða ábyrgð fyrir lánunum. Ef frv. verður nokkuð breytt, þá tel jeg, sem sagt, brtt. háttv. þm. V.-

Ísf. (M. Ó.) mjög aðgengilegar, en tel vafasamt, að ráðlegt sje að gera aðrar efnisbreytingar að miklum mun.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg er nú búinn að tala svo oft í þessum dýrtíðarmálum, að jeg þarf ekki að tefja tímann lengi. Jeg tók það fram hjer um daginn, að jeg gæti sætt mig við hvaða góða leið sem farin væri í þessu máli, og væri fús á að styðja allar tillögur, ef þær væru til bóta og miðuðu að því að ráða fram úr vandræðunum. Jeg tók það einnig fram, þegar þetta frv. var til umr., og jeg er sömu skoðunar enn og býst ekki við, að jeg breyti henni síðar, að þetta frv. er ekki nóg til að ráða fram úr vandræðunum á komandi vetri. Það þýðir ekkert að berja höfðinu við steininn og segja, að atvinnubætur sjeu nægilegar til að ráða bót á voðanum, sem yfir vofir. Það sýnir bara, að þingmenn eru ekki nógu kunnugir ástandinu, eins og það er nú orðið. Það er eins og þeir áliti, að atvinna manna hafi ekki neitt breyst frá því, sem áður var, og að tekjurnar standi í sama hlutfalli við útgjöldin eins og áður. Þeir, sem kynna sjer ástandið að einhverju leyti, munu fljótt sjá, að alt annað verður uppi á teningnum. Hvað verður um alla þá menn, sem hafa haft atvinnu við siglingar eða við fiskveiðar á botnvörpungunum, þá, sem hafa unnið að uppskipun úr þeim og hirt um fiskinn á landi? Hvað verður um alt þetta fólk? Alt breytist, og fleiri hundruð manns, sem hafa haft atvinnu við þennan útveg, er svift bjargræði sínu. Margt af þessu fólki er þannig, að það getur t. d. ómögulega unnið útivinnu. Kaupmenn eða útgerðarmenn láta það líklega vinna eitthvað áfram, þótt þeir þurfi þess ekki nauðsynlega með, til þess að það geti dregið fram lífið. En þeim verður það ómögulegt, ef þeir eiga að borga hærra kaup. Þeir halda vinnunni áfram að eins til þess, að gamlir og dyggir þjónar fari ekki á vonarvöl. En þegar kaupgjaldið nægir ekki til framfærslunnar, af því að alt er orðið svo dýrt, þá stendur voðinn fyrir dyrum. Þingmenn tala mikið um það að bæta úr atvinnuskortinum með því að fara að undirbúa byggingar. En þeir gá ekki að því, að það eru fjölda margir menn, sem ómögulega geta haft gagn af þeirri vinnu. Jeg hefi ekki orðið var við, að bent hafi verið á neina leið til að útvega þeim atvinnu, sem þola ekki útivinnu. Mjer er ekki ljóst, hvernig ætti að haga þeim atvinnubótum inni við, og væri því þökk á, ef einhver úr háttv. meiri hluta bjargráðanefndar vildi benda á leið til þess.

Enn er eitt. Með því kaupi að vetrarlagi, sem mönnum er nú goldið, og ekki verður gert ráð fyrir að muni hækka, þá hafa menn ekki nóg, og liggur þá ekki annað fyrir mönnum en að taka lán, og er jeg viss um, að margir verða að hleypa sjer í stórkostlegar skuldir, sem flestir munu sjálfsagt taka nærri sjer að gera; jeg tala nú ekki um, ef þetta ákvæði á að standa, að þeir skuli fara á sveitina, sem hafa ekki endurgreitt lánin innan 10 ára. Annars sýnir þetta ákvæði best, hvað meiri hl. nefndarinnar hefir lítið hugsað um málið; það er alveg eins og meiri hl. haldi, að alt komist þegar í samt lag, undir eins og ófriðnum er lokið. En það er áreiðanlegt, að dýrtíðin helst í 10 ár eftir að ófriðnum er lokið, svo að í rauninni er það að eins tímaspursmál, hve nær þeir fara á sveitina, sem lán hafa tekið.

Andmælum þeim, sem hafa komið gegn því að draga úr dýrtíðinni á þann hátt að selja vörur undir verði, þarf jeg ekki að svara, því að þau studdust

við engin rök. Þessir andmælendur eru altaf að vitna í atvinnubætur, en það er augljóst, að þær ná eigi til fjölda manna. Og að þessi aðferð, að selja vörur undir verði, dragi úr því, að menn reyni að bjarga sjer sjálfir, eins og hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, það er hrein fjarstæða. Eins og mönnum muni ekki veitast fullerfitt að kaupa t. d. smálest kola, þótt hún sje seld á 200 kr., í stað 300 kr., sem hún nú kostar, og eins og menn reyni ekki að bjarga sjer sjálfir fyrir því? Það er undarlegt að heyra jafnreyndan og roskinn mann segja því líkt; en þetta er víst fremur sagt í athugaleysi en af því, að hann bresti skyn á þetta, en það er jafnaðfinningarvert fyrir því, og eiginlega miklu fremur.

Háttv. frsm. (Þorst. J.) sagði, að ákvæði 3. gr. mundu ekki fæla menn frá að taka lán. Jeg get fullvissað hann um það, að einmitt þau ákvæði fæla alla menn, sem nokkurs eru nýtir, frá því, en amlóðum og slóðum er auðvitað sama, hvaðan þeir fá peninga, og má skoða lánsheimild frv. sem verðlaun fyrir þá, en hegning fyrir hina, sem ekki stendur á sama um, hvaðan þeir fá peninga til þess að framfleyta sjer og sínum.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, að með þessu væri sjeð fyrir, að allflestir mundu geta dregið fram lífið sómasamlega. Jeg veit nú ekki, hvað hann telur sómasamlegt, t. d. að menn sjeu illa klæddir og illa haldnir að mat, ef þó halda lífinu. En jeg get fullvissað hann um það, að mörgum veitir þetta erfitt nú um hábjargræðistímann, hvað þá þegar vetrar og þarfirnar aukast margfaldlega. Háttv. þm. (M. Ó.) kallar það ef til vill sómasamlegt, ef menn falla ekki úr hor.

Jeg veit nú reyndar, að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) telur þá afkomu sómasamlega, þótt menn líði ekki mjög af skorti; jeg þekki hann ekki að öðru en mannúð og sannsýni. En því miður komast sjálfsagt margir ekki af sómasamlega næsta vetur.

En þeir, sem hafa ekki annað af að lifa en handafla sinn, eiga þess ekki kost að lifa sómasamlega sem stendur, og því síður þegar vetrar. Það má heita merkilegt, að menn vilji ekki þræða þá leið að greiða verðhækkun á vörum, leið, sem aðrar þjóðir, oss nálægar, hafa þó farið.

Matthías Ólafsson: Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) skoraði á mig að skýra, hvað jeg teldi að lifa sómasamlega. Það er fljótgert. Það er að hafa nóg í sig og á. En það er ekki hægt að búast við því, að þegar óeðlilega margir menn safnast saman á einn stað, geti þar allir lifað sómasamlega. Tökum t. d. bæ eins og Lundúnaborg. Til þess verður ekki ætlast. Þetta liggur í því öfugstreymi til kaupstaða, sem tímunum fylgja. Allur fjöldi manna, sem lifir á handafla sínum, getur rjett að eins búist við því að lifa sómasamlega, eins nú og fyrir stríðið. Hlutföllin eru söm nú og þá. Daglaunin hafa hækkað með verðinu. Og hvað þýðir að færa niður verðið, ef daglaunin eru lægri? Eru þessir menn nokkuð betur staddir með því? Jeg fæ ekki skilið það. Alt öðru máli er að gegna, ef bærinn fær fje til fyrirtækja; þá getur hann veitt mönnum atvinnu.

Jeg ímynda mjer, að allir hljóti að játa, að þessi skoðun er hollari og að þessi stefna er margfalt betri en að veita mönnum gustukastyrk, því að vinnan er blessun, en iðjuleysið skaðlegast af öllu, sem fyrir nokkurn getur komið.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg tók það þegar fram við 1. umr. frv.

þess, er jeg flutti, að jeg gengi út frá því, að þingið gerði eins mikið og það gæti til þess að útvega mönnum vinnu. Að öðru leyti þarf jeg ekki að svara háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), af því að við erum á sömu skoðun um þetta; en hitt hefi jeg altaf sagt, að þetta eitt út af fyrir sig dygði ekki.

ATKVGR.
1. gr. samþ. í e. hlj.
2. gr. — - —
3. gr. — - —
4. og 5. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn talin samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 45. fundi í Nd., þriðjudaginn 28. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 335, 608, 618).

Framsm. (Þorsteinn Jónsson): Bjargráðanefndin hefir tekið þetta mál enn á ný til meðferðar, og kemur nú fram með brtt. til frv., sem liggja fyrir á þgskj. 608. Nefndin hefir öll orðið sammála um þessar brtt., enda eru þær í samræmi við óskir manna og ummæli við 2. umr. þessa máls. 1. brtt. hljóðar um það, að lánin skuli standa vaxta- og afborganalaus þar til 2 árum eftir ófriðarlok, en endurgreiðast á næstu 10 árum. Um þetta atriði er líka komin fram brtt. frá 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem fer fram á, að lánin til bæjarfjelaga og hreppsfjelaga sjeu veitt alveg vaxtalaust. Bjargráðanefndin hefir ekki sjeð þessa tillögu fyr en núna og hefir ekki getað haldið fund um hana. Jeg veit því ekki, hverja afstöðu nefndin í heild sinni mundi taka til hennar. Að vísu kemur það fram í 1. brtt. nefndarinnar, að hún kemst inn á þessa stefnu, en jeg veit ekki, hvort einstakir menn úr nefndinni vildu ganga lengra. (Sv. Ó.: Tillagan er tekin aftur.) — Jæja, það er gott. — En annars ætlaði jeg að segja það, að þing verður áreiðanlega haldið áður en þessi tvö ár eru liðin, og verður þá hægt að framlengja tímann, sem lánin skuli vera vaxtalaus, ef ástæða þykir til.

Viðvíkjandi 2. brtt., um það, að heimilt skuli að veita lán í vörum með sömu kjörum, er það að segja, að í upphaflegu tillögunum er ekki tekið fram, að lán megi veita öðruvísi en sem peningalán. Þetta er auðvitað brotaminna. Þar sem miklum hluta af fjenu, sem að láni verður veitt, verður að sjálfsögðu varið til vörukaupa, þá er einfaldara að lána blátt áfram vöruna.

3. brtt. er orðalagsbreyting, sem óþarfi er um að ræða.

4. brtt. er við 3. gr. frv. Nefndin hefir nú lagað misfellur, sem þóttu vera á frv., eftir því sem heyrðist í ummælum manna við 1. og 2. umr. þessa máls. Í frv. er svo ákveðið, að lán þau, sem veitt verða einstökum mönnum, skuli ekki talin sveitarstyrkur, ef þau eru endurgreidd innan 10 ára frá lokum ófriðarins. Hjer er gerð sú bragarbót, sem jeg veit að allir sætta sig við, og sumir taka fegins hendi, að þessi lán skuli aldrei talinn sveitarstyrkur. Þetta eru brtt. allrar nefndarinnar. Hvort einstakir menn úr nefndinni hafa eitthvað annað fram að bera veit jeg ekki, en nefndin í heild sinni hefir ekki orðið sammála um annað en þetta.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi þann heiður að tilheyra minni hluta bjargráðanefndar í þessu máli, sem öðrum. Vil jeg því með nokkrum orðum gera grein fyrir afstöðu hans til þess, sem hjer er um að ræða.

Minni hlutinn lítur svo á, að þetta frv. sje ekki enn nema hálfverk af því,

sem þurfti að gera. En þó skal því ekki neitað, að frv. hefir stórum batnað við fund þann, sem meiri hlutinn átti með okkur minni hluta mönnum. Það er sjerstaklega bót í því, að lán megi veita í vörum. Það hlýtur auðvitað að reka að því, þegar að harðnar, að landssjóður verður að útbýta vörunum til sveitarfjelaganna, til þess að fyrirbyggja það, að menn deyi úr hungri eða kulda. Það kemur þá til síðari þinga að ákveða, hvernig ábyrgð sveitarfjelaganna skuli vera hagað.

Jeg hjelt, að hjer mundi ekki verða um annað að ræða en torsótt peningalán, og var því mjög óánægður með frv. Þetta ákvæði er til mikilla bóta. Eftir þessu má landssjóður í raun og veru selja vörur undir verði, ef nauðsyn krefur. Það er auðvitað rjett að grípa ekki til þess nema í nauðsyn, en mjer þykir samt enn vanta á, að landssjóður skuli ekki hafa beina lagaheimild til þess að selja vörur undir verði. Það getur vel farið svo, að menn vildu fremur láta landssjóð tapa heldur en að fólk alment svelti, en börn og gamalmenni krókni úr kulda. Á því er hættan mest, og að því hlýtur að reka fyrir mörgum, að minsta kosti hjer í Reykjavík og fleiri kaupstöðum. Ef ófullnægjandi reynast ráðstafanirnar um mótekju og aðra eldneytisútvegun, þá verður landssjóður að láta af hendi kolin, hvað sem öllu endurgjaldi líður. Þessi heimild til að láta vörur af hendi að láni bætir mikið úr, þótt hitt hefði verið betra, að veita beina lagaheimild til að selja nauðsynjavörur undir verði. Þar sem þessi dýrtíð er ekki landinu sjálfu að kenna, þá er ekki til þess að hugsa nú að fylgja þeirri búmannsreglu að láta tekjur og gjöld standast á. Það er skiljanlegt, að þegar þjóðin er svo bágstödd, að menn verða að fá hjálp til þess að fleyta fram lífinu, þá er ekki hægt að leggja þung gjöld á á sama tíma. Það væri það, sem á latínu er kallað circulus vitiosus og þýtt hefir verið á íslensku »hringavitleysa«. Þegar svona stendur á, er ekkert hægt að gera annað en taka lán, sem koma yfir á eftirkomendurna. Það er auðvitað þeim í hag, að við lifum, og gerum þeim með því mögulegt að lifa, að minsta kosti þeim, sem orðnir eru til. Þótt frv. þetta sje ilt og ófullkomið, þá álít jeg samt, að stjórnin geti notast við það, til að koma í veg fyrir mestu vandræðin. En jeg verð að taka það fram, að það er leitt, að svona mistök skuli geta átt sjer stað á löggjafarþingi Íslendinga eins og nú í þessum dýrtíðarmálum. Það situr illa á Nd. Alþingis að vera með tregðu og í allra mestu vandræðum að koma sjer niður á dýrtíðarhjálp handa fátækum almenningi, en vera um leið að troða styrk upp á embættismenn landsins

ATKVGR.

Brtt. 618. tekin aftur.
— 608, 1. samþ. með 20 shlj. atkv.
— 608, 2. — — 20 — —
— 608, 3. — án atkvgr.
— 608, 4. — með 20 shlj. —
Frv., svo breytt, samþ. í e.hlj.; og afgr. til Ed.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 29. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 687).

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 30. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Ofskamt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði leyfð og samþ.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg geri það að tillögu minni, að málinu verði vísað til bjargráðanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv., og til bjargráðanefndar (sjá A, bls. 1618) með 12 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 687, n. 875 og 885).

Frsm. meiri hl. (Karl Einarsson): Jeg vona, að háttv. þingdeildarmenn hafi kynt sjer nál. á þgskj. 875, og í því trausti mun jeg verða mjög fáorður um mál þetta, þangað til ef hreyft yrði andmælum, sem á einhverjum rökum eru bygð.

Efni frv. er það, að samkvæmt 1. gr. þess er landsstjórninni veitt heimild til að lána fje til bæjar- og sýslufjelaga úti um land, til þess að afstýra yfirvofandi neyð vegna dýrtíðar. Og samkvæmt orðalagi greinarinnar má einnig verja fje þessu til þess að halda uppi ýmsum atvinnurekstri, sem annars gæti stöðvast, vegna fjeleysis þeirra, er fyrir honum standa.

Þegar litið er á þetta, sjest, að mikið gagn getur orðið að lánveitingu þessari, sjerstaklega þegar þess er gætt, að lánið á að veitast með góðum kjörum.

Þá er önnur heimild veitt í 3. gr. frv. Hún er sú, að landsstjórnin megi láta framkvæma ýms verk, er annars gætu beðið, ef nauðsyn þykir, til þess að útvega mönnum atvinnu.

Þetta gæti líka komið að miklu gagni.

En meiri hluti nefndarinnar leit þó svo á, að ekki mundi þetta nægja, og að minsta kosti sumir í nefndinni töldu það óverjandi af þinginu að gera ekki frekari ráðstafanir til þess, að daglaunamenn og fátæklingar gætu fengið helstu nauðsynjar við svo sanngjörnu verði, að þeir þyrftu ekki að vera án þeirra; því að svo er nú komið, að verð þeirra stendur ekki í neinu hlutfalli við algeng daglaun. Daglaunahækkunin er sem sje ekki neitt í líkingu við verðhækkunina.

Yfirleitt hafa allar nauðsynjavörur hækkað mjög í verði, en sjerstaklega vill nefndin benda á eina af helstu nauðsynjavörum sjávarþorpanna, eldiviðinn. Eins og menn vita er hjá þeim naumast um annan eldivið að tala en kol, sem nú hafa stigið svo gífurlega í verði, að þau eru nú seld hjer á 300 kr. smálestin. Það er meira en 15 sinnum hærra verð en var fyrir ófriðinn.

Þegar litið er á það, að þessi liður af útgjöldum alþýðu í kaupstöðum er venjulega einn stærsti liðurinn, þá liggur í augum uppi, að hann hlýtur að vera ákaflega stór nú.

Þessu atriði áleit nefndin að ekki mætti ganga fram hjá. Hún reyndi því að finna einhverja úrlausn, en fór þó eins vægt í sakirnar og hægt var. Leggur hún til, að $^1/_3$ hluti þeirra kola, sem nauðsynleg eru til heimanotkunar, verði seldur á 125 kr. smálestin, komin á þá staði, sem hentast er að koma kolunum á land, án tillits til þess, hvort hentast er fyrir almenning að sækja þau þangað.

Að vísu dylst nefndinni það ekki, að þetta verð er svo hátt, að fátæklingar munu ekki geta keypt vöruna fremur eftir en áður. Þess vegna er bætt við ákvæðinu, að sveitar- og bæjarfjelög megi selja kol þessi við mismunandi verði, eftir því hverjir í hlut eiga. Og að ekki er farið fram á að selja nema $^1/_3$ af því, sem með þarf, undir verði, kemur af því, að gera má ráð fyrir, að alstaðar sjeu efnamenn innan um, sem

keypt geta kolin, þótt við háu verði sje. En til þess er ætlast, að þetta geti með sparnaði nægt til þess að bjarga fátæku fólki í versta kuldanum og til þess að sjóða matinn, og yfirleitt til hins allra nauðsynlegasta.

Hversu mikil útgjöld þetta verða fyrir landssjóð er ekki gott að segja, getur orðið alt að hálfri miljón, en vonandi er, að það, sem landssjóður þarf að greiða, fari ekki fram úr 100 kr. á smálest, að viðbættum flutningskostnaði.

Þá vil jeg geta þess, út af ummælum þeim hjer áðan, að þessi háttv. deild ætti að fara sem varlegast í að taka ákvarðanir um öll fjármál, hvort sem væri um skatta eða aukin útgjöld, að jeg vil mótmæla þessu fastlega. Í þessari háttv. deild sitja 6 háttv. þm., sem kosnir eru af öllum landsmönnum, og hinir, sem hjer eiga sæti, eru kosnir á sama hátt og þeir háttv. þm., sem Nd. skipa. Jeg lít því svo á, að þessi háttv. deild hafi alveg eins fullan rjett til að taka slíkar ákvarðanir og háttv. Nd.

Jeg hlýt því að furða mig á, að hæstv. atvinnumálaráðherra skuli leyfa sjer að viðhafa þau ummæli, að þungamiðja þingsins í fjármálum eigi að vera í háttv. Nd. Jeg lít svo á, að þessi háttv. deild þurfi alls ekki að kynoka sjer við að taka ákvarðanir, þótt um hálfa miljón sje að ræða, hvernig svo sem háttv. Nd. kann að taka því.

Nú er það gefinn hlutur, að dýrtíðin, hvað kolin snertir, gengur mest út yfir fátækt sjávarfólk. En það fólk hefir þó lagt sitt til, bæði fjármuni, krafta og heilsu, til þess að halda uppi öðrum aðalatvinnuvegi landsins, sjávarútveginum, sem lengst af hefir lagt aðalskerfinn í landssjóð.

Jeg vona því, að svo margir skynsamir og sanngjarnir menn sjeu í háttv. Nd., að hún finni skyldu sína að rjetta þessum mönnum hjálparhönd, svo að þeir lendi ekki í neyð á komandi vetri.

Nefndinni þótti ekki tiltækilegt að láta ákvæðið ná lengra fram í tímann en til komandi vetrar, þar sem búist er við, að þing komi saman næsta sumar, og ekki er víst, hvernig ástæður allar verða þá.

Um aðrar brtt. nefndarinnar vil jeg taka eftirfarandi fram.

1. brtt. er þess efnis, að sveitarstjórnir skeri úr því, hvort um neyð er að ræða eða ekki. Þessi brtt. er gerð í þeim tilgangi að koma í veg fyrir sífeldar brjefaskriftir, sem annars gætu átt sjer stað, á milli stjórnarinnar og einstakra manna, því að ef sveitarstjórnin mælti með dýrtíðarbeiðninni, hefði stjórnin ekki ástæðu til að leggjast á móti henni.

2. brtt. fer í þá átt, að lánið skuli endurgreiðast á 13 árum, með 10 % árlegri greiðslu af hinni upprunalegu lánsupphæð, og vill nefndin ákveða vaxtagreiðslu 4 % af lánum þeim, sem veitt verða. Verður ársgreiðslan því 100 kr. af þúsundi í afborgun og vexti, eða nákvæmlega reiknað 100 kr. og 14 aurar. En nefndin áleit rjett að sleppa þessum aurum.

3. brtt. er orðabreyting. Þar er það lagt til, að orðin »neyðin sje sýnileg« falli burt. Nefndin gat ekki skilið þetta, nema þá ef vera skyldi á þann hátt, að sveitarstjórnirnar leituðu ekki hjálpar fyr en farið væri að sjá á fólkinu. Nefndinni fanst þetta ákvæði alveg óþarft.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Mjer er alveg óskiljanlegt, hvernig hv. þm. Vestm. (K. E.) getur dregið þá hugsun úr orðum mínum, að þessi hv. deild eigi ekki að skifta sjer af fjármálum. Það hefi jeg aldrei sagt; en jeg sagði, að háttv. Nd. væri þungamiðja þingsins í fjármálum. Og jeg er ekki

einn um þessa skoðun. Stjórnarskráin gerir ráð fyrir því, að Nd. eigi að vera þungamiðja þingsins að því er til fjármála kemur.

Um brtt. nefndarinnar hefi jeg það að segja, að mjer virðast þær vera til bóta og gera frv. skýrara. Ein þessara brtt. fer fram á, að lækkað sje verð á tiltekinni vörutegund, til þess að almenningur eigi kost á að afla sjer hennar. Jeg skal ekki fara í neinn meting um það, hvort þessi lækkun kemur einni stjett manna fremur að gagni en öðrum stjettum, enda finst mjer slíkur metingur mjög svo óviðeigandi, eins og hjer stendur á. Því að hjer er að ræða um hjálp í neyð, og landið verður að rjetta hjálparhönd, þegar svo er ástatt. Þjóðfjelagið verður að bera sameiginlega þær byrðar, sem af neyðinni stafa.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Ólafsson): Það, sem olli því, að jeg gat ekki orðið meiri hluta nefndarinnar samþykkur, var, að mjer fanst misrjetti eiga sjer stað í brtt. hans.

Frv. veitir ótakmarkaða lánsheimild, eins og það kom frá Nd. Þar með finst mjer vera sjeð fyrir því, að neyð ætti ekki að geta átt sjer stað í landinu. Áður hefir oft verið gripið til þessa úrræðis, þegar í óefni hefir verið komið, en nú er hyggilegar farið að og ráð í tíma tekið. En hjer er beitt nýrri aðferð og ætlast til, að vara, er fjöldi manna notar ekki nema að litlu leyti, sje seld langt undir verði, sem kosta mun landið stórfje. Háttv. frsm. (K. E.) hjelt því fyrst fram, að þetta mundi kosta um hálfa miljón kr. Þetta er lík niðurstaða og jeg komst að, og mjer var legið á hálsi fyrir. En síðar segir hv. frms. (K. E.), að það muni kosta 280 þús. til hálfa miljón kr. En jeg er hræddur um, að það muni kosta mun meira en 280 þús., enda virðist það liggja nokkurn veginn í augum uppi, þar sem hver kolasmálest kostar nú 300 kr., og síðan á að gefa 175 kr. af verði hverrar smálestar, af samtals 2800 smálestum, og jafnframt er ætlast til, að kolin verði seld fyrir þetta verð, flutt á sem hentugasta staði, í kauptúnum landsins og kaupstöðum. Og hygg jeg eigi, að ofdjúpt sje tekið í árinni, þó að gert sje ráð fyrir, að flutningskostnaðurinn nemi 20 þús. kr.; mun kostnaðurinn þó samtals verða í minsta lagi hálf miljón kr.

En er þá óhætt að gera ráð fyrir því, að þessi kol lendi hjá efnaminstu mönnunum? Jeg fæ ekki sjeð, að nein vissa sje fyrir því. Jeg býst þvert á móti við, að þeir fái kolin, sem geta borgað þau, en hinum komi þau að engum eða litlum notum.

Hv. frsm. (K. E.) fór ekki svo hlýlegum orðum um sveitarstjórnirnar, þar sem hann sagði, að þær mundu ekki sjá ástæðu til að hlaupa undir bagga með fólki fyr en sæi á því af hor, að hann geti vænst þess af þeim, að þær úthluti þessari vöru rjettlátlega. Vjer getum sannarlega ekki treyst slíkum sveitarstjórnum, ef til eru, til að gæta þess rjettlætis, sem nauðsynlegt er í þessu efni.

Hv. frsm. (K. E.) neitaði því, að lánsheimildin mundi gera stórmikið gagn. En jeg hygg, þvert á móti, að ekki geti til þess komið, að neyð verði í landinu, ef lánið verður veitt með þeim góðu kjörum, sem gert er ráð fyrir í frv. Jeg tel sjálfsagt, að hver bæjar- og sveitarstjórn verði og sje skyld til að taka lán, ef á þarf að halda.

Háttv. frsm. (K. E.) gat þess og, að kolin mundu helst lenda hjá sjávarútveginum, enda hefði hann goldið mest í landssjóð. Þessu er því að svara, að

ef sjávarútvegurinn hefir goldið meira fje í landssjóð en sveitarbúskapurinn, þá er það auðvitað af því, að hann hefir haft drýgri arð, og er því sjálfsagt, að hann beri þyngri byrðar. En þau hlunnindi fylgja líka þessum atvinnuvegi, að ef á bjátar, fer hann þegar fram á að fá fje úr landssjóði fyrir ekki neitt.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal ekki fjölyrða um þetta mál.

Um heimildina, sem veitt er í frv., er það að segja, að það getur verið gott að spara, en viss sparnaður er alls ekki leyfilegur. Jeg er sannfærður um, að ef hv. Alþingi skilst svo við þetta mál, að ekkert sje gert til þess að útvega fólki ódýrara eldsneyti, þá horfir hjer í landi til stórvandræða. Sumir munu að vísu treysta á móinn. En svo gæti farið, að fullbygt yrði á honum. Almenningi hjer í bæ er gersamlega ókleift að kaupa kol með því verði, sem þau eru nú í. Og jeg get vel skilið aðstöðu landsstjórnarinnar á komandi vetri, ef hún sæti með nægar kolabirgðir, en fólkið í kring væri að krókna af eldiviðarskorti og kulda. Jeg gæti búist við, að stjórnin ætti örðugt með að halda í kolin, ef svo væri ástatt.

Þessi miklu kolavandræði ná einkum til kaupstaðanna. En þótt þau snerti þá sjerstaklega, fæ jeg ekki annað sjeð en að landssjóður sje hreint og beint skyldugur til að hlaupa undir bagga með þeim, og vildi óska, að frv. færi svo gegnum þingið, að það sætti ekki mótmælum. Jeg þykist geta sagt það með góðri samvisku, að jeg hefi hvorki hallað á sveitirnar nje kaupstaðina í stjórnarstarfsemi minni. Jeg álít þvert á móti, að gott samkomulag milli sveita og kaupstaða sje mjög svo nauðsynlegt, og vildi styðja að því eftir mætti.

Þá skal jeg geta þess, að þótt kolaverðið yrði lækkað, skyldu menn ekki ætla, að það yrði svo aðgengilegt, að ekki sje nauðsyn á því, að sveitar- og bæjarstjórnir hlaupi undir bagga með fólki, ef vel á að vera.

Háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) hjelt, að fátækasta fólkið mundi ekki hljóta þessa hjálp, heldur þeir, sem hægast ættu með að borga kolin. En jeg verð að segja það, að jeg ber svo mikið traust til sveitar- og bæjarstjórna, að jeg hefi enga ástæðu til að ætla, að þær setji fátæklingana hjá. Enda mundu valdhafarnir verða varir við slíkt athæfi, ef það ætti sjer stað, og gæta þess, að engri sveitar- eða bæjarstjórn hjeldist slíkt uppi.

Jeg skal ekki fjölyrða frekar um þetta mál; en það eru tilmæli mín, að háttv. Alþingi taki því vel, því að jeg veit, að það er stórkostlegur ábyrgðarhluti, ef því verður ekki hrundið í gott horf.

Frsm. meiri hl. (Karl Einarsson): Jeg vil þakka hæstv. atvinnumálaráðherra og fjármálaráðherra (S. E.) fyrir hinar góðu undirtektir þeirra undir þetta mál.

Hæstv. atvinnumálaráðherra tók það rjettilega fram, að landinu bæri að hjálpa þeim, sem væru hjálparþurfar, hvort heldur væri til sveita eða sjávar. Þetta var vel og viturlega mælt.

Háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) hafði það eftir mjer, að sjávarútvegurinn fengi þessa hjálp. En þetta hefi jeg aldrei sagt. Jeg sagði, að dýrtíðin kæmi þyngst niður á þeim, sem rækju sjávarútveg og í kaupstöðum byggju. En ef háttv. þm. (G. Ó.) heldur, að hjer sje verið að berjast fyrir ódýrum kolum handa botnvörpungunum eða til útgerðar, þá er það hrapallegur misskilningur. Jeg held líka, að í raun rjettri hafi hann ekki misskilið orð mín, heldur eigi þetta að vera fyndni hjá þm.

Háttv. sami þm. (G. Ó.) sagði, að kolin væru gefin. En hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hefir tekið það fram, að þetta sje misskilningur, enda sjeu þau sjö sinnum dýrari en þau voru fyrir stríðið.

Háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) sagði, að jeg hefði sagt, að sveitarstjórnirnar mundu ekki hjálpa fólkinu fyr en sæi á því, en þetta var, eins og annað hjá háttv. þm. (G. Ó.), einber misskilningur, og þótt einhverjar sveitarstjórnir kunni að vera fastheldnar á fje, þá er það víst ekki svo, að slíkt geti borið við, en hitt sagði jeg, að ef halda ætti orðalaginu, »að neyðin« ætti að vera »sýnileg«, þá væri ekki unt að skilja þau, nema ef leggja ætti einhvern slíkan skilning í þau, að það þyrfti að sjá á fólkinu. Jeg vona því, að brtt. nefndarinnar verði samþyktar.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Ó afsson): Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) kvað valt að treysta á móinn eingöngu. En þetta verður samt margur að sætta sig við.

Þá kvað hann (S. E.) það óþægilegt fyrir landsstjórnina að hafa birgðir af kolum og sjá fólkið samtímis krókna úr kulda í kringum sig, en er ekki sama að segja um matvæli og aðrar lífsnauðsynjar? En til þess þyrfti aldrei að koma, því að áður en í slíkt óefni væri komið myndi hver sæmileg bæjarstjórn eða sveitarstjórn hlaupa undir bagga með fólki í tækan tíma, með því að kaupa kolin og lána síðan þeim, sem á þeim þyrftu að halda; sje ekki óhætt að gera ráð fyrir þessu, gæti engu síður orðið misbrestur á rjettlátri úthlutun kolanna hjá þessum stjórnarvöldum.

Þá hjelt hann (S. E.) einnig, að sveitar- og bæjarstjórnum mundi ekki haldast uppi ranglæti í útbýtingu kolanna. Jeg hefi aldrei sagt, að svo hlyti að verða. En hitt sagði jeg, að ef ekki mætti gera meiri kröfur til sveitar- og bæjarstjórna en háttv. þm. Vestm. (K. E) gerði, væri ástæða til að væna þær um ranglæti. Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hjelt, að þeim mundi ekki haldast uppi ranglæti, vegna eftirlits landsstjórnarinnar. Jeg held, að órjettlætið gæti komist langt áður en landsstjórnin fengi vitneskju um það og fyndist ástæða til að grípa í taumana.

Þá sagði háttv. þm. (K. E.), að í nál. minu stæði, að kolin væru gefin, og þótti það órjettmæt ummæli. Það er, held jeg, auðvelt að rökstyðja það, að þau eru gefin; nokkur hluti þeirra er gefinn. En jeg hefi aldrei sagt, að þau væru öll gefin. Að hann getur ekki fundið annað að því en þetta má því teljast bestu meðmæli með því.

Þá hefi jeg svarað þeim athugasemdum, sem beint var til mín, og mun því ekki fjölyrða um þetta mál frekar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg gat þess áðan, að sumir myndu, ef til vildi, treysta um of á móinn. Nú skal jeg geta þess, að koladýrtíðin er sjerstaks eðlis, að því leyti, að hún kemur einkum niður á kaupstöðunum, og tel jeg því eðlilegt, að landssjóður reyni að hjálpa þeim, sem harðast verða út undan. Og þó að svo verði, að landssjóður láti dálitla hjálp í tje, munu bæjarstjórnir gera alt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að firra menn vandræðum.

Jeg skal enda mál mitt á að lýsa yfir því, að það mun verða sjeð um, að kolunum verði svo rjettlátlega útbýtt, sem frekast er kostur á.

Halldór Steinsson: Jeg vil leyfa mjer að benda hæstv. atvinnumálaráð-

herra á það, að skýrslan aftan við nefndarálitið er villandi. Sjerstaklega er mjer þetta kunnugt að því er mitt kjördæmi snertir. Í skýrslunni eru því ætlaðar 50 smálestir yfir veturinn. En jeg er sannfærður um, að því mun ekki veita af 150 smálestum. Ef þessi tala er gefin af sýslumanninum, þá hlýtur það að stafa af ókunnugleika.

Frsm. meiri hl. (Karl Einarsson): Það er að eins stutt athugasemd um skýrsluna, sem fylgir nál.

Skýrsla þessi er þannig til orðin, að bjargráðanefnd Ed. bað stjórnina að útvega upplýsingar um það, hversu mikil kol mætti komast af með minst í hverju kjördæmi. Landsstjórnin bað síðan sýslumenn og bæjarfógeta að gangast fyrir þessum upplýsingum. Svörin komu tiltölulega fljótt aftur, og nefndin gat því látið þau fylgja skýrslunni. Hins vegar dylst nefndinni ekki, að kolaforðinn, sem hjer er ætlaður hverju kjördæmi, er í allra minsta lagi. Jeg get sagt það t. d. um Vestmannaeyjar, að þeim er ekki ætlað meira en $^1/_4$ á móts við þann kolaforða, sem þær þarfnast til eldsneytis. Hið sama hygg jeg að segja megi t. d. um Suður-Múla- og Norður-Múlasýslur. Og jeg geri jafnvel ráð fyrir, að víðast hvar á landinu sje það þannig. Og að því er til Reykjavíkur kemur, vitum vjer, að henni er ætlaður miklu minni kolaforði en hún þarfnast á venjulegum tímum.

En þetta ætti stjórnin að athuga, er hún útbýtir kolunum. Hún gæti auðvitað fengið nýjar skýrslur. En hún má vara sig á því, að furða sig ekki á, þó að tölurnar í þeim skýrslum yrðu hærri en í þessari.

ATKVGR.

Brtt. 875, 1. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 875, 2. — — 12 — —
Brtt. 875, 3. samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 875, 4. (ný 3. gr.) samþ. með 9 : 3 atkv.
3.—6. gr. (verða 4.—7. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., fimtudaginn 13. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 918).

Ofskamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 59. fundi í Nd., fimtudaginn 13. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 938).

Á 60. fundi í Nd., föstudaginn 14. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 938, n. 944, 945, 946).

Skjölum málsins öllum ofseint útbýtt. — Afbrigði leyfð um þgskj. 938, 944 og 945.

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Jeg vil leyfa mjer að fara fám orðum um breytingar þær, sem orðið hafa á frv., frá því að það fór hjeðan úr deildinni. Í 1. gr. hefir háttv. Ed. breytt ákvæðinu um það, hvað lánið mætti standa

lengi, þangað til það væri að fullu greitt. Þegar frv. fór hjeðan úr deildinni, var ætlast til, að það skyldi greiðast á 10 árum. En í frv., eins og það liggur nú fyrir, er til ætlast, að lánið endurgreiðist á 13 árum, þó þannig, að það standi vaxta- og afborgunarlaust þangað til 2 ár eru liðin frá ófriðarlokum. Öll bjargráðanefndin hallaðist að þessu, því að hjer er að eins um nokkru vægari kjör að ræða, sem sanngjarnt væri að veita.

Höfuðbreytingin hjá háttv. Ed. felst í 3. gr., sem háttv. Ed. hefir bætt inn í frv. Þar er landsstjórninni veitt heimild til að selja bæjarstjórnum og sýslunefndum 2800 smálestir af kolum á 125 kr. lestina á staðnum þar sem kolunum er skipað á land. Ef þetta yrði gert, mundi það nema um 350,000 kr. fyrir landssjóð, ef kolalestin væri eftir sannvirði reiknuð 250 kr. Nú munu kol landssjóðs að vísu dýrari, en stjórnin mun eiga von á ódýrari kolum, svo að meðalverðið ætti að láta nærri þessu, sist verða hærra. Á þessu atriði klofnaði bjargráðanefndin, þrátt fyrir það, þótt hún öll finni sárt til vandræða almennings og báginda á þessum tímum. En hjer verður í tvö horn að líta; annars vegar er almenningur, sem varla sjer fram úr, hvernig hann fái bjargað lífinu, en hins vegar er landið, sem er orðið skuldum vafið, og óvíst um, hve gjaldþol þess endist lengi. Engum blandast hugur um það, að á þjóðinni hvíli sú sameiginlega skylda að bjarga fólkinu svo vel og lengi sem unt er; og nefndin þóttist í frv., eins og það fór hjeðan úr deildinni, hafa gert sitt til þess, með því að veita kost á lánum svo lengi, sem landið endist til, og skulum við vona, að ekki sverfi meir að en svo, að það verði ekki ráðþrota. Meðan menn eiga kost á að fá lán og matur fæst treinist þó lífið í mönnum, þótt ýmsir geti orðið skuldum vafðir.

Breyting háttv. Ed. á frv. er til bóta fyrir þá, sem kol þurfa að kaupa. En sá er galli á henni, að þessi hjálp kemur ekki að notum nema nokkrum hluta almennings, þar sem öll þjóðin stynur þó undir dýrtíðarfargi, og þótt verðhækkunin hafi orðið allra mest á kolum, þá kreppir þó skórinn víðar að, og þröng fyrir dyrum er víða í sveitum, eins og við sjó. Það hefir hist svo illa á, að þetta sumar hefir verið erfitt að mörgu leyti og veikt mótstöðuafl manna gegn dýrtíðinni.

Í sveitum hefir verið ótíð sumstaðar, og hey skemst í rigningum og eyðst af stormum, svo að hætt er við, að þar fari og að halla, þótt þær muni í bili standa betur en kauptún.

Að einu leyti er frv. þetta verra en frv. það, sem hjer var fyrir deildinni í sumar, og ákvað, að afsláttur væri gefinn á fleiri vörum en kolum einum; það kemur misjafnara niður og nær til færri.

Af þessu, sem jeg hefi hjer bent á, hefir minni hluti bjargráðanefndar ekki getað hallast að því að vera með 3. gr. frv., því að hann telur, að hjálpina megi veita eftir 1. gr. frv., sem kemur að líkum notum til að firra menn mestu vandræðunum, og það er höfuðatriðið. Sú hjálp skapar og minna misrjetti eða mismun á hjálpinni en frv.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) vill láta afsláttinn ná til fleiri tegunda en háttv. Ed. Gengur till. hans að vísu í rjetta átt, en hitt er annað mál, hvort háttv. deild treystir sjer til að fara svo langt.

Forseti: Brtt. á þgskj. 946 hljóðar um atriði, sem áður hefir verið felt, og getur því, samkvæmt 32. gr. þingskap-

anna, eigi orðið borið upp aftur hjer í deildinni.

Bjarni Jónsson: Hjer er ekki hið sama sem áður var felt. Þá var farið fram á að veita afslátt á öllu því, sem selt væri af tilteknum vörutegundum, en hjer að eins á $^1/_8$ af því.

Forseti: Atriðið er eigi að síður hið sama, og eigi brtt. að geta komist að, verður að leita afbrigða frá þingsköpunum, samkvæmt 54. gr. þeirra.

ATKVGR.

um, hvort deildin vildi samþ. afbrigði frá þingsköpunum um brtt. 946, var feld með 6:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

nei: B. St., J. J., M. G., S. S., S. St., Sv. Ó.

já: B. J., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. M., J. B., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., St. St, Þór. J., Þorst. J., Ó. B.

Fjórir þm. (P. O., Þorl. J., B. Sv, B. K.) fjarstaddir.

Með því að eigi samþ. $^3/_4$ þingdm. afbrigðin, gat brtt. eigi komið til atkvæða deildarinnar.

Bjarni Jónsson: Jeg get þakkað háttv. Ed. fyrir, að hún hefir farið þá rjettu leið, að setja 3. gr. inn í frv., um það að selja kol undir sannvirði. Að sönnu er hjer ekki nema hálfverk, með því að hún vill ekki heimila að selja nema $^1/_8$ af kolum þeim, sem landsmenn þurfa að hafa til hitunar á húsum og matsuðu. Jeg segi, að háttv. Ed. hafi farið rjetta leið í máli þessu, því að það er áreiðanlega ágóði fyrir landssjóð að slá af vörum sínum, og þótt meira væri en af $^1/_8$ þeirra; það er ágóði, í samanburði við að lána þær út, því að það má gera ráð fyrir því sem vísu, að svo og svo mikið af lánunum borgast ekki; þau verða gefin eftir. En ef það ráð er tekið, að landssjóður gefi mönnum þegar í stað nokkuð af vöruverðinu, mun hitt greiðast, eins og áskilið er; og sannast hjer, að betri er hálfur skaði en allur.

Það, sem kemur út úr því, ef frv. verður samþ., eins og það kom frá háttv. Ed., er þetta, að vara sú, sem landssjóður selur undir verði, lendir því nær eingöngu hjá þeim, sem búa í kauptúnum, en fátæklingar í sveit njóta því nær einkis góðs af henni. Jeg lít því svo á, að rjett sje, að líka sje gefið eftir af verði á þeim vörum, sem almenningur þarf til lífsbjargar, bæði í sveit og við sjó. Því ætlaðist jeg til, að auk kolanna væri og gefið eftir af verði á mjöli og hveiti og kornvöru allri, svo og steinolíu til ljósa, og fylgt þar sömu reglu sem með kolin. Þá næði hjálpin líka til fátæklinga í sveit, sem nauðulega eru staddir. Þessa hefðu þeir háttv. þm. úr sveit átt að minnast, er þeir hömluðu með atkv. sínu brtt. minni að komast að. Það er munur að hlaupa undir bagga með nauðstöddum mönnum í bili, á meðan tími er til, og hinu, að láta þá berjast áfram fram í rauðan dauðann upp á eigin spýtur. Munurinn er sá, að þá hafa þeir etið alt sitt upp og eytt öllu sínu lánstrausti, en atvinnuvegirnir komnir í kalda kol, og uppi stendur fólkið verklaust auðum höndum. Þannig á sig komna verður landssjóður svo að taka á sína arma fjölda fátæklinga, ef stríðið stendur enn svo að árum skiftir, eins og við má búast. En sje þeim hjálpað í tíma, þá er von til, að hægt sje að bjarga við bústofninum. Það er því sjálfsagt búmannlegt frá sparnaðarsjónarmiði að byrja strax á hjálpinni, áður en í öngþveiti er komið. Því bar jeg fram brtt. mína, sem

hæstv. forseti hefir úrskurðað að ekki geti komist að nema með afbrigðum frá þingsköpunum, þótt jeg kannist ekki við, að hjer sje um sama atriði að ræða, sem áður hefir verið felt hjer. En hvað sem því líður, þá er úrskurður hæstv. forseta hæstirjettur í þessu máli.

Þessi úrskurður hæstv. forseta varð þess valdandi, að nokkrir háttv. þingdm. gátu gert sjer það til ánægju að hindra það, að till. yrði borin undir atkv., og fyrirbygt með því, að deildinni gæfist kostur á að greiða atkv. um, hvort hún vildi aðhyllast vænlegt bjargráð eða hafna því; en við því mega þessir góðu herrar búast, að þeir verði síðar krafðir til reikningsskapar fyrir þetta atferli sitt.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get viðurkent, að í frv. þessu var, þegar það var afgreitt hjeðan til háttv. Ed., gerð nokkur tilraun til að bæta úr vandræðum, bæði með lánsheimildinni og heimildinni til að undirbúa ýms fyrirtæki. Og þótt jeg hafi aldrei haft það álit, að lánsheimildin gæti bætt svo mjög úr vandræðum, svo sem margir háttv. þingmenn hafa álitið, þá getur farið svo, að til hennar þurfi að grípa. Hitt álít jeg meira virði, að mönnum sje veitt atvinna, og getur það komið að talsverðu gagni, en nær þó ofskamt, því að það eru ekki nema sumir, sem geta haft gagn af því. Hingað til má segja, að ekki hafi þrengt mjög mikið að, en tíminn, sem nú fer í hönd, verður mjög erfiður, ekki einungis fyrir fátækasta fólkið, heldur líka fyrir þá, sem hingað til hafa komist sómasamlega af. Alstaðar annarsstaðar hefir verið gert eitthvað í þá átt að útvega sjerstaklega fátæklingum og miðlungsmönnum ódýrari vörur en eru á markaðinum. Það hafa víða orðið upphlaup til þess að heimta þetta. Í Danmörku hefir fyrir löngu verið hugsað fyrir því að útvega mönnum vörur með því verði, að þeir gætu keypt þær. Jeg álít sjálfsagt að fara þessa leið, eins og háttv. Ed. hefir nú lagt til.

Það hefir verið viðurkent í háttv. Ed., að með þessu frv. væri farið heldur skamt, en leiðin er rjett. Því að með því að heimila að selja kol undir verði er bætt úr þörfinni, þar sem hún er er mest. Þetta er augljóst af því, að þar sem flestar aðrar nauðsynjavörur hafa tvöfaldast í verði eða meira, þá hefir kolaverðið tífaldast eða meira. Það er alveg frágangssök fyrir fátæklinga og lágt launað fólk að kaupa kol til heimilisnotkunar fyrir 300 kr. eða meira. Þótt verðið væri nokkru lægra, væri það líka frágangssök. Jeg held, að það sje líka ókleift fyrir kaupstaðina að hjálpa fólki til að kaupa kol með þessu verði. Það er því sjálfsagt og rjett að heimila stjórninni að veita þessa hjálp, því að það er ómögulegt að komast af án kola í kaupstöðum og sjávarþorpum. Í sveitum þurfa menn ekki hjálp til kolakaupa, því að þar eru menn ekki miklu ver staddir með eldivið en vanalega, en við sjóinn verða menn ver úti.

Menn mega ekki metast um það, hvort allir verða aðnjótandi þessarar hjálpar eða ekki, því að á slíkum neyðartímum sem þessum verða menn að hjálpa hverjir öðrum. Þess vegna er fjelagsskapurinn, — þjóðfjelagsskapurinn. Ef sveitirnar segja við sjávarbjeruðin þegar þau eru illa stödd: Það kemur ekki mjer við, þá má segja, að sjávarbjeruðunum sje þá lítið gagn að fjelagsskapnum.

Það hefir verið viðurkent alstaðar um heiminn, að þjóðfjelaginu í heild beri að hlaupa undir baggann, svo að viðráðanlegt sje að kaupa nauðsynjar, en það hefir ekki verið gert hjer fyr, af því að neyðin hefir ekki enn krept svo

mjög að, en það er ekki hægt að sjá annað en að svo verði í vetur. Hjer er ekki verið að biðja um svo mikla hjálp, að landinu yrði þungbært að veita hana, því að upphæðin, sem þarf til þessa, er sennilega ekki nema um 300 þús. kr. Og mikið af þessum kostnaði verður tekið að láni, og jafnað niður á fleiri ár, svo að kostnaðurinn verður ekki tilfinnanlegur.

Ef menn segja, að stríðið geti haldið áfram og ástandið orðið engu betra eða verra næsta vetur, þá er því til að svara, að nú er verið að byrja að afla innlends eldiviðar hingað og þangað í meiri mæli en áður, og næsta ár verður vonandi meiri árangur að þessari viðleitni en nú. Fyrir stjórnina er afarnauðsynlegt að hafa þessa heimild, og hún þyrfti að ná til fleiri vörutegunda, þótt því miður sje ekki um það að ræða hjer.

Jeg er alveg viss um, að ef þingið skilst við þetta mál, eins og það er nú komið frá háttv. Ed., þá mun þingmenn aldrei iðra þess.

Eins og háttv. þm. Dala (B. J.) tók fram þá er þetta ekki skaði fyrir landið, heldur gróði. Það er miklu heppilegra en að veita mönnum stórlán, sem þeir eiga mjög erfitt með að borga.

Jeg vildi mega mælast til þess við háttv. fim. brtt. á þgskj. 945, um að fella niður 3. gr., að þeir tækju hana aftur, eins og brtt. sína í næsta máli á undan. Jeg held, að það væri mjög vel gert, og það væri til að stytta þingtímann og spara þingkostnað, því að ef brtt. verður samþykt, hlýtur málið að fara í sameinað þing, og það má telja mjög líklegt, að frv. verði samþykt, eins og það liggur hjer fyrir. Mjer finst ekki eiga við að deila meir um þetta viðkvæma mál, og það er leiðinlegt að þurfa lengi að vera bónleiður fyrir þá, sem bágt eiga.

Sigurður Sigurðsson: Jeg skal ekki vera langorður að þessu sinni, því að ekki er óhugsandi, að jeg þurfi að taka aftur til máls. Ástæðan til þess, að jeg kvaddi mjer hljóðs, voru þau tilmæli hæstv. forsætisráðherra, að jeg tæki brtt. á þgskj. 945 aftur. Til þess að vera ekki með óþarfar málalengingar ætla jeg bara að segja: Hingað og ekki lengra. Við hinir sömu fim. tókum áðan aftur brtt. í öðru máli, og jeg skil ekki í, að við þurfum að vera þeir krossberar að gera það aftur í þessu máli. Jeg skal segja það í sambandi við þessa brtt. okkar, um að fella 3. gr., að við höfum ekki komið með hana af því, að við teljum þessa hjálp eftir handa því fólki, sem hennar þarf, heldur af því, að við efumst mikið um, að hún komi að tilætluðum notum. Stjórnin hefir áður kvartað um, að það væri erfitt að framfylgja því ákvæði, að gert skyldi upp á milli framleiðenda og þeirra, sem enga framleiðslu hefðu. En jeg get hugsað mjer, að það sje ekki síður vandi að úthluta kolum rjettilega. Þessi skifting er mjög vandasöm, og það gæti farið svo, að þeir nytu hjálparinnar, sem ekki þyrftu hennar við. Jeg vantreysti, með öðrum orðum, þeim, sem úthlutunina eiga að hafa á hendi, því að jeg hefi alla ástæðu til að ætla, að sú úthlutun fari í handaskolum. Þetta er líka mjög óviðfeldið og hættulegt ákvæði, þar sem vöruforðinn kemur ekki að notum nema litlum hluta þjóðarinnar. Þegar nú líka á það er litið, að verðið á kolunum verður hvort sem er svo hátt, að þeir fátækustu geta ekki keypt þau, er enn minni ástæða til að selja þau undir verði. Jeg hygg, að margir fátæklingar hjer hafi ekki gert ráð fyrir því, að þeir ættu kost á að fá kol, og hafi því reynt að afla sjer ódýrara eldsneytis, svo sem mós. Það hefir víða í kauptúnum og sjávarþorp-

um verið tekinn upp mór með langmesta móti. En þegar kolin koma með niðursettu verði, þá koma ótal margir, sem þykjast eiga rjett til að fá þau með því verði, og þá kemur spurningin um það, hverjir eru sannþurfandi. Af þessum ástæðum er jeg ófáanlegur til að taka brtt. mína aftur.

Fjármálaráðherra (S. E.): Mjer skilst, að vel mætti tala um tvenns konar dýrtíð, almenna dýrtíð, sem kemur nokkurn veginn jafnt niður á sveitum og kaupstöðum, og svo sjerstaka dýrtíð, sem bæirnir verða fyrir, sökum hins afarháa kolaverðs. Fyrir stríðið kostaði skippundið af kolunum liðugar 3 kr. Nú kostar það 50 kr. eða meira.

Jeg býst við því, að þótt sveitarfjelögum og bæjarfjelögum verði heimiluð lántaka til að bæta úr vandræðunum, þá verði það aðallega til þess að bæta úr almennu dýrtíðinni. Jeg hygg, að það muni reynast ofvaxið bæjarfjelögunum sjálfum að bæta úr sjerstöku dýrtíðinni, koladýrtíðinni. Hjer er um svo mikil vandræði að ræða, sem snerta alla, sem í kaupstöðum búa, að mjer finst fyllilega rjettmætt að lækka kolaverðið, eins og farið er fram á í frv., eins og háttv. Ed. hefir gengið frá því. Það er meira en rjettmætt, það er alveg sjálfsagt að gera það, eins og nú er ástatt.

Mjer hefir oft verið brugðið um það, að jeg dragi fremur taum sveitanna en bæjanna. Þessi aðdróttun er ekki rjettmæt. Jeg þykist altaf vilja halda jafnvægi þar á milli, bæði í álögum og hlunnindum. Jeg skal fúslega játa það, að þessi lækkun á kolaverðinu kemur sveitunum, sem slíkum, mjög lítið að góðu. En hitt verð jeg líka að viðurkenna, að þessi sjerstaka dýrtíð er svo alvarleg, að jeg er viss um, að sveitirnar taka það ekki illa upp, þótt kaupstöðunum sje veittur þessi styrkur. Jeg veit ekki, hvernig fer í vetur, þegar kuldarnir koma og fólkið á ekkert til að hita með eða elda við matinn, og nóg er þó til af kolum í bænum. Jeg veit ekki, hvernig því yrði tekið, ef stjórnin ætlaði að halda kolunum fyrir fólkinu, þegar kuldinn sverfur að. En það er sama sem að halda kolunum, ef verðið er svo hátt, að enginn getur keypt þau nema efnaðir menn.

Nú má að vísu segja, að bæjarstjórnin mundi skerast í leikinn og útvega lán, svo að hún geti hjálpað mönnum til að fá kolin fyrir lægra verð. Það má vel vera, að bæjarstjórnin yrði svo forsjál að láta bæinn kaupa kolabirgðir handa fátækara fólkinu, en því er varlega treystandi, að hún sæi sjer það fært. Jeg hefi ekki orðið var við, að bæjarstjórnin hafi gert annað en að taka upp móinn. Jeg hefi ekki orðið þess var, að hún hafi farið þess á leit við þingið, að það gerði neitt í þessu afarmikla alvörumáli bæja og kauptúna. Það, sem vakið hefir mestan úlfaþytinn hjer í bæ, eru þær ráðstafanir, sem gera átti til þess að spara kolin og gera mönnum hægra fyrir með að fá húsnæði.

Þegar talað er um að fresta skólahaldi um nokkurn tíma, þá ris upp sterk alda á móti því, og borgarafundur er kallaður saman til mótmæla. En það er ekki verið að kalla saman borgarafund til að heimta það, að fátæklingunum sje hjálpað til að ná í kol næsta vetur.

Þegar talað var á móti skólalokuninni, þá var því borið við, að það væri gert vegna fátæku barnanna. Þeir, sem hrópuðu hæst um þetta um daginn, mættu nú hrópa hærra um fátæku börnin. Ef ekkert verður gert í þessu máli, þá fá menn að þola hróp fátækra barna hjer í bæ. Í sveitunum

skilja menn, hvílíkur voði hvílir yfir þessum bæ, ef fátæklingunum er neitað um kol til eldiviðar. Það er ekki einungis voði fyrir núlifandi kynslóð, heldur gæti það haft áhrif á komandi kynslóðir langt fram í tímann. Þessi áhrif eru langtum alvarlegri og djúptækari en menn hugsa sjer.

Jeg hefi oftast átt samleið með fulltrúum sveitakjördæmanna hjer á þingi. Mín skoðun er yfirleitt miklu nær þeirra skoðun í mörgum málum. En jeg er alveg sannfærður um það, að margir menn úti um land fallast algerlega á þá skoðun, sem barist er fyrir hjer á Alþingi í dag, að hjálpa til að lækka kolaverðið. Það verður ekki alment talið eftir, þótt lagt sje fram fje úr landssjóði til að styðja þá, sem í mestu vandræðunum lenda. Jeg er sannfærður um það, að það væri hið mesta ranglætisverk, ef þingið skildi án þess að gera eitthvað í þessu vandræðamáli. Það sýnir sig, þegar veturinn kemur, sem flestir bera mikinn kvíðboga fyrir. Jeg hefi átt tal við nokkra af fátækari mönnum þessa bæjar, og þeir hafa sagt, að þótt þeir sæju fram á mjög mikla erfiðleika á því að afla matar handa heimilum sínum, þá væri það þeim ekki mesta kvíðaefnið. Mest kviðu þeir fyrir því að horfa á börnin veslast upp af kulda. Það væri voðalegt skilningsleysi af Alþingi Íslendinga, ef það sæi ekki, hvað um er að ræða, — ef það vill vinna það til fyrir 300,000 kr. sparnað að skilja gamalmenni og börn eftir í kuldanum. Jeg er viss um, að það yrði ekki þakkað í sveitakjördæmunum. Jeg er sannfærður um það, að ef sveitamennirnir væru spurðir um, hvað gera skyldi, þegar fátæklingarnir í kaupstöðum hrópa og biðja um kol, þá mundi kveða við utan af landsbygðinni: Láttu þá fá kol. Stundum hefir verið tekið undir úti á landsbygðinni, þegar þannig hefir verið hrópað. Jeg er sannfærður um það, að sveitamenn sjá, að hjer er um rjettlætiskröfu að ræða. Þingið getur ekki hlaupið frá þessari kröfu. Stjórnin getur ekki annað en tekið hana til greina, hvað sem þingið segir. Þegar kuldinn sverfur að, þá getur hún ekki daufheyrst við þeim hrópum um hjálp, sem til hennar mundu berast. Eða hvað ætti fólkið að taka til bragðs? (**E. J.**: Getur það ekki tekið lán?) Það má segja, að þá megi láta það hafa lán. En sú leið er ekki heppileg að lána altof mikið af vörum landssjóðs. Það er ekki svo lítið fje, sem er bundið í landssjóðsversluninni, og ef það væri tekið upp að lána mjög mikið af vörunum, svo að lítið kæmi inn fyrir þær, þá gæti svo farið, að erfitt yrði að halda versluninni gangandi í góðu horfi. Jeg er sannfærður um það, að frá fjárhagslegu sjónarmiði er hyggilegra að færa kolaverðið niður heldur en að byggja á því, að stjórnin kasti þeim út að láni. Jeg skal líka taka það fram, að þótt kolaverðið verði fært þetta niður, þá verður það samt ekki ákaflega auðvelt fyrir fátæklingana að kaupa þau með því verði. Bæjarsjóðirnir munu samt verða að hlaupa undir bagga, og það mun verða nógu víða fyrir því, sem til þeirra kasta kemur að hjálpa. Jeg er því alveg viss um það, að fjárhagslega sjeð er það það besta, sem þingið getur gert, að veita þessa takmörkuðu niðurfærslu á kolaverðinu, til þess að koma í veg fyrir meiri niðurfærslu.

Jeg ætla svo ekki að fara fleirum orðum um þetta mál. Jeg álít, sem sagt, að Alþingi vinni mikið ranglætisverk, ef það tekur ekki þessa kröfu til greina. Á leið stjórnarinnar verða nógu margir örðugleikar á þessum tímum. Jeg held, að Alþingi ætti ekki að bæta þessu við.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg þarf ekki að vera langorður. Jeg hefi svo oft tekið til máls um þetta efni, að jeg hefi nú litlu við það að bæta, sem jeg hefi áður sagt. Á öndverðu þingi, eða áður en þing kom saman, var það öllum ljóst, að vandræði mundu standa fyrir dyrum. Það er ekki síður ljóst nú, eftir því sem veturinn nálgast, að víða muni verða þröngt í búi í sveitum, en þó miklu fremur í kaupstöðum. Svo hefir farið, að á þessu sumri hefir ýmislegt á móti blásið, meira en búist var við, og eykur það auðvitað á vandræðin, sem fyrir dyrum standa.

Þessi háttv. deild gat ekki fallist á þá leið, sem jeg lagði til að farin yrði, til að fyrirbyggja vandræðin, en háttv. Ed. hefir bætt ofurlítið úr þessu.

Það er nú þegar búið að taka fram ýms atriði, sem snerta þetta mál, svo að jeg get verið fáorður. Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) gat þess, að þessi niðurfærsla væri ekki nægileg. Jeg er honum alveg sammála um það. Jeg er sannfærður um það, að það verður að jafna verðið öðruvísi, ef að haldi á að koma. Sveitarsjóðir og bæjarsjóðir verða að hlaupa undir bagga með það. Fátæklingar geta ekki keypt kol fyrir 20 kr. skippundið, og því síður auðvitað fyrir 40—50 kr. skippundið. Þeir geta ekki keypt þau fyrir öllu meira en þau kostuðu fyrir stríðið. Það, sem þar er á milli, verða bæjarsjóðirnir og sveitarsjóðirnir að borga. Þessi leið, sem háttv. Ed. leggur til að sje farin, mætti ekki miklum andmælum þar, en jeg hefi orðið þess var, eða mjer finst það liggja í loftinu, að hjer þyki hún óalandi og óferjandi.

Jeg skil reyndar ekkert í því, að þessi leið skuli þykja óalandi og óferjandi hjer, þar sem hún hefir þó verið farin alstaðar annarsstaðar að meiru eða minnu leyti. Danir hafa t. d. varið 50 milj. kr. til niðurfærslu á örfáum lífsnauðsynjum á einu ári. Þessi till., sem háttv. Ed. hefir samþ., er mjög takmörkuð og kemur ekki nema að litlu liði, — því miður, — af því, sem með þyrfti. Jeg skil því ekkert í því, að hún skuli mæta þeirri mótspyrnu, sem raun er á, þar sem hún er að eins tilraun til að bæta úr allramestu erfiðleikum þeirra, sem bágt eiga. Ef menn bera því við, að þeir vantreysti sveitar- og bæjarstjórnum að úthuta þessum kolum, þá ímynda jeg mjer, að til þess sje engin ástæða. Því mun óhætt að treysta, að þær geri það eftir bestu þekkingu. Jeg skal ekki segja, að ekki geti komið fyrir, að eitthvað fari öðruvísi en best gæti verið, en yfirleitt mun óhætt að treysta því, að þeir fái kolin, sem helst þurfa þeirra með.

Jeg hefði viljað, að þessi tillaga hefði verið ofurlítið víðtækari, hefði t. d. náð líka yfir brauð og brauðefni. Menn lifa nú orðið afarmikið á brauði, bæði til sjávar og sveita, og má gera ráð fyrir, að það verði því meira notað, þess meira sem dýrtíðin eykst, ef hægt verður að fá það fyrir það verð, sem menn geta risið undir. Niðurfærsla brauðverðsins hefði því komið að almennari notum. En það er ekki til neins að tala um það. Þessi háttv. deild hefir felt þá brtt. frá umræðu, sem fór fram á að gera hjálpina víðtækari. Háttv. Ed. vildi fara lengra en þetta, en sá sjer það ekki fært vegna háttv. Nd.

Því hefir verið skotið fram í umræðum hjer í deildinni, að ekki þyrfti að fara þessa leið, þar sem búið er að veita heimild til lána, sem geti bætt úr þörfinni, þar sem hún er brýnust. Þessi ráðstöfun hygg jeg að nægi ekki ein til hjálpar þeim, er mesta hafa þörf á liðsinni, og ekki heldur ein út af fyrir

sig hagkvæm fyrir landssjóð. Hvers vegna á þá ekki að fara þá leiðina, sem hagkvæmust er og kemur að mestum notum?

Jeg lofaði því í upphafi að tala ekki langt mál. Jeg hefi áður farið ítarlega út í þau atriði, sem að þessu máli lúta, og læt mjer því nægja að skírskota til þess, sem jeg hefi áður sagt. Jeg get þó ekki leitt hjá mjer að víkja nokkrum orðum til háttv. 1. þm. Árn. (S. S), áður en jeg sest niður. Hann sagði, að ef þessi leið yrði farin, þá yrði það að eins til þess, að nokkrum mönnum væri ívilnað, en aðrir yrðu út undan.

Það getur verið, að einhverjir verði út undan og að einhverjir óverðugir slæðist inn, en yfirleitt má þó gera ráð fyrir því, að allur þorri þeirra, sem hjálp fær, sjeu hennar þurfandi. Það er nú einu sinni svo, undir líkum kringumstæðum, að ekki er unt að framkvæma fylsta rjettlæti. Jeg þykist vita, að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) man enn eftir jarðskjálftunum síðustu. Þá voru hjeruð austan fjallgarðsins, sem voru illa stödd, og flest nærliggjandi bygðarlög rjettu þeim hjálparhönd, þau sem urðu ekki fyrir tjóni. Vel má vera, að einhver hafi þá fengið hjálp, eða ríflari hjálp en aðrir, sem fremur hefðu þurft þess með, en yfirleitt hygg jeg, að hjálpin hafi komið sjer vel. Það væri í það minsta ógerlegt að láta það aftra sjer frá að hjálpa öðrum, fyrir þá sök, að einhver kynni að fá hjálp, sem ekki þyrfti hennar. Jeg veit ekki, hve mikið Reykjavík hefir þá lagt fram; jeg skýt því til háttv. þm. (S. S.) að rannsaka það.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) sagði, að borgarafundur hefði ekki verið haldinn út af þessu máli. Þetta er ekki alveg rjett; borgarafundur var haldinn og dýrtíðarmálin rædd þar, raunar ekki af æsingi, heldur með stillingu, en mjer finst fundurinn ekki hafa minna gildi fyrir það. Jeg mintist á þetta af því, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) sagði áðan, að hann myndi ekki eftir neinum borgarafundi um þetta efni.

Einar Jónsson: Jeg ætla ekki að tala með jafnmiklum vindi sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.). Þetta mál þarf rólega og stillilega yfirvegun. Það þarf að athuga það fyrst og fremst, að hjálpin komi jafnt niður. Jeg fyrir mitt leyti verð að telja frv. best í því formi, sem það var í síðast hjer í Nd., en til spillingar breytingar þær, sem Ed. hefir gert, og nú eru prætur og stífni um hjer. Lánsheimildin er í minum augum það besta horf, sem hægt er að koma málinu í, en þessi afsláttur, sem ráð er fyrir gert í 3. gr., er þannig lagaður, að hann getur ekki komið öllum almenningi landsins að notum. Jeg skal síst neita því, að kaupstaðirnir muni helst þurfa hjálpar við í þessu, en jeg á það engan veginn víst, að fátæklingar einir verði þessara hlunninda aðnjótandi, heldur jafnvel býst jeg við, að ríkisbubbar komist þar líka að. Nú mega menn vita það, að víða um land, einnig í kaupstöðum, sem jeg þekki, hafa menn lagt mikið í það að afla eldsneytis, og þá vitanlega að sama skapi forsómað aðra vinnu. En ef svo færi nú, að forríkir menn yrðu þessara hlunninda aðnjótandi, þá er ekki rjett að farið, og mig vantar sönnun fyrir því, að svo geti ekki orðið. En svo að jeg snúi aftur að því, sem jeg sagði áðan, að menn sumstaðar mundu í sumar hafa forsómað vinnu, til þess að geta aflað eldsneytis, þá nær það ekki til Reykjavíkur nje Vestmannaeyja, og þá er það athugandi, að menn hjeðan hafa farið í vellaunaða vinnu víðs vegar um landið, svo að þeir hafa jafnvel betra kaup en vjer þingmenn, sem menn sjá af því,

að kaupamenn fá 6 kr. á dag og alt frítt. Það hefir verið gefið í skyn, að fátækt eða jafnvel neyð stæði fyrir dyrí Reykjavík og kaupstöðunum. Jeg held þá, að hægt sje að sanna, að sama muni einnig eiga sjer stað í sveitunum. Jeg hefi hjer í sumar víða komið í hús til manna, bæði ríkra og óríkra, og altaf verið borinn sykur, þegar jeg hefi fengið kaffi, en mjer er kunnugt um það, að víða brúka bændur engan sykur með kaffinu, og að þá skortir einnig mjöl. Þess vegna hefði mjer þótt betri brtt. háttv. þm. Dala. (B. J.), sem ekki var leyft að koma til umræðu eða atkvæðagreiðslu. Þá mundi meiri jöfnuður hafa komist á. En því er nú ekki að heilsa.

Jeg álít, að stjórnin hefði átt að gera meira til að afla íslenskra kola en gert hefir verið. Það hefir nú verið skýrt frá því, að nú eigi að fara að leggja meiri krafta í framkvæmd þess en hingað til hefir verið gert, svo að þessi afsláttur á kolunum eigi ekki að gilda nema stuttan tíma. Jeg get ekki annað en verið þakklátur fyrir einhverjar framkvæmdir í þessa átt, þótt seint sje.

Það hefir verið minst á skólafrestunina í sambandi við kolin. Það er nú orðið svo margt, sem í vandræðum lendir út af kolunum. Og úr því að einhver hæstv. ráðherra mintist á skólana og að loka þeim, þá mun mjer fyrirgefast, þótt jeg láti í ljós þá skoðun mína, að nær mundi að loka bíóum og leikhúsum. Og sannast að segja, furðar mig á því, eins og stjórnin hefir verið röggsamleg í að innleiða svo margt þarft og útrýma svo mörgum óþarfananum, að hún skuli þá ekki hafa gert ráðstafanir til þess að loka slíkum stofnunum, því að alt má þetta skoðast dýrtíðarráðstöfun. Jeg veit ekki, hvað mikið fje þessi bíó gefa af sjer, en »full« eru þau kvöld eftir kvöld, og má auðvitað vera, að þangað rennur margur skildingur úr vösum fátæklinganna.

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) sagði, að fátæklingum mundi því nær ókleift að kaupa kolin, þótt sett yrðu niður í 20 kr. skippundið. Jeg er á sömu skoðun, en þá er líka vafasamt, að rjett sje að samþykkja greinina, og getur þá verið hyggilegast að afstýra vandræðum, hjer í Reykjavík, sem annarsstaðar, með lánsheimild. Jeg skal í því sambandi geta þess, að háttv. þm. Dala. (B. J) kemur mjer ekki til að trúa því, að það sje billegri leið að láta af hendi kol með afslætti en að lána mönnum peninga, jafnvel þótt lánin yrðu upp gefin. Lánin eru betri leið og koma jafnara niður, sem er aðalatriðið, heldur en ívilnun á vörum, sem að eins falla í skaut nokkrum hluta landsbúa.

Úr því að hjer er um dýrtíðarráðstafanir að ræða, get jeg ekki látið vera að geta þess, að grein, sem birtist í »Vísi« í gær, undirrituð »Bóndi«, er einungis blekking; mjer er kunnugt um, að hún er skrifuð af embættismanni í Árnessýslu, og vil undanþiggja alla bændur í Árnessýslu frá að skrifa svo. En þar með er ekki sagt, að bændur sjeu andvígir því, að embættismönnum sje veitt einhver dýrtíðaruppbót innan hæfilegra takmarkalína.

Að öðru leyti mun jeg sýna með atkvæði mínu, hvernig jeg lít á þetta mál.

Fjármálaráðherra (S. E.): Hv. 2. þm. Rang. (E. J.) og háttv. 1. þm. Árn. (S. S) færðu það sem ástæðu gegn niðurfærslu kolanna, að þeim mundi verða ranglátlega úthlutað. Þetta er mjög ljettvæg ástæða. Jeg vona, að nú á tímum finnist ekki þær bæjar- eða sveitarstjórnir, sem óttast megi að svo fari að ráði sínu. En jafnvel þótt fyrir kynni að koma einhver misbrúkun, þá

má það þó ekki aftra öllum tilraunum til þess að ljetta undir með fátæklingum í þessum voða.

Að öðru leyti læt jeg mjer nægja að vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt.

Mjer fanst háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) taka eitthvað kuldalega í þetta mál. Jeg veit, að það kemur ekki til af því, að honum sje það lagið, heldur líklega af því, að hann hefir ekki kynt sjer málið nógu rækilega. Jeg er viss um það, eftir hans góða hjartalagi, að hann mundi ekki vera þröskuldur í vegi þessara lífsnauðsynja bæjanna, og jeg vona, að hann verði það ekki, eftir að hann hefir íhugað málið.

Hákon Kristófersson: Mjer þykir hlýða, að jeg geri grein fyrir atkvæði mínu.

Það er ekki laust við það, að umræður hafi snúist um það, að hjer væri um hjálp að ræða fyrir Reykjavík. En jeg fæ ekki skilið svo heimild 3. gr. Jeg fæ ekki betur sjeð en að þar sje átt við alla kaupstaði og sveitarfjelög, sem eldsneytis þurfa. Mjer og bændum er oft borið á brýn, að vjer sjeum þröngsýnir gagnvart kaupstaðarbúum. Jeg skal láta ósagt um þetta. En um þetta atriði finst mjer rjett athugað, að dýrleikinn á eldsneyti muni koma harðara niður á kaupstaðarbúum en sveitamönnum, en þar með vil jeg ekki segja, að kjör sveitamanna sjeu betri en kaupstaðarbúa, eins og háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) gaf í skyn. Mjer blandast ekki hugur um það, að taka þurfi til athugunar eldsneytisekluna, því að í rauninni má segja, að kolin sjeu ekki til, ef selja þarf þau á 300 kr. smálestina, því að með því verði má heita, að öllum sje ofvaxið að kaupa þau. Því hefir verið slegið fram, að lánsheimildin mundi nægja. Hún getur verið góð í mörgum tilfellum, en það segir sig sjálft, að menn þurfa fleiri vörur, og þótt smálestin af kolum yrði 125 kr., þá get jeg verið sammála hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), að mönnum mun alt að einu ofvaxið að kaupa kolin yfirleitt, og mun því þurfa hjálp frá bæjar- og sveitarfjelögum til að kaupa kolin, þótt þau verði ekki nema á 125 kr. smálestin. En jeg verð að skilja svo 3. gr., að að eins bágstöddum mönnum sje ætlað að verða þessara hlunninda aðnjótandi. Það er alveg rjett, að voði vofir yfir Reykjavík, en jeg þykist vita, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) játar, að sami voði vofir líka yfir smærri kauptúnum landsins, og það er ekki af óvilja við Reykjavík, að jeg vil undirstrika, að ákvæðið nái jafnt til allra kaupstaða landsins og þeirra sveita, er kol þurfa að nota til eldsneytis.

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) nefndi það, að frv. hefði átt að vera víðtækara; niðurfærslan hefði einnig átt að ná til korns. Jeg er honum samdóma, og mun áður í sumar hafa látið svipað í ljós. En jeg vil hjer að auki nefna eina vörutegund, sem erfitt er að ná í og er afardýr; jeg á við salt. Jeg vona, að stjórnin geri sitt ítrasta til þess að koma saltinu út um landið og selja það með svo vægum kjörum sem unt er. Þetta er svo áríðandi fyrir annan höfuðatvinnuveg þessa lands, að af skorti þess getur leitt þjóðarvoða.

Jeg þykist skilja, að brtt. á þgskj. 945 muni fram komin af því, að flytjendur hennar óttist, að niðurfærslan komi ekki alstaðar rjett niður, sem sje, að fátæklingarnir hafi hennar ekki not, en ekki af því, að þeir sjeu í raun og veru andvígir stefnunni. En jeg vona það og treysti, að heimildin komi að rjettum notum, og með það fyrir augum, að fátæklingarnir verði hennar aðnjótandi, sje jeg mjer ekki fært, samvisku minnar vegna, að standa í vegi

fyrir þessari ívilnun, þótt jeg annars hafi mikla tilhneigingu til þess að spara sem auðið er fje landssjóðs.

Gísli Sveinsson: Jeg var í öndverðu þeirrar skoðunar, að sú leið, er farin var með því frv., er var afgreitt hjeðan frá hv. deild, um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar, væri ófullnægjandi og hvergi nærri heppileg. Jeg vildi, að í staðinn fyrir að lána þá ætti landssjóður að veita beina peningahjálp, þar sem auðsætt væri, að óhjákvæmileg neyð vegna ófriðarástandsins stæði fyrir dyrum, er ekki yrði öðruvísi af ljett. Menn fundu það þessu til foráttu, að sveitarstjórnir þær, er hlut ættu að máli, myndu ekki koma fram sem óvilhallir milliliðir, heldur mundi hver sveit, ef til vill að óþörfu, reyna að ná sem mestu af fje til sín. Mjer heyrist nú, að menn beri öllu meira traust til sveitarstjórna en þá kom fram. Vitanlega hefði mátt haga þessu á þann veg, að sveitarstjórnir greiddu eitthvað af þessum styrk aftur, þó að þeir, sem hjálparinnar nytu, gerðu það ekki. En eins og nú er komið, og fyrst að mín uppástunga var ekki tekin gild, þá er hitt víst, að það ber að nota þessa lánsleið eins og hún er, svo að komi að sem mestu gagni. Jeg var á móti þeirri till., að vörur landssjóðs yrðu seldar undir verði jafnt til allra, hvort sem þeir væru efnaðir eða fátækir, þegar hún var hjer til umræðu. Og jeg verð að segja, að þó að þetta innskot sje nú komið fram um kolin, sem háttv. Ed. hefir gert, þá sje jeg ekki, að með því sje eins mikil bót á ráðin og orð er á gert. Víst er, að þetta á að kosta landssjóð ef til vill mörg hundruð þús. kr. Mig furðar á öllum þeim ræðufjálgleik, sem þetta kolamál hefir komið af stað. Það er rjett eins og það sje það happaráð, sem öllum geti bjargað, og það eina, sem komi að nokkru verulegu haldi. Þetta virðist mjer vera að gera úlfalda úr mýflugunni. Því að jeg get ekki skilið, að þeir, sem á annað borð eru komnir í kaldakol, eða orðnir allslausir, geti bjargað sjer út úr neyðinni með því að fá að kaupa kolaskpd. á 20 kr.; það er ofvaxið mínum skilningi. En þetta mun vera meiningin, því að það er ætlast til, að landssjóður selji smálestina á 125 kr., sem svarar til þess, að skpd. verði á nálega 20 kr. Svo eiga sýslufjelög og bæjarfjelög eða kaupstaðirnir, því að þetta kemur þeim helst til góða, að selja aftur, líklega þeim, sem verst eru staddir, hagnaðarlaust. Það stendur að vísu í niðurlagi 3. gr., sem hjer er við átt, með leyfi hæstv. forseta:

»Sýslu- og bæjarfjelög selja kol þessi aftur, án hagnaðar, þeim, er helst þurfa hjálpar með, og má vera mismunandi verð á þeim, eftir ástæðum kaupanda.«

Þetta er dálítið óljóst orðað, en það virðist þó benda til þess, að selja megi með hagnaði þeim, sem eitthvað eiga til.

Það hefir verið komist svo að orði um þetta atriði, að hjer væri um svo mikið alvörumál að ræða, að menn mættu ekki rísa upp á móti því. Jeg sje, satt að segja, ekki, að þetta bjargi svo miklu, að sjálfsagt sje að greiða því atkv. sitt. Jeg held, að þessi till. sje ekki komin hjer fram með það fyrir augum að bæta úr þar, sem neyðin er mest, heldur hafi hitt vakað fyrir mönnum, að afla sýslu- og bæjarfjelögum ódýrra kola til úthlutunar. Eins og ákvæðið er þá er ekki sýnilegt, að það hjálpi endilega þar, sem mest er þörfin. Það er ekkert heldur tekið fram, hvernig þessari úthlutun skuli hagað, svo að það er ekki loku skotið fyrir það, að þeir, sem á annað borð líða neyð, fái að sitja þar, sem þeir eru komnir, og að kolin verði notuð í skrifstofur eða

skóla kaupstaðanna o. s. frv. Hjer getur nú ekki verið um það að ræða, að landsstjórnin hafi eingöngu á hendi dýrustu kolin, á 300 kr. smálestina, því að jeg tel sjálfsagt, að hún komi brátt til að hafa kolabirgðir liggjandi hjer á höfninni fyrir 200 kr. smálestina. Hv. þm. vita, eins og jeg, að svo er í garðinn búið. Mjer skilst, að hún ætti þá að sjá sjer fært að selja þau kol sýslu- og bæjarfjelögum fyrir það verð; og eftir þeim till., er hjer hafa verið samþyktar um lánveitingar og þvílikt, þá mundi það geta komið að nokkrum notum úti um land. Það gæti komið til mála, að landsstjórnin seldi þau dálítið dýrara, hjer í Reykjavík og annarsstaðar, þeim, sem geta keypt þau dýrara. Ef bæjarfjelaginu hjer er á annað borð treystandi til að halda lífinu í borgurum sínum, þá efast jeg ekki um, að það muni kaupa þessi kol á 200 kr. smálest eða nokkru meira, og selja þau ekki aftur fyrir okurverð, heldur jafnvel blátt áfram gefa þau, ef og þar sem á þarf að halda. Jeg vil í þessu sambandi vitna til þess, sem menn hafa mikið talað um hjer, hvað Danmörk hafi gert. Og þar er það aðalatriðið, að sýslu- og bæjarfjelögum er heimilað að selja vörur undir verði, eða gefa þeim bágstöddustu, en síðan tekur sjálft ríkið einhvern þátt í því skakkafalli, sem af þessu leiðir. En vitanlega eiga sýslu- og bæjarfjelög að annast sína borgara sjálf, svo langt sem þau ná og meðan þau geta.

Hjer var í dag afgr. frá háttv. deild frv. um tekjuskatt, nokkra hækkun á honum, þar sem fjárhagsnefnd fjell frá kröfum sínum, á þann veg, að stórgróðamenn sluppu undan því að greiða þann skatt af gróða sínum, ekki einungis frá árunum 1914—15, heldur líka 1916. Þessa menn er nú einkum að finna í kaupstöðum, og þá helst hjer í Reykjavík og grend, þar sem selja á einkanlega þessi kol undir verði. Þegar nú litið er til þess, að þessum mönnum hefir verið hlíft meir en viðgengist hefir með öðrum þjóðum, þá vil jeg spyrja, hvort þeir sjeu ofgóðir til þess að láta þeim mun meira af hendi rakna til bæjarfjelaganna, þar sem ástandið er verst, svo að þau geti alið önn fyrir borgurum sínum. Jeg svara þessu hiklaust neitandi, og svo mun vera um fleiri.

Þegar háttv. Ed. þm. beittu því ofríki með hótunum sínum, að við neyddumst til þess að taka aftur brtt. okkar, þá er þetta mál komið í það horf, að kaupstaðarbúar verða að hafa augum opin og taka vel eftir því, sem hjer er að gerast. Bæjarfjelagið hjer verður að vera sjer þess meðvitandi, að þessum mönnum var slept með það fyrir augum, að þeir yrðu að bera sinn skerf af dýrtíðinni í sínu bæjarfjelagi.

Með þessu frv., sem hjer liggur fyrir, er landsstjórninni heimilað að veita bæjar- og sýslufjelögum lán með betri kjörum en áður hefir þekst, það er að segja, þau eiga að standa vaxta- og afborgunarlaus þar til 2 ár eru liðin frá ófriðarlokum, og eiga þá að greiðast á næstu 13 árum með 10 % árlegri afborgun. Jeg tel nú engu sýslu- eða bæjarfjelagi ofvaxið að færa sjer þetta í nyt, og það mun þingið ekki heldur hafa gert, er það samþykti þetta. Hjer er að tala um einstök kostakjör, sem mönnum eru veitt, til þess að ljetta undir með þeim. En hvað hamlar þá því, að menn noti einmitt þessi aðgengilegu lán til þess að kaupa kol fyrir á 200 kr. smálest og selja þau síðan litlu verði, eða jafnvel gefa þau, ef brýn nauðsyn er til? Og enn fremur, að þau neyti skattaálögurjettar síns til að jafna niður aukaskatti eða útsvari á menn eftir efnum og ástæðum, eins og lög líka mæla fyrir? Jeg tel sjálfsagt, að

byrjað sje á því að láta sveitar- og bæjarfjelög bera byrðarnar, þar sem hægt er, en síðan kemur til kasta landssjóðs eftir á. Hlutdeild hans í þessu atriði er líka talsverð að öðru leyti eftir frv., því að hann verður að hafa mikið fje bundið og á reiðum höndum og svara af því fullum vöxtum, sem hann má ekki krefja af lánþega. Auk þess heyri jeg, að það standi til að gefa eftir svo og svo mikið af þessum lánum seinna meir, eða fyrir þessu gera ýmsir þm. að m. k. fult og fast ráð. Af þessum ástæðum finst mjer harla ómaklegt að tala hátt um það, hversu nauðsynlegt sje að selja t. d. kaupstöðum kol fyrir 125 kr. tonnið, sem ella kostar nú 300 kr. Þeim, sem engan veg sjá til þess að geta hitað upp hjá sjer eða eldað ofan í sig matinn, á að selja þessi kol, eftir því sem menn láta á sjer heyra. Jeg hjó eftir því í ræðu hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), að hann sagði, að það væri alveg sama að gefa sýslu- og bæjarfjelögum kost á að kaupa kol með því verði, sem þau eru í, eða segjum fyrir 200 kr. tn., og að neita þeim um kolin. En aftur ætti þá hitt að vera leikur að kaupa þau á 125 kr. tn. Þetta sjá allir, að nær ekki nokkurri átt.

Ef átt er hjer við aumingja, sem ekki eiga málungi matar, þá er þeim alveg jafnómögulegt að kaupa kol fyrir nálega 20 kr. skpd. eins og þótt það kostaði alt að 35 kr. skpd. Þetta er því ekkert annað en kák og nær auðvitað að eins til kaupstaðabúa, eins og þegar hefir verið tekið fram, svo að ærnu misrjetti er af stað komið með þessu. Svo framarlega sem kæmi til þessa, að menn yrðu svo báglega staddir, að á kaldan klaka væru komnir, þá ræki að því, sem mín till. fór fram á, að landssjóður hlypi undir bagga með mönnum með hreinum og beinum gjöfum. En um það er nú ekki að tala hjer að fara svo beinan veg, heldur vilja menn nú, að landssjóður beri gjafir á nokkurn hluta landsmanna, með því að selja þeim kolin langt undir verði.

Jeg þykist nú hafa gert fulla grein fyrir atkv. mínu í þessu máli, hvers vegna jeg mun greiða atkv. með því, að 3. gr. verði feld burt úr frv. Jeg get ekki tekið undir með þeim mönnum, sem líta svo á, að kaupstaðar- eða bæjarbúar sjeu svo að segja staddir á eyðimörku og eigi engan að, sem fyrir þeim sjái. Jeg veit ekki betur en að þeir sjeu líkt staddir og aðrir hjeraðabúar í þeim efnum, og hafi yfir sjer bæjarstjórnir, eins og hinir sýslunefndir. Reykvíkingur þarf ekki fremur að deyja drotni sínum en aðrir, þótt hallæri sje. Og þó að menn t. d. beri ekki ýkja mikið traust til bæjarstjórnarinnar, þá hygg jeg þó, að hún muni nokkurn veginn annast sína borgara og sjá þeim farborða. Það verður að vera svo, að fyrst og fremst sjeu það sveitarfjelögin og bæjarfjelögin, sem sjái um hag þeirra, er þeim til heyra, því að það stendur þeim ómótmælanlega næst.

Forsætisráðherra (J. M).: Það hefir verið tekið fram af hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), að ekki er á rökum bygður sá ótti, er sumir háttv. þm. virðast bera fyrir því, að þessi kol, sem selja á undir verði, verði seld öðrum en þeim, sem helst þurfa þess með. Jeg get ekki sjeð, að ástæða sje til að ætla, að sveitarstjórnir muni haga þessu öðruvísi en rjettlátt er.

Eftir því, sem háttv. Ed. ætlaðist til, þá er meiningin, að þessi kol sjeu ekki seld með sama verði til allra, heldur fái þeir fátækustu smálestina fyrir lægra

verð en 125 kr., en aðrir aftur dýrara, en þó svo, að samlagt söluverð allra kolanna, er hver einstök sveitarstjórn selur, sje ekki meira en það verð, er hún fær þau fyrir, eða 125 kr. smálestin að meðaltali. Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) misskildi þetta dálítið, því að auðvitað má ekki selja kolin dýrara en svo, að meðalverð þeirra verði sama og kaupverðið, 125 kr. smálestin. Í þessu sambandi vil jeg geta þess, út af orðum háttv. þm. Barð. (H. K.), að þetta nær jafnt til kaupstaða og kauptúna úti um land sem Reykjavíkur. Háttv. þm. (H. K.) benti rjettilega á það, að það eru fleiri kaupstaðir á landinu en Reykjavík.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) talaði mikið um það, að það kæmi ekki að neinu gagni fyrir þá, sem ættu ekki til næsta máls, þótt þeir gætu fengið kolaskippund á 20 kr. Þetta er alveg rjett. En þessum mönnum, sem svo báglega eru staddir, verður sveitarfjelagið auðvitað að hjálpa á annan hátt. Hjálpin með kolin, sem hjer er um að ræða, verður aðallega handa þeim, sem eru svo lágt launaðir og hafa svo litlar tekjur, að þeir geti ekki keypt kolin með því verði, sem á þeim er á opnum markaði.

Háttv. þm. (G. Sv.) talaði enn fremur um það, að hægt mundi að fá kol hjer í Reykjavík fyrir 200 kr. tonnið. Þótt það yrði, sem ólíklegt er, þá geta allir sjeð, hversu ranglátt það yrði gagnvart öðrum landshlutum, ef kol yrðu seld hjer fyrir það verð, af þeim sjerstöku ástæðum, sem hann hefir eflaust fyrir augum, en svo aftur fyrir hæsta verð víðs vegar á landinu. Þess vegna var það gert að skilyrði í frv., að kolin væru seld fyrir sama verð á öllum stöðunum.

Mjer finst það annars ekki vera svo ósanngjarnt, þótt Reykjavík nyti góðs af því, að hún er miðstöð fyrir alla aðflutninga á vörum til landsins, og ef selja á alla vöru með sama verði úti um land sem hjer í bænum, þá greiddi Reykjavík talsvert mikinn hluta af flutningskostnaðinum á vörunum fyrir hjeruðin, enda álitamál, hvort sú greiðsla nemur ekki eins miklu eða meiru en niðurfærsla sú, er Reykjavík fær á kolunum.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) talaði enn fremur um það, að fyrst og fremst ættu sýslu- og bæjarfjelög að sjá sínum borgið, en landssjóður svo að hlaupa undir bagga seinna meir. Það mætti fara þessa leið, eða heimila, að sýslu- og bæjarfjelög mættu selja vörur undir verði, en landssjóður síðan borga hallann að einhverju leyti. Þetta er gert í Danmörku, og þar borgar ríkissjóðurinn $^3/_8$ hluta af kostnaðinum.

Það er auðvitað mál, að á svona tímum kemur dýrtíðin miklu harðar niður á kaupstaðarbúum og þeim, sem búa við sjóinn. Því tel jeg það ekki nema rjett og sanngjarnt, að þeir fái einhverja hjálp fram yfir aðra. Enda mun enginn hafa haldið því fram, að nauðsyn bæri til að selja eldivið undir verði upp til sveita, þar sem engin kol eru notuð.

Það er altaf verið að benda á þessi lán, sem á að veita. Ef bæjarfjelögin mega taka þessi lán til að hjálpa íbúum sínum, og eiga von á því, að þau verði síðar gefin upp að meira eða minna leyti, þá er þessi leið auðvitað góð fyrir bæjarfjelögin, en hvernig fer fyrir landssjóði, ef svo væri það? Það er eftir að sjá. En eigi lánið hins vegar að endurgreiðast með venjulegum ársvöxtum, þá get jeg ekki sjeð, að hjálpin sje svo fjarska mikil; það er ekki annað en að byrðinni er þá dreift á nokkuð mörg ár. Þetta getur að vísu verið hagkvæmt fyrir fátæk sveitarfjelög.

Jeg skal ekki segja, hvort það kynni

að geta komið fyrir, að einstök sveitarfjelög fengju lánin að einhverju leyti gefin eftir, en jeg á eftir að sjá það, að svo yrði með Reykjavík. Annars er það leiðinlegt, að Reykjayík hefir verið dregin þannig inn í umræðurnar, því að, eins og háttv. þm. Barð. (H. K.) tók fram, gilda þessi lög ekki hana eina, heldur alla þá staði á landinu, þar sem líkt stendur á.

Jeg vona, sem sagt, að frv. fái að vera óhreyft, eins og háttv. Ed. skildi við það, og verð að segja, eins og háttv. fjármálaráðherra (S. E.), að það er mjög ilt fyrir stjórnina, ef engin slík heimild er til að grípa til, ef með þarf. Það er auðvitað, að stjórnin grípur ekki til hennar nema þess sje þörf, og að sjálfsögðu myndi hún setja reglur, er fyrirbygðu alla hættu á því, að auðugir menn fengju hjálp á þennan hátt.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal ekki tefja umræður lengi, en má til að gera grein fyrir atkvæði mínu, sakir þess, að þeir, sem fylgja því, að frv. verði samþykt, eins og það kom frá Ed., sækja það mjög fast. En jeg get ekki fundið, að ástæða sje til þess, nema ef stuðla ætti að því að vekja almenna óánægju úti um land. Þessi kolasala, langt undir verði, er bersýnilega fyrir stærri kaupstaðina gerð, og veldur því afskaplegu misrjetti, og 3. gr. frv. verður eigi framkvæmd án þess að svo fari.

Nær virtist liggja að skifta einhverri ákveðinni fjárupphæð milli allra þurfandi landsmanna, eftir tillögum sveitarstjórna. Hins vegar get jeg alls ekki sjeð, að ástæðan til að veita nokkrum kaupstöðum þessa hjálp sje svo brýn, sem sagt er. Lánsheimildin er öllum opin, og með henni má eigi síður bjargast í kaupstöðum og kauptúnum en í sveitum. Lánin má veita í vörum, eigi síður en peningum, þar sem vörur eru til, og að sjálfsögðu nota þau hjeruð lánsheimildina frekar, sem meiri hafa þörfina. Lánsheimildin er einhlít og rjettlát, en þessi kolagjöf til einstakra kauptúna á ekki við.

Að öðru leyti hefir háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) tekið skýrt og ljóslega fram röksemdir verar, er fylgja viljum því, að 3. gr. sje burt feld, og um það þarf eigi frekar að fjölyrða.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það var að eins örstutt athugasemd, út af því, sem háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði. Hann gat þess, að hjálp þessi kæmi ekki að gagni smærri kauptúnum landsins. Þetta fæ jeg alls ekki skilið. Og hvers vegna ekki? Eftir frv. eiga smærri kauptúnin alveg sömu kröfu til hjálparinnar og stærri bæir. T. d. er ætlast til, að allmikið fari í Suður-Múlasýslu, beinlínis í kjördæmi hins háttv. þm. (Sv. Ó.). Býst jeg ekki við, að honum þyki það neitt óverulegt.

Annars vil jeg enn minna á það, sem jeg sagði í upphafi fyrri ræðu minnar, að fyrir verðhækkun kola er sköpuð sjerstök dýrtíð, sem er orðin svo ógurleg, að ómögulegt er að gera sjer hugmynd um það. Það er ómögulegt að ætlast til, að sveitarfjelögin geti dregið stórum úr henni, nema þá sje dregið úr kröftum þeirra, til að hjálpa á öðrum sviðum, er þarf. Ef atvinnuleysi ef til vill bætist við dýrleika á vörum, þá skulum vjer sjá, hvort það verður ekki nóg hlutverk sveitar- og bæjarstjórna að hjálpa í hinni almennu dýrtíð. Hafa menn athugað það, að hjer í Reykjavík og annarsstaðar hefir atvinna undanfarið verið með langmesta móti og hátt kaup verið goldið, sem vegið hefir á móti verðhækkuninni? Athugi menn þá, að nú virðist atvinnubrestur fyrir dyr-

um, sem getur gert það að verkum, að fjöldi manna fari á vonarvöl, og athugi síðan, hvílík byrði það verður fyrir sveitarsjóðina.

Jeg er sannfærður um, að það er ósanngjarnt að krefjast þess, að bæjar- og sveitarsjóðir bæti úr þessari sjerstöku koladýrtíð, án þess að landssjóður hlaupi undir bagga. Það er stórkostleg ósanngirni og þröngsýni. Verðmunurinn er ekkert smáræði. Hjer er um svo stórt að ræða, að það getur sett menn á sveitina. En ef kolaverðið yrði eins og gert er ráð fyrir hjer í 3. gr., gæti það ef til vill haldið mönnum frá að fara beint á sveitina. Er það heppilegt, að þeir menn, sem halda landssjóði í sínum höndum, láti stjórnast af svo mikilli þröngsýni á hag kaupstaðarbúa, að þeir vilji ekki taka þátt í þessari neyð, er sjerstaklega þetta grimmilega kolaverð leggur á kaupstaðarbúa?

Hvað sem háttv. þm. sveitakjördæmanna segja »fyrir hönd sinna kjördæma«, þá er jeg sannfærður um, að sveitabúar vilja gjarnan rjetta hjálparhönd í þessu efni. Það skal sannast, þótt seinna verði.

Sveinn Ólafsson: Örstutt athugasemd. Jeg hefi ekki neitað, og ekki einu sinni látið uppi vafa um það, að sveitarfjelögin alment þyrftu hjálpar með. Ekki hefi jeg heldur á nokkurn hátt viljað draga úr því, að kaupstöðum væri veitt sú hjálp, sem þeim er þörf á. En jeg hefi sagt, að jeg vildi ekki vekja óánægju meðal almennings með því að hjálpa þannig, að sumir tækju hlut á þurru landi, en aðrir væru afskiftir.

Af því að bent hefir verið á, að mitt kjördæmi væri vel sett í þessu efni og nyti hlunninda af þessu ákvæði um kolasöluna, þá verð jeg að segja, að misrjettið er alveg það sama, hver sem fyrir því verður, og jeg kannast ekki við, að verk mitt sje að mæla mínu kjördæmi einu þau forrjettindi, sem meiða aðra. Enginn getur heldur fullyrt, að þessi kol verði til í fjarlægum landshlutum, þegar nota þarf, þótt þeim verði útbýtt hjer í Reykjavík, og mætti þá svo fara, að mínu kjördæmi yrði með þessu sýnd veiði, en aldrei gefin; auk heldur gæti vonin um þessi gjafakol orðið til ills, ef hún brygðist, og enn eru kolin ókomin, þótt vetur sje að ganga í garð.

Einar Jónsson: Nú lofa allir að vera stuttorðir, og því ætla jeg og að lofa, og líka efna.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E) furðaði sig á því, að jeg hefði gefið í skyn, að kolunum yrði órjettlátlega úthlutað. Jeg sagði ekki, að það yrði, heldur að það gæti orðið. Hann kvaðst álíta 120 kr. ofhátt fyrir smálestina. Jeg verð þá að álíta, að fátækir menn geti ekki keypt kolin við þessu verði. Hvað er þá verið að gera hjer annað en styrkja efnamennina og beita fátæklinga grálegu misrjetti? Því er engin ástæða til að greiða frv., þannig breyttu, atkv. Ef það gæti orðið fátæklingum til hjálpar, gæti jeg verið með því, en þegar sjálfir meðhaldsmenn frv. segja, að fátæklingar sjeu samt útilokaðir frá að kaupa kolin, sje jeg ekki ástæðu til að greiða því atkv.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) fanst jeg ekki hafa skilning á kjörum fátæklinga. Jeg vil halda því fast fram, að jeg skilji þau eins vel og hann, og á þeim skilningi grundvallaðist það, sem jeg sagði af fúsum vilja og fullu viti. Aðalatriðið er fyrir mjer það, að þegar það er sannað, að fátæklingar geti ekki keypt kolin hvort sem er, sje ekki ástæða til að ívilna efnamönnum.

Fjármálaráðherra (S. E): Jeg vil að eins benda á, að í 3. gr. stendur: »Sýslu- og bæjarfjelög selja kol þessi aftur, án hagnaðar, þeim, er helst þurfa hjálpar með, og má vera mismunandi verð á þeim, eftir ástæðum kaupanda«. Býst jeg við, að ef þm. vilja athuga þetta, sjái þeir, að með þessum orðum er sjerstaklega verið að hugsa um hjálp til þeirra, sem verst eru efnum búnir. (**S. S.:** Það þykjast allir þurfa hjálp, embættismenn hvað þá aðrir!).

Bjarni Jónsson: Jeg ætla einungis að benda háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) á, að hann hefði getað komist út úr þessum ógöngum, með því að leyfa þeirri viðaukatill. að, er jeg bar hjer fram við 3. gr., en hann útilokaði með sínu atkv. Með henni hefði orðið meiri jöfnuður hjálparinnar milli sveita og kaupstaða. Má hann því sjálfum sjer um kenna, ef frv. gengur ekki fram í þeirri mynd, er hann óskaði, að það komi sem flestum til góðs, þeim er þurfandi eru í landinu, og þá einnig fátæklingum í sveitum.

Þetta er fyrsta áminningin um, að ekki er vert að drepa till. frá atkvgr. alveg út í loftið.

ATKVGR.

Brtt. 945. feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. Árna., E. J., G. Sv., J. J., M. G., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Ó. B.

nei: B. J, B. K., B. St., E. A, H. K., J. M., J. B., M. P., M. Ó, P. J, S. St., Þór. J., B. Sv.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv., og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 959).

47. Dósentsembætti í læknadeild Háskólans.

Á 28. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stofnun dósentsembættis í læknadeild Háskóla Íslands (A. 343).

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 10. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. ofseint fram komið, en er flutt af nefnd, og afbrigði því talin leyfð án atkvgr.

Framsm. (Magnús Pjetursson): Mentamálanefnd hefir borið frv. þetta fram hjer í háttv. deild eftir tilmælum stjórnarinnar. Það þarf ekki að gera sjerstaklega grein fyrir framkomu þess hjer, því að það er nægilega skýrt í greinargerð frv. En jeg vil að eins leggja áherslu á, að þar sem þingið hefir viðurkent með fjárveitingu í síðustu fjárlögum, að þörf sje á kenslu í þessum greinum, og þar eð allir eru sammála um, að maðurinn, sem völ er á, sje ágætlega fær til þessa starfa, er það augljóst, að ríkið sje að tryggja sjer hann, svo að hann eigi ekki undir högg að sækja með fjárveitingu í hverjum fjárlögum.

Forsætisráðherra (J. M.): Þetta frv. er komið fram samkvæmt tilmæl-

um Háskólans til stjórnarráðsins. Taldi stjórnin sjálfsagt að verða við þessum tilmælum, enda þótt engin hætta sje á, að staðan verði lögð niður. Svo mikil nauðsyn er á, að góð kensla sje í þessum greinum, sem snerta svo mikið heilbrigði landsmanna. Hjer er því í raun og veru að eins um form að ræða.

Jeg tel því víst, að allir sjeu sammála hv. þm. Stranda. (M. P.) um, að málið eigi að ná fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e.hlj.

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 343).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e.hlj.

2. og 3. gr. samþ. í e.hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með öllum gr. atkv.

Á 34. fundi í Nd, miðvikudaginn 15. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 343).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e.hlj. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., fimtudaginn 16. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stofnun dósentsembættis í læknadeild Háskóla Íslands,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 483).

Á 34. fundi í Ed., laugardaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Halldór Steinsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að frv. verði vísað til mentamálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv., og til mentamálanefndar (sjá A, bls. 1606) með 9 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed, mánudaginn 3. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 483, n. 731).

Frsm. (Eggert Pálsson): Það er að eins af þeirri venju, að það er álitið viðkunnanlegra að mæla fáein orð með frv., að jeg stend upp. En annars liggur það í hlutarins eðli, að jeg hefi enga sjerþekkingu til að dæma um nauðsynina á kennaraembætti því, sem hjer er farið fram á að stofna, en það er hv. deild áður kunnugt, að rök hafa verið færð fyrir nauðsyn á kenslu í þessum fræðum, líffærameinfræði og sóttkveikjufræði, og í öðru lagi álít jeg, að það muni eigi geta talist óþarft að auka kenslukraftana við læknadeild Háskólans yfir höfuð.

Eins og jeg sagði áður hafa verið færð rök fyrir nauðsyn þessa kennaraembættis, og hefir þingið sjálft viðurkent þessa þörf, með því að það hefir áður, í núgildandi fjárlögum, veitt sjer-

staklega fje til að halda uppi kenslu í þessum greinum, og í fjárlagafrv., sem nú er fyrir þinginu, hefir háttv. Nd. samþ. sömu upphæð. Hjer er þess vegna ekki farið fram á neina fjáraukningu við það, sem áður hefir verið viðurkent að þyrfti í þessum efnum. Þetta frv. miðar til þess eins að setja nokkurskonar »stimpil« á þennan kennara, viðurkenna hann sem reglulegan kennara við Háskóla Íslands. Annað er það ekki, sem í því felst.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. og 3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 483).

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er komið frá háttv. Nd. og hefir einnig verið athugað í þessari deild af mentamálanefndinni. Af áliti nefndarinnar sjest, að hún óskar þess, að frv. þetta nái óbreytt fram að ganga, og tekur hún fram nokkrar ástæður fyrir því.

Jeg ætla að eins að láta í ljós, að eins og jeg er meðmæltur þessari viðbót við Háskóla vorn, eins er jeg meðmæltur því, að önnur viðbót, sem er á leiðinni, nái fram að ganga. Jeg álít þar skyldleik á milli, og gef því þessu frv. atkv. mitt, í þeirri von, að hið annað frv., er jeg gat um, nái einnig fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 806).

---

48. Burðargjaldshækkun.

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bráðabirgðahækkun á burðargjaldi (A. 458).

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. ofseint fram komið. Leyft í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þetta frv. er frá fjárhagsnefnd, og er, eins og næstu frv. á dagskránni, ætlað til þess að bæta úr tekjuhalla þeim, sem væntanlega verður á næsta ári. Það gengur út á að tvöfalda burðargjald, frá því er lögin komast í gildi og til ársloka 1919. Þessi tekjuauki mun nema um 80—100 þús. kr. á ári, og verður varla hætt við, að þetta gjald komi mjög tilfinnanlega niður, heldur mun það ganga nokkurn veginn jafnt yfir alla. Kostnaður allur við póstflutning hefir aukist stórum síðustu ár, og er því ekki nema sanngjarnt að taka nokkru hærra gjald af sendendum.

Annars sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða.

Jörundur Brynjólfsson: Háttv. frsm. (M. G.) hefir fært þá ástæðu fyrir

frv. þessu, að landssjóður þurfi tekjuauka, og því neitar enginn. En jeg tel vandræði að grípa til þessa úrræðis til að fá tekjuauka. Þetta frv. gerir þeim, er gefa út bækur og blöð, mun erfiðara fyrir en áður. Nú hefir mönnum um langt skeið fundist nógu hátt gjald borgað fyrir sendingu blaða og bóka, og síðan dýrtíðin hófst hefir nærri tekið fyrir útgáfu allra bóka. Að eins hafa þau tímarit haldið áfram, er koma eiga út á ákveðnum tímum. Það verða útgefendur að sjá um, því að ella leggjast þau niður fyrir fult og alt. Og ef þau hætta að koma út, þótt ekki sje nema um stund, má búast við, að þau tapi öllum sínum kaupendum, og útgefendur stórskaðist. Þetta gjald, sem nú er á sendingum, er svo hátt, sjerstaklega að vetrarlagi, að útgefendum mundi ókleift að greiða hærra gjald. Pappír er í 4-falt hærra verði en fyrir stríðið. Prentun hefir hækkað; kaup prentara um 100%, og annar prentunarkostnaður eftir því. Menn geta því sagt sjer sjálfir, hvernig muni hagur þeirra, er gefa út blöð og tímarit. Nú er það alveg víst, að bækur og blöð hafa ekki hækkað að sama skapi og dýrtíðin hefir aukist. Held jeg, að þetta frv. sje afaróheppilegt, því að þótt gert sje ráð fyrir, að það útvegi landssjóði dálitlar tekjur, orkar mjög tvímælis, hve notadrjúgt það verður. Ýmsir myndu hætta að gefa út bækur og tímarit, og er þá tekið fyrir tekjuaukann af því og tekjurnar, sem landssjóður hefir haft af þeim áður, en aðalástæðan er þó að afla landssjóði tekna.

Auk þess sýnist svona frv. mjög ómaklegt. Mjer finst, að löggjafinn megi ekki gera neitt í þá átt að draga úr fræðslu eða bókaútgáfu í landinu. Þjóðin er ekki ofvel mentuð, þótt löggjafarvaldið geri ekki tilraun til að draga úr fræðslu og bókaútgáfu.

Jeg vildi skjóta því til háttv. fjárhagsnefndar, hvort hún teldi ekki hægt að undanskilja þessari gjaldhækkun bækur og tímarit, en láta hækkunina að eins ná til böglasendinga og brjefa.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Mjer skildist, að háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hefði ekki annað við frv. að athuga en að tímarit og blöð myndu hætta að koma út. Sje jeg ekki, að það þurfi að verða til þess; útgefendum þeirra er opin leið til þess að hækka verðið. (**J. B.:** Þá hætta menn að kaupa). Verðið hefir þegar hækkað, og kaupendur hafa ekki hætt fyrir því. Annars er ósköp hægt að stinga upp á því að drepa öll tekjuaukafrv. og segja, að þetta muni engar tekjur veita. En það er ekki nóg að bera fram frv., er hefir í för með sjer 8 milj. kr. gjaldaauka fyrir landssjóð, og frv. um að lækka helsta tekjustofn hans um helming, og koma með ekkert í staðinn. Alt þetta hefir háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) gert, og hvernig heldur hann, að fjárhagur landsins yrði, ef slíkar útgjaldatillögur yrðu samþyktar og ekki jafnframt sjeð fyrir tekjuauka?

Jeg get ekki sjeð, að þessi hækkun verði mjög tilfinnanleg neinum. Jeg skal geta þess, að vjer nefndarmenn bárum oss saman við póstmeistara, og sagði hann, að við þetta væri ekkert að athuga frá sínu sjónarmiði. (**J. B:** Það sannar ekkert). Póstmeistari þekkir best, hver áhrif þessi hækkun mundi hafa. Jeg sje ekki heldur, að rjett sje að láta landssjóð borga fyrir að koma út blöðum og tímaritum, eins og hann hefir gert og gerir nú, er póstsjóður tapar á slíkum flutningi. Vona jeg þess vegna, að deildin lofi málinu að ganga áfram.

Jörundur Brynjólfsson: Þegar jeg talaði áðan, var jeg ekki að finna

að því, að fjárhagsnefnd bar fram frv. um tekjuauka; því fer fjarri. Mjer var fyllilega ljóst, að eftir því sem útgjöld vaxa, þarf að fá meiri tekjur. En tekjurnar verður að taka af þeim, sem geta borgað.

Háttv. frsm. (M. G.) sagði, að ekki dygði að koma með frv. um 8 miljóna útgjöld, en afla landssjóði ekki neinna tekna í staðinn. Þetta getur nú verið gott og blessað. En mjer er spurn, hvort á að meta meira líf og heilsu, velferð og uppeldi 10—20 þús. manna, eða 8 miljónir króna? Það dugir ekki á svona tímum að horfa eingöngu í aurana, heldur verður að athuga vel, á hvern hátt hægt er að fyrirbyggja neyð, ef vandræðin og erfiðleikarnir aukast; með þetta fyrir augum var frv. mitt gert, og var því alveg óþarft að fara að draga það inn í umræðurnar um þetta mál.

Það getur vel verið, að hækka megi verð blaða og bóka, en það er sama sem að hætta að gefa út; menn segja upp. Að vísu hafa sum tímarit og blöð hækkað ofurlítið. Lögrjetta mun hafa hækkað úr 5 kr. upp í 7 kr. 50 au., og veit jeg ekki, hver áhrif það hefir haft á kaupendafjölda þessa blaðs. Önnur blöð hafa hækkað lítið, sum svo sem 16% og sum ekki neitt, en hvað er það upp í meira en 100—200% kostnaðarauka? Það sannar ekkert, þótt póstmeistari hafi ekkert við þetta að athuga; jeg veit ekki til, að hann sje bókaútgefandi, og kemur því frv. þetta ekki við hans buddu. Annars tók jeg svo hóglega í þetta mál, að það var óþarft af háttv. frsm. (M. G.) að blanda inn í umr. þessar fjarskyldu máli, sem miklu getur varðað hversu með er farið. Jeg sagði að eins, að þetta væri hæpin leið, tekjuaukinn lítill, og frv. gæti ef til vill orðið til þess að rýra upplýsingu í landinu. En það veit jeg að hefir ekki verið tilgangur flutningsmanna.

Fjármálaráðherra (B. K.): Síst ætti jeg að vera á móti því, að allra ráða væri leitað til að auka tekjur landssjóðs. Það er auðsjeð, að tekjuþurð verður á þessu ári. Þótt því full þörf sje að auka tekjurnar, er jeg samt mjög í efa um, að þetta frv. bjargi því. Jeg er hræddur um, að þótt gjaldið væri tvöfaldað, myndu tekjurnar af þessum lið ekki aukast um helming. Það er t. d. reynsla um símann, að því lægra sem gjaldið er, þeim mun meir er síminn notaður. Og jeg álít ekki holt að takmarka brjefaviðskifti og blaða í landinu. Jeg held rjettara að fara varlega í það. En jeg geri ráð fyrir, að ef þetta frv. væri að eins látið ná til brjefa, þá myndu þær tekjur nást. Jeg held, að menn myndu skrifa brjef, þótt þeir yrðu að gjalda undir það 20 au., í stað 10 au. En jeg er hræddari við, að blaða- og bókakaup myndu minka mikið. Það er satt, að verð á sumum blöðum hefir verið hækkað nokkuð og þau verið keypt áfram fyrir því, en svo má hækka mikið, að menn færu að sjá í aurana og hættu. Jeg held því, að háttv. fjárhagsnefnd hafi gert sjer meiri vonir um tekjur af frv. þessu en ástæða er til í raun og veru. Jeg held, að ef það væri að eins látið ná til brjefa, myndu þær tekjur koma.

Annars hefi jeg lítið kynt mjer þetta mál enn sem komið er, en vil ráða háttv. deild til að fara varlega í því að gera viðskiftum í landinu óþægindi með því að hækka burðargjaldið.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það má vel vera, að tekjurnar reynist ekki eins miklar og nefndin hefir gert ráð fyrir. Það veit enginn, og er því

ekki ástæða til að þrátta um það. Hitt sjá allir, að menn munu senda blöð og tímarit eins eftir sem áður, þótt burðargjald væri hækkað um helming. (**Fjármálaráðherra (B. K.)**: Þá verða þeir að hækka verðið.) Já, útgefendur geta hækkað verðið, ef með þarf. Menn virðast ekkert tillit taka til kostnaðar landssjóðs. Jeg veit dæmi til, að menn hafa leikið sjer að því að senda hjeðan t. d. ritvjelar austur í Hornafjörð um hávetur. Þetta kostar landssjóð mikið, en sendandann sama og ekkert, því að hann lætur borga undir í 5 kr. frímerkjum, sem seljast fyrir kr. 4,50 hvert. Hví má ekki tvöfalda þetta gjald? Mjer er spurn.

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) sagði um það frv. sitt, er jeg mintist á áðan, að það væri komið fram til að bjarga lífi 20 þús. manna. (**J. B.**: Það sagði jeg ekki). Jú, þm. (J. B.) sagði þetta. Jeg ritaði það hjá mjer. En þetta er ekki rjett. Þar stendur ekki eitt orð um það, heldur að þeir, sem hafa í árstekjur 2200 kr., skuli fá vörur með niðursettu verði. Til þessa á að verja 8 milj. kr. Hjer er alls ekki að ræða um líf og heilsu þessara manna. Það er slagorð eitt og ekkert annað.

Sveinn Ólafsson: Mjer finst dálítið varhugavert að leggja þennan skatt á, því að jeg held, að tekjurnar reynist minni en við er búist af flutningsmönnum, og eins og hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) tók fram er reynsla fengin fyrir því, að afnot pósts og síma eru því meiri, sem gjaldið fyrir afnotin er lægra.

En það eru fleiri hliðar þessa máls varhugaverðar. Frv. nær að eins til póstsendinga innanlands, en það virðist ótilhlýðilegt, að póstgjöld til Danmerkur og Færeyja sjeu lægri en innanlands. Eins er um póstsendingu frá Danmörku og Færeyjum. Eigi að senda þær yfir land, t. d. úr Reykjavík, með landpósti, verður vangoldið undir þær, og verður þá viðtakandi að kaupa þær út tvöföldu verði, þótt fullgoldið hafi verið á afgreiðslustað. Þetta gæti valdið miklum óþægindum. Líka er þess að gæta, að ef þessi lög ganga nú í gildi, meðan samgöngur á sjó eru svo takmarkaðar, þá verður kvöðin afarþungbær fyrir þá, sem verða að borga undir mikinn póstflutning með landpóstum.

Ef jeg ætti að hallast að einhverju í þessu frv., þá er það sú leið, sem hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) benti á, að taka að eins brjef.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 22. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 458, 568).

Jörundur Brynjólfsson: Jeg og háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) höfum leyft okkur að koma fram með brtt. við 1. gr. frv. Í henni er prentað mál undanskilið hækkuninni. Helst hefði jeg kosið, að frv. væri ekki samþ. í nokkurri mynd. Fyrst og fremst gefur það ekki mikinn tekjuauka, og í öðru lagi tel jeg ekki rjett að leggja skatt á andleg viðskifti manna. Nú er örðugt um alla blaða- og bókaútgáfu, og gæti þessi aukni skattur komið allhart niður þar. Brtt. okkar má því frá minni hlið skoðast sem varatillaga, því að helst hefði jeg kosið, að frv. væri ekki samþ. í nokkurri mynd.

Sveinn Ólafsson: Við 1. umr. þessa máls hreyfði jeg mótmælum gegn því, Jeg hefði helst kosið, að frv. hefði

verið felt hreinlega og ekki þurft neinar varatillögur. Jeg get ekki sjeð, að landssjóði verði verulegur tekjuauki að þessari hækkun. Brjefa- og póstsendingaviðskifti manna mundu minka að stórum mun, og á þessum tímum eru póstgöngur þar að auki mjög takmarkaðar. Auk þess tel jeg, eins og háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), óviðfeldið að tolla andleg viðskifti manna. Póstgöngurnar eru nær eina leiðin fyrir andlegt samneyti manna utan heimilisins. Enda er það stefna allra menningarþjóða að gera þær eins auðveldar og ódýrar almenningi og hægt er. Þar að auki kæmi hækkun þessi á burðargjaldi innanlands afkáralega fram í reyndinni. Það væri ætíð vangoldið fyrir sendingar frá útlöndum, ef þær þyrftu að fara yfir land, en afleiðingin yrði, að viðtakandi hver yrði að tvígjalda þetta tvöfalda burðargjald. Hækkunin mundi draga úr andlegum viðskiftum manna, færa pósttekjur niður og verða þunglamaleg í framkvæmdinni, eins og jeg hefi sagt. Jeg er því frv. í heild sinni algerlega mótfallinn og tel það með öllu óalandi.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það lítur út fyrir, að þetta frv. eigi litlum vinsældum að fagna. Því er fundið alt til foráttu.

Það er talinn lítill tekjuauki að því, þótt það verði samþ. Nú kalla menn, sem annars gera ekki lítið úr peningunum, það lítinn tekjuauka, að landssjóði bætist 100 þús. krónur. Það er þó mín skoðun, að nú sje ástæða til að safna í sarpinn, og ekki sje ástæða til að slá hendinni við 100 þús. kr., þótt það sje kann ske ekki mikið. (**Sv. Ó.:** Hver segir, að tekjuaukinn verði 100 þús.?) Jeg geng að því vísu, að póstflutningar myndu verða líkir eftir sem áður. Jeg fæ ekki skilið, á hverju það er bygt, að þeir muni minka. Þetta er sama ástæðan sem altaf er á ferðinni, þegar um hækkun skatta og tolla er að ræða. En reynslan hefir aldrei orðið sú, að menn hættu að kaupa eða nota þá hluti, sem tollur hefir verið hækkaður á. Það myndi enginn hætta að skrifa kunningja sínum eða vandamanni, þótt hann verði að greiða 20 aura í burðargjald, í stað 10 aura.

Önnur mótbáran gegn hækkuninni er sú, að óviðfeldið sje að leggja skatt á andleg viðskifti. Jeg kalla það ekki skatt, þótt tekið sje við fullu gjaldi fyrir póstflutning. Þótt þetta kynni að vera óþægilegt fyrir bóka- og blaðaútgefendur, tel jeg mjög vafasamt, hvort landssjóði beri að flytja bækur og blöð fyrir þá fyrir svo lágt gjald, að hann tapi á.

Það er harla einkennilegt, að í hvert einasta skifti, sem eitthvert frv. er borið fram um tekjuauka, þá rísa menn gegn því með ákafa, en benda ekki á neinar leiðir í staðinn, sem færar sjeu. Þetta er ekki til að hvetja menn til að leita að nýjum tekjustofnum, síst þegar jafnvel hæstv. forsætisráðherra kallar slíka viðleitni fálm út í loftið. Nú er þó útlit fyrir 1 milj. kr. tekjuhalla á næsta fjárhagstímabili, og einhver ráð verður að hafa til að jafna hann.

Þess vil jeg geta að lokum, að fjárhagsnefnd fellst ekki á að taka undan prentað mál, þótt hún geri það ekki að kappsmáli.

Sigurður Sigurðsson: Jeg fyrir mitt leyti vil styðja þetta frv., ef brtt. á þgskj. 568 verður samþykt.

Jeg skal ekki gera lítið úr tekjuaukanum, sem mundi leiða af hækkuninni, þótt ekki yrði hann fullar 100 þúsundir. Hins vegar finst mjer oflangt gengið

að því er snertir prentað mál. Sú hækkun myndi koma niður á blöðum og tímaritum. Bækurnar myndu sleppa betur; þær eru oftast sendar í stórum pökkum, sem þungaflutningur. Að minsta kosti eru þær sendar á þann hátt út um land. Þótt kann ske megi segja, að nóg sje af blöðum, og ekki stór skaði skeður, þótt þeim fækki nokkuð, þá er á það að líta, að burðargjaldshækkunin gengur jafnt yfir rjettláta og rangláta. Innan um eru blöð og tímarit, sem menn vilja ekki missa af. En það má telja víst, að mörg verði þá að hætta. Blöðin voru engin gróðafyrirtæki fyrir stríðið; það var ekki betur en að þau stæðust kostnaðinn. Síðan hefir pappír og prentun hækkað mjög í verði. Bætist þess vegna hækkun á burðargjaldi við, er mjög hætt við, að það ríði mörgum blöðunum að fullu.

Það má og nefna í þessu sambandi, að töluvert af prentuðu máli er sent með póstunum, sem viðkemur landsstjórninni. Hækkun á burðargjaldi á því eykur ekkert tekjur landssjóðs. Það er að eins að taka úr einum vasanum og láta í hinn. En að því leyti, sem um einstaka menn er að ræða, mun hækkun á burðargjaldi fyrir prentað mál annaðhvort valda óánægju eða því, að menn hætti að gefa út og senda.

Ef brtt. okkar 1. þm. Reykv. (J. B.) verður samþykt, mun jeg greiða atkv. með frv. Jeg tel það til bóta, þótt tekjuaukinn verði ekki eins mikill og gert hefir verið ráð fyrir. Kornið fyllir mælinn, og skal jeg síst verða til að slá hendinni á móti tekjum handa landssjóði, þótt smáar sjeu.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg get ekki verið háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) samdóma um, að blaða- og bókaútgáfu í landinu muni stafa hætta af hækkun á burðargjaldi. Ritstjórum er í lófa lagið að hækka verðið á blöðunum, og ef menn vilja á annað borð nokkuð til vinna, þá munu þeir kaupa blöðin eftir sem áður. En hætti menn blaðakaupum vegna þessarar verðhækkunar, eiga þau blöð, sem það kemur niður á, engan rjett á sjer.

Ef það er rjett, sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) heldur fram, þá kostar landssjóður að nokkru leyti blaðaútgáfu í landinu. Það mætti telja skaðlaust, þótt nokkur af blöðunum hættu að koma út, og að minsta kosti býst jeg ekki við, að margir vilji það til vinna, að sum af þeim haldi áfram, að landssjóður borgi með þeim, í hvaða mynd sem það nú er.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg get ekki fallist á skoðun hv. frsm. fjárhagsnefndar (M. G. í þessu máli. Hann virðist byggja á því, að póstflutningur verði jafnmikill eftir sem áður. Jeg er aftur á móti sannfærður um, að póstflutningur muni minka talsvert mikið. Hvorugur okkar getur sannað nokkuð um þetta nú. Reynslan verður að skera úr því.

Hv. frsm. (M. G.) gat um það, að menn risu öndverðir upp gegn frv., sem komið væri með til að auka tekjur landssjóðs, þótt allir kvörtuðu yfir skorti á tekjum. Þetta er ekki rjett. Mörg slík frv. fá samþykki þingsins. En auðvitað er fundið að þeim atriðum, sem eru ósanngjörn og órjettlát. Jeg vil benda háttv. flutningsmönnum á, að það er vandalaust að taka einhvern gamlan skatt og tvöfalda hann. Það væri t. d. líka hægt að gera við vörutollinn o. fl. tolla. En ekki áliti jeg heppilegt, að farið væri inn á þá braut.

Háttv. frsm. (M. G.) sagðist ekki sjá ástæðu til, að landssjóður greiddi flutningsgjald fyrir blöð og bækur að einhverju leyti. Jeg er á alt öðru máli

um þetta. Svo framarlega sem stjórnendum landsins er ant um mentun og menning, á það að gera alt, sem hægt er, til að greiða fyrir útbreiðslu blaða og bóka um landið. Svo gera aðrar þjóðir. (**M. G.:** Hverjar?) T. d. Þjóðverjar. Þessi hækkun er mjög varhugaverð, þar sem hún gæti riðið baggamuninn um bóka- og blaðaútgáfu.

Jeg skal ekki leggja út í neina deilu um þetta mál. En um það er jeg á alt öðru máli en háttv. frsm. (M. G.), hvort nauðsynlegt sje, að bækur og blöð fái góða útbreiðslu um landið. Það er ekki sama, hvað gefið er út. En því meira sem gefið er út, því meira verður það af góðum bókum, sem þjóðinni berst.

Gísli Sveinsson: Eins og frsm. (M. G.) hefir tekið fram leggur fjárhagsnefndin ekki kapp á það sjálfs sín vegna, að háttv. þm. samþykki þetta frv., heldur gerir hún það vegna landssjóðs. Landssjóðinn mun vanta tekjur, eins og allir vita, og allir mæna vonaraugum til fjárhagsnefndar, og þá ekki síst stjórnin sjálf. Því undarlegra er það, þegar þeir hinir sömu rísa gegn tillögum nefndarinnar. Það er ekki eins auðvelt að finna nýja tekjustofna og hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) heldur. Það er að vísu auðvelt að taka einhvern toll eða skatt og tvöfalda hann, eins og háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hefði líklegast gert í sporum nefndarinnar. En það er ekki það, sem nefndin hefir gert. Þessi skattur (burðargjaldið), ef skatt skal kalla, er einmitt tekinn af því, að öll sanngirni mælir með því, að hann sje aukinn að nokkrum mun, þótt ekki sje nema til bráðabirgða. Allur flutningskostnaður hefir aukist svo stórkostlega, að það er ótækt, að landssjóður beri ekki meira úr býtum en verið hefir. Allir aðrir, fjelög og einstaklingar, hafa hækkað flutningsgjald langt fram yfir helming, og því skyldi þá landssjóður halda burðargjaldi í sömu skorðum. Það sjá allir, að ekki hefir flutningskostnaður hans hækkað minna en annara, líka að meðtalinni dýrtíðaruppbót til pósta.

Þessi hækkun er bráðabirgðaráðstöfun, eins og önnur frv. fjárhagsnefndarinnar. Það er ekki um það að ræða að tvöfalda burðargjald fyrir fult og alt.

Þótt eitthvað væri til í því, sem fyrir fim. brtt. (J. B. og S. S.) vakir, þá væri ekki stór skaði skeður, þótt eithvað af blöðum hætti að koma út. Aðalskaðinn við það væri, að tekjur landssjóðs lækkuðu lítið eitt. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að feiknin öll af því, sem prentað er í bókum og blöðum, er alveg óþarft og á ekkert skylt við mentun og menning. Nú er ástæða til að leggja áherslu á eitthvað annað en að út sje gefið svo og svo mikið af óþörfu bóka- og blaðadrasli.

Bjarni Jónsson: Jeg lýsi að eins yfir því, að jeg hefi ásett mjer að koma fram með brtt. við frv. þetta til 3. umr. Jeg ætlaði að flytja hana nú, en mjer vanst ekki tími til, sökum annara anna, að semja hana.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 568, er ofseint var fram komin, leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 568. feld með 13 : 7 atkv.

1. gr. samþ. með 13 : 4 atkv.

2. gr. — — öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3 umr. með 13 : 4 atkv.

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A, 458, 639).

Bjarni Jónsson: Jeg vil að eins geta þess, að jeg hefi sjeð fram á, að það yrði ekki bærilegt blaðaútgefendum, er gefa út blöð og tímarit, að gjalda þessa hækkun undirbúningslaust, því að þeim er ómáttugt að setja upp verðið þegar. Vona jeg, að menn fallist á brtt.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil einungis leyfa mjer að lýsa yfir því, fyrir hönd fjárhagsnefndar, að hún fellst á brtt. Jeg vil geta þess, að við blöð skil jeg að eins vikublöð og dagblöð. (**B. J.:** Líka jeg).

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 639, er ofseint var fram komin, leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 639. samþ. með öllum gr. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., S. S., S. St., St. St, Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., Ó. B.

nei: P. O., Sv. Ó., Þorl. J., B. St.

Tveir þm. (B. K. og E. J.) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 28. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bráðabirgðahækkun á burðargjaldi,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 656).

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 30. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Eggert Pálsson: Jeg leyfi mjer að gera það að tillögu minni, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv., og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1602) með 11 shlj atkv.

Á 52. fundi í Ed., mánudaginn 10. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 656, n. 816).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Þetta frv. er frá fjárhagsnefnd Nd., og hefir hún borið það fram í þeim lofsverða tilgangi að auka tekjur landssjóðsins, og það sýnist ekki vera vanþörf á því, því að nú, eftir 2. umræðu fjárlaganna hjer í háttv. deild, nemur tekjuhallinn 823 þús. kr. Jeg vænti því, að þessu frv. verði vel tekið.

En frv. þetta er breytt að nokkru frá því, er fjárhagsnefnd háttv. Nd. vildi vera láta; sú breyting var á frv. gerð í háttv. Nd., að blöð og tímarit skyldu vera undanþegin burðargjaldshækkuninni, en nefndin sá ekki ástæðu til þess, og hefir lagt til, að hækkunin á þeim nemi að eins $^1/_4$ hluta, eða 25%. Jeg býst ekki við, að neinum háttv. þm. þyki þessi hækkun ofmikil, enda þótt bæði þeir og jeg viðurkenni það, að blöð og tímarit sjeu nauðsynleg, enda er hækkunin ekki svo mikil á hverju þeirra fyrir sig. Svo verður líka að gæta þess, að burðargjald póstbögla er hækkað um 100%, og að margir munir eru þar fluttir, sem eigi eru síður þarfir en blöðin, bæði bækur o. fl. Þessi hækkun á burðargjaldinu kæmi vitanlega niður á kaupendum blaðanna, en hún er svo lítil, að hún yrði engum tilfinnanleg. Útgefendur blaðanna hafa

hækkað þau í verði vegna dýrtíðarinnar, og það án þess að spyrja kaupendur að, og eins mundu þeir hjer gera.

Jeg vil svo mæla með því, að háttv. deild samþykki frumvarpið.

Fjármálaráðherra (S. E.): Mjer liggur í ljettu rúmi, hvort frv. þetta nær fram að ganga eða ekki, en, eins og sakir standa, mun jeg greiða því atkvæði, en jeg vil, fyrir mitt leyti, mæla á móti því, að brtt. háttv. nefndar verði samþ.

Það má öllum vera ljóst, að blöðin eiga nú erfitt uppdráttar, og því er ekki rjett að íþyngja þeim með þyngri gjöldum, og ekki rjett að samþ. brtt. nefndarinnar, heldur frv. óbreytt, eins og það kom frá háttv. Nd. Við vitum það, að blöðin borga sig illa og að flest þeirra eru fremur rekin með tekjuhalla en gróða, og auk þess hefir alt, er að útgáfu þeirra lýtur, hækkað í verði. Pappír er í margföldu verði við það, sem áður var, og prentunarkostnaður miklu meiri, svo að þótt blöðin hafi hækkað verð sitt, þá eiga þau altaf erfiðara og erfiðara.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Mjer kom það ekki á óvart, þótt einhversstaðar kæmi hljóð úr horni á móti þessari brtt. nefndarinnar. Jeg þóttist vita, að nógu margir myndu verða til þess að mæla móti því, þegar farið er fram á tekjuauka, og það ekki síst af flokki þeirra manna, sem fúsastir eru að greiða atkv. með ýmsum útgjaldahækkunum. Annars virðist svo, sem gjaldahækkanir og skuldir sjeu óskabörn háttv. deildar, en auknar tekjur megi hún ekki heyra nefndar.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) sagði, að ekki væri vert að íþyngja blöðum með þessu, þar sem þau væru ávalt gefin út með tekjuhalla og útgefendum til skaða. Jeg verð að játa það, að jeg hefi ekki fyr fengið vitneskju um það, að blaðaútgefendur væru slíkir guðsmenn, að þeir hjeldu úti blöðum sínum með stórum tekjuhalla árlega. En ef svo er, vil jeg ekki verða til þess að bæta þessu á bak þeirra.

En jeg þóttist nú samt hafa fært rök fyrir þeim orðum mínum áðan, að hækkun þessi leggist á kaupendur, en ekki útgefendur; að minsta kosti hefir svo farið enn þá sem komið er, að kaupendur hafa fljótt orðið þess varir, ef kostnaður hefir aukist við útgáfu blaðanna.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil leyfa mjer að fullyrða það, sem jeg hefi áður sagt, að mörg blöð sjeu gefin út með tekjuhalla. Eins og kunnugt er leggja margir fje fram til þess að berjast fyrir skoðunum sínum og áhugamálum, og gera það einmitt með blaðaútgáfu, en alls ekki er víst, að útgáfa sú beri sig. Að minsta kosti mun engum slíkum manni til hugar koma að halda úti blaði til tekjuauka fyrir sig.

Jeg skal að vísu ekki neita því, að sum af elstu blöðunum beri sig, en flestum mun þó haldið úti að meira eða minna leyti á kostnað útgefenda.

Og þar sem þetta er eitt af menningarmeðulum þjóðarinnar, tel jeg það varhugavert að íþyngja því með þessu.

ATKVGR.

Brtt. 816. feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. H., H. Sn., K. E., E. P., G. Ó., H. St.

nei: Jóh. Jóh., K. D., M. K., M. T., S. E., S. J., G. G., G. B.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. — — — 10 — —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 656).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:3 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 914).

---

49. Tekjuskattur.

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 23, 14. desember 1877, um tekjuskatt (A. 473).

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Um þetta mál verður að leita afbrigða, þar sem því var ekki útbýtt fyr en 15. ágúst.

Afbrigðin samþ. í e. hlj.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Jeg skal geta þess, að næsta mál á undan var tekið út af dagskrá af því, að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) óskaði að vera viðstaddur, er það væri rætt í fyrsta sinni, en er nú fjarverandi; varð að fara burt.

Eins og tekið er fram í nál. er rjettlátasti og sjálfsagðasti tekjuaukinn á þessum tímum hækkun á tekjuskatti, eða, með öðrum orðum, að ná tekjum í landssjóð á þann hátt og þar sem einhver von er um, að hægt sje að borga. Mönnum mun koma saman um, að rjett sje að ná tekjum handa landssjóði hjá þeim, er hafa miklar tekjur, er þeir geti með góðu móti goldið af. Þetta frv. fer nú fram á breytingu á og viðauka við tekjuskattslögin, er nú gilda.

Oss virtist ókleift að ráðast í að umsteypa öllum lögunum frá stofni, og virtist heppilegast að gera bráðabirgðaákvæði, til þess líka að ýta undir það, að brátt væri hafist handa til að koma öllum sköttum í betra horf en nú eru þeir í. Væntum vjer, að hlíta megi við þau ákvæði, sem frv. setur um skatt af eign og atvinnu, er gefur háar tekjur.

Í öðru lagi hefir nefndin viljað tryggja það, að þessi skattur náist, með því að skerpa eftirlit með framtalinu og reyna að láta öll kurl koma til grafar, svo sem kleift yrði.

Það er og viðbót, að tekjuskattur skuli einnig greiddur af sjávarútvegi og landbúnaði. Það þótti einsætt, að þar væri góðra tekna von, að minsta kosti að öðrum þræði, og, eins og ástæður eru nú, virðist ekki hlýða að undanskilja þá atvinnuvegi lengur. Önnur ákvæði frv. miða, sem sagt, að því að gera mögulegt að ná þessum skatti og að framtalið verði ábyggilegt.

Jeg skal geta þess, viðvíkjandi þeim tekjuauka, sem hjer er um að ræða, að hann mundi verða allverulegur, í fyrsta lagi, ef miðað er við þann eignaskatt, sem nú er, 4% af eignatekjum, en eftir frv. hærri af hærri eignatekjum. Jeg skal t. d. benda á, að eftir núgildandi lögum er skattur af 8000 kr. = 320 kr., en með þessari viðbót verður skatturinn . . . . . = 600 —

Af 20000 kr. er eignaskatturinn nú . . . . . 800 —

en eftir frv. yrði hann . . 2340 —

Í annan stað yrði tekjuskattur af atvinnu allmiklu hærri en hann er nú. Af 20000 kr. eru nú greiddar 655 kr. en yrði við breytinguna . . 1045 — Af 30 þús. kr. atvinnutekjum er skatturinn nú . . . . 1055 — en eftir þessu frv. yrði hann 2320 — Tekjuaukinn er þar . . . . 1265 —

Ef hægt væri að tala um tekjur, er skifta hundruðum þúsunda, þá eru tekjurnar af 100000 kr. nú . . 3855 kr. en yrðu eftir frv. þessu . . 12820 — og er tekjuaukinn þar . . . 8965 — Og mætti þannig lengi telja.

Til viðbótar þessu skal jeg taka það fram, að tekjuaukinn á ári af prócentgjaldshækkuninni einni gæti orðið allmikill. Það mundi með sama framtali og árið 1914 og með sömu gjaldendum nema um 12090 kr., en fyrir árið 1916 yrði það miklu meira, ekki síst ef eftirlitið er skerpt. Jeg gæti búist við, að tekjuaukinn yrði um 24 þús. kr. af sömu gjaldendum. Ef við lítum svo á það, að tekjuskattur er lagður með þessu frv. á atvinnutekjur af sjávarútvegi og landbúnaði, þá er ekki mikið í lagt, að þar mundi nást 80 þús. kr., og er þá tekjuaukinn kominn á 2. hundrað þús. kr. hið allra minsta, og mjög varlega áætlað, en reyndar næsta lauslega, því að ógerlegt er að komast hjer að ákveðinni niðurstöðu eða öruggri.

Jeg skal að síðustu geta þess, að fjárhagsnefndin ber þetta frv. fram m. a. í staðinn fyrir að afgreiða frv. um »misærisskatt«, því að það ætlast nefndin ekki til að þurfi að nota, enda ekki svo frá því gengið, að nothæft væri.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg hefi litið svo á, að þetta frv. fari í rjetta átt, og vil því mæla með því hið besta. Reyndar hefi jeg ekki enn athugað skalann, en mun gera það fyrir 2. umr. Það er alt annað að ná tekjunum svona en að láta ríka og fátæka borga jafnt. Það er einmitt rjetta leiðin að ná tekjum af þeim, sem geta borið álögurnar.

Jeg geri því ráð fyrir, að frá stjórnarinnar hlið sje einungis meðmæla að vænta í þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 473).

Frsm. (Gísli Sveinsson): Jeg hefi engu við það að bæta, sem jeg ljet um mælt við 1. umr. þessa máls, og þar eð engar athugasemdir hafa komið við frv., tel jeg ekki þörf að fara um það fleirum orðum, nema jeg fái sjerstakt tilefni til þess.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg gat þess við fyrstu umr. þessa máls, að jeg væri fyrir mitt leyti hlyntur stefnu frv., og gat þess jafnframt, að jeg hefði ekkert að athuga við »scalann« nje hundraðsgjaldið, en að jeg væri deigur við 3. og 4. gr. frv., sem sje að útvíkka tekjuskattskylduna til þeirra, sem hingað til hafa verið undanþegnir henni, nefnilega bændur og útvegsmenn. Eins og kunnugt er halda bændur alment ekki búreikninga, og þar af leiðandi er erfitt að fá uppgjöf hjá þeim, enda eru þeir undanskildir tekjuskatti í lögunum frá 1877. Auðvitað er hægt að hugsa sjer, að skattanefndirnar geri þeim upp tekjur, en það getur orðið ranglátt, af því að þeir geta ekki borið hönd fyrir höfuð sjer. Að vísu hefir milliþinga-

nefndarálitið frá 1907 ætlast til þess, en það hefir samt ekki orðið enn.

Þá er 4. gr. frv., um það, að bankar og sparisjóðir sjeu skyldir að láta skattanefndum í tje upplýsingar um fjárhag manna. Það tel jeg ófært ákvæði, því að það stríðir móti reglugerðum bankanna, og jeg tel það stórmikið óhapp, ef háttv. deild samþykkir þá grein, því að jeg óttast, að menn flytji fje sitt úr landi, þeir sem ættu fje í banka til muna. Að vísu geri jeg ráð fyrir, að lagðar yrðu þungar sektir við, ef skattanefndir gæfu frá sjer slíkar upplýsingar, en það gef jeg ekki mikið fyrir, enda er afarörðugt að sanna, þótt slíkum leyndarmálum sje ljóstað upp. Í slíku fámenni sem hjer veit þjóð þá 3 vita, og engin trygging er fyrir, að þeirri vitneskju verði haldið heimulegri, er skattanefnd fær. Jeg óska því, að þessi gr. falli niður, svo að þetta frv. verði í samræmi við gildandi lög. Að öðru leyti hefi jeg ekkert við frv. að athuga.

Þorleifur Jónsson: Jeg verð að álíta, að frv. þetta gangi í rjetta átt að því leyti, að hærri skatt eigi að leggja á miklar tekjur en hingað til hefir verið gert. Stórtekjur hafa vaxið að miklum mun á síðustu árum, og er þetta frv. því vel til fundið. En eitt nýmæli þessa frv. tel jeg athugavert, og það er einmitt 3. gr., sem hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) líka taldi óheppilega. Í 3. gr. er ákveðið að leggja tekjuskatt á landbúnað og sjávarútveg, sem hingað til hafa verið undanskildir tekjuskatti af atvinnu. Jeg get búist við, að nefndinni hafi þótt erfitt að undanskilja sjávarútvegsmenn, því að þeir hafa einmitt ýmsir hæstu tekjurnar. (**Fjármálaráðh.:** Þeir eru líka skattlagðir.) Já, en það er spursmál, hvort ekki ætti að leggja meiri skatt á stórútgerðarmenn og síldveiðamenn, en hins vegar játa jeg, að smáútvegur með mótorbáta og róðrarbáta gefur svo lágar tekjur, að ekki er ástæða til að taka þann atvinnuveg með, og eins er með landbúnað, að þar er ekki um mjög háar tekjur að ræða. Þegar tekið er til greina, að undanfarin ár hefir verðlagsskrá hækkað um helming og lausafjár- og ábúðarskattur að sama skapi, svo að gjöldin á landbúnaði hafa verið allþung, tiltölulega þyngri en á öðrum atvinnuvegum, sje jeg því ekki betur en að landbúnaður hafi goldið sinn stríðsskatt. Þá er þess að gæta, að erfitt mun fyrir bændur að gera upp tekjur af búum sínum. Menn halda ekki búreikninga, enda ber fróðustu mönnum ekki saman um, á hvern hátt eigi að gera það; það er því hætt við, að skattanefndum veitist erfitt að ákveða skatthæð landbúnaðarmanna.

Jeg efast mjög um, að þetta verði þægilegt í framkvæmdinni, því að það verður svo erfitt, bæði fyrir skattanefndir og bændur, að ákveða, hve miklar tekjurnar eru. Það er ekki meining tekjuskattslaganna frá 1877, að tekjuskattur sje goldinn af bruttótekjum, heldur nettótekjum, eins og eðlilegt er, og á því að draga frá allan tilkostnað við rekstur atvinnuvegarins. Jeg held, að þetta fyrirkomulag verði offlókið bæði fyrir framteljendur og skattanefndir, og auk þess virðist þessi atvinnuvegur hafa goldið sinn stríðsskatt með verðhækkunartollinum, sem nú er jafnvel búist við að verði framlengdur. Jeg hefi ekki ráðist í að koma með brtt. um að fella 3. gr. frv., því að jeg er efins um, hvort rjett er að fella úr sjávarútveginn, því að álitamál getur verið, hvort ýmsir stórir og tekjuháir útvegsmenn sleppa þá ekki við hinn háa skatt, sem frv. ætlast til að hvíli á stórtekjum. En mjer hefir dottið í hug, hvort nefndin vildi ekki

athuga það, að rjett væri að færa lágmarkið úr 1000 kr. upp í 1500 eða 2000 og gera þar með smærri framleiðendum hærra undir höfði. Nú í dýrtíðinni veitir ekki af að hjálpa þeim, sem litlar tekjur hafa. Jeg vil því skjóta því til háttv. nefndar, hvort hún vill ekki athuga þetta nánar og breyta því við 3. umr.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg vil að eins upplýsa það, út af ræðu hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.), að þótt einstök fjelög, sem stunda t. d. botnvörpuútgerð, greiði ekki tekjuskatt, þá greiðir þó hver einstaklingur, sem á í fjelaginu, slíkan skatt af tekjum sínum. Þessi gr. frv. snertir því að eins þá smærri útgerðarmenn, sem litlar tekjur hafa. Jeg held því, að ef þetta verður lögleitt, verði það afskapleg fyrirhöfn, en litlar tekjur í aðra hönd.

Bjarni Jónsson: Mjer þykir vænt um að sjá þetta frv., þótt það sje ekki í öllum atriðum samhljóða mínu. Jeg sje þó, að hv. nefnd hefir tekið ýmislegt úr mínu upp í þetta. Fyrir mjer vakti ekki neitt sjerstakt fyrirkomulag, en jeg varð auðvitað að flytja frv. í sjerstöku formi. Jeg geri það því að engu kappsmáli, þótt ekki verði samþyktar allar þær tölur, er jeg stakk upp á, því að jeg er ánægður, ef tekinn er skattur af tekjum, í stað þess að leggja hann á í blindni, eins og gert var með verðhækkunartollinum. Jeg skal ekki verja einstakar greinar þessa frv., en get þó ekki leitt hjá mjer gamalt deiluatriði, sem hefir áður valdið deilum á milli hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) og mín. Hann getur aldrei sætt sig við, að tekinn sje skattur af því, sem geymt er í sjóði, og þar ber okkur á milli, því að jeg er ekki fáanlegur til að leggja þá helgi á peningastofnanir, svo sem banka og sparisjóði, að þær einar eigi að vera undanþegnar þeirri skyldu að skýra stjórn landsins eða þeim, er hún setur fyrir sig, frá því, hvað menn eiga inni í peningum. Það er allundarlegt, ef allra ríkustu mennirnir gætu falið eignir sínar í banka eða sparisjóði og sloppið alveg við að greiða skatt af þeim með því að láta þær liggja þar. Ef mjer tæmdist arfur, sem næmi einni miljón, gæti jeg sloppið við skatt af honum með þessu móti. Fjármálaráðh. (B. K.) hefir haldið því fram, að það megi ekki leggja þessa kvöð á peningastofnanirnar. Það getur engin skattanefnd verið svo þefvís, þótt hún kæmist að, ef maður erfði eða eignaðist alt í einu stórfje, að hún geti vitað um það, ef maður eignast fje smám saman og leggur það jafnóðum í banka. Það er alveg ranglátt að láta menn sleppa við að greiða skatt af því fje. Hins vegar er engin hætta við það, að eiðsvarnir skattanefndarmenn fái að vita þetta, svo að þeir geti lagt rjett á manninn. Þeir eiga að þegja yfir því, hve mikið hann á, og það ætti ekki að vera erfiðara fyrir þá að þegja yfir, hve marga aura einhver á í sparibauk eða bankaholu, heldur en fyrir símafólkið, sem þegir yfir leyndarmálum, sem er miklu meir áríðandi að eigi komist upp.

Það getur ekki talist neinum skaði, þó að hann verði að taka þátt í almennum gjöldum til landssjóðs. Það er þvert á móti sómi hvers manns að leggja þar sem drýgstan skerf til. Það getur ekki heldur skaðað neinn, þó að sagt sje frá innieign hans í bönkum eða sparisjóðum. Ekki getur það skaðað tiltrú nokkurs manns, og líklegt er, að fjeð sje ekki svo þjófstolið, að ekki megi vitnast, að það sje til. Það væri þá helsta ástæðan, að innieignir manna

í sjóðum væru ekki sem frjálsastar og mættu þess vegna ekki vitnast, en jeg veit ekki, hvort þingmenn yfirleitt álíta sig þurfa að ganga út frá því. Jeg mundi ganga inn á það, til þess að friða hæstv. fjármálaráðh. (B. K.), að hækka sektirnar í 7. gr. frv. á hendur þeim nefndarmönnum, sem ljósta upp þeim upplýsingum, sem þeim eru gefnar. Það eiga menn auðvitað ekki að gera, og má taka hart á, ef það er gert.

Hvað viðvíkur ræðu háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.), þá kann það rjett að vera, að erfitt sje að ákveða tekjur manna til skattaálögu. En það er svo margt erfitt í lífinu, sem ekki er hægt að sneiða hjá. Það er líka erfitt að útvega matvæli handa landsbúum og skip til að flytja þau á, eins og nú er ástatt. Svona er það um margt; það er erfitt, en það verður að gera það. Það er ekki hægt að hætta við að leggja á rjettlátan skatt fyrir þá sök eina, að erfitt sje að framkvæma álöguna. Löggjafarvaldið getur ekki beygt sig fyrir því; það verður að skipa framkvæmdarvaldinu að framkvæma skattaálöguna, þó að það sje erfitt, þegar ekki er að ræða um kröfu, sem er órjettlát eða ómögulegt að framkvæma.

Frsm. (**Gísli Sveinsson**): Eins og áður hefir verið tekið fram ber fjárhagsnefnd þetta frv. fram af þeim sjerstöku ástæðum, sem eru fyrir hendi. Nefndin tók það ráð að forma þetta frv. sem breytingu á og viðauka við núgildandi tekjuskattslög. Breytingarnar ganga í þá átt að hækka skattinn á hærri tekjunum og skerpa ákvæðin um eftirlit skattanefnda með framtali á tekjum manna. Þá hefir nefndin bætt við tveimur nýjum greinum, sem báðar lúta að því sama, að skerpa eftirlitið. Til þess að ná öruggu framtali verður að skylda stjórnendur banka og sparisjóða ótvírætt til að gefa upplýsingar. Líkt ákvæði er í 12. gr. laganna, þar sem stofnanir og fjelög eru skyldug til að gefa þær upplýsingar um tekjur manna og eignir, sem kleift er. Það getur leikið vafi á því, hvort bankar og sparisjóðir falli undir ákvæði 12. gr., eftir því, sem lögin hafa verið framkvæmd, en á því má enginn vafi leika, því að sjálfsagt er að ná skatti af innstæðufje. Það er ekki sýnilegt, að starf skattanefnda aukist að mun. Nefndirnar eru til, og þó að vald þeirra sje gert dálítið meira en það er, þá er það ekki úr vegi, og líklegt, að þeim verði þá meira ágengt. Yfirskattanefndir hafa í raun og veru að eins úrskurðarvald um kærumál eftir núgildandi lögum, og þykir ekki annað hlýða en að þær hafi líka örugt eftirlitsvald. Þannig er það og alstaðar þar, sem skattalöggjöfin er komin í sæmilegt horf.

Þá kemur að athugasemdum hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.). Hann taldi, að hjá bændum og smærri útvegsmönnum væru tekjurnar ekki svo miklar, að ástæða væri til að leggja skatt á þær. Það getur vel verið, að ekki verði um háan skatt að ræða. En ókleift er að undanskilja nokkra menn, ef atvinnugreinin er tekin með á annað borð. Og það mun varla tjóa að sleppa landbúnaði og sjávarútvegi alveg. Frv. gerir líka ráð fyrir að leggja engan skatt á tekjur, sem eru minni en 1000 kr., og er það í samræmi við gildandi tekjuskattslög. Og þótt maður geri ráð fyrir góðu framtali, þá eru það ekki nema stærstu bændur, sem hafa svo miklar tekjur, þegar þess er gætt, að skattur er að eins goldinn af beinum tekjum. En það geta ekki talist beinar tekjur, sem lagt er til heimilis og eytt af stofni, svo sem frálag á fjenaði að haustinu. Það er mikið rjett, að margir eiga erfitt með að gera upp tekjur sínar og halda reikninga.

En hjá því verður ekki komist. Menn verða að læra það, því að alla borgara verður að taka með undir meðferð skattamálanna. Það er engin hætta fyrir þá, sem vilja landbúnaðinum vel (og á meðal þeirra tel jeg mig) að greiða atkv. sitt með þessu frv. Enginn þarf að óttast, að landbændur verði sognir út. Ekki heldur smærri útgerðarmennirnir. Skattaþunginn kemur aðallega niður á stórgróðamönnunum, ekki síst við sjóinn, og það er eins og á að vera.

Hitt atriðið er það, hvort hækka eigi lágmark skattskyldra tekna. Nefndinni fanst ekki taka því. Hjer verður að gæta þess, hvort sumir menn verði ver úti en aðrir. Jeg held ekki, að það verði til baga. Þeir, sem lágt eru launaðir t. d., verða ekki ver settir heldur en eftir núgildandi lögum. »Skalinn« (eða skattmælikvarðinn) er sami upp að 7000 kr. tekjum. Þess vegna er ekki heldur hætt við, að bændur eða útvegsmenn minni háttar verði hart úti. Skatturinn er svo lítill af lágum tekjum, að lítið munar um hann. En það er ekki hægt að vinsa úr þá, sem lægri tekjurnar hafa, ef þeir hafa nokkrar að mun, heldur verður að taka alla með, en láta skattinn leggjast sem jafnast á. Háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) benti líka á það, að verðlagsskrá, eða rjettara sagt alinin, hefði hækkað mikið, svo að bændur borguðu nú stríðsskatt sinn í hækkuðum lausafjárskatti. Jeg skal játa, að þetta er að nokkru leyti rjett athugað, enda hefir nefndin athugað þetta og gerir tillögur um jöfnuð milli atvinnuveganna í öðru frv., sem ekki er til umræðu nú, sem sje frv. til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Á það að koma í stað verðhækkunartollsins og vega upp á móti þeirri hækkun, sem orðin er ósjálfrátt á lausafjárskattinum. Þegar það er fengið, þá verður landbúnaðurinn ekki ver settur en aðrir atvinnuvegir. — Þó að ýmislegt sje ekki sem þægilegast í meðförum af þesskonar ákvæðum, þá er það yfirleitt ekki verra en nú er. Nefndin telur þetta ekki nema bráðabirgðaákvæði, en að miklu meiru þurfi að breyta, áður en að löggjöfin um þessi efni er komin í æskilegt horf. Um tekjulágmark það, sem skatt skal greiða af, gæti það að sjálfsögðu hugsast, að tiltækilegt þætti að hækka það upp í 1500 kr., eða jafnvel 2000 kr., og er sjálfsagt að taka það til íhugunar á milli umræðna.

Þá kem jeg að athugasemdum hæstv. fjármálaráðherra (B. K.). Mjer þótti vænt um undirtektir hans við 1. umr. þessa máls, og bjóst jeg við, að þar við mundi sitja. Jeg gekk út frá því sem gefnu, að hann, sem fjármálaráðherra, mundi láta sjer ant um fjárhag landsins og verða feginn öllum tilraunum til að bæta hann. Nú kemur hann með þá (ekki óverulegu) athugasemd, að 3. og 4. gr. frv. sjeu ótækar. En ef þær væru feldar burt, þá væri frv. þýðingarlaust að miklu leyti. Jeg hefi gert grein fyrir því áður, að ekki muni vera hægt að undanskilja með öllu bændur og sjávarútvegsmenn skattgjaldi. Nefndin mun því ekki geta gengið inn á að útiloka þá. Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) hjelt því fram, að þeir, sem græða nokkuð verulega á sjávarútvegi, sjeu skattskyldir eftir núgildandi tekjuskattslögum. Þetta er nú ekki alveg rjett. Í 5. gr. laganna stendur: »Sá, sem fæst við landbúnað eða hefir sjávarútveg, skal greiða skatt þennan af tekjum þeim, sem renna beinlínis til hans af bjargræðisvegum þessum«. Það er því ekki nema lítill hluti af tekjum þessara manna, sem kemur til skattaálögu. Eftir frv. er hægt að ná til alls, sem skatt skal greiða af, ef framtalið er gott. Hvort hægt er að reiða sig á, að það sje örugt, er annað mál. En eng-

in ástæða er til að ætla, að misbrestir verði fremur á því eftir en áður. Og þótt svo mætti álíta, að sjávarútvegsmenn væru þegar skattskyldir eftir lögunum, eins og þau eru nú — sem nú ekki er — þá er engu spilt, þótt ákvæði þessu sje bætt inn. Mjer finst vera mótsögn í þessu hjá hæstv. fjármálaráðherra (B. K.). Ef þetta ákvæði væri felt burt, þá mætti eins vel fella frv.

Þá eru athugasemdir hans (B. K.) við 4. gr. Jeg hefi tekið það fram áður, að vafasamt þykir, hvort ákvæði 12. gr. tekjuskattslaganna nái til banka og sparisjóða. 4. gr. frv. má því skoða sem skýring á þeim ákvæðum. Það er engin meining í að láta þá sleppa hjá skatti, sem eiga miklar eignir í sjóðum. Og það virðist síður en svo ástæða til að gera mikla rellu út af þessu. Það eru 4%, sem greiða á af 1000 kr. tekjum. Þeir, sem t. d. eiga 25000 kr. í sparisjóði, fá 1000 kr. tekjur af þeirri eign í vaxtagreiðslu og eiga að greiða 40 kr. skatt. Sá, sem á 50000 kr. í sjóði, fær 2000 kr. tekjur og geldur 90 kr. skatt. Getur þetta drepið nokkurn mann? Eða er ástæða til að ætla, að menn fari að flýja land fyrir þessar sakir? Það er ekki til annars en að ala upp í mönnum ósóma að halda slíku fram. Jeg er viss um, að það er ekki nema hugboð hjá mönnum, sem halda, að til sjeu svona lítilsigldar sálir. Og ekki er í annað hús að venda með að fá upplýsingar um innieignirnar en til bankanna sjálfra. Menn eru vanir því hjer að vitna til Danmerkur með svo margt, og má gera ráð fyrir, að hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) haldi, að menn hlaupi þangað með fje sitt. En hvað vinna þeir við það? Þar er þetta svona; bankar og sparisjóðir eru skyldir til að gefa skattanefndum allar upplýsingar. Og svo er það alstaðar þar, sem skattalöggjöfin er komin í viðunanlegt horf. Jeg sje ekki heldur, að það geti orðið neitt hættulegt fyrir innieigendur, þótt ákvæðið verði samþ. Fyrst og fremst er að öllum jafnaði ekkert hættulegt, þótt eitthvað vitnist um það, sem menn eiga, og í öðru lagi er nokkur trygging fyrir því, að svo þurfi ekki að verða, þótt skattanefndir fái nauðsynlegar upplýsingar. Nefndarmönnum er skipað að halda öllu leyndu og hótað refsingu og sektum, ef út af er breytt, eins og ljóst er af frv.

Jeg hefi litla trú á því að hækka sektirnar, þótt menn vildu telja það ráðlegra; það er æra mannanna, sem mest er komið undir. En mundu nú þeir menn, sem hræddir eru við, að uppvíst verði um innieignir þeirra, vera tryggir með því fyrirkomulagi sem er? Það er trúlegt, að einhverjir viti um sparisjóðseignir þeirra, að minsta kosti þeirra nánustu vandamenn, og gæti þetta því borist þann veg. Þar að auki eru fleiri menn í bönkunum en bankastjórarnir, en þótt þeir einir vissu þetta, þá er nú svo, eins og hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) komst að orði, að þjóð veit er þrír vita, og þeim kann að geta hrotið orð um það. Þetta hjal um, að fjenu sje þá betur borgið nú, er alveg ástæðulaust. Nei! Það skyldi þá helst vera það, að innieigendur væru svo sinkir, að þeir tímdu ekki að greiða þennan skatt, og því sje úlfaþyturinn, en jeg býst við, að það sje nú upp og niður, eins og í öðrum efnum, og að þessir menn, eins og aðrir, muni sætta sig við að greiða eitthvað til þarfa þjóðfjelagsins, þar á meðal skatt af eignum sínum.

Jeg held þá ekki, að þörf sje að fjölyrða meir um þetta mál. Einmitt þess-

um ákvæðum í 4. gr. frv. má ekki sleppa; það eru þau, sem gera frv. ekki hvað síst aðgengilegt.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg hjelt ekki, að svo langar umræður mundu spinnast um jafneinfalt mál, en úr því að svo hefir farið, þá mun jeg segja fáein orð.

Það, sem kom fram í ræðu háttv. þm. Dala. (B. J.), kom og fram hjá háttv. frsm. (G. Sv.), og mun mitt svar gilda þá báða, þegar jeg kem að 4. gr.

Jeg vil benda háttv. frsm. (G. Sv.) á það, að ef fylgja á reglum 3. gr., þá verður ekki annað fært en að Alþingi eða stjórnarráð semji almennar reglur um uppgerð sveitabænda, er sýni þeim, hvernig þeir eigi að gera upp bú sín. En það sýnir, hvað þetta ákvæði er þýðingarlaust, að jafnvel sjálfur frsm. (G. Sv.) segir, að sjaldnast muni tekjur þessara manna fara fram úr 1000 kr. En ef svo er, þá miðar þetta ákvæði að eins til þess að auka fyrirhöfn skattanefnda.

Sami háttv. þm. (G. Sv.) fór vilt í því, er hann sagði um hina stærri útgerðarmenn. Hann segir, að tekjuskattslögin gildi ekki fyrir þá. Jeg vil ráðleggja honum að fara til útgerðarmannanna og spyrja þá að þessu. Jeg hefi símað til ýmsra slíkra manna og talað við þá um þetta, og þeir segja mjer, að þeir greiði skatt af útgerðartekjum sínum; t. d. átti jeg nýlega tal við einn meiri háttar útgerðarmann, sem sagði mjer, að hann greiddi skatt af 100 þús. kr. útvegstekjum. En fyrst að svo er, þá er þetta ákvæði ekki nauðsynlegt. Háttv. frsm. (G. Sv.) sagði, að að minsta kosti stæði á sama um þetta ákvæði. En svo er ekki, því að eftir því eru allir útgerðarmenn skattskyldir og þurfa því allir að telja fram. Fullyrðing hans (G. Sv.) um, að frv. sje ónýtt, ef þessi grein er feld úr, er ekki rjett; frv. er gagnlegt fyrir því. En það má slá því föstu, að þeir, sem ákvæði 3. gr. ná til, geta ekki haft yfirlit yfir tekjur sínar, fram yfir það, sem lögin nú ná til, svo að með ákvæðinu skapast einungis afskaplegt erfiði fyrir skattanefndir.

Háttv. frsm. (G. Sv.) taldi ótækt að sleppa 4. gr., en jeg verð að segja, að 5. gr., sem setur enn harðari ákvæði um þetta en nú gilda, ætti að nægja. En svo vil jeg benda á það, að bankastjórn og sparisjóðir geta ekki framkvæmt þessa skipun, vegna þess, að á fjölda bóka standa engir eigendur, heldur hljóða þær að eins upp á númer. Hvernig er þá hægt að vita, hver á þær? Þótt því að eins væri þessi ástæða, þá nægði hún til að sýna, að ákvæðið er ótækt. Þetta ætti öllum að vera augljóst.

Einar Jónsson: Það er æfinlega góðra gjalda vert, þegar nefnd leggur fram frv., því að venjulegast má búast við því, að þau sjeu betur úr garði gerð heldur en frv. einstakra þm. Þetta frv. er þannig til komið, en ekki get jeg þó orðið samþykkur því í öllum atriðum, þótt sumt geti jeg fallist á. Nú munu menn einu sinni heyra þá nýlundu, að jeg verð samferða háttv. þm. Dala. (B. J.), sem er óvanalegt, en þar á móti verða þeir nú ósammála perluvinirnir, háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) og hæstv. fjármálaráðherra (B. K.). Sannast hjer, að batnanda manni er best að lifa. Þetta má ekki skilja sem álas til þessara háttv. þm., sem jeg hefi hjer talið. Því að jeg álít það tvent jafnmikla ófæru, að einn þm. segi við annan: Jeg skal í öllu vera þjer samþ., eins og hitt, að heita öðrum því að vera honum aldrei sammála. En því miður þekkjast hjer dæmi svipuð þessu.

Aðalefni frv. sýnist mjer felast í 1,

gr., en jeg get þar tekið undir með háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.), að mjer þykir lágmarkið helst til lágt, og mundi vilja færa það upp í 1500 kr. eða jafnvel 2000 kr., eins og sá háttv. þm. (Þorl. J.) stakk upp á, en jeg hefi nú ekki viðlátnar brtt. um þetta, en mun þá síðar gera þær, ef þurfa þykir.

Um 4. gr. er jeg alveg samþykkur háttv. þm. Dala. (B. J.), að sparisjóðsfje manna eigi að skattskyldast, svo sem aðrar eignir. Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) svaraði því, að bankinn vissi oft ekki, hver bækurnar ætti. En mjer finst þetta svar dálitið út í loftið. Það væri eitthvað undarleg bankastjórn, sem ekki vissi, hver væri eigandi að stórri sparisjóðsbók, ef til vill 1 miljón króna. Það þarf ekki að telja neinum trú um slíkt. Svo stór sparisjóðsinnlög ættu eðlilega að hafa áhrif á lánstraust manna, og illa trúi jeg því, að sá Gullbringu- og Kjósarsýslubúi, sem tugi þúsunda ætti inni í sparisjóði við Landsbankann, ef fjármálaráðherrann (B. K.) væri þar bankastjóri, þektist þar ekki, sem eignamaður, þar sem sannanlegt mun vera, að helmingur allra útlána Landsbankans standa í kjördæmi og bæjarfjelagi hæstv. fjármálaráðherra og bankastjóra (B. K.), sem nú er einn og sami maður.

Jeg skal nú ekki fjölyrða um þetta, eins og háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), og tel mjer skylt að segja honum til þess, að honum líðst ekki lengur að halda svona langar ræður, manni, sem vel ætti að geta í stuttu máli skýrt skoðun sína; það er því furðulegra, sem hæstv. forseti hefir mælst undan óþarfa mælgi. Jeg mun hlýða hæstv. forseta, að halda ekki langa ræðu, en tel sanngjarnt og rjettlátt að ávíta þá, sem með óþörfum ræðum misbjóða mjer og öðrum.

Þorleifur Jónsson: Háttv. frsm. (G. Sv.) sagði, að ekki væri tilhlýðilegt að sortjera menn úr, heldur væri rjett, að lögin næðu jafnt yfir alla. Mjer finst nú ekkert ódæði í því, þótt þeir væru látnir vera skattfríir, sem áður hafa verið það. Þótt milliþinganefndin í skattamálinu vildi leggja tekjuskatt bæði á sjávarútveg og landbúnað, þá ætlaðist hún einnig til þess, að niður fjelli lausafjártíund. Sami háttv. þm. (G. Sv.) sagði líka, að ekki væri hætt við, að bændur mundu verða útsognir fyrir þetta, með því að hjer væri að eins um hreinar tekjur þeirra að ræða. En það getur verið álitamál, hvað hreinar tekjur eru. Samkvæmt tekjuskattslögunum má kljúfa frá tekjunum kostnaðinn við atvinnurekstur, en þó ekki það, sem legst í kostnað handa atvinnurekanda sjálfum og vandamönnum hans til lífsnauðsynja, svo að eftir því er ekki hægt að draga frá það, sem fer í búið. Jeg er nú smeykur um, að erfitt sje að vita, hvað fer í búið, svo að þegar kemur til hins ítrasta, verði bændur útsognir, er þetta ofanálag bætist við alla aðra skatta.

Jeg mundi, eins og jeg hefi áður sagt, fella mig best við það, að lágmarkið væri fært upp í 1500 til 2000 kr. Háttv. frsm. (G. Sv.) tók því ekki mjög fjarri, þótt engu lofaði hann um það; jeg mun því við 3. umr. koma með brtt. um þetta, ef nefndin sjálf treystir sjer ekki til þess. Jeg held, að það sje engin goðgá, að þeir, sem hafa undir 1500 kr., sleppi gjaldfríir, einkum meðan þessir örðugu tímar standa.

Jeg skal ekkert um það segja, hvort hægt er að ná tekjuskatti af stærri sjávarútvegsmönnum samkvæmt tekjuskattslögunum frá 1877; það má vera, að þeir geti sloppið eftir ákvæðum 5. gr. þeirra laga. En sjálfsagt mætti breyta því ákvæði svo, að smærri útgerðarmenn og landbændur hyrfu undan skattinum.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Jeg þarf ekki að vera langorður, með því að ekkert hefir bæst við af nýjum rökum frá andmælendum frv., enda skaut mjer heldur skelk í bringu við orð hv. 2. þm. Rang. (E. J.) til mín, sem hann raunar og beindi til annara, mjer fremri að mannvirðingum, hæstv. forseta og ráðherra!

Nú telur hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) 4. gr. frv. ekki vel framkvæmanlega, af því að fjöldi sparisjóðsbóka sje ekki á nafn, heldur á númer. Mjer er nú kunnugt um það, að fjöldi manna lætur setja nafn á sparisjóðsbækur sínar og eins ávísanaupphæðir, en þótt svo sje, að að eins sjeu númer, þá getur bankastjórnin oft eða allajafna vitað um eigendurna, en viti hún ekki um þá, þá er hún ekki bundin við annað en fyrirmæli 12. gr., sem sje að gefa skattanefndunum skýrslur um það, sem hún veit. Þegar hún getur ekki gefið skýrslur, þá nær það ekki lengra. Auðvitað getur það líka verið, að menn gefi upp þessar eignir sjálfkrafa.

Jeg gleymdi að leiðrjetta þá villu í fyrri ræðu hæstv. fjármálaráðherra (B. K.), að þeir, sem ekki telja fram, yrðu dregnir fyrir dómara. Hjer er ekki gert ráð fyrir því, heldur því, að grunsamir framteljendur staðfesti framtal sitt með eiði. Þetta skiftir raunar litlu.

En um útgerðarmenn er það að segja, að samkvæmt tekjuskattslögunum 1877 er það ómótmælanlegt, að þeir eru ekki skattskyldir. Annað mál er það, að þeir, sem eiga hluti í fjelagi, greiða ef til vill einhvern skatt þar af, sem af annari eign.

Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) sagði, að stjórnin mundi þurfa að setja reglur um framtalið. Jeg held, að það komi nú varla til, en ekki getur það spilt. Jeg skal geta þess, að nefndin ætlast til þess, að ef frv. nær fram að ganga, verði þegar fengin staðfesting konungs símleiðis og síðan lögin send fyrir haustið til skattanefndanna, og væri þá vel til fallið, að stjórnarráðið sendi um leið leiðbeining fyrir þær og töflu yfir skattgjaldið, sem hagstofan mundi sjálfsagt verða fljót til að gera, ef henni yrði falið. Það er í rauninni mjög vandalítið.

Fjármálaráðherra (B K.): Hv. frsm (G. Sv.) viðurkennir nú, að bækurnar sjeu margar að eins hljóðandi upp á nr. og að nægilegt sje, að bankastjórnin gefi að eins skýrslur um þá, sem hún veit um. En jeg vil þá leyfa mjer að spyrja hinn háttv. þm. (G. Sv.): Hve lengi heldur hann, að þess verði að bíða, að allar bækurnar verði orðnar nafnlausar, allar komnar upp á nr.? Þegar almenningi er orðið kunnugt um, að skattur er lagður á sparisjóðsfje á bókum með nafni, þá má gera ráð fyrir því, að eftir eitt ár verði allar bækur orðnar nafnlausar.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Þessi athugasemd hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) er alveg út í hött. Þótt svo sje, að bankastjórn sje skylt að gefa skattanefnd skýrslu, þá er henni ekki skylt að gera það um annað en það, sem hún veit, en þar með er ekkert sagt, hve mikið hún veit. Nú er það víst, að bankastjórnin hlýtur að vita mikið um þessi efni. Fyrst og fremst veit hún um alla þá, sem eiga bækur hljóðandi á nafn. Og hún veit meira en það. Um það efast enginn, og það er ætlast svo til, að hún gefi það upp, sem hún veit, annað ekki. Hæstv. fjármálaráðherra (B. K.) spurði um það, hve

lengi jeg hjeldi að það stæði, þangað til almenningur breytti um og setti bækur, sem hljóðuðu upp á nafn, á númer.

Þá komum við einmitt að þessu, hversu mikið bankastjórnin veit. Jeg trúi því ekki fyr en jeg tek á, að hún viti ekki í mörgum tilfellum, hvaða nafn tilheyrir hverju númeri, eða hafi tilheyrt, þótt breytt hafi verið, enda sýna bækur bankans það. Og mjer er kunnugt um það, þótt ekki sje það siður hjer, að annarsstaðar, við erlenda banka, tíðkast, að þótt bókin hljóði upp á númer, þá er jafnframt krafist nafns og það fært í bækur, þótt því svo sje haldið alment leyndu. Þar vita því bankamenn um öll nöfn, þótt aldrei nema bækurnar sjeu númeraðar.

Fjármálaráðherra (B. K.): Jeg ætla að eins að gefa háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) þær upplýsingar, að af þeim 11 þús. manna, sem áttu innieign í bankanum, held jeg að jeg hafi ekki haft hugmynd um inneignir nema eins eða tveggja manna. (**G. Sv.:** Ekki utanbókar, en þó væntanlega með því að slá upp í bókunum!).

ATKVGR.
1. gr. samþ. í e. hlj.
2. gr. — —
3. gr. — með 13 : 2 atkv.
4. gr. — — 14 : 4 —
5.—10. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 23. ágúst var frv. tekið til 3. umr. (A. 473, 580).

Frsm. (Gísli Sveinsson): Jeg hefi að svo stöddu engu við það að bæta, fyrir nefndarinnar hönd, sem fram var tekið við 2. umr. þessa máls. Jeg get þess að eins, að nefndin lætur brtt. á þgskj. 580 hlutlausa; hún lýsir ekki yfir stuðningi við hana, en lætur háttv. deild um það, hvort hún vill samþykkja hana eða ekki. Og nefndarmenn hafa sín atkv. óbundin.

Þorleifur Jónsson: Jeg hefi ásamt tveim öðrum hv. þingdm. leyft mjer að koma með viðaukatillögu við frv. þetta, um það, að eigi skuli leggja skatt á lægri tekjur en 2000 kr., og er það samkvæmt því, sem jeg tók fram við 2. umr. málsins.

Háttv. framsm. nefndarinnar (G. Sv.) kvað nefndina mundu láta tillögu þessa hlutlausa; hefði jeg þó fremur vænst þess, að háttv. nefnd mundi taka hana upp á arma sína, því að hjer er í engu vikið frá grundvelli þeim, sem frumvarpið byggist á, þeim grundvelli að ná hærri tekjuskatti en nú er af miklum tekjum, en íþyngja ekki lágum tekjum, fram yfir það, sem nú á sjer stað.

Eftir því, sem 3. gr. frv. er nú úr garði gerð, hlýtur starf skattanefnda að verða afarörðugt; þær munu þurfa að gera búreikninga fyrir fjölda framleiðenda, bæði í sveitum og sjávarplássum, til þess að geta ákveðið tekjuskattinn, og sjá allir, að slíkt er ókleift. En það mun verða miklu hægra við að fást, ef lágmark skattskyldra tekna er fært upp, eins og við leggjum til. Þá getur skattanefnd þegar sjeð það í hendi sjer um fjölda manna, að ekki komi til mála, að tekjur þeirra sjeu svo háar, að þeir þurfi að svara tekjuskatti af þeim, og losast þar við alla frekari rannsókn.

Jeg fæ ekki heldur betur sjeð en varúðarvert sje að íþyngja þessum atvinnuvegum nú í dýrtíðinni með nýjum sköttum; flestum mun veita fullerfitt að greiða

skatta þá, sem nú hvíla á þeim, ábúðar- og lausafjárskattinn.

Ekki sje jeg, að það valdi ruglingi, þótt brtt. sje samþykt, og varla mun það heldur valda mikilli tekjurýrnun við það, sem annars yrði.

Jeg vil halda sem fastast við aðaltillögu mína, og vona, að hún mæti svo góðum undirtektum, að hún verði samþykt, því að hún á það skilið, enda hefir hún ekki sætt andróðri hjá háttv. nefnd.

ATKVGR.

Brtt. 580. (aðaltill.) samþ. með 16 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., B. St., E. Árna., E. J, G. Sv., H. K., J. M., J. B., M. G., M. P., P. J., P. O., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J.

nei: E. A., J. J., M. Ó., P. Þ., S S., St. St., Ó. B.

B. Sv. greiddi ekki atkv.; kvaðst ókunnugur málinu, og tók forseti þá afsökun gilda.

Einn þm. (B. J.) fjarstaddur.

Brtt. 580 (varatill.) kom ekki til atkv.

Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed, föstudaginn 24. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á og viðauka við lög nr. 23, 14. desember 1877, um tekjuskatt,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 612).

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að máli þessu verði vísað til fjárhagsnefndar, að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv., og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1602) með 11 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., mánudaginn 10. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 612, n. 815).

Magnús Torfason: Jeg hefi strax beðið mjer hljóðs sökum þess, að jeg mun í lok ræðu minnar gera það að tillögu minni, að þessari umræðu um málið verði frestað, eða málið verði tekið út af dagskrá.

Háttv. fjárhagsnefnd Nd. hefir flutt frv. þetta, og hefir sjálfsagt vakað fyrir hv. nefndarmönnum, að landið gæti náð í eitthvað af ófriðargróðanum.

Eins og háttv. deild er kunnugt hafa ýms frv. komið fram, er miða til þess að auka tekjur landssjóðs. Og er enginn vafi á því, að þessi leið, að reyna að ná í eitthvað af ófriðargróðanum með hækkuðum tekjuskatti, er ein hin langrjettasta og sennilegasta. En eftir því, sem frv. liggur fyrir nú, fæ jeg ekki betur sjeð en að það sje svo stórgallað, að þingið geti ekki látið það frá sjer fara án mikilla lagfæringa.

Fjárhagsnefnd Nd. ætlaðist í upphafi til, að skattur þessi yrði landsskattur. Hún ætlaðist til, að með frv. þessu yrði lagt jafnt á sjávarútveginn sem á landbúnaðinn. En í háttv. Nd. hefir frv. tekið þeim breytingum, að svo er ekki lengur. Þar hefir sem sje verið sam-

þykt sú breyting á 3. gr. frv., að eigi skuli greiða skatt af minni tekjum en 2000 kr., er kemur til landbúnaðar og sjávarútvegs. Með þessu ákvæði er önnur atvinnugreinin undanþegin þessum skatti, landbúnaðurinn. Þetta er ekki sagt út í bláinn. Hagstofan hefir leitað upplýsinga um tekjur bænda fyrir 2 árum. Þær voru yfirleitt sárlitlar, og hrein undantekning, að þær næðu þessu lágmarki eða væru yfir því. Jeg hefði vel getað skilið, að lágmarkið yrði hækkað upp í 2000 kr., hefði það þá verið hækkað fyrir alla í einu. En svo er alls ekki. Landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn njóta að eins þessara hlunninda. En allir aðrir, meðal annara verkamenn, verða að greiða tekjuskatt af tekjum, sem nema meiru en 1000 kr. Jeg fæ nú ekki betur sjeð en að hjer sje skapað misrjetti. Peningar hafa nú lækkað svo í verði, að 2000 kr. eru nú engu betri en 1000 kr. fyrir örfáum árum. Hefði því vitanlega verið rjettast að hækka lágmarkið upp í 2000 kr. fyrir alla.

Menn hafa litið svo á, að þetta nýja frv., verði það að lögum, hafi engin áhrif á þann tekjuskatt, sem menn hafa orðið að greiða áður. En því er ekki að fagna. Í 5. gr. frv. er ákveðið, að skattanefnd skuli — gefi gjaldþegn enga skýrslu um tekjur sínar — »áætla tekjur hans svo freklega, sem hún telur fært, svo að eigi sje hætt við, að þær verði settar lægri en þær eru í raun og veru«. Þetta ákvæði er öðruvísi í tekjuskattslögunum frá 14. desember 1877. Samkvæmt þeim á skattanefnd að kveða á um tekjur gjaldþegns, »eftir því sem hún veit rjettast og sannast«. Því ákvæði hefir altaf verið fylgt, og skattanefndirnar hafa ætíð gert sjer far um að ákveða tekjur manna ekki ofhátt. En hjer er þeim beinlínis gert að skyldu að áætla tekjurnar fremur ofhátt en oflágt. Alveg sama ákvæði er í verðhækkunartollslögunum, að áætla tekjurnar ekki oflágt.

Eins og jeg drap á áður er með frv. þessu lagður skattur á verkamenn. En það vita allir, að þeir menn lifa fremur hundalífi en manna, sem að eins hafa 1000 kr. að moða úr fyrir sig og fjölskyldu sína. Væri því nær sanni að að setja lágmarkið 2000 kr.

En þetta eru ekki verstu gallarnir á frv; þeir eru aðrir verri. Þetta frv. fer fram á að kutla kið fyrir kálf, taka skatt af þeim, sem ekkert hafa. Lögin eiga að ganga í gildi nú þegar. En lögin frá 1877 gengu ekki í gildi fyr en 1879. Hjer er sem sje verið að taka skatt af gróða tveggja undanfarandi ára. Skattur sá, sem innheimtur er 1918, verður tekinn af gróðanum á árinu 1916. Menn verða í þessu sambandi að gæta þess, að hjer er farið fram á að leggja skatt á þann atvinnuveginn, sem langáhættumestur er og stopulastur.

Maður, sem græðir 100,000 kr. 1916 en tapar sömu upphæð 1917, verður að greiða 15,000 kr. í tekjuskett 1918. Jeg fæ ekki sjeð, að þetta sje rjettmætt. — Öðru máli er að gegna, að menn greiði skatt af gróða sínum um leið og þeir fá hann í hendurnar. En ógerningur er að láta menn greiða skatt af þeim gróða, sem þeir hafa tapað aftur fyrir löngu. Þetta stendur aftur í sambandi við það, að þessi 40 ára gömlu tekjuskattslög hafa ætíð verið óhandhæg, sjerstaklega að því leyti, að tekjur þær, sem skattur er greiddur af, eru svo gamlar. Í lögunum frá 1877 er gert ráð fyrir, að menn telji fram tekjur sínar á haustum, og eru þá manntalsþing um garð gengin. Þessa er ekki þörf. Tekjurnar má telja fram á undan manntalsþingi árið eftir að menn hafa haft þær tekjur, er þeir greiða skattinn af. Menn geta talið fram í janúar eða febrúar, og er þá

engin vorkunn að ná inn skattaskránum svo fljótt, að hægt sje að innheimta skattinn á næsta manntalsþingi, og það því síður, sem bæði ellistyrktarskrár og kjörskrár eru lagðar fram í febrúar. Við þetta mundu menn ávinna, að skatturinn yrði greiddur af tæplega ársgömlum tekjum, í stað tveggja ára gömlum. Get jeg ekki sjeð neitt þessari breytingu til fyrirstöðu, en aftur fæ jeg ekki skilið, að rjett sje, að lögin verki lengra aftur fyrir sig en líðandi ár. Þá mætti eins leggja skatt á þær tekjur, sem menn hefðu haft fyrir aldamót, — því að hvar eru takmörkin?

Jeg get vel skilið, að menn hafi ekki tekið eftir þessum meingöllum í önnunum. Þar að auki er enginn skattanefndarmaður í fjárhagsnefnd Nd., og formaður fjárhagsnefndar Ed. hefir nú um hríð verið lasinn, og hefir ef til vill ekki getað sint nefndarstörfum eins vel og hann hefði óskað.

Jeg skal taka það fram enn á ný, að jeg er því ekki mótfallinn, að landssjóði hlotnist eitthvað af ófriðargróðanum, á þann hátt, sem frv. þetta fer fram á. En á því er enginn vafi, að verði frv. gert að lögum, í þeirri mynd, sem það nú er í, mun það reynast einna ranglátast af þeim lögum, sem frá þessu þingi hafa farið.

Jeg skal svo ekki orðlengja um frv. þetta að sinni, en vil skjóta því til hv. nefndar, hvort hún geti ekki fallist á, að þessari umræðu sje frestað, og nefndin taki þá frv. til meðferðar á ný. Væri þá æskilegast, að nefndin bæri sig saman við fjárhagsnefnd Nd., og nefndirnar gætu orðið á eitt sáttar um breytingar á frv., þar sem nú er svo á liðið þingtímann og hætt við, að málið dagi uppi.

Frsm. (Hannes Hafstein): Jeg get fallist á, að málinu sje frestað, og tel þá rjettast að taka það út af dagskrá.

Fjármálaráðherra (S. E): Háttv. deild virðist yfirleitt taka illa á móti öllum þeim frv., er miða til þess að afla landssjóði tekna. En jeg hygg, að háttv. deild megi gæta allrar varúðar í því efni.

Jeg er ekki í neinum vafa um, að þessi tekjustofn, sem hjer er um að ræða, er einhver sá allra rjettlátasti, sem völ er á. Með því er lagður skattur á þá, er mestan gróða hafa haft á ófriðarárunum. Hygg jeg, að þessi skattur gæti gefið töluvert í aðra hönd. Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) fann það frv. til foráttu, að 1918 yrði greiddur skattur af gróðanum 1916. Svo hefir ætíð verið samkvæmt tekjuskattslögunum frá 1877, að skatturinn er greiddur 2 árum síðar en menn hafa hlotið þær tekjur, sem skattskyldar eru, og sje jeg ekki ástæðu til, að því verði breytt. Jeg get ekki fallist á, að lög þessi nái ekki til tekna á árinu 1916. Þetta ár, 1916, er eitthvert langtekjumesta árið. Mönnum ber saman um það, að stórgróðamenn sjeu færastir um að greiða skatta til landssjóðs, og virðist því ekki ósanngjart, að þeir, er grætt hafa 1916, greiði landssjóði skatt af þeim tekjum. Og þess ber að gæta, að hingað til hefir skatturinn verið mjög lítill á þeim, sem færastir eru um að greiða hann.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) óskaði, að málið væri tekið út af dagskrá. Jeg leyfi mjer að benda á, að nú er mjög svo liðið á þingtímann og búist er við, að þinginu verði lokið á laugardaginn kemur. Ef gera á miklar breytingar á frv. og fresta umræðunni nú, þá býst jeg við, að það verði til þess, að frv. nái ekki að verða afgreitt á þessu þingi. Jeg vil því eindregið leggja á móti því, að umr. verði frestað, enda geta menn

komið fram með brtt. sínar við 3. umr. (**M. T.**: Þá hafa menn þegar samþ. hinar einstöku greinar frv.) Brtt. má þá taka aftur nú og koma svo með þær við 3. umr. Enda hygg jeg, að frv. sje svo vel vaxið, að vel megi samþykkja það í þeirri mynd, sem það nú er í.

Jeg hefi bent á hjer í háttv. deild, að hagur landssjóðs er alls ekki góður. Lánstraust landsins hefir mjög verið notað. Tekjuhallinn í fjárlagafrv. 1918—1919 er alt að 1 miljón króna. Auk þess eru útgjöld í fjáraukalögunum, er nema um 300,000 kr. Á hinn bóginn er enginn vissa fyrir því, hvort tekjufrv. þau, er nú liggja fyrir þinginu, nái fram að ganga. Álít jeg því óhyggilegt að koma þessu eina frv. fyrir kattarnef, þar sem um langábyggilegasta tekjustofninn er að ræða.

Kristinn Daníelsson: Verði frv. tekið út af dagskrá og athugað af nefndinni á ný, vildi jeg áður koma fram með aths. við 4. gr. frv. Nefndin hefir í nál. látið þá skoðun sína í ljós, að ákvæði 12. gr. tekjuskattslaganna frá 1877, um skyldu embættismanna og annara opinberra starfsmanna til þess að láta skattanefndum í tje upplýsingar um eignir manna, nái einnig til stjórnenda banka og sparisjóða. Leggur nefndin til, að orðalagi 4. gr. frv. sje þannig breytt, að bert sje, að um skýringu á eldri lögunum sje að ræða, en ekki nýmæli. Jeg tel þennan skilning mjög vafasaman. 12. gr. nefndra laga getur að eins um embættislaun, skuldabrjef, hlutabrjef og annað því um líkt. En á innieign manna í bönkum og sparisjóðum er ekki minst. Enda hefir það áreiðanlega ekki verið skilið svo, að skylt væri að skýra frá innieignum í bönkum og sparisjóðum. Jeg hygg og, að varhugavert gæti verið að skylda banka og sparisjóði til að gefa slíkar skýrslur um innstæðufje, og það gengi ekki heldur jafnt yfir alla. Margar innieignir í bönkum eru ekki bundnar við nafn, heldur númer, og jafnvel bankastjórninni getur verið ókunnugt um eiganda þess fjár. Þetta er ekki svo ótítt. Enn fremur mættu menn vera við því búnir, að menn tækju fje sitt úr bönkum og sparisjóðum og kæmu því jafnvel á vöxtu erlendis. Hygg jeg því rjettast, að 4. gr. frv. verði ekki samþ. Hún er óþörf, ef svo er, sem nefndin heldur fram, að ákvæði þetta sje í raun og veru ekki nýmæli. En af því að jeg hygg, að ákvæði þetta gæti orðið til tjóns fyrir banka og sparisjóði, vildi jeg ekki láta hjá líða að gera þessa aths.

Magnús Torfason: Tillaga mín um að taka málið út af dagskrá nú er sprottin af því, að jeg óska, að málið nái fram að ganga. En jeg get ekki samþ. frv. í þeirri mynd, sem það liggur fyrir í, og jeg er sannfærður um, að háttv. deild muni ekki láta það frá sjer fara þannig.

Í frv. er gert feykilegt misrjetti milli verkamanna og framleiðenda, og hygg jeg, að það muni mælast illa fyrir. Í öðru lagi á þessi nýi skattur að verka eitt ár aftur í tímann. Til þessa veit jeg ekki nein dæmi áður.

Landssjóður verður að láta sjer nægja tekjuskattsgreiðslu á hverju ári, en það mætti segja, að stjórn og þing hefði verið hjer ofseint á sjer. Ef frv. þetta hefði verið borið fram hjer á þingi í vetur, þá hefði jeg getað trúað því, að það hefði fengið blásandi byr; þá voru atvinnuvegir landsins í blóma. En nú stendur öðruvísi á; nú er sjávarútvegurinn í kalda kolum, og þá er það óðs manns æði að leggja stórar byrðar á hann, ekki hvað síst þar sem jeg veit

ekki til, að þingið hafi fundið nein bjargráð til að efla hann.

Hið eina, sem hjer hefir verið gert fyrir sjómenn, er að þeir geta fengið rentulaust lán, en jeg hygg, að þegar þessum skatti er dembt á þá, þá greiði sjávarútvegurinn allháa vexti af því, og það verði þeim fulldýrt.

Jeg hugsaði mjer, að hjer ætti að vera skattur á alla landsmenn, virkilegur landsskattur, en svo er ekki, heldur beinist frv. beinlínis að »þorpurum« landsins og leggur skattinn á þá, og getur ekkert rjettlætt það. Þeir hafa tapað miklu fje í ár.

Þessir peningar yrðu blóðpeningar, og þeir mundu krefjast blóðhefndar á sínum tíma.

Jeg segi þetta að eins sem varnaðarorð.

Fjármálaráðherra (S. E.): Ef það er rjett, sem háttv. þm. Ísaf (M. T.) sagði, að hjer væri um blóðpeninga að ræða, þá skil jeg satt að segja ekki, hvernig á að leggja skatt á landsbúa. Hjer er um það eitt að ræða að leggja skatt á þá menn, sem mest hafa grætt á stríðinu, og það sje jeg ekki betur en sje rjettmætt í alla staði; það verða ekki fátæklingar í kaupstöðunum, sem þurfa að greiða þennan skatt.

Jeg hefi altaf verið á móti því, og er enn, að leggja almennan útflutningsskatt á sjávar- eða landbúnaðarafurðir, því að sá skattur lendir bæði á þeim, er mikið framleiðir, og hinum, er framleiðir svo lítið, að hann er ekki fær til skattgreiðslu. Slíkur skattur getur dregið úr framkvæmdum og er hættulegur. En það er alt annað að leggja skatt á þá, er safnað hafa eða grætt stórfje á þessum atvinnuvegum, og ef það er að taka blóðpeninga, þá munu þeir víðast vera.

Jeg vil benda á það, að það er ekki gott samræmi í orðum háttv. þm. Ísaf. (M. T.). Hann vill leggja skatt á þá, sem mest hafa grætt, en hann vill þó fella niður tekjuskatt fyrir árið 1916, það ár, sem öllum er vitanlegt, að landsmenn hafa grætt mest. En jeg hygg, að hið háa Alþingi gæti ekki hent meiri misskilningur heldur en ef það feldi niður tekjuskatt fyrir þetta ár.

Jeg á fjarska erfitt með að skilja það, þegar þessi hv. þm. (M. T.) var að tala um blóðpeninga í þessu sambandi, því að ekkert getur þó verið rjettara en að leggja skatt á þá, sem gjaldþol hafa, enda er það alment viðurkent. Og hverjir hafa betra gjaldþol en þeir, sem hafa mestar tekjur? Jeg verð að segja um mig, að jeg hefi nú síðasta ár haft tekjumikið embætti með höndum, og jeg kenni ekki í brjósti um sjálfan mig, þó að jeg verði að greiða þennan skatt; jeg er miklu færari til þess og það er ekki tilfinnanlegt fyrir mig. (M. T: En ef hæstv. ráðherra hefði tapað fje?). Slíkt getur altaf komið fyrir — og verður ekki fyrir öll sker synt. En einkum er þessi skattur rjettlátur nú, þar sem segja má, að margir hafi haft óeðlilegan gróða.

Jeg skal ekki segja um það, nema rjett kunni að vera að breyta einhverju í frv., t. d. að það sje rjett, að þeir, sem hafa tekjur af landbúnaði eða sjávarútvegi, greiði ekki skatt, ef tekjur þeirra nema ekki 2000 kr., en því má breyta til 3. umr.

Forseti bar undir deildina, hvort hún óskaði, að umræðunni væri frestað, og var það samþ. með 6:5 atkv., og umr. því næst frestað.

Á 54. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. sept., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 612, n. 815, 878, 884).

Magnús Torfason: Jeg óska ekki, að brtt. mínar verði bornar upp fyr en við 3. umr.

Halldór Steinsson: Brtt. mín má og bíða 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 815, 878. og 884. teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 612, n. 815, 878, 884, 902).

Ofskamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e hlj.

Halldór Steinsson: Jeg skal taka það fram, að jeg ætla ekki að gera grein fyrir afstöðu nefndarinnar til þessa máls fyr en jeg hefi heyrt ástæðurnar fyrir brtt.

Magnús Torfason: Frv. þetta fer fram á hinn langhæsta beina skatt, sem komið hefir til mála að leggja á menn hjer á landi. Og eins og vjer vitum eru beinu skattarnir langsárastir, og eigi sjer þar eitthvað órjettlæti stað, þá kemur það langharðast niður. Þess vegna er ástæða til að vanda vel til þeirra, en demba þeim ekki á þjóðina lítt athuguðum.

Fyrsta brtt. mín fer fram á að hækka lágmark fjárins, sem skattskylt er, úr 1000 kr. upp í 2000 kr., og á að gilda jafnt fyrir alla, en ekki ætlast til þess, að landbúnaður og sjávarútvegur sjeu undanskildir. Jeg leit svo á, að nú í dýrtíðinni væri sjálfsagt að láta alla njóta þessara hlunninda, sjerstaklega verkamenn; því að 2000 kr. kaup á þessum tímum nemur ekki meiru en 1000 kr. fyrir 40 árum, þegar lög þessi voru sett. Þetta kemur líka heim við það, að í Danmörku er veitt dýrtíðarhjálp þeim mönnum, sem hafa ekki yfir 1950 kr. tekjur. Þar er litið svo á, að þessir menn sjeu hjálparþurfar. En ef frv. það, sem hjer liggur fyrir, verður samþ., þá er ætlast til, að þeir greiði skatt, sem síst mega við því. Jeg vænti því þess, að hv. deild verði mjer samtaka um að breyta þessu.

Önnur brtt. er afleiðing af þessari.

Um 4. gr. er það að segja, að lagt er til, að hún falli burt, með því að hún virðist óþörf, sjerstaklega ef samþyktar eru tillögurnar um að rýmka vald skattanefnda.

Í 4. brtt., sem á við 5. gr, er farið fram á að rýmka valdsvið skattanefnda. Er hjer með breytt grundvelli gamla fyrirkomulagsins. Má heita, að skattanefndirnar verði nokkurskonar niðurjöfnunarnefndir.

Loks er 5. brtt, þar sem farið er fram á það, að yfirskattanefndirnar hafi meira vald til þess að láta til sín taka og hafi eftirlit með því, að skattanefndirnar gegni skyldu sinni.

Með 6. brtt. er það lagt til, að orðin »og ganga ríkt eftir rjettu framtali« falli burt. Þessi brtt. er í samræmi við brtt. mína um að fella það ákvæði í 5. gr. frv., að skattanefnd geti, ef henni finst ástæða til, látið framteljanda staðfesta framtal sitt með eiði eða drengskaparheiti fyrir dómi. Jeg lít svo á, að þetta ákvæði ætti að nota eins sjaldan og unt er. Vjer verðum að athuga það, að það er stundum ekki fjárráðandinn sjálfur, sem telur fram, heldur einhver undirmaður hans, og það gæti komið sjer illa, að þessir menn væru

píndir til að vinna drengskaparheit, enda ætti ekki að þurfa að koma til þess, ef brtt. um rýmkun valdsviðs skattanefnda verður samþykt.

Þá kemur ný grein, um þóknun til skattanefnda og yfirskattanefnda. Þar er farið fram á, að báðar nefndirnar hafi sömu þóknun sem sýslunefndarmenn. Samkvæmt gömlu lögunum áttu yfirskattanefndarmenn að fá sömu þóknun fyrir störf sín sem sýslunefndarmenn hafa, samkv. 33 gr. tilskipunar frá 4. maí 1872. En sú grein er numin úr gildi með sveitarstjórnarlögunum 1905, og er hjer því glompa á lögunum, að minsta kosti mjög mikið vafamál, hvort heimilt er að greiða yfirskattanefndarmönnum dagpeninga. En þar sem hjer er lagt þyngra og ábyrgðarmeira, og þar að auki vanþakklátt, verk á skattanefndirnar, virðist sjálfsagt, að þeim sje greitt kaup, enda er verkamaðurinn verður launanna.

Þá er 5. brtt, sem er um það, um hvert leyti árs skattaskrárnar skuli samdar. Þessi brtt. er gerð í því skyni að færa skattárið fram um 1 ár. Eftir gömlu lögunum átti að heimta tekjuskattinn á þriðja ári eftir að tekjurnar fjellu. En þetta ákvæði er mesta ólán. En þar sem nú er um nýjan skatt að ræða, virðist óhæfa, að hann nái aftur í tímann. Jeg hefi leitað fyrir mjer í lögum um þetta efni og ekki fundið neitt dæmi þess, að skattur nái lengra aftur en það ár, sem lögin eru sett. En það eru gömlu lögin, sem valda þessu. Með þessum nýja skatti væri annars tekið gjald af mönnum löngu eftir að þeir hafa ráðstafað fje sínu. Hjer er því verið að fara aftan að mönnum. En menn eiga rjett á að vita, er þeir gera upp búreikninga sína, hverju verður dembt á þau fyrirtæki, sem þeir hafa með höndum. Enda hefir þingið, jafnvel í smáatriðum, gætt þess, að skatturinn nái ekki aftur í tímann.

Og sjávarútvegurinn, er hjer verður verst úti, er stopull atvinnuvegur, eins og best hefir sjest á þessu ári. Er því vafasamt, hvort nokkurt vit er í því að leggja annan eins skatt og hjer um ræðir á þennan atvinnuveg, og það því fremur sem útvegurinn þarf afarmikið fje til rekstrar, — nauðsynlegt, að fjársterkir menn standi að honum.

Nú er að vísu svo fyrir þakkandi, að einstaka útgerðarmenn eru orðnir allefnaðir. En hins vegar ber á það að líta, að á síðari árum hafa margir efnalitlir menn ráðist í útgerð í stærri stíl. Græddu sumir þeirra vel árið 1916. En þessir framtakssömu áhugamenn vörðu þeim gróða til þess að auka útgerðina. En svo kom þetta hörmungarár, og margir hafa nú tapað því, er þeir græddu í fyrra, eða freklega það, og er undir hælinn lagt, hvort sumir þeirra hafa ekki goldið það afhroð, að þeir verði að hætta útgerðinni.

Þessi skattur mundi því verða til þess að auka tjón þessara manna, úr því sem komið er. Vona jeg, að háttv. deild sje svo sanngjörn, að hún sjái, að þetta nær ekki nokkurri átt. Það er mælt, að betra sje að 10 ranglátir sleppi en 1 rjettlátum sje hegnt, og hið sama ætti að sjálfsögðu að vaka fyrir háttv. Alþingi.

Það var kallað til mín úr deildinni, að tillögur mínar, er jeg skýrði við síðustu umræðu, án þess að þær væru þá komnar fram, færu fram á að hlífa stórbokkunum. Jeg hugði, að jeg hefði ekki komið svo fram í lífi mínu, að ástæða væri til að bregða mjer um það, að jeg hjengi aftan í auðmönnum þessa lands. Enda vill svo til, að stór-auðmennirnir losna ekki við skattinn eftir brtt. mínum. Það eru, þar sem jeg þekki

til yfirleitt, að eins hinir ungu og áhugasömu menn, sem tapað hafa á þessu ári, er sleppa við hann. Það eru ekki fyrst og fremst stórauðmennirnir, sem hrundið hafa áfram sjávarútveginum. Til skilningsauka vil jeg geta þess, að hefði árið 1917 verið jafnarðsamt og árið 1916, mundi enginn hafa haft á móti þessum brtt. En nú vilja sumir ekki með nokkru móti sleppa árinu 1916. Jeg vil segja það, að því meiri óáran sem nú er, því fremur er ástæða til að sleppa árinu 1916, nema menn finni ráð til að aðgreina þá, sem grætt hafa 1916 og ekki tapað 1917.

Jeg er í engum vafa um, að frv. verður feykimikil tekjulind fyrir landssjóð. Og sjerstaklega verður þetta gífurlegur skattur, ef miðað er við þá beinu skatta, sem hingað til hafa verið lagðir á menn. Jeg hefði haldið, að þeim, sem vilja demba skattinum yfir nokkurn hluta þjóðarinnar, hefði verið hyggilegra að fara ekki svona freklega í þetta mál nú í fyrstu, svo að skatturinn hefði ekki sætt jafnákveðum mótmælum frá þeim, er hann eiga að greiða. Það væri eðlilegra, að þeir, sem eiga að greiða skattinn, fengju að leggja orð í belg. Nú eru bændur að leggja skatt á sjávarmenn og kaupstaðarbúa, og ættu þeir þá ekki að virða álit þeirra alveg vettugi. Og ef ætti að byggja framtíðarlöggjöf á þessu, væri hyggilegra að ríða ekki svona geist úr hlaði. Þetta mundi valda atvinnurig milli bænda og kaupstaðarbúa. Sá rígur myndi verða þjóðinni til ómetanlegs tjóns, og sje jeg ekki annað skaðvænna en að ala á slíku. En ef frv., þannig lagað, gengur fram í þessari mynd, verður ekkert fremur til að ala á rígnum.

Því hefir verið haldið fram, að sjávarútvegurinn væri hjálparþurfi, en frv. minkar að miklum mun burðarþol þeirra kjördæma, sem mundu greiða mikinn hluta skattsins. Hjer í landi er skattur, sem heitir útsvar. Með þessum skatti geta kaupstaðir og sjávarþorp látið gjöldin koma rjettlátlega niður á þeim, sem grætt hafa, og nægar holur eru fyrir skattþol í kaupstöðum. Það er enginn vafi á því, að niðurjöfnunarnefndir og bæjarstjórnir hafa ár frá ári lært betur að nota þetta burðarþol. Er því ekki hætt við því, að stórgróðamenn fái ekki að bera sinn hluta gjaldanna.

Jeg vil beina nokkrum orðum til hæstv. fjármálaráðherra (S. E.). Það er eðlilegt og hefir altaf tíðkast, að góðir fjármálaráðherrar hugsi sem mest um að fylla þá sjóði, sem þeir eiga yfir að ráða. Það er einkenni þeirra um heim allan. Hygg jeg, að deildin þurfi ekki að taka mjög mark á síðustu ræðu hans (S. E.). Þetta segi jeg honum alls ekki til miska, því að skiljanlegt er, að hann neyti allra bragða til þess að auka tekjur landssjóðs. En jeg er hræddur um, að það sje ekki alveg laust við það, að hann sjái rautt í þessum skattamálum. Við verðum að athuga það, að í neyðarárum verður að fara ákaflega varlega í að bæta við nýjum sköttum og sjá um, að þeir komi rjettlátlega niður. — Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) er þegar búinn að fá nokkra tolla; hann er búinn að fá samþykt lög um hærra burðargjald, aukinn toll af tóbaki, aukið vitagjald, og var það ekki mjer að kenna, að það varð ekki hærra, og loks fjekk hann Kínann í gær, þótt það væri vitaskuld ekki með hans góða vilja. Jeg hefði þess vegna litið svo á, að þar sem þingið hefir samþykt þessar tollaukningar, þá hefði það átt að hafa ráð á því að fara sæmilega með þetta mál og gæta allrar rjettsýni.

Karl Einarsson: Jeg á hjer dálitla brtt. á þgskj. 902.

Jeg lít svo á þessi skattafrv., sem komið hafa fyrir þessa háttv. deild, sem þau hafi verið lítt undirbúin, enda hafa þau öll komið frá einstökum þingmönnum, og því ekki von, að þau hafi verið grannskoðuð.

Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er þó, að mjer virðist, eftir eðli sínu það langskársta af þeim öllum. Það gengur í þá átt að reyna að auka tekjur landssjóðs, þar sem líkindi eru til, að það skaði minst hvern einstakan. Eitt atriði verð jeg þó að telja varhugavert í frv., eins og það nú liggur fyrir, það, að innheimta skuli á næsta vori skatt af tekjum manna fyrir árið 1916 eftir þessum lögum.

Þetta álít jeg mjög varhugavert, því að það er öllum kunnugt, að árferðið í ár hefir verið mjög misjafnt, sem sje að því er sjávarútveginn snertir, og gengið mjög misjafnt yfir; allflestir hafa tapað á síldarútveginum, nokkrir staðið í stað, en mjög fáir hafa haft nokkurn arð. Jeg álít, að þetta sje svo mikilsvert atriði, að jeg mun ekki geta fylgt þessu frv., ef brtt. mín nær ekki fram að ganga, en hún fer í þá átt, að skattur samkvæmt lögum þessum verði fyrst innheimtur árið 1919, af tekjum manna fyrir árið 1917. Það er áreiðanlegt, að ef skattur verður innheimtur á næsta vori af tekjum manna fyrir árið 1916, þá verður tekinn skattur af tekjum, sem eru tapaðar, og miklu meira; það er, með öðrum orðum, að sumir hafa tapað miklu meiru en tekjurnar námu.

Loks skal jeg benda á það, að lög þessi hafa mikinn tekjuauka í för með sjer, þótt árinu 1916 yrði slept, en verði brtt. mín samþykt, verður því ári algerlega slept úr, en það er líka annað unnið við það, að stjórn og þing fær ef til vill tækifæri til að endurskoða lögin og lagfæra þá agnúa, sem á þeim eru, og ef aukaþing verður á næsta sumri, þá má leiðrjetta þessa agnúa, og þótt lögin sjeu þá ekki komin til fullra framkvæmda, þá verður þó farið að starfa eftir þeim, svo að vænta má, að agnúar á þeim verði þá að miklu leyti komnir í ljós, ef þeir er einhverjir.

Halldór Steinsson: Af því að frsm. nefndarinnar (H. H.) er ekki viðstaddur, vildi jeg, sem einn nefndarmaður, lýsa afstöðu nefndarinnar til þessa máls og þeirra brtt., sem hjer liggja fyrir.

Jeg á hjer brtt. á þgskj. 878, og þó að nafn mitt eitt standi undir þeirri brtt., hygg jeg þó, að mjer sje óhætt að segja, að hinir aðrir nefndarmenn sjeu mjer sammála. Sú brtt. fer fram á það, að lægsta upphæð, sem skattur greiðist af, sje eins og eftir lögunum frá 1877, þar sem farið er fram á það, að lægsta upphæð skuli vera 1000 kr. Eins og það er rjettlát stefna, að landbúnaður og sjávarútvegur skuli ekki vera undanþegnir skatti, frekar en aðrir atvinnuvegir, eins er það líka sjálfsagt, að sú upphæð, sem skattur greiðist af, skuli vera hin sama fyrir allar stjettir landsins. Jeg verð að segja það, þótt jeg yfirleitt hafi verið á móti skattafrv. og tollllögum á þessu þingi, að ef nokkurt tekjufrv. miðar í rjetta átt, þá sje það þetta. Hjer er farið fram á að taka tekjurnar þar, sem tekjur eru fyrir, en ekki jafnt af fátækum sem ríkum, eins og kemur fram í öllum hinum frv. Sem sagt, nefndin leggur til, að frv. sje samþykt orðrjett og óbreytt, nema þessi brtt., sem er á þgskj. 878.

Þá vil jeg lítillega snúa mjer að brtt. þeim, er hjer liggja fyrir. Skal jeg þá byrja á brtt. háttv. þm. Ísaf. (M. T.).

Það er þá fyrst 1. brtt. hans, við 2. gr. frv. Hann vill halda því fram, sem

nefndin leggur til að sje felt burt, að lægsta upphæð, sem skattur sje greiddur af, sje 2000 krónur, en sje fært úr 3. gr. í 2. gr. Það liggur í augum uppi, eins og jeg hefi áður tekið fram, að nefndin getur ekki verið með því.

Þá er 3. brtt., við 4. gr. Hana vill háttv. þm. (M. T.) fella niður. En þessi grein fer fram á það, stjórnendur banka og sparisjóða skuli skyldir til að láta skattanefndum upplýsingar í tje um inneign manna og annað þess háttar. Jeg sje ekki, að nein ástæða sje til þess að fella greinina niður, því að þótt menn skilji lögin frá 1877 svo, að þessi heimild sje fyrir hendi, þá er ekkert á móti því að láta þess getið, að ákvæðið nái til þessara manna, einmitt af því, að þessi ákvæði laganna frá 1877 hafa ekki verið notuð, þótt ef til vill megi skilja það svo, að það hefði átt að beita þeim.

Í 4. brtt. háttv. þm. (M. T.) er aðalkjarninn. Það er sú breyting, sem gerir það að verkum, að ef frv. verður samþykt þannig, verður það í alla staði óaðgengilegt. Hún fer fram á, að skatti af tekjum ársins 1916 sje slept. Jeg hygg, að háttv. þm. (M. T.) hafi ekki gert sjer það verulega ljóst, áður en hann kom með þessa brtt., að ef árinu 1916 er algerlega slept við allan skatt, þá væri betra að hafa aldrei komið með þetta frv. og láta lögin frá 1877 halda sjer, því að það veit háttv. þm. (M. T.), að skatturinn af árinu 1916 verður eins mikill og sennilega meiri en af árunum 1917 og 1918 til samans. Allir vita, hvernig árið 1917 hefir brugðist, og ef stríðið heldur áfram, þá er líklegt, að það gefi ekki miklar tekjur. Þess vegna er betra að fella frv. en að samþykkja það með þessari breytingu.

Þá er 6. brtt. háttv. þm. (M. T.), við 6. gr. frv. Hann vill fella niður orðin »og ganga ríkt eftir rjettu framtali«. Jeg skil ekki, hvað honum gengur til þess að láta ekki beita fylsta valdi, sem lögin heimila í þessu efni; jeg hygg, að ekki hafi verið fylgt svo skörulega fram framkvæmdum skattalaganna hingað til, að það veitti af því, að þetta ákvæði fengi að standa í lögunum. Og að síðustu fer háttv. þm. (M. T.) fram á það, að skattanefndum verði borgað fyrir starf sitt. Það er að vísu sanngjarnt, en, eins og mjer er kunnugt um, hefir þetta starf skattanefnda ekki verið svo yfirgripsmikið, að það sje ástæða til að vera að launa þeim, frekar en t. d. hreppsnefndum, sem vinna alt endurgjaldslaust.

Þetta eru helstu brtt. háttv. þm. Ísaf. (M. T.). Þær eru svo vaxnar, að jeg vil miklu heldur, að frv. verði felt, heldur en að það verði samþykt með þeim, því að þær miða að eins til þess að svifta landssjóð þeim tekjum, sem hann annars myndi hafa, ef gömlu lögin fengju að halda sjer.

Þá er ein brtt. frá háttv. þm. Vestm. (K. E.). Verð jeg að segja, að það er ólíkt meira vit í henni. Hún fer ekki fram á að skilja undan árið 1916, en að skattur af því ári skuli greiðast eftir núgildandi lögum. Það er óhætt að segja, að það er meira vit í þeirri till., en hins vegar finst mjer, að ef á að fara að breyta frv. í þá átt, þá held jeg, að þær tekjur, sem frv. gefi landssjóði, verði svo litlar, að það verði varla þess vert að samþykkja frv.

Jeg gleymdi áðan að geta þess, að nefndin á brtt. á þgskj. 815, og stendur þannig á, að ef brtt. mín verður samþ., þá fellur 1. brtt. nefndarinnar; 2. brtt. er orðabreyting, og 3. brtt. er meinlítil,

fer fram á, að 9. gr. frv. falli burt, vegna þess, að nefndin leit svo á, að hún væri óþörf.

Jeg skal svo ekki segja meira um þetta mál að svo stöddu.

Eggert Pálsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka til máls, áleit nægilegt að greiða atkvæði með ýmsum brtt., sem fyrir liggja, en það var eitt atriði í ræðu háttv. þm. Ísaf. (M. T.), sem kom mjer til að standa upp, það, að hann virtist gefa það í skyn, að frv. þetta ætti rót sína að rekja til bændastjettarinnar hjer á þingi; væri það fram komið af því, að þeir litu ofsjónum til sjávarmanna og kaupstaðarbúa. Þetta vildi jeg leiðrjetta. Fyrst og fremst má háttv. þm. (M. T.) vera það kunnugt, að frv. þetta er ekki fram komið frá bænda hendi, heldur frá öðrum. (**M. T.**: 1. þm. Skagf. (M. G.) og þm. V.-Sk. (G. Sv.). Frv. þetta á upptök sín í fjárhagsnefnd Nd., og þar eiga ekki frekar sæti bændur en aðrir, og frá því sjónarmiði skoðað er það algerlega rangt að eigna bændum þetta frv. frekar en öðrum þm. Einnig er á það að líta, að þetta frv., þegar á það er litið í heild sinni, ber þess engan vott, að það ráðist á eina stjett fremur annari; mjer virðist, að allir standi jafnt að vígi í þessu frv., ekkert vera undanskilið, hvorki einstakir menn nje einstakar stjettir manna. Hitt er annað mál, þótt skatturinn komi til að hvíla þyngra á einni stjett en annari. Það liggur að eins í því, að hún ber meiri tekjur frá borði.

En þar sem háttv. þm. (M. T.) skaut því fram, að sjer þætti það mjög leitt, að ríkur ætti sjer stað á milli landbúnaðarmanna og sjávarútvegsmanna, þá hygg jeg, að ef hann hefði mælt þetta af heilu brjósti, þá hefði hann síst átt að rísa svo öndverður upp gegn þessu frumvarpi, með því að hjer gætir ekki neins ríks í þessu frv., heldur gerir það öllum jafnt undir höfði. En að rísa upp með ákafa og ónotum til sveitamanna, út af þessum sanngjarna skatti, það getur orðið til þess að skapa eða glæða ríginn, ef hann er fyrir.

Hvað frv. snertir, þá er jeg þeirrar skoðunar, að það sje helsti seint fram borið, en það er með þetta eins og annað, að »betra er seint en aldrei«. Það er hörmulegt til þess að vita, að við höfum ekki sjeð við þessu áður en svona er komið. Jeg hygg, að flestar stjórnir hafi sjeð það ráð vænst að reyna að ná í, með hækkuðum tekjuskatti, eitthvað af þeim gróða, sem einstaklingarnir hafa haft á fyrstu árum stríðsins, en við höfum einir ekkert um það hirt. En þó að þetta hafi verið vanrækt hingað til, þá álít jeg ekki ástæðu til að draga það von og úr viti, svo að við getum loks alls ekkert fengið í landssjóðinn, er sannarlega þarfnast einhverra tekna, til jafnvægis þeim útgjöldum, er stríðið knýr hann til að inna af hendi. Þess vegna ber að greiða atkvæði þessu frv., þótt seint sje, til þess að ekki lendi alt í vandræðum. Og ekki er það helsta ráðið að vera að fleyga þetta frv. með næstum óskiljanlegum breytingum, eins og háttv. þm. Ísaf. (M. T.) hefir gert. Og ef þær brtt. verða samþyktar, þá er það sýnilegt, að frv. verður með öllu ónotanlegt.

En það er langt frá mjer að halda því fram, að það hafi verið tilgangur háttv. þm. (M. T.). En jeg segi, að ef svo færi, að brtt. háttv. þm. (M. T.) verði samþyktar, þá yrði það málinu að falli.

Þess vegna verður hver sá maður, sem vill koma málinu í höfn, að greiða atkvæði með till. fjárhagsnefndar, og þar til heyrir brtt. háttv. þm. Snæf. (H. St.).

Það eitt getur bjargað málinu, að það eyðileggist ekki í höndum þingsins og verði því jafnvel til meiri minkunar en þótt engin tilraun hefði verið gerð í þessa átt, sem frv. fer.

Magnús Kristjánsson: Það verður líklega með þetta mál eins og fleiri, að það verður til lítils fyrir þessa háttv. deild að reyna að koma fram með umbótatilraunir, því að mjer þykir líklegt, að það verði að engu haft og drepið í Nd.; við höfum sjeð svo mörg dæmi þess, að þótt margt hafi verið til bóta, sem hjer hefir verið gert, þá hefir það ekki orðið að liði, og býst jeg við, að eins verði með þetta.

Gallar á frv., eins og það kom frá Nd., stafa auðvitað af því sjerstaka ástandi, sem nú á sjer stað, og voru þeir ekki fullkomlega sjáanlegir þegar málið var fyrst til meðferðar. Þær erfiðu kringumstæður, sem hafa steðjað á sjávarútveginum, gera það algerlega óverjandi að ætlast til þess, að þessi lög verki aftur fyrir sig og nái til ársins 1816. Þetta verður maður fyrst af öllu að gera sjer ljóst. Jeg skyldi ekki hafa lagt eitt orð í móti þessu frv., ef svo hefði farið, að þeir menn, sem rekið hafa þennan atvinnuveg, hefðu grætt á honum, en þegar það ætti að vera hverjum manni ljóst, sem nokkurt reikningsvit hefir, að þeir hafa tapað miklu meiru síðan en þeir greiddu árið 1916, þá vona jeg, að það sje hverjum manni ljóst, að slíkt verður að taka til greina. Og það er ekki nóg með, að þeir hafi tapað á þessu ári, heldur liggur það svo fyrir, að það eru mestar líkur til þess, að þeir menn geti orðið fyrir stórtjóni á komandi ári. Það er ekki nóg með, að þessir menn hafa orðið að kaupa ógrynnin öll af vörum, sem þeir ætluðu að nota á þessu ári, en þeir verða að liggja með, af því að aflinn brást, verða að liggja með það til seinni ára, heldur er það nokkurn veginn gefinn hlutur, að verðfall á þessum vörutegundum getur bakað þeim stórtjón. Þessi yfirvofandi hætta rjettlætir það, að brtt. á þgskj. 884 eru komnar fram.

Það væri rjettast af þessari háttv. deild að breyta málinu í það horf, sem hún álítur rjettast, hvernig svo sem háttv. Nd. fer með það á eftir. Það virðist svo, að þeir menn, sem lítinn kunnugleika hafa á þessum atvinnurekstri, ímyndi sjer, að það sje svo afarmikill og ljetttekinn gróði á honum, en menn verða að gá að því, að þessi atvinnuvegur verður ekki rekinn nema með svo afarmiklu fje. Flestir menn, sem byrja að gera út botnvörpungar og mótorskip til síldveiða, verða að taka allan sinn höfuðstól að láni, og það gefur að skilja, að þessi gróði verður fyrst og fremst að ganga til þess að afborga þetta lánsfje. Ef svo slæm ár koma fyrir, áður en búið er að borga nokkuð verulegt af þessu lánsfje, hvað skeður þá? Það, að eignin, sem menn hafa keypt fyrir lánsfje, fellur í verði, svo að menn eru engu betur staddir en þegar þeir byrjuðu.

Jeg vona, að allir geti skilið það, að þeir menn, sem nú, þessi síðustu ár, hafa lagt í stórfenglegan kostnað til atvinnurekstrar, muni að minsta kosti ekki vera betur staddir en þegar þeir byrjuðu á honum, sem þeir gerðu sjer von um góðan arð af. Þá get jeg ekki sjeð, að það nái neinni átt, þótt lítilfjörlegur gróði hafi orðið fyrri árin, ef tap hefir aftur orðið seinni árin, að láta þessi lög koma til að verka aftur fyrir sig. En það má segja, að till. háttv. þm. Vestm. (K. E.) geti bætt úr þessu, ef hún yrði samþ., og verð jeg að segja fyrir mitt leyti, að eins og nú er ástatt þá er mjer næst skapi að gefa henni atkv. mitt.

Þá miða einnig brtt. háttv. þm. Ísaf. (M. T.) til bóta. Svo er t. d. um 1. brtt., við 2. gr. Hana tel jeg sjálfsagt að samþykkja, svo og brtt. við 3. gr., sem er sama eðlis og brtt. háttv. þm. Snæf. (H. St.) á þgskj. 878. Jeg tel það skifta minstu máli, hvor þeirra er samþ. Deila má um 4. og 5. brtt., hvort þær eru aðgengilegri en frumvarpsgreinarnar sjálfar. En annars eru ýms ákvæði í brtt. háttv. þm. Ísaf. (M. T.) til verulegra bóta. Háttv. þm. Snæf. (H. St.) þótti óþörf 6. brtt., en svo er ekki, því að með henni er komið í veg fyrir óþarfa upptuggu í frv.

Jeg tel svo ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta mikið, en vona, að háttv. þingdm. skilji, hver mín skoðun er. Hún er í fáum orðum þessi. Það hefði verið verjandi að samþ. þetta frv., ef þessi sjerstaka óáran hefði ekki komið fyrir, sem veldur því, að lögin hljóta að koma afarþungt niður á þeim, sem ætlast er til, að þau nái sjerstaklega til. Ef háttv. þingdm. gera sjer þetta ljóst, þá er óhjákvæmilegt fyrir þá að samþ. annaðhvort brtt. háttv. þm. Ísaf. (M. T.) eða brtt. háttv. þm. Vestm. (K. E.). Þeir geta valið, hvorar þeir fella sig betur við. Viðvíkjandi ummælum háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) hefi jeg það að segja, að jeg hygg þau stafa af því, að hann hafi ekki kynt sjer málið nógu rækilega. Jeg hefi aldrei þekt hann að því að vilja beita ósanngirni, en það gerir hann, ef hann samþ. frv. óbreytt. Og jeg er þess fullviss, að hann sjer eftir því síðar, við nánari athugun, því að þó að frv. verði breytt talsvert, þá geta lögin haft sitt gildi, þegar þetta ástand er hjá liðið. Mikil von er til þess, að talsvert verði farið að rætast úr 1918, og enn meiri von 1919. En ef frv. yrði nú samþ. óbreytt, þá væri það þinginu til vansæmdar, því að það gerði sig þá sekt í óverjandi rangsleitni.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi í raun og veru gert grein fyrir afstöðu minni til málsins við 2. umr., og get því verið stuttorður í þetta sinn.

Jeg skal játa það, að erfitt er að finna tekjustofn, sem allir eru ánægðir með. Og jeg skal enn fremur játa það, að jeg hefi ávalt verið mótfallinn skatti á atvinnuvegina sjálfa, sjerstaklega landbúnaðinn og sjávarútveginn, því að það getur orðið til þess að draga úr framleiðslunni. Þetta hefi jeg oft sagt áður hjer í þinginu. En það er einn tekjustofn, sem jeg hefi ávalt haldið fram að væri rjettlátur, og það löngu áður en jeg tók við embætti því, sem nú gegni jeg. Mjer hefir ávalt fundist sjálfsagt að leita teknanna hjá þeim mönnum, sem hafa borið eitthvað verulega úr býtum eða grætt mikið. Jeg fæ ekki sjeð, að fundinn verði neinn rjettlátari tekjustofn en þessi. Um þá mótbáru, að hjer sje lagður sjerstaklega skattur á kaupstaðina, er það að segja, að hún fær ekki með nokkru móti staðist. Því að eftir frv. á að taka skattinn af mönnum, hvort sem þeir hafa stundað sjávarútveg, landbúnað eða eitthvað annað. Og aðgætandi er það, að í kaupstöðum eru einmitt flestir þeirra manna, sem alveg mundu sleppa við skattinn. Þar eru flestir verkamennirnir og efnalitlir menn, sem vitanlega mundu sleppa algerlega. Það er því harla einkennilegt að vitna í kaupstaðina og fátæklingana þar, til þess að velta þessu frv. Og skoðun mín er sú, að ef þetta væri borið undir kaupstaðarbúa, þá hygg jeg, að stórkostlegur meiri hluti þeirra væri sammála um, að rjett sje að leggja helst skatta á þá, sem mestan gróða hafa borið úr býtum. Enda er sannleikurinn sá, að með öllum þjóðum um allan heim er nú leitast við að ná tekjunum hjá þeim, sem stórgróðamenn eru. Jeg er því ekki í minsta

vafa um, að grundvöllur frv. er alveg rjettur. Hitt skil jeg vel, að stórgróðamennirnir sjálfir vilji gjarnan komast hjá því að greiða þetta af hendi. Það er í sjálfu sjer ekki nema mannlegt.

Sú sjerstaka ástæða hefir verið færð á móti frv., að árið 1917 hafi verið svo erfitt fyrir atvinnuvegina, að menn sjeu þess vegna ekki færir um að gjalda þennan tekjuskatt. Jeg skal ekki neita því, að nokkuð er hæft í þessu, en þó hygg jeg, að árið 1916 hafi mjólkað svo vel, að hjer sjeu nú orðnir margir rótgrónir gróðamenn, sem eru fastir fyrir, þótt eitthvað á bjáti. Og ekkert virðist eðlilegra en að leggja á þá skatt. En jeg furða mig stórlega á því, að jafnvitur maður og háttv. þm. Ísaf. (M. T.) skuli koma með brtt. um að sleppa skattinum frá tekjumesta árinu, sem nokkru sinni hefir yfir þetta land gengið.

Jeg verð að kannast við það, að ekki er óhugsandi, að einstaka maður geti orðið nokkuð hart úti, ef þetta frv. verður að lögum. En svo er í rauninni um allar skattaálögur. Það er ómögulegt að synda fyrir öll sker í þessu efni, en þó dettur engum manni í hug, að fyrir þá sök eigi að afnema alla skatta.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) bar fram þá ástæðu í þessu sambandi, að þetta frv. gæti orðið til þess að ala á atvinnuríg milli sveita og kaupstaða. Jeg get ekki með nokkru móti fallist á, að þetta sje rjett. Eins og frv. ber með sjer nær það til allra landsmanna, sveitamanna sem annara. Hins vegar vil jeg leyfa mjer að benda á, að nú er hjer í deildinni frv. á ferðinni um að selja mönnum kol undir ákvæðisverði, og er búist við, að það komi kaupstöðunum sjerstaklega að gagni. Jeg get lýst yfir því strax, að jeg er því máli fylgjandi. Er það hvorttveggja, að þetta er nauðsynjamál mikið, og hins vegar er ótækt, að sífelt sje haldið á metaskálunum og vegið, hvort þessi og þessi ráðstöfun komi einum landshlutanum meir að gagni en öðrum. Jeg er hræddur um, að kaupstaðarbúar muni margir eiga erfitt uppdráttar í vetur, og er sjálfsagt að hlaupa að einhverju leyti undir bagga með þeim. Og það verð jeg að segja, að jeg skil betur, ef haldnir væru borgarafundir í þessum bæ til þess að krefjast eldiviðar eða til þess að ráða fram úr húsnæðisleysinu, heldur en til þess að mótmæla því, að slíkar varúðarráðstafanir verði gerðar eins og t. d. að fresta skólahaldinu um tíma.

Eins og menn munu nú skilja af því, sem jeg hefi tekið fram, þá mun jeg greiða atkv. á móti 4. og 5. brtt. hv. þm. Ísaf. (M. T.) á þgskj. 884. Að því er snertir brtt. við 2. gr., þá sje jeg mjer ekki heldur fært að samþykkja hana, enda mundi það rýra tekjurnar talsvert, ef hún næði fram að ganga. Sama er að segja um 2. brtt., því að þó að ef til vill sje ástæða til endurskoðunarinnar, þá er það naumast hægt nú. Þá er 3. brtt., við 4. gr., um að fella það burt, að bankar og sparisjóðir sjeu skyldir til að gefa upp innieignir manna. Jeg verð einnig að vera á móti þessari brtt. Mjer vitanlega er þetta víða gert í nágrannalöndunum. Svo er t. d. í Danmörku. En ef þessu ákvæði væri slept, þá er hætt við, að tekjur kæmust undan, sem rjettmætt væri að skattur greiddist af.

Að lokum vil jeg minna á, að nú eru ekki nema örfáir dagar eftir af þinginu, og er hætt við, að frv. nái alls ekki fram að ganga, ef gerðar eru verulegar breytingar á því hjer í þessari háttv. deild. En ef frv. nær ekki fram að ganga, þá verður ekki sagt, að tekjuaukarnir sjeu miklir, sem þetta þing samþykkir, en hætt er við, að útgjaldaliðirnir reynist drjúgir. Loks skal jeg lýsa yfir því, að jeg greiði atkv. á móti

brtt. hv. þm. Ísaf. (M. T.) en með brtt. nefndarinnar. Vona jeg, að hv. deild lofi frv. að ganga fram og felli þær brtt., sem gera það gagnslaust.

Kristinn Daníelsson: Mig langar til þess að gera stuttlega grein fyrir atkv. mínu, þó að jeg hafi ekki neitt sjerlegt að segja, sem hefir ekki áður verið minst á, því að oft getur þó verið ástæða til þess að undirstrika orð, sem þegar hafa verið sögð, til áherslu og skilningsauka. Jeg vil taka það afdráttarlaust fram, að jeg álít, að þetta frv. megi ekki með nokkru móti verða að lögum, eins og það er nú orðað. Og skal jeg nú reyna að færa til nokkur rök, þessari skoðun til stuðnings.

Minst hefir verið á það atriði í frv., að sparisjóðir og bankar sjeu skyldir að gefa upp innieignir manna. Það má ef til vill segja, að þetta sje ekki afarmikilsvert atriði, en jeg vil þó minna á eitt í því sambandi, sem hv. framsm. (H. H.) gat ekki neitt um. Þessum innieignum er sem sje oft svo farið, að bankastjórnin hefir ekki hugmynd um hver þær á. Menn geta komið í bankann og keypt sjer sparisjóðsbók og lagt peninga inn á númer bókarinnar eitt. Af þessu getur það stafað, að allskonar misrjetti komi fram í skattaálagningunni. Jeg legg þó ekki aðaláhersluna á þetta atriði, en það eru aðrir agnúar á frv., sem gera það óhafandi. Mesta áhersluna verður að leggja á það atriði, að ætlast er til, að lögin verki aftur fyrir sig. Það er alveg óheyrt og ótækt. Jeg man eftir því, að einu sinni var um það rætt á þingi að hækka toll á vínföngum og láta þau lög ná aftur fyrir sig um nokkra mánuði. Það þótti þá óhæfa, og stóð þó svo á, að vínkaupmenn höfðu komist á snoðir um, að tollhækkunin stæði fyrir dyrum og höfðu notað það til að birgja sig mikið upp. Samt þótti það ógerningur. En nú er farið fram á að leggja þungan skatt á menn og beita honum heilt ár aftur í tímann. Skatturinn af tekjunum frá 1916 verður innheimtur 1918, svo að heilt ár verður á milli. Hjer er því beinlínis farið aftan að mönnum, því að vitanlega hefir enginn getað gert ráð fyrir þessum skatti og hagað útgerð sinni eftir því. Jeg tel því sjálfsagt að samþykkja brtt. hv. þm. Ísaf. (M. T.), eða brtt. háttv. þm. Vestm. (K. E.) að öðrum kosti. Hv. þm. Snæf. (H. St.) leit svo á, að fráleitt væri, að brtt. hv. þm. Ísaf. (M. T.) kæmust að, því að þá væri tekjunum frá árinu 1916 slept við þann skatt, sem gjalda beri samkvæmt lögunum frá 1877. Sami skilningur kom og fram hjá hæstv. fjármálaráðh. (S. E). En sannleikurinn er sá, að það er alls ekki um neinn slíkan skatt að ræða samkvæmt lögunum frá 1877, því að landbúnaður og sjávarútvegur eru einmitt þar undanþegnir skatti. Ef brtt. háttv. þm. Ísaf. (M. T.) ná fram að ganga, er því alls ekki verið að sleppa mönnum undan skatti, sem nú sje í lögum, heldur einungis spornað við, að nýr skattur verði lagður á, sem á að gera með þessu frv.

Jeg ætla ekkert að fara að metast um það, hvers vegna þetta frv. sje fram komið. Jeg geri ekki ráð fyrir, að tilgangurinn hafi verið sá, að ráðast á neina sjerstaka stjett, en hitt er víst, að þetta kemur ákaflega þungt niður á mótorbáta- og botnvörpungaútgerðinni. Jeg get að sjálfsögðu tekið undir það, að rjett er að taka tekjurnar þar, sem þær eru mestar fyrir, en ekki þykir mjer ólíklegt, að sú skriða, sem hjer er verið að reyna að koma af stað, geti sópað meiru af tekjum með sjer en góðu hófi gegnir. Mönnum vex mjög í

augum, hve botnvörpungaútgerðin gefi mikinn arð af sjer, en aðgætandi er það, að sum botnvörpungafjelögin eru kornung og útgerðin að langmestu leyti rekin með lánsfje. Sama er að segja um mótorbátaútgerðina, sem sumir kaupstaðir og sjávarsveitir hvíla nú algerlega á. Jeg þekki kauptún, sem hafa alla atvinnu sína að kalla af mótorbátaútgerðinni einni. Þessum mönnum væri því gert stórkostlega rangt til með því að leggja þannig lagaðan skatt á þá, er næði fram fyrir sig. Jeg tek það fram, að skilyrðið fyrir því, að jeg greiði frv. atkv., er það, að brtt. þessi verði samþ.

Þessi brtt. var aðalatriðið. Jeg skal ekki eyða orðum að hinum brtt., er minna máli skifta, en vil þó geta þess, að jeg álít allar brtt. á þgskj. 884 til bóta.

Magnús Torfason: Jeg þykist neyddur til að víkja nokkrum orðum til þeirra háttv. þm., er hafa verið að rjetta ýmislegt góðgæti til mín.

Um brtt. háttv. þm. Vestm. (K. E.) skal jeg taka það fram, að jeg get verið henni samþ. fyrir mitt leyti, þar sem hún fer í sömu átt sem aðalbrtt. mínar. En vitanlega snertir hún að eins 1. málsgr. 4. brtt. minnar og 5. brtt. mína. Hinum brtt. kemur hún ekki við.

Síðari liður 4. brtt. minnar fer fram á að gefa skattanefndum rýmra vald til að ganga eftir skattaskýrslum. Ættu því allir háttv. þm. að geta sjeð, að jeg er ekki mótfallinn því, að þessi skattalög komist á. Með þessari brtt. og 6. brtt. minni hefi jeg viljað koma því til leiðar, að skatturinn yrði sem rjettast innheimtur. Hingað til hefir skatturinn verið miðaður við framtal, en samkvæmt brtt. verður það ekki gert.

Það er ekki í fyrsta skifti, sem háttv. þm. Snæf. (H. St.) bregður mjer um það, að jeg beri fram mál af litlu viti. Jeg skal fúslega kannast við það, er jeg ber mín lítilfjörlegu störf hjer á þingi saman við hans miklu störf, og einkum við hans einstaklega mikla fjárhagsvit, er hann hefir sýnt í störfum sínum í fjárhagsnefnd. Það er síður en svo, að jeg hafi verið að átelja háttv. fjárhagsnefnd. Formaður nefndarinnar (H. H.) hefir verið lasinn mikinn hluta sumars, og sjúkleiki hans ágerðist, er nefndin átti að fara að íhuga þetta mál. Jeg er sannfærður um, að hefði hann verið heill heilsu og athugað málið rækilega, hefði hann aldrei gefið þessu frv. atkvæði sitt, enda hafa orð hans við mig fallið í þá átt, að frv. væri allathugavert.

Jeg varð annars dálítið hlessa, er jeg heyrði framsöguræðu háttv. þm. Snæf. (H. St.). Hún hljóðaði sem sje á þessa leið: Jeg vil skera allar brtt. niður við trog; jeg hefi sýnt það, að jeg einn hefi fult vit á þessu máli, en enginn annar. Ber hann auðvitað einn ábyrgð á þessum ummælum, því að hinn nefndarmaðurinn er nýkosinn í nefndina og hefir engan tíma haft til að athuga málið.

Hv. þm. Snæf. (H. St.) færði engin rök fyrir sínu máli; vildi að eins vera á móti öllum brtt. Og það litla, sem hann sagði, sannfærir mig um það, að hann botnar alls ekkert í málinu. Það kemur berlega fram, er hann segir, að með brtt. mínum vilji jeg spilla frv. og koma því fyrir kattarnef. 4. brtt. 2. málsgr. skýrir einmitt betur þau ákvæði, er í frv. eru óljós, að skattanefndir skuli hafa rýmra vald en áður. Og 6. brtt. leiðir beinlínis af 4. brtt. En hv. þm. Snæf. (H. St.) hefir sýnilega ekki komið auga á þetta. Lítur helst út fyrir, að hann hafi ekki haft tíma til að athuga málið eins vel og rjett og vert hefði verið.

Um 3. brtt. mína á þgskj. 884, að 4.

gr. falli burt, skal jeg taka það fram, að svo vel vill til, að háttv. fjárhagsnefnd lítur svo á, að greinin sje óþörf. En ef 4. brtt. mín yrði samþ., yrði hún enn óþarfari. Sú brtt. fer fram á að gefa skattanefndum ríkara vald, og þurfa þær þá ekki að grenslast eftir innieignum manna í bönkum og sparisjóðum. Enda hefir háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) tekið það fram, að ákvæði greinarinnar væru gagnslítil og mjög varhugaverð fyrir þær stofnanir.

Þá vildi háttv. þm. Snæf. (H. St.) halda því fram, að tillögur mínar yrðu til þess að svifta landssjóð tekjum. Háttv. þm. (H. St.) virðist ekki hafa komið auga á, að frv. á að gilda fyrir 2 ár. Næsta ár getur verið gott og gefið drjúgan skatt. Og jeg er sannfærður um, að nái brtt. mínar fram að ganga, mun skatturinn verða mun drýgri eftir þessum lögum heldur en eftir gömlu tekjuskattslögunum, og það jafnvel í þessu neyðarári, og er þá vel að verið.

Brtt. háttv. þm. Snæf. (H. St.) fer aftur á móti fram á að auka ranglæti í landinu. Því hefir ekki verið og verður ekki mótmælt, að 2000 kr. eru nú ekki betri en 1000 kr. þegar gömlu lögin voru samin árið 1877. Hans brtt. fer fram á að færa lágmarkið aftur niður í 1000 fyrir alla, svo sem er í núgildandi lögum.

Jeg skil vel, hvað knúð hefir háttv. þm. (H. St.) til þessa. Hingað til hefir hann gert lítið til að afla landinu tekna, og vill hann því nú fara sem lengst, hvað sem setur.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) hjelt því fram, að skatturinn kæmi jafnt niður á bændum sem öðrum. Það hefir þó verið játað af sumum fulltrúum bænda hjer á þingi, að enginn verulegur skattur falli á þá stjett samkvæmt lögum þessum. Enda eru dæmin deginum ljósari. Hagstofan hefir safnað skýrslum um tekjur bænda. Að eins örfáir töldu fram meiri tekjur en 1000 kr., en í frv. er þó lágmarkið fyrir þá 2000 kr. Er því óhætt að fullyrða, að skattur þessi kæmi ekki nema að mjög litlu leyti niður á bændum. Skattur þessi myndi því nær eingöngu koma niður á sjávarútvegsmönnum og kaupstaðarbúum, og yrði því enn rjettnefndari þorpaaraskattur en verðhækkunartollurinn, er sjávarmenn greiddu 94% af.

Þá talaði háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) um það, að jeg væri að vekja ríg milli stjetta. Þessum ummælum verð jeg að vísa á bug, nema að svo verði litið á, að sjávarmenn ættu að taka þegjandi á móti öllum þeim sköttum, sem bændum dettur í hug að demba yfir þá. Jeg hefi aldrei sjeð hrottalegri tilraun til þess að vekja ríg milli stjetta í landinu heldur en einmitt þetta frv. Hjer er verið að sletta blautum sjóvetling framan í þá, er sjávarútveg stunda. Og þetta er alls ekki fyrsta tilraunin. En bændafulltrúarnir skrækja hástöfum út af þeim litla verðhækkunartolli af ull, sem kaupmenn kveðast þó ekki vita af. Mönnum mun minnisstætt frv., sem þeir fluttu í sumar um að afnema þann toll. (**E. P.**: Hverjir skrækja nú hæst?) Við höfum alls ekki skrækt. (**E. P.**: Jú).

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) kvað frv. fram komið til að bæta fyrir gamlar syndir. Já, það er þetta alkunna: Grísir gjalda, gömul svín valda. Það hefði verið rjett að bera þetta frv. fram 1915. En þingið ætti nú ekki að láta sjer sæma að leggja skatt á tjón manna.

Jeg hugði, að við hefðum dæmin fyrir oss, hve óvarlegt er að sletta fram frv., er breyta sköttum og tollum, þegar komið er að þinglokum og alt lendir í fumi. Við megum muna eftir síldarfrv., sem kom fram á þinginu í vetur, og okkur

tókst með herkjum að drepa. Hvernig mundu þau lög líta út nú? Jeg býst við, að allir muni þeim þakklátir, er afstýrðu því frumhlaupi. Jeg vil að lokum beina þeim orðum að háttv. 1. þm. Rang. (E. P.), er hann talaði í sameinuðu þingi í dag: Hingað og ekki lengra.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) kvað frv. leggja skatt á rótgróna stórgróðamenn. Jeg hygg, að þeir sjeu ekki svo ýkjamargir, er kalla megi rótgróna stórgróðamenn meðal þeirra manna, er tekjur hafa af sjávarútveg. Það munu vera þeir einir, er lengi áður hafa stundað kaupskap. En þetta frv. tekur engan skatt af þeim gróða.

Þegar menn eru að ræða um frv. þetta, lítur svo út, sem þeir hafi ekki gert sjer ljósa grein fyrir, um hve gífurlegar álögur er að ræða. Jeg heyri sagt, að botnvörpungafjelag eitt hafi grætt í fyrra um 200 þús. kr. Þetta er álitlegur gróði, og ekki síst þegar þess er gætt, að þetta er eitt af yngstu fjelögunum, og komst fyrst þá fyllilega á rjettan kjöl. Skatturinn, sem fjelagið ætti að greiða samkv. frv., myndi nema um 27,820 kr. Og er það dálaglegur ábætir á stórtjón fjelags þessa þetta árið. Jeg vil taka dæmi af hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) sjálfum, eins og hann gerði við síðustu umræðu, og hygg jeg, að honum mundi þykja það koma illa út. Hefði hann verið áfram í bæjarfógetaembættinu og haft 10—12 þús. kr. tekjur 1917, en tapað t. d. 16,000 kr. árið 1918, þá hygg jeg, að honum þætti hart aðgöngu, ef svo ætti eftir á að auka þetta 4—6000 kr. tap um alt að 1000 kr., sem skatturinn myndi nema.

Jeg vil þá minnast lítið eitt á fátækrahjálpina, kolin, sem háttv. bjargráðanefnd vill selja undir verði. (**Fjármálaráðherra, S. E.:** Það er ekki fátækrahjálp.) Jú, það getur ekki kallast annað. Jeg hygg, að þeir ungu og framtakssömu menn, er grætt hafa stórfje á sjávarútgerð, en tapað svo aftur því, sem gróðanum nemur, eða meiru, myndu ekki verða þeirrar hjálpar aðnjótandi, en jeg veit, að á þá muni klínt eins háu útsvari og hægt er. Á Ísafirði voru útsvörin hækkuð stórkostlega í fyrra. Þau hlupu upp úr 28,000 kr. í 46,000. En jeg veit, að þau verður að hækka enn meir, að minsta kosti um þriðjung; ella þarf bærinn að taka stórlán. Jeg hygg yfirleitt, að kaupstaðirnir hafi fulla þörf fyrir alt það fje, er þeir geta tekið af stórgróðamönnum, og menn mega vera þess fullvissir, að þeir verða ekki látnir ganga undan. Háttv. þm. Ak. (M. K.) kvað þetta, sem frv. fer fram á, vera óverjandi rangsleitni. Það er rjettnefni. Hjer er verið að fara aftan að mönnum, en það mátti með engu móti gera gagnvart háttv. brennivínssölum hjerna um árið. Þessari rangsleitni hefir ekki verið mælt bót, og ekkert hefir enn fram komið, er hafi hrakið það, er jeg hefi sagt. Það, sem frv. fer fram á, er í raun og veru það að kutla kið fyrir kálf.

Halldór Steinsson: Mjer finst ekki taka því að lengja umræðurnar frekar, og síst með því að elta ólar við háttv. þm. Ísaf. (M. T.). Jeg hygg, að hann ætti að taka málið með meiri stillingu og vera ekki eins æstur og hann var.

Háttv. þm. (M. T.) byrjaði á því að gera lítið úr störfum fjárhagsnefndar þessarar háttv. deildar, en að sama skapi mikið úr sínum eigin störfum. En sæmra væri honum að minnast ekki á slíkt, þar sem mönnum er kunnugt um afdrif flestra þeirra mála, er hann hefir helst borið fyrir brjósti.

Hv. þm. (M. T.) skýrði frá því, að formaður fjárhagsnefndar (H. H.) hefði lengi

verið sjúkur og lítið sint nefndarstörfum og væri nú fjarverandi. En hann hafi skýrt sjer frá, að hann væri á öðru máli en nefndin í þessu máli. Jeg get þvert á móti lýst yfir því, að formaðurinn er okkur hinum nefndarmönnum fyllilega samdóma í þessu máli. En það er engin ný bóla, þótt háttv. þm. Ísaf. (M. T.) tileinki fjarverandi og látnum mönnum hitt og þetta. Það hefir komið fram áður og mun öllum minnisstætt.

Háttv. þm. (M. T.) hjelt því fram, að jeg myndi hafa misskilið brtt. sínar, er jeg sagði, að þær miðuðu að því að svifta landið tekjum. Jeg hygg, að auðvelt muni að færa þessum orðum stað. Það er sem sje víst, að tekjur af árinu 1916 myndu verða eins miklar og samanlagðar tekjur af árunum 1917 og 1918. Allir vita, hvernig árið 1917 hefir brugðist, og ef stríðið heldur áfram, þarf maður ekki að gera sjer háar vonir um árið 1918.

Háttv. þm. (M. T.) blandaði síldarfrv. inn í þetta mál og spurði, hvað menn myndu nú segja, hefði það frv. orðið að lögum. Jeg fæ ekki sjeð, að það hefði getað skaðað neinn landsmanna. Tollurinn átti að eins að koma niður á útlendingum, því að Íslendingum átti að bæta hann upp. (**M. T.**: Það var felt.) Þau frv. áttu bæði að fylgjast að. Og sökum þess, að annað frv. var drepið, þá var hitt að sjálfsögðu látið falla úr sögunni um leið. Þar við bætist, að engir útlendingar hafa stundað síldveiðar í ár, og hefðu þá þau lög hvorki getað skaðað þá eða aðra.

Jeg skal svo ekki eltast lengur við háttv. þm. Ísaf. (M. T.). Get jeg með jafnmiklum rjetti sagt, að hans rök fyrir brtt. sínum sjeu miklu verri og lítilvægari en mínar ástæður gegn þeim. Jeg hefi ekki heldur neinu að svara öðrum háttv. þm., þar sem þeir hafa ekki sjerstaklega beinst að gerðum nefndarinnar og margir þeirra tekið fram, að þeir myndu greiða brtt. hennar atkv.

Fjármálaráðherra (S. E): Mjer þykir leitt, að háttv. þm. Ísaf. (M. T.) skuli leggjast svo hart á móti frv. Ef menn gengju inn á þær hugleiðingar hans, að ekki mætti koma við þá, er hafa grætt stórkostlega 1916, á hvern ætti þá að leggja skatt? Ætti fremur að leggja hann á daglaunamenn? Eða þá embættismenn, er allra manna harðast hafa orðið úti vegna dýrtíðarinnar? Ef ekki má leggja á þá, sem grætt hafa stórum 1916, og þeir eru margir, sem betur fer, og ef á að hlífa þeim alveg, þá er mjer óskiljanlegt, hvaðan háttv. þm. (M. T.) ætlar að fá skattinn. Jeg er sannfærður um, að almenningur í kaupstöðunum er okkur sammála, sem teljum rjett að leggja mest á þá, er mest hafa grætt, og er því til lítils að vitna til þeirra.

Jeg get yfirleitt ekki skilið það, hvernig nokkur maður getur verið í vafa um það, að rjett sje að leggja skattaálögur svo á, að þær komi mest niður á þeim, er mestar tekjur hafa. Og þótt eitthvert fjelag, er hefir 200 þús. kr. tekjur, verði að greiða 15% af því, þá ofbýður mjer það alls ekki. Hvað mega ekki aðrar þjóðir nú greiða af ófriðargróða sínum?

Þá finst mjer það ekki vera rjett, eins og háttv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að það væri fátækrahjálp að selja kol undir verði; það er gert til að draga úr hinu óhæfilega verði á kolunum, og má skoða það sem ráðstöfun til þess, að alþýða manna haldi lífi og heilsu. Með því vil jeg mæla.

Jeg vil svo mælast til, að frv. þetta nái fram að ganga með brtt. fjárhagsnefndar.

Forseti: Jeg vil vekja athygli hv. þm. á því, að enn eru eftir mörg mál á

dagskránni, og því nauðsynlegt, að hv. þm. gæti á klukkuna.

Magnús Kristjánsson: Jeg vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að þm. eiga fullan rjett á því að taka tvisvar til máls við hverja umræðu. (**Forseti:** Náttúrlega). Og það er oft beint nauðsynlegt til þess að skýra málin, og til tjóns að flýta málum ofmikið. Annars er jeg ekki vanur að lengja umræður mjög mikið, og mun ekki heldur gera það nú.

Mjer virtist svo, sem hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) liti að eins á aðra hlið málsins í ræðu sinni, þá hlið, hversu mikið ýmsir hefðu grætt árið 1916, og að sjálfsagt væri að leggja skatt á það, og vill hann ganga svo langt í því efni, að láta lögin ná aftur fyrir sig, en hann gleymir alveg hinni hlið málsins, og það er, að margir af þeim, er mest græddu árið 1916, hafa tapað stórfje í ár, og jafnvel sumir meiru en þeir græddu árið á undan. Dæmi það, er háttv. þm. Ísaf. (M. T.) tók um hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) sjálfan, var því laukrjett, og vil jeg biðja háttv. fjármálaráðherra (S. E.) að athuga það vendilega.

Það er ekki rjett, að við sjeum á móti því, að tekjuskattslögunum sje breytt, en við viljum, að fult tillit sje tekið til þess, að nú stendur alveg sjerstaklega á, og við viljum enn fremur, ef lögin eru samþykt, að þau komi þá að fullum notum; því er það, að jeg vænti þess, að háttv. þm., þrátt fyrir allar áskoranir hæstv. fjármálaráðherra (S. E.), athugi allar ástæður málsins og dæmi svo sjálfir, og taki þá tillit til skaðans, er orðið hefir í ár.

Jeg teldi það heppilegast, að 1., 2., 6. og 7. brtt. á þgskj. 884 og brtt. á þgskj. 902 yrðu samþyktar, og þá fyrst væri sæmilega gengið frá málinu og svo, að þinginu væri ekki til vansæmdar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Út af því, að tveir háttv. þm. hafa verið að ræða um tekjur mínar, þá vil jeg taka það fram, að þrátt fyrir það, þótt jeg yrði að greiða háan tekjuskatt fyrir tekjur mínar árið 1917, þá er jeg vitanlega miklu færari um það nú heldur en að greiða áður minni tekjuskatt með langtum minni tekjum, og það sýnir meðal annars, að skatturinn er rjettlátur.

Jeg vil leggja eindregið með því, að frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.

Brtt. 902. ofseint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ.
— 884, 1. feld með 7:6 atkv.
— 878. samþ. með 7:4 atkv.
— 815, 1. sjálffallin.
— 884, 2. sömuleiðis.
— 884, 3. feld með 7:5 atkv.
— 815, 2. samþ. án atkvgr.
— 902. samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. T., G. G., Jóh. Jóh., K. E., K. D, M. K., G. B.
nei: S. E., S. J, E. P., G. Ó., H. St., H. Sn.
Einn þm. (H. H.) fjarstaddur.

Brtt. 884, 4.—6. tekin aftur.
— 884, 7. feld með 7:5 atkv.
— 815, 3. samþ. með 8 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli; en einn þm. (H. H.) var ekki á fundi.

Frv. endursent Nd.

Á 59. fundi í Nd., fimtudaginn 13. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á og

viðauka við lög nr. 23, 14. desember 1877, um tekjuskatt,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 923).

Á 60. fundi í Nd., föstudaginn 14. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 923, n. 933, 942).

Ofskamt var liðið frá útbýtingu allra skjala málsins. — Afbrigði leyfð og samþ. í e.hlj.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Eins og hv. deildarmönnum er kunnugt þá hefir þetta frv. tekið talsverðum breytingum í meðferð hjá háttv. Ed. Það er vikið lauslega að aðalbreytingunni í nál. fjárhagsnefndar, sem sje þeirri, að 10. gr. sem áður var, en er nú 9. gr., orðist þannig, að lögin gangi ekki í gildi þegar í stað, heldur skuli innheimta tekjuskatt í fyrsta sinn á manntalsþingum 1919. Þetta gerir nú það að verkum, sem vísvitandi var tilgangur háttv. Ed., að undan þessum skatti fellur árið 1916. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að þetta ár, árið 1916, var eitthvert það mesta gróðaár, sem yfir þetta land hefir liðið. Sjerstaklega var það uppgripaár fyrir þá menn, sem hv. Ed. vill koma undan þessum skatti, sem eru sjávarútvegsmenn, er rekið hafa útveg í stórum stíl. Fjárhagsnefnd hjer í hv. Nd. furðar nú ekki svo mikið á því, að þessi breyting skyldi koma fram í hv. Ed., af ýmsum ástæðum. En hitt kom nefndinni meir á óvart, að þessi breyting skyldi ná fram að ganga. Það mun standa þannig á því, að 1 af hv. þm. þeirrar deildar, einn úr fjárhagsnefnd þar, sem víst var um að var þessari breytingu mótfallinn, var fjarverandi, og gat því ekki ráðið niðurlögum þessarar óheillabreytingar. En þessu verður auðvitað að taka, eins og komið er. Jeg sagði, að menn þurfi ekki að furða á því, þótt þessi breyting hafi komið fram í hv. Ed., því að þar ráða nú mjög fulltrúar sjávarútvegsins. Og þeir, sem hvað mest mega sín þar, hafa hagað framkomu sinni, að vísu allóþinglega, en þó svo, að ekki var nema eðlilegt, að þeim yrði talsvert ágengt. Breytingar þær, sem þessi deild ályktaði að gera á tekjuskattslögunum, hefir og valdið allmikilli óánægju á meðal forsprakka hinna stærri útgerðarmanna hjer. Og hefir það orðið til þess, að þeir hafa gengið eins og grenjandi ljón út um bæinn, og jafnvel farið út fyrir bæinn, til þess að safna undirskriftum undir áskorun til Alþingis, áskorun, sem út af fyrir sig er á takmörkum velsæmisins að orðalagi til. Jeg skal nú láta hv. deild dæma um, hversu sæmileg þessi aðferð er, á svona tímum. En hitt hygg jeg að orki ekki tvímælis, að hún sje í alla staði mjög óviðeigandi, þegar litið er til þess, að hjer er að eins verið að ná handa landssjóði litlum skatti af þessum mikla gróða, sem ýms stórmenni hjer hafa aflað sjer að ófyrirsynju, af alveg sjerstökum stríðsástæðum. Því að á því leikur enginn vafi, um þennan gróða árið 1916, að hann er til kominn að mestu vegna stríðsins. Jeg geri nú ráð fyrir, að öllum hv. þm. sje kunnugt um, að í öðrum löndum hefir verið reynt að ná skatti af slíkum gróðatekjum, ekki einungis fyrir 1916, heldur alt frá árinu 1914. Þetta er víst, og þetta vita allir. Svo kemur hjer fram einkar hógvær tillaga um að ná litlum hluta af þeim gróða, sem hefir fallið í skaut slíkra manna hjerlendis, og svo vægilega er farið í sakirnar, að ekki er seilst lengra en til 1916, þótt sjerstakur stríðsgróði hafi verið mikill árið 1915 og nokkur þegar 1914. Og núgildandi reglur eru látnar gilda óbreyttar, því að þetta fellur undir reglur tekjuskattslaganna, þannig, að sá skattur, sem er jafnað niður í haust og innheimtur 1918, verður tek-

inn af árinu 1916. En fyrir atorku og óskapagang sjávarútvegsmanna, hefir það nú á unnist í háttv. Ed, að þessu ári, 1916, er slept úr.

Háttv. deildarmenn hjer muna, að þetta frv. var afgreitt hjeðan með miklum meiri hluta. Hjer í háttv. Nd. eru líka sjávarútvegsmenn, en voru þó sammála um, að þetta væri ekki annað en sanngjarnt og rjett og ætti að ná fram að ganga. Enda höfðu þeir áður lagst á móti öllum tekjuauka, sem lagður var á sjávarútveginn sjerstaklega. Menn muna, hvernig þeir rjeðu niðurlögum frv. um hækkun á útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, sem þó var fram komið til að jafna misrjetti, er átti sjer stað. Og forlög verðhækkunartollslaganna urðu þau, sem raun er á orðin, mest fyrir harmagrát útgerðarmanna og fulltrúa þeirra hjer. En svo verður það, segi jeg, að þetta frv., sem afgreitt var hjeðan með miklum atkvæðamun, og hafði þá kosti að vera bæði sanngjarnt og rjettlátt, að dómi sjávarútvegsfulltrúa hjer í deild, að eitt aðalatriðið í tilgangi þess er felt burt í háttv. Ed., og árið 1916 þar með gert tekjuskattfrjálst, að því er sjávarútveginn snertir. Það var fært til ástæðu fyrir þessu í háttv. Ed., að það, sem græddist 1916, hafi aftur etist upp 1917, og því væri það ekki rjettlátt að seilast aftur fyrir sig í skattaálagningu. Fyrir þessari staðhæfingu voru ekki færð nein fullnægjandi rök, enda mun það vera erfitt, því að þetta er harla ósennilegt. Útgerðarmenn munu hafa gert lítið út í sumar, flestir þeirra, og er því auðsætt, að þeir geta ekki hafa beint tapað öllum gróða frá 1916. Sumir þeirra kváðu aftur hafa lagt talsvert í útgerð nú undanfarið, en jeg læt ósagt, að þeir hafi tapað miklu, þótt sjálfsagt geti verið, að þeir hafi ekki grætt. En svo er þess enn fremur að gæta, að þeir góðu herrar, sem gengust fyrir þessum »agitationum«, hafa alveg þagað um það, að stórgróði hefir fallið í þeirra skaut við söluna á botnvörpuskipunum, sem nú er nýleyfð. Þetta söluleyfi var þó sjerstök hlunnindi, sem stjórn og þetta þing ljet þeim í tje. En svo launa þessir menn það með slíkum ærslum og gauragangi, að þeim er lítill sómi að. Þeim hefði verið samboðnara, sem miklum mönnum, að líta á þetta mál með sanngirni og taka því þegjandi og hljóðalaust, þótt lítill skattur væri lagður á gróða þeirra árið 1916, sem var það mesta happaár fyrir þá, sem hjer hefir komið. Af framantöldum ástæðum hefir fjárhagsnefnd ekki sjeð sjer annað fært en að koma með þessar brtt. inn í deildina, sem framhaldsnál. sýnir. Og er þetta, sem hjer hefir verið talað um, aðalbreytingin. Hinar eru smávægilegar, hvort skattur skuli fyrst greiddur af 1000 eða 1500 kr.

En síðan nál. hefir komið út hefir hv. Ed. ekki látið sitt eftir liggja, þótt henni beri, samkvæmt stöðu sinni, að vera afskiftalítil um fjárhags- og tekjumál, og síst til að skemma þau. Fjárhagsnefnd hjer hefir fengið vissu fyrir því, að sjávarútvegsfulltrúar þar hafa hótað því að fella þetta frv. alveg, svo framarlega sem þessi breyting yrði samþykt hjer, svo sem líklegt er að mundi verða. Jeg skal nú ekki fullyrða, að þeir mundu þora að efna þessa óþinglegu hótun sína, en víst er um það, eftir annari framkomu þeirra að dæma, að þeim væri vel til þess trúandi. Þar sem nú er komið á seinustu daga þessa þings og því enginn tími til að byrja baráttu, og þrátt fyrir það, þó að nefndin hjer nái ekki með því tilgangi sínum, nema að nokkru leyti, þá vill hún ekki vinna það fyrir, að frv. falli alveg, því að nokkurt gagn getur það gert, þótt breytingin komist ekki að. Hefir hún því afráðið að taka

báðar þessar brtt. sínar á þgskj. 933 aftur, svo að málinu verði ekki á síðustu stundu stofnað í voða með þeim. Og liggja hjer þá engar breytingar fyrir frá nefndarinnar hálfu, þótt vilji hennar væri til.

Jeg hygg þó, að meiri hluti háttv. deildarmanna hjer sje enn á sömu skoðun um málið og áður. En jeg vil geta þess hjer, um leið og jeg gef þessa yfirlýsingu, fyrir hönd nefndarinnar, að það er ekki að ófyrirsynju, þó að bæjarfjelögin, og þá sjerstaklega bæjarfjelag Reykjavíkur, taki þetta til rækilegrar íhugunar. Og víst er, að þessir menn, sem hjer hafa sloppið, eiga ekki síst að bera sinn hluta af þeirri byrði, sem nú legst óhjákvæmilega á alla borgara á komandi tímum. Jeg þykist mega segja það fyrir annara hönd hjer, eins og mína eigin, að þess er fyllilega vænst, að bæjarfjelagið gefi nákvæmar gætur að því, sem hjer er að gerast.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla að eins að gera grein fyrir mínu atkvæði í þessu máli. Ef brtt. nefndarinnar hjer hefði komið til atkvæðagreiðslu, þá get jeg sagt það nú þegar, að jeg hefði haldið mjer við mína fyrri till., að þessi skattur næði ekki lengra aftur fyrir sig en til 1. jan. 1917. Þetta hefir orðið niðurstaða mín, eftir nánari umhugsun. Það er þó ekki af því, að mjer fyndist illa til fallið, að Íslendingar yrðu að bera sinn gróðaskatt eins og aðrir, því að jeg bar einmitt fram frv. í þessa átt 1915. En að jeg setti takmarkið 1914, en ekki 1916, var af því, að jeg kaus heldur, að nokkrir slyppu, þótt þeir væru þess óverðugir, heldur en að stuðla að því að sliga hina smærri útgerðarmenn og þá bændur, sem undir þetta mundu komast, því að hagur þeirra mun vera fullerfiður, þótt ekki sje á það bætt. Jeg er því í raun og veru sammála niðurstöðu nefndarinnar um það, hvar þessi skattur ætti að koma niður, og að þeir, sem hafa grætt, ættu ekki að sleppa undan honum að rjettu lagi.

Að öðru leyti finst mjer vera ósköp að heyra öll þessi ærsl og læti út af þessu, og það ekki minst meðal fátæklinganna, þó að einu sinni standi til að leggja rjettlátan stígandi skatt á menn. Það er því undarlegra, að þeir fátækustu láta allra hæst, og ætla alveg að ærast, þó að þeir sjálfir hafi aldrei getað staðið upprjettir undir tollum og sköttum. Því að fátækur maður, sem hefir marga fram að færa og á því erfitt, verður að greiða þyngri álögur heldur en ríkur maður, sem á fyrir fáum að sjá. Svo þegar hjer kemur til umræðu að láta skattana koma rjettar niður, þá er óskapast svo mikið yfir því úti í frá, að jafnvel sjálft Alþingi verður fyrir áhrifum af því og heldur varla fullri dómgreind. — En nú þarf ekki lengur á þessu að halda, og jeg stóð að eins upp til þess að gera grein fyrir, hvernig jeg mundi hafa greitt atkvæði mitt, af því að jeg áleit, að þeir fátækustu útgerðarmenn, er lagt hafa gróða sinn 1916 í að auka útveg, sem þeir skaðast nú á, hefðu ekki risið undir jafnþungum skatti og hjer er um að ræða. Jeg tel það rjett gert af nefndinni að hafa tekið aftur brtt. sínar, til þess að bjarga málinu við. Þó að þetta nái ekki fram að ganga nú, þá mun það verða tekið upp aftur seinna og ekki látið undan, svo að jeg spái, að þá fái einhver að hrína.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg á hjer brtt. við 2. gr. í þessu frv. á þgskj. 942. En þar sem nú nefndin hefir lýst yfir, að hún taki brtt. sínar aftur, þá

tek jeg mína till. aftur líka, ef brtt. hennar koma ekki til atkvæða.

Hákon Kristófersson: Jeg skrifaði undir nefndarálitið á þgskj. 933 með fyrirvara, og átti þar aðallega við breytínguna á sama þgskj. En þar eð háttv. frsm. (G. Sv.) hefir, fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar, lýst yfir því, að hann tæki þær brtt. aftur, sje jeg ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um málið. En þó vildi jeg geta þess, að jeg er ósamþykkur í öllum aðalatriðum háttv. frsm. nefndarinnar (G. Sv.) og því, er hann hjelt fram í ræðu sinni. Þetta vildi jeg taka fram, svo að ekki væri litið svo á, að hann með ræðu sinni gerði grein fyrir skoðun allrar nefndarinnar.

ATKVGR.
Brtt. 933. 1—2. tekin aftur.
— 942. sömul.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 955).

50. Bannlög.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 23. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um aðflutningsbann á áfengi (A. 548).

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 1. umr. (A. 548, n. 597, 620).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., miðvikudaginn 29. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. altof seint fram komið. — Leyft, að það mætti þó taka til meðferðar, með 14 : 5 atkv.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg get verið mjög stuttorður. Eins og kunnugt er var tveimur frumvörpum til breytinga á núgildandi lögum um aðflutningsbann á áfengi vísað til allsherjarnefndar. Í öðru af frv. þessum var ákvæði um það, að ef það næði fram að ganga, þá skyldu öll lög, sem að þessu lúta, færð saman í eina heild. Þegar nefndin fór að athuga þessi frv. bæði og málið í heild sinni, þá komst hún að þeirri niðurstöðu, að ekki mundi auðið að setja saman í eina heild bannlögin og þær breytingar, sem bæði hafa verið gerðar á þeim, og yrðu gerðar, ef þessi frv. væru samþykt. Hún tók því það ráð að steypa saman í eitt öllum lögum, sem til eru um þetta efni, og bæta inn í þeim breytingum, sem meiri hluti nefndarinnar vill að gerðar verði á þeim. Í frv. er það prentað með feitu letri, sem er nýtt eða breytingar á gildandi löggjöf, svo að það kæmi ljóst fram, hverju nefndin vill bæta við eða breyta í ákvæðum þeim, sem nú eru til. Meðan ekki er fyrir sjeð um forlög þessa frv. ætlar nefndin sjer ekki að leggja fram neitt sjerstakt nefndarálit um hin tvö. Annars sje jeg ekki ástæðu til að taka fleira fram að sinni, þar sem þetta er 1. umr., og því ekki vert að fara út í einstök atriði. Þess skal þó getið, að í frv. er ein prentvilla. Í 15. gr. stendur á einum stað 500, í stað 50, í ákvæðinu um þá, sem nota áfengi til drykkjar, þótt þeir hafi fengið það í öðrum tilgangi.

Eins og sjest af greinargerð nefndarinnar á þgskj. 597 hafa tveir menn í nefndinni tekið sjerstöðu til þessa frv. og áskilið sjer að greiða atkv. á móti því. Um 3. manninn, háttv. 2. þm. Rang. (E. J.), er það að segja, að hann var ekki með á þeim nefndarfundi, sem þetta mál var til meðferðar. Það var á sunnudegi, og hann hafði brugðið sjer heim

til sín. Þegar hann kom, skrifaði hann undir greinargerðina á fundi í nefndinni, en hafði þá ekki haft tíma til að hugsa um einstök atriði þess. Þegar hann svo hafði athugað þetta betur, komst hann að þeirri niðurstöðu, að hann gæti ekki verið með frv. Jeg tek þetta fram til þess, að menn skuli ekki furða sig á því, að hann greiðir atkv. öðruvísi en hinir nefndarmennirnir, þótt hann hafi skrifað fyrirvaralaust undir greinargerð nefndarinnar. Hann skrifaði undir án þess að hafa haft tíma til að athuga málið nógu rækilega.

Pjetur Jónsson: Fyrir skömmu kom hjer fram í deildinni annað frv. með sama nafni og þetta og í sama formi. Því var vísað frá með rökstuddri dagskrá, sem hljóðaði á þessa leið:

»Samþykt þessa frumvarps er sama sem afnám bannlaganna. En nú eru þau lög orðin til samkvæmt alþjóðaratkvæði, og væri því ónæfa að afnema þau, nema samkvæmt undangenginni almennri atkvæðagreiðslu um málið. Þar sem engin slík atkvæðagreiðsla hefir farið fram, verður deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá«.

Sakir þess, að þessu frv. var vísað frá á þennan hátt, þá finst mjer, að sama eigi að ganga yfir það frv., sem nú liggur fyrir. Það fer líka fram á að nema úr gildi lög þau, sem nú eru, og setja önnur ný í staðinn, og ætti því sama regla að gilda um það og hitt. Hvorugt frv. er í raun og veru um afnám bannlaganna. Frv., sem vísað var frá um daginn, var það ekki, og þetta náttúrlega því síður. Ef nú deildin kemst að annari niðurstöðu um þetta frv, þá tek jeg það sem vott þess, að deildin hafi sjeð sig um hönd og taki aftur sinn fyrri úrskurð í þessu máli.

Af því að jeg nú get búist við, að deildin hagi sjer þannig í þessu máli, að fella það ekki, eins og hitt, þá ætla jeg að taka til máls um bannmálið. Jeg hefi aldrei á þingi, svo að jeg muni, gefið orð í þetta bannmál, hvorki 1909, þegar bannlögin voru samin, nje heldur á þeim þingum, sem hafa haft það til meðferðar síðan. Þegar frv. kom fram hjer um daginn, vonaði jeg, að það yrði sett í nefnd, og að jeg fengi ástæðu til að taka til máls við síðari umræður þess. En svo fór, að mjer var varnað máls, því að málinu var vísað frá, áður en mjer gæfist kostur á að kveðja mjer hljóðs.

Tilgangur minn er ekki sá, að tala eingöngu um þetta frv., sem nú liggur fyrir, heldur um bannmálið í heild sinni. Jeg vona, að hæstv. forseti verði ekki ofkröfuharður, þótt jeg tali nokkuð alment um málið.

Þá er fyrst að segja frá afstöðu minni til fyrra frv. Jeg var meðflutningsmaður þess, eins og menn muna. Háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.) flutti það, og jeg flutti það með honum, ekki af því, að mjer væri það neitt áhugamál að hreyfa við bannlögunum á þessu þingi. En af því að þegar var búið að hreyfa við málinu, með tveimur frv., sem á undan voru komin fram, og af því að háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.) hafði till. í málinu, sem hann vildi koma að, og jeg var að ýmsu leyti samþ. till. hans, þá urðum við sammála um að flytja frv., úr því að komnar voru fram till. þess efnis að herða á lögunum, og taka þannig nýja hlið á málinu til íhugunar. Meðferð deildarinnar á frv. okkar benti á það, að menn álitu, að málið væri flutt með svo mikilli ljettúð, að ekki væri eyðandi orðum að því, eða ástæða til að taka það til yfirvegunar. Þess vegna tek jeg nú til máls. Þetta er eina frv.

af þeim eitthvað 110, sem einstakir þm. hafa borið fram hjer í deildinni, sem jeg hefi sett nafn mitt á. Mjer gat því ekki staðið á sama um það, hvernig í það var tekið. Jeg get ekki neitað því, að það særði mig dálitið, og þó einkum það, að hæstv. forsætisráðherra skyldi láta sjer svo sjerstaklega ant um, að einmitt þetta mál, þetta frv., færi ekki lengra. Mjer stendur ekki á sama um það, að menn haldi, að jeg sje svo alvörulitill í athugunum mínum á þeim málum, sem jeg ber fram, að ekki þurfi að taka mig alvarlega. Jeg veit ekki, hvort jeg á að taka þetta svo, að þm. haldi, að jeg sje sjerstaklega alvörulítill um vínbrúkun, eða hagi mjer svo ljettúðugt gagnvart víninu, til eigin nautnar eða á annan hátt, að ekki sje þess vegna mikið á mjer að byggja í því máli. En jeg skal einungis geta þess, að jeg hefi aldrei flutt sterka drykki á heimili mitt. Jeg skil því ekki, að nokkur geti, með alvarlegri íhugun, tortrygt mig um það, að framkoma mín í þessu bannmáli hafi verið á allmikilli athugun og fullri alvöru bygð.

Þá kem jeg að sjálfu bannmálinu. Jeg hefi aldrei hugsað mjer, að bannið í sjálfu sjer væri takmark fyrir nokkurn mann. Jeg heyrði að vísu einn háttv. þm. minnast á bannhugsjónina í ræðu hjer um daginn. Jeg held, að hann hafi tekið svo til orða í ógáti. Bannið sjálft getur ekki verið nein hugsjón, ekkert »ideal«. Jeg hygg, að útrýming áfengisbölsins sje hið verulega markmið bannmanna. En ef tilgangurinn er að útrýma áfengisbölinu úr landinu, þá getur ekki verið neinn ágreiningur milli manna um markmiðið. Um það hljóta allir að vera sammála. Enginn alvörugefinn maður er viljandi á móti því, að stefnt sje að þessu markmiði. Jeg segi viljandi. Menn geta ef til vill verið það af einhverri hrösun eða veikleika, bæði andbanningar og bannmenn, en viljandi er enginn maður á móti útrýmingu áfengisbölsins. Það er einmitt leiðin til þess að ná þessu markmiði, sem ágreiningurinn hefir verið og er um, en ekki markmiðið sjálft. Þessu hafa ýmsir gleymt í deilunni um bannlögin, einkum þó bannmenn. Við, sem á móti bannlögunum höfum staðið, höfum verið stimplaðir sem þjónar — ekki djöfulsins að vísu — heldur Bakkusar. En þetta er ekki rjett. Þeir, sem andmæla bannlögunum, gera það af því, að þeir telja þau ekki heppileg, ekki rjetta leið.

Um leiðina að því að útrýma áfengisbölinu hefir ágreiningurinn verið, og það er þessi ágreiningur, sem hefir greint menn í bannmenn og andbanninga. Nú ber báðum flokkum saman um eitt. Þeim ber saman um það, að bannlögunum sje ekki hlýtt, og jafnframt hitt, að ástandið sje illþolandi, eins og það er. Þetta hefir haft sín áhrif á skoðanir ýmsra fyrri bannmanna. Nú er hægt að nafngreina menn, og það ekki svo fáa, sem voru með bannlögunum fyr, en eru orðnir á móti þeim. Jeg segi ekkert um það, hversu ákafir bannmenn þeir hafa verið, en þeir voru með og eru nú á móti. Það er því vitanlegt, að nú standa hjer uppi 2 flokkar, nokkurn veginn jafnvígir, annar með bannlögunum og hinn á móti. Það er að vísu ekki hægt að segja með fullri vissu um styrkleika þessara flokka, því að menn þekkja ekki hjörtun og nýrun, en víst mun óhætt að segja, að þeir sjeu nokkurn veginn jafnvígir. Ef bygt er á þeirri einu atkvæðagreiðslu, sem fram hefir farið í málinu, þá mun óhætt að telja flokkana jafnvíga. Sjeu taldir allir með, sem urðu bannstefnunni fylgjandi, — ekki bannlögunum, þau voru þá ekki til, — heldur bannstefnunni, eins og hún var prjedikuð um land alt

og troðið í fólkið fyrir kosningarnar 1908. Þá voru tæplega 60 % af þeim kjósendum, sem atkvæði greiddu, bannmenn, og rúmlega 40 % andbanningar. Nú þarf ekki lengi að taka af meiri hlutanum og bæta við hinn, til þess að flokkarnir jafnist. Breytingarnar, sem síðan hafa orðið, munu hafa jafnað flokkana. Fyrst fjellu margir frá strax, þegar þeir sáu, hvernig bannlögin litu út. Menn greiddu ekki atkvæði með lögunum, heldur með stefnunni, og þegar þeir sáu, hve þetta lagabákn varð öfugt og fjarri öllu, sem menn höfðu hugsað sjer, þá kiptu þeir að sjer hendinni. Annað, sem fjarlægði marga frá bannlögunum, var reynslan um vanmátt þeirra til að útrýma áfengisbölinu. Þegar menn sáu, hversu þau voru fótum troðin, hversu fjarri því fór, að þau kæmu að tilætluðum notum, þá hurfu margir fylgismenn laganna frá þeim. Í þriðja lagi er nú að vaxa upp ný kynslóð. Margir nýir kjósendur hafa fengið atkvæðisrjett á þeim 8 eða 9 árum, sem liðin eru síðan atkvæðagreiðslan fór fram. Jeg get ekki betur fundið en að sú kynslóð sje yfirleitt annaðhvort á móti bannlögunum eða þá alveg tilfinningarlaus um það, hvort þau sjeu heppileg eða ekki. Að öllu þessu athuguðu er ekki hægt að segja minna en að líkindi sjeu til, að andbanningar sjeu að minsta kosti jafnvígir hinum. Ef till vill eru þeir fjölmennari, en um það skal jeg ekki þræta. Það kemur ekki svo mikið málinu við.

En þá vil jeg spyrja. Hvaða vit er í því að ætla, að svona lögum verði haldið uppi í svona landi á móti geði helmings þjóðarinnar? Það er ekki til neins að standa undrandi yfir því, hvernig bannlögin eru haldin, þegar andbanningar eru svo að segja æstir upp í það, eða að minsta kosti ertir upp til þess, að vinna á móti lögunum. Það er ekki nema eðlilegur breyskleiki, þó að þeir láti sjer í ljettu rúmi liggja að halda lögunum uppi. Þar með segi jeg ekki, að andbanningar brjóti lögin yfirleitt, en það liggur í hlutarins eðli, að þeir sjeu ljelegir löggæslumenn.

Jeg sje ekki, að bannlögum verði haldið uppi í þessu landi, meðan svona jafnvígir flokkar standa hvor á móti öðrum. Annarhvor eða báðir verða að slaka til, svo að hægt verði að koma á sáttum. Ef hægt væri að koma sjer saman um lög, sem miðuðu að því að útrýma ofdrykkjunni úr landinu, án þess að fara að því með æsingum og ólátum, og ef hægt væri að fá yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar til þess að sætta sig við þau lög, þá fyrst er von til, að verulegur árangur fáist. En það er ekki vegurinn til samkomulags, að bannmenn sjeu enn þá að berja höfðinu við steininn og vilji ekki líta við andmælum andbanninga. Það má ef til vill segja, að erfitt sje að finna rjettu leiðina til samkomulags. En það verður að íhuga hana, og hún verður að finnast. Ef við finnum hana ekki, þá gera eftirkomendur okkar það, verði þá ekki komið út í eitthvað enn þá verra.

Eigi sættir að komast á, þá verður að finna einhvern meðalveg. Og hvað var nú frv. okkar háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.)? Ekkert annað en bending um leið, sem þingið ætti að taka til íhugunar — bending um meðalveg.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer þykir leitt, að háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) tók svona nærri sjer, að frv. hans var felt. Jeg get fullvissað hann um, bæði fyrir mína parta og annara, sem atkv. greiddu á móti frv., að það var ekki gert til þess að sýna honum neina óvirðingu. En hann gat ekki vonast eftir öðru af þeim mönnum, sem hann vissi

að höfðu svo gagnólíkar skoðanir í þessu máli. Honum ætti að vera það ljóst, að í þessu máli ber svo mikið á milli, að ekki getur verið um neinar sættir að ræða. Jeg skil ekki, að hann ætlist til, að menn, sem frá því fyrsta hafa staðið á öndverðum meiði við hann í þessu máli, greiði atkv. eins og þeir væru andbanningar. Í þessu máli er ekki um neinn meðalveg að ræða. Jeg get ekki sjeð, að bannmenn sjeu að berja höfðinu við steininn. Eins og komið er þá eru það andbanningar, sem hegða sjer svo. Bannlögin eru nú komin á, og því tilgangslaust nú fyrst um sinn að vera að reyna að afnema þau, hvort heldur er alveg eða með miðlunartillögum, sem andbanningar svo kalla. Þó að jeg sje yfirleitt hlyntur því, að frv. sjeu ekki feld strax, þá gat jeg ekki sjeð, að það væri til nokkurs að eyða tíma í frv. það, sem hv. þm. S.-Þ. (P. J.) bar fram ásamt 1. þm. N.-M. (J. J.). Jeg sagði það í byrjun þessa þings, að jeg væri því mótfallinn, að farið væri að hrófla nokkuð við bannlögunum. Ef bannlögin væru ekki brúkleg, eins og þau eru, þá yrði víst örðugt að sannfæra menn með smábreytingum um, að þau væru góð. Það er eftirlitið með lögunum, sem þarf að skerpa. Annars er ekki þörf.

Jeg lít svo á, að litlu skifti fyrir bannlögin, hvort brtt. nefndarinnar verða samþyktar eða ekki. Að minsta kosti sje jeg ekki ástæðu til að vera á móti þeim. Jeg vona, að það yrði þá unnið með að samþykkja þær, að þá myndu lögin fá að standa í friði á næstu þingum, en öll áherslan lögð á framkvæmdina.

Jeg tel það mesta óþarfa að vera að hafa langar umræður um þetta mál, með miklum tilkostnaði fyrir landið. Þó að jeg álíti aðra brtt. hv. þm. Borgf. (P. O.) að vissu leyti á rökum bygða, mun jeg samt greiða atkv. á móti henni, í þeirri von, að málið komist sem tafaminst gegnum þingið.

Jeg sje enga ástæðu til að halda, að þjóðinni hafi snúist hugur í þessu máli. Jeg hefi þá trú, að töluverður meiri hluti hennar sje bannlögunum fylgjandi. Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) á eftir að sanna hið gagnstæða.

Annars vona jeg, að um þetta verði ekki oflangar umræður. Brtt., eins og þær koma frá nefndinni, gefa ekki ástæðu til þess.

Pjetur Jónsson: Jeg get ekki litið á það, sem hæstv. forsætisráðherra var að segja um, að andbanningar berðu höfðinu við steininn, öðruvísi en sem fjarstæðu. Jeg veit ekki til, að ein einasta till. hafi komið fram frá andbanningum hjer í þinginu um að afnema bannlögin. Hitt getur verið, að þeir hafi barið höfðinu við steininn með því að vera að reyna að koma bannmönnum í skilning um ýmislegt, sem nauðsynlegt var að þeir fengjust til að átta sig á.

Gísli Sveinsson: Jeg ætla að segja örfá orð vegna þess, að jeg var svo óheppinn, held jeg megi segja, að koma fyrstur fram með brtt., sem snerti bannlögin. Efni þess frv. var að eins það, að helmingur sekta rynni í sveitarsjóð eða bæjarsjóð þar sem brotið er framið. Jeg er sömu skoðunar og hæstv. forsætisráðherra, að óheppilegt sje að vera að breyta bannlögunum. Það er framkvæmdinni, sem er ábótavant, ef nokkuð er að. Ef nú frv. mitt væri samþykt, skyldi maður ætla, að lögreglustjórar eða sveitarstjórnir gerðu sjer meira far um að koma upp brotum á lögum þessum. Þetta virðist nefndin ekki fallast á, eftir því sem hún kemst að orði í nefndarálitinu.

Sá dómur nefndarinnar er mjer óskiljanlegur, þar sem hún hefir ekki enn komið fram með frv., og það því síður sem hún hefir lýst yfir því fyrir munn framsögumanns, að hún muni ekki koma með nál. um frv. strax. Það getur verið, að nefndin hafi ekki getað stilt sig um að koma fram með álit sitt um þetta á röngum stað, því að ekki eru þessi ummæli nefndarinnar annað en álit hennar á frv.

Annars eru brtt. nefndarinnar, það sem þær ná, yfirleitt sama efnis og brtt. þær, sem áður hafa verið hjer á ferðinni, sumar óheppilegar og sumar óþarfar, og býst jeg við, ef vel liggur á mjer, að koma fram með athugasemdir við þær við 2. umr. málsins.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það er ekki rjett hjá háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að það sje nokkuð óeðlilegt, þótt allsherjarnefnd hafi ekki enn komið fram með álit um frv. á þgskj. 38. Nefndin gat ekki komið fram með hin frv., sem skertu aðflutningsbannslögin, fyr en sjeð er fyrir örlög frv. þess, er hún sjálf flytur. En það get jeg þó sagt háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að nefndin er á einu máli um að fella frv. hans. Það væri ekki eðlilegt, að helmingur sekta rynni í bæjar- eða sveitarsjóði, þar sem landssjóður kostar alla löggæslu til sveita og að mestu í kaupstöðum og kauptúnum.

Hvað snertir það atriði, að lögreglustjórar muni ganga betur eftir að lögin verði haldin, ef þetta yrði að lögum, þá get jeg ekki sjeð neina ástæðu til að halda það. Sveitarstjórnum er sjerstaklega falið að gæta bannlaganna, og jeg sje ekki ástæðu til að halda, að þær myndu frekar gera það, þótt frv. háttv. þm. (G. Sv.) yrði samþ. Það var samkomulag hjá nefndinni að koma fram með frv. það, sem nú er til umræðu. Nefndarmönnunum er að vísu ekki öllum jafnmikið kappsmál, að það nái fram að ganga. En gott myndi þó leiða af samþykt þess, því að væntanlega mundi það koma í veg fyrir ýms leiðustu og verstu brotin á bannlögunum, án þess að það þó gangi svo langt, að það æsi mótstöðu gegn lögunum.

Gísli Sveinsson: Jeg hefi aldrei ætlast til, frekar en verkast vildi, að nefndin fjellist á frv. mitt, en jeg hafði búist við, að hún afgreiddi það á venjulegan (forml.) hátt með nál. En nú sá jeg, að í greinargerð frv. þess, sem nú er til umræðu, er lagt til, að »það sje felt«. Þetta vil jeg kalla hugsunarvillu hjá nefndinni, en ekki hitt hjá mjer, að ætlast til, að helmingur sekta rynni í bæjar- eða sveitarsjóð. Landssjóður borgar sveitarstjórnum ekkert fyrir hjálpina við að halda bannlögunum uppi, og væri alls ekki óeðlilegt, að helmingur sekta t. d. kæmi á móti þeirri hjálp. Ýms svipuð ákvæði eru til í löggjöf vorri, og það jafnvel ákvæði, sem snerta áfengislöggjöfina. Annars þarf enginn að halda, að mjer sje þetta svo sjerlega hugleikið, ef þingið, sem virðist hlynt bannlögunum, vill ekki taka þetta ráð. En jeg vildi þó bera fram tillögu, sem miðaði í rjetta átt. Praktiskt sjeð er það mest um vert, að framkvæmd bannlaganna sje góð. Eitt af því, sem þess vegna skiftir bannlögin mestu, er að stofnað sje til reglulegrar tollgæslu, til að byrja með hjer í Reykjavík, eins og annað frv., sem jeg hefi borið fram, fer fram á, því að undir hana hlýtur það auðvitað að falla að hindra innflutning á áfengi.

Einar Jónsson: Þegar bannmálið kom í fyrsta sinn til umræðu í allsherjarnefnd, leit, sem eðlilegt er, ekki vel út um, að samkomulag yrði með nefndar-

mönnunum. Sumir vildu engar breytingar sjá, en öðrum var áhugamál að koma breytingunum fram. En, eins og háttv. frsm. (M. G.) hefir getið um, varð það til samkomulags, að nefndin tilbjó frumvarp það, sem frá henni er komið. Þegar nefndin samdi frv., var jeg ekki viðstaddur, enda hefir sú raunin orðið á, þegar jeg fór að líta nánar á það, að jeg get ekki orðið samnefndarmönn um mínum samdóma um ýmsar af brtt. Nefndin hefir verið í vanda stödd, eins og sjálf deildin, því að hjer er úr vöndu að ráða. Jeg hygg, að það muni rjett vera, sem háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) sagði, að deildin væri ekki samkvæm sjálfri sjer, nema hún afgreiði þetta frv. á sama hátt og frv. það, sem hann og hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) komu fram með.

Jeg hygg, að svo mikið sje af lögreglumönnum, bæði hjer í Reykjavík og öðrum stærri kaupstöðum landsins, að ekki þurfi að láta helming sekta ganga í bæjarsjóði, eða auka löggæsluna á nokkurn hátt með sjerstöku tilliti til bannlaganna. Jeg fyrir mitt leyti vildi óska, að bannlögunum væri í engu breytt, þangað til tími sýnist til kominn að afnema þau með öllu. Lögin er ekki hægt að bæta. Jeg skal ekki fjölyrða um, hvaða brtt. jeg yrði samþykkur, ef til 2. umr. kæmi, þar sem það er ósk mín, að frv. í heild sinni verði afgreitt á sama hátt og andbanningafrv. Sumar brtt. eru auðsýnilega til hins verra. Það eitt skal jeg nefna, að ef deildinni kæmi það betur, þá skyldi jeg greiða atkvæði með ilmvötnunum í 2. gr. En jeg gæti trúað, að kvenfólkið verði bannlögunum ekki hlyntara, þótt það fái ekki að setja ilmvötnin óskemd í hárið á sjer og víðar. Og mun jeg þó greiða þessari brtt. atkvæði.

Einar Arnórsson: Fyrir nokkru fóru fram umræður hjer í deildinni um forðagæslulög. Eitt ákvæðið í þeim hljóðaði svo, að með þessum lögum væru öll eldri ákvæði um forðagæslu úr gildi numin. Líkt er um þessi lög; frv. endar á því, að hjer með sjeu áður sett lög um aðflutningsbann á áfengi úr gildi numin. Eftir fyrri ummælum háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) að dæma mun þetta vera eini kosturinn á þessu frv., og út frá þessu ákvæði, um að afnema bannlögin, hlýtur fyllyrðing hans og háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) að vera hugsuð, um, að deildin þurfi, til að vera samkvæm sjálfri sjer, að afgreiða þetta mál með sama hætti og miðlunar- eða andbanningafrv. um daginn. Á þessum grund velli einum gæti hún bygt. En nú er sá stóri munur á þessu frv. og andbanningafrv., að hjer eru flest hin sömu ákvæði, sem feld eru úr gildi, sett í staðinn, og þar að auki lítils háttar viðbætir. Með viðbótunum er verið að gera tilraun til að bæta bannlögin.

Í rökstuddu dagskránni var sagt, að ekki mætti afnema bannlögin nema að undangengnu þjóðaratkvæði, þar sem þau voru sett eftir þjóðaratkvæði, en af þessu leiðir alls ekki, að ekki megi endurbæta bannlögin. Það er hin mesta fjarstæða, að það fari að nokkru leyti í bága við þjóðaratkvæði.

Flestu mun annars vera svarað, sem svara þarf. Frsm. (M. G.) hefir svarað aðfinslum við aðgerðir nefndarinnar. Eitt er það þó, sem jeg vildi leiðrjetta hjá háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Jeg þekki ekki nein núgildandi lög, sem snerta áfengislöggjöf landsins, þar sem ákveðið sje, að helmingur sekta renni í sveitar- eða bæjarsjóð, þótt þingmaðurinn segði, að svo væri.

Hákon Kristófersson: Hæstv. forsætisráðherra tók það fram, að óþarfi væri að ræða mál þetta mikið nú og að eins til að auka kostnað. Mjer kemur það kynlega fyrir, að slíku skuli varpað fram úr ráðherrastóli um jafnmikilsvert mál sem þetta. Að umræður um málið hafi kostnað í för með sjer er að vísu alveg rjett, en sú ástæða getur varla talist frambærileg, ef tekið er tillit til allrar þeirrar ónytjumælgi, er ýms smámál hafa haft í för með sjer hjer í þinginu, án þess að neinn hafi minst á kostnaðarhliðina. Jeg er ekki í neinum vafa um það, að þjóðin muni vilja halda fast við bannlögin, en það mun frekar geta orkað tvímælis, hvort það sje ósk hennar, að sífelt sje verið að grauta í þeim með allskonar breytingum, og þeim sumum hverjum miður heppilegum.

Það er auðvitað tilgangurinn með frv. þessu að bæta bannlögin, en jeg efast um, að þeim tilgangi verði náð með breytingum þeim, sem hjer liggja fyrir. Umbætur frv. virðast vera þær, að sektir fyrir bannlagabrot skuli hækkaðar, og að heimild er veitt til að rannsaka hirslur ferðamanna. Slíkar ráðstafanir sem þessar verð jeg að telja hreinustu vandræði, og efasamt mjög, að þær miði til bóta. Við höfum tolllög, sem margir eru hræddir um að ekki sjeu vel haldin eða vel gætt, en enginn talar um, að rannsókn á hirslum ferðamanna sje nauðsynleg þeirra vegna. Því er mjer spurn, hvers vegna á þá að hafa aðra aðferð gagnvart bannlagabrotum? Jeg tel þetta, eins og jeg hefi áður tekið fram, mjög vafasamar umbætur, og ekkert umboð hefi jeg til að samþykkja ákvæði slík sem þessi. Þykir mjer það ráðlegast, að málinu sje slegið á frest og látið sitja við það sem er, og gefa þjóðinni kost á að láta uppi álit sitt um það, hvort hún getur felt sig við frv. þetta, sem hjer liggur fyrir. Þar sem það er nú fullyrt, að þing verði að sumri, virðist mjer vel fara á því að geyma allar breytingar á lögunum þangað til; þá væri líka fengin vissa fyrir því, hvernig alment væri litið á breytingar þessar.

Jeg er sammála háttv. þm. V. Sk. (G. Sv.) um það, að það sje einkum framkvæmd laganna, sem er því til hindrunar, að þau nái tilgangi sínum. Jeg hefi verið og er bannmaður, og sjálfsagt ekki lakari en hver annar. Þó vil jeg taka málið til rólegrar yfirvegunar, því að allar æsingar í þessu máli verð jeg að telja varhugaverðar. En satt að segja er jeg ekki svo sterkur bannmaður, að jeg hneykslist á því, þótt einhver hafi eina eða tvær vínflöskur í fórum sínum, og neyti vínsins úr þeim í sakleysi, fremur en þótt einhver hafi með sjer vindlakassa. Jeg tel þetta ekki neitt aðalatriði. Hitt er athugaverðara, að mönnum hefir haldist uppi að flytja vín inn í landið og selja það síðan hinum og þessum með afarháu verði. Að frekar verði náð í þrjóta þessa, þótt sektir verði hækkaðar, tel jeg vafasamt, miklu heldur hið gagnstæða.

Af því að jeg tel málið ekki nógu vel íhugað, þá leyfi jeg mjer að afhenda hæstv. forseta svo hljóðandi dagskrá, og bið hann að bera hana undir atkvæði, að loknum umræðum:

Með því að deildin lítur svo á, að mjög orki tvímælis, hvort heppilegt sje að gera ítarlegar breytingar á bannlögunum, þar sem enn er engin fullnaðarreynsla fengin fyrir þeim, þá vill

hún láta við svo búið standa að sinni, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Bjarni Jónsson: Það má segja, að háttv. þm. Barð. (H. K.) hafi sýnt málfimi sína og málkunnáttu við samning dagskrár þessarar, því að hún er bæði vel orðuð og gott mál á henni, og mundi jeg hafa eignað hana öðrum manni hjer í deild, ef þessi nafngreindi maður hefði eigi borið hana fram.

En þó vil jeg vara menn við að greiða atkvæði með dagskrá þessari, því að jeg finn enga ástæðu til að vísa málinu frá, og bendi jeg þar á orð hv. 2. þm. Árn. (E. A.), sem er formaður allsherjarnefndar. En áður en gengið er til atkvæða um dagskrána vildi jeg leyfa mjer að beina fyrirspurn einni að formanni allsherjarnefndar.

Jeg hefi heyrt, að Ciceró þessarar deildar, háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) hafi haldið ræðu á móti frv. þessu. Ræðan rann að vanda, sætari en hunang, af vörum háttv. þm. (E. J.). En þó skýtur því nokkuð undarlega við, að háttv. þm. (E. J.) skuli halda slíka ræðu, því að jeg sje ekki betur en að nafn háttv. þm. (E. J.) standi fyrirvaralaust á þgskj. 579, undir greinargerð allsherjarnefndar fyrir máli þessu. Er því ekki nema tvent til. Annaðhvort hefir bæst hjer í deildina nýr 2. þm. Rangæinga, hinn 27. deildarmaður, eða hinn 2. þm. Rang., sá er vjer þekkjum allir, hefir eigi munað til sjálfs sín, er hann hjelt ræðuna áðan, eða ekki vitað, undir hvað hann skrifaði, er hann undirskrifaði greinargerðina á dögunum; væri fróðlegt að fá upplýsingar um þetta hjá háttv. formanni allsherjarnefndar (E. A.).

Einar Arnórsson: Jeg skal verða við því að svara fyrirspurn háttv. þm. Dala. (B. J.), að svo miklu leyti sem mjer er kunnugt. Nefndin í máli þessu hjelt fund með sjer á sunnudaginn, ræddi málið allrækilega og samdi þá greinargerð sína. Háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) var þá fjarverandi. En svo var greinargerðin lesin upp á næsta fundi og borin nákvæmlega saman við lögin. Var þá háttv. þm. (E. J.) viðstaddur og skrifaði athugasemdalaust undir með hinum nefndarmönnunum. En síðar kom hann og kvaðst ekki hafa nógu nákvæmlega athugað innskotin, og vildi hafa frjálsar hendur og óbundið atkvæði sitt. Nefndin er mjög frjálslynd og gat ofurvel sett sig inn í það, að háttv. þm. (E. J.) mundi ekki hafa kynt sjer málið sem skyldi, og er það því með öllu reiðilaust frá okkar hálfu, þótt hann, samvisku sinnar vegna, geti ekki fylgt nefndinni að málum.

Jörundur Brynjólfsson: Við lítum margir svo á snemma á þessu þingi, að nauðsynlegt væri að gera umbætur á bannlögunum, og við lítum enn svo á, að nauðsynin sje engu síður á því nú en þá var. Og mjer dylst það ekki, að frv. það, sem nú er til umræðu, feli í sjer margt til bóta. Því er það sjálfsagt fyrir alla þá, sem sömu skoðunar eru og jeg, að greiða atkvæði gegn hinni rökstuddu dagskrá hv. þm. Barð. (H. K.).

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Barð. (H. K.) feld með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. St., E. J., G. Sv., H. K., J. J., M. P., M. Ó., P. J., S. St., Þór. J.

nei: B. J., B. K., E. A., E. Árna., J. M., J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Ó. B.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 7 atkv.

A 48. fundi í Nd., föstudaginn 31. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 548, n. 597, 620).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., mánudaginn 3. sept., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg gat þess við 1. umr., hvers vegna nefndin hefði tekið það ráð að setja í eina heild öll þau lög, er nú gilda um aðflutningsbann áfengis, og bæta við þeim breytingum úr frv. þeim, er til nefndarinnar höfðu borist, er nefndinni fanst ástæða til að taka til greina. Ætla jeg því ekki að gera annað nú en minnast á helstu breytingarnar.

Fyrst eru þá breytingarnar í 1. og 2. gr., er standa í sambandi innbyrðis. Meiningin með þeim er að koma í veg fyrir misbrúkun á þeim vökvum, sem ekki eru í raun og veru nothæfir til drykkjar, en þó notaðir þannig, svo sem t. d. ilmvötn, hármeðöl, suðuvökvi og »politur«. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að þessir vökvar eru notaðir til drykkjar, og líka kunnugt, að þeir valda enn meiru heilsutjóni en það áfengi, sem innflutningur er bannaður á með bannlögunum, og því sýnilega enn meiri nauðsyn að reyna að hindra neyslu þeirra en innflutning á áfenginu sjálfu. Geri jeg því ráð fyrir, að flestir fallist á þessar breytingar.

Svo kemur breytingin í 5. gr. um, að þegar skip er rannsakað á fyrstu höfn, er lögreglustjóra heimilt að »opna hirslur skipverja og farþega og aðra staði í skipi, eftir því sem þörf þykir«. Jeg lít nú svo á, að í raun og veru hafi þetta verið heimilt áður, en til þess þurfti dómsúrskurð. Í 6 gr. tollaganna stendur, að ef grunur leikur á, að rangt sje skýrt frá, má lögreglustjóri eða umboðsmaður hans, láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með uppskipun. Rjett mun það, að ekki hafi verið hægt að opna hirslur nema dómsúrskurður kæmi til, en með þessari breytingu er það beint heimilað, hvað áfengi snertir. Þetta er víða siður, að útlendir og innlendir farþegar verða að opna hirslur sínar, til þess að tollstjóri sjái, hvort ekki eru tollskyldar vörur í þessari hirslu.

Þá er næst breyting í 14. gr. 4. málsgr., um það, að auk sekta skuli beita fangelsisrefsingu, ef áfengi hefir verið aflað til veitinga í atvinnuskyni eða sölu. Það virðist vera sjerstök ástæða til þess að setja þyngri hegningarákvæði, er menn gera sjer beinlínis að atvinnu að smygla víni inn í landið og selja það með jafnvel okurverði.

Um brtt. í 15. gr. er það að segja, að það vakti sama fyrir nefndinni, sem sje að skerpa hegningarákvæðin, þegar það er meiningin að gera sjer atvinnu af sölu og veitingu áfengra drykkja. Jeg get ekki verið að nefna allar tölurnar, geri ráð fyrir, að háttv. þingdm. hafi frv. fyrir sjer og sjái breytingarnar. Jeg skal geta þess, að í næst síðustu málsgr. 15. gr. er prentvilla. Þar stendur 500—1000, en á að vera 50—1000 kr., en þetta eru hegningarákvæði fyrir þá menn, er afla sjer áfengis undir því yfirskyni, að þeir ætli að nota það í löglegum tilgangi, en nota það til drykkjar.

Um breytinguna í 16. gr. þarf ekki að fjölyrða. Það er nauðsynleg formbreyting.

Eins og háttv. deild sjer er felt burt ekki alllítið úr frv. á þgskj. 72. Það

eru feld burt breytingaratriði, sem nefndin gat ekki felt sig við, en sum þessara atriða eru nú tekin upp í brtt. á þgskj. 620, frá háttv. þm. Borgf. (P. O.), og verð jeg því að minnast á þær brtt.

Fyrri brtt. gengur út á það að óheimila íslenskum skipum, sem eru í siglingum milli landa, að flytja með sjer áfengi. Er að þessu leyti gerður greinarmunur á íslenskum og útlendum skipum. Jeg gat þess áður, að nefndin hefði ekki getað fallist á þetta, því að það er alkunna, að ýmsir menn vilja heldur ferðast með þeim skipum milli landa, er hafa áfengi. Með þessu væri því afstaða íslenskra skipa gagnvart erlendum fjelögum gerð veikari. Hjer væri gerður greinarmunur í þá átt að gera íslensk skip ver sett. Jeg skal og geta þess, að nefndin fjekk brjef frá stjórn Eimskipafjelagsins, og lagði hún talsverða áherslu á, að þetta ákvæði yrði ekki tekið upp í frv.

Önnur brtt. háttv. þm. Borgf. (P. O.) mælir svo fyrir, að hver, sem sjest ölvaður á almannafæri, skuli sæta sektum frá 20—200 kr. Á þetta gat meiri hluti nefndarinnar ekki fallist, vegna þess, að ölvaður maður þarf ekki að gera óspektir, og á meðan einstökum mönnum er leyft að eiga áfengi í sínum húsum, neyta þess sjálfir og veita einstökum mönnum, er það dálitið einkennilegt að sekta menn, ef það sjest á þeim, að þeir hafa neytt þess, sem heimilt er að neyta. Það sýnist ganga fullnærri að taka mann og sekta, er gengur leiðar sinnar rólegur, án þess að gera neinum neitt, þótt á honum kunni að sjá vín, sem oft getur verið álitamál, hvort er eða ekki.

Meiri hluti nefndarinnar mun því greiða atkvæði móti þessum brtt. En einn nefndarmanna, háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.), hefir þó áskilið sjer rjett til að greiða atkv. með annari þeirra. En öll nefndin hefir verið sammála um að fella burt sum ákvæði frv. á þgskj. 72, svo sem t. d. 6. gr., um að frá 1. jan. 1919 skuli afnuminn sá rjettur, sem einstakir menn hafa til að eiga áfengi, samkvæmt 11. gr. laga um aðflutningsbann á áfengi, 30. júlí 1909. Allir voru sammála um, að það væri í raun og veru óhæfilegt, að löggjöfin heimilaði mönnum árið 1909 að eiga svo og svo miklar birgðir áfengis og taka þann rjett síðan burt. Hjer væri beinlínis verið að svíkja þá, sem treyst hefðu þessari heimild og birgt sig upp. Enn fremur voru allir samdóma um að fella burt 5. gr. á sama þgskj, um að hegna þeim, er gefa tortryggilega skýrslu. Með þessu ákvæði væri brotið í bág við þá aðalgrundvallarreglu hegningarlaganna, að hegna aldrei nema menn sjeu sannanlega sekir.

Enn fremur vildi nefndin fella burt 3. gr. sama frv. Hún er algerlega óþörf, þar sem búið er að gefa út slíka reglugerð, sem þar um ræðir, og ef sú reglugerð þykir ekki nægileg, er full heimild til að bæta úr því.

Við 1. umr. mintist jeg á, hvers vegna frv. háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) fann ekki náð fyrir augum nefndarinnar, og þarf því ekki að minnast á það nú.

Pjetur Ottesen: Háttv. frsm. allsherjarnefndar (M. G.) hefir skýrt rjett og nákvæmlega frá þeim brtt., er nefndin kom sjer saman um. En viðvíkjandi 6. gr. frv. háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) og þeirra fjelaga skýrði hann ekki alveg rjett frá. Það er ekki alveg rjett, að allir nefndarmenn litu sömu augum á þá grein. Jeg vildi gjarnan halda henni, en til samkomulags við háttv. meðnefndarmenn mína um önnur atriði gekk jeg inn á að sleppa henni. Jeg tel sem sje mjög óheppilegt, að sú grein

komst nokkurn tíma inn í bannlögin, og þarf jeg ekki að fara út í það frekar.

Vil jeg þá að eins snúa mjer að brtt. og minnast fyr á þá síðari, um þá, er láta sjá sig ölvaða á almannafæri, og í sambandi við þær segja nokkur orð alment um málið, því að jeg hefi ekki haft tækifæri til að tala um það áður.

Vitanlega hefir eftirlit með bannlögunum reynst allörðugt, og liggja til þess ýmsar orsakir, er rekja má á ýmsa vegu. Þegar bannlögin gengu í gildi, var víndrykkja allmikil í landinu. Því var altaf við því að búast, að drykkfeldir og nautnasjúkir menn mundu fyrst í stað neyta allra bragða til að svala fýsnum sínum og smygla víni inn í landið. Af þessu hefir það aftur leitt, að einstöku menn hafa, að sögn, legið á því lúalagi að smygla inn víni, og »spekúlerað« með því í drykkjugirnd náungans.

Tolleftirlitið er ófullkomið hjer á landi.

Það hefir og leikið mjög á tveim tungum með það, hversu sumir lögreglustjórar hafi verið eftirgangssamir með það að gæta bannlaganna. Þeir hafa sjálfsagt allmiklar málsbætur, en því verður ekki á móti mælt, að allmisjafnlega hefir lögreglustjórunum tekist í þessu efni.

Svo er og eitt ótalið enn, sem sje það, að í landinu er flokkur manna, sem frá öndverðu hefir verið mjög andstæður bannlagastefnunni, og er það síst á þá menn logið, suma hverja, þótt sagt sje, að þeirra starf hafi lítt að því lotið að glæða virðingu manna fyrir bannlögunum.

Þegar alls þessa er gætt, er það síst að undra, þótt nokkuð hafi bannlögin brotin verið. Svo hefir það og komið í ljós við starfrækslu laganna, að ýmsar glompur hafa reynst á þeim, er lögbrjótarnir hafa snuðrað uppi. Þessar glompur hefir að sjálfsögðu þurft að bæta. Þetta er svo sem ekkert einsdæmi með bannlögin. Svo er það yfirleitt með öll lög og lagasetningar. Hversu vel sem til þeirra er vandað og hversu vel sem þau eru huguð í byrjun, þá leiðir reynslan það oftast í ljós, að ýmislegt má betur fara, og þá er auðvitað sjálfsagt að kippa því í lag.

Á bannlögunum hafa verið gerðar allmiklar breytingar, sumar til bóta, en sumar aftur til hins gagnstæða.

Nú hefir reynslan sýnt, að breyta þarf lögunum að nokkru, og er því síst að undra, þótt þeir, sem ant er um bannlögin, komi fram með þær breytingar á þeim, er þeir álíta að til bóta horfi. Ein meðal þeirra sjálfsögðustu breytinga, sem gera þarf á lögunum, er einmitt sú breyting, er hjer um ræðir. Hún er nauðsynleg af því, að 13. gr. bannlaganna, sem um þetta hljóðar, hefir alls ekki reynst fullnægjandi.

Þegar menn hafa átt að fara að gera grein fyrir því hjá lögreglustjóra, hvar þeir hafi fengið það áfengi, sem þeir eru ölvaðir af, þá hafa þeir getað komið við ýmsum undanbrögðum. Komist þetta ákvæði inn í lögin, er fyrir það girt. Því er þetta ákvæði beinlínis nauðsynlegt í lögunum. Auk þess ættu þau sektarákvæði, sem hjer um ræðir, að vera allmikil trygging fyrir því, að menn hefðu sig mikið í frammi á almannafæri ölvaðir, svo að hneyksli ylli. En í bannlandi er það óneitanlega stórhneyksli, að menn skuli vera að slagsa blindfullir á almannafæri. Mönnum á ekki að haldast það uppi að fara svo að, því að það hlýtur stórum að brjóta í bág við velsæmistilfinningu þjóðarinnar og virðingu manna fyrir því, að haldin sjeu landsins lög.

Þá skal jeg snúa mjer að fyrri brtt., sem fer fram á það, að niður falli það ákvæði í bannlögunum, að íslenskum fólksflutningaskipum megi veita undan-

þágu með að hafa vín til sölu eða neyslu milli landa.

Þetta undanþáguákvæði stríðir alveg á móti hugsun og stefnu bannlaganna. Eðlilegast og sjálfsagðast, að á íslenskum skipum gildi í þessu falli sömu lög og reglur sem í landinu sjálfu. Það sýnir, að það fylgir hugur máli hjá þjóðinni, og hún veit, hvað hún vill, og að henni er alvara að stíga sporið sem fylst í þessu máli að unt er. Reynslan hefir sýnt það, að um gagnsemi bannlaganna fyrir landið þarf ekki að efast, og því sjálfsagður hlutur, að þeim lögum sje beitt svo langt, sem íslenskt valdsvið nær.

Þá mintist háttv. frsm. (M. G.) á brjef Eimskipafjelagsstjórnarinnar, þar sem því er haldið fram, að Eimskipafjelagið geti beðið halla við það, ef þessu ákvæði sje kipt út úr lögunum.

Jú, það er alveg rjett, að allsherjarnefndinni hefir borist þetta brjef, og að þetta er að vísu álit Eimskipafjelagsstjórnarinnar eða meiri hluta hennar. Meiri hluta hennar segi jeg, af því að mjer er um það kunnugt, að formaður Eimskipafjelagsins, Sveinn Björnsson, er á gagnstæðri skoðun og meðstjórnarmenn hans í þessu, þótt hann beygði sig fyrir meiri hlutanum og skrifaði undir áminst brjef.

Sveinn Björnsson er eindregið þeirrar skoðunar, að hjer sje engin hætta á ferðinni fyrir Eimskipafjelagið. Jeg tek þetta fram af því, að á það var minst, og með fullu leyfi umgetins manns.

Jeg er sannfærður um það, að það sje með öllu ástæðulaust að vera að halda því fram, að hjer sje um þann tekjumissi að ræða fyrir Eimskipafjelagið, eða hvaða íslenskt skipafjelag sem væri, sem í nokkurn máta getur rjettlætt það principsbrot á bannlögunum, sem með þessari undanþágu er framið, og þá erfiðleika, sem það á ýmsan veg hefir í för með sjer fyrir gæslu bannlaganna.

Það má vel vera, að einstöku óreglusegir kysu heldur að ferðast á milli landa með þeim skipum, þar sem alt flóir út í brennivíni, en þess ber líka að gæta, að jeg er þess fullviss, að fjöldi manna kysi miklu heldur að ferðast einmitt með þeim skipum, þar sem ekkert vín er haft um hönd. Og þeim mönnum fjölgar altaf, ekki einasta hjer á landi, heldur einnig í nágrannalöndunum.

Bannstefnan íslenska er að verða öðrum til fyrirmyndar.

Íslendingar eru hjer brautryðjendur.

Nytsemi og heilbrigði bannstefnunnar hefir snortið nágrannaþjóðirnar.

Víða hefir bryddað á allstækum hreyfingum í þessa átt.

Menn hafa einmitt á þeim hörmungatímum, sem nú standa yfir, komist til sannleikans viðurkenningar um gildi og nytsemi þessara stefnu. Það sýnir óræk ast, hversu málefnið er gott, og að þetta er virkilegt framtíðarmál.

Því var óspart haldið fram í þinginu 1909 af andstæðingum bannlaganna, að eftir að þau lög kæmust á mundi enginn útlendingur líta við því að ferðast hingað.

Það hefir nú sýnt sig, að þessi ástæða var ekkert annað en hjóm og reykur. Svo mun það og reynast í þessu efni hvað skipin snertir.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta að svo stöddu, en vona, að deildin taki brtt. minum vel. Verði þær samþyktar, þá stuðla þær að því tvennu, að gera eftirlitið með bannlögunum mun auðveldara, og að þjóðin njóti þar af leiðandi fyr en ella fullkomlega þeirra gæða, sem bannlögin hafa í sjer fólgin.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg álít það ekki vera þörf að halda nú langa ræðu, því að mikið hefir þegar verið um málið rætt, og flest hefir verið tekið fram, sem jeg hafði ætlað mjer að segja, en þó get jeg ekki stilt mig um að segja nokkur orð.

Jeg get yfirleitt verið háttv. allsherjarnefnd þakklátur fyrir meðferð hennar á frv., þótt jeg geti ekki verið fyllilega samþykkur allri meðferð hennar á því. Jeg býst við því, að menn í þessari nefnd hafi litið misjöfnum augum á frv., og að þetta sje samkomulagsniðurstaðan. Þótt ekki gangi breytingar nefndarinnar eins langt og jeg hefði óskað, þá er þó það gott við þær, að þær miða allar til bóta.

Það mun vera af þessari ástæðu, að háttv. þm. Borgf. (P. O.) flytur fram brtt. sínar, að honum finst, eins og mjer, að till. nefndarinnar gangi ekki nógu langt. Hann hefir því tekið 2 atriði upp úr upphaflega frv. Hann vill láta sekta mann, sem sjest ölvaður á almannafæri. Háttv. frsm. (M. G.) kvað þó ógerning að sekta manninn fyrir það eitt, að á honum sæist, að hann hefði bragðað vín. Jeg segi nú fyrir mig, að mjer dettur það ekki í hug, að þessu ákvæði laganna yrði beitt nema hneykslanlegt framferði ætti sjer stað hjá manninum. Jeg hygg, að flestir muni líta svo á, að það sje hneykslanlegt framferði að láta sjá sig svo ölvaðan á almannafæri, að maður sje tæpast sjálffær, og að slíkt ætti að varða sektum.

Við stöndum í þessu efni að baki öðrum þjóðum, sem þó hafa ekki bannað vínsölu, því að þau leggja sektir við slíku. Ensk lög ákveða sektir við þessu, og sjeu miklar sakir, þá líka fangelsi. Ef nefndin kynni betur við að setja inn í till. orðin »svo að hneykslí valdi«, þá gæti jeg verið því meðmæltur, en þó tel jeg þá breytingu óþarfa, en dálítið tel jeg leiðinlegt að sleppa alveg þessu ákvæði, því að það er ómótmælanlegt, að það meiðir tilfinningu flestra manna að sjá útúrdrukna menn á almannafæri, og sjerstaklega á þetta illa við í bannlandi, þar sem erlendar þjóðir, sem ekki hafa nein bannlög, þó leggja sektir við þessu.

Jeg vildi biðja háttv. meiri hluta nefndarinnar að láta í ljós, hvort hann mundi ekki geta fallist á tillöguna með þeirri breytingu, sem jeg stakk upp á áðan. Jeg mundi vilja vinna það til samkomulags.

Þá er önnur till. háttv. þm. Borgf. (P. O.), að 2. málsgr. 5. gr. bannlagafrv. falli burt. Jeg vildi leyfa mjer að fara um hana örfáum orðum. Till. fer fram á það, að skipum Eimskipafjelagsins verði ekki leyft að flytja vín framvegis. Háttv. tillögumaður (P. O.) hefir nú fært ástæður fyrir þessari breytingu sinni, og vildi jeg að eins leyfa mjer að bæta þar við einu atriði.

Það er öllum kunnugt, að Eimskipafjelagið er alþjóðareign, og því ekki síður bannmenn en andbanningar, sem hjer eiga hlut að máli. Það ætti nú að vera öllum ljóst, að bannmenn hljóti að vera óánægðir með, að skipin, sem þeir eiga eins og aðrir, sjeu gerð fljótandi veitingahúsum. Ef við því neitum að verða við þessari kröfu þeirra, þá er auðsjáanlegt, að það getur orðið fjelaginu að skaða, og væri það ilt, ef þetta ætti að verða til að sprengja fjelagið.

Stjórn Eimskipafjelagsins hefir eitt sinn lýst yfir við nokkra menn, að skaðinn af því að veita ekki þessa undanþágu yrði varla annar en sá, að örðugra yrði að fá bryta með sama kaupi og nú, en jeg vona, að allir sjái, að það er engin ástæða til að leyfa vínveitingar á skipunum. Það er ákaflega

leiðinlegt, að það skuli vera heimilt á íslenskum skipum að láta borðin flóa í víni, og jeg er viss um, að fleiri mundu vilja fara með þeim, ef það væri ekki leyfilegt og ekkert áfengi væri veitt á skipunum.

Hv. frsm. allsherjarnefndar (M. G.) vjek að þessari brtt. um ölvuðu mennina nokkrum orðum. Honum hefir þegar verið svarað að nokkru leyti. Aðalröksemd hans hefir þó ekki enn verið svarað, en hún var sú, að það væri hálfleiðinlegt, ef mönnum væri refsað fyrir, að það sæist á þeim vín, þar sem enn sje leyfilegt að eiga vín og neyta þess.

Þó að nú sje heimild til að eiga vín, verður samt ekki til annars ætlast en að menn fari svo vel með vínið, að ekki valdi hneyksli. Annars höfum við flutt brtt. um að nema þessa heimild úr lögum, en nefndin hefir, af einhverjum ástæðum, ekki sjeð sjer fært að taka þá brtt. upp. Það er því ekki okkar sök, þó að hv. frsm. (M. G.) finnist ósamræmi milli þessara ákvæða. En þó að nú þessi heimild verði ekki þegar numin úr gildi, þá þarf hjer enginn árekstur að eiga sjer stað. Jeg get ekki sjeð, hvað sje ósæmilegt við að svifta menn þeim rjetti til að eiga vín, sem þeim var veittur 1909. Það ætti ekki að vera hættulegra en að svifta þá, sem vínverslun höfðu, söluheimildinni, þegar sölubannið kom í gildi. Það væri hægt að gefa mönnum nokkurn frest, ef það þætti betra. Þessu er auðvelt að fá framgengt, án þess að ganga ofnærri rjetti einstaklingsins.

Jeg mæli sem best með brtt. hv. þm. Borgf. (P. O.), því að jeg tel þær til mikilla bóta. Svo skal jeg ekki fjölyrða frekar um þetta mál.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Hv. þm. Borgf. (P. O.) mintist á, að lögreglustjórar litu misjafnlega vel eftir, að bannlögunum væri framfylgt. Sama kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv. (J. B) við 1. umr, en þegar jeg bað hann að nefna nöfn, svaraði hann, að það væri ekki víst, að jeg græddi neitt á því. Jeg veit ekki, hvort þetta hefir átt að skiljast svo, að jeg væri í flokki þeirra lögreglustjóra, sem illa litu eftir bannlögunum. Það er náttúrlega auðvelt að bregða lögreglustjórum um þetta. En það er ekki eins auðvelt fyrir lögreglustjórana að vera á rölti um alt umdæmið. Það er ómögulegt fyrir einn mann að vita alt, sem gerist í heilli sýslu. Nei, aðalatriðið er, að menn tala um bannlagabrot sín á milli, en fæstir vilja kæra. Svo álasa menn lögreglustjóranum fyrir að hafa ekki hendur í hári lögbrjóta, sem enginn vill þó kæra. Hitt athuga menn ekki, að lögreglustjóra er ómögulegt að álasa með neinum rjetti, þó að hann taki ekki upp brot, sem enginn kærir og hann veit ekkert um. Þess er að eins hægt að krefjast af honum, ef hann horfir á þegar brotið er framið, eða veit það á annan hátt.

Hv. þm. Borgf. (P. O.) var að minnast á, hvað fram hefði farið í nefndinni. Það er ekki venja að segja frá slíku, og mun jeg því engu svara.

Þá kem jeg að því, hvernig skýra skuli orðið »ölvaður«. Jeg held, að það eigi við mann, sem hefir drukkið svo, að á honum sjest. Þar fyrir þarf maðurinn alls ekki að vera svo drukkinn, að hneykslanlegt sje, eða að það særi tilfinningar annara. Hjer í Reykjavík er lögreglunni heimilt að taka menn, sem sjást hneykslanlega ölvaðir á götum úti. Enda er það oft gert, og sæta menn sektum fyrir. Sjerstakt ákvæði um þá, sem sjást hneykslanlega drukknir, er óþarft í bannlögunum, hvað snertir þá staði, sem hafa lögreglusamþyktir, og alstaðar hjer á landi varðar það refsingu, ef ölvaðir menn gera óspektir.

Hvað snertir Eimskipafjelagið, þá hefi jeg hjer brjef frá stjórn þess. Þar segir svo: ». . . Afnám þessarar heimildar mundi hafa í för með sjer fjárhagslegt tjón fyrir fjelagið, misrjetti gagnvart öðrum millilandaskipum og önnur óþægindi . . .« Mjer kemur því undarlega fyrir, að stjórnin álíti heimildina lítils virði, eins og hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) sagði. Formaður fjelagsins hefir undirritað brjefið. Vel má vera, að hann sje því ósamþykkur, en það kemur hvergi fram. Hjer er að eins um heimild að ræða, sem stjórn fjelagsins þarf ekki að nota fremur en hún vill. Það er því alveg ástæðulaust að óttast, að þetta mál gæti valdið sprengingu í fjelaginu. Að minsta kosti væri það þá eingöngu stjórninni að kenna.

Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) sagði, að engum lögreglustjóra mundi detta í hug að taka ölvaða menn fyrir það eitt, að vín sæist á þeim. En það er mitt álit, að það verði skylda, ef brtt. háttv. þm. Borgf. (P. O.) verður samþykt. Það er alveg rjett hjá 1. þm. Reykv. (J. B.), að þessi brtt. stendur í nánu sambandi við hina brtt., um afnám heimildarinnar til að eiga vín, sem inn var flutt fyrir 1912. Þessar brtt. standa í svo nánu sambandi hvor við aðra, að ef önnur er feld burt, þá á hin að falla líka.

Einar Jónsson: Það gleður mig, hvað þessar umræður hafa farið rólega fram. Það hefir ekki verið yfir þeim sami stífnisblær og yfir samtali bannmanna og andbanninga, þegar þeir hittast á götu. Rifrildi um bannmálið á ekki heldur að eiga sjer stað, og það allra ist á sjálfu þingi þjóðarinnar. Nú eru bannlögin komin á, en reynast miður en skyldi, eftir þeirri reynslu, sem fengin er frá 1915, eða jafnvel 1912. Viðfangsefnið verður því það að koma þeim í það horf, að þjóðin megi sem best við una, eða annars að afnema þau með öllu.

Brtt. á þgskj. 620 hefði kann ske náð nokkurri átt, hefði á eftir »ölvaður« komið »svo að hneyksli valdi«. En eins og hún er nær hún ekki nokkurri átt. Jeg vil spyrja menn, hvort það sje sanngjarnt að leyfa mönnum að eiga vín, sem lögin frá 1912 gera þó, en sekta þá svo, ef þeir neyta þess? Eftir brtt. er skylt að taka hvern mann fastan, sem vissa er fyrir að hafi fengið sjer snaps, enda þótt engar óspektir eða óróa geri í fyllirii. Jeg vil spyrja aftur: Hver á að dæma um það, hvort menn sjeu ölvaðir? Jeg veit mörg dæmi þess, að Good-Templarar hafa talið menn ölvaða, þó að þeir væru það ekki, svo að það væri vopn í þeirra hönd, ef þeir ættu að dæma. Það þyrfti kann ske ekki annað til en að þeir væru óvinir manns, til þess, að þeir teldu hann ölvaðan, enda þótt ósatt væri. Þó að þessu væri nú ekki til að dreifa, þá má lengi þræta um, hvort maður sje kendur, drukkinn eða blindfullur. Stigin eru miklu fleiri, og er jeg hræddur um, að örðugt mundi reynast að dæma á milli þeirra, og gæti oft orðið af hljedrægni gert.

Jeg skal geta þess, hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) til heiðurs, að hann talaði skynsamlega um Eimskipafjelagið, og taldi það sama eiga að ganga yfir öll skip, að því er undanþágur snertir. Það á ekki að svifta íslensk skip þeim rjetti, sem útlend skip hafa.

Jeg væri ekki ósamþykkur breytingum á bannlögunum, sem hægt væri að framfylgja, en jeg er því mótfallinn, að sett sjeu ákvæði inn í lögin, sem vitanlegt er að ekki er hægt að framfylgja, og eru frekar til ills en góðs.

Þá skal jeg að lokum svara þeirri

ákúru 1. þm. Reykv. (J. B.) til allsherjarnefndar, að »hún bindi sig við orðin tóm.« (**J. B.:** Þetta sagði jeg aldrei.) Jeg skrifaði orð þingmannsins, og verða þau ekki aftur tekin. Það er hægt verk að segja þetta við nefnd, sem fær eins mikið drasl í hendurnar og allsherjarnefnd fær. En það verð jeg að segja um nefndina, sem meðlimur hennar, að hún athugar grandgæfilega hvert mál og bindur sig ekki við orðin tóm, því að þar eiga sæti ýmsir færustu menn og flinkustu lögfræðingar þingsins, áhugasamir og skýrir. Jeg efast um, að nefndin leysti meira eða betra starf af hendi, þó að hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) væri kominn í hana.

Jeg hygg, að það væri heppilegast fyrir Alþingi að láta bannlögin standa óbreytt; það á ekki altaf að vera að hræra í þeim; annaðhvort er að láta þau standa óbreytt, fyrst að ekki fekst í gegn hið tiltækilegasta, sem er að leyfa innflutning vægari vína, eða þá beint að afnema þau.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það hefir viljað reynast svo oftast, þegar á þetta mál hefir verið minst, að það er mörgum tilfinningamál. Fyrir mjer hefir það aldrei verið tilfinningamál. Jeg hefi aldrei litið öðruvísi en rólega á það. Skynsemin hefir sagt mjer, að þessi leið væri áreiðanlega sú heppilegasta til að girða fyrir ofnautn áfengra drykkja. Flestir fallast á forsenduna, að nauðsynlegt sje að draga úr ofnautn áfengna drykkja, en menn hafa margir hverjir átt mjög erfitt að draga rjetta ályktun af forsendunum, en sú rjetta ályktun er vitanlega sú að girða fyrir innflutning vínsins, eftir því sem unt er. Bannlagaleiðin er áreiðanlega rjetta leiðin.

Síðan bannlögin komu til, hafa andstæðingar þeirra gert hverja tilraunina á fætur annari til að fleyga þau svo, að framkvæmd þeirra verði sem örðugust.

Fyrsti fleygurinn var sá, að heimila mönnum að eiga vín sitt áfram, þó að lögin gengju í gildi. Þetta var mjög óheppilegt, og hefir það sýnt sig síðan.

Næsti fleygurinn var konsúlabrennivínið svokallaða. Jeg var kominn á þing þegar það kom á dagskrá, og gerði það sem jeg gat til að verja bannlögin fyrir þeim fleyg, en það tókst ekki.

Þriðji fleygurinn var að heimila íslenskum skipum að hafa vín. Eðlilegast var þó, að íslensk skip væru vínlaus, eins og heimalandið.

En seig hafa lögin reynst, þrátt fyrir þessa fleyga, og mun það að þakka hinni hollu hugsjón, sem liggur til grundvallar, að útrýma áfenginu.

Hvað snertir þetta frv., þá verður því ekki neitað, að í því eru fólgnar ýmsar heppilegar breytingar. Skal jeg þó einkum nefna breytinguna á 15. gr. Þar er kveðið svo á, að fangelsisrefsingu skuli beitt, ef áfengi hefir verið aflað til veitinga í atvinnuskyni eða sölu. Það eru þeir einir, sem »spekúlera« í lagabrotunum, sem eru bannlögunum hættulegir. Þess vegna er það með öllu sjálfsagt að taka sem harðast á slíkum sökudólgum. Þeir ættu ekki að hafa samúð nokkura manna. Ef hugsunarhættinum yrði breytt í þá átt, þá væri aðflutningsbanninu borgið. Bannlögunum er engin hætta búin af þeim mönnum, sem ná sjer í 1 eða 2 flöskur handa sjálfum sjer, heldur eingöngu af þeim, sem gera bannlagabrot sjer að atvinnu.

Aðalatriðið er það, hvernig bannlaganna er gætt. Það er ekki hægt að neita því, að lögreglustjórunum er fengið í hendur erfitt viðfangsefni. Þeir

hafa litla aðstoð til að gæta þessara laga og annara. Auk þess hafa þeir menn, sem hafa lagt sig í líma til að framfylgja lögunum, því miður átt að sæta ýmiskonar tortrygni. Ekki þarf lengra að minnast en nú síðasta vetrar; þá gekk tortrygnin gegn lögreglunni svo langt, að það var gefið í skyn, að miðar hefðu verið máðir af vínpokum, til þess að forða höfðingjunum hjer við ámæli.

Það ákvæði þessa frv., er heimilar lögreglustjórum að láta skoða hirslur manna, er og mjög þarft. Sú hlægilega skoðun hefir gripið töluvert um sig, að það sje óviðeigandi, að hirslur manna sjeu skoðaðar, þegar þær eru fluttar af skipsfjöl.

En hvað gerir tollgæslan alstaðar annarstaðar?

Eftir gömlu lögunum var vafasamt, hvort hægt væri að gera þetta án dómsúrskurðar, en með þessum ákvæðum er sá vafi aftekinn.

Skal jeg svo ekki fara fleirum orðum um málið að sinni, en óska, að frv. verði samþykt, því að það er óefað til bóta.

Jörundur Brynjólfsson: Háttv. frsm. (M. G.) vjek enn að því, er jeg sagði við 1. umr. þessa máls, þessu, að jeg teldi, að sumir lögreglustjórar hjer í landi væru ekki svo duglegir, sem æskilegt væri, til að gæta þess, að bannlögunum væri framfylgt. Hann spurði, við hverja væri átt, og jeg svaraði, að ekki mundi græðast mikið við það, þótt jeg skýrði frá því. En það get jeg sagt háttv. þm. (M. G.), að jeg átti alls eigi við hann. Þetta svar mitt get jeg látið nægja einnig nú, og endurtek það, að jeg átti alls eigi við sýslumann Skagfirðinga (M. G.); og jeg fæ ekki sjeð, að sá, sem saklaus er, græði neitt við það, þótt hinn seki sje nefndur á nafn.

Háttv. þm. (M. G.) vjek enn að orðinu ölvaður. Þó að merking orðsins sje í raun og veru sú, sem hann sagði, þá mun engum lögreglustjóra nje þjónum hans detta í hug að fara að taka mann fyrir það eitt, þótt þeir hefðu grun um, að hann kynni að hafa bragðað vín.

Það, sem háttv. frsm. (M. G.) sagði um Eimskipafjelagið, mun vera sprottið af ókunnugleika hans.

Það kom greinilega í ljós í vetur, að það var allmikill ágreiningur milli fjelagsmanna um það, hvort ætti að leyfa skipum Eimskipafjelagsins að hafa vín innanborðs eða ekki. Þetta er töluvert athugavert; því að ef þess verður ekki gætt betur en hingað til, um vínveitingar í skipum Eimskipafjelagsins á ferðum þeirra kringum landið, þá er hætt við, að það verði hið mesta deiluefni milli þeirra, sem vínið vilja hafa, og hinna.

Viðvíkjandi brjefi því, sem háttv. frsm. (M. G.) mintist á, frá stjórn Eimskipafjelagsins, þá er þess að gæta, að meiri hluti hennar mun vera heldur andvígur bannlögunum, og því er ekkert kynlegt, þó að þessi mótmæli frá fjelagsstjórninni komi fram. En formaðurinn, sem er fylgjandi bannstefnunni, hefir talið sjer skylt að beygja sig fyrir meiri hlutanum. Það er kunnugt, að hann vill ekki, að skip fjelagsins hafi vínveitingar um hönd.

Háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) vjek nokkrum orðum að því, sem jeg sagði. Það er leitt, hvað háttv. þm. (E. J.) hættir við að misskilja orð manna, mín og annara; lítur út fyrir, að hann taki ekki ofvel eftir. Jeg sagði ekki, að háttv. allsherjarnefnd væri vön að binda sig við orðin tóm, en jeg sagði, að í

þessu atriði mundi hún um of hafa bundið sig við venjulegu merkingu orðsins ölvaður, og því talið miklu meiri vandkvæði á að framfylgja ákvæði því, sem felst í brtt., en í raun og veru eru. Hitt efast jeg ekki um, að háttv. nefndarmenn, og þá auðvitað einkum háttv. 2. þm. Rang. (E. J.), sjeu mikilhæfir og mjer meiri.

Gísli Sveinsson: Það er frá mínu sjónarmiði ekki skemtilegt að vera að rekast í þessu máli þing eftir þing. Jeg þarf varla að taka það fram, hví mjer þykir það ekki skemtilegt. Það er af því, að jeg tel best, að lögunum sje haldið óbreyttum, eins og þau eru. Það má vel hlíta við þau, ef framkvæmd þeirra er í lagi. Jeg hefi ekki sannfærst af ræðum þessara ströngu bannmanna, eða rjettara sagt bannæsingamanna, um að ekki hljótist ilt eitt af þessari rekagátt þeirra. Hún verður til þess að æsa andbanninga til enn meiri mótspyrnu gegn lögunum, og jafnvel suma bannmenn líka. Og, eins og hæstv. forsætisráðherra hefir áður tekið fram, hlýtur það að vekja undrun og óhug út á við og síst greiða fyrir bannhreyfingu í öðrum löndum, er það frjettist, að bannlög vor dugi ekki betur en svo, að altaf þurfi að vera að breyta þeim. Jeg er hissa, að þeir menn, sem af góðum hug láta sjer ant um lög þessi, skuli ekki geta beðið eftir því, að reynslan skeri betur úr en enn þá hefir getað orðið, og að þeir skuli vera svo órólegir, að þeir sjái ekki, að jafnyfirgripsmikil lög sem þessi hljóti að þurfa langan tíma til að grafa um sig og hafa áhrif á hugsunarhátt landsmanna. Jeg þykist þess viss, að unnendur laganna hyggi, að þau muni verka þannig á hina uppvaxandi kynslóð, að hún, þegar hún kemst til vits og ára, muni virða þau, en þó svo best, að í lögunum sje sem minst hringlað. Jeg skil ekki í því, hvers vegna æsingabannmennirnir eru svo vantrúaðir á, að það muni smátt og smátt geta lagast, sem áfátt þykir í framkvæmd laganna, ef stilling og staðfesta er sýnd. En þessir menn þekkja ekki nema eitt allsherjarlyf, og það er að herða sí og æ á refsingunum fyrir bannlagabrotin. Hið eina, sem unnist gæti við þetta breytingaflan, er að breytingaberserkirnir sönsuðust loks á það, að sífreytingaleiðin væri ekki heppilegasta leiðin til að skapa bannlögunum fylgi og festu, og hið eina, sem gæti sætt mig við, að frv. þetta fengi framgang, er vonin um, að svo geti farið, að þeir sæju, að leið sú, sem þeir hafa valið, er ekki sigurvænlegust. Reyndar er þetta frv. mestmegnis ekki annað en uppsuða úr eldri lögum, og breytingarnar í því, eins og jeg hefi áður sagt, sumpart óþarfar og sumpart óhæfar, svo að ekki ættu þær að mæla mikið með því.

Breytingar þær, sem um ræðir í 1.—2. gr., eru heimilar eftir gildandi lögum, og þarf því ekki að raska löggjöfinni þeirra vegna; það er nú heimilt að flytja hingað til lands ilmvötn, hármeðul og þesskonar vökva, og þarf því enga nýja löggjöf um það. En það mun einkum vera, sem hrindir þessu af stað, að refsiákvæðin þykja ofmild og eftirlitið ófullnægjandi. Það dugir ekki að deila við þessa menn, sem því halda fram, að nógu hörð refsiákvæði muni fæla menn frá að brjóta lögin; þeir hafa nú bitið sig fast í það og vilja engum sönsum taka. En jeg er sannfærður um, að þessir menn fara villir vegar. Það er enginn vafi á því, að þeir, sem vilja brjóta lögin, munu halda áfram að gera það, jafnt þótt þeir spili í því lotterii, að upp komi hjá þeim óhappadráttur og þeir verði uppvísir að lögbrotinu og verði fyrir hinni þungu

refsingu, sem af því leiðir. Alveg sama er að segja um þá, sem hafa það fyrir atvinnu að selja áfengi. En það játa jeg, að slíkt er versta og óhæfumesta bannlagabrotið.

Jeg tek það enn fram, að þeir menn vaða í villu og svíma, sem halda, að bannlagabrotin minki við það, þótt sektirnar fyrir þau sjeu hækkaðar. Það þarf að fara alt annan veg til þess en refsingaleiðina, — til að fá fólkið til þess að hlýða bannlögunum. Í 5. gr. er bætt inn í ákvæði um, að lögreglustjóri megi opna hirslur skipverja og farþega og aðra staði í skipi, eftir því sem þörf þykir. Háttv. nefnd hefir fóðrað þetta ákvæði með því, að nauðsynlegt væri að gefa þessa heimild, til þess að lögunum yrði framfylgt, og væri þetta til góðra bóta, og vitnar hún í, hvernig ástatt sje með tolllöggjöf vora og tolleftirlit.

Jeg skal játa það, að þessi heimild, að opna hirslur manna, sje ekki svo voðaleg að því leyti, að samskonar þekkist ekki í annari löggjöf. En jeg tel þó ekki rjett að gera þessa ótakmörkuðu undanþágu í þessum lögum. Jeg held því fram, að ef leyfa á gagngerða rannsókn á farangri í skipum og hjá farþegum, þá eigi að stíga sporið út og stofna hjer almenna tollgæslu. Auðvitað hefir það mikinn kostnað í för með sjer, en þar fæst þó eitthvað í aðra hönd fyrir þann, sem borgar brúsann, landssjóðinn. En ekki er því hjer að heilsa; hjer er að eins veitt heimild til að rannsaka skipin; og það er mjög undir lögreglustjóra komið, hvernig hann notar þessa heimild, og engin trygging fyrir, að hún geti ekki orðið misbrúkuð. Og í raun rjettri er lögreglustjórum fengið hjer svo mikið starf, að þeir geta einatt ekki komist yfir að leysa það af hendi svo að vel sje. Hugsum oss, að hjer í Reykjavík sæti við stýrið ákafur bannmaður eða bannæsingamaður. Hann mundi sí og æ láta menn sína rekast í rannsóknum, því að jafnan mega þær fram fara, »er þörf þykir«, þótt enginn sjerstakur grunur leiki á. Það sjá allir, hvílíkur trafali og kostnaður yrði að þessu, og langoftast mundi það koma upp úr kafinu, að leitin hefði verið ástæðulaus og árangurslaus. Jeg segi því, ef þessa heimild til rannsókna á að gefa, þá á hún að standa í tollllögum, en ekki í bannlögum. Nú er einmitt í ráði að koma á tolleftirliti hjer í Reykjavík, samkvæmt frumvarpi því, er jeg bar hjer fram á öndverðu þingi, og álít jeg, að það eigi að vera byrjun almennrar tollgæslu hjer í landi, og er sjálfsagt, að tollgæslumönnunum ber eftirlitið með vínfangaflutningi hingað til lands, og hlýtur það að vera betur komið í þeirra höndum og fullkomnara en kák það, sem hjer er ætlast til að framið verði.

Ef á annað borð á að fara fram rannsókn á hverju skipi, til að komast að raun um, hvort áfengi sje í því, þá skil jeg ekki í því, til hvers á líka að heimta skýrslu af skipstjóra um það, hvort áfengi sje í skipinu. Það er lögreglustjóri, en ekki skipstjóri, sem það hvílir á að rannsaka það mál. Og nú á enn á ný að herða á refsingu skipstjóra, ef ekki reynist rjett sagt frá vínbirgðunum í skipinu.

Eins og jeg hefi áður tekið fram hefi jeg litla trú á, að hækkun sekta komi að verulegu haldi. En mjer er líka illa við hitt, að hjer á að innleiða tvöfalda refsingu, sektir og fangelsi um leið. Jeg veit, að slík ákvæði finnast í lögum annara þjóða; en ekki tíðkast þau á Norðurlöndum; nema ef nú á að taka upp hina gömlu refsingaraðferð, sem þar tíðkaðist endur fyrir löngu, að margrefsa mönnum, og það jafnvel dauðum mönnum. Þessi refsiákvæði, eða lík

því, sem frv. flytur, munu annars fram að þessu hafa verið gildandi í Prússlandi og Rússlandi. En ekki skil jeg í, að við girnumst að sækja okkur refsingarfyrirmyndir þangað, enda liggur annað nær.

Það þýðir annars ekki að vera að deila um þetta, því að forhertir menn láta sjer ekki segjast, hvað skynsamleg ar fortölur sem fyrir þeim kunna að vera hafðar; og þó að þeir hafi þá trú, að með hörðum refsingum megi bæta menn, þá geri jeg ekki ráð fyrir, að þeir sjálfir láti sjer fremur segjast við hörð orð en mildar fortölur.

Jeg er sammála háttv. allsherjarnefnd um, að brtt. háttv. þm. Borgf. (P. O.) sjeu óheppilegar og til ills eins; en jeg þarf ekki að leiða sjerstök rök að því, hvers vegna jeg telji þær svo. Það er nóg að benda á það, sem jeg hefi áður tekið fram, að jeg álít allar breytingar á bannlögunum óheppilegar nú. Jeg sje t. d. ekki, að það hafi þá meginþýðingu að fella burt úr 5. gr. þá heimild, sem íslenskum fólksflutningaskipum er veitt þar, að fyrir þær sakir sje ástæða til að vera að breyta bannlögunum, enda mundi það ekki hafa mikla þýðingu til þess að útiloka vín úr skipum þessum eða vinnautn í þeim, því að allir gætu eftir sem áður verið fullir, ef þeir vildu, alt upp undir land, því að í frv. stendur, að ekkert íslenskt skip megi flytja nokkurt áfengi til landsins, nema það, sem eigi að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa.

En ef leggja á svo afarmikla áherslu á, að þessi fáu skip Eimskipafjelagsins, eða önnur slík, megi ekki flytja áfengi, getur komið til mála að breyta þessu, en hjer er nú reyndar ekki um annað að ræða en það, sem stjórn fjelagsins getur ráðið. Jeg veit ekki betur en að það sje bannað að hafa vín um hönd á skipum í landhelgi, eða flytja vín á land, svo að ef að þetta leyfi, sem Eimskipafjelagið hefir haft, hefir að nokkru leyti orðið til þess, að bannlögin hafa ekki náð tilgangi sínum, þá er það eingöngu vegna þess, að þeim núgildandi fyrirmælum í lögum hefir ekki verið framfylgt.

Hin brtt. háttv. þm. Borgf. (P. O.) fjallar um, að hver sá, er ölvaður hittist á almannafæri, skuli sæta sektum. Jeg hefi tekið það áður fram, að þetta ákvæði á ekkert skylt við bannlögin, því að það má lögleiða í hvaða landi sem er, án þess að bannlög sjeu þar gildandi. En það er alveg ótækt að orða þetta svo: »Hver sem ölvaður sjest« o. s. frv., því að það getur verið að ofurselja allra skikkanlegustu menn einræði óbilgjarnra æsingamanna, þótt lögreglustjórar sjeu eða lögreglumenn. Slík lög veit jeg ekki til að sjeu í nokkru landi. Hitt er annað mál, að þetta er í raun og veru lögregluatriði, að hægt sje að taka menn fasta, ef þeir eru með óspektir eða eru svo ölvaðir, að hneyksli valdi. En að orða þetta svo er alveg ótækt, og jeg skil ekki í því, að nokkrir þingmenn skuli fást til að flytja svona ákvæði, þótt æsingamenn sjeu.

Jeg hefi ekki miklu við þetta að bæta, enda býst jeg við, að menn skilji afstöðu sína. Jeg vil engar breytingar á þessum lögum, tel það óheppilegt eða óþarft að vera altaf með þessa rekagátt við þessi lög.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) talaði af tilfinningu um rjettmæti þessa máls, en kvaðst þó byggja dóm sinn um málið á skynsemi sinni, og efa jeg það ekki, að hann meini það. Hann komst svo að orði, að eina hættan, sem af þessum lögum stafaði, væri það, að menn gerðu sjer það að atvinnuvegi að brjóta þau. Það kann vel að vera, en jeg veit ekki betur en að refsing sje lögð við því í gild-

andi lögum. Frá hans sjónarmiði ætti þetta frv. að girða fyrir slík brot, ef það yrði að lögum, og væri betur, að honum yrði að trú sinni. Jeg býst við, að þeir, sem eru sama sinnis og hann, áliti þá, að bannlögunum sje borgið, ef þetta frv. verður að lögum, og væri það nokkur ástæða til að vera því fylgjandi, því að þá ætti þessi gauragangur að taka enda; en jeg sje nú ekki þessa ástæðu, og er því frv. mótfallinn.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) kom inn á það atriði, að þegar áfengisflutningar til landsins komust upp í vetur, hefðu gengið miklar sögur um það, að merki hefðu verið numin burt af áfengissendingunum. Já, því er nú ekki að leyna, að miklar sögur gengu um þetta manna á meðal. Jeg þykist vita, að það sje rjett hjá honum, að hann eða lögreglan hafi ekki vitað til, að merkin hafi verið numin burt; en það getur þó verið, að orðrómurinn hafi haft við einhver rök að styðjast, því að maður hittir þá menn, sem fullyrða það enn í dag fullum fetum, að merki hafi verið á flestum eða öllum sendingunum úti í Viðey. Hvort þetta er satt, eða að þau hafa verið afmáð áður en lögreglan hjer eða í Hafnarfirði náði í vínið, eða skolast burt eftir það, skal jeg ekkert um dæma; en forstokkað er það, hvað menn halda þessu fast fram. Háttv. fjármálaráðherra (S. E.) afsakaði höfðingjana hjerna og sagði, að þeir væru mjög varkárir. Hann veit það betur en jeg. En jeg man það, að menn voru svo ósvífnir í vetur að halda því fram, að einhver höfðingjamerki hefðu verið afnumin. Úr því að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) fór á annað borð að minnast á þessar hviksögur, þá er best að segja hverja sögu eins og hún gengur.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, því að jeg þykist hafa gert nægilega grein fyrir afstöðu minni til málsins.

Fjármálaráðherra (S. E.): Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) talaði mikið um æsta bannmenn í ræðu sinni. Jeg skal ekki fara út í neina sundurgreiningu í því sambandi, en jeg þykist þó geta sagt það, að háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) er áreiðanlega ekki æstur bannmaður.

Annars voru það 2 atriði í ræðu hv. þm. (G. Sv.), sem jeg ætla að minnast svolítið á. Hann mintist á hækkun sekta á þeim mönnum, sem spekúleruðu í því að brjóta bannlögin. Jeg lít svo á, að þetta frv. bæti mikið úr í því efni, því að eftir því sem sektirnar hækka, eftir því verður minni ágóðinn hjá þeim mönnum, sem spekúlera í þessum »business«. Þeir líta vitanlega eingöngu á það frá gróðasjónarmiði, og ef gróðanum er hnekt eða áhættan eykst mikið, missa þeir áhugann fyrir þessari spekúlation. Jeg held því, að það sje alveg rjett að hækka sektirnar, og jeg get ekki ímyndað mjer, að þeir verði margir, sem hneykslast á því, þótt hart sje tekið á þeim mönnum, sem gera sjer það að atvinnuvegi að brjóta lög; að minsta kosti er þá tilfinningin fyrir velsæmi farin að minka í þessu landi, ef menn blikna af því.

Annað atriði, sem háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) talaði um, var það, að lögreglustjórar mættu rannsaka dót farþega, og virtist honum það myndi hafa mikinn kostnað og fyrirhöfn í för með sjer, og ókleift að framkvæma það nema með mikilli aðstoð. Það er vitanlega svo, svo framarlega sem lögreglustjóri á að rannsaka hvert skip, sem kemur; en með þessu ákvæði er lögreglustjórunum gefin heimild til að rannsaka skip við og við. Og þegar menn eiga von á rannsókn við og við,

þá þora þeir ekki lengur að brjóta lögin. Ef hirslur farþega eru gerðar friðhelgar, er það sama sem að friðhelga lögbrjótunum rúm í hverju skipi. Vitaskuld fellur þetta undir tollgæsluna í Reykjavík, þegar hún er komin á.

Þá vjek háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) að því í lok sinnar löngu ræðu, að sögur gengju um það, að eitthvað athugavert hefði verið við merkin á Þórsáfenginu í vetur. Svo leit út, sem hann vildi á mjög hægan og rólegan hátt smeygja því inn í áheyrendurna, að það væri víst eitthvað til í þessum sögum um það, að lögreglan hefði viljað bjarga höfðingjunum undan refsingu fyrir áfengissmyglun. Jeg minnist þess nú, að þessi háttv. þm. (G. Sv) ritaði í vetur grein, þar sem hann talaði með allmikilli gremju um það, ef eitthvað af merkjunum skyldi hafa farið illa í höndum lögreglunnar. Það gefur að skilja, hve skemtilegt það er fyrir lögregluna að fá svona aðdróttanir, einmitt þegar hún gerði alt, sem í hennar valdi stóð, til að koma upp um smyglarana. Það hljóta allir að sjá, hvílík afskapleg móðgun þetta er fyrir lögregluna. Þegar opinberum starfsmönnum er brugðið um að hafa notað vald sitt til þess að hlífa vissum meiri háttar mönnum, þá eru það svo afskaplega móðgandi aðdróttanir, að þær ættu ekki að koma fram, nema þær væru á einhverjum rökum bygðar. (**G. Sv.**: O! Sei, sei, sei!). Áfengið var flutt utan úr Viðey og undir eins upp í Hegningarhús, undir mjög ströngu lögregluefirliti alla leiðina frá bryggjunni hjer upp í Hegningarhús, og þar var áfengið innsiglað í sjerstökum klefa. Það getur vel verið, að einhver merki hafi verið tekin af áfenginu, áður en það kom í lögreglunnar hendur, eftir að smyglararnir vissu, að alstaðar voru vakandi augu á þeim. Um það get jeg ekki sagt. Jeg veit vel, að það hafa flogið tröllasögur út um alt um það, að jeg hafi verið að vernda höfðingjana fyrir þessum merkjum. Kunningjar mínir hafa verið að tala um þetta við mig og þótt þetta leitt. (**S. S.**: Hverjir er sagt að hafi átt að fá þetta áfengi?) Það er sannað í prófunum, hverjir áttu að fá það, og þeir hafa játað það á sig. Jeg heyri það, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) situr með eitthvað af grun í sínu hjarta. (**S. S.**: Nei, nei). Jeg vil beina því til háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), af því að jeg veit, að hann er bannmaður, að ef það á að ráðast á þá lögreglustjóra, er reyna að gera skyldu sína, með því að gefa svona Gróusögum vængi, þá er það víst, að það fást ekki margir til að leggja sig í starf, sem er svo vanþakklátt. Mjer er alveg sama um þessar sögur, að því er sjálfan mig snertir, en jeg vil að eins benda bannmönnum á að fara varlega í því að kasta steinum að þeim mönnum, sem eru að reyna að vinna fyrir málefni þeirra.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg ætla að eins að svara háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) nokkrum orðum. Hann talaði mikið um það ákvæði, að rannsaka mætti farangur farþega, og fanst það alveg óhafandi. Það verður að setja það ákvæði í það samband, sem það stendur í í bannlögunum, og skal jeg þá lesa þann kafla þeirra, með leyfi hæstv. forseta. Þar stendur svo:

»Rannsaka skal lögreglustjóri jafnan á fyrstu höfn, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenskt eða erlent, og getur í því skyni opnað hirslur skipverja og farþega og aðra staði í skipi, eftir því sem þörf þykir«.

Það hefir staðið í lögum síðan 1909, að lögreglustjóri skuli rannsaka, hvort áfengi er í skipi, en hvernig á hann að

framkvæma þá rannsókn, ef hann má ekki opna hirslur skipverja og farþega? Hvaða ástæða er til að gera honum að skyldu að kveða upp dómsúrskurð í hverju einstöku tilfelli? Hvort þetta ákvæði stendur í bannlögum eða í tollögum er alveg sama, því að komi það upp við rannsókn, að aðrar tollskyldar vörur en áfengi sje um borð, er lögreglustjórinn skyldugur til að taka það, eða dettur háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) í hug, að nokkur lögreglustjóri mundi taka vínflösku, sem smygla hefði átt inn, en skilja eftir t. d. vindlakassa, sem hann yrði var við og líka hefði átt að smygla inn?

Þá sagði háttv. þm. (G. Sv.), að óþarfi væri að hækka sektir á skipstjórum, ef þeir gæfu ranga skýrslu, fyrst að rannsaka á skipin, en skýrslan er heimtuð af því, að það er ómögulegt að rannsaka alla staði í skipum, og refsingin er lagt til að hækki, af því að nefndinni var kunnugt um, að skipstjórum hefir ekki verið refsað eftir 144. gr. hegningarlaganna, þótt þeir hafi gefið ranga skýrslu, og um tvöfalda refsingu er það að segja, að hún hefir lengi verið í gildi í Þýskalandi. (**G. Sv.**: Jeg sagði líka, að það væri prússneskt fyrirkomulag). Nefndin gengur út frá því, að með þessum breytingum sje bannlögunum komið í það horf, að ekki þurfi að breyta þeim meir, og að nú geti þau reynt sig til hlýtar. Það gefur að skilja, að það er þægilegra að hafa þau í einu lagi en í mörgum hlutum.

Einar Jónsson: Jeg býst við, að jeg þurfi ekki að tala langt mál, því að jeg hefi talað svo mikið um þetta mál að undanförnu. En jeg get ekki setið undir því, að háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) sárnar, að jeg hafi misskilið svo margt hjer í þinginu. Hann bar mjer á brýn misskilning, er jeg mótmælti því, er hann sagði, að allsherjarnefndin hefði bundið sig við orðin tóm. En sá misskilur ekki, sem ekkert skilur, en þannig er háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.).

En svo var það annar háttv. þm. (S. E.), sem nú er orðinn hæstv. fjármálaráðherra, sem jeg vildi beina nokkrum orðum að, en jeg veit ekki, hvernig jeg á að ávarpa hann, hvort jeg á að kalla hann ráðherra, bæjarfógeta eða landskjörinn. (**S. E.**: Ekki bæjarfógeta). Ef hann ætlar að slá sig til riddara hjer í byrjun síns ráðherradóms með því að segja, að hjer sjeu menn að kasta steinum, þá verð jeg að segja það, að jeg bjóst ekki við að heyra þau orð hjer í deildinni höfð um samþingismenn, enda þótt hann sje einn af þessum mönnum, sem aldrei verða æstari en ef þeir heyra talað um aðflutningsbann eða brennivín. Jeg hefi sagt það í einni ræðu hjer áður, að menn þyrftu að tala um þetta mál rólega hjer á þinginu, en ekki eins og þegar Good-templari og andbanningur mætast, og mjer þykir það leitt, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) getur aldrei talað um þetta mál án þess að verða æstur. Mun hann síst bæta málstað sinn með því. En hann um það.

Að öðru leyti hefir háttv. frsm. (M. G.) gert ljósa grein fyrir afstöðu nefndarinnar, og hefi jeg þar engu við að bæta. (**S. S.**: Jeg er háttv. þm. (E. J.) alveg samdóma). Ef háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) er orðinn mjer samdóma í þessu máli, þá er hann hringlandi, og er það reyndar engin nýung.

Pjetur Ottesen: Jeg óska nafnakalls um báða liði brtt. minnar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 : 7 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 13 : 8 atkv.

Brtt. 620, 1. feld með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. K., J. B, M. P., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorst. J.

nei: B. J., B. St., E. A., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. M., M. G., M. Ó., P. J., S. St., Þorl. J., Þór J., Ó. B.
Einn þm. (E. Árna.) fjarstaddur.

5.—13. gr. samþ. með 13 : 6 atkv.

Brtt. 620, 2. samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. K., B. St., H. K., J. J., J. B., M. P., P. J., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Þorst. J.

nei: B. J., E. A., E. J., G. Sv., J. M., M. G., M. Ó., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.
Einn þm. (E. Árna.) fjarstaddur.

14.—23. gr. samþ. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., E. A., J. M., J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J.

nei: B. Sv., B. St., E. J., G. Sv., H. K., J. J., M. P., M. Ó., P. J., S. St., Þór. J., Ó. B.
Einn þm. (E. Árna.) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., E. A., J. M., J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J.

nei: B. Sv., B. St., E. J., G. Sv., H. K., J. J., M. P., M. Ó., P. J., S. St., Þór. J., Ó. B.
Einn þm. (E. Árna.) fjarstaddur.

Á 52. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 784, 781, 785, 796, 801).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það eru komnar hjer fram nokkrar brtt., sem jeg þarf að minnast á með nokkrum orðum.

Það er þá fyrst þess að geta að hjer er ein brtt., sem fer fram á að afnema þetta svokallaða konsúlabrennivín. Nefndin hefir ekki haft tíma til að tala sig saman um hana, og jeg get því ekki sagt nema fyrir mig, að jeg er henni mótfallinn. Jeg tel enga ástæðu til að taka vínið af þessum mönnum, því að mjer er ekki kunnugt um, að þeir hafi misbrúkað þá heimild, sem þeir hafa, enda þinginu ekki vansalaust að taka aftur það leyfi, sem það hefir einu sinni veitt.

Aftur á móti get jeg fallist á aðra brtt. háttv. þm. Stranda. (M. P.), en ekki hina. Jeg get ekki fallist á, að lögreglustjórum sje ekki heimilt að opna hirslur manna, úr því að þeim er gert að skyldu að rannsaka, hvort áfengi er í skipi. En með hinni get jeg verið, að lögleiða ekki fangelsi fyrir aðra en þá menn, sem gera sjer að atvinnu að brjóta lögin.

Þá er hjer enn ein brtt. frá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), um að fella burt 14. gr. frv., og leiðir það af sjálfu sjer, eftir því sem jeg sagði við 2. umr., að jeg er henni meðmæltur.

Aftur á móti er jeg á móti brtt. hv. þm. Dala. (B. J.), um að taka ekki

læknisleyfi af þeim læknum, sem misbrúka heimild sína til að láta menn hafa áfengi, heldur taka af þeim embætti. Það leiðir af sjálfu sjer, að það er engin hegning fyrir þá menn, sem ekkert embætti hafa, enda hefir það staðið í lögunum frá 1909, að taka mætti af þeim læknisleyfi. Verði brtt. samþykt, er þeim læknum, sem embætti hafa, hegnt strangar en embættislausum læknum, en það getur ekki talist rjett.

Bjarni Jónsson: Það mun vera alveg rjett, að það hafi staðið í lögunum frá upphafi, en það hefir þar staðið á móti mínum vilja, og því vil jeg ekki sitja mig úr færi að leiðrjetta það, þegar jeg má því við koma. Mjer þykir það nóg að taka embætti af þeim, sem eru í þjónustu ríkisins, þótt þeir missi ekki um leið alla möguleika til að hafa ofan af fyrir sjer og sínum. Um hina, sem ekki eru í þjónustu þess, er það að segja, að þar eiga sektarákvæðin að nægja. Jeg álít, að það sje ekki hæfilegt að taka læknisleyfi af öðrum en þeim, sem sýna af sjer einhverja afglöpun í læknisdómi sínum, en þetta er ekkert því líkt. Þetta er líkt eins og það, ef læknirinn sviki toll eða eitthvað þess háttar, og dytti víst engum í hug að taka fyrir það af honum »veniam practicandi«.

Sveinn Ólafsson: Jeg vildi einungis segja fáein orð með brtt. minni.

Það þykir líklega sitja illa á mjer, gömlum bindindismanni, að flytja hana, þar sem hún fer fram á það að sýkna þá og sekta ekki, sem ölvaðir hittast á almannafæri. Það vita nú allir, að framkvæmd þessara laga er enn í bernsku, og má því ekki leggja ofmikla áherslu á það, sem er minni háttar, en á meðal þess tel jeg þetta vera. Því er svo farið í þessu máli, sem um kristnitökuna árið 1000, að sjá verður gegnum fingur við afvegaleiddan aldaranda.

Jeg lít nefnilega svo á, að það sje ekki eðlilegt að láta sekta þá menn, sem sjást druknir og án óspekta, þegar það er samkvæmt lögum leyfilegt að eiga vín, og jeg held, að rjettarmeðvitund almennings sje gagnstæð þeirri meðferð ölvaðra manna, sem eigi raska friði.

En svo er önnur hlið á þessu máli. Það leikur sem sje grunur á, að frv. í heild sinni fái ekki nægilegt fylgi, ef þetta ákvæði verður samþykt, og þótt slík sektarákvæði og þetta væri rjettmætt, þar sem bannstefnan er landlæg orðin, þá eru þau tæpast tímabær hjer, og eigi ólíklegt, að þau yrðu misbrúkuð. Það er ekki heldur altaf auðvelt að sjá, hvort menn eru ölvaðir eða ekki. Auk þess er merking orðsins »ölvaður« teygjanleg. Jeg mælist því eindregið til þess, að brtt. mín verði samþykt; með henni held jeg að voru góða málefni sje á þessum tíma unnið þarft verk. Jeg er 30 ára gamall bindindismaður og vona því, að enginn gruni mig um græsku, þó að jeg hafi borið fram þessa till., sem vitanlega er ekki í anda áköfustu bannvina.

Um leið vil jeg nú lýsa afstöðu minni til brtt. á þgskj. 781, frá hv. þm. Stranda. (M. P.). Hún er í tveim liðum, og er jeg á móti báðum. Fyrri liðurinn lýtur að því að banna eða óheimila rannsókn á farangri farþegja. Það er með öllu ástæðulaust; þessi rannsókn er fyrir löngu komin inn í löggjöf grannþjóðanna, eins og allir þeir þekkja, sem komið hafa út fyrir pollinn.

Seinni liðurinn lýtur að breytingu á 16. gr., um fangelsishegninguna. Það má að vísu virðast svo, að fangelsi sje ofhörð hegning við bannlagabrotum, en

óeðlileg virðist mjer hún ekki við margfalda endurtekningu brotanna. Ef búið er að dæma einhvern í 5000 kr. sekt, eftir 16. gr., fyrir 2. brot, þá virðist ekki óeðlilegt, að hann verði dæmdur í fangelsi næst þegar hann brýtur. Jeg get ekki sjeð, að það eigi að hlífa þeim, sem brjóta hvað eftir annað, á þann hátt, sem þarna er bent til. Af þessum ástæðum mun jeg greiða atkv. á móti báðum liðum brtt. á þgskj. 781.

Þá er brtt. á þgskj. 796 frá hv. þm. Dala. (B. J.). Sjálfur hefir hann talað fyrir till. sinni. Að vissu leyti get jeg verið honum samdóma, en þó hallast jeg fremur að rökum háttv. allsherjarnefndar, að þessi brtt. sje bagaleg, þar sem hún nær að eins til nokkurs hluta þeirra, sem lækningar stunda. Hví skyldu skipaðir læknar eiga að verða ver úti en hinir, sem eru í »lausamensku«. (**B. J.**: Þeir missa ekki lækningaleyfi, þó að þeir sjeu sviftir embætti.) Þessu atriði er þannig farið, að jeg get ekki greitt því atkv., en sætti mig þó við, að það gangi fram, ef svo vill verkast.

Þá er enn brtt. á þgskj. 801, frá hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.). Hún lýtur að því að banna innflutning hins svonefnda konsúlavíns og er, fljótt á litið, mjög ginnandi fyrir oss. En þar mun vera flagð undir fögru skinni, ef jeg skil skjölin. Það væri ákjósanlegast, að undantekningarnar frá bannlögunum væru sem fæstar, því að tilgangur bannsins er vitanlega að teppa algerlega allan aðflutning áfengis, en sigurinn fæst ekki hjer í einu áhlaupi. Það mun heldur engin ósk hafa komið fram frá konsúlunum um, að undantekning væri gerð vegna þeirra. En nú er einu sinni búið að lögleiða þetta svonefnda konsúlabrennivín, og hefir við það staðið um nokkur ár. Ef það yrði nú felt burt, er jeg hræddur um, að af því mundu leiða deilur og viðsjár, sem gætu gert bannlögunum ógagn. Líklega þykir sú tilgáta mín eigi vingjarnleg, að hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) hafi ekki borið till. fram af umhyggjusemi fyrir bindindismálinu; samt verð jeg að líta svo á, að annað hafi honum til gengið. Hann á nú þess kost að svara fyrir sig og launa lambið gráa.

Gísli Sveinsson: Jeg hefi ekki viljað hrófla neitt við þeirri gersemi, sem bannlagafrv. er nú orðið. Jeg hefi ekki einu sinni komið fram með brtt. sama efnis og frv. það, er jeg bar fram snemma á þessu þingi, og miðaði til þess að örva menn til að halda bannlögin í heiðri. Frv. hefir ekki batnað í mínum augum frá því við 2. umr. Það ákvæðið, sem þá var samþykt, sem sje brtt. hv. þm. Borgf. (P. O.), spilti því, en bætti ekki. Það hefir jafnan verið mín skoðun, eins og jeg tók fram snemma á þinginu, að ekki ætti að vera að breyta bannlögunum æ ofan í æ. Ef litið er á breytingarnar, sem gerðar hafa verið, þá sjest það, að margar þeirra gera það lítt kleift fyrir gætna menn að fylgja frv.

Jeg skal meðal annars benda á þá grein, sem var áður 15., en er nú sú 16. Það, sem þar hefir verið bætt inn í, gerir það að verkum, að ekki verður vel ljóst, hvert stefnt er. 3. málsgreinin hljóðar svo: »Ef nokkur brýtur oftar ákvæði þessarar greinar, eða gerir sjer það að atvinnu að selja eða veita áfenga drykki, þá varðar það fangelsi« o. s. frv. Ef maður svo les greinina og virðir fyrir sjer, hver þessi »nokkur« muni vera, þá sjer maður, að það getur ekki átt við aðra en skipstjórana. Hjer getur ekki verið átt við allan almenning, því að ekki er um verknað annara að ræða í greininni en skipstjóranna, auk þess sem þetta ákvæði talar um þá, sem veita eða selja áfenga drykki. Eðli-

legast væri að fella orðin »brýtur . . . eða« burt, eins og farið er fram á í brtt. hv. þm. Stranda. (M. P.). En ef þetta verður ekki skýrt öðruvísi en að það eigi við skipstjórana, þá hefði verið langhreinlegast að segja: Ef skipstjóri o. s. frv. Nú er í öðru ákvæði þessa frv. heimilað að leita í hirslum skipsmanna og ferðamanna. Ef eitthvað skyldi nú finnast þar, sem ekki hefir verið talið fram í skýrslu skipstjóra, þá finst mjer það nokkuð hart, ef hann á að sæta fangelsishegningu fyrir. Jafnvel sektir gætu verið ósanngjarnar, því að ekki getur skipstjóri borið ábyrgð á því, þótt honum sjeu gefnar rangar skýrslur, þegar líka lögreglustjóri á að ganga úr skugga um þetta með rannsókn. Deildin ætti því að samþykkja brtt. háttv. þm. Stranda. (M. P.), um að ljetta þó fangelsishegningunni af skipstjórunum.

Þá skal jeg minnast á 4. málsgrein 16. greinar. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: »Hver, sem aflar sjer áfengis undir því yfirskyni, að hann þurfi á því að halda í lögleyfðum tilgangi, en notar það til drykkjar, skal sæta sektum« o. s. frv. Þessi lögleyfði tilgangur getur verið margskonar. Menn mega afla sjer þess til iðnar sinnar, og jeg býst ekki við, að neinn neiti því, að það sje lögleyfður tilgangur, ef menn afla sjer þess til heilsubótar. En hvern ig á þá að nota þetta vín, sem aflað er á þann hátt í lögleyfðum tilgangi, öðruvísi en að drekka það. (B. J.: Sötra það). (S. St.: Lepja það). En jeg býst ekki við, að gott verði að setja skorður við því, að menn helli þessum 3—4—5 matskeiðum, sem þeir mega sötra, í staup og drekki það svo. Jeg býst við, að hv. nefnd, sem kunn er að miklum bannáhuga, og ekki síst frsm. (M.G.), hafi ekki athugað þetta nægilega. Hún hefir sjálfsagt átt við, að menn mættu ekki nota áfengið sjer til nautnar, en vel mætti drekka það sjer til heilsubótar. Jeg er ekki í vafa um, að þetta mun vera meining nefndarinnar, þótt jeg hins vegar hafi ekki fundið ástæðu til að hreyfa hönd eða fót til að leiðrjetta þessa misfellu frekar en aðrar, sem á frv. eru. Hin virðulega nefnd mun sjálf vera nógu fær. En, eins og þetta ákvæði nú er, þá má misbeita því, ef viljinn er til þess, og það þarf ekki að efast um, að margir hafa vilja til að nota alt, sem lög þessi gefa færi á að nota.

Úr því að nefndin fór að gera breytingar á bannlögunum, þá hefði hún átt að færa eitthvað til betra máls, sem í þeim hefir staðið. Altaf hefi jeg kunnað illa við ákvæði 23. greinar t. d., sem nú er, um að prenta skuli svo mörg eintök af bannlögunum, »að nægi til að senda dönskum verslunarfulltrúum í öðrum löndum«. Nefndinni hefir víst þótt nauðsynlegt, að þetta ákvæði hjeldist. En ætli að það væri ekki hægt með einfaldri stjórnarráðstöfun að hafa eintökin nógu mörg! Jeg segi þetta að eins því til sönnunar, að ekki hefir nefndin sjeð sjer fært að breyta eða færa til betra máls alt sem þurft, eða öllu heldur ekki neitt þesskonar.

Úr því að jeg stóð upp, skal jeg lýsa afstöðu minni til brtt., sem nú liggja fyrir. Um síðari lið brtt. á þgskj. 781 hefi jeg þegar talað. Fyrri liðinn tel jeg líka til bóta. Það er ógerningur að fara að innleiða rannsókn á hirslum þeirra, sem á skipum koma, úr því að engin tollgæsla er hjer á landi. Í frv., sem jeg hefi flutt á þessu þingi, er farið fram á, að tollgæsla sje lögleidd hjer í Reykjavík, og er það áreiðanlega stærsta sporið, sem stigið hefir verið til góðrar framkvæmdar bannlaganna. En að mínu áliti er það ókleift enn sem komið er að innleiða tollgæslu um land alt. En meðan tollgæsla er engin er

það þýðingarlaust að vera að nokkru smákáki í sambandi við bannlögin.

Brtt. háttv. þm. Dala. (B. J.) finst mjer og miða til bóta. Ef Alþingi vill, þá er það hægast fyrir hendi að skeyta skapi sínu sjerstaklega á embættismönnum landsins, en láta lausamenn læknastjettarinnar sæta sektunum einum, eins og aðra borgara þjóðfjelagsins. Jeg býst ekki við, að neinn gruni mig um að vilja stemma stigu fyrir framgangi bannmálsins, þótt jeg fylgi þessari tillögu, þar sem hún er fram komin frá jafneinlægum og viðurkendum bannmanni og háttv. þm. Dala. (B. J.).

Brtt. háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), um að afnema »konsúlabrennivínið« svokallaða, get jeg ekki fylgt, og mun jeg greiða atkvæði, ásamt öðrum bannmönnum, með því, að konsúlarnir fái að halda sínu brennivíni. Því að það voru góðir bannmenn, sem stóðu fyrir að veita þeim það.

Þá er brtt. um »ölvuðu menninа«, frá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), sem er harla merkileg. Þar fer ágætur bannmaður fram á, að feld sje burt grein, sem aðrir ágætisbannmenn lögðu aðaláhersluna á við síðustu umr. að væri samþykt. Það hefir flogið fyrir, að nú stæði til síðdegis að halda meiri háttar »kvöldmáltíð«, og ætli bannmenn að eta ofan í sig það, sem þeir samþyktu við 2. umr. Það má merkilegt heita, ef þeir telja það nú skilyrði fyrir framgangi bannmálsins að fella það burt, sem þeir við 2. umræðu líka töldu óhjákvæmilegt skilyrði fyrir heppilegum framgangi bannmálsins. Jeg er auðvitað þessari grein jafnmótfallinn nú og við síðustu umræðu.

Margt merkilegt mun standa í þingtíðindunum frá þessu þingi, býst jeg við, en þó víst ekki hvað síst frá þessu kvöldi, bæði hvað snertir umræður og atkvæðagreiðslu. En hvað sem verður um brtt. þær, sem fram eru komnar, þá mun jeg þó, eins og í fyrra skiftið, greiða atkvæði á móti frv. í heild sinni.

Benedikt Sveinsson: Jeg er þeirrar skoðunar, að ekki sje nauðsyn að breyta bannlögunum á þessu þingi. Það kveikir sundurlyndi í landinu í hvert sinn, sem farið er að deila um þetta mál, því að þar standa flokkar mjög andvígir, og skyldu því allir forðast að hefja deilur um það, ekki síst nú, þar sem svo margt annað þarfara og nauðsynlegra kallar að. En nú hefir meiri hluti háttv. deildar ráðist í að fara að breyta lögunum, og úr því að svo er komið, þá er rjett, að bornar sjeu fram allar þær breytingar, sem til bóta mega teljast, og meðal annars kippa því burt úr lögunum, sem mestri óánægju hefir valdið. Að því miðar brtt. sú, sem jeg hefi borið fram á þgskj. 801, um að kippa burt leyfi því, sem sendiherrar erlendra ríkja hafa til að flytja vín hingað til lands. Þetta svokallaða konsúlabrennivín hefir verið þyrnir í augum margra góðra bannvina, og hefir verið vakið máls á því bæði í blöðum þeirra og hjer á þingi, að það leyfi hefði illu heilli komist inn í lögin. Nú finst mjer rjett, fyrst að á annað borð er farið að hrófla við bannlögunum, að þessu atriði sje kipt burt. Að vísu er því svo háttað með leyfi þetta, að einn af helstu forkólfum bannstefnunnar barðist fyrir, að það væri tekið í lögin, og fjekk hann því framgengt. En vera má, að honum og fleiri bannmönnum, sem honum fylgdu þá að málum, hafi snúist hugur síðan.

Ef þetta þykir galli á lögunum, þá er nú einn allra hentugasti tíminn til að nema hann burt. Nú eru ekki nema 2 eða 3 heimansendir ræðismenn hjer í landi; en þeim mun eflaust fjölga þeg-

ar eftir stríðið. Meira að segja hefir það heyrst, að Danir mundu ætla að senda einn slíkan ræðismann hingað. Það má við því búast, að þessir sendiræðismenn verði hjer einir 10—12, þegar viðskiftalífið kemst aftur í samt lag. Hygg jeg það því hagkvæmara að afnema leyfið einmitt nú, er það kemur að eins niður á tveim eða þrem mönnum, en að geyma það þangað til þeir verða 10—12. Sje þessi breyting samþykt, þá er ekki víst, að þurfi að fara að sjóða lögin upp enn á ný undir eins á næsta þingi.

Um hinar brtt. ætla jeg ekki margt að segja. Þó get jeg ekki betur sjeð en að nærri stappi broti á þingsköpunum að leyfa brtt. á þgskj. 785 að komast að; að minsta kosti er það varla samkvæmt andanum í 32. gr. þeirra, þar sem svo segir, að brtt. um atriði, sem búið er að fella í deild, má ekki bera upp á sama þingi, og þá virðist liggja næst, að hið sama eigi og að ná til brtt., sem samþ. hefir verið við umræðu áður, að hana megi ekki niður fella í sömu deild á sama þingi, þótt eigi sje það tekið fram með berum orðum í þingsköpunum. Jeg geri ráð fyrir, að þeim, sem þingsköpin settu, hafi ekki dottið í hug sá hringlandaháttur, að menn mundu berjast fyrir því að kippa því burt í dag, sem þeir hefðu sett inn í gær. Vil jeg leyfa mjer að skjóta þessu undir úrskurð hæstv. forseta.

Forseti: Það hefir verið leitað úrskurðar míns um það, hvort brtt. á þgskj. 785 komi í bága við þingsköpin eða ekki.

Í 32. gr. þeirra stendur svo, að brtt. um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera upp aftur í sömu deild á sama þingi. Hjer er ekki því til að dreifa. Í brtt. er ekki atriði, sem áður hefir verið felt hjer í deildinni, heldur er að ræða um atriði, sem áður hefir verið samþ. hjer, en nú farið fram á að fella burt. Ákvæðið í umræddri grein þingskapanna er takmörkun á frumkvæðisrjetti þingmanna, og eigi rjett að leggja víðtækari merkingu í það en skýr ákvæði greinarinnar heimila, og úrskurðast því, að brtt. á þgskj. 785 komi til umræðu og atkvæða.

Magnús Pjetursson: Jeg hefi nú lengi setið hjá og engan þátt tekið í hjaðningavígum þeim, sem hjer hefir verið háð, og hefir þó stundum þurft á þolinmæðinni að halda, því að ekki hafa skort rakalítil stóryrði í garð þeirra, sem ekki eru bannvinir, og staðhæfingar. Samt ætla jeg mjer ekki að blanda mjer inn í aðaldeilu manna hjer, því að mig langar ekki til, að lenda í hinu sama sem þrír háttv. þingdm., sem haldið hafa nálega sömu ræðuna.

Sný jeg mjer þá að brtt. á þgskj. 781, en þarf þó ekki að fjölyrða um þær, því að háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir þegar sagt sumt af því, sem jeg mundi hafa sagt þeim til málsbóta.

Háttv. frsm. (M. G.) mælti á móti fyrri brtt., um heimildina til að rannsaka dót farþega, hvort þeir hafi meðferðis áfengi, af því að hann kvað það nauðsynlegt, að lögreglustjóri hefði heimild til að rannsaka einnig þetta, ekki einungis vegna áfengis þess, sem í þeirra vörslum kynni að dyljast, heldur og vegna annarar tollskyldrar vöru. Þessi mótbára kemur mjer undarlega fyrir, því að till. segir ekkert um það, að honum sje það ekki heimilt, og bannar ekki að rannsaka hirslur skipverja og farþega; hún lætur það mál afskiftalaust. En hins vegar þykir mjer það óviðkunnanlegt að vera eins og að siga lögreglustjóra á að rannsaka hirslur manna. Það á að vera nóg, að hann noti heimild þá, er hann hefir þegar að

lögum til þess, þegar honum þykir þörf á vera; og nú segir háttv. frsm. (M. G.), að þessi heimild sje í tolllögunum; fæ jeg því ekki sjeð, hvaða þýðingu það á að hafa að vera að setja hana líka í þessi lög. (**M. G.**: Jeg sagði, að dómsúrskurð þyrfti til þess). Háttv. þm. (M. G.) sagði, að líklega yrði það skilið þannig, að dómsúrskurð þyrfti. Það er og eitt, sem gerir það, að mjer finst hálfhjákátlegt að vera að setja ákvæðið um rannsókn á hirslum manna í frv. þetta, og það er, að lögreglustjórar mundu ekki geta notað sjer heimildina; þeir mundu ekki komast yfir að framkvæma rannsóknina til nokkurrar hlítar. Það mætti í fljótu bragði ætla, að ákvæði þetta hefði verið sett með hliðsjón af frv. um aukna löggæslu, sem hjer hefir verið á ferðinni. En varla hefir það þó vakað fyrir háttv. allsherjarnefnd, því að hún mun ekki óska því frv. langra lífdaga. Jeg man líka, að þegar frv. háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) um bannlögin var hjer fyrst til umræðu, þá hafði hæstv. forsætisráðherra meðal annars það að athuga við það, að þetta ákvæði mundi ekki framkvæmanlegt fyrir lögreglustjóra. Og það geta allir sjeð, að ekki bætir það lögin, að sett sjeu í þau ákvæði, sem ekki er unt að framfylgja.

Jeg býst nú við, að eins fari með þessar brtt. eins og sumar aðrar brtt., sem bornar hafa verið fram til að »bæta« bannlögin, að þær muni engan rjett eiga á sjer og að engu verða hafðar, af því að þær koma frá andbanningi. Það lítur út fyrir, að bannmenn hjer í deild þykist hafa einkarjettindi til að bera fram till. í þessu máli, og líka einir rjett til að greiða atkvæði um þær; því að ef svo vill til, að andbanningur greiði atkvæði með einhverri till. þeirra, þá er hún um leið orðin óalandi og óferjandi. Þó þykir mjer, satt að segja, ótrúlegt, að athöfn sú fari hjer fram í kvöld, sem háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) gat um. (**E. A.**: Hver er hún?) Hin mikla kvöldmáltíð.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) gat um rök þau, er liggja fyrir annari brtt. á þgskj. 781. Mjer skildist, sem það mundi einkum hafa vakað fyrir allsherjarnefnd, að hert væri refsingin á þeim, sem hefðu sjer það fyrir atvinnu að smeygja víni inn í landið til að versla með það, og að hún hafi ekki ætlast til, að öðrum yrði refsað með fangelsisvist en þeim. Mjer þótti vænt um, að háttv. frsm. (M. G.) fjellst á þessa brtt; bara að hún verði nú ekki álitin grunsamleg af sumum, og álitið, að hún sje borin fram í einhverjum lævísum tilgangi.

Þá kem jeg að brtt. á þgskj. 801, frá háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), sem jeg ofurlítið vil víkja að. Hann hefir þegar fært rök fyrir henni, og þykir mjer sennilegt, að sú brtt. verði samþykt, því að jafnan hefir heyrst harmagrátur hjá bannmönnum yfir því, hvernig bannlögin hafi verið fleyguð. Barmaði hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) sjer einkum yfir því. Taldi hann upp ýmsa fleyga, sem í þau hefðu verið reknir, og þar á meðal þann, sem háttv. þm. N.-Þ. (B Sv.) vill nú ná í burt; má ganga að því vísu, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E) muni nú ljá lið sitt til þess, fyrst að honum býðst svona gott færi til þess, og taki nú á því, sem hann á til, til þess að sýna, að þar hafi hugur fylgt máli.

Jeg ætla mjer ekki að deila við hæstv. forseta út af úrskurði hans áðan, því að forsetaúrskurði eiga allir að hlíta. En jeg, svo sem fleiri, tel það hafa verið tilætlun þeirra, er þingsköpin sömdu, að firra þingið þeim skrípaleik að fara að eta ofan í sig það, sem það hefir nýsagt og ályktað.

Bjarni Jónsson: Tillaga mín er svo einföld og auðskilin, að jeg hjelt, að allir mundu skilja hana. En nú sje jeg, að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefir tekist að misskilja hana. Hann taldi það misrjetti, ef ríkið beitti öðrum refsingum við starfsmenn sína en aðra, þegar þeir fremdu lagabrot. Það er alveg rjett, eins og háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) tók fram, að ríkið hafi sjerstaka refsingu í pokahorninu handa sínum þjónum, sem lögin brjóta. Það má setja þau brot lækna, sem hjer ræðir um, við hliðina á embættisvanrækslu, t. d. sýslumanna, og láta það varða embættismissi. En rangt er að svifta þá lækningaleyfi, því að það má ekki gera nema fyrir óhæfu í læknisdómi. Það var því allsendis rjett, sem jeg sagði fyr. Misskilningurinn hjá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) var sá, að hann hjelt, að læknir, sem sviftur væri embætti, væri og sviftur lækningaleyfi. En svo er ekki; slíkur læknir getur jafnharðan sest að í sínu eigin hjeraði sem lausalæknir, ef honum sýnist svo.

Nú gerist lausalæknir brotlegur við lög þessi; hann fær sína sekt, sem hver annar, er brýtur, en hefir engu embætti fyrir að gera, og jafnt er um hann og fasta lækna, að eigi á að mega svifta hann lækningaleyfi nema fyrir óhæfu í læknisdómi. Væri hann sviftur því, í viðbót við sektirnar, sem hann dæmdist til að greiða, kæmi refsingin miklu harðar niður á honum en t. d vínsölumanninum, sem gert hefði sig sekan í samskonar broti.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta, því að jeg býst ekki við, að menn láti sjer það frekar skiljast, þótt jeg bæti fleiru við. Verður nú hver háttv. þingdm. að ráða það við sig sjálfan, hvort hann vill hjer heldur samþykkja rjett mál eða rangt.

Þá skal jeg minnast ofurlítið á brtt. frá háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) um konsúlabrennivínið. Jeg hefi jafnan talið það sjálfsagt, að þótt vínbann væri látið gilda fyrir innlenda menn hjer, þá ætti ekki að þröngva því upp á sendimenn erlendra ríka, sem lifa hjer undir lögum síns ríkis; og mun jeg því greiða atkvæði móti brtt., enda er hún óþörf, því að það er síst hætta á, að þessir menn fari að brjóta lögin og misbrúka undanþáguna, því að undir eins og og stjórnir þeirra fengju nokkurn grun um það, mundu þær kveðja slíka lögbrjóta heim við lítinn orðstír, og aldrei nota þá framar í sína þjónustu. En úr því að jeg tel rjett að veita útlendum erindrekum þessa undanþágu, tel jeg ekki eftir, þótt þeim fjölgi nokkuð, og ekki heldur, þótt okkar kæru bræður við Eyrarsund sendi hingað erindreka. Það hefir lengi verið skoðun okkar hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), að svo ætti að vera, að þeir hefðu sína sendimenn hjer, og við okkar þar. Skal jeg minna á skrif Íslendinga um þetta og rit Ragnars Lundborgs, þess manns, sem jeg hefi oft talað hjer um áður. Það kemur nú fram sem oftar, að hvílíku gagni þessir góðu menn mega verða oss, er þeir af lærdómi og velvild skrifa um oss og mál vor.

Í alþjóðarrjetti eftir hinn nafnkunna vísindamann Franz von Lizt stendur svo um Ísland á bls. 56: Island steht in personalunion mitt Dänemark. Þetta stendur þar fortakslaust og vafalaust. Þetta byggir hann á bók Ragnars Lundborgs um Islands staatsrechtliche Stellung. Jeg get þessa í þakklætisskyni við Ragnar Lundborg og hinn ágæta þýska fræðimann, sem af slíkri velvild hefir um oss skrifað, líkt og Konráð Maurer áður og fleiri landar hans.

Þetta er innskot, sem að vísu kemur

ekki beint málinu við. En nú sný jeg mjer að því aftur, og segi það enn, að jeg mun ekki telja það eftir, þótt sendiherra Dana ætti kost á að fá sjer hressingu eftir sjóferðina, þegar hann stígur hjer á land. Og jeg vona, að hv. þm. (B. Sv.) taki nú aftur till. sína, í þeirri von, að Danir muni bráðum senda hingað ræðismann.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er að eins örstutt athugasemd. Jeg heyrði, að háttv. þm. Stranda. (M. P.) sagði, að ræður allra bannmanna væru eins. (**M. P.**: Jeg sagði ekki allra). En þegar jeg hlustaði á ræðu hv. þm. Stranda. (M. P.), fanst mjer, að jeg hefði heyrt hana alla áður, heyrt hana á hinn sísuðandi Grammofon andbanninga. Mig furðar á því, hvað jafnsiðavandur maður og háttv. þm. Stranda. (M. P.) leggur litla rækt við þessi lög, en að hann sje siðavandur, marka jeg af því, að hann samþykti hjer brtt. við 2. umr. þessa máls, sem mjög gekk í þá átt. Hann er svo mikill bannmaður í hjarta, að hann þolir ekki að sjá ölvaðan mann. Jeg er sammála honum um það, að illa fari á því, en þá er jeg líka hissa á því, hve eftirgjöfull hann er í ýmsum öðrum greinum. Sjerstaklega fer illa á því, hve andstæður hann er því, að sjálfsögð rannsókn sje gerð á farangri manna.

Ef ekki er heimilt að rannsaka farangur farþega, er afleiðingin sú, að altaf er hægt að flytja áfengi á land í einkafarangri. Hitt er ekki annað en grýla, að þetta hafi svo mikinn kostnað í för með sjer, því að það stendur hvergi, að farangur skuli rannsaka í hvert skifti, heldur er þetta að eins heimild til að rannsaka, og það hjelt jeg að væri mjög heppilegt og rjettmætt, því að fólk verður ekki eins óhrætt, þegar það á á hættu, að rannsakaður verði flutningur þess. Kostnaðurinn við þetta er bara grýla, því að það verður alveg komið undir conduite lögreglustjóranna, hve langt þeir ganga, og að gengið sje með þessu ofnálægt einstaklingnum nær engri átt, því að í útlöndum er slíkt eftirlit álitið sjálfsagt, og það yrði álitið hlægilegt, ef einhver neitaði að sýna farangur sinn, eða teldi það óviðfeldið. Þessum lögum er ómögulegt að framfylgja nema þessi heimild sje gefin. Það verða allir að játa, að það er ekki nema æskilegt, að lögunum sje haldið uppi, og hjer er ekki um annað að ræða en að gera lögreglustjórunum mögulegt að gæta þess, að lögunum sje hlýtt og fylgt. Sá möguleiki er heimilaður hjer í þessu frumvarpi, og jeg álít því heimildina mjög æskilega. Það er álitamál, hvort hirslur farþega má opna eftir núgildandi lögum án dómsúrskurðar, en ef kveða þyrfti upp dómsúrskurð í hvert einasta skifti, yrði það altof þungt í framkvæmdinni. Jeg verð því fyrir mitt leyti að leggja eindregið með því, að þetta atriði verði samþykt. Annars virðist afstaða háttv. þm. Stranda. (M. P.) gagnvart þessum lögum vera mjög mismunandi, því að í sumum atriðum er hann mjög strangur, t. d. með það að banna ræðismönnum að hafa vín, og er jeg honum alveg sammála um það, að það hefði aldrei átt að leyfa. Háttv. þm. Stranda. (M. P.) er í sumum atriðum svo strangur, að háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) myndi kalla hann æstan bannmann, en í sumum atriðum vill hann opna sem fiestar dyr fyrir þá, sem vilja brjóta lögin. Af hverju þetta kemur skal jeg ekki segja, en það gæti verið, að hann vildi kveikja einhver villuljós, og bak við þau væri tundurdufl, sem hann ætlar frv. að stranda á. (**E. A.**: Ekki stranda á, heldur springa). Það getur verið, að þetta sje ofmælt hjá

mjer, og að jeg sje að gera háttv. þm. (M. P.) getsakir. Jeg vildi óska, að hann væri fulleinlægur og hefði sama hugarfar gagnvart öllum atriðum þessara laga og vildi bæta þau sem mest.

Annars er það vitanlegt, að þótt ekki sje hægt að koma fram öllum umbótum í einu, þá getur verið tilvinnandi að sleppa sumum umbótum, til þess að koma öðrum fram, og hygg jeg, að ýmsir vilji, með það fyrir augum, fella sumt, sem þeir áður hafa samþykt, til þess að frv. strandi síður.

Einar Jónsson: Mín orð munu helst hljóða um það, að jeg álít lengri umræður um málið óþarfar; því að það er búið að segja svo mikið um það. Þótt hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) æsi sig nú sem síðast, þá er það ekki til annars en að sanna það, sem jeg sagði þá, að hann gæti aldrei heyrt bann eða brennivín nefnt án þess að verða æstur. Jeg viðurkenni það líka, að konsúla- og læknabrennivínið er glompa á lögunum, en það eru þó lagðar sektir við, ef læknar misbrúka leyfi sitt, sem þeir fengu með lögunum 1915, enda hygg jeg, að þeir noti það leyfi á sanngjarnan og rjettan hátt. Ef læknar væru svo einstrengingslegir, að þeir vildu ekki láta veika menn fá — (**E. A.**: Pinna.) — já, einmitt pinna, þá gæti það verið sama sem að steindrepa þá. Jeg get sannað þetta af sjálfum mjer, því að það hefir komið fyrir, að jeg hefi verið lasinn á þann hátt, að jeg væri nú líklega dauður, ef jeg hefði ekki fengið góðan snaps. Út í þetta atriði ætla jeg ekki að fara frekar, enda þótt jeg gæti nefnt dæmi upp á, hvað sjálfur landlæknirinn hefir orsakað í þessu efni. Það er þess vegna varlega í það farandi að gera ákvæðin svo ströng, að maður geti ekki fengið snaps, ef á liggur, þótt ofsi bannmanna sje mikill. Mitt síðasta svar verður því það, að jeg álít heppilegt að breyta bannlögunum alls ekkert, þótt jeg álíti það langbest að afnema þau strax.

Jeg er svo oft búinn að tala í þessu máli, bæði í sumar og áður, að jeg þarf ekki að segja meira, enda mun enginn ganga grafgötur um að vita það, hvernig jeg muni greiða atkvæði í þessu máli.

Magnús Pjetursson: Jeg ætla að leyfa mjer að segja fáein orð, út af hugleiðingum hæstv. fjármálaráðherra (S. E.). Hann byrjaði með að segja það, að sjer hefði fundist, að hann hafði verið kunnugur öllum orðum mínum áður. Jeg get vel trúað því, því að jeg þykist vita, að hann hafi verið kominn að sömu niðurstöðu og jeg í hjarta sínu, og því kannast við það, sem jeg sagði, og vitað, að það var rjett. Þá þótti hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) jeg hafa verið fullsiðavandur við síðustu atkvæðagreiðslu þessa máls. Jeg get ekki skilið, að það þurfi að standa í neinu sambandi við skoðun manns á bannlögunum, hvort manni þykir skemtilegt eða ekki að sjá fulla menn í bannlandi. Mjer hefir ekki þótt skemtilegt að sjá fulla menn hjer á götunum dag eftir dag, þrátt fyrir það, að sá ágæti bannmaður og duglegi bæjarfógeti, sem nú er orðinn fjármálaráðherra, hefir verið hjer lögreglustjóri. Úr því að bannmenn vilja altaf vera að hræra í lögunum, þá er ekki nema rjett, að þeir fái einu sinni vilja sínum framgengt, og þess vegna greiddi jeg atkv. með báðum till. háttv. þm. Borgf. (P. O.). (**S. E.**: En svo á móti sjálfu málinu.) Já, vegna þess, að jeg vil helst engar breytingar á lögunum, en ef á annað borð á að breyta lögunum, þá

vildi jeg hafa breytingarnar á þennan veg. Þetta býst jeg við að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) geti skilið, því að það er rökrjett hugsað. Jeg man ekki til, að jeg mintist neitt á kostnaðarspursmálið við að rannsaka hirslur farþega, en gat þess víst, að þetta ákvæði væri skiljanlegt í sambandi við löggæslufrumvarpið, en hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) bygði alla sína röksemdafærslu á því, að engin heimild til rannsóknar væri til áður í lögunum; en, eins og jeg hefi áður sýnt fram á, þá er þó svo. Eftir greininni, sem hann las upp, verða lögin þó ekki skilin öðruvísi en þannig, að alt í skipinu liggi undir rannsókn. Hvað sem lögfræðingarnir deila um þetta, þá getur þó heilbrigð skynsemi ekki skilið þetta öðruvísi. Annars get jeg ekki sjeð, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) geti bent á önnur atriði en þetta eina, sem jeg vil rýmka um, en það kemur til af því, eins og áður hefir verið tekið fram, að jeg vil ekki siga lögreglunni á hirslur farþega sjerstaklega, fram yfir á aðra staði í skipinu. Það er ekki undarlegt, þótt hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) óttist tundurduflin, því að það er mikið um þau skrafað nú, en jeg býst nú ekki við, að mikil tundurdufl verði á vegi þessara laga af mínum völdum, því að »vel megum vjer nú bíða þess, að eldurinn vinni þeim«. (S. E.: Eldurinn?) Já, jeg meina, að almenningsálitið muni brenna þau; jeg hjelt, að ráðherrann hefði ef til vill heyrt þetta máltæki úr Njálu áður.

Jeg vil leyfa mjer að spyrja háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), hvort hann óttist ekki það, ef brtt. hans verður samþ., að það hvetji menn til að láta sjá sig drukna. Það hefir oft verið skilið svo, þegar einhver neitunarákvæði hafa verið feld úr gildi, að þá sje mönnum þar með leyft eða þeir jafnvel hvattir til að gera það gagnstæða. Það verður varla hjá því komist, að það berist út, að búið hafi verið að setja þetta ákvæði inn í lögin, en síðar hafi þingið komist að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki rjett að taka hart á því, þó að menn sæjust ölvaðir. Það mætti skilja þetta svo, að það væri ekki verið að hvetja menn til að láta sjá sig ölvaða, og jeg er því hissa á því, ef nokkur bannmaður greiðir þessari brtt. atkv.

Fjármálaráðherra (S. E.): Háttv. þm. Stranda. (M. P.) lagði áherslu á, að ekki væri skemtilegt að sjá drukna menn á götunum, en sem betur fer hefir það verið sjaldgæft í seinni tíð. (**S. St.**: Einn rjeðist fullur á mig í gærkveldi.) Það er mjög óheppilegt, ef ráðist er á háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Jeg er sannfærður um, að ef bannlögin væru upphafin, yrði ekki sjaldgæft að sjá hjer fulla menn á götunum, en einmitt af því að lögin eru í gildi, kemur það nú sjaldan fyrir. En það er ekki furða, á meðan ekki er lagt meira í löggjöfina en nú er gert, þótt það komi fyrir, að menn sjáist ölvaðir. Jeg er sannfærður um, að ef ákvæðið, sem hæstv. þm. Stranda. (M. P.) vill nema burt, verður látið standa, verður minna áfengi flutt inn og minna drukkið. Háttv. þm. Stranda. (M. P.) segir, að í sinni brtt. felist í raun og veru það sama og í frv., eða sama heimildin, en ef sá skilningur er rjettur, hvers vegna má þá ekki ákvæði frv. standa óbreytt, því að það er þó sannarlega æskilegt, að ákvæði laganna sjeu sem skýrust? Það hefir verið ágreiningur milli lögfræðinganna um, hvort það mætti leggja sama skilning í þessa grein og háttv. þm. Stranda. (M. P.) vill leggja í hana. Þetta nýja ákvæði er því sett til þess að nema allan efa burt. Háttv. þm. Stranda. (M. P.) sagði, að sig furðaði

það ekki, að jeg væri hræddur við tundurdufi. Hvort hann hefir meint politisk tundurdufi, það veit jeg ekki, en jeg get sagt honum það, að við svona löguð tundurdufi er jeg ekki hræddur.

Einar Arnórsson: Það hefir verið vikið á víð og dreif nokkrum orðum til nefndarinnar, sem fór með þetta mál. Jeg þykist ekki þurfa að afsaka nefndina, því að jeg álít, að hún hafi unnið vel og skynsamlega. Jeg hefi ávalt litið svo á, að úr því að bannlögin á annað borð væru komin á, þá væri sjálfsagt að breyta þeim að því leyti, sem það gæti verið til þóta. Sumar þær brtt., sem voru í frv. því, sem háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) og fleiri fluttu hjer í sumar, voru til bóta, en sumar þeirra gat ekki komið til nokkurra mála að samþykkja. Nefndin tók auðvitað þær af þeim, sem hún áleit að væru til bóta, og tók svo enn fremur það ráð að steypa saman í eina heild þeim 3 brotum, sem til eru af þessum lögum, og verður varla hægt að leggja henni það til ámælis. Það er miklu hægra, bæði fyrir lögreglustjóra og aðra, sem lesa vilja lögin eða eiga að gæta þeirra, að hafa þau öll á einum stað.

Um einstakar brtt., sem fram hafa komið, skal jeg fara fáeinum orðum. Það er þá fyrst brtt. við 2. gr., frá hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), og þykist jeg ekki þurfa að efa, að sá háttv. þm. hafi komið með hana af góðum hug til bannlaganna og bannstefnunnar, en það eru þó aðrar ástæður, sem gera það að verkum, að mínu áliti, að ekki er hægt að samþykkja hana, sem sje þær, að 1913 var það lögleitt, að sendiræðismönnum erlendra ríka skyldi leyft að flytja inn ákveðinn forða af áfengi til heimilisnotkunar. Nú lít jeg svo á, að ef það væri ekki ólöglegt að svifta þá þessu leyfi, þá væri það að minsta kosti mjög ókurteist, því að það er bara einskær millirikjakurteisi að leyfa ræðismönnum þetta, og býst jeg við, að enginn álíti það hættulegt fyrir bannlögin, því að engum dettur víst í hug, að þessir menn fari að misbrúka þetta leyfi.

Það horfir ekki ósvipað við með þetta í lögunum eins og eitt atriði í frv. því, sem háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) o. fl. báru fram, sem sje það að taka af þeim mönnum vínföng, sem fullan rjett eiga á að fá að halda þeim, samkvæmt 11. gr. laganna frá 1909. Nefndin gat ekki fallist á það, og um það var samkomulag milli allra nefndarmanna, að ekki væri rjett að svifta þá menn eignarheimild, sem áður hefir verið veitt hún með lögum. Sama er að segja um þetta atriði; það er millilandakurteisi, sem Íslendingar geta ekki skorast undan að sýna, þar sem þegnar annara ríkja eiga í hlut, menn, sem starfa hjer í þjónustu sinnar eigin stjórnar.

Þá kem jeg að 5. gr. frv. Háttv. þm. Stranda. (M. P.) kemur með brtt. við hana og vill nema í burt ákvæðið um það, að lögreglustjórum skuli heimilt að opna hirslur og klefa í skipum. Jeg skal játa það, að það er ekki í hvert sinn hægt að nota þessa heimild. Lögreglustjórar geta ekki komist yfir það. En tilgangurinn með heimildinni er sá, að þeir noti hana þegar þeir geta og þegar þess þykir þörf. Lögreglustjórar eru yfirleitt svo mentaðir menn og ábyggilegir, að hægt er að trúa þeim til að nota ekki þessa heimild nema einhver ástæða sje til. Það er auðvitað ekki rjett, að með þessu sje gengið neitt á rjett manna, fremur en heimild er til. Erlendis verða menn að hlíta því, að tollgæslumenn opni hirslur þeirra og farangur allan, og engum dettur í hug að skoða það sem nein rjettarspjöll. En það er full ástæða til,

að þetta sje tekið fram í lögunum. Án þess er ekki heimilt að opna suma staði í skipum, nema eftir dómsúrskurði. Í 52. gr. stjórnarskrárinnar er heimilið lýst friðheilagt og sagt, að heimilisrannsókn megi ekki gera, nema samkvæmt dómsúrskurði. Nú lít jeg svo á, að í skipi sjeu íbúðarklefar skipstjóra og skipverja heimili þeirra, og lúti því sömu ákvæðum og heimili manna á landi. Þess vegna þarf dómsúrskurð til í hvert sinn, sem opna þarf klefa skipstjóra, bryta eða háseta, ef þeir láta þá ekki góðfúslega opna.

Þá kem jeg að 14. gr., brtt. á þgskj. 785. Eins og deildinni er kunnugt gat meiri hluti nefndarinnar ekki fallist á það að sekta menn, þó að þeir sjáist ölvaðir á almannafæri. Þó að jeg fyrir mitt leyti vilji ekki mæla því bót, að menn láti sjá sig ölvaða á almannafæri í bannlandi, þá get jeg ekki greitt atkvæði með frv., ef þetta ákvæði stendur í því. Það kemur ekki ósjaldan fyrir, að þó að hægt sje að segja, að menn sjeu ölvaðir, þá geta þeir verið það með þeim hætti, að ekki sjeu þeir til truflunar almennu velsæmi. Þeir geta gengið götu sína hneykslislaust og verða hvorki sjálfum sjer nje öðrum til vansa eða meins á nokkurn hátt. Mjer þykir það oflangt gengið að veita heimild til að leggja hendur á þessa menn fyrir þetta eitt. Nú er því ekki heldur til að dreifa, að það sjeu altaf lögreglustjórar sjálfir, sem myndu leggja hendur á þessa ölvuðu menn. Það myndu að öllum jafnaði vera lögregluþjónar í kaupstöðum, og ef á því þyrfti að halda í sveitum, þá hreppstjórar, sem þar eru lögregluþjónar. Í flestum eða öllum tilfellum mundi líða alllangur tími frá því að maður er tekinn og þangað til dómur yrði uppkveðinn, svo að maðurinn gæti verið orðinn afdrukkinn fyrir löngu. Það er ekki altaf svo auðvelt að skera úr því, hvort menn eru ölvaðir eða ekki, að ekki er óhugsanlegt, að lögregluþjónum geti skjátlast. T. d. um það, hve erfitt það getur verið, má benda á atvik, sem margir munu hafa heyrt frá sagt. Einn nafnkendur Good-Templar og bindindisfrömuður var á ferðalagi úti um land, í bindindiserindum. Hann kom að gistihúsi síðla um kvöld og beiddist næturbeina. Veitingamaður færðist undan að hýsa hann fyrir þá sök, að hann sagðist aldrei vilja hýsa fulla menn. Þetta sýnir, hve vandasamt það getur verið að greina, hvort menn eru ölvaðir eða ekki. Háttv. þm. Borgf. (P. O.) bar þessa till. fram á móti vilja meiri hluta nefndarinnar. Nokkrir menn, sem annars eru andvígir frv., höfðu gengið á vitsmuni við suma deildarmenn og komist að því, að við hinir mundum ekki geta greitt atkvæði með frv., ef þetta ákvæði kæmist inn í það. Þessir menn, er vjeltir voru svo af sjer slægari mönnum, greiddu því atkv. með brtt. hv. þm. Borgf. (P. O.), svo að hún var samþ. Nú sje jeg, að einn hv. deildarmaður ber fram brtt. um að fella 14. gr. burt aftur. Það er ekki neitt óeðlilegt við það, þó að menn, sem um daginn greiddu atkv. með því, að þessi grein yrði tekin upp í frv., greiði nú aftur atkv. með því að fella hana burt, þegar það er nauðsynlegt til þess, að málið gangi fram. Jeg hefi sagt, að jeg gæti ekki greitt atkv. með frv., ef þetta ákvæði stæði í því. Og til þess að taka af allan vafa, get jeg lýst yfir því, að það er skilyrði frá mjer og háttv. framsögumanni (M. G.), — þó að jeg hafi ekkert umboð til að lýsa yfir því fyrir hans hönd, — fyrir fylgi okkar við frv., að þessi grein verði feld burt aftur.

Jeg get tekið í sama strenginn og hv. framsm. (M. G.) um það, að jeg get látið mjer á sama standa, hvort hún

verður samþ. eða ekki; sætti jeg mig þó fult eins vel við, að hún verði samþ.

Viðvíkjandi brtt. hv. þm. Dala. (B. J.) verð jeg að segja það, að að öllu athuguðu verð jeg að kannast við, að hann hefir rjett að mæla. Það er satt, að í lögum frá 1911 stendur, að svifta megi læknisleyfi fyrir óhæfu í læknisdómi. Þótt rjett geti talist, að brot gegn lögum þessum varði embættismissi, þá veit jeg ekki, hvort þau geta heyrt undir óhæfu í læknisdómi. Það verður dómsspursmál í hverju einstöku tilfelli, og ef dómari kemst að þeirri niðurstöðu, þá er heimildin til að svifta læknisleyfi til í lögunum frá 1911. Jeg er samdóma hv. þm. (B. J.) í því, að bannlagabrot geti að öllum jafnaði ekki talist óhæfa í læknisdómi. Til þess þurfi klaufaskap í meðferð sjúklinga, vanrækslu eða vanþekkingu, sem geti orðið skaðleg fyrir sjúklinginn.

Jeg get ekki svarað mörgum orðum gamansemi háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Jeg álít, að hann hafi að eins mælt til að sýna gamansemi sína og rökfimi. Hann fann að því, að skipstjórar skuli sektaðir fyrir að skýra rangt frá um áfengisbirgðir í skipi. Jeg vona, að dómstólarnir sjeu ekki svo ófróðir, að þeir kveði upp dóm, nema »subjectivu« skilyrðin sjeu fyrir hendi. Þá hjelt hann því fram, að 16. gr. yrði eigi skilin öðruvísi en svo, að hertu ákvæðin í 3. málsgrein ættu að eins við skipstjóra. Jeg get ekki sjeð, að neinn dómari þurfi að ruglast í þessu. 3. málsgrein stendur á eftir því, sem sagt er að ítrekuð brot skuli varða hærri sektum. Svo kemur þetta: »Ef nokkur brýtur oftar ákvæði þessarar greinar.« Það er auðsætt, að »nokkur« getur ekki átt eingöngu við 1. málsgrein, heldur við alt, sem fram er tekið á undan í greininni. Enn fremur var hv. þm. (G. Sv.) fyndinn um orðin »að nota til drykkjar«. Jeg get ekki álitið það annað en fyndni, því að jeg býst ekki við, að dómarar hjer á landi þurfi endilega að vera annaðhvort heimskingjar eða bófar. Jeg vona, að enginn geti skilið »til drykkjar« í þessu sambandi annað en það, sem menn drekka sjer til nautnar. Málvenjan er búin að helga þetta orðatiltæki svo, að á því getur enginn vafi verið, hvernig skilja beri. Að vísu getur áfengi, sem menn neyta til lækninga, um leið verið til nautnar. En á því er ekki heldur hægt að villast. Aðaltilgangurinn með því að láta það í sig er sá, að læknast, en ekki að njóta áfengisáhrifanna. Það er ekki meiri erfiðleikum bundið en ýmislegt annað að skera úr því í hvert sinn, hvort vínsins hafi verið neytt til drykkjar eða ekki. Það er að minsta kosti ekki erfiðara en að skera úr t. d., hvort glæpur er framinn af gáleysi, miklu gáleysi, eða af ásetningi.

Þá kem jeg loks að hinni miklu kvöldmáltíð, sem hv. þm. (G. Sv.) endaði ræðu sína með. Það hefir hingað til ekki þótt ljótur siður hjer á Íslandi að vera til altaris. Annars hefi jeg áður skýrt frá ástæðunum til þess, sem hann kallar kvöldmáltíð.

Jeg hefi nú rakið allar brtt. og flyt því ekki lengra mál að þessu sinni.

Gísli Sveinsson: Það var að eins ein lítil fyrirspurn til hv. 2. þm. Árn. (E. A.). Hvernig geta menn brotið ákvæði 2. málsgreinar í 16. grein? Hún hljóðar um að sekta þá, sem brjóta ákvæði laganna, en ekki um neinn verknað. Hana er því ekki hægt að brjóta í þeim skilningi, sem nefndin leggur í hana.

Í öðru lagi vildi jeg spyrja, hvort það hafi verið ásetningur nefndarinnar að orða 4. málsgrein þessarar sömu

greinar svo, að sjerstaka skýringaraðferð þurfi til að koma henni í samræmi við heilbrigða skynsemi?

Í þriðja lagi vildi jeg geta þess, að jeg veit ekki til þess, þótt hv. 2. þm. Árn. (E. A.) kunni ef til vill að hafa vanist því, að altarisgöngur verði með þeim hætti, að altarisgestirnir neyti þess, sem þeir sjálfir hafa frá sjer látið.

Einar Arnórsson. 2. málsgr. 16. gr. hljóðar um það, að þeir, sem brjóta lögin einu sinni eða tvisvar, sæti sektum. Svo kemur í 3. málsgrein, að sje oftar brotið, varði það ekki eingöngu sektum, heldur einnig fangelsi. Jeg sje ekki neitt rangt við þetta, svo framarlega sem heimilt er að setja ákvæði um tvöfalda refsingu. Með þessu þykist jeg hafa svarað 1. spurningunni, og býst ekki við, að neinn dómari komist í kröggur út af því atriði, ekki heldur hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), þó að það eigi fyrir honum að liggja að verða dómari. Því síður er ástæða til að komast í kröggur út af hinu atriðinu. Þar er ekki gengið lengra en málvenjan heimilar. Það er ekki kallað að neyta til drykkjar, sem neytt er til lækninga, eða í öðrum tilgangi en beint til nautnar. Viðvíkjandi 3. atriðinu, sem átti að vera mesta gamanið, skal jeg geta þess, að bannmenn ýta að vísu frá sjer víni, en ekki messuvíni.

Pjetur Ottesen: Þar sem ýmislegt virðist benda til þess, að aðstaðan til brtt. minnar, sem samþykt var hjer í deildinni við 2. umr. málsins, sje sú, að sú breyting geti, ef til vill, staðið fyrir framgangi annara breytinga á þessum lögum, þá mun jeg ekki að þessu sinni halda henni til streitu með atkv. mínu. Þetta er þó ekki af því, að jeg sje ekki nú sem fyr sannfærður um það, að þetta sje nauðsynlegt og sjálfsagt ákvæði í bannlögunum, heldur af þeim ástæðum, er jeg nefndi.

Sveinn Ólafsson: Að eins nokkur orð til háttv þm. Stranda. (M. P.). Hann bar kvíðboga fyrir því, að ef tillaga mín yrði samþykt og 14. gr. numin burt úr frv., þá mundu menn skoða það sem hvöt til að nota sjer ákvæðisleysi laganna um þetta atriði. Þetta ber vott um það, að háttv. þm. Stranda. (M. P.) lætur sjer mjög ant um bannlögin, og get jeg ekki annað en látið honum í ljós viðurkenningu mína fyrir það. En í þakklætisskyni fyrir þessa umhyggju get jeg sagt það, honum til hughreystingar og uppörvunar, að þetta ákvæði hefir aldrei í lögum staðið hjer á landi, en þó er þeim altaf að fækka, sem sjást ölvaðir á almannafæri. Það eru óskráð lög, sem þessu valda, almenningsálitið. Fyrir 40 árum þótti vegsauki að því að vera kendur. Nú þykir að því minkun. Þessi almenningsdómur stendur ofar allri löggjöf, og mun háttv. þm. Stranda. (M. P.) una honum vel og ásamt mjer geta unað því, að nefnd grein falli niður.

Þórarinn Jónsson: Jeg hefi ekki neina sjerstaka löngun til að taka til máls í þessu máli, því að þótt jeg hafi aldrei álitið bannlögin heppilega ráðstöfun, þá hefi jeg aldrei skipað mjer í flokk þeirra manna, sem skipa sjer í ákveðna andstöðu við lögin. En jeg er eindregið á móti öllum breytingum á lögunum, að svo komnu máli. Þær breytingar, sem fram hafa komið, miða flestar að því að herða á lögunum, og er það að mínu áliti mjög óhagkvæmt. Líka þegar verið er að tala um eftirlitið, þá finst mjer það alveg óhafandi. Það vita allir menn, að eftirlitið getur verið alt öðruvísi en það er, þótt lögunum sje ekki breytt. Það hefir jafnvel

komið fram hjer í umræðunum, að eftirlitinu sje stórum ábótavant, og um það er lögunum kent. Háttv. allsherjarnefnd fjekk mikið af breytingum á bannlögunum til athugunar, í frv. frá háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) og fleiri deildarmönnum. Breytingarnar voru í stórum flyksum í frv., og það er ekki að undra, þótt nefndinni veittist erfitt að vinsa úr þeim. En hinu furðar mig á, hvernig hún ber sig að við það starf. Hún kemur fram eins og meiri háttar skiftaráðandi, sem skiftir breytingunum á milli eftirlitsleysisins og bannmanna. Hún lætur bannmennina fá vínsölumennina til árjettaðrar refsingar, en eftirlitsleysið fullu mennina, eða ölvuðu, sem kallað er á viðfeldnara máli í bannlandi. Hjer hefir verið talað mikið um þessa menn, sem hafi það að atvinnu að selja áfengi ólöglega. Jafnvel hæstv. fjármálaráðherra og fyrverandi bæjarfógeti (S. E.), sem hlýtur að vera þeim hnútum kunnugastur, talar um þá fullum fetum. Jeg heyri á öllum, að þessir menn sjeu til hjer í bænum, ef til vill heilir hópar af þeim, alþektir, jafnvel eins og fógetar eða ráðherrar. En hvernig stendur á, að þessir menn eru ekki kærðir? Er það af því, að refsiákvæði laganna eru ekki nógu hörð? Er verið að bíða eftir því, að sektirnar hækki, til þess að hægt verði að lumbra betur á sökudólgunum? Ef menn halda, að hert refsiákvæði verði til þess að hjálpa til að koma brotunum upp, þá verð jeg að álíta, að það sje ekki rjett hugsað. Eftir því, sem sektirnar eru hærri, kynoka menn sjer fremur við að kæra, þótt þeir viti um brot. Í fjölda mörgum tilfellum gerir mannúðin þar uppreisn gegn framkvæmdinni. Jeg geri ekki mikið úr því, þó að sagt sje í lögunum, að eftirlitsmennirnir geti gert það og það. Það er gagnslaus áhersla, sem enga þýðingu hefir; gæti jeg hugsað mjer, að það yrði að eins til að koma fleirum undir eftirlitsleysið. Þeir myndu komast þar á hornið, þessir vínsölumenn, og gæti skeð, að þeir hefðu þar á milli sín kúfort, sem komist hefði frá borði með flöskum í, þrátt fyrir það, þótt eftirlitsmennirnir mættu opna það og leita í því. Og þó hugsa jeg, að samkomulagið í eftirlitsleysinu yrði þolanlegt. Jeg verð því að leggja áhersluna á það, að bannmenn hafi tekið stefnuna ofsnemma upp. Á hinn bóginn getur þjóðin ekki gengið að því, eins og stendur, að bannlögin verði afnumin. Bannmenn ættu að snúa aftur að þeirri stefnu, sem þeir fylgdu áður, að efla bindindissemi í landinu, láta bannlögin halda sjer, eins og þau eru, en reyna að hafa áhrif á almenningsálitið, svo að menn skilji betur tilgang laganna og læri að halda þau í heiðri.

Jeg get ekki verið með neinu því, sem heyrir á lögunum, af því að jeg álít, að ekkert slíkt verði til að stuðla að því, að þau nái betur tilgangi sínum. Jeg vil láta lögin vera óbreytt eins og þau eru. Jeg greiði atkvæði á móti öllum brtt., sem fyrir liggja, líka á móti brtt. háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), af því að með því get jeg stuðlað að falli frv. En jeg vil, að það falli, af því sem jeg nú hefi tekið fram.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg heyrði ekki vel ummæli háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), en mjer skildust þau hníga eitthvað í þá átt, að einkennilegt sje, að þessir menn, sem svo ilt umtal hafa hlotið hjer, vínsalarnir, skuli ekki verða sektaðir. Þetta sýnir ókunnugleika hins háttv. þm. (Þór. J.). Sannleikurinn er sá, að þessir menn hafa oft og iðulega verið sektaðir, bæði á meðan jeg var bæjarfógeti og áður.

Það er alveg rjett, að eftirlitið er aðalatriðið, en það getur mikið hjálpað eftirlitinu, hvernig lögin eru úr garði gerð, þar á meðal t. d. ákvæði, sem heimilar lögreglustjórum að skoða í hirslur manna, því að það er öldungis gagnstætt hugsun bannlaganna að löghelga hina og þessa staði á skipinu til varðveislu á áfengi. Hækkun sektanna miðar og vafalaust í rjetta átt, því að við það verða leynisalar miklu deigari til að brjóta lögin, en einmitt frá þeim stafar aðalhættan, þessum mönnum, sem beint gera vínsölu að atvinnuvegi. Hitt mun flestum koma saman um, að lítil hætta sje lögunum búin með því, þótt ein og ein flaska slæðist í land með farþegum.

Jeg skal ekki fara út í almennar hugleiðingar, svo sem það, hvort halda beri áfram bindindisstarfsemi. En um það er jeg sannfærður, að þótt lögin sjeu nú og verði enn um hríð nokkuð brotin, þá gera þau samt gagn, og mundu menn skjótlega komast að raun um það, ef þau væru nú afnumin, að ástandið mundi skjótlega versna um allan helming.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 796. og 801., er ofseint voru fram komnar, leyfð og samþ.

Brtt. 781. tekin aftur.

Brtt. 801. feld með 18:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þór. J., B. Sv., B. St., E. J., J. J., M. P., S. S., S. St.

nei: St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. K., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., J. M., J. B., M. G., M. Ó, P. J., P. O., P. Þ., Ó. B.

Brtt. 785. samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorst. J., B. J., B. K., E. A., E. Árna., G. Sv., J. M., J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Ó. B.

nei: Þór. J., B. Sv., B. St., E. J., H. K., J. J., M. P., M. Ó., P. J., S. St.

Brtt. 796. feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. J., G. Sv., H K., J. J., M. Ó., P. J., P. Þ., S. St., B. Sv., B. J., B. St., E. A., Ó. B.

nei: E. Árna., J. M., J. B., M. G., M. P., P. O., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. K.

Frv., svo breytt, samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. K., E A., E. Árna., J. M., J. B., M. G., P. O., P. Þ., S. S.

nei: Þór. J., B. Sv., B. St., E. J., G. Sv., H. K., J. J, M. P., M. Ó., P. J., S. St., Ó. B.

Frv. afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., föstudaginn 7. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um aðflutningsbann á áfengi,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 814).

Á 52. fundi í Ed., mánudaginn 10. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Halldór Steinsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að máli þessu verði vísað til allsherjarnefndar, að umr. lokinni.

Kristinn Daníelsson: Mál þetta mun engan sjerstakan fim. eiga hjer í

þessari háttv. deild, og stend jeg því upp í því skyni að innleiða það með fám orðum.

Eins og kunnugt er hafa tveir andstæðir flokkar staðið að þessu máli. Hafa þeir brugðið hvor öðrum um ákafa og ofstæki. Jeg ætla nú samt ekki að gera mig sekan í slíku með þessum fáu orðum.

Hvortveggja flokkurinn hefir þó verið sammála um takmarkið, það að útrýma böli ofdrykkjunnar í landinu. Það eru að eins leiðirnar að þessu takmarki, sem flokkarnir hafa skiftst um. Annar flokkurinn hefir valið þessa ákveðnu, og sem ætti að vera áhrifamiklu, leið, bannlögin, og síðan þau komu fram hefir deilan staðið um þau.

Saga laganna er svo kunn, að ekki þarf að fara út í hana hjer. Lögin voru gerð að fengnu þjóðaratkvæði, og síðan hefir ekkert það komið fram, er bent geti til þess, að þjóðinni hafi snúist hugur. Aftur á móti hafa borist kröfur frá þingmálafundum úti um land, ýmist um umbætur á lögunum eða betra eftirlit. Af þeim sökum eru þau nú hjer komin aftur.

En eins og kunnugt er hafa þau mætt andspyrnu og átt allþungan róður gegnum þingið.

Andstæðingarnir hafa að vísu ekki gert beinar tilraunir til þess að afnema þau með öllu, en þeir hafa viljað reyna að breyta þeim í annað form, þannig, að lítill sem enginn veigur yrði í ákvæðum þeirra. Líka hafa þeir staðið á móti breytingum þeim, er fram hafa komið í þá átt að efla lögin og styrkja.

En undarlegra er það, að sumir, sem voru vinir laganna í fyrstu, standa nú á móti öllum breytingum. Ástæðan hjá mótstöðumönnunum er sennilega sú, að þeir hyggja, að lögunum muni verða lengra lífs auðið, ef breytingarnar næðu fram að ganga. En ástæða þeirra meðhaldsmanna, sem enga breytingu vilja, hlýtur að vera sú, að þeir telji lögin fullgóð eins og þau eru, ef þeim væri framfylgt.

Mótstöðumönnunum hefir hætt við að halda því fram, að við, fylgjendur málsins, ruglum saman leiðinni, sem farin er, og takmarkinu. Því hefir verið haldið fram, að við höfum gert lögin að takmarkinu, en auðvitað eru þau að eins leiðin, sem fara skal. En þó að svo sje, getur hitt þó til sanns vegar færst, að þau verði um leið sjálf takmark.

Takmarkið, sem stefnt er að með því að smíða skip, er, að það verði sjófært og hæft til þess, sem á að nota það til. En fyrir smiðinn verður skipið takmark, að gera það sem best úr garði. Líkt er ástatt hjer. Takmarkið, sem lagasmiðin stefnir að, er það að útrýma áfengisbölinu, en þá verður það um leið takmark fyrir þá, sem að lögunum vinna, að gera þau sem best úr garði, til að ná þessum tilgangi.

En þar sem lög þessi eru frumsmíði, þá er ekki að furða, þótt brestir sjeu á, sem laga þarf. Kröfur um það hafa borist víðs vegar að, og þess vegna er frv. þetta fram komið.

Málið hefir fengið allrækilega meðferð í háttv. Nd. Var fyrst borið fram frv. um að breyta lögunum, en það frv. náði ekki fram að ganga. Varð niðurstaðan sú að steypa saman lögunum sjálfum og breytingunum.

Það á ekki við nú að fara út í einstök atriði. Að eins vil jeg benda á, að aðalbreytingarnar, frá því sem verið hefir, eru þær að hækka sektir nokkuð og auka eftirlitið. Geri jeg ráð fyrir, að háttv. þingdm. hafi kynt sjer breytingarnar, því að þær eru allar prentaðar með breyttu letri í frv.

Með breytingum þessum er skemra

farið en gert var í upphaflega frv., og munu andstæðingarnir því sætta sig betur við þetta frv. Vera má, að meðhaldsmönnum þyki fullskamt farið, en þetta er þó spor í áttina.

Það kjósa víst allir, sem frv. eru hlyntir, að það fái að ganga fram óbreytt, og vegna þess, að tími er naumur, vildi jeg leggja til, að það verði látið ganga fram nefndarlaust.

Eins og hæstv. forseti tók fram ætti málið að fara til allsherjarnefndar, ef því væri vísað til nefndar, en við, sem í henni sitjum, höfum skilið hver annan svo, að við munum ekki geta fylgst að um frv. þetta.

Annar meðnefndarmaður minn hefir gefið samþykki sitt til þess, að það gangi fram nefndarlaust, og legg jeg því til, að svo verði.

Þá vil jeg benda á, að í 14. gr. frv. er prentvilla, sem haldist hefir gegnum allar prentanir þess. Þar stendur orðið »aflað«, í staðinn fyrir ætlað. Vona jeg, að þetta verði athugað og lagfært sem prentvilla.

Halldór Steinsson: Jeg hefi gert það að till. minni, að máli þessu verði vísað til allsherjarnefndar. Jeg sje enga ástæðu til að falla frá þeirri till., þar sem þetta er yfirgripsmikið mál og mikilsvert, en mörg smámál hafa ekki fengið að ganga fram nefndarlaust.

Magnús Torfason: Meiri hluti allsherjarnefndar hefir þegar haft þetta mál með höndum og athugað það þegar frá byrjun. (**H. St.:** Hvar er nál.?) Við sáum enga ástæðu til þess að koma fram með neitt sjerstakt prentað nál., en látum að eins nægja að leggja það til, að málið nái fram að ganga og frv. verði samþ., enda háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) skýrt afstöðu okkar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Till. um að vísa frv. til nefndar feld með 9 : 4 atkv.

Á 55. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 814).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 7 : 4 atkv.

2.—23. gr. samþ. með 8 : 3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 : 3 atkv.

Á 56. fundi í Ed., fimtudaginn 13. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 814).

Ofskamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 : 3 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 935).

51 Tunga í Skutilsfirði.

Á 2: fundi í Ed., miðvikudaginn 4. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sölu á 7 hndr. að fornu mati í kirkjujörðinni Tungu, ásamt skógaritaki (A. 23).

Á 4. fundi í Ed., föstudaginn 6. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Torfason): Frv. þetta er flutt samkv. beiðni bæjarstjórnarinnar á Ísafirði og áskorun þingmálafundar. Ástæðurnar fyrir frv. eru teknar fram í greinargerð þeirri, er því fylgir, og þykir mjer ekki þörf á að ræða það frekara við þessa umr. Vildi einungis óska þess, að frv. mætti ganga til 2. umr. og að því verði vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv., og til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1604) með 12 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 81).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Nefndin var fyrst í vafa um, hvort rjett væri að selja jörðina. Þá kom atriði til athugunar, og það var þetta, hvort ætti að ganga fram hjá ábúanda jarðarinnar og hlutaðeigandi sveitarfjelagi, sem hvorttveggja hefir lagalegan rjett til kaupanna. En þegar þess var svo gætt, að í skjölum frá sýslunefnd sást, að þáverandi ábúandi hafði sótt um kaupin, en ekki fengið, af því að sýslunefndin áleit jörðina svo hentuga til kaups fyrir Ísafjarðarkaupstað, sakir nálægðar, þá fjell nefndin frá þessu atriði. Og nefndin var því sammála að ráða deildinni til að samþykkja frv. að þessu leyti.

Annar liður málsins var verð jarðarinnar. Vegna þess, að jörðin gefur ekki meira af sjer en sem samsvarar 2000 kr. höfuðstól í mesta lagi, þá virtist nefndinni 4000 kr. sæmilegt boð. En vitanlega gæti átt sjer stað, að vafi ljeki á, að verð jarðarinnar sje eigi nógu hátt, en nefndina brast kunnugleika til þess að rökstyðja, að verðið ætti að vera hærra. Og hún tæki því með þökkum, ef aðrir þingmenn gætu frætt hana um þetta atriði.

Vjer lögðum eindregið til, að skógurinn verði seldur. Presturinn, sem hafði hann, hafði aldrei neinar tekjur af skóginum, og því áleit nefndin, að hann væri betur kominn í höndum kaupstaðarins, sem mundi hlúa að honum og ef til vildi gera hann að skemtistað.

Niðurstaðan verður því sú, að nefndin rjeð hinni hv. deild til að samþykkja frv. óbreytt, að fyrirsögninni fráskilinni, sem nefndin óskaði að yrði þannig: »Frumvarp til laga um sölu á kirkjueigninni, 7 hndr. að fornu mati, úr Tungu í Skutilsfirði, ásamt skógaritaki þar.« Nefndinni þótti þessi fyrirsögn samsvara betur efni og innihaldi frv., þótti hin fyrirsögnin vera heldur stór í samanburði við innihaldið.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 81. (ný fyrirsögn) samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., föstudaginn 20. júlí, var frv. tekið til 3. umr., með fyrirsögninni

Frumvarp til laga um sölu á kirkju-

eigninni, 7 hndr. að fornu mati, úr Tungu í Skutilsfirði, ásamt skógaritaki þar (A. 111).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv., og afgr. til Nd.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 21. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um sölu á kirkjueigninni, 7 hndr. að fornu mati, úr Tungu í Skutilsfirði, ásamt skógaritaki þar,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 131).

Á 18. fundi í Nd., fimtudaginn 26. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg býst við, að þessu máli verði vísað til 2. umr., og leyfi mjer því að leggja til, að það verði látið ganga til fjárhagsnefndar.

Forseti: Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli háttv. deildar á, að málið hefir verið til meðferðar í landbúnaðarnefnd í Ed.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer sýnist þetta vera hreint fjárspursmál, en legg þó enga áherslu á, að það fari til fjárhagsnefndar, ef hæstv. forseta finst hitt rjettara.

Forseti: Jeg skal fúslega játa, að mál þetta á eftir eðli sínu fremur heima í fjárhagsnefnd. En hins vegar er svo ákveðið í 16. gr. þingskapanna, að hverju máli skuli vísa til sömu fastanefndar í báðum deildum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e.hlj., og til fjárhagsnefndar (sjá A, bls. 1608) með 19:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. M., M. P., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þór. J.

nei: B. St., J. B., M. G., Þorl. J., Þorst. J., Ó. B.

Á 28. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 131, n. 304).

Frsm. (Hákon Kristófersson): Jeg hefi ekki annað að segja en það, sem stendur í nefndarálitinu. Nefndin var á einu máli um það, að leggja með sölunni. Það mætti segja, að verðið ætti ef til vill að vera hærra, en nefndin hefir litið svo á, að þar sem þessi eign færist frá einni opinberri eign til annarar, þá sje það að eins aukaatriði, hvort verðið er ákveðið einu eða tveimur hundruðum meira eða minna; því leggur hún til, að frv. nái fram að ganga óbreytt.

Matthías Ólafsson: Mjer þykir leitt, að nál. um þetta mál skuli ekki vera lengra nje greinilegra. Jeg vildi, að nefndin hefði gert grein fyrir, hvers vegna hún teldi nauðsynlegt að selja landssjóðseign, því að það ætti að vera reglan, að landssjóðseignir væru ekki seldar nema nauðsyn bæri til. Þetta nál. gerir enga grein fyrir því, enda er það ekki nema 3 línur á lengd.

Jeg þekki vel til þarna fyrir vestan, því að jeg hefi verið þar kunnugur frá því að jeg var drengur, og jeg veit,

hvers virði þessi jörð er og getur orðið. Það nær engri átt að selja fyrir einar 600 kr. hndr. í jörð, sem liggur 4 km. frá Ísafirði, fast við akbrautina niður í kaupstaðinn. Hvort sem þetta verður ákveðið hjer í deildinni eða ekki, þá greiði jeg því aldrei atkvæði mitt.

Frsm. (Hákon Kristófersson): Það er alveg rjett hjá háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó), að nál. er stutt. Jeg skal játa, að mig brast kunnugleika til að geta samið langt nál. Nefndin bygði álit sitt á þeim skjölum, sem liggja hjer frammi á lestrarsalnum, og allítarlegu nál. frá háttv. Ed., sem samið var af persónulega mjög kunnugum manni. Jeg verð því að líta svo á, að ítarlegri greinargerð hefði verið alveg óþörf.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, að verðið væri oflágt; jeg hefi engu slegið föstu um það, en hins vegar verð jeg að líta svo á, að úr því að jörðin er seld Ísafjarðarkaupstað, horfir málið öðruvísi við en ef selt væri einstökum mönnum. Það verður að gæta þess, að þótt ef til vill megi segja, að verðið sje lágt, þá er það þó ekki lægra en venjulegt er um hlunnindalausa jörð; miklu fremur töluvert hærra en venja er til. Jeg get því ekki viðurkent, að niðurstaða nefndarinnar sje rjettmæt. Sjerstaklega gátum vjer ekki búist við því, að nokkuð væri sölunni til fyrirstöðu, þar sem meðal þeirra skjala, sem fyrir lágu, var eitt frá nákunnugum manni hjer í háttv. Ed., og þar var þess ekki getið, að nokkuð væri sölunni til fyrirstöðu. Jeg verð að álíta, að tæplega sje rjett að neita um söluna, einkum af því að líklegt er, að betur verði að jörðinni hlynt, eftir að hún er orðin eign Ísafjarðarkaupstaðar. Sjerstaklega á jeg þar við, að betur muni verða hlynt að skóginum þegar hann er orðinn bæjarins eign, því að nú mun nokkur misbrestur á því, að einstakir menn hlynni að skóglendum sínum.

Magnús Guðmundsson: Það var leitt, að nefndin vissi ekki, að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) var svona kunnugur þarna fyrir vestan, því að auðvitað hefði hún þá leitað upplýsinga hjá honum. En nefndin leitaði upplýsinga hjá öðrum nákunnugum manni, og hann hafði ekkert að athuga við söluna. Kaupstaðurinn á nú land að þessari jörð, sem nú er nýlega bygð ungum manni til lífstíðar, og verður ábúðinni vitanlega ekki riftað, og er þetta stór ókostur fyrir kaupanda. Það hefir hingað til verið venja að selja kaupstöðum og þorpum landssjóðsjarðirnar í nágrenni við þau með sanngjörnum skilmálum. Því að það getur oft verið þeim lífsskilyrði að fá þær keyptar. Ekki síst á þetta við um Ísafjörð, því að hann mun ekki eiga nema mjög lítið land þar í grend, sem auðið er að rækta, en nauðsynlegt að hafa slíkt land, til þess að kaupstaðurinn geti aflað sjer mjólkur. Þetta voru ástæður nefndarinnar til að mæla með sölunni, og vona jeg, að deildin sjái, að salan er sanngjörn.

Einar Arnórsson: Mig langaði til að bera fram eina fyrirspurn. Jeg er, eins og fleiri, lítt kunnugur þarna vestra, og þótt skjöl liggi frammi á lestrarsal, þá hafa menn ekki tíma til að kynna sjer þau öll.

Mín fyrirspurn er þá þessi: Hver á þetta skógarítak, sem nefnt er í frv.? Hvar liggur það? Um þetta þætti mjer vænt um að fá upplýsingar.

Frsm. (Hákon Kristófersson): Jeg verð að vísa til skjala þeirra, sem liggja frammi, snertandi söluna. Eins og jeg hefi þegar tekið fram brestur mig allan kunnugleika á jörð þessari.

Um ítak það, sem hjer er um að ræða, er það að segja, að það er talið eign kirkju þar fyrir vestan, er jeg í svip man ekki hvað heitir, en um það má sjá í skjölum þeim, er jeg hefi áður bent á, sem og nefndaráliti því, er kom fram í háttv. Ed. Ítak þetta var metið á 200 kr.

Einar Arnórsson: Jeg verð nú að segja það, að jeg er lítið fróðari. Veit það eitt, að landið er eign einhverrar kirkju. En fyrst að nú svo er, að jörðinni heyrir ekki til þetta ítak, þá skilst mjer sem rjettast væri að draga það frá kaupverði hennar, því að það er þá mínus en ekki plús við verðmæti hennar.

Benedikt Sveinsson: Viðvíkjandi ítakinu er það að segja, að það er eign Eyrarkirkju í Skutilsfirði, er skógarblettur, um 20 dagslátur að stærð. Þar af eru 10 dagsláttur þegar leigðar kvenfjelaginu Ósk á Ísafirði, sem hefir látið girða skóginn, og ætlar það ekki að beita þar geitfje sínu, heldur hafa skóglendið fyrir skemtistað.

Það er annars nokkuð skrítið að amast við sölunni á þessari jörð, því að það er alkunna, að kaupstaðurinn í Skutilsfirði er illa staddur með landrými, en öðrum kaupstöðum og kauptúnum hafa verið seldar nærliggjandi jarðir. T. d. hefir Akureyri fengið Kjarna, og mun sú jörð nú vera betur notuð en áður og koma að meira gagni heldur en ef hún hefði verið leigð einhverjum kotbónda. Sömuleiðis fjekk þorpið Húsavík jörðina Húsavík keypta, og svo mætti lengi halda áfram að telja. Jeg get til dæmis mint á það, að Reykjavík hefir nú fengið keyptar flestar jarðir hjer í nágrenninu. Að öllu athuguðu skil jeg ekkert í þessari meinsemi hjá háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.).

Matthías Ólafsson: Jeg skal strax svara háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.). Hann hefir enga ástæðu til að bregða mjer um neina hlutdrægni í þessu máli. Hann veit það vel, að jeg er á móti allri þjóðjarðasölu, en sjerstaklega er jeg á móti því að selja nú Ísafirði þessa eign, af því að jeg veit, að hann hefir ekkert með hana að gera. Hann á nóg land fyrir. Jeg veit það, að Ísafjörður er í því falli miklu betur settur en t. d. Reykjavík, að tiltölu við mannfjölda. Jeg sje ekki, að kaupstaðurinn hafi nokkuð að gera með jörð, sem liggur 6 km. í burtu.

Björn Stefánsson: Það er nú upplýst, að þetta skógarítak, sem um er að ræða, er um 20 dagsláttur að stærð, er virt á 200 kr. og kvenfjelagið Ósk á Ísafirði hefir leigt helming þeirrar spildu og látið girða það. Nú vildi jeg slá því fram, hvort ekki sýndist tiltækilegt að gefa kvenfjelaginu þetta land. Mjer fyndist það verðug viðurkenning á framtakssemi þess og dugnaði, og ekki nema um 100 kr. að ræða, þótt þörf þætti að lækka söluverð jarðarinnar fyrir það, að þetta er undan dregið. Því mun verða borið við, að fjelagið hafi ekki beðið um þetta, en þar til er því að svara, að jeg býst alls ekki við, að það sjeu altaf þeir allra verðugustu í landinu, sem bera sig eftir viðurkenningu hjá þinginu, og að stundum sjeu verðlaun veitt þeim, sem lítið hafa til þeirra unnið. Þess vegna finst mjer vel við eiga, að Alþingi veitti einu sinni slík verðlaun ótilkvatt, þar sem það kemur auga á verðleikann og þar sem

tækifærið kemur svona sjálfkrafa, eins og hjer á sjer stað.

Þetta vildi jeg biðja nefndina að athuga til næstu umræðu.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 13:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:2 atkv.

Á 31. fundi í Nd., laugardaginn 11. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 131).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 428).

---

52. Eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar.

Á 2. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 49., 10. nóv. 1913, um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju (A. 25).

Á 4. fundi í Ed., föstudaginn 6. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Torfason): Þetta litla frv. er hjer borið fram samkvæmt beiðni bæjarstjórnar Ísafjarðar, og er gerð grein fyrir því í greinargerð þeirri, er því fylgir.

Jeg óska, að frv. fái að ganga til 2. umr. og verði, að þessari umr. lokinni, vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1607) með 8 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., föstudaginn 20. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 95).

Frsm. (Magnús Torfason): Jeg þarf ekki að taka annað fram, í viðbót við það, sem áður hefir verið sagt um þetta mál, en að nú er verið að mæla upp og gera áætlanir um hafnarbætur á Pollinum, og er svo til ætlast, að 1. gr. í lögunum frá 1913 nái einnig til þeirra umbóta.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að óska þess, að háttv. deild láti málið ganga til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 95, 1. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 95, 2. — — 11 — —
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 135).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 18. fundi í Nd., fimtudaginn 26. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 49, 10. nóv. 1913, um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðar á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 165).

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Þorleifur Jónsson: Jeg sting upp á, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar, að þessari umræðu lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 165, n. 386).

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg læt mjer nægja að vísa til nál. á þgskj. 386. Jeg vil að eins geta þess, að allsherjarnefnd hefir athugað frv., og hún var á einu máli um, að ekki ætti að amast við því, að það næði fram að ganga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2. gr. — —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 165).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 481).

---

53. Verslunarlóð Ísafjarðar.

Á 2. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stækkun verslunarlóðar Ísafjarðar (A. 26).

Á 4. fundi í Ed., föstudaginn 6. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Torfason): Eins og tekið er fram í greinargerð þeirri, er fylgir frv., er hjer að ræða um hluta úr jörðinni Seljalandi, er liggur innan Eyrarhrepps. Jörð þessi var keypt handa Ísafirði fyrir fullum 20 árum; þáverandi bæjarfógeti á Ísafirði, háttv. 1. landsk. þm. (H. H.), var svo framsýnn að kaupa hana handa bænum, þótt dýr þætti þá. Nú er svo komið, að hún hefir verið tekin til atvinnurekstrar, og er bænum ómissandi, að hún verði löggilt sem verlunarlóð.

Að öðru leyti vísa jeg til greinargerðar þeirrar, er fylgir frv., en vænti þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og síðað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj.

atkv., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1607) með 13 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 26, n. 70).

Frsm. (Magnús Torfason): Jeg hefi ekkert sjerstakt að taka fram í þessu máli, sem jeg gerði ekki grein fyrir við fyrstu greinargerð þess.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., föstudaginn 20. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 26).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 21. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um stækkun verslunarlóðar Ísafjarðar,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 133).
Á 18. fundi í Nd., fimtudaginn 26. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Mál þetta var í allsherjarnefnd í háttv. Ed., og væri rjett, að það færi í samskonar nefnd í þessari háttv. deild. Geri jeg það hjermeð að till. minni,

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 25. fundi í Nd., laugardaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 133, n. 235).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Máli þessu var vísað til allsherjarnefndar, og hún leggur til, að það verði samþykt óbreytt, eins og það hefir gengið í gegnum háttv. Ed. Síðan síldarútvegur byrjaði á Ísafirði hefir lóð sú, er hjer um ræðir, verið notuð til atvinnurekstrar. Það er því skiljanlega mikilsvert fyrir þá, sem hlut eiga að máli, að fá hana löggilta sem verslunarlóð.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 27. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 133).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 344).

---

54. Bæjarstjórn Ísafjarðar.

Á 3. fundi í Ed, fimtudaginn 5. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bæjarstjórn Ísafjarðar (A. 27).

Á 5. fundi í Ed., laugardaginn 7. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Torfason): Þetta frv. er hingað komið samkvæmt tillögu bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar og stendur í sambandi við annað mál, er tekið var til umræðu hjer í gær, og var því vísað til allsherjarnefndar.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um málið að sinni, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og síðan til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1607) með 11 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., föstudaginn 3. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, n. 238).

Forseti tók málið af dagskrá, með því að frsm. (M. T.) var ekki á fundi.

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 4. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. (Magnús Torfason): Eftir að nefndin fjekk mál þetta til meðferðar hafa, eins og hv. þingdm. er kunnugt, þau tíðindi gerst, að frv., sem mál þetta stóð í nokkru sambandi við, er sofnað sælum svefni. Sakir þessa hefir orðið að breyta frv. að nokkru; er það sjerstaklega 1. gr., þar sem talað er um það, yfir hvert svæði umdæmi bæjarins nái. Auk þess hefir orðið að breyta tölu bæjarfulltrúa og niðurjöfnunarnefndarmanna og ákvæðum um kosning nefndarinnar.

Þá hefir nefndin lagt til, að 14. gr. frv. verði breytt eins og er í frv. um breyting á bæjarstjórnarlögum Akureyrarkaupstaðar; gerður sá munur frá upphaflega frv., að formaður skólanefndar hafi að eins umræðu- og tillögurjett á fundum bæjarstjórnar, en ekki atkvæðisrjett. Þetta er nefndinni að vísu ekkert kappsmál, en getur hins vegar vel fallist á, að rjettara sje að hafa það eins í báðum kaupstöðunum.

Í 19. gr. frv. er komist svo að orði: Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum nær til þeirra, er lög segja fyrir um. Hjer er vitanlega átt við sveitarstjórnarlög, á hvaða tíma sem er.

Nefndin álítur, að þau lagaákvæði eigi að vera landslög, og rjettara sje að gera breytingar á slíkum ákvæðum í landslögum heldur en í sjerstökum lögum. En með því að þetta hefir ekki verið regla, hefir það orðið til þess, að kaupstaðir hafa ekki fylgst með lögunum í þessu efni, og komið fyrir, að þeir þess vegna hafa orðið af talsverðum fúlgum.

Aðrar breytingar eru ekki annað en orðabreytingar, sem jeg vona að háttv. deild, eins og nefndin, álíti að sjeu til bóta.

Jeg skal svo láta þá ósk mína í ljós, að frv. verði látið ganga áfram til 3. umr.

Magnús Kristjánsson: Jeg vildi að eins leyfa mjer að leggja þá fyrirspurn fyrir háttv. frsm. (M. T.), hvort það sje rjett, sem stendur í brtt. nefndarinnar, að orðin »árið 1918— eftir 2 ár« falli burt úr 6. gr. frv. (**M. T.**: Jú, það er rjett). Ef svo er, finst mjer sambandið milli fyrri hluta greinarinnar og niðurlagsins nokkuð laust. Jeg

vil leyfa mjer að beina því til háttv. nefndar, hvort hún vilji ekki athuga þetta áður en gengið verður til atkvgr.

Frsm. (Magnús Torfason): Jeg vil að eins benda á það, út af athugasemd háttv. þm. Ak. (M. K.), að, eins og nú er ástatt á Ísafirði, fer annar þriðjungur bæjarstjórnarinnar frá 31. des. 1917. Þess vegna kemur ekki til hlutkestis, og þarf ekki annað ákvæði en að bæjarfulltrúar skuli kosnir til 3 ára. Ákvæðið um hlutkesti má því falla burt.

Magnús Kristjánsson: Það er lítil ástæða fyrir mig að leggja orð í mál þetta. En jeg verð að halda fast við það, að jafnvel þótt ekki sje hjer um beina hugsunarvillu að ræða, þá er greinin óljóst orðuð og þarf leiðrjettingar við. Jeg vænti þess því, að háttv. nefnd, við nánari athugun, komist að raun um, að athugasemd mín er á rökum bygð. Ef brtt. nefndarinnar yrði samþykt, mundi greinin hljóða svo:

»Bæjarfulltrúar skulu kosnir til 3 ára, þriðjungur árlega. — Fari fulltrúi af öðrum ástæðum frá á kjörtímabilinu, skal þegar kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því«.

Jeg get ekki sjeð annað en að hjer vanti alt samhengi, og tel jeg því heppilegra, að þetta yrði athugað nánara.

Framsm. (Magnús Torfason): Nefndin hefir sjálfsagt ekkert á móti því að taka þetta til nánari athugunar fyrir 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 238, 1. samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2. og 3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 238, 2. samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

— 238, 3. samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
7.—13. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

— 238, 4. samþ. með 14 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

— 238, 5. a. og b. samþ. með 13 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

— 238, 6. samþ. með 14 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

— 238, 7. a.—c. samþ. með 14 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

— 238, 8. samþ. með 14 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
22.—26. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

— 238, 9. samþ. með 14 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

— 238, 10. samþ. með 14 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
29. og 30. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

— 238, 11. samþ. með 14 shlj. atkv.
31. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
32. gr. — — 14 — —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., mánudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 308, 309).

Framsm. (Magnús Torfason): Jeg hefi ekki neinu sjerstöku við að bæta það, sem sagt var við fyrri umr. málsins, nema því, að samkvæmt bendingu, sem gefin var við 2. umr., þá hefir nefndin komið með brtt. við 6. gr. frv. Vona jeg, að háttv. deild sje sammála um það, að brtt. þessi sje til bóta.

Óska jeg svo, að frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.
Brtt. 309. samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um bæjarstjórn Ísafjarðar,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 324).

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg leyfi mjer að vekja athygli á því, að mál þetta var falið allsherjarnefnd í háttv. Ed., og mundi því hlýða, að það færi til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 50. fundi í Nd., mánudaginn 3. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 324, n. 725).

Frsm. (Einar Arnórsson): Frv. þetta er komið frá háttv. Ed. og er endurskoðun á gildandi löggjöf um þetta efni. Nokkrar viðbætur eru gerðar við þau lög, sem nú gilda, t. d. það, að bæjarbúum skuli heimilað að kjósa sjer bæjarstjóra, sem fari með bæjarmálefni kaupstaðarins. Flestar breytingarnar helgast af þessu. Viðvíkjandi útsvarsskyldunni vildi nefndin setja glögg ákvæði, á sama hátt og er í frv. til bæjarstjórnarlaga fyrir Akureyri. Svo er eitt atriði enn, sem nefndinni þótti ástæða til að breyta. Í 2. málsgrein 20. gr. er svo ákveðið, að bæjarstjórn megi ákveða að leggja útsvar á aðkomumenn, ef henni þykir þess þurfa. Hjer er engin ákveðin útsvarsskylda. Nefndinni varð það ljóst, að af því gæti orsakast handahóf og rangindi. Hún leggur því til, að þessu verði breytt og fylgt ákveðinni reglu um útsvarsskyldu utanbæjarmanna. Nefndin leggur svo til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem hún hefir á því gert.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með öllum gr. atkv.
2. — — — — — —
Brtt. 725, 1. samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
4.—6. gr. samþ. í e. hlj.
— 725, 2. samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj
8. gr. samþ. í e. hlj.
— 725, 3. samþ. án atkvgr.

9. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
10.—12. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 725, 4. samþ. án atkvgr.
13. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
14.—18. gr. samþ. í e. hlj.
— 725, 5.—6. samþ. án atkvgr.
19. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
— 725, 7. samþ. án atkvgr.
— 725, 8. samþ. í e. hlj.
20. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
— 725, 9. (ný 21. gr.) samþ. í e. hlj.
21. og 22. gr. (verða 22. og 23. gr.) samþ. í e. hlj.
— 725, 10. samþ. án atkvgr.
23. gr., svo breytt (verður 24. gr.), samþ. í e. hlj.
24.—27. gr. (verða 25.—28. gr.) samþ. í e. hlj.
— 725, 11. samþ. án atkvgr.
28. gr., svo breytt (verður 29. gr.) samþ. í e. hlj.
29.—32. gr. (verða 30.—33. gr.) samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 53. fundi í Nd., fimtudaginn 6. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 782).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og endursent Ed.

Á 50. fundi í Ed., föstudaginn 7. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um bæjarstjórn Ísafjarðar,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 823).

Á 52. fundi í Ed., mánudaginn 10. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 823, 858).

Frsmsm. (Magnús Torfason): Þessu frv. hefir verið breytt í háttv. Nd. Flestar breytingarnar stafa af því, að háttv. Nd. kunni betur við, að sumar greinar væru eins orðaðar og í lögunum um bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar. Að eins eina efnisbreytingu hefir háttv. Nd. gert á frv. Í 20. gr. frv. var svo mælt fyrir, að bæjarstjórn mætti ekkert bæjargjald hækka eða lækka um minna en 10 %. Háttv. Nd. þótti þetta nokkuð hart aðgöngu, þar sem um þúsundir króna gæti verið að ræða, og hefir þess vegna felt þessa málsgrein niður. Hefir nefndin eftir atvikum getað fallist á þessa brtt.

Enn fremur hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt. á þgskj. 858, við 32. gr. frv., að á eftir orðunum »lög nr. 26, 16. nóv. 1907« komi: að því er byggingarmálefni snertir. Stafar þessi breyting af því, að frv., eins og það var samþ. hjer í þessari háttv. deild, var miðað við, að frv. til hafnarlaga, er samþ. var með öllum 14 atkv. hjer í deildinni, næði að verða að lögum. En nú hefir háttv. Nd. ráðið því frv. bana. Er því breyting þessi nauðsynleg, þar sem lög nr. 26, 16. nóv. 1907, eru afnumin í frv., með það fyrir augum, að sjerstök ný hafnarlög yrðu sett.

ATKVGR.

Brtt. 858. samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 56. fundi í Nd., mánudaginn 10. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um bæjarstjórn Ísafjarðar,
eins og það var samþykt við eina umr. í Ed. (A. 872).

Á 58. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. sept., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Einar Arnórsson): Frv. þetta hefir við eina umr. í Ed. tekið einni breytingu, sem stafar af því, að felt var hjer í deildinni um daginn frv. til hafnarlaga fyrir Ísafjörð; ein grein þessa frv., sem nú liggur hjer fyrir, var bygð á tilveru hafnarlagafrv. Þessi breyting er því sjálfsögð og væntanlega enginn á móti henni. Legg jeg því til, frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 907).

55. Fasteignamat.

Á 5. fundi í Ed., laugardaginn 7. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fasteignamat, nr. 22, 3. nóv. 1915 (A. 39).

Á 6. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.), sem er flm. þessa máls, getur ekki komið á fund í dag; þurfti að vera við jarðarför.

Hann hefir beðið mig, fyrir sína hönd, að óska þess, að mál þetta fái að ganga til 2. umr., svo að hann geti gert grein fyrir því, og háttv. deild geti þá sett málið í nefnd eða gert annað við það, eftir því er háttv. þm. líst.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., föstudaginn 13. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 39).

Flm. (Guðjón Guðlaugsson): Það þykir ef til vill athugavert við frv. þetta, að lögin, sem það fer fram á að breytt verði, eru svo ung. Það er að vísu engin nýlunda, en altaf þykir þó leitt að breyta lögum, sem varla eru komin í framkvæmd.

Þetta frv. er, að vissu leyti, uppvakningur frá aukaþinginu síðastliðinn vetur. Var þá lagt fyrir Nd. líkt frv., en það kom ekki fyrir Ed. fyr en annríki var þar mest, svo að halda varð 3 umr. um sama mál, ekki að eins á einum degi, heldur jafnvel á einu kvöldi.

Var þá tilraun gerð til að drepa frv., eða öllu heldur til að svæfa það, með rökstuddri dagskrá, sem ekki gekk þó fram. Var frv. síðan óafgreitt frá þinginu.

Frv. það, sem nú er til umr., er að vísu í nokkuð annari mynd, en þó skylt að mörgu leyti.

Breytingar þær, sem farið er fram á í 1. gr. frv., eiga við 9. gr. fasteignamatslaganna. Þar er sagt, að til ábúðarskatts skuli hverjar 150 kr. í matsverði jarða taldar eitt hundrað á landsvísu, en slept skuli til ábúðarskatts því, sem verð húsa kann að fara fram úr helmingi af matsverði jarðar, að undanskildu verði húsanna og þeirra mannvirkja og umbóta, sem gerð hafa verið á jörðinni á síðustu 10 árum.

Frv. í vetur, sem vantaði ekki nema

herslumuninn til að samþ. yrði, fór í þá átt að skýra grein þessa, sem að mörgu leyti þykir óljós, og sömuleiðis var það einn liður þess að skilja undan skatti hús þau, er á jörðu standa og eru eign annars en jarðeigenda.

En aðalefni frv. nú er það, að þegar til skattgreiðslu kemur, þá hvíli lægra gjald á hverjum 100 kr. í matsverði húsa heldur en á hverjum 100 kr. í matsverði jarða, eða með öðrum orðum, að ábúðarskattur af húseignum sje lægri en af jarðeignum.

Grein fyrir þessu er gerð í athugasemdum þeim, er frv. fylgja; vil jeg þó leyfa mjer að fara um það nokkrum orðum.

Það er öllum ljóst, að hús hjer á landi eru meiri eða minni eyðileggingu undirorpin, og þótt þau teljist sæmileg í ár, geta þau verið orðin hrörleg næsta ár. Sömuleiðis getur svo verið, að hús, sem nú eru að því komin að hrynja, verði bætt og bygð upp eftir skamma tíð. Í þeim sökum getur maður því ekki talað um nema stundarástand.

Það getur því ekki talist rjettlátt, að greiða skuli jafnháan skatt af hverjum 100 eða 1000 kr. í matsverði húsa og jarða.

Jarðir geta staðið til bóta og hækkað í verði að kostnaðarlausu, t. d. ef einhver nýr atvinnuvegur vekst upp eða óvænt hlunnindi, t. d. námur eða síldveiði, og fleira mætti til nefna. Og slíkt getur orðið án alls tilkostnaðar.

En hús geta aftur á móti engum umbótum tekið án stórkostnaðar, og óneitanlega mundi það draga úr framkvæmdum manna í húsabyggingum, ef þeir ættu von á þeirri hegningu fyrir framfarirnar, að lagður yrði eins þungur skattur á húsin og jarðirnar.

Þetta eitt virðist mjer næg ástæða til þess, að frv. þetta verði athugað og því ekki stungið undir stól, og vona jeg, að háttv. þm. komist við nánari athugun að sömu niðurstöðu. Jeg var hjer ekki viðstaddur við 1. umr., en ekki hefi jeg neitt út á það að setja, þótt frv. væri þá vísað til 2. umr. nefndarlaust. Var það tilætlun mín, að það væri sett í nefnd að þessari umr. lokinni.

Sumir, sem jeg hefi talað við um frv. þetta, hafa viljað sleppa ákvæðinu um skattinn. Er það ef til vill rjett og ekki brýn þörf að nefna hann í lögunum. Það, sem mest er um vert, er það, að eignirnar sjeu rjettilega metnar, eftir varanlegu verðmæti þeirra.

En því er nú svo háttað, að þótt það heyri ekki beinlínis undir lög þau, er fara skal eftir við framkvæmd fasteignamatsins, af hvaða eignum greiða skuli skattinn, þá verður það þó nauðsynlegt fyrir matsmenn að vita það. Jeg get, sem matsmaður, talað af reynslu í þeim sökum.

Fasteignamatsnefnd sú, sem jeg var í, fór að nokkru leyti eftir frv. frá í vetur. Taldi hún víst, að það yrði gert að lögum. Þar er gert ráð fyrir, að hús leiguliða og aðrir kofar, er á jörðum kunna að standa, sjeu undanþegnir skatti, og tók nefndin tillit til þess.

En nú getur svo verið, að ábúandi sje eigandi að nokkrum hluta jarðarinnar. Svo var einmitt ástatt á jörð þeirri, sem jeg mat fyrst. Ábúandinn átti um 1/4 hluta jarðarinnar. Taldi hann upp hús þau, er jörðinni höfðu fylgt við síðustu úttekt, og voru þau harla lítils virði. Var það ein baðstofa, næstum gluggalaus og þiljulítil, og eitthvað af hálffölln um útihúsum. Var ekki hægt að meta það meir en um 200 kr. Aftur á móti voru hús þau, er hann átti sjálfur, í ágætu standi, bæði heyhlöður og fjárhús, mörg járni varin og járnþakin. Voru þau að sjálfsögðu mörgum sinnum meira

virði en jarðarhúsin. Samkvæmt 9. gr. fasteignamatslaganna slapp nú maður þessi skattlaus af húseignum sínum.

Á næsta bæ var þannig ástatt, að ábúandi átti jörðina alla, og varð því að telja fram öll hús sem jarðarhús, og samkvæmt 9. gr. laganna átti hann að greiða skatt af því af matsverði húsanna, sem ekki færi fram úr hálfu matsverði jarðarinnar.

Fyrri maðurinn er skoðaður sem leiguliði, þótt haun eigi nokkurn hluta jarðarinnar, og eftir því, sem mjer er kunnugt, átti hann von í að erfa síðar meira í henni; hann losnar við allan skatt af húseignum sínum. Síðari maðurinn verður aftur á móti að greiða skatt af öllum sínum húsum, sje matsverð þeirra ekki hærra en hálft matsverð jarðarinnar. Þetta fyrirkomulag, sem ákveðið er í lögunum, sýnist mjer því athugunarvert, og engin vanþörf á umbótum þeim, sem farið er fram á í síðustu málsgrein 1. gr. frv., nefnilega að leiguliði, sem á einhvern hluta jarðarinnar, greiði skatt af húsum sínum í sama hlutfalli og eign hans er í jörðinni.

Jeg álít því, að rjettast væri við matið að sundurliða fasteignir í þrent. Í 1. flokki yrðu jarðirnar sjálfar, í 2. flokki jarðarhús og í 3. flokki hús leiguliða.

Væri nú verð þessara flokka sundurgreint, mætti haga skattinum eftir því og láta þann leiguliða, sem einhvern hlut á í jörðinni, greiða skatt af húseign sinni í hlutfalli við það. Vona jeg, að hæstv. Ed. skilji þetta og fallist á það.

Þá er enn eitt atriði í 9. gr. laganna, sem jeg vildi leyfa mjer að minnast á. Það er ákvæðið um að undanskilja umbætur og mannvirki, sem gerð hafa verið á jörðinni í síðustu 10 árin.

Jeg sá mjer ekki fært að breyta ákvæði þessu, en hefði þó helst óskað, að það hefði aldrei verið til, því að það má heita ógerlegt að framfylga því.

Til þess að geta það þurfa matsmenn að hafa þekt jörðina og umgengni alla fyrir 10 árum, en þannig er ekki altaf til háttað.

Fasteignamatsnefnd sú, sem jeg var í, sá sjer ekki fært að framfylgja ákvæði þessu. Var það þó ekki af ókunnugleika einum. Samkvæmt reglugerð stjórnarráðsins fengum við skýrslur hjá hreppstjóra og formanni búnaðarfjelagsins um endurbætur þær, sem gerðar höfðu verið á síðustu 10 árum. Lögðum við endurbætur þessar í dagsverk og möttum dagsverkið á 2,50, og getur það naumast talist ofhátt, þegar þar í er innifalið fæði, kaup og alt saman. Fengum við það út, að einstöku jarðir urðu mjög lítils virði, og komust sumar niður í ekki neitt. Ein jörð (6 hndr. að stærð) var metin 1000 kr. virði, en samkvæmt skýrslum hreppstjóra og formanns búnaðarfjelagsins námu endurbætur á henni á síðustu 10 árum 14—1500 kr.

Maðurinn hefði því átt að fá 400—500 kr. að gjöf, til þess að taka við henni fyrir 10 árum.

Við sáum okkur því ekki fært að fara eftir ákvæði þessu, en tókum að eins tillit til endurbótanna, einkum þeirra nýjustu, og settum verð hinna upp gefnu endurbóta í dálk sjer, dagsverkið á kr. 2,50, meir til fróðleiks en til þess að draga þær upphæðir frá sannvirði jarðanna.

Þá er annað, sem athugavert er við ákvæði þetta. Matið stendur yfir á 3. ár. Matsmenn, sem byrjuðu að meta snemma á árinu 1916, undanskilja 10 ára endurbætur, en þegar endað er að meta, verða 12 ára umbætur undanskildar hjá þeim, sem byrjað var á. Bendir því alt til þess, að ákvæði þetta sje ómögulegt. Treysti jeg mjer þó ekki til að afnema það, einkum vegna

þess, að búast má við, að matsmenn líti misjafnt á. Getur verið, að sumir sleppi því, sem aðrir taka til greina, og undanskilji það, sem aðrir gera ekki.

Ef vel ætti að fara, hefði helst þurft að senda mann út um landið, til að stjórna í hverri sýslu og sjá um, að alt yrði rjett og nákvæmt, og sjerstaklega í fullu samræmi.

2. gr. frv. er um það, að kaupið verði hækkað úr 5 kr. upp í 7 kr. Það gekk í gegnum Nd. í vetur að hækka það úr 5 kr. upp í 6 kr. En að líkindum var það þessi eina króna, sem varð frv. hjer að fótakefli. Jeg man það, að einn háttv. þm., sem annars tók aldrei til máls, stóð þá upp og mótmælti kauphækkun þessari. Var það hv. þm. 2. Húnv. (G. Ó.).

Býst jeg því við, að þetta fái ekki góðar undirtektir. Annars er mjer það ekki neitt sjerstakt kappsmál.

Það getur vel verið, að einhverjum þyki þetta 7 kr. kaup ofhátt, en ef þeir vildu athuga daglaun þau, sem óbreyttir verkamenn fá hjer í Reykjavík — er það yfir 7 kr. á dag — þá sjá menn strax, að þetta kaup er ekki ofhátt, ekki hvað síst er þess er gætt, að í því er falinn ferðakostnaður.

Ferðakostnaðurinn var raunar ekki mikill hjá okkur Strandamönnum. Í matsnefndinni þar var sóknarpresturinn í þremur hreppum, sem var nákunnugur á hverjum bæ, og jeg, sem hafði verið búsettur í 3 af 4 hreppunum og var þar öllum nákunnugur. Jeg vonast, því til að fasteignamatsnefnd Strandasýslu verði langódýrust allra fasteignamatsnefnda landsins.

Jeg þurfti um daginn að fara frá Blönduósi norður á Akureyri, á fund, sem var haldinn þar. Jeg fór fyrsta áfangann sjóveg. Jeg fjekk 2 hesta til fararinnar; annar þeirra kostaði 4 kr. á dag, frá því að jeg fjekk hann og til þess að hann kom heim aftur, en hinn hesturinn kostaði 3 krónur á dag.

Hvernig líst nú háttv. þingm. á, ef fasteignamatsmennirnir þyrftu svo dýra fararskjóta, og auk þess yrðu þeir að kaupa fóður handa þeim á næturnar?

Jeg er hræddur um, að það sje ekki hægt að álíta þetta sanngjarnt kaup. Setjum svo, að fasteignamatsnefndarmaðurinn þyrfti að kaupa hest, er kostaði 4 kr. um daginn, og færi að ríða honum um sveitir landsins, til þess að meta aðaleignir þjóðarinnar, verk, sem er vandaverk, og mikið undir komið að sje vel af hendi leyst. Það væri þá svo, að hesturinn hefði 4 króna dagkaup, en maðurinn fengi 1 kr. fyrir að sitja á bykkjunni. Og ef gert væri ráð fyrir, að hann þyrfti 2 hesta, og þeir kostuðu hið sama og jeg varð að greiða núna í sumar, eins og jeg sagði áðan, eða 7 kr. á dag, þá fengju hestarnir alt landssjóðskaupið, en auk þess yrði hann sjálfur að greiða 1 kr. fyrir hverja dróg.

Það sjá allir, að svo má þetta ekki vera. Það er vandaverk, sem fasteignamatsnefndirnar eiga að inna af hendi, og það er alls ekki rjett, að þeir, sem að því vinna, sjeu ómagar við starfið, eða verra en það.

Satt er það, að hjer er um virðingarstarfa að ræða. Það er auðvitað heiðursstarfi, eins og annað, sem maður er kosinn til að gera. En þótt svo sje, þá finst mjer ekki rjett að gjalda svona háan metorðaskatt af honum.

Jeg hefi, að minsta kosti til bráðabirgða, sett í frv., að gjald þetta eigi og að ná til þeirra, er hafa *int* starfið af hendi, því að ef svo væri ekki, þá væri eins og það væru að eins verðlaun til þeirra, sem eru ekki enn farnir að inna

verkið af hendi, en hafa hins vegar með því tafið fyrir yfirmatsmönnunum. Og þótt þeir sjeu ekki búnir enn, þá er í rauninni ekkert um það að segja, því að eftir lögunum þurfa þeir ekki að hafa lokið verkinu fyr en í júlí 1918, svo að þeir geta látið sjer nægja að segja, að þeir skuli þá vera búnir með það. En að þeir beri betra kaup úr býtum fyrir drátt sinn sjá allir að ekki er rjett.

Þá hefi jeg sett í frv., að auk þess skuli borgað úr landssjóði fyrir sendiferðir, símagjöld og ritföng fyrir nefndina.

Síðan jeg bjó til frv. hefi jeg orðið þess var, að stjórnarráðið greiðir þessa reikninga, en þótt svo sje, þá tel jeg rjettara, að þetta sje í lögunum, því að mjer virðist svo, sem fasteignamatslögin heimili ekki þessa greiðslu. Þau segja raunar, að landssjóður greiði allan kostnað, og þar eru t. d. hinar sjálfsögðu og vönduðu bækur, sem stjórnarráðið hefir sent fasteignamatsnefndunum. Stjórnarráðið hefir enn fremur greitt húsaleigu fyrir stofur þær, er matsmennirnir hafa unnið í. Það tel jeg síður nauðsynlegt og alls ekki samkvæmt lögunum, jafnvel enn síður en símagjöld og sendiferðir, því að í lögunum er enginn kostnaður sjerstaklega nefndur, nema þessir 5 kr. fæðispeningar.

Þetta eru ástæðurnar til þess, að jeg ber fram frv. Jeg tel rjettara, að málið verði athugað í nefnd, og vil því leyfa mjer að stinga upp á, að því verði vísað til fjárveitinganefndar, að þessari umr. lokinni.

Eggert Pálsson: Jeg verð að segja það, að mjer finst það ekki nema eðlilegt, að svona frv., eða frv. í svipaða átt, kæmi fram nú á þessu þingi, því að það er mjög svipað frv. því, er borið var fram hjer á vetrarþinginu síðast, en vanst ekki tími til að ganga frá.

Ástæðan til þess, að frv. það var borið fram, var sú, að það þótti orka tvímælis, hvernig ætti að skilja 9. gr. fasteignamatslaganna. Jeg held, að það hafi verið sjerstaklega matsmenn Rangæinga, sem fóru fram á það, að greinin væri skýrð, á einhvern þann hátt, er þinginu þætti best við eiga. Frv. var samþ. í hv. Nd., en komst að eins hingað upp til deildarinnar, en náði ekki að verða útrætt. Með þetta fyrir augum finst mjer eðlilegt, að þetta frv. komi fram, og að 9. gr. laganna verði skýrð, svo vel sem unt er.

En eins og hv. flm. (G. G.) tók fram er þó talsverður munur á þessu frv. og því, sem lagt var fyrir þingið í vetur.

Aðallega er hjer um einn verulegan mun á frumvörpunum að ræða, en hann er sá, að hjer er gert ráð fyrir, að 300 kr. í húsavirðingu jafngildi 100 kr. í jarðavirðingu, þar sem ekki var gert ráð fyrir slíkum mismun í frv. því, er fyrir lá í vetur sem leið. Eftir þessu frv. þarf meira en áður í húsum til þess að komast á móts við jörð.

Jeg fyrir mitt leyti get vel gengið inn á þetta, og þykist skilja rökfærslu hv. flm. (G. G.) fyrir því. Það er vitanlega minni eign í húsum en í jörðum, því að jörðin gengur ekki eins af sjer eins og húsin hljóta að gera. Að sjálfsögðu geta komið fyrir náttúruáföll, er rýra jörðina í gildi, en annars gengur hún ekki svo mikið af sjer að jafnaði.

En þótt mjer finnist þessi tilraun hins háttv. flm. (G. G.), til að jafna mismun húsa og jarða, skiljanleg, þá virðist mjer, sem hann hafi ekki gengið nógu langt. Jeg hygg, að best mundi fara á í þessu efni, að öllum húsum væri slept í fasteignamatinu.

Frá mínu sjónarmiði er ekki nema

um tvær færar leiðir að ræða; önnur er sú, að sleppa algerlega húsunum í matinu, en hin er, að viss upphæð króna í húsavirðingu ætti að fylgja hverju jarðarhundraði; með því móti væri fengin föst regla. En, eins og gert er ráð fyrir þessu í frv. og eins og gert var ráð fyrir því í frv. í vetur og í sjálfum lögunum, verður þetta altaf meira eða minna grautarlegt og ósanngjarnt.

Þessu til skýringar skal jeg taka dæmi. Í síðustu málsgrein 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ef ábúandi jarðar er eigandi að nokkrum hluta ábýlis síns, en leiguliði á nokkurn, þá beri að telja það af húsum, sem hann á sjálfur, skattskyld í sama hlutfalli, sem eign hans er í jörðinni. Jeg skal nú reyna að sýna, að þetta ákvæði er ósanngjarnt. Hugsum oss, að maður búi á jörðu, sem er 40 hndr. að dýrleika. Frá fornu fari hafa jörðunni fylgt ýms jarðarhús, en þau eru orðin gömul og hálffallin og geta ekki talist nema 200 kr. virði. Helminginn af jörðunni eða 20 hndr. á ábúandinn, en hinn helminginn hefir hann tekið á leigu, og hefir hann bygt á jörðunni íbúðarhús, sem hann á og metið er á 3000 kr. Afleiðingin af þessu er sú, að hálfri jörðunni fylgja hús, sem eru virt á 100 krónur til mats, og hækkar því eftir frv. sá helmingur jarðarinnar í mati um $^1/_8$ úr hundraði, svo að þessi hálflenda verður skattskyld sem 20,33 hndr.

Íbúðarhús það, er ábúandinn hefir bygt, telst að hálfu sem jarðarhús, og helmingurinn af andvirði þess, eða 1500 kr., koma því til skatts, og ber að reikna þau sem 5 hndr.; þessi hálflenda verður því til skatts metin nær 5 hndr. dýrari en hin hálflendan, eða á 25 hndr. Það sjá allir, að í þessu er lítil eða engin sanngirni.

Mjer finst það vera galli á frv. því, er hjer liggur fyrir, að þess er alls ekki getið, hvaða greinar falli úr gildi í fasteignamatslögunum við það, enda mintist hv. flm. (G. G.) á þetta. Ef það er ekki beinlínis tekið fram, þá er jeg hræddur um, að það geti orðið skiftar skoðanir um, hvað í gildi sje. (**K. D.**: Það er vafalaust; þetta hlýtur að vera gleymska.) (**G. G.**: Jeg vildi láta það bíða nefndar.) Jeg held, að það sje nauðsynlegt að taka þetta skýrlega fram.

Jeg kannast fyllilega við það, að það er erfitt að meta sjerstaklega síðustu 10 ára jarðabætur, en það er þó nauðsynlegt, ef unt á að vera að undanþiggja þær skatti, sem jeg tel alveg nauðsynlegt. Mjer finst það afaróviðfeldið, ef farið væri að gera þær skattskyldar, enda var það ætlun beggja nefnda þingsins, þegar fasteignamatslögin voru samþykt, að svo væri ekki. Hjer er að ræða um framtakssemi og dugnað manna, og væri einkar óviðfeldið að fara að skattskylda þá fyrir slíkan dugnað og framtakssemi, og það jafnvel strax á fyrsta ári eftir að þeir hefðu framkvæmt umbæturnar og standa ef til vill í skuld fyrir þær. Jeg vil því halda því fram, að síðustu 10 ára jarðabætur sjeu undanþegnar skatti, eins og jeg tel að eigi að skilja 10. gr. fasteignamatslaganna, eins og hún nú liggur fyrir.

Að því er snertir þessa 7 kr. dagpeninga, sem fasteignamatsmenn eiga að hafa samkvæmt frv., þá er ekki svo að skilja, að jeg telji það í sjálfu sjer ofháa borgun. En þess ber að minnast, að það eru svo mörg trúnaðarstörf í mannfjelaginu, sem eru lítt borguð. Og er því spurning um það, hvort við eigum að borga þetta vel, þegar við borgum illa á öðrum líkum sviðum; t. d. hafa sýslunefndarmenn ekki nema 4 kr. á dag. Í frv. í vetur var gert ráð fyrir að hækka laun matsmannanna upp í 6 kr., úr 5, en nú er hjer farið fram á 7 kr.

Þetta atriði er þess vert, að það sje athugað, því að mjer finst afleiðingin af því sú, ef við hækkum kaup matsmannanna, að þá verðum við líka að hækka kaup annara starfs- og trúnaðarmanna þjóðfjelagsins.

Háttv. flm. (G. G.) lagði til, að málinu yrði vísað til fjárveitinganefnar; það finst mjer ekki rjett, því að eftir eðli sínu finst mjer, að málið heyri undir landbúnaðarnefnd. Jeg geri því að till. minni, að málinu verði vísað þangað, og jafnframt, að 2. umr. verði frestað. Það er þeim mun meiri ástæða til að fresta 2. umr., þar sem málið, af sjerstökum ástæðum, var afgreitt alveg hljóðalaust við 1. umr. (**G. G.**: Jeg felst á það að fresta umræðum).

Guðmundur Ólafsson: Jeg verð að gera háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) það til heiðurs að segja örfá orð, því að hann fann ástæðu til þess að geta mín í ræðu sinni, þótt hann gæti ekki farið rjett með.

Jeg ætla mjer ekki að svara háttv. þm. (G. G.) orði til orðs, en tala nokkuð um ástæður hans.

Jeg skal ekki þræta um það, að betur megi ganga frá 9. gr. fasteignamatslaganna en þingið 1915 gerði, en það eru auðsjáanlega miklir erfiðleikar á því, því að í vetur kom fram í þinginu frv. um breyting á orðalagi greinar þessarar, er ekki varð útrætt, og nú vill háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) breyta henni á annan veg en þá var farið fram á, en láta þó þau ákvæði standa, er mæla fyrir um, að húsa- og jarðabætur, er gerðar hafa verið síðustu 10 árin á undan matinu, sjeu undanþegnar skatti, og segir hann þó, að það sje versti hluti greinarinnar. Ekki tekst honum vel.

Honum þótti þetta, um 10 árin, svo slæmt vegna þess, að jarðamatið færi fram ef til vill á 2—3 árum, en það skilst mjer vera harla þýðingarlítið, því að altaf verða þó einhver 10 ár síðust á undan matinu.

Annars er margt kynlegt í Strandasýslu, eftir því er háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) segist frá. Jeg minnist ekki að hafa heyrt þess getið fyr en nú, að jarðabætur sjeu þar svo miklar, að hæfilegt mat á þeim um 10 ár verði ýmist eins hátt og hæfilegt verð á jörðinni allri, eða hærra, svo að hundruðum króna skiftir, en þannig er því varið, ef það er rjett, sem háttv. flm. (G. G.) sagði, að greiða hefði þurft einum bónda 400 kr. til þess, að hann hefði verið skaðlaus af að fá jörðina gefins fyrir 10 árum. Jarðabætur síðustu 10 ára 1400 kr. virði, en jörðin með jarðabótunum ekki nema 1000 kr. virði! Þetta eru jarðabætur, sem um munar, og ekki ósanngjarnt, að ábúandi njóti góðs af.

Þegar fasteignamatslögin voru samþykt á þinginu, var það álit allra, að sú jörð væri ekki nægilega húsuð, þar sem virðingarverð húsanna væri ekki meira en þriðjungur af samanlagðri virðingarupphæð húsanna og jarðarinnar, og þetta tel jeg rjett. Enda er verð húsa, er fer fram yfir það, skattfrjálst.

Háttv. flm. (G. G). vill gera greinarmun á því, hvort það sje leigjandi eða eigandi, sem eigi að greiða skattinn, en mjer finst ekki vera hægt að skilja 9. gr. fasteignamatslaganna öðruvísi en svo, að leigjandi eigi að greiða hann. Jeg held því, að breyting háttv. flm. (G. G.) yrði að eins til að gera glundroða, gera öllum erfiðara fyrir.

Það vita allir, að fólk vill hlíðra sjer hjá skattgreiðslum og yrði því ef til vill stundum ekki rjett greint á milli húsa eiganda jarðar og húsa leiguliða, en mjer finst það ekki neitt ranglæti, þótt greiða beri skatt af húsum eins í sveitum sem kauptúnum, og vita þó væntanlega allir, eins hv. flm. (G. G.), að

kaupstaðarbúar hafa lengi greitt húsaskatt. Annað mál er það, að skattur af húsum, er leiguliðar eiga, ætti að vera til muna lægri en skattur af húsum jarðeiganda.

Háttv. flm. (G. G.) sagði enn fremur, að húsaskatturinn væri eins og hegning á þá menn, sem rjeðust í húsabyggingar. Jeg fæ ekki sjeð, að þessu sje á nokkurn hátt öðruvísi varið en með jarðarskattinn. Hann vex vitanlega að sama skapi og jarðabæturnar aukast og jörðinni fer fram. Og eftir því ætti jarðarskatturinn að vera hegning fyrir jarðabætur. Ef annars er hugsanlegt, að skatturinn geti haft þessar afleiðingar, gæti það orkað tvímælis, hvort hættulegra er, svo að þessi ástæða er í raun og veru ljettvæg.

Annars er jeg sannfærður um, að þessi 9. gr. laganna þarf meiri athugunar við, áður en skattur af jörðum og húsum er fastákveðinn, en gert er ráð fyrir í þessu frv. (**Atvinnumálaráðherra**: Landbúnaðarnefndin athugar hana væntanlega vandlega.) Já, líklegt er það, fyrst að sjálfur flm. frv. (G. G.) er í henni.

Háttv. flutnm. (G. G.) stendur víst í þeirri meiningu, að kaupgjaldið hafi rekið mig til þess að tala í vetur. Þetta er misskilningur. Mjer er í raun og veru sama um, hvort það er 5, 6 eða 7 kr. Jeg játa það, að 7 krónu gjald er ekki ofhátt í sjálfu sjer, en það er ofhátt í samanburði við aðra borgun fyrir opinber störf. Hv. flutnm. (G. G.) talaði um, að hann hefði orðið að gjalda 4 kr. í hestleigu á dag. Það er, nú satt að segja, hæsta hestleiga, sem jeg hefi heyrt getið um í sveitum. Og víst er um það, að þingið hefir ekki gert ráð fyrir öðru eins. Annars kom það fram í ræðu hv. flm. (G.G.), að nefndarmennirnir hefðu ekki þurft að borga fyrir sig á bæjunum. Þingið hefir líka auðvitað gert ráð fyrir því. Enda hygg jeg, að það muni vera óvíða í sveitum, að fasteignamatsmenn hafi orðið að borga fyrir næturgreiða sinn. Í sjávarþorpum er auðvitað alt öðru máli að gegna.

Hvað það snertir að láta þetta ákvæði ná aftur í tímann, sem hv. flm. (G. G.) mintist á, þá verður naumast litið á það annan veg en að hann hafi sagt þetta í spaugi. Því að það nær vitanlega ekki nokkurri átt. Og sje þetta gert með tilliti til þeirra slóða, sem varla sjeu byrjaðir á verkinu, þá eru þeir tæplega til, því að víðast hvar mun verkinu vera meira en hálflokið. Annars er hreinn óþarfi að hræðast það svo mjög, að jeg muni sjerstaklega bregða fæti fyrir þetta ákvæði. Eins og jeg hefi tekið fram þykir mjer kaupið í sjálfu sjer ekki ofhátt, ef þingið gerir öðrum störfum jafnhátt undir höfði. En nú sje jeg, að í hv. Nd. er fram komið frv. til laga um forðagæslu, sem jeg hefi lítillega kynt mjer, og líst að mörgu leyti vel á, og er þar gert ráð fyrir 5 króna dagkaupi til forðagæslumannanna. Jeg fæ ekki sjeð, að nein ástæða sje til að hafa kaupið hærra fyrir fasteignamatsmennina, því að ferðalög þeirra eru alls ekki erfiðari.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) benti á, að sýslunefndarmenn hefðu ekki nema 4 kr. í kaup á dag, og yrði þá nokkuð ósamræmi í þessu. Annars er það auðvitað gott að launa öllum vel, ef fje skorti ekki til þess.

Hv. 1. þm. Rang. (E. P.) fór hlýjum orðum um frv. þetta, en vildi þó láta sleppa öllum skatti af húsum. Jeg get ekki felt mig við þá till., en jeg mun greiða atkv. mitt með því, að málið gangi til 3. umr. og verði sett í nefnd.

Flm. (**Guðjón Guðlaugsson**): Mjer heyrðist lítill munur vera á skoðun minni og hv. 1. þm. Rang. (E. P.).

En mjer fanst hann ekki skilja fyllilega dæmi mitt um hálflendurnar tvær, þegar svo stendur á, að eigandi er ábúandi á helmingi jarðarinnar og sá helmingur hækkar stórum í mati sökum húsavirðingarinnar. Dæmi hans var ekki rjett, því að ekki er hægt að hafa sjerstakt mat á þeirri jörð, sem einn maður býr á. Það má því að eins meta sjer, ef tveir eða fleiri ábúendur eru á jörðunni og hús ábúenda aðskilin, svo að hver jarðarhluti getur skoðast sem sjerstök jörð. Þessi sami hv. þm. (E. P.) taldi það eitt vera á móti launahækkuninni, að þá væri ekki samræmi við laun fyrir önnur störf. Jeg á erfitt með að skilja þessa ástæðu. Jeg fæ ekki sjeð, að rjett sje að borga mönnum sultarlaun fyrir þetta verk, þó að það sje gert fyrir önnur verk. Er þá ætlunin sú, að þessu verði aldrei kipt í lag? Jeg fæ ekki betur sjeð en að þessi ástæða komi málinu ekkert við.

Hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó) tók þetta sama atriði fram og hv. 1. þm. Rang. (E. P.), og benti á laun sýslunefndarmanna og annara opinberra starfsmanna í sveitum. Hjelt hann því fram, að þau störf væri engu vandaminni en fasteignamatsstarfið. Jeg get þá frætt þennan hv. þm. (G. Ó.) á því, að jeg hefi verið sýslunefndarmaður, hreppstjóri og oddviti og yfirleitt gegnt öllum þeim opinberum störfum, sem fyrir koma í sveitum, en jeg get fullyrt, að ekkert þeirra er eins vandasamt og fasteignamatsstarfið, ef það á að vera heiðarlega af hendi leyst og verða manni ekki til skammar. Allir, sem við þetta verk fást, og skilja starfið í raun og veru, finna glöggast til þess, hversu vandasamt það er. Og jeg fæ ekki skilið, að nokkur ástæða sje til þess að svelta þessa starfsmenn, sem vinna að einu þýðingarmesta opinbera verkinu, sem í sveitum er unnið. Mjer finst vera full ástæða til þess að hækka kaupið af þeirri ástæðu einni. Annars má einnig geta þess, að nú er þó verið að leitast við að bæta laun opinberra starfsmanna í sveitum nokkuð. Stjórnin hefir t. d. lagt fyrir þingið frv. um að hækka laun hreppstjóra. Jeg tel sjálfsagt, að það fái góðan byr hjá öllum, nema ef til vill einstöku mönnum, sem aldrei hafa hreppstjórar verið og geta ekki gert sjer neinar vonir um að verða það nokkurn tíma. Hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) hjelt, að mig hefði tekið það sárt, að hann skyldi mæla á móti launahækkuninni í vetur, sökum þess, að jeg hefði verið í nefndinni. Því fer mjög fjarri. Og jeg gætti þess að þegja alveg, er málið var til umræðu, vegna þess, að jeg taldi mig ekki vera nógu vel heima í lögunum, og satt að segja hjelt jeg, að hann hefði ekki hugmynd um, að jeg væri í fasteignamatsnefnd. Hitt er auðfundið á öllu, að hann er ekki í fasteignamatsnefnd sjálfur; jeg fann það þegar í vetur. Annars var ýmislegt í ræðu þessa hv. þm. (G. Ó.), sem jeg skildi ekki vel, eða sýndi öllu heldur, að hann skildi ekki lögin nje sjálfan sig. Hann var að tala um, að skatti af húsum, sem næmu meira en þriðjungi jarðar, væri slept. Þetta er ekki rjett. Hálft jarðarverðið er lagt til grundvallar, en ekki þriðjungur þess. Reyndar geta orðið nokkur slumpakaup á þessu í reyndinni, og ekki fyllilegt samræmi í lögunum. Ef jörð er t. d. metin á 1000 kr. og húsin metin á 500 kr., þá er tekinn skattur af öllu, en þótt húsin sjeu 2000 króna virði, verður skatturinn jafn.

Háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) kvaðst vera á móti því, að leigjendum væri slept. Jeg veit nú ekki gerla, hvað hann á við með því. Í frv. er farið fram á það eitt, að húsum leigjenda væri slept við skatt. Það var farið fram

á þetta sama í vetur, og jeg get ekki sjeð, að það sje ósanngjarnt. Því að það er augljóst, að mesta fjarstæða er að leggja hús jarðeiganda og leigjanda að jöfnu. Sje það rjett, að hundrað í húsum sje minna virði en hundrað í jörð, þá verður ekki með neinni sanngirni sagt, að hús leiguliða sje minna virði en hús jarðeiganda. Þetta kemur bert í ljós, þegar eigenda- eða leigjendaskifti verða á jörð. Jarðeigandi þarf alls ekki að selja jörðina nema hann fái sæmilega mikið fyrir hús sín, en leigjandi verður að taka við þeim boðum, sem nýi ábúandinn býður honum fyrir hús hans, eða rífa þau ella. Af þessu má sjá, að þrjú stig verða að vera í skattaálagningunni. Leiguliðahúsin eru að vísu eign, en það eru ekki vissir peningar, sem gefa ákveðinn arð.

Jeg minnist þess ekki, að fleira hafi verið í þessum ræðum þessara háttv. þingmanna, sem þörf sje á að svara að þessu sinni.

Magnús Torfason: Jeg get ekki að því gert, að jeg er dálítið hissa á að sjá þetta frv. hjer fram komið í þessari mynd. Á því er hvorki haus nje hali, svo að frá því sjónarmiði veitir ekki af, að það verði sett í nefnd. En annars fæ jeg ekki sjeð, að nokkur þörf sje á því að eyða tíma í frekari umræður um þetta mál að þessu sinni. Frv. ræðir einungis um skatthæðina, en, eins og kunnugt er, ganga lögin að þessu leyti ekki í gildi, eða skattahæðin kemur ekki til greina fyr en 1. apríl 1920. Það virðist því vera nægur tími til stefnu að taka málið fyrir á næsta reglulega þingi, og það því fremur sem sjálfsagt virðist, að skýrslur allra fasteignamatsnefnda verði komnar og álit yfirmatsmanna verði leitað, áður en skattaálögur verði bygðar á matinu. Annars var 9. gr. upphaflega algerlega ofaukið í lögunum. Þau áttu að fjalla um matið eitt, en ekki um skattinn af eignunum. Þess vegna er allra hluta vegna rjettast, að málið verði látið bíða fyrst um sinn.

Jeg get ekki stilt mig um að taka það fram, að mjer finst æði mikið misrjetti vera í lögunum. Menn eiga að sleppa við svo og svo mikið af húsaskattinum undir eins og þeir eignast jarðarhundrað með þeim, en þorpararnir verða að borga fullan húsaskatt. Það er eins og menn hafi gleymt því, að þeir þurfa líka eitthvað til þess að skýla sjer með. Mjer hefði þó fundist full ástæða til þess að vægja þeim nokkuð. Það er öllum mönnum vitanlegt, að hús eru oft æði lítils virði í þorpum og kauptúnum. Nóg dæmi þess, að menn hafa orðið að rífa þau og flytja langar leiðir, sökum þess, að enginn kostur hefir verið á að selja þau.

Jeg skal svo ekki ganga frekar inn á einstök atriði frv., og get gjarnan sýnt háttv. flm. (G. G.) þá kurteisi að styðja að því, að það komist til landbúnaðarnefndar, því að jeg ber það traust til þeirrar nefndar, að hún grafi það svo djúpt, að ekki bóli framar á því á þessu þingi. En vitanlega hefði rjettara verið að vísa málinu til fjárhagsnefndar.

Flm. (Guðjón Guðlaugsson): Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) taldi vanta bæði haus og hala á frv. þetta. Það er vitanlega galli, ef svo er, en þó er lakara, þegar fram koma frv., sem eru ekkert nema haus og hali. Háttv. þm. (M. T.) sagði um 2. gr., að ekki lægi á að hreyfa við því, er hún fjallaði um, sökum þess, að skatturinn yrði ekki lagður á strax. Jeg verð að segja, að þetta sje mikill misskilningur. Það skiftir einmitt miklu máli fyrir menn

að fá að vita þegar, á hvað skattinn á að leggja. Það þarf ekki að benda til annars en þess, að svo getur farið, að menn ráðist síður í húsabyggingar, ef þeir telja víst, að hár skattur verði lagður á húsin. Lögin gætu þá beinlínis hamlað framkvæmdum í þessu efni. Það er þess vegna mesti misskilningur, að þetta megi dragast. Háttv. þm (M. T.) vildi láta draga þetta til næsta þings. Jeg skil ekki, hvernig hann fer að vita það, að tíminn verði ekki eins dýrmætur þá og nú. Jeg fæ yfirleitt ekki skilið, hvaða hagnaður á að vera í því að drepa mál, sem fram eru komin í þinginu, í því eina skyni að vekja þau upp á næsta þingi.

Háttv. þm. (M. T.) mintist enn fremur á mismuninn á húsaskattinum í sveitum og þorpum. Hann virtist ekki geta skilið, hvernig á því stæði, að ekki er hægt að meta húsin eins í sveitum og kaupstöðum. Það virðist þó vera auðskilið mál. Í kaupstöðum þarf engin lóð að fylgja húsunum, og ólíkt hæggara er þó að selja þau þar en í sveitum. Og sjeu góðir menn í fasteignamatsnefndunum, þá taka þeir vafalaust tillit til þess, hvar húsin eru sett, því að það er augljóst, að hús, sem metið er á 10000 kr. í Reykjavík, er ef til vill ekki nema 5000 kr. virði einhversstaðar annarsstaðar úti á landshorni, þótt í kauptúni sje, hvað þá í afskektri sveit. Þetta á fasteignamatsnefnd að sjá, og á það að koma fram í matinu.

Jeg hefi fengið reynslu í því að meta svona hús, og við höfum þar tekið mest tillit til þess, hvað húsin mundu verða keypt fyrir. Því að það er vitanlega sannvirðið, sem menn sjálfir, eða aðrir, vilja kaupa eignina fyrir. Það er gott að hafa lýsinguna á jörðinni og vita, hversu marga heyhesta hún gefur af sjer, en aðalatriðið er og verður: Hvað selst jörðin fyrir?

Jeg er í landbúnaðarnefndinni og ætti því fremur að vilja, að málinu væri vísað þangað, en jeg tel rjettara, að því sje vísað til fjárveitinganefndar, því að málið snertir mest fjármál. En ekki hefi jeg þá ótrú á háttv. meðnefndarmönnum mínum í landbúnaðarnefndinni, að þeir græfu frv. svo djúpt, að það kæmi ekki framar í dagsljósið. Jeg efa ekki, að hún skili því aftur, má ske eitthvað breyttu, og því hefi jeg ekkert á móti. Annað hlýtur öllum að vera óskiljanlegt, þar sem jeg á sjálfur sæti í nefndinni, og eigi er jeg hræddur að flytja mál, þótt það fái mótbyr. Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) má vita það, að jeg hefi oftar borið sigur af hólmi, og það enda þótt jeg hafi verið í minni hluta fyrst.

Magnús Torfason: Að eins fáein orð, út af því, sem háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) sagði.

Við sjáum, að hann er og hefir verið hræddur við landbúnaðarnefndina, því að annars myndi hann hafa látið þá nefnd, sem hann situr í, bera fram málið.

Háttv. flm. (G. G.) sagði, að 2. gr. væri aðalefni frv., ákvæðið um þóknunina, og er hinu þá að eins prjónað framan við. Hefir líklega ekki þótt sæma að koma með frv. að eins um það. (**G. G.**: Ágætt fyrir háttv. þm. Þetta var mismæli). Jeg hafði reynt að leiðrjetta háttv. þm. (G. G.), en þá hnykti hann á þessu, en úr því að hann tekur það nú aftur, er óþarfi að eyða um það frekari orðum.

Hátt. þm. (G. G.) sagði, að húsaskattur myndi hamla mönnum frá að gera húsabætur. Þetta eru ekki sæmilegar getsakir í garð bænda; svo sinkir held jeg að bændur sjeu ekki, þó að þeir kunni vel að meta peninga. En það, sem jeg legg áherslu á, er það, að við

biðum betri upplýsinga, áður en við ákveðum, hvaða skattar verði lagðir á eftir fasteignamati. Jeg hefi yfirfarið mat úr 2 sýslum, og er jeg sannfærður um, að það verður aldrei lagður skattur á eftir þessu mati, enda er það líka víst, að á þessu fasteignamati hefir verið mikil fljótaskrift, og matið þarf gagngerðra endurbóta við.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til nefndar samþ. með 12 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til fjárveitinganefndar feld með 8:5 atkv.

Till. um að vísa málinu til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1604) samþ. með 11:2 atkv.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. ágúst, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 39, n. 302 og 317).

Ofskamt var liðið frá útbýtingu nál. 317. — Afbrigði leyfð og samþ.

Frms. meiri hl. (Guðmundur Ólafsson): Jeg skal ekki fara mörgum orðum um álit meiri hluta nefndarinnar nje skoðun hans á þessu máli; hún kemur skýrt fram á þgskj. 302, en hins vegar vil jeg ofurlitið víkja að nefndaráliti minni hlutans, á þgskj. 317.

Fyrri hluti nefndarálitsins á þgskj. 317 eru almennar frjettir um það, hvernig það hafi gengið til á nefndarfundum, eða má ske, rjettara sagt, hvernig minni hlutinn haldi, að það hafi verið á fundunum, en þar kennir sumstaðar ekki svo lítils misskilnings hjá háttv. þm. (G. G.); þannig hefi jeg t. d. — og eins mun mjer vera óhætt að segja að sje um samnefndarmann minn, háttv. 5. landsk. þm. (H. Sn.) — aldrei látið það í ljós, að jeg teldi breyting hans að neinu leyti, smáu eða stóru, til bóta á 9. gr. fasteignamatslaganna. Þar sem það er álit meiri hluta nefndarinnar, að breytingin sje ekki til bóta, þá leggur hann til, að frv. sje felt, og getur ekki sagt, að till. sjeu góðar og gagnlegar, eins og minni hlutinn vill telja þær.

Og meiri hluti nefndarinnar verður enn fremur að líta svo á, að það geti oft verið brýn nauðsyn og mjög þarft að nota tíma þingsins til þess að hefta það, að algerlega óþörf, og enda skaðleg, frv. nái fram að ganga, eins og það á hinn bóginn er nauðsynlegt og rjett að eyða tíma til þess að vinna að því og hjálpa til þess, að góð og gagnleg frv. nái fram að ganga.

Minni hl.nefndarinnar (G.G.)segist hafa hneykslast á því, hversu lengi frv. var hjá nefndinni, og hefir oftar um það kvartað. Mjer er nú óhætt að fullyrða það, að það er ekki meiri hluti nefndarinnar, sem á sök á því. Meiri hlutinn var löngu fyr búinn með álit sitt en minni hlutinn, svo að eigi stóð á honum, en það er ef til vill yfirsjón, að það lá alllengi hjá nefndinni áður en því var skilið til prentunar; þó var meiri hlutinn þar miklu fyr tilbúinn en minni hlutinn.

Þá kvartar minni hlutinn (G. G.) yfir því, að hann hafi ekki fengið álit meiri hlutans til álits og andsvara, líklegast eftir ítrekaðar tilraunir. En um þetta er það að segja, að hann hefir aldrei beðið mig um nefndarálitið. Það fá því allir sjeð, úr hverju vefur hans um þetta er ofinn.

Á fundi nefndarinnar var honum lesið álit meiri hlutans, og liggur það hjer prentað orði til orðs fyrir framan háttv. þingdm., eins og það var upp lesið, og þá gerði hann engar aths. Hafði því

háttv. minni hluti að eins uppkast að nefndaráliti sínu til upplestrar fyrir meiri hluta nefndarinnar, enda kemur það nú fyrir háttv. deild í mjög breyttri útgáfu.

Þá skýrir háttv. þm. (G. G.) frá því, að hann hafi á 17 þingum setið, og hefi jeg ekki gætt að, hvort þar er rjett skýrt frá, en hann er tekinn að gerast maður gamlaður. Þykir honum þessi þingnefnd lítt möguleg og segist enga slíka hafa áður þekt. Jeg held, að minni hans sje farið allmjög að bila; jeg hefi eigi á mörgum þingum setið, en þó hefir það komið fyrir mig oftar en nú, að nefnd hafi klofnað, og hafa nefndarhlutirnir gefið hver sitt álit og það alveg sjálfstætt. Jeg held, að þessi nefnd sje í þessu efni ekki neitt nýtt fyrirbrigði.

Jeg held annars, að hv. minni hl. nefndarinnar (G. G.) verði að kunna mönnum þakkir fyrir, að málið hefir dregist. Tíminn hefir ekki verið óþarfur fyrir hann; hann hefir legið á meltunni og kemur fram með breytingar á frv. sínu, og breytingarnar eru ekki að eins breytingar að forminu til, eins og hann gefur í skyn, heldur líka efnisbreytingar.

Í frv. sínu gerir hann ráð fyrir, að síðustu 10 ára umbætur á jörðinni og húsum sjeu skattfrjálsar, en í brtt. sínum ætlast hann til, að skattur sje á þær lagður.

Hjer er um meira en formbreytingu að ræða; hjer er að ræða um efnisbreytingu.

Í nefndaráliti sínu ákveður hann vissan skatt af húseign leiguliða, en í frv. er ekki gert ráð fyrir skatti af henni.

Við 2. gr. frv. hefir hann einnig gert brtt. og leggur nú til, að kaup yfirfasteignamatsmanna verði hækkað. Þá brtt. hefir hann ekki borið fram fyr, en það má segja það um hana, að hún sje ekki nema eðlileg, ef kaup fasteignamatsmannanna er hækkað.

Þá vildi hann (G. G.) áður, að kaup fasteignamatsmanna væri hækkað bæði fyrir liðinn tíma og komandi tíð, en nú leggur hann til, að kaupið sje hækkað, en að hækkunin nái ekki til liðins tíma. Hjer er um glögga efnisbreytingu að ræða.

Það má því öllum ljóst vera, að háttv. minni hl. (G. G.) hefir notað tímann mjög vel til þess að — skifta um skoðun.

Annars gerir minni hl. (G. G.) lítið úr ástæðum meiri hlutans, en jeg fæ ekki sjeð, að hann hafi hrakið neitt, er meiri hlutinn hefir sagt.

Og víst er um það, að ef brtt. minni hl. (G. G.) yrði samþ., þá gæti hún valdið ruglingi á matinu. Það er því hættulegt að samþykkja nú þessa breytingu.

Þá eru ástæður meiri hluta nefndarinnar að engu leyti hraktar með ummælum hv. minni hl. (G. G.) um þær, því að þótt fasteignamatsnefndir bókfæri sjer í lagi hverja fasteignategund í húsi sjer, jörð sjer, 10 ára mannvirki sjer o. s. frv., munu þær að líkum aðgæta, hve mörg hundruð það gerir samanlagt, og hefir það þá ef til vill einhver áhrif á málið, hvað þeim finst hæfilegt hundraðatal á jörðu með húsum. Stendur álit meiri hlutans þar óhaggað fyrir svörum háttv. fim. (G. G.).

Kauphækkunina hefi jeg minst á áður, og get jeg tilfært þau orð mín aftur, að kaupið verður að teljast sæmilegt, saman borið við kaup það, sem flestir aðrir opinberir starfsmenn hafa. Og ef það yrði hækkað nú, þá yrði það að teljast sem nokkurskonar verðlaun til þeirra, sem skemst eru á veg komnir með starfið.

Þær ástæður háttv. fim. (G. G.), að ilt sje að eyða málinu nú, eftir svo langar umr. og vinnueyðslu, get jeg ekki talið mikilvægar.

Jeg hefi að vísu haldið eina stutta ræðu í málinu, en því skal ekki neitað, að háttv. flutnm. (G. G) teygði eigi alllítið úr flutningsræðu sinni. En slíkt er engin nýlunda, þótt hann gerist langorður um lítið efni. Eitt var þó athugavert í þeirri löngu ræðu hans. Það var, hve vel hann sagðist hafa kynt sjer málið. Sannleika þeirra orða komast menn best að raun um ef þeir athuga, hversu vel er frá frv. gengið. Eitt dæmi þess er það, að hann hefir sjálfur orðið til þess að koma með brtt., sem gerbreyta báðum greinum þess.

Skal jeg svo ekki tefja tímann lengur, en vona, að háttv. deild sje sannfærð um, að frv. sje illa úr garði gert, og sömuleiðis nefndarálit og breytingartillögur háttv. minni hluta nefndarinnar (G. G.).

Frsm. minni hl. (Guðjón Guðlaugsson): Eins og háttv. þm. er kunnugt varð jeg svo óheppinn að klofna frá í nefnd þessari.

Jeg þarf ekki mörgum orðum um að eyða frammistöðu hv. meiri hluta, þótt háttv. frsm hans (G. Ó) vilji ekki kannast við gerðir sínar. Get jeg ekki annað en skoðað hann minni mann eftir en áður, því að það að þræta fyrir sannleikann ber ekki vitni um drengskap, eftir þeirri merkingu, sem jeg legg í það orð.

Það er í alla staði rjett, sem jeg held fram í nál. Hinir háttv. nefndarmenn játuðu það, að þörf væri á breytingu, en töldu hana ofsnemma fram komna og hjeldu, að hún mundi valda ruglingi.

Háttv. frsm. meiri hlutans (G. Ó.) sagði það oftar en einu sinni, að nógur tími væri til að gera breytingu á lögunum á næsta aðalþingi. Þau orð vill hann ekki kannast við nú, en kveðst altaf hafa haldið því fram, að breytingar væru óþarfar, bæði nú og í framtíðinni.

Jeg verð að segja það, að slíkir samverkamenn, sem ekki standa fastar við orð sín, hljóta að verða ljettir á metunum.

Þetta sannar líka, að það er rjett, sem jeg segi í nefndarálitinu, að jeg hafi ekki fengið að sjá nefndarálit meiri hlutans.

Jeg er ekki svo minnugur, að jeg geti svarað hverju einstöku atriði í löngu máli, sem lesið er upp fyrir mjer í fljótheitum. Jeg hefi ekki heldur svarað nema tveim atriðum Annað þeirra kemur alls ekki í nefndaráliti meiri hlutans. Sýnir það best, að nefndarálitið er ekki í samræmi við það, sem sagt var á fundum nefndarinnar.

Ekki get jeg skilið, að sumt af því, sem stendur í nefndaráliti meiri hlutans, sje á rökum bygt, t. d. það, »að telja megi líklegt, ef ekki víst, að á flestum jörðum verði talsvert af húsum undanþegið skatti, og að hús leiguliða verði þá fremur látin njóta þeirra hlunninda en hús jarðeigenda«.

Þessi orð sýna það berlega, að háttv. meiri hluti hefir ekki vit á málinu. Það þarf engar líkur að því að leiða, að eftir 9. grein fasteignamatslaganna er sá hluti af matsverði húsa, sem fer fram úr helmingi af matsverði jarðarinnar, undanþeginn skatti. En heimild er þar engin gefin til þess að undanskilja fremur hús leiguliða en jarðeigenda. Þessi orð í nál. geta því ekki talist annað en fálm út í loftið.

Þá er því haldið fram, að breytingarnar muni valda ruglingi, og er þeirri fjarstæðu svarað í nál. mínu.

Háttv. frsm. og ritari meiri hlutans (G. Ó.) heldur því fram, að miklar líkur sjeu til þess, að fasteignamatsmenn athugi, er þeir meta, hve mörg hundruð hver jörð verður, og að það geti haft einhver áhrif á virðinguna.

Það má segja um þessa tilgátu háttv.

frsm. (G. Ó.), að margur heldur mig sig og mátulega dyggan. Engum getur dulist það, að rangt væri að leggja slíkt til grundvallar við matið. Rjetti grundvöllurinn er sá, sem flestir matsmenn munu byggja á, hvers virði jörðin er, söluverð hennar síðast, eftirgjald fyr og nú, og hve hátt hún hefir verið metin til verðs. Hitt getur alls ekki orðið neinn mælikvarði, hvað jörðin muni verða mörg hundruð, saman borið við það, sem áður var. Jeg veit af jörð, sem metin er nú á 3500 kr, en er eftir matinu frá 1861 að eins talin 4,2 hundruð. Allir sjá, að ekki er hægt að hafa neitt hundraðatal til hliðsjónar, þar sem svo stendur á, og nýleg ótilknúð sala, virðing til lántöku, eftirgjald og virkilegt álit matsmanna fer í fjarstæða átt.

Þá standa þau orð í nál. meiri hlutans, að naumast sje hægt að gera sjer skiljanlegt, hvað því valdi, að þessi grein fasteignamatslaganna stendur svo óþægilega í höfði einstakra manna. Jeg get nú ekki sjeð, að ein lagagrein þurfi að standa neitt óþægilega í höfði manns, þótt maður vilji breyta henni, þegar þess er þörf. Og þessari grein þarf að breyta, og það meðal annars af þeirri ástæðu, að jafnvel lögfróðum mönnum ber ekki saman um skilning á henni. Og því fyr sem breytt er, því betra. Það er trúa mín, að þótt frv. þetta verði felt nú, og þótt háttv. frsm. meiri hlutans (G. Ó.) haldi áfram mótþróa sínum, þá muni málið vekjast upp aftur, jafnvel á næsta þingi, og ekki kæmi mjer það á óvart, þótt kjósendur háttv. sama þm. (G. Ó.) neyddu hann til að haga sjer þá öðruvísi í málinu.

Eins og jeg hefi áður sagt, þá er hjer um efnisbreytingu að ræða, en ekki misskilning á lagagreininni. Hún er rjett skilin þannig, að hverjar 150 kr. í matsverði jarða og húsa, hvort sem það eru hús leigulíða eða ekki, skuli taldar eitt hundrað á landvísu. Nú liggur það í augum uppi, að engin sanngirni er í því að meta hús eins hátt og jarðir, allra síst hús leigulíða.

Jeg hefi því komið fram með breytingar þessar af þörf og af því, að skorað var á mig að gera það.

Það er að vísu rjett, að jeg hefi komið fram með brtt. við upphaflega frv., og gerði jeg það einmitt eftir bendingum háttv. meiri hluta nefndarinnar, og er því lítil ástæða fyrir háttv. frsm. hans (G. Ó.) að kvarta undan breytingum þessum.

Reyndar get jeg sagt það, að jeg græddi lítið á orðum háttv. frsm. (G. Ó.), heldur var það hinn maðurinn í nefndinni (H. Sn.), sem benti mjer á ójöfnur nokkrar, sem fram kæmu, ef frv. yrði samþykt óbreytt.

Þar er svo ákveðið, að hús jarðeigenda skuli metin helmingi lægra en jörðin, og sá hluti þeirra undanþeginn skatti, sem fer fram úr helmingi af matsverði jarðarinnar. Setjum nú svo, að ein jörð sje metin 10 þús. kr. virði, og jarðarhús líka metin á 10 þús. kr.; þá verða að eins 15 þús. kr. skattskyldar, en 5 þús. kr. slept, sem engri eign.

Þar sem húsin geta talist dýrmæt eign, þótt ekki sjeu þau eins staðgóð og jörðin sjálf, þá virðist ekki nema sanngjarnt, að greiddur sje skattur af þeim öllum, sjerstaklega þegar þess er gætt, að í frv. er gert ráð fyrir helmingi lægra mati á þeim en í lögunum.

Jeg hefi því komið fram með brtt. þessa, samkvæmt bendingu háttv. meiri hluta nefndarinnar, og kann jeg því illa að verða fyrir skensi fyrir það eitt að hafa tekið til greina sanngjarnar bendingar.

Jeg hefi aldrei sagt það, að þetta

væru eingöngu formbreytingar. Í nál. mínu stendur: »einkum að forminu«. Jeg veit það vel, að hjer er um efnisbreytingu að ræða, þar sem gert er ráð fyrir, að greiða skuli skatt af öllum húsum, er á jörðunum standa.

Þá er felt burt ákvæðið um það, að jarðabætur síðustu 10 ára skuli dragast frá. Álít jeg rjettmætt að fella það burt, og mun það ekki valda neinum ruglingi og ekki breyta neitt starfsaðferðum fasteignamatsmanna, því að, eins og jeg hefi áður tekið fram, þá hafa þeir ekki treyst sjer til að framfylgja ákvæði þessu.

En samkvæmt reglugerð landsstjórnarinnar frá 26. janúar 1916 er það skylda fasteignamatsnefnda að bókfæra skýrt og greinilega út af fyrir sig hverja fasteignartegund, jörð, hús jarðeigenda, hús leiguliða og hús húsmanna og 10 ára mannvirki.

Jeg álít, að þeir, sem semja fasteignamatsbók, geti alveg eins hæglega unnið úr skýrslum þessum fyrir því, þótt slept sje ákvæðinu um það, að draga skuli frá við matið umbætur síðustu 10 ára.

Jeg hygg svo, að ekki sje fleira í þessari 1. gr. frv., sem koma á í stað 9. gr. laganna, er þurfi skýringar við.

Þá er ákvæðið um launin. Jeg lýsti yfir því þegar í byrjun, að mjer væri það ekki kappsmál, að þau yrðu hækkuð. Umræður um það atriði urðu ekki heldur miklar í nefndinni. En jeg verð þó að líta svo á, að launin sjeu alt oflág, ef í þeim eiga að felast ferðapeningar. Hefði ef til vill verið rjett að láta þessar 5 kr. standa óhaggaðar, en bæta við ferðapeningum. Slík breyting hefir þó ekki komið fram, enda mætti búast við, að ákvæði það yrði misbrúkað.

Mitt frv. var upphaflega sniðið eftir frumvarpi því, sem þingið hafði til meðferðar í vetur. En þar var gert ráð fyrir, að fæðispeningar og ferðakostnaður fasteignamatsnefndarmanna og yfirmatsnefndarmanna skyldi vera 6 kr. fyrir hvern dag. En ef aldrei hefði verið farið fram á breytingu á þessu atriði, þá mundi jeg hafa látið það standa óbreytt nú. Annars geri jeg þetta ekki að neinu kappsmáli, en jeg álít deildinni samt minkun í að fella þessa breytingu. Jeg álít það út í veður og vind, að samnefndarmenn mínir tala um þessa hækkun sem dýrtíðaruppbót. Því að mjer er vel kunnugt um, að þeir myndu síðastir manna verða samþykkir slíkri uppbót. Jeg miða ekki kaupið við það dýrtíðarástand, sem nú er, heldur hefi jeg hjer fyrir augum ástandið eins og það er á vanalegum tímum. Mjer blandast ekki hugur um, að kaupið er langtum oflágt, og jeg ætlast til, að þetta kaupgjald, sem jeg fer fram á, nái jafnt til yfirmatsmanna sem undirmatsmanna.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Ólafsson): Háttv. frsm. minni hlutans (G. G.) byrjaði mál sitt á að lýsa yfir því, að lítill drengskapur lýsti sjer í afskiftum mínum af þessu máli. En jeg held, að háttv. þm. (G. G.) farist ekki að bera mjer á brýn ódrengskap, enda neita jeg því fastlega, að jeg hafi komið ódrengilega fram á einn eða annan hátt í málinu.

Háttv. frsm. minni hl. (G. G.) gat þess, að jeg hefði verið með breytingu á greininni, þegar málið var til umræðu í nefnd. En jeg sagði þá aldrei og hefi aldrei sagt, að mjer þætti þörf að breyta greininni nú. En jeg sagði, að svo gæti farið, að það þyrfti að breyta henni síðar, og að brtt. flm. (G. G.) á þessari grein væru ekki til bóta.

Þá las hann upp kafla úr nefndaráliti meiri hlutans og ljet þess getið

um leið, að við hefðum ekki neitt vit á málinu. Og þessi staðhæfing flm. (G.G.) er í góðu samræmi við það, sem hann sagði áður, að hann einn hefði vit á þessu máli, og þykist jeg fullviss um, að mjer takist ekki að bifa þeirri trú hjá honum. Hann kvaðst ekki taka mikið mark á setningunni: »en telja má líklegt, ef ekki víst, að á flestum jörðum verði talsvert af húsum undanþegið skatti, og að hús leiguliða verði þá fremur látin njóta þeirra hlunninda en hús jarðeigenda, má álíta sjálfsagt«. Það gæti auðvitað komið fyrir, að leiguliðarnir yrðu ekki rjetthærri en jarðeigendurnir í þessu tilliti, en það er þó ekki sennilegt.

Þá hefir hann mjög reynt að fræða okkur um, hvernig fasteignamatsnefndarmenn höguðu sjer. En jeg skil ekki, að honum sje neitt verulega kunnugt um, hvernig fasteignamatsnefndarmenn haga sjer yfirleitt, jafnvel þótt hann sje fasteignamatsnefndarmaður sjálfur. Jeg er hræddur um, að þekking hans á þessu hljóti að vera takmörkuð, og hann hefir enga sönnun fyrir því, að einhverjir geti ekki litið á þetta atriði á sama veg og meiri hluti nefndarinnar.

Þá bar hann mjer það á brýn, að jeg væri móti breytingunni, bæði í nútíð og framtíð, og hjelt að kjósendur mínir mundu ekki kunna mjer þakkir fyrir. En jeg hefi aldrei sagt, að jeg mundi altaf verða á móti breytingu; og jeg óttast ekki dóm kjósenda minna um afskifti mín af þessu máli.

Þá tók hann dæmi af jörð, sem metin væri á 10 þús. kr., og húsum, sem metin væru sama virði, eða samtals á 20 þús. kr. Þá yrði greiddur skattur af 15 þús. kr. eftir lögunum. Þetta er rjett athugað. En háttv. flm. (G. G.) hefir skotist yfir það, að niðurstaðan verður samt alveg hin sama sem eftir hans eigin tillögu. Hjer er því ekki um neina breytingu að ræða. Munurinn gæti að vísu orðið dálítill í einstaka tilfellum, en hins vegar óvíst, hversu mikill hann yrði.

Einnig hefir hann (G. G.) haft mörg orð um það, að greiða beri skatt af 10 ára mannvirkjum. Jeg skal ekkert fullyrða um það, hversu heppilegt það yrði fyrir landbúnaðinn að leggja skatt á allar þær jarðabætur, sem unnar hefðu verið síðustu 10 árin á jörðinni. En hræddur er jeg um, að slíkur skattur mundi ekki hvetja menn til jarðabóta, ef þær verða gerðar skattskyldar þegar á fyrsta ári.

Loks talaði hann (G. G.) um kaup matsmanna. Hann sagðist ætlast til, að bæði yfirmatsnefndarmenn og fasteignamatsmenn fengju hækkað kaup sitt. En í frv. gerði hann ráð fyrir, að að eins fasteignamatsmenn fengju hækkað kaup. Hjer er því um stefnubreytingu að ræða hjá háttv. flm. (G. G.).

Þá er það líka stefnubreyting hjá hv. flm. (G. G.) að vilja nú leggja skatt á hús leiguliða; jeg man ekki til þess, að þetta kæmi til tals í nefndinni. En flm. (G.G.) var samt áreiðanlega á móti því við 1. umræðu málsins hjer í hv. deild, að hús leiguliða væru skattskyld. En nú hefir honum snúist hugur um þetta ákvæði, eins og við var að búast.

Eggert Pálsson: Jeg skal ekki blanda mjer á neinn hátt inn í ágreiningsatriði nefndarmanna. Jeg vildi að eins athuga brtt. á þgskj. 317, eins og hún liggur fyrir.

Mjer virðist ekki laust við, að það kenni stefnubreytingar hjá háttv. flm. (G. G.) í 2. málsgr. 1. gr. Á þgskj. 317 er farið fram á, að eitt hundrað á landsvísu skuli telja »500 kr. í matsverði húsa á jörð utan kaupstaða og sjávarþorpa, sem eru eign leiguliða jarðar eða annara«, þar sem aftur á móti

í frv. á þgskj. 39 hús leiguliða eða annara jarðeigenda eru undanþegin skatti. Það er mikill munur á þessu tvennu. Það dylst engum. Og jeg verð að segja það fyrir mitt leyti, að jeg get ekki aðhylst þessa breytingu á þgskj. 317, og því síður get jeg ljeð henni fylgi mitt fyrir það, að hún felur í sjer jafnhliða stefnubreytingu frá sjálfum fasteignamatslögunum, breytingu, sem jeg álít ekki til bóta. Það var víst tilætlun þingins að undanþiggja þau hús skatti, sem ekki fylgdu jörðinni. Einnig mun það hafa verið vilji þingsins að skattskylda ekki umbætur á jörðinni, sem gerðar hefðu verið síðustu 10 árin. Ef háttv. flm. (G. G.) hefði ekki hvikað frá þessari stefnu, hefði ekki verið um neinar verulegar stefnubreytingar frá lögunum að ræða. Breytingin hefði þá að eins verið sú, sem fólgin er í 1. málsgrein 1. gr. Og þá breytingu hefði jeg getað aðhylst, þar eð jeg tel greinina verða skýrara orðaða með henni. En til þess að jeg geti fylgt greininni í heild sinni, þyrfti að breyta 2. málsgr. 1. gr. á þgskj. 317, og taka það skýrt fram, að önnur hús en þau, sem jörðinni fylgja, og 10 ára jarðarbætur, sjeu undanþegin skatti. Jeg er sannfærður um, að breytingin, sem hv. flm. (G. G.) hefir gert á þessu ákvæði, síðustu útgáfunni á nefndu þgskj., 317, mun valda afarmikilli óánægju, ef hún verður samþykt. Og sú óánægja er eðlileg og skiljanleg. Því að það er í alla staði órjettlátt að skattskylda t. d. hús, sem reist hafa verið fyrir einu til tveim árum, og eigandinn stendur oftast nær í meiri eða minni skuld fyrir. Slíkt mundi gera menn ragari til endurbóta á húsum eða jörðum. Og er það þinginu ósamboðið að leggja slíkar hömlur á menn til framkvæmda. Og verði greinin samþykt, vildi jeg leita samkomulags við háttv. flutnm. (G. G.) að fá þessu aftur breytt í svipað horf og sýnilega hefir fyrir honum vakað í upphafi, er hann fyrst samdi frv.

Um hækkunina á kaupi fasteignamatsnefndarmanna vil jeg geta þess, að jeg ljet þá skoðun í ljós við 1. umr. málsins, að ekki mundi brýn nauðsyn á þessari breytingu, með því að fleiri starfsmenn þjóðfjelagsins, svo sem hreppstjórar, hreppsnefndaroddvitar og sýslunefndarmenn, væru lágt launaðir, en hins vegar engin ástæða til að hækka fremur kaup þessara manna en annara. En nú hefir verið borið fram frv. í þinginu um hækkun á launum þessara starfsmanna þjóðfjelagsins, bæði hreppstjóra, oddvita og sýslunefndarmanna, og geng jeg að því vísu, að þau verði samþykt.

Afstaða mín gagnvart þessu atriði er þess vegna töluvert önnur orðin nú en við 1. umr., þar sem vissa er nú fyrir því, að laun þessara áminstu starfsmanna, hreppsnefndaroddvita, hreppstjóra og sýslunefndarmanna, verða nokkuð hækkuð; þá er ekki jafnmikil ástæða sem áður til að vera á móti hækkun á borguninni til fasteignamatsmannanna. En, eins og jeg gat um áður, er jeg í hálfgerðum vanda staddur um afstöðu mína til 1. gr. Jeg er sem sje samþykkur 1. málsgr., en ósamþykkur 2. málsgr. Jeg vil þess vegna skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki geti samrýmst þingsköpum að bera greinina upp í tvennu lagi til atkvæðagreiðslu. (**Forseti:** Nei). Þá verð jeg að taka þann kostinn að greiða henni atkv., í þeirri von, að fram komi brtt. við hana við 3. umr., annaðhvort frá mjer sjálfum eða háttv. flm. (G. G.) eða okkur báðum í sameiningu.

Sigurður Eggerz: Það er örstutt athugasemd.

Jeg álít, að rangt hafi verið, að skattaákvæði voru sett í þessi lög. En úr

því að ákvæðin eru nú í lögunum, þá vildi jeg taka þetta fram. Í 9 gr. laganna er takmarkað, hversu mikið af verði húsanna á jörðinni geti komið til skatts, á þá leið, að það getur aldrei orðið meira en sem nemur helmingi af matsverði jarðarinnar. Með þessu ákvæði er það víst haft fyrir augum, að jörðin sje árciðanlegri gjaldstofn en húsin. Eftir þessu ákvæði er mikið af húsum undanþegið skatti. En eftir brtt. minni hluta nefndarinnar við þessa grein verður að líta svo á, að þessi takmörkun umræddrar greinar sje þar með fallin burt. (G. G.: Það er líka meiningin). En þá er vafamál, hvort húseigandinn er ekki ver settur en áður, því að ef þessar takmarkanir eru feldar burt, verður meira af húsunum skattskylt. Jeg álít, fyrir mitt leyti, að þetta skattamálaatriði mætti taka til athugunar síðar, en jeg get ekki verið með brtt. minni hlutans, sem þetta atriði snerta. Hins vegar álít jeg sanngjarnt að hækka kaup matsmanna.

Frsm. minni hl. (Guðjón Guðlaugsson): Jeg ætla að byrja mál mitt á að svara háttv. 2. landsk. þm. (S. E.).

Jeg held, að hann hafi ekki hugsað þetta mál nógu vel. Tökum t. d. jörð, sem er metin á 20000 kr., og hús, sem metin eru á 10000 kr. Eftir lögunum á að borga af húsunum það, sem nemur helmingi jarðarverðsins. En jeg álít hart að verða að gjalda jafnmikið af 10000 kr. í húsum sem af 10000 kr. í jörð. Jeg fer því fram á lækkun með brtt. minni.

En nú getur staðið svo á, að þetta standi ekki heima. Ef jörð er metin 10000 kr. og húsin á henni á 10000 kr., þá er 5000 kr. slept undan skattskyldu, eftir lögunum, og þá er breytingin engin, samkvæmt brtt. minni. Eftir brtt. á að gjalda helmingi minni skatt af helmingi meiri fjárhæð. Þetta kemur því alveg í sama stað niður. En ef jörðin er metin 5000 kr. og nauðsynleg hús á henni 4000 kr., þá verður lægri skattur á húsunum eftir minni brtt. en lögin ákveða, í stað þess, að mönnum, sem eiga hús, er metin eru 10000 kr., á jörð, sem metin er 5000 kr., er hlíft.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) talaði aðallega um stefnubreytingu, sem feldist í brtt. minni. Það er satt; hún hefir í för með sjer stefnubreytingu. En sú stefnubreyting stafar einkum af tilhliðrunarsemi við nefndina. Jeg álít, að stefnubreyting þessi sje rjettmæt og að ástæður til hennar sjeu nægar. En um skattskyldu á 10 ára jarðabótum er jeg fús til að bera mig saman við háttv. þm.

Háttv. frsm. meiri hl. (G. Ó.) hjelt, að jeg mundi ekki þekkja allar fasteignamatsnefndir nje tilhögun þeirra, fremur en hann. Það er satt, að jeg þekki þær ekki allar; en jeg geng að því vísu, að þær sjeu skipaðar líkt því, sem á sjer stað um nefndir, sem skipaðar eru til þýðingarmikilla starfa, sjeu skipaðar skynsemi gæddum mönnum, jafnvel talsvert skynsamari en háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) reynist. Jeg byggi því á þessu það, að þeir hafi vit á að fara eftir fyrirsögn stjórnarráðsins, sem það hefir gefið út, þeim til leiðbeiningar.

Að öðru leyti ætla jeg ekki að svara háttv. frsm. meiri hl. (G. Ó.) frekar; jeg álít, að þeim tíma, sem í það fer, sje illa varið, því að jeg treysti mjer ekki til að svara á þann hátt, sem best ætti við.

Sigurður Eggerz: Mjer sýnist, eins og jeg tók fram áður, að það muni vera allathugavert að fella takmörkunina burt úr lögunum á því húsverði, sem komi til skattaálagningar. Dæmi

það, sem háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) tók, sýnir, að ef jörðin er 20000 kr. virði og húsin 10000 kr. virði, þá kemur takmörkunin þar ekki til greina; það er alveg rjett. En á það er þá hins vegar að líta, að þessi jörð, sem er 20000 kr. virði og húsin 10000 kr., verður ekki talin yfirbygð, og er því í sjálfu sjer ekki athugavert að skattleggja húsin þar.

Taki jeg aftur annað dæmi, um að 15000 kr. hús sje bygt á 5000 kr. jörð, þá er ekki, samkvæmt núgildandi lögum, skattlagt nema um 2500 kr. af húsverðinu. En samkvæmt brtt. yrði alt húsverðið skattlagt. Jeg get ekki sagt, að neitt sje athugavert við það. En það tel jeg mjög óeðlilegt, þar sem hús á slíkri jörð mundu stór baggi á hlutaðeigandi, jörðin yfirbygð, eins og oft á sjer stað, og því órjettlátt að leggja skatt á þær eignir, sem engan arð veita, en eru svo kostnaðarsamar, að þær gera búskap á jörðinni mjög óaðgengilegan. Það hefir, að því er virðist, vakað fyrir löggjafarvaldinu í 9. gr., að um leið og jörð og hús væru lögð í skatt, þá væri tekið tillit til þess, að húsin væru við hæfi jarðarinnar. Væri ekki takmörkunum haldið í skattgildi húsanna, þá er ofnærri gengið þeim, sem verja miklu fje til að húsa jarðir sínar. Jeg vara því við því að fella þessa sjálfsögðu takmörkun á skattgildi húsanna úr lögunum.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Ólafsson): Jeg vil að eins bera hönd fyrir höfuð meiri hl. með örfáum orðum. Jeg verð að mótmæla því, að minni hl. nefndarinnar (G. G.) hafi breytt til um stefnu vegna meiri hl., hvað jarðabætur snertir; fremur gæti skeð, að segja mætti það um hús leiguliða.

Eftir framkomu háttv. minni hl. (G. G.) ætti það ekki að vera vonlaust, að háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) gæti snúið honum í sitt gamla far.

Frsm. minni hl. (Guðjón Guðlaugsson): Það er ekkert nema tölurnar, sem háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) kom með, sem jeg ætlaði að minnast á. Jeg álít, að þetta geti vel verið rjett, að það hafi verið hugsun löggjafans, að hús, sem svöruðu til helmings jarðarverðs, væru þau hús, sem jörðin þyrfti oftast nær með, til þess að vera sæmilega húsuð; það lætur ekki fjarri sanni. En reynsla mín hefir sýnt mjer það, að slík hús geta stundum verið allsendis ónóg. Jeg þekki t. d. eina jörð, sem jeg held að háttv. þingdeild þekki nafn á. Sú jörð er um $1^1/_2$—2 hundr.; á jörðinni eru 2 stór timburhús, engar engjar, að eins túnblettur fyrir 2 kýr. Þessi jörð hefir eigi að síður svona mikla byggingu vegna þess, að þar hefir verið sjávarútgerð og þær skipshafnir, sem sækja sjó þaðan, hafa orðið að vera þar; þar er því margt fólk, og auk þess kemur mikið af gestum þangað, og í því liggur það, að jörðin þarf að hafa svona mikla byggingu.

Þá er dæmi það, sem háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) tók, að á jörð, sem er talin 5000 kr. virði, sjeu hús virt á 15000 kr. Jeg verð að segja það, að jeg tel slíka byggingu hreinustu fjarstæðu. (**S. E.**: Það kemur víða fyrir). Getur verið, en er þá ástæða til, að peningar, sem þannig er varið, gefi ekkert af sjer fyrir landið, þegar tekinn er skattur af húsum, sem bráðnauðsynleg eru fyrir landið? Það er óhóf, sem má ekki eiga sjer stað. Jeg get því ekki skilið, að það geti talist sanngirni að sleppa 12500 kr. skattlausum á jörð, sem er ekki virt nema 5000 kr., þegar í hinu dæminu, sem jeg nefndi, verður að gjalda skatt

af öllum húsum. Jeg skil ekki annað, ef menn íhuga þetta atriði, en að menn sjái það, að jeg hefi nokkuð til míns máls.

Sigurður Eggerz: Jeg vildi taka það fram, að þegar skattar eru lagðir á, þá er það reglan að leggja ekki skatt á annað en arðsamar eignir. Stóru húsin á litlu jörðunum eru vanalega að eins baggi á þeim. Alt öðru máli er að gegna um hús í kaupstöðum eða sjávarþorpum, sem eru venjulega mjög arðsamar eignir. Samkvæmt gildandi lögum er ekki húsaskattur greiddur af íbúðarhúsum á jörðum eða öðrum jarðarhúsum, og er það af því, að eignir þeirra eru í eiginlegum skilningi ekki arðberandi.

ATKVGR.

Brtt. 317, 1. feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. St., H. H., Jóh. Jóh., M. K., E. P., G. G., G. B.
nei: H. Sn., K. E., K. D., M. T., S. E., S. J., G. Ó.

1. gr. feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jóh. Jóh., M. K., E. P., G. G., H. St., H. H., G. B.
nei: K. E., K. D., M. T., S. E., S. J., G. Ó., H. Sn.

Brtt. 317, 2. (sem verður frvgr.) samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. St., H. H., Jóh. Jóh., M. K., S. E., S. J., E. P., G. G., G. B.,
nei: G. Ó., H. Sn., K. E., K. D., M. T.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jóh. Jóh., M. K., S. J., E. P., G. G., H. St., H. H., G. B.
nei: K. E., K. D., M. T., S. E., G. Ó. H. Sn.

Á 28. fundi í Ed., laugardaginn 11. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 368, 396).

Frsm. minni hl. (Guðjón Guðlaugsson): Þetta mál er nú komið aftur til deildarinnar til 3. umr., og hefi jeg leyft mjer að skeyta dálítið framan við það, frá því sem það var samþ. við 2. umr. Brtt. við frv. á þgskj. 396 er nokkuð á annan veg en frv. var upphaflega, en hún er einföld og fljótskilin. Hún fer í þá átt að nema úr gildi 9. gr. fasteignamatslaganna. Jeg hygg, að allir muni geta skilið, að hún megi að skaðlausu hverfa úr lögunum, því að hún er eina greinin, sem ræðir um skattgjaldið, og á því þar naumast heima. Allar aðrar greinar laganna eru leiðbeiningar og reglur um það, hvernig matið eigi fram að fara. Greinin kemur því líkast því eins og skollinn úr sauðarleggnum og er með öllu óþörf. Auk þess er jeg þess fullviss, að hún verður mönnum mikið ásteytingarefni, og mikil óánægja mun af henni hljótast, ef hún verður svo langæ, að hún geti nokkur áhrif haft. Mjer hefir því komið til hugar, að rjettast muni að afnema hana, og jeg held, að jeg hafi jafnvel minst eitthvað á það í nefndinni, þó að jeg sje ekki viss um, að hv. meðnefndarmenn muni minnast þess, því að jeg lagði ekki mikla áherslu á það á því stigi málsins. Annars mun það hafa verið háttv. þm. Ísaf. (M. T.),

sem mintist á þetta við 1. umr. málsins og gat þess, að 9. gr. ætti ekki heima í lögunum. En þó að jeg álíti þetta heillaráð, get jeg samt ekki sagt, að jeg iðrist eftir því að hafa borið málið fram í þeirri mynd, sem jeg upphaflega gerði. Það hefir orðið til þess, að umræðurnar hafa orðið viðtækari en ella og hafa gefið tilefni til margskonar hugleiðinga, þegar að því kemur, að skatturinn verði lagður á. En jeg álít, að það sje skynsamlegt að fá þessu breytt nú þegar, nema þennan hortitt úr lögunum sem fyrst. Og jeg hygg, að engan muni furða á því, þó að skoðanir mínar hafi breyst nokkuð í þessu efni síðan farið var að fjalla um málið. Því að sannleikurinn er sá, að ábúðarskatturinn stendur alveg óhaggaður, þó að viðaukatillaga mín verði samþykt. Auk þess ber þess að gæta, að nauðsyn ber til að taka skattamálin í heild sinni bráðlega fyrir. Jarðamatsbókin verður væntanlega löggilt árið 1920, og þarf þess vegna að taka skattamálin til íhugunar þegar á næsta þingi.

Annars skal jeg geta þess í þessu sambandi, að hinn svokallaði ábúðarskattur af húsum leigulíða er í raun og veru alls enginn ábúðarskattur. Eignarskattur gæti að sjálfsögðu komið þar til greina, en ákvæði um hann verða að bíða síns tíma.

Jeg vona, að jeg þurfi svo ekki að fara fleirum orðum um viðaukatill. mína, því að jeg geng að því vísu, að háttv. þingdm. skilji málið svo vel, að þeir geti hæglega áttað sig á henni, og jeg treysti því, að þeir styðji hana, svo að hún nái að ganga fram.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Ólafsson): Svo er að sjá, sem lítið sætli að draga saman með okkur hv. 4. landsk. þm. (G. G.) í þessu máli. Því að jeg fæ ekki annað sjeð en að ver sje farið, ef 9. gr. fasteignamatslaganna verður úr gildi numin, fyrst að hún hefir verið þar frá upphafi. Hún getur haft áhrif á matið og hefir gert það, að jeg hygg, og getur því ruglingur hlotist af, ef henni er nú kipt í burt. Annars var þessi grein sett til þess, að taka mætti eftir henni ábúðarskattinn, meðan ekki yrði búið að semja ný skattalög. Reyndar ráðgerir háttv. 4. landsk. þm. (G. G.), að skattalög verði samin á næsta þingi, en þingsagan hefir svo þráfaldlega sýnt það, að framkvæmdir geta dregist nokkuð mikið á slíkum áformum. Og ef því verður ekki lokið 1. apríl 1920, þegar jarðamatsbókin gengur í gildi, þá er þó lakara, að þessi grein skuli ekki vera til, því að þá er jafnframt úr lögum numin tilskipun 1. apríl 1861, um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) taldi þessa grein ekkert koma fasteignamatinu við. Ef svo er, þá er hún að minsta kosti meinlaus. En, eins og jeg hefi bent á, þá er þetta misskilningur hjá háttv. þm. (G. G.), því að menn hafa einmitt tekið tillit til greinarinnar, og er því rangt að nema hana úr gildi, að svo stöddu.

Jeg tel ástæðulaust að minnast á launaviðbótina, sem fekk að standa eftir í frv. við 2. umr., þó að jeg hafi annars ýmislegt fleira um það efni að segja en jeg hefi gert hingað til.

Frsm. minni hl. (Guðjón Guðlaugsson): Mjer þykir leitt, að hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) getur ekki skilið að reglurnar fyrir matinu eru svo ljósar, að ekkert er um að villast fyrir matsmennina, hvernig þeir eiga að meta. Jeg er því á sömu skoðun og áður, að það geti ekki ruglað matið, þótt 9. gr. laganna verði numin í burt. Matsmennirnir eiga alls ekki að taka hana neitt til greina. Það að bera saman hið

gildandi hundraðatal við það, sem verður eftir að jarðir eru metnar nú eftir sannvirði þeirra, það gera nefndarmenn að eins sjer til skemtunar, en kemur matinu alls ekkert við.

Um skattgjaldið er það að segja, að þótt það dragist til 1920 að semja skattalög, þá hefir engum komið til hugar að afnema gamla ábúðarskattinn. Landsstjórnin tekur sig nú væntanlega til og semur sjerstaka bók, þar sem fasteignir eru lagðar í hundruð, og svo verður ábúðarskatturinn tekinn samkvæmt henni. Skatturinn verður sami og áður, en hundraðatalan breytist. Annars hygg jeg, að til þessa geti naumast komið, því að allar líkur eru til þess, að aukaþing verði að ári, og svo verður reglulegt þing 1919, og er næsta ólíklegt, að bæði þingin sleppi skattalögunum með öllu. Því að nú er sannarlega ekki vanþörf á að fara að hugsa eitthvað fyrir tekjunum og hætta að snúa sífelt þeirri sveifinni að ausa út fje, án þess að hugsa um, hvað koma á í staðinn.

Jeg hygg, að ekki geti liðið lengur en til 1920, að almenn skattalög verði sett fyrir landið, og er þá auðvitað, að þetta atriði verður einnig tekið með.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Ólafsson): Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) hjelt því fram, að því er mjer skildist, að 9. gr. fasteignamatslaganna yrði ekki að notum til þess að ákveða skatt, þegar fasteignamatsbókin væri komin í gildi. En eftir 9. gr. fasteignamatslaganna er gangverð jarðarhundraða 150 kr. Jörð, sem metin er svo og svo mörg hundruð króna, er talin svo og svo mörg hndr. á landsvísu til ábúðarskatts eftir matsverðinu. Það sjest því samkvæmt 9. gr., hve mörg hundruð hún er, þangað til ný skattalög kunna að gera breytingu á því.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) gat þess, að líklega yrði háð aukaþing að ári. Það tel jeg þó engan veginn víst, og ekki heldur áreiðanlegt, að það aukaþing og næsta reglulegt þing ráði skattalögum til lykta. Skattamál eru vandasöm mjög, og hafa margir háttv. þm. látið þá skoðun uppi opinberlega nú á þinginu, að ógerlegt sje að leggja út í nokkrar verulegar breytingar á skatta- og tollalöggjöf landsins meðan svipað ástand helst og nú er hvað verslun og framleiðslu snertir.

ATKVGR.

Brtt. 396. samþ. með 7 : 1 atkv.

Einn þm. (M. T.) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 : 1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 13. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fasteignamat, nr. 22, 3. nóv. 1915,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 420).

Á 36. fundi í Nd, föstudaginn 17. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Stefán Stefánsson: Eftir mínu áliti er frv. þetta mjög varhugavert. Þar er ráðið til að fella burt úr fasteignamatslögunum ákvæðin um það, eftir hvaða reglum jarðir skuli telja til ábúðarskatts, og sömuleiðis ákvæðin um húsaskatt af skattskyldum húseignum. Ef svo væri gert, þá verða engin ákvæði til um það lengur, hvernig ábúðar- og húsaskattur skuli lagður á eftir að fasteignamatslögin koma í gildi, því að í þeim lögum er mælt svo fyrir, að þegar matinu sje lokið, skuli landsstjórnin láta semja fasteignabók fyrir alt landið, og þá falli jarðabókin frá 1861 úr gildi.

Enn er það athugavert við frv., að vafi getur leikið á því, hvort hækkunin á þóknuninni fyrir fæði og ferðakostnað eigi að ná til alls starfstímans, eða að eins frá því, að matsnefndir byrjuðu á matinu og til þess tíma, sem nefndirnar vinna að því eftir að breytingin verður að lögum.

Eftir frv. getur þetta skilist á báða vegu, og verður að sjálfsögðu að athugast af nefnd, áður en deildin lætur málið frá sjer fara.

Pjetur Þórðarson: Jeg held, að það sje misskilningur hjá háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.), að frv. þetta komi nokkuð við lögum um húsaskatt. Hitt er rjett, að það kemur við lögum um ábúðarskatt. Jeg held, að það væri ekki skaði skeður, þótt þessi ákvæði fjellu burt, því, sýnilegt er, að það þarf í nánustu framtíð að gera ný ákvæði um það, hvernig leggja skuli skattinn á. Ný skattalöggjöf mun nú liggja við borð.

Misskilningur var það og hjá sama háttv. þm. (St. St.), að kauphækkunin ætti að gilda afturfyrir sig. Svo er aldrei um nein lög, að þau gildi um það sem liðið er. Auðvitað er átt við þann tíma, sem eftir er, svo lengi sem fasteignamat fer fram, eftir þessum lögum.

Rjettast væri að málið færi í nefnd, og teldi jeg allsherjarnefnd heppilegasta.

Stefán Stefánsson: Það er næst að halda, að háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) hafi ekki lesið lagagreinina, sem um er að ræða að fella burt. Skal jeg með samþykki forseta lesa hana. Hún hljóðar svo:

»Til ábúðarskatts skulu hverjar 150 kr. í matsverði jarða taldar 1 hundrað á landsvísu. En því skal slept til ábúðarskatts, sem verð húsa kann að fara fram úr helmingi af matsverði jarðar, að undanskildu verði húsanna og þeirra mannvirkja og umbóta, sem gerð hafa verið á jörðunum síðustu 10 árin.

Húsaskattur af skattskyldum húsum skal tekinn af matsverði húsanna, að viðbættu matsverði þeirrar lóðar eða lóðarrjettinda, er hverri húseign fylgir«.

Hjer er bæði tekið fram um ábúðar- og húsaskattinn, og ætti öllum að vera sjáanlegt, að nauðsynlegt er að halda þessum ákvæðum, þá breyttum eða nokkru ljósari, því að vart getur það gengið, að ekkert sje um þetta sagt.

Um hitt atriðið, að vafamál sje, hvort kauphækkunin eigi að gilda fyrir allan tímann, sem fasteignamatið hefir staðið yfir, eða að eins þann tíma, sem eftir er, þegar breytingin kemur í gildi, skal jeg geta þess, að efri deildar mönnum, sem þegar hafa samþykt frv., ber ekki saman um, hvort heldur sje, og jeg hefi einnig borið þetta undir lögfræðing, og hann taldi það mjög mikið vafamál; þó öllu líklegra, að það tæki yfir allan starfstíma nefndanna, enda munu fleiri skilja breytinguna þannig. Háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) verður því að viðurkenna, að það er full nauðsyn á að gera þetta ljósara.

Jeg vildi að eins vekja athygli á þessu, svo að frv. gengi ekki athugunarlaust í gegnum deildina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1612) með öllum gr. atkv. gegn 1.

Á 46. fundi í Nd., miðvikudaginn 29. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 420, n. 630, 631, 635).

Frsm. (Stefán Stefánsson): Jeg gat þess við 1. umr., að naumast gæti komið til mála að samþykkja þetta frv. óbreytt, eins og það kom frá hv. Ed., sjerstaklega 1. gr. þess. Jeg gat þá um helstu ástæðurnar fyrir því, hvers vegna jeg teldi það ákvæði naumast geta komið til mála, og hirði ekki að telja þær upp nú, með því líka að landbúnaðarnefndin hefir einróma fallist á þær og í samræmi við þær komið fram með brtt., sem er einskonar skýring eða nánari sundurliðun ákvæðanna um skattaálagninguna eftir 9. gr. fasteignamatslaganna, samskonar og samþykt var hjer í Nd. á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt í hv. Ed. Þessi brtt. er á þgskj. 631, og þar tilgreint í þremur liðum, hvað sje undanskilið ábúðarskatti. Um greinina, þannig orðaða, er nefndin öll á einu máli.

Þar á móti hefir nefndin ekki getað komið sjer saman um 2. gr. Meiri hluti nefndarinnar, sem jeg telst til, telur viðunanlegt, að borgun til matsmanna sje 6 kr. á dag frá 1. jan. 1917, en í frvgr. er það sett 7 kr., án þess að þar sje tiltekið, hvort launin eigi að reiknast svo frá því, að frv. er staðfest, eða frá þeim tíma, er matið hófst. Þetta vildi nefndin ákveða, svo að enginn vafi gæti á því leikið, og var öll sammála um að setja takmark daglaunahækkunarinnar frá 1. jan. 1917. Lengra aftur í tímann kom nefndinni saman um að fara ekki. Nú eru tímarnir svo breyttir, að ástæða er til þess að borga meira en þegar matið byrjaði, og hefir sú breyting aðallega orðið nú á síðustu tímum. Meiri hluti nefndarinnar hafði aðallega fyrir augum hækkun á kaupi sýslunefndarmanna í 6 kr., sem samþykt hefir verið nú í þinginu, og það án þess, að um það yrði nokkur verulegur ágreiningur. Á það ber að líta, hvað matið snertir, að matsmenn geta mjög mikið unnið að því heima hjá sjer á vetrum, en sýslunefndarmenn eru þann tíma, sem þeir fá kaup, að heiman og þá alloftast í kaupstað eða kauptúnum, svo að dvölin verður þeim venjulegast mjög kostnaðarsöm. Annars er meiri hluta nefndarinnar þetta ekkert kappsmál, lætur það algerlega vera á valdi deildarinnar, hvernig fer um þennan ágreining, en óneitanlega er þessi samanburður, er jeg hefi bent á, mjög sanngjarn.

Jón Jónsson: Nefndin hefir komið sjer prýðilega vel saman, að öðru en því, að við tveir höfum ekki viljað breyta launaupphæðinni, hv. þm. Mýra. (P. Þ.) og jeg, en þó verið sammála hinum um það að tiltaka launahækkunina frá 1. jan. þ. á. Við teljum ekki ofhátt að setja kaupið 7 kr. á dag, sjerstaklega á þessum tíma, þegar þess er gætt, að matsmennirnir þurfa að ferðast og kaupa dýra vinnu fyrir sig, sem tæplega fæst fyrir minna. Okkur finst einnig rjett að bæta upp, hvað starfið hefir verið lágt launað frá fyrstu, svo að það verði þá 6 kr. á dag að jafnaði með þessari till. okkar. Okkur hefir þótt óþægilegra að láta frv. ná lengra aftur fyrir sig en til 1. jan. þ. á.

Jeg vænti, að deildin fallist á, að kauphækkunin sje nauðsynleg, með því líka að ýmsir matsmenn bíða með óþreyju eftir úrslitum þessa frv. og láta í veðri vaka, að þeir muni segja af sjer, ef hækkunin verður ekki samþ.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Jeg ljet þess getið, að meiri hluta nefndarinnar væri ekkert verulegt kappsmál um kaupið. En jeg vil geta þess, að jeg hefi fengið yfirlit yfir reikninga þá og vinnudaga, er nefndirnar hafa gefið til stjórnarráðsins, og eftir því að dæma er vafasamt, hversu samviskusamlega

sumir reikningarnir eru gerðir; t. d. er útborgun til einnar nefndarinnar orðin yfir 4800 kr., en aftur í sumum öðrum innan við 1000 kr. Þetta er óneitanlega hálfundarlegt, að svo afarmisjafnlega langan tíma skuli hafa verið að matinu unnið, og þegar þess er líka gætt, að sú sýsla, sem hæst hefir komist með sinn vinnureikning, byrjaði ekki fyr en í júní 1916. Eftir þessu virðist, svona í flýtu bragði, hafa verið notuð dálítið misjafnlega heimildin til að gefa vinnureikningana, svo að spurning geti jafnvel verið um það, hvort hækka beri dagkaupið, þar sem upphæðirnar eru svona afarmismunandi.

ATKVGR.

Brtt. 631, 1. (ný 1. gr.) samþ. í e.hlj.
— 635. samþ. með 14:4 atkv.
— 631, 2., svo breytt (ný 2. gr.), samþ. í e.hlj.
Fyrirsögn talin samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e.hlj.

Á 48. fundi í Nd., föstudaginn 31. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 719).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e.hlj. og endursent Ed.

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 1. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fasteignamat, nr. 22, 3. nóv. 1915,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 745).

Á 55. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 745, 901).

Afbrigði leyfð og samþ. um brtt. 901, er ofseint var útbýtt.

Hjörtur Snorrason: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt. á þgskj. 901, sem er í samræmi við breytingu þá, sem gerð var á frv., þá er það var til meðferðar síðast hjer í deildinni. Brtt. gengur nefnilega út á það, að úr gildi sje numin 9. gr. fasteignamatslaganna. Háttv. deild samþykti þá breytingu þessa með öllum þorra greiddra atkvæða (10:1), en háttv. Nd. hefir svo tekið upp á því að setja greinina aftur, lítið eitt breytta, eða eins og hún stóð í frv. því, sem þingið í vetur er leið vísaði til stjórnarinnar. Þar sem nú bæði háttv. flm. frv. (G. G.) og fl. hafa fært nokkur rök fyrir því áður hjer í háttv. deild, að umrædd gr. fasteignamatslaganna sje óþörf og gagnslaus, þá sje jeg ekki þörf á að fara um þetta fleirum orðum, en get ekki annars vænst en að háttv. deild samþykki brtt. þessa, enda er það í fullu samræmi við það, sem hún hefir áður gert.

Frsm. minni hl. (Guðjón Guðlaugsson): Frv. þetta kemur ekki í bættum búningi frá háttv. Nd.; hún hefir breytt 1. gr. þess og fært í sama stíl og hún samþykti í vetur. Og þar sem hún hefir hjer að eins endurtekið fyrri samþykt sína, þá býst jeg við, að það gæti orðið frv. að falli, ef þessari grein yrði breytt hjer, og vil því ráða háttv. þm. til að samþykkja frv. óbreytt og fella brtt. á þgskj. 901.

ATKVGR.

Brtt. 901. feld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. Sn., K. D., M. T., S. E., S. J., G. Ó.
nei: Jóh. Jóh., K. E., M. K., E. P., G. G., H. St., G. B.
Einn þm. (H. H.) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 8:1 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 931).

56. Húsmæðraskóli á Norðurlandi.

Á 8. fundi í Ed., föstudaginn 13. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stofnun hússtjórnarskóla á Norðurlandi (A. 56).

Á 9. fundi í Ed., mánudaginn 16. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Kristjánsson): Hæstv. forseti mæltist til þess á síðasta fundi, að þingmenn takmörkuðu umræður svo sem unt væri, vegna hins mikla kostnaðar við að prenta þingtíðindin. Jeg skal reyna að verða við þessum tilmælum, enda hefir mjer ekki verið brugðið um óþarfa mælgi hingað til.

Jeg býst við, að háttv. þingdm. hafi kynt sjer frv. með þeim ástæðum, er því fylgja, og býst því ekki við, að það þurfi neinna sjerstakra skýringa við, enda þykir ekki vel við eigandi að fara út í einstök atriði við 1. umr. Nokkur orð um undirbúning málsins verð jeg þó að láta fylgja því inn í hv. deild.

Það vill svo vel til, að þetta mál er ekki neinn nýr gestur, þótt ekki hafi það, mjer vitanlega, verið borið fram í frumvarpsformi í þessari deild. Á Alþingi 1915 bar jeg fram tillögu um fjárveitingu í sama skyni; sú tillaga náði þá allmiklum byr, en fyrir óhapp eða illvíga »agitation« var hún feld; hefir það mælst mjög illa fyrir. En það er, sem betur fer, um þetta mál, eins og mörg önnur góð málefni, að þótt í bili takist að víkja þeim út af rjettri braut, þá koma þau fram aftur, og það verður löngum svo, að betri málstaðurinn sigrar. Jeg lít svo á, að það sje að eins tímaspurning, hve nær þetta mál kemst fram, en þrátt fyrir það virðist það ekki nema rjett, að þingið láti uppi stefnu sína í þessu máli.

Hjer er ekki um neitt fljóthugsað fleipur að ræða; geta menn sannfærst um það, ef menn vilja kynna sjer skjöl þau um þetta mál, er liggja frammi á lestrarsalnum. Eru þau undirskrifuð af alt að tveim þúsund konum og von á fleiri undirskriftum bráðlega. Enn fremur liggur þar frammi ávarp til Alþingis, undirskrifað af 15 konum, og hygg jeg, að flestir muni líta svo á, að þær sjeu meðal hinna fremstu kvenna norðanlands, og jafnvel þótt víðar væri leitað.

Þetta virðist mjer full sönnun þess, að málið sje ekki ótímabært. Þessar konur finna það best, hvar skórinn kreppir, að því er snertir þörfina fyrir slíka stofnun. Mjer er kunnugt um, að konurnar byggja vonir sínar, meðal annars, um fljótan og góðan framgang þessa máls á því, að hjer í deildinni sitja menn, sem barist hafa fyrir jafnrjettiskröfum þeirra í opinberum málum. Þær treysta því, að ekki hafi verið ætlast til, að jafnrjettið væri að eins í orði, en ekki á borði, og því bera þær nú fram þessa kröfu, sem þær telja eitt hið allra mesta nauðsynjamál hinnar uppvaxandi kynslóðar.

Kröfur þær, sem hjer eru fram settar, geta ekki talist annað en hógværar. Það er ekki farið fram á það, að málinu sje hraðað svo mjög, heldur að eins, að því verði gaumur gefinn og því sint, þegar

ástæður breytast og tími kemur til framkvæmda. Aðrar kröfur er ekki hægt að gera að svo stöddu. Hvort þeim verður fullnægt er undir því komið, hvort háttv. þm. viðurkenna þennan rjett kvennanna til sjermentunar í líkum mæli og karlmenn geta notið. Jeg legg því þetta mál öruggur undir dóm hæstv. Ed., í fullu trausti þess, að til hennar sje valið svo vandað og í henni sitji svo þroskaðir menn og víðsýnir, að þeir muni ekki kæfa nýgræðing þennan, heldur þroska hann og hlúa að honum eftir föngum.

Það er líka ósk mín, að málið verði tekið til rækilegrar íhugunar og greiddur gangur þess sem fyrst hjer í háttv. Ed., svo að háttv. Nd. fái einnig að fjalla um það; því að fari nú svo, sem mjer þykir ótrúlegt, að því yrði brugguð banaráð, þá þætti mjer þó viðkunnanlegra, að þessi háttv. deild hefði ekki orðið til þess.

Sannfæring mín er sú, að ef mál þetta nær fram að ganga, þá verði það til þess, að konum gefst kostur á að þroska sína miklu og góðu hæfileika, til ómetanlegs gagns fyrir þjóðina.

Vil jeg svo gera það að tillögu minni, að málinu verði vísað til mentamálanefndar. Vona jeg, að hún skilji mikilvægi þess og veiti því stuðning sinn.

Atvinnumálaráðherra (**S. J.**): Jeg er þakklátur háttv. flm. (M. K.) fyrir að hafa komið fram með frv. þetta, sem fer í þá átt að bæta þroskaskilyrði kvenna. Allir munu sammála um það, að hjer er um brýna nauðsyn að ræða, ekki síst þegar þess er gætt, að konur hafa nú þegar fengið aukin rjettindi sín að miklum mun og hafa þegar tekið þátt í alþingiskosningu þeirra háttv. þm., er hjer sitja.

Jeg er háttv. flutnm. (M. K.) sammála í öllum aðaldráttunum. Jeg vildi að eins víkja að því nokkrum orðum, að mál þetta er ekki nýr gestur hjer. Það eru þegar liðin 10 ár síðan um það var fjallað fyrst á Alþingi. Væri því vel við eigandi, í sambandi við hluttöku kvenna í kosningum, að það yrði nú afgreitt.

Jeg tók svo eftir, að háttv. flm. (M. K.) segði, að málið hefði ekki fyr komist inn á þing í frumvarpsformi. Það er ekki rjett athugað, því að 1907 var lagt fyrir Alþingi frv. um þetta efni (þgskj. 512), og var það samþykt í Nd. Var upphaflega til þess ætlast, að settir yrðu á stofn 2 slíkir skólar, annar á Suðurlandi, en hinn á Norðurlandi.

Skólar þessir áttu að vera hið sama fyrir konur sem búnaðarskólar eru fyrir karlmenn. Neðri deildar frv. gerði að eins ráð fyrir einum skóla, og það á Norðurlandi. Í Ed. varð frv. ekki útrætt.

Árið 1909 kom fram till. til þingsályktunar í Nd., þar sem skorað var á landsstjórnina að taka málið til rækilegrar íhugunar og leggja fyrir næsta þing till. um stofnun húsmæðraskóla.

Till. þessari fylgdi allítarlegt nefndarálit, sem jeg vona að háttv. mentamálanefnd kynni sjer, ef málinu verður vísað til hennar.

Árið 1911 bar málið enn á góma, í sambandi við ósk Múlsýslunga um það, að landið tæki að sjer Eiðaskóla. Margir voru þá þess hvetjandi, að þar yrði settur á stofn húsmæðraskóli.

Alt miðar þetta, sem jeg nú hefi drepið á, að sama markinu, að konan verði sem bestrar mentunar og þroska aðnjótandi og eigi því hægra með að gegna vandastörfum þeim, er á húsmæðrum hvíla. Vona jeg, að allir sjái, að hjer er ekki um neitt hjegómamál að ræða.

Vona jeg líka, að háttv. þm., og þá ekki síst læknar þeir, er hjer eiga sæti, þeir hæstv. forseti og háttv. þm. Snæf. (H. St.), viðurkenni fyllilega þörfina á fræðslu þeirri í heilsufræði, sem frv. fer fram á, auk kenslu í öðrum greinum, sem að meira eða minna leyti grípa inn á svið hreinlætis og heilbrigði.

Lít jeg svo á, sem þetta hafi bæði siðmenningar- og fegurðarþýðingu fyrir heimili vor, og þá ekki síður fjárhagslega þýðingu, því að satt mun reynast máltækið: »Ef bóndinn eyðir, brennur búið hálft; ef konan eyðir, brennur búið alt«.

Þess ber líka að gæta, að um leið og þetta er þjóðþrifakrafa, er það líka jafnrjettiskrafa. Og það er ekki nóg að gefa með annari hendinni, en halda hinni kreptri utan um skilyrðin fyrir því, að gjöfin geti orðið að notum.

Það á ekki við, á þessu stigi málsins, að fara út í einstök atriði; verður sjálfsagt kostur á því við 2. umr.

Vil jeg þó með örfáum orðum minnast á nokkur atriði. Hefi jeg tekið eftir því, að ekki ber saman frv. og dagskránni. Í frv. stendur nafnið »hússtjórnarskóli«, en á dagskránni »húsmæðraskóli«. Felli jeg mig miklu betur við hið síðara. Þetta er að vísu smávægilegt atriði og verður sjálfsagt athugað síðar; en til þess er málið að skýra hugsunina, og skylt er að vanda það svo, að ákveðið sje og afmarkað það, sem við er átt. Þá er annað atriði, sem líka verður að bíða til síðari athugunar, og má búast við, að um það verði ekki allir á eitt sáttir. Það er, hvar best muni að hafa skólann. Um það er ekkert ákveðið í frv. Má þar ganga að því vísu, að dómar verði misjafnir. Veit jeg um marga, sem vilja hafa skólann í sveit og hyggja hann þar betur kominn en í kaupstað.

Í sambandi við það vil jeg leyfa mjer, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp áskorun frá allmörgum konum úr nokkrum sýslum á Norðurlandi:

»Vjer undirritaðar konur á Norðurlandi viljum hjer með skora á hið háa Alþingi Íslendinga að gera ráðstafanir til þess, að komið verði á fót húsmæðraskóla í sveit á Norðurlandi, svo fljótt sem ástæður frekast leyfa.

Vjer viljum sjerstaklega leggja áherslu á það, að skólinn verði settur í sveit og hafi jörð til afnota, því vjer álítum, að með því sje meiri trygging fyrir því, að skólinn geti komið að haldgóðum notum fyrir alþýðukonur.

Mars 1917.

Virðingarfylst.

Guðrún Sigurðardóttir,
Halldórsstöðum, S.-Þingeyjarsýslu.
Halldóra Arnljótsdóttir,
Þórshöfn, N.-Þingeyjarsýslu.
Hólmfríður Pjetursdóttir,
Gautlöndum, S.-Þingeyjarsýslu.
Jónína Sigurðardóttir Líndal,
Akureyri.
Kristbjörg Marteinsdóttir,
Ystafelli, S.-Þingeyjarsýslu.
Margrjet Símonardóttir,
Brimnesi, Skagafjarðarsýslu.
María Jónsdóttir,
Reykhúsum, Eyjafjarðarsýslu.
Ragnheiður Davíðsdóttir,
Fagraskógi, Eyjafjarðarsýslu.
Sigríður Ólafsdóttir,
Árgerði, Eyjafjarðarsýslu.
Sólveig Pjetursdóttir,
Völlum, Eyjafjarðarsýslu.
Valgerður Lárusdóttir Briem,
Hrafnagili, Eyjafjarðarsýslu.
Vilborg Guðmundsdóttir,
Grjótnesi, N.-Þingeyjarsýslu.«

Jeg drep að eins lauslega á þetta atriði nú, hvar skólinn eigi að standa. Þeir, sem vilja koma með ákveðnar

skoðanir í því efni, munu fá tækifæri til þess síðar. Annars býst jeg við, að ágreiningur verði um það í báðum deildum. En von mín er sú, að það verði aldrei frv. til falls, og illa væri það farið, ef einhver annar smávægilegur ágreiningur yrði því að fótakefli. Get jeg ekki heldur sjeð, að við slíku sje hætt, því að hjer er ekki farið fram á neitt, sem stranda þarf á yfirstandandi ástæðum. En þá væri vel farið, ef við gætum unnið að þjóðþrifamálum og bygt fyrir komandi kynslóðir í kyrþei, meðan hæst láta herbrestirnir og vopnagnýrinn í umheiminum.

Jeg vil styðja till. háttv. fim. (M. K.), að máli þessu verði vísað til mentamálanefndar og vona jeg, þótt ágreiningur kunni að rísa um einstök atriði, þá komi hún sjer saman og sjái bestu leiðirnar.

Jeg sje, að háttv. fim. (M. K.) hefir beðið um orðið, en býst ekki við að geta svarað athugasemdum þeim, er hann kann að gera við ræðu mína, vegna þess, að jeg er kallaður hjeðan úr þingsalnum.

Annars vil jeg benda honum á það, að ef skólinn yrði stofnaður í sveit, þá þætti mjer vel við eiga, að stofnaður yrði sjerstakur skóli á Akureyri, á líkan hátt og Húnvetningar hafa gert hjá sjer. Mundi þeim skóla sjálfsagt verða veittur opinber styrkur. Finst mjer, að þetta gæti verið millivegur. Viðurkenni jeg það fúslega, að þörf er á slíkum skóla í kauptúnum, ekki síður en í sveit, en öðruvísi er þar til háttað og annað, sem með þarf. Mundi það því óneitanlega vera besta ráðið að hafa hvorn skólann á sínum stað.

Flm. (Magnús Kristjánsson): Hæstv. atvinnumálaráðherra hefir, að því er mjer skildist, ekki tekið nákvæmlega eftir orðum minum.

Hann (atvinnumálaráðh.) sagði, að jeg gengi út frá því, að málið sje hjer nýtt í frumvarpsformi. Það voru ekki mín orð, heldur sagði jeg, að málið væri ekki nýtt í þinginu, og er mjer fullkunnugt um alt það, er hann sagði um sögu málsins frá upphafi. Annars víkur því dálítið öðruvísi við en honum fórust orð um frv. 1907. Hugmyndin er þar að eins um lítinn sveitaskóla, sniðinn, að mestu eftir »Den praktiske Jenteskole i Smaalenenes Amt i Norge«. Hjer er öðru máli að gegna og um alt annan grundvöll að ræða.

Hitt var alveg rjett tekið fram af hæstv. atvinnumálaráðh., að ágreiningur mundi verða um það, hvar skólinn eigi að standa. Í sambandi við áskorunarskjal það, er hann las upp frá norðlenskum konum, þá get jeg lýst yfir því, og hefi þegar gert það í framsögu minni, að hjer liggur frammi annað áskorunarskjal frá konum, svo að þúsundum skiftir. Finn jeg ekki ástæðu til að lesa það upp og tefja með því fyrir störfum hæstv. deildar. Vona jeg, að háttv. þm. kynni sjer það sjálfir, er þeir rannska málið. En þar sem áskorunum þessum ber ekki saman um staðinn, þá ætti það að nægja til þess, að það atriði yrði látið liggja á milli hluta fyrst um sinn. Enda skortir málið undirbúning til þess, að hægt sje að ræða um það. Kemur það fyrst til greina er til framkvæmdanna kemur, og verður það þá að líkindum hlutverk stjórnarráðsins og fræðslumálastjórnar að ákveða staðinn.

Þá vil jeg með örfáum orðum minnast á athugasemdir hæstv. atvinnumálaráðh. um nafn skólans. Eftir minni hyggju er »hússtjórnarskóli« betra nafn,

Það orð er rýmra. Og eftir algengri merkingu orðsins »húsmóðir«, þá er það vafalaust, að fleiri konur hafa þörf á mentun þeirri, er skólinn á að veita, heldur en þær, sem því nafni nefnast.

Þar sem hæstv. atvinnumálaráðh. er farinn af fundi, sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið að þessu sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv., og til mentamálanefndar (sjá A, bls. 1606) með 10 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 21. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 56, n. 493, 505).

Frsm. (Eggert Pálsson): Það er að vísu eigi margt um þetta mál að segja. En þó er ekki hægt að neita því, að hjer er um allmikilsvert mál að ræða. Í fyrsta lagi er það mikilsvert þeim, sem skólans eiga að verða aðnjótandi, og í öðru lagi er það merkilegt að því er til landssjóðs kemur, því að hjer er um ný útgjöld af hans hálfu að tefla. Og þessi útgjöld eru ekki að eins fólgin í því að koma upp skólanum, heldur og einnig í viðhaldi á honum, og til þess þarf allmikið fje, sem við er að búast að aukist með tímanum. En þótt hjer sje um útgjöld að ræða, áleit nefndin sjálfsagt að sinna málinu. Það hafa komið æ glöggari óskir frá þessum hjeruðum um, að slíkum skóla, sem hjer um ræðir, yrði komið þar á fót. Og það er langt síðan þessar óskir komu fyrst fram. Má segja, að fyrstu lifandi óskirnar sjeu hjer um bil jafngamlar kvennaskólanum gamla í Reykjavík. En, eins og skjölin bera með sjer, hafa þessar óskir þroskast smám saman og orðið eindregnari.

En þótt óskirnar sjeu að þessu leyti samræmilegar, þá kemur þeim þó ekki saman um, hvar skólinn skuli stofnaður. Um það virðist vera talsverður ágreiningur, hvort skólinn skuli standa í Þingeyjarsýslu eða Eyjafirði eða á Akureyri. Meiri hluti sveitanna óskar, að skólinn standi í sveit. En Akureyrarkaupstaður, sem er mannmargur, æskir, að hann verði reistur þar. En það er auðvitað ekki greitt fyrir eina þingnefnd, sem svo er skipuð, að hún hefir lítinn áhuga á því, hvar skólinn skuli standa, að greiða úr þessum ágreiningi. Hins vegar hlaut nefndin samt að láta í ljós sína skoðun á þessu atriði málsins, og meiri hluti hennar áleit, að slík stofnun sem þessi hlyti að verða reist þar, sem auðvelt væri um aðdrætti, til þess að koma henni upp og starfrækja hana. En vjer vitum, að í sveitum eru aðdrættir víðast hvar erfiðir, og þá er ekki annað að leita en til sjávarins. Þess vegna áleit meiri hluti nefndarinnar, að hagkvæmast mundi að reisa skólann við Eyjafjörð. Hann má heita miðdepill allra samgangna við Norðurland, og jafnframt er þar þjettbýli mest og yfirleitt allir aðdrættir auðveldastir. En annars var það ekki beinlínis hlutverk nefndarinnar að greiða úr þessu. Hún vonast til, að leyst verði úr ágreiningnum með samskomulagi milli hlutaðeigenda og ákvæðum af stjórnarinnar hálfu. Að því lýtur fyrsta brtt. nefndarinnar, að skólann skuli stofna við Eyjafjörð, í staðinn fyrir á Akureyri eða í grend við Akureyri. En hún vildi ekki ákveða staðinn nánar og vonaði, að það mundi verða að samkomulagi, hvort skólinn yrði reistur á Akureyri eða þar í grend, eins og flutningsmaður (M. K.) ætlaðist til, eða annarsstaðar við fjörðinn.

Aðrar brtt. nefndarinnar eru ekki svo mikils verðar, að eyðandi sje orðum að þeim, að 5. brtt. fráskilinni.

Hinar brtt. nefndarinnar eru fremur orðabreytingar en efnisbreytingar, að öðru en því, að nefndin leggur til, að hjerað það, þar sem skólinn verður reistur, leggi fram $^1/_3$ kostnaðar. Þetta er í fullu samræmi við gerðir þingsins í mörgum öðrum málum, t. d. framlög til hafna, vega o. fl., og nefndinni fanst það rjett, að hjerað það, er fær skólann innan sinna vjebanda, leggi skerf til hans.

Jeg hygg, að brtt. nefndarinnar sjeu svo greinilegar, að jeg þurfi ekki að skýra þær nánar, en óska þess, að frv., með breytingum nefndarinnar, nái fram að ganga.

Guðmundur Ólafsson: Jeg er ekki að öllu leyti sammála háttv. meðnefndarmönnum mínum og hefi því skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara.

Meðnefndarmenn mínir eru sammála um það, að rjett væri að breyta því í frv., að skólinn ætti að vera á Akureyri eða í grend við hana, og er jeg þeim samþykkur um það. Þá hefir nefndin sett í staðinn fyrir það, að skólinn eigi að standa við Eyjafjörð, og miðar hún við það, að best sje, að skólinn sje þar í sveit settur, sem þægilegt er með aðflutninga. En þegar verið er að ræða byggingu skólahúss, þá má ekki taka minna tillit til þess, hvar hægast er með alt efni til byggingarinnar, og það geta annarsstaðar verið betri skilyrði fyrir því heldur en niður á sjávarbakkanum. Mjer hefði fundist rjettast, úr því að samkomulag hefir orðið um það, að ekki sje rjett að fastákveða, hvar skólinn eigi að vera, að Alþingi hefði látið það vera alveg óákveðið, að eins ákveðið, að hann skyldi stofnast á Norðurlandi. Það er líka í beinu samræmi við fyrirsögn frumvarpsins. Við vitum það, að það er nú allmikill ágreiningur um það, hvort skólinn eigi að standa í sveit eða kaupstað, og úr þeim ágreiningi leysir frv. ekki. Og þótt það kunni að vera ódýrara að reisa skólahúsið við sjó, þá verða hv. þm. að gæta þess, að rekstrarkostnaðurinn við sveitaskóla er venjulega mun minni en við kaupstaðarskóla.

Við 1. umr. þessa máls lagði hv. þm. Ak. (M. K.) mikla áherslu á það, að það væri almennur vilji þar nyrðra, að skólinn væri bygður á Akureyri, og vitnaði í því efni til undirskrifta á aðra þús. kvenna á Norðurlandi, en síðan sú umr. var hafa borist undirskriftir frá mjög mörgum konum á Norðurlandi, sem telja það óheppilegt, að skólinn sje á Akureyri, en óska þess, að hann sje í sveit, og þær eru fleiri en hinar. Um þetta mál hefir allmikið verið ritað í norðanblöðin, og hefi jeg kynt mjer það, og finst mjer, að þær konur, er vilja hafa skólann í sveit, færi gildari rök fyrir máli sínu. Vil jeg þar sjerstaklega benda á greinar húsfrú Jónínu Sigurðardóttur Líndal, en hún hefir aðallega haft orð fyrir konum þeim, sem vilja hafa skólann í sveit.

Þá talaði þessi hv. þm. (M. K.) mikið um það, hversu ötullega »forstöðukonurnar á Akureyri« hefðu unnið að undirbúningi málsins nyrðra. En jeg held, að þessi mikli undirbúningur þeirra, sem háttv. þm. (M. K.) talaði um, sje mest fólginn í því að þrátta um það, hvar skólinn eigi að standa; jeg hygg, að hann sje ekki jafnmikill í öðru. Þær hófu undirskriftir um það, að best væri að skólinn væri á Akureyri; þar væri, aðalfólkið, aðalmenningin, aðalverslunin og hamingjan, og þá einkum að telja allan þann »aðal«, sem þær töldu að þar væri saman kominn, en þær hafa ekki geng-

ist fyrir fjárframlögum eða boðið þau fram til stofnkostnaðar skólans, en safnað þó einhverju fje til styrktarsjóðs við skólann, ef hann kemst á fót.

Á undirbúningi þeirra er lítið byggjandi.

Af þessu, og þar sem það er ætlunin, að hjerað það, sem skólinn er reistur í, leggi fram fje til stofnkostnaðarins, þá hefði mjer fundist rjettast, að alveg hefði verið óákveðið, að þessu sinni, hvar á Norðurlandi skólinn ætti að standa.

Hvað hitt atriðið snertir, er varð að ágreiningi í nefndinni, var, að mjer þótti rjettara, að í frv. stæði, að skólinn skyldi settur á stofn er fje væri veitt til hans í fjárlögum, en þar stendur nú, að það skuli gert »er efni og annað fáist með viðunanlegum kjörum«, en um það, hve nær það er, geta orðið fremur skiftar skoðanir heldur en ef hitt ákvæðið væri sett. Og þannig litu hv. meðnefndarmenn mínir á það fyrst, þótt þessi yrði niðurstaðan að lokum.

Magnús Kristjánsson: Um meðferð hinnar hv. nefndar á frv. þessu skal jeg segja það, að mjer þykir hún að sumu leyti góð, þó að mjer líki hún alls ekki í alla staði. Það er sjerstaklega meiri hluti nefndarinnar, er jeg tala til hjer, því að hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) er þeim ekki samdóma.

Mjer þykir fjárframlag það, er nefndin leggur til að heimtað sje annarsstaðar að en úr landssjóði, vera helst til hátt, og jeg tel það mikið efamál, að rjett sje að setja slíkt skilyrði, en þótt slíkt skilyrði sje sett, þá virðist vera óþarft að krefjast meira en $^1/_4$ hluta kostnaðar, og má vera, að jeg komi fram með brtt. um þetta við 3. umræðu. Aðrar brtt. nefndarinnar eru ekki svo varhugaverðar, að jeg geti ekki fallist á þær.

Háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) var aðallega að tala um það, hvar skólinn eigi að standa, og jeg tel rjettast að láta það atriði liggja nú milli hluta, og jeg lít svo á, sem nefndin hafi komist að sæmilegri niðurstöðu um það. Og að ákveða, að skólinn eigi að standa frammi í einhverjum dalabotni, verð jeg að telja beinlínis óheppilegt. Eins og háttv. nefnd hefir gengið frá þessu atriði þá getur skólinn jafnt staðið í Suður-Þingeyjarsýslu sem Eyjafjarðarsýslu, og hafa því bæði þessi sýslufjelög jafnmiklar líkur til að fá skólann til sín, en sá böggull fylgir skammrifi, að sú sýsla, er hreppir hann, verður að leggja fram mikið fje til stofnkostnaðins, en þá sjest líka ef til vill best, hvar hugur fylgir mest máli.

Háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) var að tala um það, að fleiri konur á Norðurlandi hefðu með undirskrift sinni óskað þess, að skólinn yrði settur í sveit. Þetta er satt hvað töluna snertir, en þess ber að geta, að þar hafa skrifað undir allmargir unglingar, og þótt þeir hafi ef til vill áhuga á málinu, þá hafa þeir ekki eins mikinn þroska til að dæma um þetta eins og þær konur, sem eldri eru, og því ekki rjett að gera svo mikið úr því.

Háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) gerði mikið úr skrifum frú Jónínu Sigurðardóttur Líndal, en jeg hygg, að það muni vera best, að sem minst sje talað um greinar hennar, og jeg tel, að þeir, sem hafa ritað á móti henni, hafi fært fult svo góð rök fyrir máli sínu. Svo býst jeg við, að óhlutdrægir menn líti á það.

Þessi háttv. þm. (G. Ó.) vildi ekki láta setja skólann niður í fjöruna, en jeg sje ekki, að nefndin hafi ákveðið það, og þótt skólinn væri bygður í gróðrarstöðinni á Akureyri, þá yrði hann hvorki reistur á fjöru nje sandi. Háttv. þm. (G. Ó.) hefir líklega haft aðra

skoðun um sveita- og kaupstaðarskóla, þegar Blönduósskólinn var bygður. Og án þess að jeg vilji leggja neinn dóm á það atriði, þá vil jeg þó segja það, að Húnvetningar eru ekki líklegri til þess að vera leiðandi menn í kvennaskólamálum, ef dæma á eftir reynslu þeirra, því að skóli þeirra hefir engin fyrirmynd verið, að því er mjer er kunnugt.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg gat um það við 1. umræðu þessa máls, að það væri almennur áhugi á því um alt Norðurland, að þessi skóli kæmist á fót; þetta hefir síðan komið enn betur í ljós með fjölda undirskrifta til Alþingis, svo að jeg þarf ekki að fjölyrða um það. En það er skoðanamunur um það, hvort skólinn eigi að vera í sveit, á Akureyri eða í grend við Akureyri, en þennan ágreining vil jeg ekki gera að kappsmáli og er samþykkur háttv. þm. Ak. (M. K.), að best sje að halda honum fyrir utan frumvarpið.

En mjer er ekki vel ljóst, hvað nefndin skilur við það, að skólinn eigi að standa við Eyjafjörð. Á hún þar við alla Eyjafjarðarsýslu og við Suður-Þingeyjarsýslu og eftir bygð í Eyjafirði, svo langt sem góðar flutningabrautir ná frá Akureyri, t. d. alt inn að Grund? Ef nefndin lýsir ekki yfir öðru, verð jeg að líta svo á, sem þetta sje skilningur hennar, því að jeg verð að taka undir með háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) um, að jeg tel sveitaskóla æskilegri.

Hvað fjárframlagið snertir, þá finst mjer það ekki vera fráfælandi, og má í því efni benda á frv. um afhending Eiðaskólans sem náskylt mál. Hjer verða það minst 4 sýslufjelög og 1 bæjarfjelag, sem taka þátt í kostnaðinum, svo að þriðjungur stofnkostnaðarins ætti ekki að vera þeim ofvaxinn.

Guðmundur Ólafsson: Jeg þarf ekki að eyða mörgum orðum að ræðu hv. þm. Ak. (M. K.), því að mikið af því, er hann sagði, var beint til meiri hluta nefndarinnar. Hann var að tala um það, að kvenfólk það, er hefði ritað undir áskorun til þingsins um að skólinn stæði í sveit, væri ungt að aldri; það má vel vera, að svo sje; jeg þekki ekki aldur þess, þótt jeg hafi sjeð undirskriftir þeirra; býst jeg við, að háttv. þm. Ak. (M. K.) sje mjer snjallari að þekkja aldur og verðleika kvenþjóðarinnar, en þótt hann hafi einhverja sjerþekkingu í því, þá verður þingið, sem ekki kann aldurinn, að meta undirskriftirnar jafnt, enda ekki ótrúlegt, að margar ungar blómarósir hafi ritað undir skjöl þau, er háttv. þm. (M. K.) hampar, og tel jeg það ekki þurfa að rýra gildi þeirra.

Sami háttv. þm. (M. K.) var að hnýta í Blönduósskólann og taldi líklegt, að að jeg hefði haft aðra skoðun um þessi mál er hann var reistur, en hjer veður háttv. þm. (M. K.) reyk; Blönduósskólinn var bygður áður en jeg fór að taka þátt í opinberum málum, svo að jeg hafði engin afskifti af því, hvort skólinn var settur í sveit eða kaupstað. Og ekkert ilt hygg jeg að háttv. þm. (M. K.) geti sagt um Blönduósskólann, og þótt eitthvað fyndist á hinni löngu starfsbraut hans, sem honum mætti til miska teljast, þá kemur það þessu máli ekki við. Nú vill háttv. þm. (M. K.), að skólinn sje reistur á Akureyri; vill hann má ske styðja það með því, að Eyfirðingar ljetu kvennaskóla, sem hafði staðið þar í mörg ár, deyja í höndunum á sjer. Það eru þó varla meðmæli.

Magnús Kristjánsson: Jeg skal ekki deila um það, hvar skólinn eigi að standa, en jeg vil taka það fram, að

það er gersamlega ómaklegt að gera lítið úr undirbúningi þeim, er konur á Akureyri hafa gert í þessu efni, eins og háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) leitaðist við að gera. Forgöngukonurnar á Akureyri hafa sýnt það, að þær hafa mikinn áhuga á málinu, og þær hafa unnið mikið að undirbúningi þess; þær hafa safnað álitlegum sjóði til styrktar fyrirtækinu, og það er gersamlega rangt að segja, að þær hafi að eins rifist um skólastaðinn.

Sami háttv. þm. (G. Ó.) var og að tala um það, að það mætti ekki eingöngu líta á það, hvar ódýrast væri að byggja skólann, heldur bæri og að taka tillit til þess, að ódýrara væri að reka skóla í sveit. Jeg hefi ekki áður heyrt neinn gera sjer von um það, og mjer er hulið, á hverju sú von er bygð.

Hann taldi það lítil meðmæli með að skólinn væri í Eyjafirði, að þar hefði kvennaskóli lagst niður. Hann virðist ekki hafa gert sjer þetta atriði ljóst. Eyfirðingar hjeldu uppi kvennaskóla yfir 30 ár, án þess að fá til hans styrk af opinberu fje, og hann lagðist fyrst niður fyrir ofurkapp Húnvetninga. Og jeg sný ekki aftur með það, að þegar þessi mál eru rædd, þá verður Blönduósskólinn ekki tekinn til fyrirmyndar, og hefi jeg heyrt margan Húnvetning játa það, og að það hafi ekki verið heppilegt, þegar það tókst, fyrir viðburðanna rás og »agitationir«, að fá fje úr landssjóði til skólabyggingar á Blönduósi og að leggja niður kvennaskóla Eyfirðinga eftir 31 ára starfsemi, og það án styrks. Hefðu Húnvetningar rekið Blönduósskólann án alls styrks af opinberu fje, eins og Eyfirðingar gerðu, þá hefði háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) mátt frómt úr flokki tala, en, eins og nú er ástatt, tel jeg rjettast fyrir hann að spara tilraunir sínar til að spilla þessu máli.

Frsm. (Eggert Pálsson): Háttv. minni hluti hefir nú gert grein fyrir fyrirvara sínum, og eru það aðallega tvö atriði, sem honum valda.

Hið fyrra er það, að hann gerir sig ekki ánægðan með þá brtt. nefndarinnar, sem skipar svo fyrir, að skólann skuli stofna við Eyjafjörð.

Hitt ágreiningsatriðið er það, að minni hlutinn óskar þess, að síðustu grein frv. verði breytt þannig, að framkvæmdir skuli gerðar þegar fje verður veitt til þeirra í fjárlögunum. Meiri hlutinn sjer ekki ástæðu til þess að kveða svo á, hugði nægja, eins og stendur í frv., að ekki skyldi framkvæma verkið fyr en efni yrði fáanlegt.

Um fyrra ágreiningsatriðið, hvar skólinn eigi að standa, skal jeg ekki fara mörgum orðum, enda mundi jeg tala frekar frá mínu eigin brjósti en nefndarmannanna hinna tveggja, ef jeg færi langt út í þær sakir. Þó þykist jeg mega lýsa yfir því, fyrir hönd meiri hlutans, að hann vildi afmarka það, að skólinn skyldi ná til Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslna og Akureyrar, en ekki alls Norðurlands. En eftir ákvæði frv. um, að skólann skuli stofna á Norðurlandi, þá mætti eins reisa hann í Skagafjarðar- eða Húnavatnssýslum, og jafnvel mætti reisa nýtt skólahús á Blönduósi. En með því að tiltaka, að skólinn skuli standa við Eyjafjörð, er sett ákvæði, sem miðast jafnt við alla þrjá hlutaðeigendur, Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur og Akureyrarkaupstað, sem öll liggja að Eyjafirði.

Frá eigin brjósti get jeg sagt það, að jeg efast ekki um það, að hagkvæmast verður að stofna skólann þar, sem hægast er fyrir fjöldann að ná til hans. Bygging frv. bendir líka ótvírætt í þá átt, því að þar sem ætlast er til, að skólinn rúmi 40 nemendur, en heimavist er ekki áætluð nema fyrir 24, þá hlýtur

að vera til þess ætlast, að einnig sje hægt að sækja skólann annarsstaðar frá.

Ef skólinn yrði settur í afdali eða strjálbýli, yrði auðvitað að hafa heimavist fyrir alla nemendur hans.

Annars vonar meiri hluti nefndarinnar, að þótt ágreiningur sje enn þá um staðinn, þá muni það lagast síðar meir, án þess að grípa þurfi til úrskurðar um það með harðri hendi.

En með tilliti til þessa ágreinings var það, að nefndin ákvað, að tillag hjeraðanna skyldi vera $^1/_3$ af kostnaðinum. Býst jeg helst við, að nefndin hefði ekki farið fram á meira en $^1/_4$, hefði enginn ágreiningur verið. En eins og nú stendur, þótti ekki veita af þeim spora að heimta tillag, sem nemur $^1/_3$ hluta kostnaðarins. Og ef samkomulag fæst milli sýslnanna og Akureyrar, þá mun sú byrði ekki verða ýkjaþung, ef hún er borin sameiginlega, en ef ágreiningnum heldur áfram, mun ekki veita af að hafa tillagið þetta hátt. Því að ef skólinn yrði reistur tillagslaust eða tillagslítið, segjum á Akureyri, og sýslurnar heimtuðu svo annan fyrir sig með sömu skilmálum, þá virðist mjer það ofmikið af því góða. Því að þótt jeg sje máli þessu hlynntur, eins og það nú liggur fyrir, þá teldi jeg einn skóla í sveit á Norðurlandi, annan á Akureyri, þriðja þegar fyrir á Blönduósi, helst til mikið af því tægi; ekki hvað síst þegar þess er gætt, að auk skólans hjer í Reykjavík mundu verða heimtaðir skólar á Suðurlandi, Austfjörðum og Vestfjörðum, til jafnvægis upp á móti norðlensku skólunum. Jeg tel því þess vegna heppilega ráðið að ákveða tillagið svona hátt, sem við leggjum til í brtt. okkar, og sennilegt, að það gæti orðið til þess, að óskirnar um fleiri og fleiri skóla gengju ekki úr öllu hófi fram.

Jeg hefi svo lítið frekar um málið að segja, en frá mínu sjónarmiði mundi skólinn reistur í sveit ekki geta borið sig eins vel og ef hann væri reistur í kaupstað eða þjettbýli, svo sem t. d. Akureyrarkaupstað, því að eftir fenginni reynslu verður ekki mikið úr afrakstri sveitabúskaparins, á móts við erfiðleikana, sem þar er við að etja, sjerstaklega alla aðflutninga, eins og samgöngum á landi er hjá oss háttað.

Guðmundur Ólafsson: Það er misskilningur hjá háttv. frsm. (E. P.), að skólann skuli miða við að eins tvær sýslur. Sú skoðun kom ekki fram í nefndinni, og jeg lít svo á, að hann eigi að vera fyrir alt Norðurland.

Annars geri jeg ráð fyrir, að skólarnir verði nokkuð margir, ef gera skal öllum jafnhátt undir höfði.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg skaut því til háttv. frsm. (E. P.), hvaða skilning beri að leggja í ákvæðið, að skólann skuli stofna við Eyjafjörð. Kvaðst jeg vera ánægður með ákvæðið, ef með því væri meint það, að hann skyldi standa við flutningabrautina eða þar, sem hægt væri um aðdrætti. Þessu hefir ekki verið mótmælt, og vona jeg því, að sá skilningur minn sje rjettur, að til sje ætlast, að skólinn standi á einhverjum heppilegum stað utan Akureyrar.

ATKVGR.

Brtt. 493, 1. samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 493, 2. a. samþ. með 8 shlj. atkv.

— 493, 2. b. feld með 10 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. T., E. P., G. G., G. Ó.

nei: M. K., S. E., S. J., H. St., H. H.,

H. Sn., Jóh. Jóh., K. E., K. D., G. B.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 493, 3. samþ. með 10 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

— 493, 4. (ný 4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 493. 5. (ný 5. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

— 493, 6. samþ. með 13 shlj. atkv.

* Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 23. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. með fyrirsögninni

Frumvarp til laga um stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi (A. 562).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg finn ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta frv. að þessu sinni. Engar brtt. hafa komið fram og undirtektir voru góðar við síðustu umr. málsins, svo að jeg vona, að háttv. deild samþ. frv. og lofi því að ganga til háttv. Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., föstudaginn 24. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 601).

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Mál þetta var til meðferðar í mentamálanefnd Ed., og virðist það vera samkvæmt anda þingskapanna, að það fari einnig í mentamálanefnd hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til mentamálanefndar (sjá A, bls. 1614) í e. hlj.

Á 54. fundi í Nd., föstudaginn 7. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 562, 797, n. 808).

Frsm. (Bjarni Jónsson): Við höfum í nál. látið í ljós skoðun okkar á þessu máli, og skal jeg því ekki tefja tímann með langri ræðu, því að jeg ætla, að það sje nægilega skýrt í nál., hvers vegna við viljum gera breytingu á frv. Nefndin vill láta málið ganga fram, af því að hún álítur sjálfsagt að fara að óskum svo margra kvenna, sem beðið hafa um skóla fyrir húsmæður í þessum landsfjórðungi. Jeg vona, að háttv. deild láti frv. ganga fram óáreitt, eftir því sem nefndin hefir lagt til. Skal jeg svo ekki halda lengri ræðu að sinni.

Stefán Stefánsson: Þótt jeg hafi sett nafn mitt undir nál. með fyrirvara, er það ekki svo að skilja, að jeg sje á móti brtt. nefndarinnar, heldur var mjög góð samvinna um þær, og ef þær hefðu ekki verið fáanlegar, mundi jeg hafa greitt atkvæði á móti frv. Nú vænti jeg þess, að þær verði samþykt.

ar, og tel jeg þá málinu sæmilega vel borgið. Að jeg skrifaði undir með fyrirvara kom til af því, að mjer þótti nál. nokkuð óákveðið, og á einum stað jafnvel ekki alveg rjett orðað. Það stendur nefnilega í því, að nefndinni hafi þótt það ákvæði í frv. ofóákveðið, að skólinn skyldi standa við Eyjafjörð, en í 2. gr. er alljós skýring yfir þetta, þar sem það er ákveðið, að heimavistirnar skuli vera 24, en gert ráð fyrir, að nemendurnir verði 50. Þetta bendir á, hvað háttv. Ed. hefir hugsað sjer í málinu, hvað skólastaðinn snertir; á því geta ekki verið nein tvímæli. Á þessu hefir verið gerð breyting í frv., sem horfir mjög til bóta. Þar er svo ákveðið, að heimavistir skuli vera fyrir 40 stúlkur, í stað 24, eða með öðrum orðum, að kensluplass verði að eins fyrir 10 stúlkur, auk þeirra, sem geta notið heimavistar, og er þá miðað við það, að skólinn verði í svo miklu þjettbýli, að 10 stúlkur geti sótt hann, án þess að hafa heimavist. Síðar í nefndarál. virðist fremur vera vikið að því að hafa skólann sem allra næst eða rjett við Akureyri, enda þótt hann eigi að hafa jörð og búskapur sje rekinn í sambandi við hann. Um þetta, hvort skólinn skuli settur á Akureyri eða í sveit, hefir staðið mjög mikil deila heima í hjeraði, og hefði jeg því álitið fara betur á því, að nefndið hefði ákveðið enn ljósar um þetta atriði, og slitið þar með allri þeirri þrætu, sem er um skólastaðinn. Eins og frv. kom frá háttv. Ed. mátti ætla, að þar með væri lokið þessari þrætu, því að samkvæmt frv. átti skólinn auðsjáanlega að standa á Akureyri, en eftir nál. hlýtur skólinn að vísu að standa í sveit, en hve nálægt Akureyri er með öllu áákveðið. Hvort skólinn skuli standa í sveit eða á Akureyri er einmitt aðalástæðan fyrir þeirri deilu, sem staðið hefir, og er hún þannig til komin í fyrstu, að allmargar konur á Akureyri fóru fyrir nær 2 árum síðan að safna undirskriftum undir áskorun um að fá húsmæðraskóla á Akureyri, og fengu fjölda undirskrifta, og þá ekki síst fjölda kvenna þar í bænum. En nú í vetur hófst hinn flokkurinn handa og leitaði undirskrifta um að fá skólann í sveit, og hafa þær gengið þannig, að nær 100 konur fleiri standa nú á þeim listum en kvennanna á Akureyri. Við þetta er það einnig að athuga, að sennilega engin af þeim, sem skrifað hafa undir að fá skólann í sveit, mundu sætta sig við, að hann verði á Akureyri, en hins vegar getur vel hugsast, að margar af þeim konum, sem skrifað hafa undir, að hann yrði á Akureyri, mundu engu síður hafa kosið, að skólinn stæði í sveit, því að þá var mjög lítið um skólastofnun talað úti í sveit, en þó hafa nokkrar skrifað undir með þeirri athugasemd, að þær óski hans fremur þar. En nefndinni er nokkur vorkunn, að hún tók það ekki skýrt fram, hvar skólinn ætti að standa, af því að ekki lá neitt fyrir um jarðnæði, sem fáanlegt væri. En jeg hygg, að meiri hluti nefndarinnar væri fús á að ákveða staðinn, ef jörðin væri þegar vís. Annars hygg jeg, að skólasetur, þar sem rekinn yrði búskapur, fáist ekki heppilegt nema í nokkurri fjarlægð frá Akureyri, og eru það þá sjerstaklega 2 jarðir, sem menn hafa í huga, en hvor þeirra sem væri er þó í svo mikilli fjarlægð, að ekki mundi tiltækilegt að hafa heimangöngur þangað frá Akureyri, en hins vegar mjög hægir aðflutningar frá Akureyri, sem auðvitað verður að teljast eitt höfuðatriðið í þessu máli.

Þessa vildi jeg að eins láta getið, til skýringar því, hvers vegna jeg skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara. Því að eftir orðalaginu mætti það skiljast svo, sem skólinn yrði að vera rjett við

Akureyri, sem ekki var frekar meining nefndarinnar heldur í grendinni, þar sem hagkvæmust jörð fengist til góðs sveitabúskapar.

Matthías Ólafsson: Jeg hefi hugsað mjer að koma með brtt. til 3. umræðu við brtt. nefndarinnar, þess efnis, að heimavistirnar í húsmæðraskólanum verði færri en nefndin leggur til. Það liggur í hlutarins eðli, að því fleiri sem heimavistirnar eru, þess dýrari verður skólinn. Eftir nál. að dæma, ætti skólinn að standa svo langt frá Akureyri, að stúlkur þaðan geti ekki haft heimangöngur, og mjer virðist brtt. nefndarinnar aðallega ganga í þá átt að bægja stúlkum, sem heima eiga á Akureyri, frá að sækja skólann. En ef hann ætti að standa svo langt frá Akureyri, að stúlkur þaðan gætu ekki haft heimangöngur, þá hefði þurft að gera ráð fyrir stærri skóla en nál. gerir. Ef ekki eru nema 50 nemendur, virðist óþarft að hafa heimavistirnar 40, því að mjer finst, að þá væri alveg nóg að hafa þær 30, og mun jeg koma með brtt. í þá átt við 3. umr.

Hvað brtt. nefndarinnar snertir, þá líka mjer þær vel að því leyti, að þar er ákveðnar tekið fram, að skólinn skuli standa nálægt Akureyri, en var í frv., eins og það kom frá háttv. Ed., því að þá stóð bara í því einhversstaðar í Eyjafirði. Það er á hvers manns vitorði, að skólinn á að standa mjög nálægt Akureyri, því að þar er betri aðgangur að kenslukröftum og öðrum hlunnindum, og auk þess betri markaður, ef bú er haft. Hann verður að vera svo nálægt bænum, sem hægt er, vegna grasnytjar. Jeg tel það vel farið, að nefndin hefir ákveðið þetta, því að þessi skóli ætti ekki að vera leiksoppur fyrir kapp á milli fólks þar fyrir norðan. Jeg óska málinu alls hins besta, því að jeg tel þetta mjög mikið þarfamál.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg get verið stuttorður, því að jeg ætla að eins að segja nokkur orð út af fyrirvara hv. 1. þm. Eyf. (St. St.). Hann taldi nál. óákveðið, en það er alveg eins og nefndin ætlaði því að vera. Nefndin leggur áherslu á, að skólinn sje þar, sem landsfjórðungurinn á hægast með að njóta hans, og þá verður að taka tillit til Akureyrar, sem hefir um 2000 íbúa. Stúlkum þaðan verður að gera sem hægast fyrir að sækja skólann, án þess að öðrum sje með því gerður bagi. Enn fremur vill nefndin, að skólinn fái kennara í heilsufræði, efnafræði o. fl., sem verður að vera stundakennari, því að það er hæpið, að hann hefði annars sjerfræðing í þessum greinum. Þetta stendur alt í nál., og jeg vil leggja áherslu á það, að nefndin ætlast til, að þessu verði hagað eins og gert er ráð fyrir í nál. Nefndin hefir ekki ákveðið stað fyrir skólann, en hún hefir markað honum hring umhverfis Akureyri. Hvað heimavistum viðvíkur, þá vakti það fyrir nefndinni, að skólahúsið yrði ekki gert ónýtt í upphafi með því að hafa það oflítið, en engin ályktun um það, hvar skólinn ætti að standa. Nefndin meinti ekkert annað en það, sem í nál. stendur, og neitar því þess vegna, að út úr því eigi að draga nokkra ályktun öðrum hvorum keppinautnum í vil. Hún leggur að eins áherslu á það, að hvar sem skólinn verði settur, þá verði fyrst og fremst hugsað um það, að hann geti fullnægt sem best þörfum landsfjórðungsins, sem á að njóta hans.

ATKVGR.

Brtt. 797, 1. (ný 1. gr.) samþ. með öllum gr. atkv.

Brtt. 797, 2. samþ. með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. Árna., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. P., P. J., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J, Ó. B.

nei: E. A., E. J., M. G., M. Ó., P. O., S. St., Þorl. J.

2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

3.—6. gr. samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:3 atkv.

Á 56. fundi í Nd., mánudaginn 10. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 852, 853).

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg hefi að svo vöxnu máli ekki annað að segja en að jeg óska, að háttv. deild samþykki frv. þetta óbreytt, eins og það kom frá nefndinni.

Matthías Ólafsson: Á þgskj. 853 hefi jeg leyft mjer að koma með brtt. við frv. þetta, og fer hún fram á að fækka heimavistum í skólanum. Ástæðan fyrir þessu er sú, að ef skólinn yrði bygður svo nærri Akureyri, að stúlkur gætu gengið heiman að frá sjer í hann, þá tel jeg ósanngjarnt að neyða þær til að búa í skólanum og hafa þar fulla heimavist, og enn ósanngjarnara er þetta, þegar á það er litið, að konur á Akureyri vilja leggja svo mikið í sölurnar til að fá skólann í grend við sig, og skylda á hjeraðið að leggja allmikið fje fram til að koma skólanum upp. Svo er þess og að gæta, að við þessa fækkun heimavistanna verður töluvert ódýrara að byggja skólann, og rekstur hans nokkru ódýrari líka. Vona jeg því, að þessi till. mín fái svo góðan byr, að hún verði samþ.

Ef það verður aftur á móti ofan á, að skólinn verði settur svo fjarri Akureyri, að eigi verði hægt að ganga þangað daglega í hann, þá verður aftur á móti að líkindum að fjölga heimavistunum fram úr því, sem ráðgert er í frv., því að þá verða þær að vera jafnmargar eins og námsstúlkurnar.

Sumir halda því fram, að skólinn eigi að vera fullkominn heimavistarskóli, svo að hann geti orðið sem líkastur heimili. En það á hann að geta orðið, þótt nokkrar stúlkur búi utan hans; meiri hluti þeirra mun þó búa í honum, og eiga ásamt kenslukonunum að geta skapað þar fullkomið heimilislíf.

Sigurður Sigurðsson: Mjer er það ekki ljóst, hver nauður rekur til að samþ. frv. þetta nú á þessu þingi. Mjer skilst eftir 1. gr. frv., þar sem stendur, að skólann skuli stofna í grend við Akureyri, að enn muni það óákveðið, hvar skólann skuli setja. Kunnugir menn segja mjer, að nú muni vart kostur á jörð í nánd við Akureyri fyrir skólasetur. En á meðan því er ekki slegið föstu, hvar skólinn á að vera, þá liggur ekki mjög á að samþykkja frv., því að fyrsta atriðið er þó að koma sjer saman um, hvar skólinn skuli standa. Kjarni var seldur, illu heilli, hjer um árið, og honum er nú skift upp á milli Akureyrarbúa, svo að vart er um hann að tala fyrir skólasetur nú, svo vel sem hann hefði þó verið til þess fallinn. 6. gr. frv. segir: »Lög þessi koma til framkvæmda þegar efni og annað, sem með þarf til skólans, verður fáanlegt með viðunanlegum kjörum.« Hjer ber enn að sama brunni, að skólanum muni ekki verða komið upp tvö næstu árin. Virðist því málið vel mega

bíða til næsta þings; þá hafa menn má ske komið sjer saman um, hvar skólinn skuli standa. Enn mun nokkur togstreita um skólastaðinn. Akureyrarbúar vilja hafa skólann hjá sjer, en aðrir þar nyrðra vilja hafa hann á jörð í sveit, en þó nálægt Akureyri. Á meðan menn hafa ekki jafnað þetta mál með sjer, sýnist hyggilegra að fresta því og samþ. það ekki hjer í þinginu. Sje jeg mjer því ekki fært að greiða atkv. með frv. nú að þessu sinni.

Frsm. (**Bjarni Jónsson**): Mjer hefði fundist, að þetta mál hefði getað gengið orðalaust nú í gegnum deildina, því að ef menn hefðu viljað leggja á móti því, þá var góður tími til þess við 2. umr. Svo að jeg snúi mjer nú að brtt., sem fram er komin, þá tel jeg hana heldur til spillis. Nefndin fjölgaði heimavistunum af því, að hún kunni ekki við að hafa svo lítið skólahús handa heilum landsfjórðungi, sem frv. gerði ráð fyrir, er það kom frá háttv. Ed., því að hvað eru 40 heimavistir handa öllum Norðlendingafjórðungi, hvað þá heldur 24? (**M. Ó.**: En stærðin á kenslustofunum?) Það þarf ekkert lagaákvæði til þess að ákveða hana, en annars verður henni hagað eftir stærð alls hússins, og því er síst bót að því að fækka heimavistunum. Nefndin vildi ekki heldur skera úr þeirri deilu, sem minst hefir verið hjer á, því að hún treysti sjer ekki til þess. Þingið á ekki heldur að skera úr henni, heldur hjeraðastjórnirnar í samráði við landsstjórnina, án þess að löggjafarvaldið fari neitt að sletta sjer fram í það. Það er ómögulegt fyrir þingið að skera úr því, hvar heppilegast er að hafa skólann; það verða kunnugir menn að gera. Nefndin hefir að eins lagt áherslu á það, að hann yrði settur þar, sem ekki yrði ofdýrt fyrir neinn hlutaðeigandi að sækja hann. Vonandi fellur brtt., því að hún gæti orðið þess valdandi, að settur yrði á stofn ómyndarskóli, í stað góðs skóla, sem þessi heili landsfjórðungur á heimting á að fá.

Þá er það háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). Hann kvaðst ekki skilja, hvers vegna þetta mál ætti endilega að ganga fram á þessu þingi. Það er undarlegt að heyra þau orð af munni þess vísa þm. (S. S.), því að hann hefir nú setið á mörgum þingum og nurlað fyrir landssjóð, horft oft og tíðum í hundruðin eða jafnvel tugina. Mjer þykir því undarlegt, að nú, þegar pappírinn er svo dýr, þingkostnaðurinn mikill og tíminn dýrmætur, skuli þessi háttv. þm. (S. S.) vilja drepa málið við 3. umr. hjer, eftir að það er búið að ganga í gegnum báðar deildir. Það væri skrítið að fara að fella þetta mál nú, taka það síðan upp aftur á næsta þingi og halda þá allar sömu ræðurnar um það og nú. hafa verið haldnar. Prentararnir græddu á því, en þeir væru líka þeir einu, sem það gerðu. Hvað háttv. þm. Árn. (S. S.) meinti með því að hafa á móti því, að þessi lög yrðu samþ. nú, þótt þau gætu ekki komið til framkvæmda á næstu 2—3 árum, það var mjer ekki vel ljóst, því að það má undirbúa verkið á ýmsan hátt, jafna þá misklíð, sem er á milli manna, útvega jarðnæði fyrir skólann, og úr því að stjórninni er veitt heimild til að verja fje til atvinnubóta, mætti undirbúa ýms verk í sambandi við þennan skóla, draga sand og grjót að staðnum, sem húsið á að standa á, og fleira. Þetta gæti einmitt orðið til atvinnubóta fyrir Akureyringa. Það er svo margt, sem mælir með því, að þetta frv. verði samþykt nú. Jeg skal geta þess viðvíkjandi því, sem háttv. þm. (S. S.) sagði um þröng á jarðnæði í grend við Akureyri, að það mun vera völ á mörgum jörðum þar, en jeg nefni

þær ekki, af því að nefndin kom sjer saman um að segja ekki neitt það, er benti á það, að hún ætlaði sjer að útkljá þessa umræddu deilu frekar en gert er í nál.

Jeg þykist hjer með hafa sýnt, að það er engin ástæða til að fresta þessu máli fyrir þá, sem á annað borð vilja láta það ganga fram einhvern tíma. Þeir, sem eru alveg á móti því, að það gangi nokkurn tíma fram, geta auðvitað verið á móti því nú, en annars sje jeg enga ástæðu til að fara að tyggja aftur upp á næstu þingum alt það, sem sagt hefir verið um málið nú.

Pjetur Jónsson: Jeg er gamall flm. þessa húsmæðraskóla, sem hjer er til umr., og ætla því að láta uppi álit mitt í örfáum orðum. Jeg get þá lýst yfir því, að jeg er ekki alls kostar ánægður með frv., eins og það nú liggur fyrir, nje hversu það er rökstutt í nál., bæði í Ed. og Nd. Mjer þykir það sem sje vanta, að skýrt sje tekið fram, að skólinn skuli standa í sveit, vera sniðinn eftir sveitalífinu og óháður beinum áhrifum frá kaupstaðalífinu. Á þingi 1907 flutti jeg ásamt hv. 1. þm. Eyf., Stefáni Stefánssyni, skólastj., og núverandi forsætisráðherra frv. til laga um stofnun 2 húsmæðraskóla í sveit, annars á Norðurlandi og hins á Suðurlandi. Niðurstaðan varð nú samt sú, að skólinn skyldi að eins verða einn og standa á Norðurlandi, því að Sunnlendingar virtust ekki þá kæra sig mikið um slíkan skóla hjá sjer. Þannig fór málið hjeðan úr deildinni, að ákveðið var, að skólinn skyldi vera einn og standa í sveit norðanlands, og jeg vildi með leyfi hæstv. forseta leyfa mjer að lesa 1. gr. frv., sem þá var samþykt hjer, því að hún sker skarpar úr. Hún hljóðar svo:

> »Á Norðurlandi má stofna skóla, er nefnist húsmæðraskóli, með því markmiði að veita konum þá kunnáttu, bóklega og verklega, sem nauðsynleg er hverri húsmóður í búandastöðu og gerir hana færa um köllun sína. Skólinn skal vera í sveit, þar settur, sem hagkvæmast þykir til aðsóknar af Norður- og Austurlandi, og hafa jörð til nauðsynlegra afnota. Stjórnarráðið ákveður að öðru leyti, hvar skólinn er settur.«

Svona byrjunar á lögunum hefði jeg frekar óskað. Frv. er í þessu tilliti ekki skýrt, en jeg verð þó að álíta, að það hallist frekar að því, að skólinn standi í sveit, þar sem hann verði sem minst háður áhrifum kaupstaðarlífsins. En ef brtt. á þgskj. 853, sem fer fram á, að heimavistunum sje fækkað niður í 30, verður samþ., þá er það auðsætt, að skólanum er ætlað að verða svo nálægt Akureyri, að hann geti orðið heimangönguskóli. Þetta hefir verið þrætuepli í mörg ár á milli Akureyringa og Þingeyinga, og það er óhætt að fullyrða, að Þingeyingum fylgi þar að málum allar sveitir Eyjafjarðar, og það er því á móti óskum Norðlendinga, ef þessi skóli verður kaupstaðarskóli. Hjer liggja fyrir þinginu áskoranir frá konum á Norðurlandi, í tveim flokkum. Hinum fyrri er safnað af Akureyrarkonum 1915. Hinar síðari eru frá sveitunum og undirskrifaðar á þessu ári. Það er kunnugt, að ýmsar sveitakonur skrifuðu undir með Akureyringum 1915, þótt þær væru ekki sömu skoðunar þá um skólastaðinn, en þær vissu þá ekki um hreyfing á þessu máli í sveitunum, og þessi hreyfing á Akureyri hin eina, sem þær þá vissu um, og flutt með miklu kappi. Nú eru allmargar af sömu konunum, sem skrifa undir áskoranirnar um skóla í sveit, og

er það vitanlega áhugi flestra sveitakvenna, sem þegar er orðinn rótgróinn um alt Norðurland og víðar. Þær konur, sem kunnugar eru slíkum skólum erlendis og jeg hefi ráðgast um þetta við, álíta rjettara, að skólinn standi í sveit. 1909 var þetta mál hjer á ferðinni í þinginu, en var ekki samþ. í frumvarpsformi, en skrifað allítarlegt nál. og rakin þar saga þessa máls, og enn fremur drepið á skólafyrirkomulag í þessa átt, bæði í Danmörku og í Noregi. Jeg hygg, að þeir, sem athuga þetta mál eins rækilega og þar var gert, hljóti að hallast að því, að heppilegra sje að hafa skólann sveitaskóla. Loks var á þinginu 1909 skorað á stjórnina að undirbúa málið fyrir næsta þing. Einu sinni hafði Búnaðarfjelag Íslands þetta mál með höndum og hjelt um húsmæðrastjórnarskóla hjer í Reykjavík. Það komst þá að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt væri að hafa skólann í sveit, en treysti sjer ekki til að standa straum af slíkum skóla. Það losaði sig svo við allan veg og vanda af húsmæðrastjórnarskólanum hjer í Reykjavík, sem ekki er annað en matreiðsluskóli, af því að hann gat ekki náð þeim tilgangi, sem Búnaðarfjelagið vildi að næðist. Hann hefir þó haft góða kenslukrafta og hefði efalaust getað orðið góður skóli á rjettum stað.

Hvað frv. snertir, þá ætla jeg að greiða því atkvæði, enda þótt jeg sje ekki alls kostar ánægður með það. Jeg hygg hvort sem er, að ekki verði mikið um skjótar framkvæmdir, en það getur verið gott að tryggja það, að einhver undirbúningur verði gerður nú á næstu árum, en við því má búast, ef frv. verður samþykt nú. Jeg ætla því að greiða atkvæði með því, svo framarlega sem brtt. verður feld, en ef hún verður samþykt, mun jeg greiða atkvæði á móti því.

Matthías Ólafsson: Ef frv. hefði verið orðað á líkan hátt og háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) vildi, hefði mjer aldrei komið til hugar að koma fram með brtt. mína. En jeg get ekki skilið nefndaráliti öðruvísi en að skólinn eigi að standa svo nálægt Akureyri, að stúlkur þaðan geti gengið í hann. Úr því að tiltekið er, að skólinn eigi að vera í grend við Akureyri, verður það ekki skilið á annan veg en þann, að þaðan verði fengnir kennarar. Það virðist ekki vera til mikils mælst, þótt gert sje ráð fyrir því, að $^3/_5$ af nemendunum verði frá Akureyri, því að ef Akureyringum á að vera gert ómögulegt að ganga í skólann heiman að frá sjer, hefði hann eins vel mátt standa úti á Látrum, og þá hefði verið sjálfsagt að hafa hann heimavistaskóla að öllu leyti. Jeg ætla ekki að fara að deila við hv. þm. S.-Þ. (P. J.) um það, hvort heppilegt sje að hafa skólann í sveit, þar sem hann getur ekki orðið fyrir neinum áhrifum frá bæ. Jeg hefi aldrei verið í þeim flokki, sem álítur bæi okkar hafa svo spillandi áhrif, að það borgi sig ekki að hafa skólann svo nálægt bænum, að hann geti notið þeirra hlunninda, sem það veitir, bæði að því er snertir kenslu og annað. Jeg verð að halda því fast fram, að skólinn eigi að standa svo nálægt Akureyri, að hann geti notið af því hlunninda, en ef hann á að vera í sveit og stúlkur frá Akureyri útilokaðar frá að hafa heimangöngur í hann, þá er alveg meiningarlaust að hafa ekki eintómar heimavistir.

Einar Árnason: Jeg er samdóma háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) um það, að jeg álít, að betra hefði verið að taka það fram, að skólinn ætti að standa í sveit. Að sönnu er það tilfært, að skólinn skuli reka búskap, og það bendir til þess, að

hann eigi að vera í sveit. Það er auðfundið, að það er verið að reyna að binda hann sem fastast við Akureyri. Viðvíkjandi brtt. á þgskj. 853 og því, sem háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, er það að segja, að jeg álít ómögulegt að reka búskap svo nálægt Akureyri, að stúlkur þaðan geti gengið þangað. Þar er hver blettur orðinn svo afardýr, að ekki getur komið til mála að kaupa þar land undir skólann, en ef hins vegar á að fara út fyrir takmörk Akureyrar, verður ómögulegt fyrir stúlkur úr bænum að ganga í skólann. Það er langt frá því, að jeg vilji hafa skólann af Akureyringum, en jeg hygg, að naumast sje hægt að hafa það öðruvísi en svo, að sveitirnar fái sinn skóla og Akureyringar sinn. Jeg hefði getað sætt mig við, að tiltekið hefði verið, að skólinn skyldi vera á Norðurlandi, án þess að tiltekið væri, að hann skyldi vera í Eyjafirði, einungis ef það hefði verið fastákveðið, að hann skyldi vera í sveit. Jeg tel naumast viðeigandi að tala um siðspillingu í þessu sambandi, eins og háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) gerði, því að það eru aðrar ástæður til þess, að við viljum hafa hann í sveit. Jeg er þakklátur háttv. frsm. (B. J.) fyrir, að hann tók það fram, að það væri ekki til ofmikils ætlast, að allur Norðlendingafjórðungur fengi skóla með 40 heimavistum. Jeg tel óvíst, að jeg greiði atkvæði með frv., ef brtt. á þgskj. 853 verður samþykt.

Sigurður Stefánsson: Jeg vona, að háttv. þm. Dala. (B. J.) og aðrir misvirði það ekki við mig, þótt jeg fari nú fáeinum orðum um mál þetta á síðasta stigi þess, en jeg hefi ekki átt kost á því fyr, því að við 2. umr. var jeg ekki búinn að átta mig á því. Jeg verð að taka undir með háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), að jeg sje ekki, að með þessu frv. sje verulega orðið við ósk Norðlendinga í þessu máli. Það virðist svo mikill tviskinnungur í frv., að engir, sem hjer eiga hlut að máli, geti orðið ánægðir með það, þótt samþykt verði. Það er í þessu frv. verið að reyna að synda milli skers báru, milli kaupstaðar og sveita, og niðurstaðan verður sú, að skólinn skuli settur í grend við Akureyri. Vegna þessa tviskinnungs er brtt. fram komin, en jeg vil nú spyrja, hvort ekki geti orðið ágreiningur um, hvað sje í grend við Akureyri og hvað ekki. Grund í Eyjafirði er í grend við Akureyri, en þó svo langt í burtu þaðan, að ómögulegt verður að hafa þar heimangönguskóla frá Akureyri. Skólinn gæti líka verið á Möðruvöllum í Hörgárdal, eða í Fagraskógi, eða úti á Upsaströnd, og þó verið í grend við Akureyri, því að það ákvæði er svo ákaflega óákveðið. Jeg er helst á því, að þessu máli liggi ekkert á á þessu þingi, en betra væri að athuga málið nánar og fá ákveðnar óskir frá fólki þar nyrðra. Jeg væri fúsari til að gefa þessu frv. atkvæði mitt, ef það væri skýrt tekið fram í því, að skólinn skyldi standa í sveit.

Það, sem háttv. þm. Dala. (B. J.) sagði um, að stjórnin gæti notað undirbúning skólahússbyggingar til atvinnubóta fyrir Akureyringa, þá álít jeg þau orð töluð út í loftið, því að eftir því sem frv. er orðað er ómögulegt fyrir stjórnina að vita, hvar skólinn á að standa, og hvernig á hún þá að gera gangskör að því, að farið verði að draga að byggingarefni? (**G. Sv.**: Til Akureyrar). Já, en hvar í grend við Akureyri á skólinn þá að standa? Á Grund eða úti á Árskógsströnd? Háttv. þm. Dala. (B. J.) tók það fram, að það væri óheppilegt að fella frv. nú og koma svo með það aftur inn á næsta þing, en eftir því, sem

þetta mál hefir gengið, það sem af er, get jeg vel búist við þeim veðrabrigðum á Norðurlandi, að það yrði að gera ýmsar breytingar á þessum lögum þegar á næsta þingi.

Það var tekið fram af hv. þm. Dala. (B. J.) hjer um daginn, í sambandi við tillögu um rannsókn fræðslumála, að það bæri að sameina sem mest, að unt væri, kenslu karla og kvenna. Þetta er alveg rjett. En væri þá ekki rjett að athuga, hvort ekki gæti komið til mála að setja inn sjerstök námsskeið í hússtjórnar- og húsmóðurstörfum, t. d. við búnaðarskólana, og fresta sjerstökum húsmæðraskólastofnunum, þangað til að fræðslumálin verða öll tekin til gagngerðrar endurskoðunar, og spara með því allmikið fje? Enda býst jeg ekki við, að þeir kvennaskólar, sem nú eru til á landinu, verði lagðir niður, þótt þessi skóli yrði stofnaður; tel t. d. líklegt, að Húnvetningar vilji halda í sinn kvennaskóla, þrátt fyrir þessa skólastofnun í grend við Akureyri.

Mjer sýnist ekki neitt vera unnið með þessu frv., og jeg er sem sagt alveg á sama máli og hv. 1. þm. Árn. (S. S.) um, að það sje engu spilt, þótt þetta frv. nái ekki fram að ganga á þessu þingi. Enda er frv. svo úr garði gert, að mjer sýnist ekki vera mögulegt að ganga að því. Sum ákvæði í því benda til þess, að skólinn skuli settur uppi í sveit, t. d. það ákvæði, að reka skuli búskap í sambandi við skólann. Það yrði nú líklega örðugt, eins og tekið hefir verið fram, að fá bújörð í náinni grend við Akureyri.

Jeg sem sagt sje ekki, að málið sje neitt undirbúið, og vil ekki láta samþ. frv.

Matthías Ólafsson: Það var að eins örstutt athugasemd, sem jeg vildi gera. Jeg sje, að þessi brtt., sem jeg hefi komið með við frv., getur orðið því að falli, ef jeg held henni fram til streitu, en það var fjarri mjer að ætlast til þess.

Jeg skal ekki blanda mjer í deiluna um það, hvað sje í grend við Akureyri og hvað ekki, annað en það að segja, að jeg hefi altaf skilið »í grend við Akureyri« þannig, að miðað væri við það, að skólinn væri ekki fjær Akureyri en svo, að stúlkur þaðan gætu gengið heiman að í tíma í skólanum. Hvað því viðvíkur, að ekki sje hægt að fá bújörð í grend við Akureyri, þá skal jeg geta þess, að mjer sýnist trúlegt, að kaupstaðurinn gæti látið skólann hafa einhverja jörðina, sem hann á þar rjett hjá. Jeg man nú í svipinn eftir þessum jörðum, sem kaupstaðurinn á í grend við Akureyri: Hamarskoti, Naustum og Eyrarlandi. Auk þess á Akureyri Kjarna og gæti lagt skólanum til slægjur þaðan. En, sem sagt, jeg skal ekki blanda mjer í þessa deilu, en tek tillögu mína aftur, svo að hún verði ekki málinu að tjóni.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla ekki að mótmæla háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), því að jeg álít, að hann hafi mikið til síns máls, er hann álítur, að ekki sje árennilegt að samþ. frv. með svo óákveðnum orðatiltækjum, sem nú eru í því. En hins vegar er þess líka að gæta, að verði þetta mál látið bíða þangað til Norðlendingar hafa komið sjer saman um það, hvar skólinn skuli standa, þá sje jeg ekki mikil líkindi til, að skólinn komist upp í fyrirsjáanlegri framtíð. Það er nú komið svo mikið kapp í það mál, síðan konur á Akureyri hófust handa 1915 og heimtuðu skólann til sín, að jeg sje ekki nokkra von um, að sú deila yrði jöfnuð mjög bráðlega. Þingið eða stjórnin verður því að skera úr deilunni. Nú vill þing-

ið losna við þann vanda og koma honum yfir á stjórnina, og það er gallinn að þurfa þess. En eftir frv. verður stjórnin að útvega skólanum jörð, og mjer þykir ólíklegt, að sú jörð geti orðið í næstu grend Akureyrar, svo að þangað verði skólagangur af Akureyri.

Jeg vil því samþ. þetta frv. nú, af því að jeg hygg ekki, að það verði eftir betra að bíða um samkomulagið. En það vil jeg taka fram, stjórninni til athugunar, að verði skólinn ekki settur í sveit, þá verður almenn óánægja norðanlands. Það er ekki af því, að við óttumst siðspillingu í venjulegum skilningi samfara kaupstaðarskólanum, eins og okkur hefir verið borið á brýn. Við erum alls ekki að sýna Akureyri, sem bæ, neitt vantraust. En það, sem við viljum, er, að það sje sveitamenningin, sem skólinn efli, bæti og haldi uppi, að hann geymi allan gamlan og góðan arf, sem samrýmst getur því góða, sem nútíminn færir. Skólinn þarf því að vera reglulegt fyrirmyndarsveitaheimili. En það verður hann ekki, ef öllu ægir saman, heimastúlkum og heimangöngustúlkum, bæjarlífi og sveitarlífi, sem þó bæri lægra hlut.

Það, sem háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) drap á, að koma upp mörgum námsskeiðum, í staðinn fyrir sjerstakan skóla, verður örðugt að framkvæma, svo að í nokkru lagi sje. Til þess mundi þurfa svo margar útlærðar kenslukonur, og þær þurfa, sem kunnugt er, að sækja mentun sína til útlanda, og oft heltast þær úr lestinni, svo að fljótt mundi þær skorta. Það er því einmitt slíkur skóli, sem hjer ræðir um, sem er nauðsynlegur, meðal annars til þess að fjölga konum, sem færar væru um umgangskenslu na. Og hún hefir reynst ágætlega erlendis.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Það hefir mikið verið um það rætt, hverju ætti að ná með því að setja skólann í sveit. Ætli það eigi ekki að ná því, að húsmæðurnar kunni að hegða sjer á sveitaheimilum, kunni að hagtæra þeim mat, sem þar er farið með? En hvað þarf skólinn að hafa til þess, að hægt sje að ná því takmarki? Það þarf ekkert annað til þess en að reka búskap í sambandi við skólann, búskap, sem rekinn sje eins og annar sveitabúskapur. Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) vill, að skólinn efli sveitamenninguna. Jeg skal síst af öllu hnjóða í sveitamenninguna, en jeg held, að hún ekki verði efld með skólum. Það er hætt við því, að þegar forstöðukonan hefir siglt og verið utanlands í nokkur ár, til þess að búa sig undir að stjórna þessum skóla, þá muni fara svo, að hún hafi upplitast, sveitamenningin hjá henni, og gerum nú ráð fyrir, að hún væri uppalin í kaupstað, þá yrði líklega nokkuð lítið úr sveitamenningunni. Jeg get sagt háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) það, að hann efiir best sveitamenninguna með því að kenna börnum sínum að elska og virða okkar fornu menningu. Það eru einmitt skólarnir, sjerstaklega þessir ónýtu barnaskólar, sem eyðileggja alla sanna menningu.

Jeg sný mjer þá að háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Jeg skal ekki álasa honum fyrir það, þótt hann taki undir með háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). Sú ánægja kemur honum sjálfum mest í koll. En það, sem hann sagði um það, að tvískinnungur væri í frv., var rangt. Það ákvæði, að skólinn skuli vera í grend við Akureyri, er enginn tvískinnungur. Það þýðir ekki annað en það, að skólinn skuli vera svo nálægt Akureyri, að hægt sje fyrir stúlkur þaðan að nota skólann sem heimangönguskóla. Hins

vegar skiftir það engu máli, hvort skólinn er 5 eða 10 stikuþúsundir frá bænum. (E. A.: Þm. á víst við hundstikur). Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) veit það vel, að þótt jeg eigi hjer við háttv. hundvísa þingmenn, þá ber mjer engin skylda til að mæla þá í hundstikum. Það nær ekki nokkurri átt, að þingið fari að ákveða einhvern vissan stað fyrir skólann. Þingið á ekki annað að gera en að afmarka hringinn og segja: Í þessum hring skal skólinn standa; ákveðið þið nú sjálfir, hvar í honum; og jeg er ekki í neinum vafa um, að stjórninni verður það ekki að vandræðum að ákveða staðinn, í sambandi við Norðlendinga.

Það, sem háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) var að tala um samnám karla og kvenna í sambandi við þennan skóla, nær ekki nokkurri átt, því að hjer er ekki um annað að ræða en sjernám fyrir konur. Þetta er sjerfræði, sem karlar þurfa ekki að nema. Þess vegna skyldi mig ekki undra það, þótt Húnvetningar vildu halda sínum skóla, því að hann kemur þessu máli ekkert við. Sá skóli er ekki húsmæðraskóli.

Hvað því viðvíkur, að ekki sje hægt að fá jörð fyrir skólann í grend við Akureyri, þá er það talað út í loftið, því að Akureyri á nógar jarðir, sem hún getur látið skólann hafa. Það er sömuleiðis talað út í loftið að halda því fram, að ekki sje hægt að hefja undirbúninginn undir verkið af því, að menn komi sjer aldrei saman um, hvar skólinn skuli standa. Stjórnin þarf ekki annað en segja við sýslunefndirnar: Nú verðið þið að koma ykkur saman um staðinn; verkið verður ekki hafið fyr en þið hafið gert það. Þá mun varla standa á svarinu.

ATKVGR.

Brtt. 853. tekin aftur.

Frv. samþ. með 19:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., Ó. B.

nei: S. St., B. Sv., H. K., M. G., P. O., S. S.

Einn þm. (Þór. J.) fjarstaddur.

Frv. endursent Ed.

Á 54. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um stofnun húsmæðraskóla á Norðurlandi,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 873).

Á 57. fundi í Ed, föstudaginn 14. sept., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Eggert Pálsson): Nefndin, sem hafði þetta mál til meðferðar, athugaði það aftur, eftir að það kom frá háttv. Nd. En hins vegar hafði hún ekki tíma til, nje áleit nauðsynlegt, að gefa út framhaldsnefndarálit. En mjer er óhætt að segja, að nefndin telur rjett, að háttv. deild gangi að frv.

Að vísu hafa verið gerðar 3 breytingar á frv. í Nd. Í fyrsta lagi, að í staðinn fyrir »við Eyjafjörð« komi í grend við Akureyri. Sömuleiðis hefir þeirri athugasemd verið hnýtt við 2. gr., að búskapur skuli rekinn í sambandi við skólann. Loks er 3. brtt. sú, að í staðinn fyrir 24 heimavistir komi 40 heimavistir. Aðrar breytingar eru ekki sýnilegar á frv. En nefndin taldi þessar breytingar ekki svo stórvægilegar, að þær gætu verið henni þyrnir í augum, og hún væntir, að þær vaxi ekki heldur háttv. deild í augum.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er ekki mikill munur á frv. þessu nú frá því sem það var, er það fór frá þessari háttv. deild, eins og háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) hefir tekið fram.

Hjer í deildinni var það ekki talið frv. til fyrirstöðu, þó að svo væri til orða tekið, að skólinn skyldi standa við Eyjafjörð, og því var ekki mótmælt, að hann mætti standa við flutningabrautina, svo að hann gæti verið í sveit.

Orðin »í grend við Akureyri« eru teygjanleg. Þau þurfa ekki að merkja það, að skólinn eigi að vera heimangönguskóli frá Akureyri. Og jeg vil lýsa yfir því, að jeg geng að frv. með þeim skilningi, að skólinn megi, eftir frumvarpinu, standa á einhverri sveitajörð upp með Eyjafjarðarflutningabrautinni — svo framarlega sem þessari skoðun minni verður eigi andmælt hjer — og þurfi ekki að vera heimangönguskóli frá Akureyri, og að sveitabúskapur verði rekinn í sambandi við hann; vitna jeg þar til skoðunar minnar, sem jeg ljet áður í ljós um þetta mál, þegar frv. var hjer fyr til umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 953).

---

57. Bæjarstjórn á Akureyri.

Á 9. fundi í Ed., mánudaginn 16. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri (A. 69).

Á 10. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (**Magnús Kristjánsson**): Lögin um bæjarstjórn á Akureyri, sem með frv. þessu er farið fram á að breyta, hafa nú staðið milli 30 og 40 ár. Smámsaman hafa komið í ljós ýmsir agnúar á þeim, sem valda því, að breyting á þeim er nú orðin alveg nauðsynleg.

1. gr. frv. gerir ráð fyrir, að í stað bæjarfógeta komi bæjarstjóri, sem bæjarstjórnin kýs til þriggja ára í senn. Þetta fyrirkomulag er nú orðið talið nauðsynlegt vegna þess, að störf þau, sem sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hefir að gegna, eru orðin svo umfangsmikil, að forstaða bæjarmálanna getur ekki lengur samrýmst við þau.

Eins og kunnugt er þá er sú stefna orðin mjög rík hjá löggjafarvaldinu að líta svo á, að sýslumannsembættin sjeu einskonar hítir, sem hægt sje að fleygja öllu í, og ekki væri unt að offylla. Hvert þingið eftir annað er hlaðið á sýslumennina nýjum og nýjum störfum, og það svo mjög, að í erfiðustu sýslunum má heita, að frágangssök sje að anna því öllu, svo að vel fari.

Eyjafjarðarsýsla með Akureyrarbæ er nú einhver erfiðasta sýslan, svo erfið, að einn maður getur ekki annað öllu því, er á honum hvílir, jafnvel þótt hann verji miklu fje til aðstoðar við embættið, og því er það, að Akureyrarbær óskar eftir þessari breytingu, þótt vitanlegt sje, að það hafi mikinn kostnað í för með sjer fyrir bæjarfjelagið.

Það hefði verið eðlilegast, að landsstjórnin hefði lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um að aðskilja bæjarfógetaembættið á Akureyri og sýslumannsembættið, og þá hefði landssjóður greitt kaup bæjarfógetans, og bærinn getað látið sjer þá breytingu lynda og sparað þennan kostnað.

Það hefir verið leitað undirtekta landsstjórnarinnar um slíka breytingu, en undirtektirnar hafa verið þannig, að bærinn telur tilgangslaust að reyna að fara þá leið.

Jeg vænti þess, að mál þetta, sem er sjermál Akureyrarbæjar, fái fram að ganga hjá háttv. deild, enda hygg jeg, að í frv. felist engin ákvæði, sem eru hættuleg frá almennu sjónarmiði.

Mál þetta hefir verið vel undirbúið, svo að jeg tel ekki brýna þörf á að vísa því til nefndar. Vilji háttv. þingmenn, að því sje til nefndar vísað, þá tel jeg að best fari á, að því sje vísað til allsherjarnefndar, en ekki geri jeg það að minni tillögu. Jeg vænti þess, að þótt sú nefnd sje önnum hlaðin, þá skili hún málinu, ef því verður til hennar vísað, svo snemma, að það nái fram að ganga á þinginu.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg leyfi mjer að leggja til, að málinu sje, að þessari umræðu lokinni, vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1607) með 11 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., mánudaginn 6. ágúst, var frv. vísað til 2. umr. (A. 69, n. 280).

Frsm. (Magnús Torfason): Þetta frv. er komið fram að tilhlutun meiri hluta bæjarstjórnarinnar á Akureyri, og hefir háttv. þm. Ak. (M. K.) átt tal við nefndina um breytingarnar, sem hún vill gera á frv. Breytingar þessar fara í þá átt, að fleiru verði breytt í lögunum en til var ætlast í fyrstu. Þótti nefndinni rjett að taka upp það ákvæði, að numin væru úr gildi lög nr. 43, 11. júlí 1911, vegna þess ákvæðis í frv., að gefa megi út lögin í heild með konungsúrskurði. Í samræmi við þetta varð einnig að breyta inngangínum.

Þá hefir nefndin tekið upp nýja grein í frv., um það, að bæjarstjórn rjeði hafnarmálum, samkvæmt hafnarlögum. Þar sem hafnarlögin eru til, þótti rjett að taka þetta ákvæði upp í sjálf bæjarstjórnarlögin, eins og gert er í lögunum um bæjarstjórn á Ísafirði.

Aðrar breytingar eru ekki annað en smáorðabreytingar, sem til bóta þóttu horfa.

Þá vil jeg geta þess, að eftir að nefndarálitið var samið og farið frá allsherjarnefndinni, kom skjal frá nokkrum bæjarbúum á Akureyri með óskir um, að öðruvísi yrði gengið frá lagabreytingum þessum.

Munu óskir þessar verða teknar til athugunar af allsherjarnefndinni fyrir 3. umr. málsins.

ATKVGR.

Brtt. 280, 1. samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr. — — 12 — —
2.—7. gr.— — 13 — —

— 280, 2. a. og b. samþ. með 13 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

— 280, 3. (ný 9. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
9. gr. (verður 10. gr.) — — 13 shlj. atkv.

— 280, 4. (ný 11. gr.) — — 13 shlj. atkv.
10. og 11. gr. (verða 12. og 13. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

— 280, 5. (nýjar 14. og 15. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
12. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 280, 6. (ný 13. gr., sem verður 17. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
14. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., laugardaginn 11. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 327, n. 373).

Frsm. (Magnús Torfason): Jeg hefi ekki mikið að segja um brtt. á þgskj. 373. Eins og getið er um í nál. hafa komið fram óskir um það frá borgurum á Akureyri, að frv. yrði breytt að nokkru. Þess var sjerstaklega óskað, að ákvæðum frv. um kosningarrjett yrði breytt. Þar hafði gamla ákvæðið verið látið halda sjer, um að þeir, sem skulduðu í bæjarsjóð, skyldu verða af kosningarrjetti. En þetta ákvæði hefir nú lengi verið dauður bókstafur, og var því slept í frv. um bæjarstjórn á Ísafirði; þótti nefndinni því rjett að taka þessa ósk til greina. Enn fremur hafa komið fram raddir um það, að Alþingi og löggjafarvaldið skipaði ekki þegar svo fyrir, að bæjarstjóri skuli koma í stað bæjarfógeta á Akureyri, heldur skuli fyrst leitað samþykkis borgaranna með leynilegri atkvæðagreiðslu um það atriði. Nefndin hefir einnig fallist á þetta, og hljóðar önnur brtt. um þetta ákvæði.

Jeg skal að lokum geta þess, að hv. þm. Ak. (M. K.) hefir tjáð sig samþykkan brtt. nefndarinnar.

ATKVGR.

Brtt. 373, 1. samþ. með 9 shlj. atkv.
— 373, 2. — — 9 — —

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 13. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 424).

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 17. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg legg til, að þessu máli sje vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A., bls. 1615) í e. hlj.

Á 48. fundi í Nd., fimtudaginn 31. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 424, n. 666).

Frsm. (Einar Árnason): Þetta frv., sem hingað er komið frá háttv. Ed., er flutt að ósk bæjarstjórnar Akureyrar.

Frv. þetta heimilar bæjarstjórn Akureyrar að kjósa bæjarstjóra, er hafi með höndum stjórn bæjarmálefnanna. Til þess liggja þau drög, að störfin við bæjarmálin eru orðin svo umfangsmikil, að þess er varla að vænta, að bæjarfógeti, sem, eins og kunnugt er, jafnframt er sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu, geti annað þeim öllum, jafnvel þótt hann hafi góða aðstoð.

Í sjálfu sjer er mál þetta að mestu

sjermál viðkomandi bæjarfjelags og bakar landssjóði engin ný útgjöld, því að laun bæjarstjóra skal greiða úr bæjarsjóði. En meðan málið var til meðferðar í háttv. Ed. komu fram óskir frá mörgum málsmetandi mönnum á Akureyri um ýmsar smábreytingar á hinu upphaflega frv.

Þessar óskir hefir Ed. að miklu leyti tekið til greina, og svo hefir nefndin hjer í Nd. bætt við því, er á vantaði, í samráði við háttv. þm. Ak. (M. K.), flm. frv.

Nefndin leggur til, að gerðar sjeu nokkrar smávægilegar breytingar á frv., en að eins ein þeirra er efnisbreyting, sú, að bæjarfulltrúar sjeu 11, í stað 9. Nefndinni sýndist rjett að taka þessa ósk Akureyrarbúa til greina, enda var það með fullu samþykki háttv. þm. Ak. (M. K.). Hinar brtt. eru að eins orðabreytingar. En í sambandi við brtt. við 2. gr., um 11, í stað 9, skal jeg geta þess, að nefndinni hefir sjest yfir að breyta orðalagi 4. gr. frv. Hún er miðuð við það, að bæjarfulltrúar sjeu 9, og þar tekið fram, að $^1/_3$ hluti þeirra skuli kosinn í einu. En þegar tölunni er breytt í 11, getur þetta orðalag ekki staðist, og býst jeg við, að nefndin athugi þetta til 3. umr. og komi þá með brtt. við þessa grein.

Ætla jeg svo ekki að orðlengja frekar, en vona, að frv. fái greiðan gang gegnum deildina, svo að það geti orðið að lögum nú á þessu þingi.

ATKVGR.

Brtt. 666, 2. (inngangur) samþ. án atkvgr.
1. gr. samþ. í e. hlj.
— 666, 3. samþ. í e. hlj.
2. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
3. og 4. gr. samþ. í e. hlj.
— 666, 4. samþ. án atkvgr.
5. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
6. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 666, 5. samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
8.—10. gr. samþ. í e. hlj.
— 666, 6. samþ. án atkvgr.
11. gr., svo breytt, samþ. með öllum gr. atkv.
— 666, 7. samþ. án atkvgr.
12. gr., svo breytt, samþ. með öllum gr. atkv.
— 666, 8. samþ. án atkvgr.
13. gr., svo breytt, samþ. með öllum gr. atkv.
— 666, 9. a. og b. samþ. án atkvgr.
14. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
15. gr. samþ. í e. hlj.
— 666, 10. og 11. samþ. án atkvgr.
16. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
— 666, 12. samþ. án atkvgr.
17. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
— 666, 13. samþ. í e. hlj.
— 666, 1. (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 50. fundi í Nd., mánudaginn 3. sept., var frv. tekið til 3. umr., með fyrirsögninni

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, og lögum nr. 43, 11. júlí 1911, um breyting á þeim lögum (A. 746, 752).

Frsm. (Einar Árnason): Jeg gat þess við 2. umr., að allsherjarnefndin hefði í hyggju að koma með brtt. við 3. umr. og orða 4. gr. dálítið öðruvísi, svo að hún yrði í samræmi við 2. gr. Þessi brtt. er nú komin hjer, á þgskj. 752, og nefndin leyfir sjer að leggja til, að háttv. deild samþykki hana.

ATKVGR.

Brtt. 752. samþ. með öllum gr. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með öllum gr. atkv. og endursent Ed.

Á 47. fundi í Ed., þriðjudaginn 4. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 22., 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, og lögum nr. 43, 11. júlí 1911, um breyting á þeim lögum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 778).

Á 49. fundi í Ed., fimtudaginn 6. sept., var frv. tekið til einnar umr.

Framsm. (Magnús Torfason): Háttv. Nd. hefir að eins gert eina efnisbreytingu á frv. frá því, er það fór hjeðan. Bæjarfulltrúunum hefir sem sje verið fjölgað úr 9 í 11, samkvæmt beiðni í erindi nokkurra bæjarbúa á Akureyri, er höfðu sent til þingsins brtt. við frv., eins og það kom frá bæjarstjórn Akureyrar. Nefndin hefir ekkert við breytingu þessa að athuga, og telur hún víst, að háttv. deild samþykki frv. óbreytt, eins og það nú liggur fyrir.

Aðrar breytingar eru smávægilegar orðabreytingar, sem heldur virðast til bóta.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 827).

---

58. Holræsi og gangstjettir á Akureyri.

Á 9. fundi í Ed., mánudaginn 16. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um gjöld til holræsa og gangstjetta á Akureyri (A. 74).

Á 10. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Kristjánsson): Fátt er um mál þetta að segja, fram yfir það, er jeg sagði um þetta mál, er var hjer áður til umræðu, frumvarp til laga um bæjarstjórn á Akureyri.

Hjer er um það eitt að ræða, að hjálpa ungu og uppvaxandi bæjarfjelagi til þess að koma sem bestu skipulagi á þrifnað hjá sjer og heilbrigðismál yfirleitt.

Það vona jeg að allir vilji styðja.

Þeirri mótbáru kunna einstöku menn að hreyfa gegn máli þessu, að með því sje lagt ofmikið vald í hendur bæjarstjórninni. En jeg hygg, að sá ótti hafi við mjög lítið að styðjast.

Það liggur í augum uppi, að bæjarstjórnin fer ekki að ráðast í að verja stórfje til slíkra hluta, nema því að eins, að hún telji bæjarfjelagið hafa gagn af því. Og eins og nú er þá er að eins hugsað um þá kafla, þar sem þörfin er allra brýnust. Víst tel jeg það og, að bæjarstjórnin kynni sjer, áður en hún ræðst í fyrirtækin, hvort hlutaðeigandi húsaeigendur og lóðaeigendur vilja eitthvað á sig leggja í þessu efni. Að endingu vil jeg benda þeim á, er kunna að halda þessu fram, að bæjarstjórnin getur ekki ráðist í nein stórvirki í þessum efnum nema með samþykki landsstjórnarinnar. Þetta getur því aldrei verið hættulegt.

Jeg vænti þess, að háttv. deild samþykki frv. þetta og greiði hið besta

fyrir því, svo að það nái afgreiðslu á þessu þingi.

Úr því að mál það, er lá hjer næst áður fyrir, um bæjarstjórn á Akureyri, var vísað til allsherjarnefndar, þá finst mjer best fara á því, að hún fái einnig mál þetta til athugunar, og leyfi mjer því að leggja til, að því verði til hennar vísað, að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1607) með 11 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., föstudaginn 10. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 74, n. 319).

Frsm. (Hannes Hafstein): Í þessu stutta nefndaráliti er eiginlega alt tekið fram, er nefndin hefir að segja um frv. Nefndin hefir komið sjer saman við hv. fim. frv. (M. K.) um nokkrar breytingar, sem að mestu leyti eru orðabreytingar, en þó ekki eingöngu. Eins og menn vita er ákveðið, að bæjarstjórn hafi heimild til að leggja sjerstakan skatt á húseigendur og lóða, þar sem bærinn hefir á sinn kostnað lagt holræsi og gangstjettir. Frv. ákveður og, að skattur þessi skuli trygður með lögveði í húseignum og lóðum. En nefndinni þótti nægilegt, að lögtaksrjettur fylgdi.

En þar, sem húseigandi vanrækir að leggja ræsi frá húsi sínu út í göturæsið, er bæjarstjórn heimilað að láta framkvæma verkið á hans kostnað. Þótti nefndinni rjett að láta bæjarsjóð hafa lögveð í húsinu fyrir þeim kostnaði, auk lögtaksrjettar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 319, 1. (viðauki við 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

— 319, 2. samþ. með 12 shlj. atkv.

— 319, 3. (verður 3. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 404).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um gjöld til holræsa og gangstjetta á Akureyri,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 438).

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 16. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg tel rjett, að þetta mál fari til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 47. fundi í Nd., fimtudaginn 30. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 438, n. 629).

Frsm. (Einar Árnason): Aðalefni frv. þessa er sjermál bæjarfjelags þess, er hjer á hlut að máli, og að því leyti ætti ekki að vera neitt á móti því, að það gengi hjer fram, einkum þar sem engum mun blandast hugur um, að hjer sje að ræða um framfaramál fyrir bæinn. Það mun alment viðurkent, hversu góð vatnsveita ásamt fullkominni fráræslu er nauðsynleg fyrir þrifnað og gott heilsufar í bæjum. Nú hafa Akureyringar þegar fengið vatnsveituna, en holræsin vantar. Fer því bæjarstjórnin á Akureyri fram á að mega leggja skatt á hús og lóðir í bænum til að hrinda holræsagerðinni áleiðis. Staðhættir eru þar þannig, að allkostnaðarsamt mun verða að leggja gangstjettir og holræsi um bæinn, og hefir bæjarstjórninni sýnst vænlegast að koma verkinu í framkvæmd á þann hátt, er frv. greinir.

Nefndin hefir sjerstaklega athugað það atriði málsins, hvort hlutaðeigandi stjórnarvöldum væri ekki veitt ofmikið vald með ákvæðum frv., og hvort þau mundu geta leitt til þess, að einstakir bæjarbúar yrðu beittir ójöfnuði eða þeim sýnd harðdrægni. En af því að reglugerð sú, sem samin verður um skattaálagninguna, á að liggja undir samþykki stjórnarráðsins, áleit nefndin, að á því gæti engin hætta verið, og leggur því eindregið til, að frv. sje samþykt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með öllum gr. atkv.
2. og 3. gr. samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 49. fundi í Nd., laugardaginn 1. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A 338).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 761).

---

59. Umboð þjóðjarða.

Á 10. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða (A. 85).

Á 12. fundi í Ed., föstudaginn 20. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Steinsson): Jeg þykist hafa gert svo ítarlega grein fyrir þessu frv., að frekari útskýringa ætti ekki að þurfa.

Frumvarp þetta fer fram á, að Arnarstapa-, Skógarstrandar- og Hallbjarnareyrarumboð verði undanskilið lögum frá 20. okt. 1913, þannig, að forstaða þess verði framvegis, eins og hingað til, falin sjersökum manni, en ekki hreppstjórum, hverjum í sínum hreppi. Enn fremur er farið fram á, að þessi umboðsmaður hafi 10% af eftirgjöldunum í laun fyrir starfa sinn, og er það alt að helmingslækkun frá því, sem nú er, $16^2/_3$%. Þetta er langstærsta og tekjumesta umboð landsins, og er ekki fyrirsjáanlegt, að það rýrni í bráðina. Margar stórar jarðir heyra undir það og sumar nálægt kauptúnum og í kauptúnum. Þessar jarðir mundu alls ekki fást keyptar, þrátt fyrir áframhaldandi þjóð-

jarðasölu, nema ef kauptúnin færu þess á leit til eigin þarfa.

Jeg vil taka það fram, að það er alls ekki ætlun mín með þessu frv. að kasta neinni rýrð á hreppstjórana, eða lýsa neinu vantrausti á þeim. En hitt ætti að vera augljóst, að þessu starfi er betur borgið í höndum eins manns en ef því er skift milli margra manna. Jeg verð að segja fyrir mitt leyti, að ef jeg ætti 20 jarðir í einni sýslu — hvað þá heldur 70 eða 80, eins og hjer stendur á — þá vildi jeg heldur fela umsjón með þeim einum manni með 10% launum en 15 mönnum með 6% launum. Hins vegar er mjer kunnugt um, að hreppstjórarnir í þeim hreppum, þar sem umboðsjarðirnar eru flestar og stærstar, vilja fegnir losna við starfið, þykir það altof illa launað, borið saman við fyrirhöfnina, sem því fylgir, því að öll innheimta er þar erfiðari en víða annarsstaðar. En þótt þessu sje svona varið með hreppstjórana, þá er starfið aðgengilegra fyrir einn mann, sem hefir umsjón með öllum jörðum umboðsins, með þeim launum, er þetta frv. fer fram á.

Jeg býst ekki við, að annað verði móti þessu frv. haft en ef einhverjum finst svo mikið til um þessa launahækkun, 10% úr 6%. En jeg get ekki annað sagt en að sú ástæða sje harla lítilfjörleg; þau útgjöld mundu margborga sig með betri umsjón jarðanna.

Þá er að endingu ákvæðið um, að umboðsmaðurinn skuli sitja við Snæfellsjökul. Ástæðan til þess er auðsæ. Þar eru flestar jarðirnar og þar er mest að gera.

Jeg ætla svo ekki að orðlengja meir um þetta við þessa umr., en mælist til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og falið allsherjarnefnd til meðferðar.

Magnús Torfason: Jeg vil leyfa mjer að benda á, að mál þetta snertir skattamálin, og væri því rjettast að vísa því til fjárhagsnefndar.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil taka það fram, að ráðuneytið hefir ekkert á móti því, að frv. þetta nái fram að ganga, þar sem svo sjerstaklega stendur á, eins og greinargerð frv. ber með sjer, og háttv. flutnm. (H. St.) hefir að öðru leyti tekið fram.

Flm. (Halldór Steinsson): Jeg hefi stungið upp á því, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar. En þar sem menn hafa nú heyrt ummæli hæstv. atvinnumálaráðherra, mætti ef til vill virðast ástæðulaust að setja málið í nokkra nefnd. Jeg leyfi mjer því að taka till. mína aftur.

Kristinn Daníelsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til fjárhagsnefndar feld með 8:4 atkv.

Till. um að vísa málinu til landbúnaðarnefndar feld með 9:1 atkv.

Á 14. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 85).

Flm. (Halldór Steinsson): Þetta mál fekk svo góðar undirtektir við 1. umr., að jeg hefi fylstu ástæðu til að ætla, að það hafi gott gengi áfram.

Það þótti ekki ástæða til við 1. umr. að vísa málinu til neinnar fastanefndar, og ef háttv. deild sjer ekki ástæðu til þess nú, þá vil jeg að eins mælast til þess, að það fái að ganga fram til 3. umr.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., föstudaginn 27. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 85).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

A 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 30, 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 193).

Á 25. fundi í Nd., laugardaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (**J. M.**): Jeg vil mæla með því, að þessu frv. verði vísað til 2. umr., en tel það svo einfalt og óbrotið, að ekki þurfi nefnd í það. Í greinargerð frv. eru skýrt teknar fram ástæðurnar fyrir því, hvers vegna það er fram komið. Er það einkum vegna þess, að undir umboð þetta heyra Ólafsvík og Sandur. Auðvitað er alt öðru máli að gegna um einstakar jarðir. Óskir hafa komið frá mönnum fyrir vestan um, að umboðið haldist. Jafnvel hreppstjórarnir, sem gagn hafa af lögunum, nr. 30, 20. okt. 1913, hafa álitið rjett, að þetta umboð haldist, þótt önnur sjeu niður lögð. Vil jeg því mælast til, að frv. þetta verði samþ. hjer í háttv. deild. Það hefir að vísu í för með sjer ofurlítil útgjöld fyrir landssjóð, en það er gróði að hafa til þessa starfs mann, er geti gefið sjer tíma til þess, en hefir það ekki að aukastarfi. Geri jeg ráð fyrir, að frv. þetta fái að ganga til 2. umr., og eins og jeg hefi áður sagt tel jeg ekki þörf á því að vísa því til nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 10. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 193).

Pjetur Jónsson: Jeg vil leggja það til, að frv. verði vísað til landbúnaðarnefndar. Jeg segi ekki þar með, að frv. þetta sje neitt sjerlega athugavert. En jeg býst við, að öðrum hafi farið líkt og mjer, að hafa engan tíma haft til að athuga það, fremur en svo mörg önnur smærri mál. Jeg lít þess vegna svo á, að það sje ekki heppilegt, að deildin láti mál ganga fram hjá sjer, án þess að þau sjeu athuguð af einhverri nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1612) með 13:4 atkv., og umr. frestað.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 17. ágúst, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 193, n. 454).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Eins og menn vita þá var með lögum þeim, sem nefnd eru í fyrirsögn frv., umboði þjóðjarða breytt svo, að framvegis skyldi innheimtan falin hreppstjórum, og umboðslaunin voru færð niður í 6%. Þetta var gert af því, að búist var við því, að jörðunum mundi fækka. Nú stendur svo á í þessu hjeraði, að ekki eru líkur til, að margar jarðir þar muni verða seldar í bráð, og því hefir mörgum fundist, að ekki muni heppilegt að dreifa innheimtunni á margar hendur. Nefndinni hefir fundist breytingin vera sanngjörn og leggur til, að hún verði samþykt. Að öðru leyti skal jeg láta mjer nægja að vísa til nefndarálitsins, og segi því ekki meira að sinni.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 23. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 193, 525, 561).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Það er út af brtt. á þgskj. 525, sem hefir verið endurtekin á þgskj. 561, að jeg stend upp. Jeg verð í stuttu máli að lýsa yfir því, fyrir nefndarinnar hönd, að okkur finst ekki ástæða til að taka hana til greina. Það stendur svo alveg sjerstaklega á með þetta þjóðjarðaumboð hjer á vesturhorni landsins, að jeg held, að ekki sje nálægt því sama ástæða til að breyta lögunum frá 20. okt. 1913, um umboð þjóðjarða, að því er Múlasýslu snertir, sem Arnarstapaumboð. Jeg vil því leyfa mjer að mæla eindregið á móti því, að brtt. á þgskj. 561 verði samþ. Mjer þykir ekki nauðsyn að útskýra í smáatriðum, hvernig á því stendur, að farið er fram á þessa breytingu með umboðið á Snæfellsnesi, en sú breyting á ekki annarsstaðar við, og nærri því allra síst í Múlasýslum.

Þorsteinn Jónsson: Jeg man, að þegar ástæður voru færðar fyrir þessu frv. hjer í deildinni á dögunum, var ein meðal annars sú, að ýmsar jarðir í Arnarstapaumboði væru vel lagaðar til þjettbýlis, og enda þegar risin upp þorp á sumum þeirra. Það var enn fremur sagt, að nokkrar jarðir þar mundu alls ekki verða seldar í framtíðinni, og líklegt væri, að landssjóður mundi fá af þeim miklar tekjur. Jeg kom fram með brtt. á þgskj. 525, en tók hana aftur, en kem með aðra brtt. á þgskj. 561, sem er söm og hin að efni til. Jeg hefi leyft mjer að koma fram með þessa brtt. af því, að jeg hygg, að líkt standi á í Múlasýslum og Arnarstapaumboði. Í Múlasýslum eru meðal annars 3 jarðir, sem eru eign landssjóðs að nokkru eða öllu leyti og kauptún hafa myndast á, sem margt bendir á að muni vaxa. Þessar 3 jarðir eru Nes í Norðfirði, Kollaleira í Reyðarfirði og Kjafteyri í Fáskrúðsfirði.

Um 1. jörðina, Nes í Norðfirði, er það að segja, að hún er að $^1/_8$ eign hins opinbera. Á þessari jörð hefir bygst stærsta þorp á Austurlandi, næst Seyðisfirði, og hefir það vaxið meir á síðari árum en nokkurt annað þorp eystra. Tekjurnar af þessari jörð skifta þúsundum króna á ári.

Um 2. jörðina, Kollaleiru í Reyðarfirði, er það að segja, að hana á landssjóður alla, og á henni hefir verið bygt kauptúnið Búðareyri, sem líkindi eru

fyrir að vaxi mikið og landssjóður hefir þegar kostað nokkru fje til. Hann hefir sem sje lagt nokkur þúsund kr. í hafskipabryggju þar, og þaðan hefir verið lögð Fagradalsbrautin, sem gerir það að verkum, að verslun Hjeraðsbúa er að flytjast að miklu leyti til Reyðarfjarðar. Höfnin þar er mjög góð, og þar sem líklegt er, að þorpið vaxi, þá verður jörð þessi verðmikil eign fyrir landssjóð. Tekjurnar eru að vísu ekki miklar enn af Kollaleiru, um 400 kr., en gæta verður þess, að skamt er síðan þorp fór að myndast þar (á Búðareyri).

3. jörðin, Kjafteyri í Fáskrúðsfirði, er að öllu leyti eign landssjóðs, og liggur hún fast að Búðakaupstað. Bæjarstæðið, sem er í Búðalandi, er þegar bygt, svo að það, sem verður bygt hjer eftir, byggist áreiðanlega í Kjafteyrarlandi. Það er þegar búið að mæla út 8 lóðir, og tekjurnar af jörðinni eru þegar orðnar 300 kr. Þessi hluti þorpsins, sem liggur í Kjafteyrarlandi, er líklegur til að vaxa. Þar er hafskipabryggjustæði betra en fyrir Búðalandi. Þetta þorp hefir vaxið á seinustu árum mest allra þorpa á Austurlandi, næst Norðfirði, og líklegt er, að það haldi áfram að vaxa, því að Fáskrúðsfjörður er vel lagaður til sjávarútvegs.

Enn fremur er 4. jörðin í Múlasýslu, sem gefur landssjóði miklar tekjur, sem líklegt er að vaxa muni að miklum mun, og getur ekki komið til mála að selja. Sú jörð er jörðin Vattarnes ásamt fuglabjarginu Skrúð. Þar er að vísu ekki löggildur verslunarstaður, en þar er fiskiþorp og útræði talsvert. Vattarnes liggur mitt á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, og liggur það betur við til fiskiróðra en flestir aðrir staðir eystra, vegna þess, hve skamt er þaðan á fiskimið, og það hefir um leið góða höfn.

Af þessum ástæðum, er jeg nú hefi greint, vona jeg, að háttv. þingdm. skilji, að líkt stendur á með Múlasýslu- og Arnarstapaumboð; og svo framarlega sem samþ. verður að láta Arnarstapaumboð haldast, verði af jafngildum ástæðum samþ. sú brtt., sem jeg hefi flutt. Það, að háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) er á móti brtt. minni, hygg jeg stafa af því, að hann er ekki kunnugur staðháttum eystra.

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) sagði, að jeg mundi vera móti till. vegna þess, að jeg mundi vera lítt kunnugur þar eystra. Jeg skal játa, að svo er, en jeg hafði þó kunnuga menn fyrir mjer, því að málið var búið að ganga gegnum háttv. Ed., og þar á sæti, sem kunnugt er, þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) og fleiri, sem jeg býst við að sjeu kunnugir á Austfjörðum, og auk þess eru ýmsir hjer í háttv. þingd., sem eru kunnugir þar. Undir þessa menn hefi jeg borið málið, og allir eru þeir sammála um, að ekki sje fremur ástæða til að taka þetta umboð en öll önnur umboð á landinu. (**Þorst. J.:** Enginn þeirra hefir borið á móti upplýsingum mínum). Mjer er fjarri skapi að fara að gera þetta að nokkru kappsmáli, en jeg býst við, að háttv. þingdm. sjái, að ekki er ástæða til að gera Múlasýslu að sjerstöku umboði, fremur en ýmsar aðrar sýslur. Þær ástæður, sem háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) bar fram, hafa ekki sannfært mig, en að svo stöddu sje jeg ekki ástæðu til að eyða lengri tíma í að ræða þetta mál.

Sveinn Ólafsson: Mjer finst rjett af mjer, úr því að svona mál sem þetta liggur fyrir, að taka til þess afstöðu, því að jeg ætti að vera flestum kunnugri því, sem hjer er um að ræða, og mjer finst, að menn ætlist til, að jeg

láti í ljós álit mitt. Það er enginn vafi á því, að það álit háttv. þm. Mýra. (P. Þ.), að brtt. háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) sje allsendis óþörf, hlýtur að stafa af ókunnugleika um staðháttu. Eftir því, sem jeg hefi kynt mjer þetta mál fyrir vestan, hefi jeg sannfærst betur og betur um, að þar stæði alveg eins á og í Múlasýslum. Það getur að vísu verið, að fleiri þjóðjarðir sjeu óseldar í Arnarstapaumboði en Múlasýslu, en það skiftir litlu máli, því að á báðum stöðum eru eftir jarðir, sem verða ekki seldar og skifta má í smálóðir, og sennilegt er, að eftirleiðis verði að hafa annað fyrirkomulag á báðum þessum stöðum en annarsstaðar, þar sem engar eru fjölbýlisjarðir.

Vitanlega eru lögin frá 20. okt. 1913 til orðin vegna þess, að þá voru lögin um sölu þjóðjarða komin til framkvæmda, og þar sem umboðið lá í landsveit, var ekki annað sýnilegt en að jarðirnar myndu allar hverfa úr eigu hins opinbera. Undantekningar frá þessu voru þar, sem umboðin lágu að sjó og lóðaútmæling hófst og fjölbýli á einstökum jörðum. Nú hafa menn tekið eftir því í Arnarstapaumboði, að svo mundi fara, sem farið hefir á Austurlandi, að jarðirnar hjeldust í eigu þess opinbera, og þyrfti að breyta lögunum frá 1913. Jeg get vísað til þess, sem háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) sagði um þessar jarðir fyrir austan. Jeg skal engum getum leiða um það, hve margar af landssjóðsjörðum eystra verða seldar, en hvað sem öðru líður, verða þær 4 jarðir, sem hann mintist á, ekki seldar. Það má auðvitað spyrja, hvort sjerstakan mann þurfi til að annast þessar jarðir, en um það gilda sömu ástæður og vestra; með einum og sama manni verður mest samræmi í leigumálanum og umsjóninni með lóðaútmælingunni. Til þess að benda á, að sjerstakt eftirlit muni þurfa með jörðunum, skal jeg geta þess, að um alllangt áraskeið ljek sá vafi á með afgjöld af jörðinni Nesi, að landssjóði galst ekkert þaðan. Samkomulag fjekst eftir langvinnar málaleitanir.

Það gæti virst svo, að þetta mál snerti mig persónulega — mjer hefir jafnvel skilist það á sumum háttv. þm., — og skal jeg því gefa þær upplýsingar, að svo er ekki, því að hjer er verið að ráðstafa þessum starfa eftir minn dag. Jeg get, fyrir mitt leyti, látið mjer standa á sama, hvort brtt. verður samþ. eða ekki, en jeg held, að þessari eign sje betur borgið með því fyrirkomulagi, að sami maðurinn hafi alt eftirlitið á hendi, því að þótt gert sje ráð fyrir því, að hreppstjórar hafi eftirlitið á hendi, er þess að gæta, að bæði er það töluvert erfiði og alls ekki vandalaust. Þeim eru ætluð 6% í innheimtulaun, og er því ekki fyrir miklu að gangast. En oft verður fyrir þá við nánustu nágranna um að vjela, og getur þá sannfæringu stundum skeikað, er taka þarf tillit til vina eða vandamanna.

Annars skal jeg ekki orðlengja um þetta frekar, því að í raun og veru finst mjer þetta ekki skifta miklu máli.

Þorsteinn Jónsson: Jeg vil taka það fram, að mjer finst ósamræmi í því hjá háttv. þingd., ef hún fellir brtt., en samþ. frv. Háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) fanst ekki sanngjarnt að samþ. brtt., en jeg vil þá biðja hann að vera sjálfum sjer samkvæman og fella frv. einnig. Það finst mjer sjálfsagt, því að ástæðurnar fyrir því að leggja ekki þessi 2 umboð niður eru nákvæmlega þær sömu.

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Það er að eins örstutt athugasemd. Það var ein ástæða, sem jeg ætlaði mjer að minnast á, en var búinn að gleyma, en háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) minti mig á hana. Hún er sú, að þjóðjarðirnar í Arnarstapaumboði liggja allar á tiltölulega litlu svæði, og því er líklegt, að umboðsmaðurinn verði sæmilega haldinn af starfi sínu. Það er einmitt þvert á móti í Múlasýslu, því að þar liggja þjóðeignirnar á víð og dreif, og því erfitt að hafa eftirlit með þeim, svo að varla verður tilvinnandi fyrir nokkurn umboðsmann að hafa það fyrir þá borgun, sem ætluð er. Umsjónin er sem sje svo afarerfið, eins og núverandi umboðsmaður tók fram. En þessi lítils háttar aðdróttun, sem hann kom með til hreppstjóranna, að þeir myndu standa illa að vígi gagnvart nágrönnum sínum, vegna ofnáins kunningsskapar, er svo ósennileg, að jeg býst ekki við, að hún muni hafa mikil áhrif á úrslit þessa máls.

Jeg hygg, að það muni eiga alstaðar jafnt við, ef það á annað borð á nokkurstaðar við, þetta um ósjálfstæði hreppstjóra. Síst ætti það að vera meira í Múlasýslum en annarsstaðar. Annars tek jeg það fram enn, að jeg álít ekki eyðandi tíma í það að vera að deila um þetta mál.

ATKVGR.

Brtt. 525. tekin aftur.

— 561. feld með 18:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. B., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J.

nei: B. Sv., B. K., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. M., M. G., M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Þór. J., Ó. B.

Þrír þm. (B. J., E. A., P. J.) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 15:3 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 613).

60. Skipun prestakalla.

Á 11. fundi í Ed., fimtudaginn 19. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla (A. 108).

Á 13. fundi í Ed., laugardaginn 21. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Steinsson): Jeg þarf ekki að skýra öllu nánar þetta frv. en gert er í ástæðunum fyrir því. Í lögunum um skipun prestakalla frá 16. nóv. 1907 kemur fram svo mikill ójöfnuður í skipun prestakalla í Snæfellsnessýslu, að furðu gegnir, og ef samræmi hefði átt að vera, hefði með jafnmiklum rjetti mátt leggja niður 2 önnur prestaköll í prófastsdæminu, en það þótti ekki fært vegna víðáttu, sem er með öllu rjett, enda þarf ekki annað en að líta á Íslandskort, til þess að sjá, að Staðastaðarprestakall verður eitt hið stærsta prestakall landsins, eftir núgildandi lögum.

Jeg held, satt að segja, að áhugi manna á trúmálum hjer á landi sje ekki ofmikill, og ekki verður hann meiri með því að gera prestaköllin svo stór, að presturinn geti ekki haft nein veruleg kynni af sóknarbörnum sínum. Meðan þjóðkirkja er ríkjandi hjer á landi er það skylda þings og stjórnar að sjá um, að starf hennar verði meira en kákið tómt, en það verður það með því að

gera prestaköllin svo stór, að prestum sje litt kleift að þjóna þeim.

Þetta frv. fer fram á, að prestakallaskipunin haldist eins og hún nú er, að undanteknu því, að skilja Hellnasókn frá Nesþingum og sameina hana Staðastað. Hellnasókn er nú í Nesþingum og liggur sunnan Jökuls. Hún er áföst Staðastaðarprestakalli, og er þar að eins um bygð og góða vegi að ræða, og eru litlir erfiðleikar á því fyrir Staðastaðarprest að þjóna þessari sókn, en presturinn frá Ólafsvík hefir yfir 2 fjallvegi að fara þangað.

Jeg flyt frv. þetta samkvæmt almennum endurteknum óskum hjeraðsbúa í þessum sóknum og samkvæmt einróma áliti á nýafstaðinni prestastefnu (synodus). Jeg hefi og í höndum brjef frá herra Jóni Helgasyni, biskupi, þessu máli viðkomandi, og skal jeg með leyfi hæstv. forseta lesa það upp. Það hljóðar svo:

»Reykjavík, 3. júlí 1917.

Á nýafstaðinni prestastefnu (synodus) var svo hljóðandi tillaga borin upp:

Að gefnu tilefni lætur prestastefnan þá skoðun sína í ljós, að mjög óheppilegt sje, að Miklaholtsprestakall í Snæfellsnessprófastsdæmi verði lagt niður sem sjerstakt prestakall, og mælir mjög með því, að gerð verði sú breyting á gildandi lögum, að það skuli haldast sem sjerstakt prestakall.

Var tillaga þessi samþ. í e. hlj.

Jón Helgason.

Til prófastsins
í Snæfellsnessprófastsdæmi.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta mál; vona jeg, að það fái að ganga til 2. umr. Rjettara virðist mjer að setja þetta mál í nefnd, og vil jeg þá stinga upp á, að því verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1607) með 12 shlj. atkv.

A 16. fundi í Ed., föstudaginn 27. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 108, n. 153).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Eins og flestum er kunnugt er í lögunum um skipun prestakalla allmörg prestaköll ákveðin, sem litt þykir fært að einn prestur geti þjónað. Það var eðlilegt, að svo gæti tekist til, er skipa átti í einu fyrir um þetta á öllu landinu, og auðvitað eru skiftar skoðanir um sumt. En um sum prestaköll eru varla skiftar skoðanir, að ókleift er að þjóna þeim, og þar á meðal er þetta. Sameiningin á þessum stað er að vísu ekki enn komin á, en söfnuðirnir vilja fyrirfram fyrirbyggja, að hún komist í framkvæmd, og synodus hefir einnig lagt það til.

Nefndinni kom einnig saman um, að þetta sje alls ekki framkvæmanlegt, að gera alt þetta svæði, frá Einarslóni að Haffjarðará, að einu prestakalli. Það er hjer um bil $^3/_4$ af suðurströnd Snæfellsness. Nefndin hefir þess vegna fallist á frv. og ræður háttv. deild til að samþykkja það, með þeim breytingum, sem hún hefir gert á því í nefndaráliti sínu. Jeg skal þess vegna ekki fjölyrða frekar um málið, en leyfi mjer að skírskota til greinargerðarinnar með frv.

Breytingarnar, sem þar er farið fram á, eru, að 1. gr. frumvarpsins sje skift í tvær greinir, samkvæmt greinaskiftingu í lögunum sjálfum, og að 3. grein falli burt. Nefndinni þótti óþarft, vegna þessarar litlu breytingar, að prenta upp sjálf lögin, sem eru alllöng.

Halldór Steinsson: Jeg get verið allsherjarnefndinni þakklátur fyrir tillögur hennar í málinu. Hún hefir fallist á frumvarpið að efni til. Brtt. hennar eru að eins orðabreytingar, sem jeg felli mig öllu betur við. Jeg álít það eigi mikilsvert atriði, hvort 3. gr. er feld burt eða látin standa. Það getur verið álitamál, hvort heppilegra er að færa breytingar á lögum inn í sjálf aðallögin eða ekki. Yfirleitt felli jeg mig vel við breytingar nefndarinnar.

ATKVGR.

Brtt. 153, 1. (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 153, 1. (ný 2. gr.) — — 11 shlj. atkv.
— 153, 2. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 153, 3. — — 10 — —
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., þriðjudaginn 31. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 197).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 22. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 243).

Á 26. fundi í Nd., mánudaginn 6. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Pjetur Þórðarson: Mál þetta mun líklega hafa verið í allsherjarnefnd Ed., að jeg hygg. Mundi því heppilegast að vísa því til samskonar nefndar hjer, eða annarar nefndar, ef deildin álítur rjettast að setja það í nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 10. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 243, n. 351).

Frsm. (Einar Jónsson): Frv. þetta, á þgskj. 243, er hjer komið frá háttv. Ed. Var þar í allsherjarnefnd og fjekk meðmæli hennar. Í háttv. Nd. hefir allsherjarnefnd einnig haft það til meðferðar og mælt með því. Einn nefndarmaður var því að vísu ekki meðmæltur, af ótta fyrir því, að fleiri kæmu á eftir með sömu kröfur, en áleit þó mikla þörf þeirrar breytingar, sem þetta frv. fer fram á.

Þannig stendur á breytingu þessari á l. nr. 45, 16. nóv. 1917, um skipun prestakalla, að lögin ákveða breytingu á þeim fjórum prestaköllum, sem hjer ræðir um, og myndar úr þeim þrjú prestaköll, þegar Miklaholtsprestakall losnar. Ennþá eru þau fjögur, og þó á nokkurn annan hátt en hjer er farið fram á.

Að steypa þessum köllum saman og mynda þrjú úr fjórum geta viðkomendur ekki felt sig við. Álíta ókleift vega-

lengdar og torfærna vegna fyrir prest að þjóna slíkum brauðum, og æskja því bæði fyr og nú, að breyting fáist á þessu.

Sje athuguð vegalengdin t. d. í Staðastaðarprestakalli, þegar breytingin væri komin á, tæki það að eins spottann frá Haffjarðará vestur í Einarslón, sem mun vera nálægt 90 km., — eða líkt og hjeðan úr Reykjavík og austur að Skálholti eða austast í Holtahrepp í Rangárvallasýslu, — og þó gæti í vissum tilfellum orðið eins örðugt fyrir Ólafsvíkurprest að ferðast til Hellnasóknar, og vegalengdin frá Búlandshöfða að Hellum, ef fara þyrfti með sjó kringum Jökul, orðið enn lengri. Að vetrarlagi yrði sá prestur annað tvent að gera, að fara fyrir Jökul eða að brjótast fjallvegi, Kambsskarð eða Jökulháls, og er óvíst, hvort tiltækilegra er í snjóalögum. Eins og ástatt er mun Ólafsvíkurkallið vera erfiðast, og fer því frv. fram á þá breytingu frá því, sem enn gildir, að Hellnasókn leggist við Staðastað, og við það fella sig allir hlutaðeigendur. Eftir þeirra óskum er frv. á þennan hátt úr garði gert.

Þess má geta, að prestastefnan hefir hjer í fyrsta sinni mælt eindregið með breytingu á prestakallalögunum frá 1907, og virðist það benda til þess, að hjer sje þörfin mest. Skýr og rækileg greinargerð fylgir frv. Vænti jeg, að háttv. þm. hafi lesið hana og leggi trúnað á. Hún er komin frá nákunnugum og skilorðum manni; því er mikið upp úr orðum hans leggjandi.

Að hinu leytinu verður þess að gæta, að vilja þeirra, sem eiga eða óska að nota sjer sáluhjálp prestanna, verður að taka til greina, svo framarlega sem ekki er strikað yfir presta og kirkjusiði með öllu. Ýmsir háttv. þm. eru sennilega kunnugri staðháttum á þessu svæði en jeg, og tel jeg víst, að allir þeir viðurkenni rjettmæti frv. En einnig hinir, sem lítt þekkja þar vegi, fjöll og fyrnindi, vænti jeg að veiti því atkvæði, svo að það nái fram að ganga.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal að vísu játa, að jeg er ekki kunnugur staðháttum, en hitt vita víst flestir, að þetta frv. hefir tvisvar áður verið á ferðinni hjer í þinginu. Það ætti ekki að vera neitt heppilegra að verða nú við bón viðkomandi hjeraðsmanna en áður. Í sjálfu sjer er það ekki mikið mál, hvort þessi breyting út af fyrir sig kæmist á. En mjög er hætt við, að fleiri biðji um hið sama, ef þetta er látið eftir einum. Víða voru menn óánægðir, er lög voru sett um að fækka prestum. Flestir vildu ekki missa prestinn sinn. Það má því við fleirum slíkum kröfum búast, sem hafa við lík rök að styðjast, ef þetta frv. nær fram að ganga.

Jón Jónsson: Jeg verð að taka undir með hæstv. forsætisráðherra. Jeg vil beina athygli manna að því, að allsherjarnefnd hefir áður lagt til, að læknishjeruðum sje ekki fjölgað; nú ræður hún aftur til að fjölga prestaköllum. Bæði er nú það, að frv. þetta hefir tvisvar áður komið fyrir þingið, og svo var skipun prestakalla fyrir komið að vel athuguðu máli; bæði milliþinganefnd og svo þingið höfðu farið með það mál. Jeg álít því, að ekki komi til mála að breyta nokkru um þá hluti, nema gagngerð breyting verði á kirkjumálum eða prestakallaskipun um land alt. Nefndin hefir ekki athugað, að það stoðar ekki að vera á móti breytingartillögum í líka átt, er fyrir þingið kynnu að koma, ef þetta verður samþykt; enda virðist mjer nefndin ekki hafa lagt mikið verk í þetta mál. Nál. er ekki nema 2 línur.

Jeg held, að það sje fortakslaust rangt að fjölga prestaköllum. Það ætti að vera stefnan að láta embættismenn hafa nógu stór hjeruð, svo að þeir geti haft nóg laun. Rjett er það að vísu, að hægara er að ná í prest ef stutt er til hans, en það verður þó ekki talin svo brýn nauðsyn, að það varði líf eða heilsu manna. Öðru máli er að gegna um fjölgun lækna. En því eru menn mótfallnir af þeirri ástæðu, að þá minki aukatekjurnar. Hið sama má segja um prestsembættin. Jeg fyrir mitt leyti er algerlega á móti frv., og álít jeg það mjög misráðið að fara að gera glundroða í prestakallaskipun landsins.

Frsm. (Einar Jónsson): Mjer finst, að þeir tveir hv. þm. (J. M. og J. J.), sem hafa talað, hafi misskilið frv. dálítið. Mjer virtist þeir halda, að hjer væri um fjölgun presta, frá því sem nú er, að ræða, en svo er ekki, heldur er um það að ræða, að þeir verði eins margir eins og þeir nú eru, með öðrum orðum, að prestum verði ekki fækkað.

Má vera, að ekki sje um líf og heilsu að ræða, þótt ekki verði náð í prest. En jeg hygg þó, að trúarlíf myndi dofna, ef prestum eru fengin svo stór köll, að þeim verði alveg ókleift að rækja skyldu sína gagnvart miklum hluta sóknarbarna sinna. Svo framarlega sem kristindómur á að haldast í landinu, verður að koma í veg fyrir, að svo verði. Jeg gat í fyrri ræðu minni um vegalengdirnar, sem hjer er um að ræða. Jeg sagði, að vegalengdin eftir einu prestakallinum, ef 3 prestaköll ættu að verða á þessu svæði, myndi verða söm og frá Reykjavík alla leið austur í Skálholt, eða austur að Ægissíðu. Við skulum segja, að prestur, sem ætti að þjóna Reykjavík, sæti austur við Ölfusá. Hvernig færi fyrir prestinum, ef hann hitti á vont veður, eða ef það væri aldraður maður? En það á sjer oft stað, að aldraður prestur er betur metinn en ungur og frakkur ferðamaður. Gömlu mönnunum eru menn vanastir, og þá vilja menn síst missa, sjeu þeir vel kyntir. Það sjá allir, að svona leið væri ómögúleg fyrir aldraðan mann.

Hjer er yfir höfuð öðru máli að gegna en þótt einhver kæmi fram með beiðni um fjölgun prestakalla. Hjer er ekki farið fram á neitt slíkt. Það mun vera örðugt að sýna fram á, að til sje nokkurt annað jafnstórt prestakall á landinu, ef eigi verður tekið til greina það, sem frv. þetta fer fram á. En jeg vænti svo góðs af háttv. deild, að hún leyfi frv. að fá framgang.

Háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.) þykir nál. ófullnægjandi, þar sem það sje ekki nema einar tvær línur. Það er satt, að lengra er það ekki. En jeg fann enga ástæðu til að fara að semja lengra nál. en háttv. Ed. ljet sjer nægja með; henni hefði staðið það nær að semja lengra nál., ef henni hefði þótt þess þurfa, og nefndin í hv. Ed. var kunnugri öllum málavöxtum en jeg. En henni hefir sjálfsagt fundist, eins og mjer, að greinargerðin fyrir frv. væri svo glögg og góð, að hún gæti komið í staðinn fyrir nál.

Bjarni Jónsson: Jeg er vel kunnugur staðháttum í prestakalli því, sem hjer ræðir um, því að jeg hefi oft ferðast þar, og jeg veit, að það er rjett, sem háttv. frsm. (E. J.) greinir frá um vegalengdirnar. Hjeraðsbúum er samsteypan mjög á móti skapi, og jeg tel rjett, að farið sje að óskum þeirra, því að hið fyrirhugaða brauð er altof stórt til þess, að því verði þjónað svo, að viðunandi sje. Á meðan prestar og kirkja er á vegum ríkisins, samir ekki, að ríkið

fái þeim óvinnandi störf; miklu betra, að ríki og kirkja skilji, en að svo sje.

Háttv. Ed. hefir að sínu leyti samþ. mál þetta, og verði það nú felt hjer í deild, má eiga þess vísa von, að það kemur inn í þing aftur, og má svo vel fara, að kostnaður við umræður um það og prentun þeirra verði ekki stórum minni en sá kostnaður, sem leiddi af því að samþ. frv. þegar í stað.

Pjetur Þórðarson: Jeg er þakklátur háttv. nefnd fyrir það, hvernig hún hefir tekið í mál þetta. Jeg er samþykkur því, sem háttv. frsm. (E. J.) hefir sagt um ástæðuna fyrir því, að mál þetta er komið fram, og um hina brýnu þörf á því, að það fái framgang. En þess ber sjerstaklega að gæta, að lögin um skipun þessa prestakalls hafa staðið alllengi án þess að hafa komist í framkvæmd, og á þeim tíma hafa augu margra opnast enn betur fyrir því, hve óhæfileg samsteypan er í raun rjettri, og hafa aðrar samsteypur, sem farið hafa fram á þessum tíma, fært mönnum heim sanninn um það. Þetta sýnist mæla mjög með því, að breytingin sje samþykt.

Jeg segi þetta af því, að mjer þykir anda kalt gegn frv. frá hæstv. forsætisráðherra og háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.); þeir leggja báðir móti því af þeirri einni ástæðu, að fjölga á prestaköllum. En líklegt er, að svo vitrir menn sjái, að mistök hafi getað orðið á skipun prestakallanna frá upphafi, og hafi það nokkursstaðar orðið, þá er það hjer; um það blandast kunnugum ekki hugur. Þrátt fyrir andmælin vona jeg, að háttv. deild leyfi málinu að ganga fram.

Frsm. (Einar Jónsson): Jeg er þakklátur þeim háttv. þm., sem mælt hafa með málinu. Meðmæli þeirra ættu að vera afarþung á metunum, því að það eru einmitt þeir, sem kunnugastir eru, hvernig til hagar þar vestra; vona jeg, að aðrir háttv. þingdm, sem þar eru miður kunnugir, taki orð þeirra trúanleg, telji breytinguna sanngjarna og leyfi málinu að ganga fram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:2 atkv.
2. — — — 16:2 —
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

Á 32. fundi í Nd, mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 243).

Frsm. (Einar Jónsson): Jeg sje ekki neina ástæðu til að halda langa ræðu nú, því að jeg vona, að málið fái sömu undirtektir og við 2. umr., enda er það skylt og sjálfsagt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13:2 atkv. og afgr. sem
lög frá Alþingi.
(Sjá A. 440).

---

61. Manntal í Reykjavík.

Á 12. fundi í Ed., föstudaginn 20. júlí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 18, 13. sept. 1901, um manntal í Reykjavík (A. 125).

Á 14. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Kristinn Daníelsson): Mig langar að biðja hv. deild að taka þessu frv. vel. Það er að vísu ekki stórmál, sem hjer er um að ræða, en þó áríðandi á sínu sviði. Þegar því var ljett af prestunum hjer í Reykjavík, með lögum 1901, að taka manntalið, var þeim þó gert að skyldu að halda sálnaregistur eftir sem áður.

En það hlaut að verða kák eitt og hálfverknaður, og er furða, að þetta skuli hafa haldist fram á þennan dag. En betra er seint en aldrei, og er nú svo komið, að menn finna, að ekki má við svo búið standa lengur.

Málið er hingað komið að tilhlutun hagstofunnar og prestanna, og gerðist jeg flutnm. þess, meðal annars af því, að jeg hefi, sem prófastur, verið við það riðinn og tekið á móti skýrslum prestanna. Komu þær altaf mjög miklu seinna en vera átti, og frá fríkirkjuprestinum fylgdi jafnvel sú athugasemd, að ekki væri hægt að ábyrgjast áreiðanleik skýrslnanna.

Hjer eru fleiri söfnuðir. En manntalinu er ekki skift eftir því, og verða prestarnir því að vinna úr skýrslunum og greina sundur, og er þá mjög hætt við, að ruglingur geti á komist. En ótækt má það heita, að slíkar skýrslur sjeu ver úr garði gerðar hjer í sjálfum höfuðstaðnum en úti um sveitir.

Aðalatriðið er því það að losa prestana við að halda sálnaregistur, með því að það er í raun og veru ofætlun, þar sem þeir eru svo mörgum störfum hlaðnir, en verkið er seinlegt og getur aldrei orðið svo vel af hendi leyst, sem skyldi. Í öðru lagi er farið fram á, að hagstofan fái árlega eftirrit af manntalsskýrslunum til að vinna úr, og er mjer kunnugt um, að hún er fús á að taka verkið að sjer.

Vona jeg svo, að háttv. deild taki máli þessu vel og leyfi því að ganga til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., föstudaginn 27. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 125).

Flm. (Kristinn Daníelsson): Við þessa umræðu vil jeg leyfa mjer að skírskota til þess, sem jeg sagði við 1. umr. Án þess, að athugasemdir komi fram frá háttv. deildarmönnum, sje jeg ekki ástæðu til að tefja háttv. deild með neinni ræðu; málið er svo ljóst og umfangslítið, að jeg vænti, að það fái að ganga áfram óhindrað.

Jeg skal einungis geta þess, að það er að eins eitt atriði, sem nokkur ástæða gæti verið til athugasemda, og það er, að hagstofunni sje látið í tje endurgjaldslaust eftirrit af manntalinu. En þetta er svo lítið fje, sem hjer er um að ræða, að varla tekur að tala um það, og það virðist vera eðlilegast, að bærinn leggi til afritið.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki sjeð, að það sje sanngjarnt að heimta það af bæjarfógeta Reykjavíkur, að hann láti í tje svona stórt afrit endurgjaldslaust. Jeg geri að vísu ráð fyrir, að bæjarfógeti geti heimtað þetta fje af bæjarsjóði, en samt virðist það varla vera rjett af Alþingi að heimta það, að eftirritið kosti ekkert, því að jeg er viss um, að það muni ekki kosta minna nú en 300 kr. Það hefir altaf orðið dýrara og dýrara að afskrifa þetta, og því vildi jeg skjóta því til flutnm. (K. D.), hvort

rjett sje að láta þetta af hendi endurgjaldslaust. Það er hið sama og að leggja yfir 200 kr. skatt á bæinn. Afritið er stórt, og eftir því, sem bæjarbúum fjölgar, stækkar það og kostar því eðlilega altaf meira og meira.

Jeg sje ekki, að það sje í raun og veru bein þörf á því, að hagstofan fái þetta afrit, en ef svo er, þá getur hún sjálf keypt eftirritið.

Flm. (Kristinn Daníelsson): Jeg bjóst, satt að segja, við þessari aths., því að, eins og jeg tók fram, þá getur verið álitamál, hvort skylt eigi að vera að láta afritið endurgjaldslaust eða ekki. Þegar jeg talaði um þetta mál við Þorstein hagstofustjóra Þorsteinsson, þá kom okkur saman um, að bænum stæði næst að láta það af hendi endurgjaldslaust, þar sem það gæti verið til hags fyrir hann að fá unnið úr manntalinu, eftir því sem föng væru til.

Annars er mjer þetta atriði ekkert kappsmál; upphæðin er svo lítil, að það getur ekki skift miklu máli, hvort landið eða bærinn greiðir hana. Aðalatriðið er það, að prestarnir, sem hafa ekki tíma eða gögn til að gera ábyggilegar skýrslur um manntalið, sjeu leystir undan þeirri skyldu, og að hagstofan fái manntalið til að vinna úr því. Annað er aukaatriði.

Forsætisráðherra (J. M.): Það getur vel verið, eins og nú er, að hægt sje að láta þetta afrit í tje, en jeg veit, að borgarstjóri hefir haft í hyggju að breyta algerlega um manntalið, þannig að það væri á spjaldskrám; það kostar ærið fje, bæði spjöldin og svo að leiðrjetta spjöldin, því að það þarf að gera á ári hverju, og býst jeg við, að þetta verði að gera í næstu framtíð, og þá er það orðin talsverð kvöð á bænum að láta hagstofunni í tje afrit af manntalinu endurgjaldslaust.

Hvað því viðvíkur, að hagstofan vinni úr manntalinu, svo að það geti verið að gagni fyrir bæinn, þá er jeg hræddur um, að það eigi nokkuð langt í land, að hagstofan hafi tíma til þess. Og varla getur það komið til mála að láta hagstofunni árlega í tje afrit af spjaldskránni.

Það er alveg rjett hjá háttv. flm. (K. D.), að deilan milli okkar er að eins um það, hvort bærinn eigi að láta í tje afritið endurgjaldslaust eða eigi. Sú krafa finst mjer vera ósanngjörn, og því vil jeg skjóta því til háttv. flm. (K. D.), hvort hann vilji ekki breyta þessu við 3. umræðu.

Flm. (Kristinn Daníelsson): Jeg er fús til, til 3. umr., að bera mig saman við hæstv. forsætisráðherra um, hver greiða eigi afritið, og koma fram með brtt., ef ástæða þykir til þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. — í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., mánudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 125).

Flm. (Kristinn Daníelsson): Eins og háttv. þingdeild er kunnugt ráðgerði hæstv. forsætisráðherra að koma, ef til vildi, fram með brtt. við þessa umr.; en þar sem hún hefir ekki enn fram komið, vil jeg skjóta því til hæstv. forseta, hvort eigi væri rjett að taka málið út af dagskrá.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg veit ekki, hvort jeg vil bera fram brtt. við frv., en jeg vildi gjarnan tala við hagstofustjórann áður en frv. verður afgreitt. Það mætti ef til vill gera þetta á einhvern kostnaðarminni hátt, t. d. með því að hagstofan fengi frumskýrslurnar.

Forseti: Samkvæmt tilmælum hæstv. forsætisráðherra og háttv. flm. (K. D.) tek jeg málið út af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. ágúst, var fram haldið 3. umr. um frv.

Flm. (**Kristinn Daníelsson**): Athugasemdir eða breytingar hafa engar komið fram við frv. þetta. Hæstv. forsætisráðherra gerði að vísu stutta athugasemd um það, hvort bærinn skyldi láta hagstofuna fá eftirrit af manntalinu ókeypis, eða landssjóður borgaði það. Jeg fann ekki ástæðu til að koma með brtt. um þetta atriði, því að ef hæstv. forsætisráðherra vill gera breytingu, þá er opin leið til þess fyrir hann í háttv. Nd., þegar málið kemur þangað. Vil jeg svo leyfa mjer að óska þess, að frv. fái fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 28. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 18, 13. sept. 1901, um manntal í Reykjavík,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 346).

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 10. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Matthías Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að þessu máli sje vísað til allsherjarnefndar, að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 18. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 346, n. 456).

Frsm. (**Magnús Guðmundsson**): Frv. gengur út á að taka af prestunum í Reykjavík alt starf við skýrslugerð út af mannntali. Þetta fyrirkomulag, sem nú er, er mjög óheppilegt; bæjarfógetinn tekur manntalið, og prestarnir fá það síðan til þess að tína úr, hver sína safnaðarmeðlimi, en oft hefir skakkað hjá þeim, og verða því skýrslur prófasta og biskups rangar. Þetta hefir komið í ljós meðal annars á þann hátt, að samanlögð tala safnaðarmeðlima prestanna allra er töluvert lægri en íbúatalan eftir manntali bæjarfógeta. Hagstofan hefir boðist til að taka við þessum skýrslugerðum, gegn því að fá afrit af manntalinu. Frv. gengur út á, að hagstofan taki við þessum störfum, og bæjarsjóður Reykjavíkur borgi eftirritið af manntalinu. Það er bæði einfaldara og betra en núverandi fyrirkomulag.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ímynda mjer, að frv. þetta sje með öllu óþarft. Nú er skýrslum safnað á hverju heimili, þær afritaðar handa bæjarfógeta og borgarstjóra. Ef skyldugt væri að láta prestunum í tje afrit, er hægt að gera það, en mjer finst rjettast, að skýrslurnar sjálfar sjeu sendar í hagstofuna. En að afrita langar bækur tekur mikinn tíma, og því hentugra að hafa þetta á annan veg, eins og jeg benti á í hv. Ed. Jeg ætlaði að tala um þetta við hagstofustjórann, en hefi haft svo lítinn tíma, að það hefir dregist úr hömlu fyrir mjer. Annars er þetta svo ómerkilegt mál, að ekkert gerir til, þótt það nái fram að ganga. Bæjarsjóðinn munar ekki þær nokkur hundruð krónur, sem þessi breyting myndi kosta hann.

Frsm. (**Magnús Guðmundsson**): Mjer er kunnugt um, að hagstofan hefir einmitt óskað eftir því, að þessu yrði breytt eins og frv. gerir ráð fyrir. Jeg veit ekki til, að það sje skylda að láta prestana fá eftirrit af manntalinu, og því þarf að skylda bæjarsjóð til að láta þá eða hagstofuna fá það. Það eykur að vísu bæjarsjóði dálítinn kostnað, en hjá því verður ekki komist, ef skýrslurnar eiga að vera rjettar, en við því er ekki hægt að búast með því fyrirkomulagi, sem nú er. Úr því að á annað borð er verið að gera þessar skýrslur, er nauðsynlegt að hafa þær rjettar. Jeg sje því ekki, að ástæða sje til að bregða fæti fyrir þetta frv., sem er komið svo langt.

Forsætisráðherra (J. M.): Annaðhvort hefir háttv. frsm. (M. G.) misskilið mig eða ekki heyrt hvað jeg sagði. Jeg taldi gott, að hagstofan fengi upprunalegu skýrslurnar, eins og nú er, því að skjalfróðir menn leggja töluverða áherslu á það, að þær geymist, og þá eru þær best geymdar þar. Annars skal jeg ekki deila um þetta, því að málið er ekki svo þýðingarmikið.

Frsm. (**Magnús Guðmundsson**): Jeg skal að eins geta þess, að það er hægt að láta hagstofuna geyma upprunalegu skýrslurnar, þótt frv. verði samþykt. Það er því engin ástæða til að fella frv. þess vegna.

ATKVGR.

Brtt. 456. (ný 1. gr.) samþ. með öllum gr. atkv. gegn 1.
2. gr. samþ. með öllum gr. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með öllum gr. atkv. gegn 1.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 22 ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 529).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og endursent Ed.

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 23. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 18, 13. sept. 1901, um manntal í Reykjavík,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 584).

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 30. ágúst, var frv. tekið til einnar umr.

Kristinn Daníelsson: Þetta mál er komið aftur frá háttv. Nd. Það var upphaflega flutt af mjer og gekk í gegnum þessa háttv. deild nefndarlaust. Engar efnisbreytingar hafa verið gerðar á

frv., en að eins kveðið skýrara á um eitt ákvæði, sem í raun og veru falst í frv. áður. Það hefir verið bætt inn í það orðunum »á kostnað bæjarsjóðs«. Jeg vona því, að háttv. deild samþykki frv., eins og hún hefir áður gert.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 734).

---

62. Notkun hafna o. fl.

Á 14. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglugerðir um notkun hafna o. fl. (A. 141).

Á 16. fundi í Ed., föstudaginn 27. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Þetta litla frv. er í raun og veru ekki annað en lög nr. 62, 10. nóv. 1905, um heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglugerðir um notkun hafna við kauptún í landinu o. fl., með lítils háttar breytingum, en lög þessi eru svo stutt, að sjávarútvegsnefndinni þótti rjettara að taka þessi lög upp öll heldur en gera breytingar við þau og hafa tvenn lög um sama efni.

Jeg vil að öðru leyti taka mjer í munn orð háttv. flutningsmanns þessa máls á Alþingi 1905: »Jeg ætla að vonast til þess, að frv. verði lofað að ganga gegnum deildina umræðulítið og án nefndar«. Þessi von flutningsmannsins rættist svo, að alt málið tók 1 bls. í þingtíðindunum með öllum atkvæðagreiðslum og umræðum. (**Atvinnumálaráðherra:** Það má þá ekki tala lengur!)

Tilgangur þessa frv. er að tryggja nokkru betur en nú er hagsmuni útgerðarmanna í kaupstöðum og veiðistöðum. Lögin 1905 voru aðallega gerð vegna Siglufjarðar, til þess að tryggja, að eigendur hafna og hafnartækja gætu fengið gjald fyrir notkun þeirra. En síðan þau voru sett hefir sjávarútvegurinn þroskast stórum, og hjer er kominn upp mikill mótorbátaútvegur; það er því nauðsynlegt að tryggja líka hagsmuni útgerðarmanna nú. Það er með þetta fyrir augum, að sjávarútvegsnefndin ber fram þetta frv., og þar sem Alþingi hefir áður sýnt mikinn áhuga á að bæta mótorbátahafnir, þá vænti jeg, að það taki þessu frumvarpi vel, því að það þarf að sjá um, að þær notist sem best.

Breytingar þær, sem gerðar eru á lögunum, eru þær, að þetta nái ekki að eins til löggiltra hafna, heldur til allra hafna. Þetta hefir má ske ekki mikla þýðingu, þar sem flestar víkur og vogar landsins eru löggilt, en þó gæti hugsast, að enn þá væri einhver vík eða vogur ólöggilt, er væri góð höfn, og þá gæti þetta haft þýðingu.

Hin breytingin er viðbót við 2. gr., og miðar hún til þess, að þeir, sem höfnina nota, geti gert það fyrir ákveðið sanngjarnt verð.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða meir um frv., en bið háttv. deild að láta það ná fram að ganga, svo að það taki ekki meira rúm en áður. **Atvinnumálaráðherra:** Það er þegar orðið rúmfrekara!)

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., þriðjudaginn 31. júlí., var frv. tekið til 2. umr. (A. 141).

Frsm. (**Kristinn Daníelsson**): Jeg býst ekki við, að jeg þurfi að skýra frv. þetta frekar en jeg gerði við 1. umr.

Frv. fjekk þá góðar viðtökur, og hefi jeg ekki heyrt neinar aths. gerðar við það síðan.

Jeg vona því, að það fái að ganga sinn gang og að því verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., fimtudaginn 2. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 141).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 24. fundi í Nd., föstudaginn 3. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglugerðir um notkun hafna o. fl.,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 271).

Á 27. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 9. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Matthías Ólafsson: Þetta frv. er komið frá háttv. Ed. og mun hafa verið þar til meðferðar í sjávarútvegsnefnd. Jeg hefi fylgst með frv. frá því fyrsta og álít mikla nauðsyn, að það verði að lögum. Það er kunnugt, að uppsátur eru víðast undir yfirráðum einstakra manna, er því geta gert öðrum óhagræði, ef vilja. Hins vegar virðist frv. þó ekki ganga á rjett einstaklinganna. Þar sem því annars vegar er að ræða um mikið nauðsynjamál, en hins vegar engin óbilgirni er sýnd einstaklingunum, vona jeg, að háttv. Nd. taki frv. vel, og að lokinni þessari umræðu vísi því til sjávarútvegsnefndar, og geri jeg það að tillögu minni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til sjávarútvegsnefndar (sjá A, bls. 1613) í e. hlj.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 16. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A, 271, n. 436).

Frsm. (**Pjetur Ottesen**): Þetta mál er hingað komið frá háttv. sjávarútvegsnefnd Ed. Það hefir gengið óbreytt gegnum Ed., og sjávarútvegsnefndin hjer í Nd. hefir athugað málið gaumgæfilega og orðið sammála um að mæla með því, að það verði samþykt óbreytt. Tilgangur þessa frv. er sá að tryggja betur hagsmuni útgerðarmanna kring-

um landið en hingað til hefir verið gert. Það hefir sem sje bólað talsvert á því upp á síðkastið, að einstakir menn, sem hafa ráð yfir höfnum eða lendingastöðum, hafa á ýmsan hátt þröngvað kostum þeirra, sem hafa orðið að leita á þeirra náðir, meir en góðu hófi gegnir. Þetta hefir verið því tilfinnanlegra nú upp á síðkastið, þar sem útgerð er nú að mestu breytt í mótorbátaútgerð úr smábátaútgerð, sem áður tíðkaðist. Því að, eins og mönnum er kunnugt, hagar sumstaðar, og það ekki óvíða, svo til, að það eru að eins fáir staðir, sem mótorbátar geta legið óhultir á, og hafa þeir því orðið að safnast margir saman á hvern stað. Þar sem svo einstakir menn hafa haft ráð yfir þessum stöðum í hendi sjer, eru þess dæmi, að þeir hafa notað aðstöðu sína með því að þröngva kosti útgerðarmanna á ýmsan hátt. Önnur grein þessara laga á að bæta úr þessu og koma í veg fyrir, að einstakir menn geti þannig fært sjer kringumstæðurnar í nyt, með því að setja útgerðarmönnum stólinn fyrir dyrnar og þröngva þeim til að ganga að ósanngjörnum kjörum, þar sem þeir eiga ekki í önnur hús að venda.

Ef þessar breytingar ná fram að ganga, ætti hagur útgerðarmanna yfirleitt að vera að þessu leyti betur tryggður hjer eftir en hingað til.

Af því að hjer er um allþýðingarmikið mál að ræða, þá vona jeg, að hv. deild taki því vel og leyfi því að ganga fram óbreyttu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. í e. hlj.
2.—4. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 18. ágúst, var frv. tekið 3. umr. (A. 271).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 528).

---

63. Hjúskaparheimild, þrátt fyrir sveitarskuld.

Á 14. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um ábyrgð fyrir að gefa saman hjón, er standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk (A. 161).

Á 17. fundi í Ed., mánudaginn 30. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

(**Flm. Eggert Pálsson**): Þetta frv. fer fram á, að breytt verði sektarákvæðunum fyrir að gefa saman hjón, sem þegið hafa sveitarstyrk og ekki goldið hann aftur. Það nær því ekki eingöngu til presta, heldur einnig til sýslumanna og bæjarfógeta. Við þessu broti liggur nú afarþung refsing. Í ástæðunum fyrir frv. er vísað til hæstarjettardóms árið 1873 yfir Jóni sál. Hjartarsyni, sem var dæmdur í meira en 500 ríkisdala sekt og auk þess skyldaður til þess að forsorga afkvæmi hjónanna. Svipaðir dómar hafa síðar fallið yfir fleiri presta.

Við flutningsmenn höfum ekki þorað að breyta öðru eða meiru en að nema úr gildi ákvæðið um, að prestur eða sýslumaður sjeu skyldir til þess að sjá fyrir börnunum. En þó að við höfum ekki dirfst að fara lengra,

þá væri ef til vill vert að athuga, hvort ekki væri rjett að nema líka burt skylduna um að borga sveitarstyrkinn, en láta sektina eina nægja, sem mætti þá ef til vill vera hærri. Við höfum bygt frv. á því, að presturinn eða sýslumaðurinn má nú gefa saman hjón, þó að hann viti um skuldina, ef þau eða einhver annar greiðir hana á undan. Og þar sem svo er ástatt, þá virðist ekki rjett að krefjast meiri endurgreiðslu en að skuldin verði kvittuð, þó að vígslan fari fram áður. Hitt, sem nú er í lögum, að presturinn eða sýslumaðurinn greiði, auk skuldarinnar sem á hvílir, lífeyri fyrir öll börn hjónanna, er bæði afaróeðlilegt, og refsingin kemur þar að auki ójafnt niður. Ef t. d. tveir prestar gera sig seka í þessu sama broti, þá þarf annar þeirra ef til vill ekkert að greiða, meira en sjálfa skuldina, en hinn verður má ske að borga með 10—20 börnum, er hjón þau, er hann gaf saman, kunna að eignast. Það má enn fremur segja, að þetta lagaákvæði sje í raun og veru ósiðlegt. Því að sú freisting liggur sem sje mjög nærri, ef einhver verður fyrir slíku óhappi að gefa slík hjón saman, að hann fari að óska, að börn þeirra verði ekki sem langlífust.

Jeg býst ekki við, að jeg þurfi að fara um þetta frekari orðum að sinni, en jeg tel nauðsyn bera til, að málið verði sett í nefnd, þar eð þetta er svo mikilsvert rjettarspursmál. Sú nefnd gæti þá einnig athugað, hvort ekki væri heppilegast að halda sektinni einni, svo sem jeg mintist áðan á. Jeg veit, að ýmsir lögfræðingar líta svo á, að það sje í raun og veru langheppilegasta leiðin í þessu efni.

Mjer þykir, fyrir mitt leyti, rjettast, að málið fari til allsherjarnefndar; það er óheppilegt að vísa því til nefndar, sem á ekki kost á lögfræðingi, en í allsherjarnefnd eru, eins og kunnugt er, ekki einn, heldur meira að segja tveir lögfræðingar.

Forseti: Jeg leyfi mjer að vekja máls á því aftur, sem jeg drap á í gær, að kirkjumál öll eiga að sjálfsögðu að fara til mentamálanefndar. Og jeg sje ekki, að það geri neitt til, þó að enginn lögfræðingur eigi sæti í þeirri nefnd, því að þingsköpin gera einmitt ráð fyrir, að nefndir geti haft mannabýtti. Mentamálanefndin mundi því auðveldlega geta fengið lögfræðing úr allsherjarnefnd sjer til aðstoðar.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer virðist háttv. flutnm. (E. P.) fara villur vegar, er hann talar um lögin, sem nú gilda. Þau líta svo á, að prestur, er gefur saman hjón án þess, að skilyrði þau, er lögin setja, sjeu fyrir hendi, drýgi með því lagabrot, er hann eigi að bæta fyrir. En það er einungis fyrir ókominn skaða, sem presturinn er skyldur að bæta. Jeg skyldi því ekki sjá eftir því, þótt prestarnir væru leystir undan þessari skaðabótaskyldu og að það væri numið úr lögum, að menn, sem stæðu í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, mættu ekki ganga í hjónaband. En ákvæðin í frv. þessu eru óþörf. Hugsum okkur, að efnamaður gangi að eiga konu, sem á mörg börn og hefir þegið af sveit. Þá er sýnilegt, að sveit konunnar losast við mikil gjöld. Hvaða sanngirni er þá í því, að prestur greiði þessari sveit fje, sem hún hefir aldrei látið sjer detta í hug að hún fengi endurgreitt? Ekki er það prestinum að kenna, að skuldin hefir verið stofnuð, og mælir ekkert með því, að hann sje skyldaður til að greiða hana. Því hygg jeg það rjettustu leiðina að nema úr lögum ákvæðið um, að þeginn sveitarstyrkur komi í veg fyrir, að sá, sem

þegið hefir, geti gengið í hjónaband. Þetta gæti stundum orðið til þess að koma byrði af einni sveit yfir á aðra, en varla myndi það oft koma fyrir.

Að öðrum kosti væri rjettast að láta nægja sektarhegningu fyrir presta. En þetta nýja ákvæði, að prestar greiði áfallna sveitarskuld, er ekki rjettlátt og engin rjettmæt ástæða fyrir því. Vilji því Alþingi sleppa því ákvæði, að sveitarstyrkur hindri hjónabönd, eða að öðrum kosti láta nægja sektir, teldi jeg það stóra bót á lögunum.

Flm. (Eggert Pálsson): Jeg skil vel athugasemdir hæstv. forsætisráðherra og hefi fyrir mitt leyti ekkert á móti þeirri stefnu, sem honum þykir ráðlegust, að ákveða presti eða sýslumanni að eins sektir fyrir að gefa saman hjón, er standa í óbættri sveitarskuld.

Jeg kannast fyllilega við, að það sje rjett, að ef kona, sem þiggur sveitarstyrk, giftist manni, sem ekki þiggur af sveit, þá sje engin ástæða fyrir sveit konunnar að æðrast, þar eð sveit konunnar getur ekkert við það tapað, heldur má ske miklu fremur grætt. En standi karlmaður í sveitarskuld og kvongist konu, sem einnig þiggur af sveit, er vel skiljanlegt, að sveit karlmannsins verði óánægð með það, að prestur skuli hafa gefið þau saman, og að hún búist við enn meiri þyngslum eftir en áður. Og jafnvel þótt konan hafi engan sveitarstyrk þegið, heldur að eins maðurinn, má telja líklegt, að sveit hans telji sjer það frekar til skaða en hagnaðar, að hann var gefinn saman í hjónaband. Er því engan veginn fráleit hugsun, að sveitin hafi endurgreiðslurjett á þeim styrk, sem karlmaðurinn hefir áður þegið. Annars geri jeg þetta ekki að neinu kappsmáli. Vænti þess, að þetta verði athugað í nefnd. En þar sem jeg lagði áðan til að vísa málinu til allsherjarnefndar, með því að í henni sætu tveir lögfræðingar, verð jeg að biðja afsökunar á því, að jeg mundi þá ekki svip eftir því, að mentamálanefnd hefir líka ráð á lögfræðingi, og því ekkert til fyrirstöðu að vísa málinu til hennar. Fell jeg því frá tillögu minni um að vísa málinu til allsherjarnefndar.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg er sammála hæstv. forsætisráðherra um það, að rjettast sje að taka ekkert tillit til þegins sveitarstyrks, er menn ganga í hjónaband. Það yrði heppilegra, því að nú kemur stundum svo niður, að sveitunum er gert rangt til, t. d. þegar maður er gamall og kominn að því að þiggja af sveit og gengur að eiga kvenmann, sem er á sveitarbarmi, eða í sveitarskuld, og sveit hennar strikar skuldina út, til þess að koma henni af sjer. Þessa veit jeg dæmi, og er presturinn ekki í neinni sök í þessu tilfelli.

Þá var það annað atriði, er jeg vildi drepa á. Jeg fæ ekki skilið, hvers vegna löggjöfin og frv. sleppir alveg svaramönnunum, skoðar þá sem ábyrgðarlausa. Svaramenn eiga að hafa ábyrgð, ekki einungis kristilega og siðferðilega, heldur og fjárhagslega, og er ranglátt, að ábyrgðin lendi á prestunum einum, en ekki á þeim.

Þegar karlmaður og kvenmaður, hvort úr sínum hreppi, giftast og þau eru rjett á sveitarbarmi, þá væri rjett að heimta, að hvor svaramaðurinn væri úr sínum hreppnum. Þá gæti sá hreppur, sem hag hefir af hjónabandinu, ekki ráðið einn, heldur kæmi einnig til kasta hins, og yrði þá ef til vill ekkert úr hjónabandinu.

Jeg vildi með þessu að eins gefa

bendingu um, hvort ekki mætti koma ábyrgðinni að einhverju leyti yfir á svaramennina.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv., og til mentamálanefndar (sjá A, bls. 1606) með 10 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., fimtudaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 161, n. 332).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Þetta frv. fer fram á breyting á tilskipun frá 30. apríl 1824, 3. gr. 10. Í þessari grein tilskipunarinnar er ákvæði um það, að ekki sje leyfilegt að gefa saman hjón, sem standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, nema sveitarstjórnin, þar sem maðurinn er sveitlægur, lýsi yfir því, að hún hafi ekkert við hjónabandið að athuga. Samskonar ákvæði eru í fátækralögum frá 10. nóv. 1905. Þessi bannlög hafa þráfaldlega verið brotin, eins og önnur bannlög, og prestar hafa gefið saman hjón þar sem þetta skilyrði var fyrir hendi. En það eru engin ákvæði til um sektir fyrir brot á þessu, og hafa úrslitin því orðið mjög misjöfn, þegar málið hefir komið til úrslita dómstólanna, eftir því hvað viðkomandi hjón hafa orðið sveit sinni mikið eða lítið til byrðar. Prestar, sem hafa gert sig seka í þessari yfirsjón, hafa því orðið mjög misjafnlega hart úti. Sumir hafa orðið að greiða mikið fje og sjá um framfærslu fjölda barna, en aðrir hafa alveg sloppið við útgjöld og vítalaust. En sama brotið hefir þó verið í báðum tilfellunum. Ef þetta frv. nær fram að ganga, er ráðin bót á þessum misfellum á mjög sanngjarnan hátt. Jeg vil því mælast til þess, fyrir hönd nefndarinnar, að háttv. deild taki frv. vel og samþykki það.

Jeg vil að lokum geta þess, að í ástæðunum fyrir frv. er rangt ártal, 1884, í stað 1904.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. — — 9 — —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., laugardaginn 11. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 161).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 13. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um ábyrgð fyrir að gefa saman hjón, er standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 422).

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 17. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Þetta frv. hefir við nokkur rök að styðjast. Það bætir úr ákvæðum, sem hafa orðið nokkuð hörð prestum, sem fyrir þeim hafa orðið. Það er samt ekki rjett hugsun að hegna presti, sem hefir gefið saman hjón, sem standa í sveitarskuld, með því að láta hann borga skuldina. Þetta er ekki rjett hugsuð hegning við brotinu. Eftir hugsunarhætti lögfræðinga er

hitt miklu rjettara, að presturinn bæti þann skaða, sem verður af broti því, sem hann hefir gert sig sekan í. Annars lít jeg svo á, að það væri hættulaust að nema úr gildi það ákvæði, að ekki megi gefa saman hjón, sem standa í sveitarskuld. Ef sveitarstyrkurinn getur ekki lengur hindrað hjónaband, þá fellur þetta mál niður, sem nú liggur fyrir. En vilji menn ekki fara svo langt, þá tel jeg rjettast, að sekt liggi við brotinu.

Jeg legg til, að málinu verði vísað til mentamálanefndar. Það er þess vert, að það verði athugað og gangi fram í einhverri mynd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til mentamálanefndar (sjá A, bls. 1614) í e. hlj.

Á 48. fundi í Nd., föstudaginn 31. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 422, n. 665, 720).

Framsm. (Stefán Stefánsson): Þetta frv. er hingað komið frá háttv. Ed. og hefir verið athugað hjer af mentamálanefndinni. Leggur hún það til, að frv. verði samþ., þar sem auðsætt er, að það sje til mikilla bóta frá núgildandi lögum. Nefndin telur sem sje ábyrgðina á því að gefa saman hjón, er standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, svo harða og ósanngjarna, að ekki sje við unandi. Hún álítur, að nægilegt sje að láta presta eða sýslumenn, sem gerast sekir um þetta, borga að fullu skuld þá, sem persónurnar kunna að standa í við sveitina, og þar að auki greiða sekt, 50—100 kr. Hitt telur nefndin gersamlega óviðeigandi, að varpa á prestinn allri ábyrgð á framfærslu þeirrar fjölskyldu, sem stofnað kann að vera til með slíkum hjónaböndum, enda hafa nokkrir prestar orðið mjög hart úti vegna þeirra ákvæða, en það, sem hjer er farið fram á með frv., kemur nefndinni saman um að ekki geti talist verulega óeðlilegt eða ósanngjarnt. En svo eru komnar fram brtt. við frv. frá hv. 2. þm. Árn. (E. A.), sem jeg fyrir nefndarinnar hönd get ekki sagt neitt ákveðið um að svo stöddu. Nefndin hefir ekki átt kost á að ræða þær, af því að þær eru nú fyrst lagðar fram. En í fljótu bragði sýnast mjer brtt. þannig vaxnar, að hjer geti komið til álíta, hvort um eiginlegar brtt. sje að ræða eða alveg nýtt frv. Jeg tel því dálítið vafasamt, hvort þær geti komið til umr. nú. En vonandi fær maður að heyra álit háttv. flm. (E. A.) sjálfs um það atriði og þá einnig hæstv. forseta.

Einar Arnórsson: Út af því, sem háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) sagði, að hann teldi vafasamt, hvort þessi brtt. gæti komið til umr. hjer, þá ætla jeg mjer ekki að tala um málið fyr en jeg hefi heyrt úrskurð hæstv forseta um það.

Forseti: Með því að brtt. á þgskj. 720 felur í sjer ákvæði, er snertir það atriði, sem um er rætt í frv. því, er hjer liggur fyrir og komið er frá háttv. Ed., jafnvel þótt brtt. sje að miklum mun víðtækari og yfirgripsmeiri en frv., þá tel jeg rjett, að hún geti komist að.

Einar Arnórsson: Að jeg hefi komið með þessa brtt. á þgskj. 720 kemur til af því, að þó að jeg játi, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, bæti mikið úr, frá þeim reglum, sem nú gilda, þá

finst mjer, að það sje ekki full samkvæmni í því, og að það fari ekki nógu langt.

Eins og menn vita eru þessi ákvæði um, að prestar skuli sæta ábyrgð fyrir að gefa saman hjón, er standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, ekki eldri en frá 1827, er tilskipun 30. apríl 1824, um hjónabönd, var lögboðin hjer með kgsbr. 27. des. Alt frá dögum Árnasiðu og Jónsbókar og þangað til hafa engin ákvæði verið sett í lög, sem gerðu það að skilyrði fyrir ráðahag, að menn ættu nokkur efni. Þess ber að vísu að geta, að á 18 öld bar mál þetta á góma. En stjórnin var þá þeirrar skoðunar, að hömlur á heimild manna til að stofna ráðahag vegna fátæktar mundi leiða af sjer aukið lauslæti í landinu og jafnvel hindra eðlilega fólksfjölgun, sbr. kancellibr. 10. des. 1774. Þessi sama skoðun sýnist svo hafa ríkt fram til 1824.

En þá var þetta danska ákvæði sett, sem skipar fyrir, að prestar skuli gæta þess, er þeir gefa saman hjón, að þau standi ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Fátækralög, nr. 44, 10. nóv. 1905, 62. gr., halda þessu ákvæði, að skuldleysi brúðhjónaefna við framfærslusveit sína skuli vera hjúskaparskilyrði.

Eins og menn vita lítur þjóðkirkjan þannig á þetta mál, að hún telur sambúð karla og kvenna utan hjónabands vera ósæmilega. Almenningur er þar líka á sömu skoðun, eins og best sjest á því, að ef kona eignast barn utan hjúskapar, þá er hún »stimpluð«. Og enn fremur eru rjettindi óskilgetinna barna lítil, saman borið við skilgetin börn. Löggjafinn segir líka, að sjeu viss skilyrði fyrir hendi, þá megi hegna karli og konu fyrir óleyfilega sambúð, samkvæmt 279. gr. hegningarlaganna. Þar er sagt á þá leið, að refsa skuli þeim, ef þau skilji ekki að fenginni áminningu yfirvalda. Þessi aðferð hefir gefist illa hjer á landi, og ákvæði tilskipunarinnar frá 20. des. 1831 um þetta atriði mun víst nú á dögum vera dauður bókstafur. Jeg býst nú við, að þjónar kirkjunnar og veraldlegir valdsmenn láti sig oftast litlu skifta, þótt karl og kona búi saman utan hjónabands.

En þar sem nú bæði kirkjan, löggjafarvaldið og almenningsálitið eru á einu máli um það, að þetta sje ósæmilegt, þá virðist lítil samkvæmni vera í því, að lögin komi svo til og segi við prestana: Þið megið ekki gefa saman neitt af þessu fólki, sem býr saman á þennan hátt, ef það er svo óheppið að standa í skuld við hreppinn.

Löggjöfin er með þessu að stofna til sambúðar, sem hún annars telur óleyfilega, ósiðlega og ólöglega. Þetta frv. er ekki svo róttækt, að það skeri fyrir þetta algerlega, heldur fer það að eins fram á að lina þá ábyrgð, sem hvílir á prestunum. Og það er auðvitað góðra gjalda vert.

Sú regla, sem hingað til hefir verið fylgt af dómstólum, þar á meðal af hæstarjetti, um ábyrgð presta í þessu efni, er altof ströng.

En svo lengi, sem lögin skipa svo stranglega fyrir að segja, að prestur fremji lögbrot, ef hann gefur saman hjónaefni, er skulda sveit sinni, þá ætti embættismaðurinn, sem gefið hefir saman, ekki einungis að sæta refsingu, heldur líka að bæta það tjón, sem viðkomandi hreppur verður fyrir, ef hann fær fjölskylduna á hálsinn. En, eins og jeg sagði áðan, þá fer þetta frv. ekki nógu langt, heldur stansar á miðri leið. Tilgangur núgildandi laga á sjálfsagt að vera sá að koma í veg fyrir, að ómegð hlaðist á einstaka hreppa. En jeg held, að það komi varla til þess, að svo verði. Jeg gæti ímyndað mjer, að þótt t. d. hreppur fái fjölskyldu á hálsinn þetta

árið, þá gæti hann aftur losnað við hana árið eftir, ef brtt. mínar verða að lögum. Að vísu skal jeg ekki neita, að þessa eru mörg dæmi, að hreppar hafa orðið að sitja með afhrapa óleyfilega giftra hjóna, af því að prestur hefir orðið að standa straum af þeim.

En heimild sú, sem hreppar hafa nú til að klekkja á prestum, hefir oft verið illa notuð. Hreppar hafa höfðað mál að ófyrirsynju í því skyni og eigi að eins tapað málinu, heldur orðið fyrir stórútlátum í málskostnaði.

Jeg veit ekki, hvernig háttv. deild kann að líta á þetta mál. En þegar lög eru sett um þetta, þá verður að vera full samkvæmni í þeim. Og það verður ef brtt. mínar verða samþyktar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get verið mjög stuttorður, því að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir svo ítarlega og ljóst skýrt frá skoðun sinni á máli þessu, en álit mitt fellur alveg saman við álit hans.

Jeg hefi áður sagt það í háttv. Ed., sem jeg endurtek nú, að mjer finst rjettast að nema þetta hjónabandsskilyrði burt úr lögunum, af sömu ástæðum og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.).

Jeg get ekki komið auga á neitt, sem gæti rjettlætt, að þessu ákvæði yrði haldið áfram. Auk þess fæ jeg ekki betur sjeð en að þetta frv., ef skilyrðið fær að halda sjer, brjóti í bága við almennar skaðabótareglur, eins og líka háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) drap á. Og það verð jeg að telja óheppilegt. Jeg er háttv. sama þm. (E. A.) þakklátur fyrir að hafa komið með þessa breytingu við frv. Jeg álít, að hún sje svo rjettmæt, að ekki verði móti mælt.

Pjetur Þórðarson: Jeg get skilið það, að frá sjónarmiði háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sjeu þetta góðar og gildar ástæður, sem hann færði fyrir því, að nema ætti burt þetta skilyrði, sem krafist er til þess, að prestar megi gefa saman hjón, þegar meinbugir eru á, sem hjer er um að ræða. Jeg er háttv. þm. (E. A.) alveg samdóma um, að svo sje, frá þessu sjónarmiði skoðað. En að eins vildi jeg benda á, að það geta komið fleiri ástæður til greina í þessu máli, sem hafa valdið því, að prestar hafa orðið hart úti fyrir að stofna til hjónabands, án þess að gæta þessa skilyrðis, vegna þess, að þeir hafa með giftingunni brotið rjett á þeim, sem hin almenna framfærsluskylda hvílir á. Dæmum til þessa er oftast nær þannig varið, að hlutaðeigandi prestur hefir verið beinlínis knúður til að gefa saman hjón á þennan hátt, af utan að komandi ástæðum, og það alt öðrum en háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) tók fram í ræðu sinni. Tilgangurinn hefir þá verið sá, að koma væntanlegri sveitarbyrði af sínum hrepp og yfir á annan.

Og jeg get ekki fallist á, að ekki beri að líta nokkuð á það, að þessi skylda prestsins getur verið nokkuð rjettmæt, frá því sjónarmiði sjeð, og megi því ekki draga úr eða fella burt slík ákvæði, sem hjer er farið fram á. Sveitarstjórnir geta þannig fengið yfirskynsástæðu til að losa sig við byrði og koma henni á annan, sem getur ekki varið sig slíkum áföllum. Og jeg veit vel, að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir haft í huga dæmi, er við báðir þekkjum og getur ekki úr minni liðið, er hreppsfjelag varð fyrir ómaklegum kostnaði í tvísýnu máli, er það lagði út í, til að fá hlut sinn rjettan. Jeg veit vel, að ef slík ákvæði, sem frv. þetta flytur, yrðu að lögum, gæti það orðið til þess að fyrirbyggja, að farið væri út í slíka sálma, og afmá alla hvöt til að reyna að ljetta af sjer ómaklegri byrði; en hvort nægileg ástæða er til að nema burt skyldu prestanna

veit jeg ekki, því að jeg sje ekki, að það sje ofmikil kvöð á prestana að fullnægja þessum skilyrðum. Svo skil jeg ekki, að þær hindranir á hjónaböndum, er af þessu kynnu að stafa, geti valdið neinu því, er fer í bág við sæmilegt siðferði. Eins og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) tók fram er það nú ekki álitið eins mikið siðferðisbrot og áður en lögin voru samin, þótt fyrir komi, að persónur búi ógiftar saman og börn fæðist utan hjónabands. Jeg hefi ekki mikla trú á, að þetta frv. bæti mikið úr skák eða geri persónunum ljettara að komast í hjónaband.

Þótt þetta sýnist meinlaus ákvæði í sjálfu sjer, efa jeg þó, hvort þau sjeu til bóta. (**St. St.**: Ákvæði brtt.!). Jeg skoða brtt. í fullu samræmi við frv. Jeg álít þar gengið í rjetta átt til að fullkomna það, sem frv. gerir ráð fyrir, en efast um, hvort það er fremur gott en hitt.

Verið getur, að mjer verði sýnt fram á það gagnstæða, en að svo stöddu get jeg ekki sjeð ástæðu til að gefa frv. atkvæði mitt.

Gísli Sveinsson: Jeg skal ekki fjölyrða um þetta mál. Að eins vil jeg geta þess, að hvort sem háttv. nefnd felst á brtt. eða ekki, get jeg ekki betur sjeð en að hvorttveggja sje mikil bót á þeirri löggjöf, sem nú eigum vjer við að búa. Jeg hefi aldrei getað sjeð, að neitt væri unnið við það fyrir sveitarfjelag eða hrepp að halda þeim ákvæðum, sem nú gilda. Jeg held, að það sje misskilningur, eða eitthvað annað, hjá háttv. þm. Mýra. (P. Þ.), ef hann heldur, að þessi ákvæði verndi sveitarfjelögin fyrir ágangi óhlutvandra presta eða annara manna, er vilja velta byrði af sjer á þau. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að ef skuldin er að eins greidd af hjónaefnunum eða fyrir þau, hvort sem hún er mikil eða lítil, áður en hjónavígslan fer fram, þá er ekkert til fyrirstöðu, en sje skuldin ekki greidd, fellur byrðin, sem leiða kann af hjónabandinu, að sjálfsögðu á sama hátt á þann hrepp, sem hún á að falla á, og getur hann þá fundið sig illa haldinn. Í löggjöfinni er skilningur og framkvæmd þessara ákvæða harla einkennileg. Hafa mörgum fundist þau ákvæði næsta óbilgjörn og ekki mega við hlíta. Þetta eru að vísu gömul lög, miðuð við aðra tíma, og nú með öllu úrelt, og býst jeg við, að það verði ekki sannað eða sýnt, að þau geri neitt gagn. Miklu fremur er það, eins og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) tók fram, að hreppsfjelögum hefir orðið ógagn að. Þau hafa flækst út í meira og minna vanhugsuð málaferli, sem bakað hafa þeim einatt kostnað og ergelsi og annað ekki. Og svo er ástatt um háttv. þm. Mýra. (P. Þ.), að hann, eða hans hreppur, þykist eiga um sárt að binda, því að svo vill óheppilega til, að hann er nýbúinn að tapa máli við hjeraðsrjett og yfirdóm út af líkum sökum. En það kemur líka út á eitt fyrir þann hrepp, því að háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) getur ekki neitað því, að ef presturinn hefði vitað um »skuldina« og látið greiða hana að eins áður en hjónavígsla fór fram, stæði hreppurinn að mestu eins og nú.

Jeg myndi geta látið mjer nægja frv., eins og það kom frá háttv. Ed., en því get jeg ekki neitað, að það yrði róttækara, ef brtt. yrðu samþ. Mun jeg því gefa þeim samþykki mitt, og verði þær ekki samþ., mun jeg greiða frv. atkv., því að jeg tel það til mikilla bóta. Nú

heyri jeg, að nefndin ætlar að glugga ofan í málið á ný, og má þá álíta, að orðið geti jöfnuður úr.

Frv. vísað til 3. umr. með öllum gr. atkv.

Málið tekið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., fimtudaginn 4. sept., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Jeg tók það fram áður við þessa umræðu, að mentamálanefndin hefði fallist á breytingar þær á núgildandi lögum um þetta efni, sem frv. fer fram á. Jeg skýrði þá einnig frá þeim breytingum, sem frv. gerir á tilskipuninni frá 1824, er kveður á um ábyrgð fyrir að gefa saman hjón, er standa í sveitarskuld, og ætla ekki að fara frekar út í það mál.

Þá komu fram brtt. frá háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), á þgskj. 720, og gat jeg ekki að því sinni greint frá um afstöðu nefndarinnar til þeirra brtt. Nú hefir nefndin athugað þær og viðurkennir, að með þeim er gengið enn lengra í mannúðar- og sanngirnisáttina heldur en með frv., og felst því nefndin í einu hljóði á breytingarnar. Flm. að þessum brtt. (E. A.) skýrði þær mjög ljóslega hjer áður við umr., svo að jeg sje ekki ástæðu til að fara að gera grein fyrir þeim nú, nema ef mótmæli koma fram, sem þá má ske þurfi að svara.

ATKVGR.

Brtt. 720, 1. (ný 1. gr.) samþ. með 16 : 1 atkv.
— 720, 2. (ný 2. gr.) samþ. með öllum gr. atkv.
— 720, 3. (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Á 53. fundi í Nd., fimtudaginn 6. sept., var frv. tekið til 3. umr., með fyrirsögninni

Frumvarp til laga um breytingu á tilskipun 30. apríl 1824, og fátækralögum, nr. 44, 10. nóv. 1905 (A. 790).

Pjetur Þórðarson: Jeg verð að gera þá játningu, að mjer koma undarlega fyrir sjónir þær sveiflur, sem hv. þm. hafa á meðferð mála hjer í deildinni, og svo er það nú, um hina skyndilegu gerbreytingu á þessu frv., sem hjer er til umræðu, og hefir þó ekki farið fram vanhjuleg útlistun á jafngerbreyttu efni. Þótt frv. sje fyrirferðarlítið, þá eru þó ákvæði þess ekki ómerkileg, eins og jeg gat um við 2. umr., sem sje að nema burt jafnsjálfsagða hindrun, sem nú er í vegi fyrir því að stofna hjónaband, þótt sameiginlegur vilji hjónaefna sje fyrir hendi, og jafnvel án þess, þegar annaðhvort þeirra hefir þegið sveitarstyrk, sem þá er ekki endurgoldinn. Í slíkum tilfellum er oft gripið inn í hag annara manna. Þetta getur orðið ósanngjarnt og mesta ranglæti, og jeg álít, að þetta geti haft mikil áhrif á almenna framfærsluskyldu, og virðist mjer þá ekki kominn tími til þess, sem frv. þetta ákveður, nema ef samtímis væri þá komið betri skipun á almenna framfærsluskyldu, eða fátækralögin endurskoðuð í heild sinni. Jeg segi þetta ekki vegna þess, að jeg búist við að hefta framgang málsins, heldur til þess, að það gangi ekki fram alveg þegjandi og hljóðalaust. Fyrir mjer vakir það, að jeg vil ekki alveg láta það hlut-

laust, að bundinn sje endir á hindrun slíkra hjónabanda og skyldur presta í þessu efni, og engu skeytt, hver áhrif frv. hefir á almenna framfærsluskyldu.

Það er vitanlegt, að þegar svo stendur á, að þess er girnst á báðar hliðar að ganga í hjónaband og framfærendur brúðgumans samþykkja, þá veit jeg ekki til, að það sje venja að koma í veg fyrir það, jafnvel þó að svo sje fyrir mælt í 62. gr. fátækralaganna, að það þá skuli æ hindrast. Hitt mun vera öllu tíðara, að stofnað sje til hjónabands án slíks samþykkis, ef svo stendur á, að með því er hægt að koma framfærslu þeirra, sem hlut eiga að máli, yfir á annað sveitarfjelag. Jeg býst nú við, að þessu verði svarað með því, eins og hv. flutnm. brtt. (E. A.) tók fram, að þetta muni alt jafna sig. Það kann nú svo að vera, en þó álít jeg, að dálítið tillit beri að taka til þess, hvar byrðin kemur niður.

Það getur verið, að hitt sje ekki skaði fyrir landið í heild sinni, hvaðan sem styrkurinn kemur. En það ber að athuga, að þessi byrði getur komið æði misjafnt niður. Jeg man ekki, hvort jeg nefndi dæmi þessa við 2. umr. En það er kunnugt, að þess eru mörg dæmi, að með því að stuðla að slíkum hjónaböndum hafa menn velt byrði ómaklega af sjer og yfir á annað sveitarfjelag. Að vísu mun þetta oft hafa verið lagfært, samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem nú gilda, en þó ekki nærri altaf.

Mjer fanst jeg geta ekki annað en sýnt fram á það, að hjer kemur fram misrjetti. Um leið og þetta frv. á að gefa öðrum aukin rjettindi, þá skapar það misrjetti í garð ýmsra annara. Jeg býst þó ekki við, að þessi orð mín valdi því, að þetta mál nái ekki fram að ganga, því að jeg þykist viss um, að frv. verði samþ., eftir þeim undirtektum að dæma, sem það fekk hjer við 2. umr.

En það hefir enginn gert neitt til að sýna fram á, að þetta, sem vakir fyrir mjer, hafi ekki við rök að styðjast. Enda hygg jeg, að það sje ekki hægt.

Frsm. (Stefán Stefánsson): Það má má ske virða það háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) til vorkunnar, þótt honum finnist þessar sveiflur í löggjöfinni nokkuð hastarlegar. Því að það skal játað, að þetta er fremur óveruleg breyting, sem hjer er um að ræða, bæði að efni til og formi á frv. En mentamálanefndin lítur svo á, að rjett sje að fallast á breytinguna. Ástæður fyrir sjálfu frv. hefi jeg áður tekið fram og tel því óþarft að taka þær upp aftur, enda standa þær sjálfsagt ljóst fyrir öllum háttv. þingdm., og hvað brtt. hv. 2. þm. Árn. (E. A.) snertir, þá gerði hann einnig mjög glögga grein fyrir þeirri breytingu, við 2. umr. málsins.

Ef hv. þm. Mýra. (P. Þ.) nægja ekki þessar skýringar á málinu, hvað aðalbreytinguna snertir frá hv. 2. þm. Árn. (E. A.), ja — þá veit jeg ekki, hvert hann ætti að leita, til þess að fá þær betri. Háttv. sami þm. (P. Þ.) var að tala um það í ræðu sinni, að hann vildi ekki sporna við hjónaböndum, þegar svo stæði á, að vilji væri sæmilegur á báðar hliðar. En það er líka síður en svo, samkvæmt breytingunni, sem um er að ræða. En hver hefir reynslan venjulega orðið, þegar persónum hefir verið varnað þess að giftast? Þá hafa þau aukið kyn sitt fyrir utan landslög og rjett.

En sú ábyrgð, sem hvílir á prestunum, er hvorki svo sanngjörn nje mannúðarleg, að lengur sje við það unandi, því að sjálfsagt fellur sú ábyrgð í fram-

kvæmdinni á þá í flestum eða öllum tilfellum, án þess, að þeir geti að nokkru leyti við henni búist, og að láta presta, að eins vegna ókunnugleika þeirra, vera skylda til að framfæra þungar fjölskyldur um mörg ár, hljóta allir að viðurkenna að gengur óhæfu næst.

Hvað hitt snertir, sem hv. þm. Mýra. (P. Þ.) talaði mikið um, að sveitirnar væru að ýta byrðinni, hver af sjer, yfir á aðra, þá finst mjer þetta frv. gera ekki neina verulega breytingu frá því, sem nú er á sveitfestismálum yfirleitt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:6 atkv. og endursent Ed.

Á 50. fundi í Ed., föstudaginn 7. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um breytingu á tilskipun 30. apríl 1824, og fátækralögum, nr. 44, 10. nóv. 1905,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 826).

Á 54. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. sept., var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Þetta frv. er í raun og veru nýtt frv., bæði að nafni og efni, og hefir það verið soðið saman í háttv. Nd. upp úr frv. því, er hjer var samþ., um ábyrgð fyrir að gefa saman hjón, og mentamálanefnd hafði til meðferðar.

Með því að frv. er svo mjög breytt, vil jeg leggja til, að því verði vísað til þeirrar nefndar og umr. frestað.

ATKVGR.

Samþ. með 10 shlj. atkv. að vísa málinu til mentamálanefndar (sjá A, bls. 1606).

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 14. sept., var fram haldið einni umr. um frv.

Frsm. (Guðmundur Olafsson): Eins og jeg tók fram síðast er mál þetta var á dagskrá, þá er þetta í raun og veru alt annað frv. en fór hjeðan til Nd. Frv. var um ábyrgð fyrir að gefa saman hjón. Það fór fram á, að prestur væri laus allra mála, þó að honum hefði orðið það á að gefa saman hjón, er stæðu í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, ef hann gyldi skuldina. Frv. gekk breytingalaust gegnum þessa háttv. deild. Hjeðan fór það til mentamálanefndar Nd., og hún lagði það til einróma, að frv. yrði samþykt. En í Nd. koma brtt. við frv. frá einstökum mönnum, er voru samþyktar, og ollu því, að nú lítur það þannig út.

Nú hefir frv. alt annað nafn og efni en það hafði áður. Og meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að það sje talsvert mikilsvert og varhugavert atriði að nema það ákvæði úr gildi, að leyfilegt sje að gefa saman hjón, hvort sem þau skuldi þeginn sveitarstyrk, þegar þau ganga í hjónabandið, eða ekki.

En enginn tími hefir verið til fyrir nefndina að athuga mál þetta nokkuð verulega. Hefir hún að eins haft einn fund um það, enda ekki nema 3 dagar síðan það kom sem hamskiftingur frá háttv. Nd.

Meiri hluti nefndarinnar leyfir sjer

því að leggja til, að því verði vísað til stjórnarinnar.

Eggert Pálsson: Eins og háttv. frsm. (G. Ó.) gat um í ræðu sinni var nefndin ekki öll á einu máli um það, hvað gera skyldi við frv. þetta, eins og því nú er komið. Jeg, sem minni hluti nefndarinnar, leit svo á, að ekki væri vert að láta málið stranda á þeim búningaskiftum, sem það hefir fengið í hv. Nd., því að það dylst ekki, þótt frv. þetta hafi alt aðra yfirskrift en það frv., sem hjeðan fór, þá er efnið í sjálfu sjer hið sama. Munurinn er að eins sá, að frv. þetta gengur lengra í þá átt að leggja ekki vegna sveitarskuldar hömlum á menn með að ganga í hjónaband, þar sem hömlur voru nokkrar í hinu frv.

Eins og gefur að skilja þá er það frá mínu sjónarmiði svo, að þótt þetta frv. gangi lengra í þá átt, sem fyrir mjer vakti sem flm. hins frv., þá er það langt frá því að vera galli í mínum augum. Jeg lít þess vegna svo á, að úr því að svo er komið, að frv. þetta hefir breytt formi, þá beri engu síður að samþykkja það. Jeg álít ekki heldur, að hjer sje nein hætta á ferðum, þó að frv. verði samþykt, því að það er vitanlega ekki á neinn hátt hægt að hindra það, að persónur geti ekki hlaðið niður ómegð, hreppsfjelögum sínum til þyngsla, þótt þær sjeu ekki giftar, og jeg get ekki heldur sjeð, að þótt persónum sje leyft að ganga í hjónaband, þótt þau standi í sveitarskuld, að það geti komið þyngra niður á eitt sveitarfjelag en annað. Það gengur alt á víxl, svo að ómögulegt er að segja fyrirfram, hvert tapi meiru eða græði við breytinguna. Fyrir mitt leyti get jeg því ekki lagt mikið upp úr þeim breytingum, sem frv. hefir tekið, enda er öllum háttv. þm. það ljóst, að þessar breytingar, sem frv. hefir fengið, eru þær sömu, sem hæstv. forsætisráðherra drap á í upphafi málsins hjer, sem eðlilegustu leiðina, að gera ekki sveitarskuld að neinni hindrun fyrir því, að menn geti gengið í hjónaband. Jeg hallast því fremur að því að afgera þetta mál á þeim grundvelli, sem hjer liggur fyrir, en að þvæla því til næsta þings og láta stjórnina hafa það með höndum og láta það aftur ganga í gegnum báðar þingdeildir á næsta þingi. Enda býst jeg ekki við, að þeir, sem vísa vilja frv. til stjórnarinnar, muni neitt á því græða, því að það dylst eigi, að eftir því, sem hæstv. forsætisráðherra ljet í ljós við 1. umr. málsins, myndi útkoman verða hin sama. Það er ekki annað líklegt en að þetta mál, sem heyrir aðallega undir hann, yrði, svo framarlega sem stjórnin skifti sjer nokkuð af því, í sama formi og það liggur nú fyrir, svo að ekkert mundi þannig græðast við biðina eða dráttinn.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg get ekki kannast við, að þetta sje rjett ummæli hjá 1. þm. Rang. (E. P.), nefnilega að þetta sje sama mál. Jeg kalla, að það hafi verið nokkuð annað að ákveða, hvað það ætti að kosta að brjóta gildandi lög hjer, 10. lið tilskipunar 30. apríl 1824 og 62. gr. fátækralaganna, eða nema lögin úr gildi. Það er nokkuð annað að ákveða, hvaða viðurlag skuli vera við að brjóta lögin, eða að nema lögin sjálf úr gildi.

Þá sagði sami háttv. þm. (E. P.), að það væri engin hætta á ferðum, þótt frv. væri samþykt. Það getur vel verið, en það er ekki hægt að hafa á móti því, að þingið hefir mjög lítið athugað þetta mál; finst mjer það óviðkunnanlegt, þar sem um fátækralöggjöfina er

að ræða, sem er eitt af okkar mikilsverðustu málum; en þetta frv. snertir hana mikið.

Út í barneignir vil jeg sem minst fara, því að jeg verð að játa, að þetta frv. muni engin áhrif hafa hvað þær snertir, en hitt finst mjer ekki nema sjálfsagt, ef persónur vilja giftast, að þær hugsi svo mikið um sinn hag eins og það, að vera ekki í sveitarskuld þegar þau ætla að fara að stofna hjúskap og búskap, heldur reyna að líta dálítið í kringum sig, til þess að vita, hvort þau geti ekki verið sjálfbjarga. Og þótt þetta mál ætti að ganga gegnum báðar deildir á næsta þingi og útilokaði eitthvert nýtt og óhugsað frumvarp, þá teldi jeg það ekkert illa farið. Jeg álít miklu betra, að það komi aftur, heldur en að það verði nú látið ganga í gegn í flýti og alveg óhugsað og án þess að kjósendum gefist kostur á að láta uppi álit sitt á því. Jeg held, að það sje skoðun, sem ekki sje hægt að hafa á móti, að líklegt sje, að frv. verði betur athuguð ef þau ganga í gegnum tvær þingdeildir heldur en eina, hvað helst ef það líka er á öðrum tíma og annaminni en síðustu daga þingsins.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi því miður ekki getað verið fyr við umræðu þessa máls, og veit því ekki, hvað hefir verið talað um það, en mjer hefir skilist, að háttv. frsm. (G. Ó.) vildi láta málið bíða.

Mjer finst þetta mál svo einfalt, að ekki þurfi að taka langan tíma að athuga það, og hefi frá því fyrsta ekki getað sjeð neina hættu, þótt frv. yrði samþykt, eins og það liggur hjer fyrir, enda býst jeg við, að háttv. deildarmenn minnist þess, að jeg taldi, þegar málið var hjer til umræðu áður, hreinlegast og rjettast að taka í burt skilyrði um þetta úr löggjöfinni. Jeg get ekki komið auga á neitt, er þessu sje til fyrirstöðu. Það hafa mörg frv. verið samþykt hjer á þinginu, sem hafa verið umfangsmeiri og flóknari en þetta frv., svo að það virðist ekki sjerstök ástæða til að láta það bíða. Málið er svo ógnarlega einfalt, að mjer sýnist varla vert að vera að vísa því til stjórnarinnar, eins og mjer hefir verið sagt að fram hafi komið. Þess vegna vil jeg leyfa mjer að mæla með því, að frv. verði samþ.

Magnús Torfason: Eins og hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) hefir tekið fram þá hefi jeg verið því frekar fylgjandi, að þetta mál verði ekki látið ganga fram á þessu þingi. Ástæðan til þess er sú, að hjer er eiginlega algerlega nýtt frv. komið fram um algerlega nýtt efni. Upphaflega frv. var um það að draga úr ábyrgð presta, en þetta frv. er um það að breyta fátækralöggjöfinni, og við vitum það sjálfsagt allir, að það eru talsvert skiftar skoðanir um það í landinu, hvort rjett sje að nema þetta ákvæði burt.

Jeg skal nú játa það, að jeg hallast heldur að því, að rjettara sje að breyta þessu ákvæði; en jeg lít svo á, að þar sem þessi breyting getur snert hvert einasta hreppsfjelag á landinu, þá sje ekki rjett að hraða málinu af á þessu þingi, og það sjerstaklega vegna þess, að málið hefir ekki fengið neinn undirbúning, og síst rjettan undirbúning. Frumvarpið, eins og það var í upphafi, átti heima í mentamálanefnd, en eins og það nú er orðið á það að athugast í allsherjarnefnd, en það hefir ekki verið gert, og þess vegna ekki sætt þeirri meðferð, sem þingsköp krefja. Því hallast jeg að till. háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.), að vísa málinu til stjórnarinnar að þessu sinni.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Hæstv. forsætisráðh. tók það fram, að þetta væri svo einfalt mál. Getur verið, en jeg heyrði ekki, að hann færði nein rök fyrir því, að svo væri. Það var ekki heldur rjett, sem hann sagði, að þær persónur, sem eru í sveitarskuld, mættu ekki giftast. Þær mega það sannarlega, en verða að eins áður að borga skuldina.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. K., S. E., S. J., E. P., G. B.

nei: H. Sn., M. T., G. Ó., H. St.

Fjarstaddir voru tveir þm., G. G. og H. H., er fyrstur skyldi atkv. greiða samkvæmt hlutkesti.

Frv. afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 954).

---

64. Ræktunarsjóður Íslands.

Á 17. fundi í Ed., mánudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á og viðauka við lög um stofnun ræktunarsjóðs Íslands, 2 mars 1900 (A. 199).

A 19. fundi í Ed., miðvikudaginn 1. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðjón Guðlaugsson): Þetta frv. er ekki langt á pappírnum, og því styttra er það að efni til. Það er flutt eftir ósk frá Búnaðarfjelagi Íslands, og er þess getið í greinargerð frv., að Búnaðarfjelaginu hafi borist óskir víðs vegar að um kaup á ýmsum dýrum landbúnaðarverkfærum til ýmsra tilrauna. En til framkvæmda þessara vantaði Búnaðarfjelagið fje. Sum verkfæri þessi eru stór og geta því kostað jafnvel tugi þúsunda króna, og var því enginn vegur til að ráðast í slík kaup, án þess að fá hækkaðan styrk frá þinginu. Búnaðarfjelagið þarf líka aukinn styrk til ýmsra framkvæmda og þar að auki til dýrtíðaruppbótar fyrir starfsmenn sína, í svipuðum mæli og landssjóður veitir sínum starfsmönnum. Þess vegna sá Búnaðarfjelagið sjer ekki fært að biðja um aukinn styrk til þessara verkfærakaupa. En til þess nú að fullnægja óskum þessum að einhverju leyti, og um leið spara sitt eigið fje, því að ekki þótti ráðlegt að taka af stofnfje fjelagsins, þá komst búnaðarþingið að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að veita fje úr Ræktunarsjóði til framkvæmda þessara. Fjárveiting þessi heyrir nú ekki undir neitt af því, sem heimilað er í lögunum frá 20. okt. 1905, og var það því tilætlun búnaðarþingsins, að lögum þessum yrði breytt og fjeð tekið af því, sem áður hefir verið veitt til ýmsra manna fyrir dugnað og framfarir í jarðabótum.

Það dylst því engum, að verðlaun þessi hljóta að lækka, ef frv. þetta nær fram að ganga, en þá ber að athuga það, hvort með því sje miklu slept eða ekki. Verðlaun þessi hafa verið veitt eingöngu fyrir jarðabætur, og það að eins 5. hvert ár, venjulega ekki hærri en 50 krónur í hvern stað. Það er sama sem 10 kr. á ári. Þó hafa þessi verðlaun oft verið ofhá eftir jarðabótunum.

Jeg get nú ekki skilið það, að maður, sem einu sinni hefir áhuga á jarðabótum, letjist nokkuð fyrir það eða missi kjarkinn, þótt hann missi vonina um þessi 10 kr. verðlaun á ári.

Og búnaðarfjelagið leit svo á, að ekki mundi eins mikill skaði skeður, þótt

klipið væri af verðlaunum þessum, eins og ef slept væri að gera tilraunir hjer með ýmsum nýtiskuverkfærum, sem hrundið gætu af stað ýmsum stórfyrirtækjum fyr en ella.

En, eins og jeg hefi áður tekið fram, er aðalástæða frv. sú, að Búnaðarfjelagið vildi hvorki eta af sínum eigin höfuðstól nje íþyngja landssjóði.

Og eina breytingin, sem frv. gerir á lögunum frá 1905, er viðbót sú, sem stendur í 4. línu 3. málsgr. í 1. gr. frv., orðin »að styrkja Búnaðarfjelag Íslands til kaupa, tilrauna og útbreiðslu landbúnaðarverkfæra«.

Þótti Búnaðarfjelaginu rjett að taka lögin frá 20. okt. 1905 orðrjett upp í frv. og setja þar inn viðauka þennan, svo að ekki þyrfti með breytingu þessari að fjölga lögunum.

Jeg vildi skýra þetta, til þess að háttv. þm. geti sjeð, að breytingarnar, sem farið er fram á með frv. þessu, á viðaukanum frá 1905, eru ekki stórvægilegar. Þær nema nálega $^1/_4$ og $^1/_5$ úr línu 3. málsgr. 1. gr. þess viðauka. Og jeg vonast til, að háttv. deild sannfærist um, að hjer er farin rjett leið, og að fremur beri að styðja frv. en fella. Jeg býst við, að nefnd verði látin athuga frv. nánar, og vildi jeg þá óska, að til þess yrði valin landbúnaðarnefnd. Jeg vona, að hún svæfi eigi málið, heldur segi já eða nei sem fyrst. Jeg segi þetta í sambandi við annað mál, sem nefndin hefir haft til meðferðar og jeg hefi flutt, og ekki hefir verið gerð nein skil enn þá. En mjer þykir hart, ef þetta frv. þarf að sæta löngum drætti, með því að jeg á sjálfur sæti í nefndinni.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg skal geta þess, að ekki svo fáar málaleitanir hafa borist landsstjórninni í vetur um styrk til þess að flytja inn og kaupa ýms áhöld til landbúnaðar. Stjórnin hefir venjulega vísað þessum málaleitunum til álits Búnaðarfjelagsins, og það hefir mælt með sumum þeirra, en engu svarað um aðrar. Jeg tel ekki hyggilegt að segja ætíð nei við slíkum beiðnum, eða að koma fram með fjárveitingu til þess háttar tilrauna í fjárlagafrv. Hitt álít jeg miklu heppilegra, að Búnaðarfjelagið hafi tilraunirnar með höndum. En það vantar fje til þeirra. Nú hefir það vísað á fjeð; það verður að vísu af skornum skammti, en þó skárra en ekki neitt. Jeg vil þess vegna mælast til, að frv. verði tekið til athugunar og samþ í ekki lakara formi en það er nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv., og til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1604) með 13 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., föstudaginn 10. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 199, n. 340).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Nefndin hefir ekki klofnað í þessu máli. Hún hefir orðið sammála um það, að frv. eigi að ná fram að ganga, og hún hefir einnig orðið sammála um eina litla brtt. Eins og jeg gat um við 1. umr. er einasti agnúinn við frv., saman borið við núgildandi lög, að með því að leggja þessa byrði — kaup og reynslu á dýrum verkfærum — á Ræktunarsjóðinn, þá hlýtur það að draga úr verðlaunum til bænda fyrir unnar jarðabætur, í alt fall öðru hvoru, en þar sem styrkur til lífsábyrgðakaupa hlýtur að gera það sama, ef nokkuð verulegt af fje er notað í því skyni, þá er það að afnema þessa kvöð af sjóðnum nokkuð í

áttina til þess að vega upp á móti verkfærafjenu. Annars mun nú fje sjóðsins fremur lítið hafa verið notað í þessu skyni, og bendir það á, að þetta í lögunum sje ekki mjög nauðsynlegt, enda þýðingarlaust að veita manni styrk til að greiða líftryggingariðgjald í fyrsta sinni. Það hlýtur ávalt að vera svo lítil upphæð, að engu nemi, en getur dregið sig saman fyrir sjóðinn, ef margir óska slíks styrks. Ef menn geta ekki greitt fyrsta iðgjaldið og hafa ekki það lánstraust, að þeir geti fengið upphæðina að láni, þá myndu þeir ekki heldur geta haldið iðgjaldagreiðslunni áfram eftirleiðis. Einnig gætu menn veðsett lífsábyrgðarskírteinið Ræktunarsjóðnum, hvar eða hvernig sem menn hafa fengið peningana til borgunar fyrsta iðgjaldsins.

Af þessum ástæðum treysti jeg því, að háttv. deild fallist á þessa litlu breytingu. Nefndinni er það ekkert kappsmál, en hyggur brtt. heldur til bóta. Nefndin vonar og, að frv. nái fram að ganga.

ATKVGR.

Brtt. 340. samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

2. og 3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

A 29. fundi í Ed., mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 405).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum um stofnun ræktunarsjóðs Íslands, 2. mars 1900,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 439).

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 16. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Pjetur Þórðarson: Málið mun væntanlega hafa verið í landbúnaðarnefnd háttv. Ed. Hygg jeg, að það sje vilji flestra manna, sem um landbúnað hugsa, að málið fari til sömu nefndar hjer, og geri það því að tillögu minni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til landbúnaðarnefndar (sjá A, bls. 1612) í e. hlj.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 439, n. 506).

Frsm. (Einar Árnason): Jeg get verið stuttorður.

Þetta frv. hefir gengið gegnum háttv. Ed. Það felur í sjer breyting á ræktunarsjóðslögunum, sem ekki er stórvægileg, að eins sú, að í stað þess, að eftir núgildandi lögum má verja nokkrum hluta vaxtanna til lífsábyrgðarkaupa, til tryggingar lánum, er nú farið fram

á, að nokkrum hluta vaxtanna verði varið til að styrkja Búnaðarfjelag Íslands til kaupa, tilrauna og útbreiðslu landbúnaðarverkfæra. Þessi ákvæði um styrk til lífsábyrgðarkaupa hafa lítið verið notuð og því orðið að litlu gagni, og því er þessi breyting komin fram. Það má telja víst, að vextirnir muni koma landbúnaðinum að meira liði á þann hátt, sem frv. fer fram á að verja þeim, því að vafalaust er hjer um framtíðarmál og nauðsynjamál að ræða, með því að vjelar ryðja sjer nú mjög til rúms í búnaði.

Landbúnaðarnefndin mælir því með, að frv. gangi fram óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. í e.hlj.
2. og 3. gr. samþ. í e.hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e.hlj.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 22. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 439).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e.hlj. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 587).

---

65. Landsbankastjórn.

Á 17. fundi í Ed., mánudaginn 30. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka, 18. sept. 1885, m. m. (A. 214).

Á 19. fundi í Ed., miðvikudaginn 1. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (**Magnús Torfason**): Jeg skal þegar í upphafi geta þess, að villa hefir slæðst inn í greinargerð frv. Þar stendur orðið »óskeikulli«, í staðinn fyrir »ókvikulli«. Jeg ætla mjer ekki þá dul að skapa óskeikula bankastjórn með frv. þessu. Það mætti ef til vill segja, að bankinn hafi um sinn átt óskeikulan bankastjóra, en það er mikill munur á því og að öll bankastjórnin sje óskeikul.

Jeg hafði búist við, að frv. í þessa átt kæmi frá hæstv. stjórn, og hafði talsverða ástæðu til þess, þar sem mjer er kunnugt um, að mál þetta hefir verið tekið til athugunar af einum af hæstv. ráðherrum.

En í síðustu forvöð þótti okkur flm. rjett að sjá um, að málið kæmist inn á þing, og höfum við þess vegna gerst flutnm. þess nú.

Aukaþingið í vetur sem leið lagði mesta áhersluna á það að skapa sterka stjórn, sem hefði nægilegt þingfylgi til hverskonar framkvæmda. Jeg geri það ekki að umtalsefni nú, hver árangur hafi af því orðið. En það var fleira, sem vakti fyrir aukaþinginu, en það að skapa sterka stjórn. Það lagði líka áherslu á, að stjórnin sæi um, að nægur fjárafli væri í landinu. Hvað hæstv. stjórn hefir gert til þess er mjer ókunnugt um. Að minsta kosti hefir hún ekki skýrt frá afrekum sínum í því efni.

En allir munu á einu máli um það, að aldrei hefir verið brýnni þörf en nú á því að sjá fjárhag landsins borgið. Atvinnuvegirnir leika á reiðiskjálfi og búast má við, að sambandi við önnur ríki verði slitið þegar minst varir. Á slíkum tímum er það lífsnauðsyn, að nóg fje sje til í landinu sjálfu.

Ein af aðalskyldum þjóðbankans okkar, Landsbankans, er nú einmitt að styðja stjórnina til að afla þessa fjár, og er þá vert að athuga, hvernig bankinn eða stjórn hans stendur að vígi.

Eins og mönnum mun vera kunnugt má heita, að bankastjórnin sje á hrakhólma stödd. Má næstum segja, að hún hangi á bláþræði, þar sem báðir bankastjórarnir eru settir og sömuleiðis annar gæslustjórinn. Stjórnendur þessir eru því ekki annað en dægurflugur og störf þeirra vitanlega ekki annað en dægurstörf; því að ganga má að því vísu, að menn þeir, sem settir eru að eins um stuttrar stundar sakir, láti hverjum degi nægja sína þjáning. Og ekki verður við því búist, að slík stjórn hafi þá festu, sem nauðsynleg er á jafnmiklum viðsjártímum og nú eru.

Ekki er heldur hægt að ætlast til þess, að slík stjórn eigi frumkvæði að ábyrgðarmiklum framtíðarráðstöfunum, þar sem hún getur ekki búist við að fá að ráða neinu um framkvæmdirnar og getur átt á hættu, að svo verði litið á, sem hún með því taki fram fyrir hendur eftirmanna sinna.

Af þessu öllu og sakir persónulegra atvika getur mönnum ekki dulist, að hjer þarf gagngerðra breytinga á stjórnarháttum bankans, ef þessu á að verða kipt í lag, svo að við verði hlítandi. En þótt bankastjórnin sæti fastari í sessi en hún gerir nú, þá er núgildandi fyrirkomulag samt sem áður alls óviðunandi.

Síðan 1914 hefir bankinn aukist mjög mikið, sem næst því þrefaldast. En eftir því sem störf bankans verða meiri og fleiri, eftir því verður erfiðara fyrir gæslustjórana að fylgjast með, menn, sem er ætlað að vinna þar að eins stuttan tíma á dag; þeir hljóta að missa það yfirlit yfir starfsemi bankans, sem nauðsynlegt er til þess að taka ákvarðanir til ýmsra framkvæmda. Þeir verða því deigir og ódjarfir til allra stórræða, og tillögur þeirra verða helst til þess að draga úr framkvæmdum; þeir verða íhaldsafl, jafnvel hreint og beint farg á alla framsókn bankans.

Þetta er ofureðlilegt, því að menn, sem ekki eru kunnugir starfinu, hljóta að hliðra sjer hjá því að taka á sig þunga ábyrgð, og því samviskusamari sem þeir eru, því þyngri verður þeim ábyrgðin.

Af öllu þessu tel jeg það ljóst, að fyrirkomulag það, sem nú er, sje alls ekki viðunanlegt.

Atvinnuvegir landsins verða stærri í broti með ári hverju. Það bólar þegar á nýjum atvinnuvegum, svo stórvöxnum, að oss hefir ekki órað fyrir öðru eins; þjóðin heimtar nýjar lánstofnanir, bæði fyrir landbúnaðinn og sjávaratvinnu manna. Útibúum fjölgar, og vjer erum í þann veginn að nema ný viðskiftalönd. Hjer eru því viðfangsefni bæði mörg og mikilvæg, sem þurfa undirbúnings við. Til þess þarf bankastjórn, sem er föst í rás, samhent og hefir fulla ábyrgð á hendi. En það liggur í augum uppi, að gæslustjórar geta ekki haft eins þunga ábyrgð á hendi eins og menn, sem eru þaulkunnugir störfum bankans í smáu sem stóru.

Okkur flutningsmönnum þótti rjett að koma fram með frv. óbreytt, eins og það var lagt fyrir þingið 1915.

Við vildum ekki grípa fram fyrir hendur nefndar þeirrar, sem væntanlega fjallar um málið, en munum fúsir á að

taka til greina þær breytingar, sem hún kann að gera við frv. og til bóta horfa.

Að síðustu vil jeg geta þess, að ekki ber að skilja orð mín sem ákúrur til bankastjórnarinnar. Jeg get lýst yfir því, að jeg kann fullvel að meta þá valinkunnu heiðursmenn, sem nú stjórna bankanum.

Vona jeg svo, að háttv. deild taki máli þessu vel, og er það sannfæring mín, að ekki verði öllu þarfara verk unnið á þessu þingi en það að styrkja stjórn þessa banka.

Vil jeg svo gera það að till. minni, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til allsherjarnefndar.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg vil leyfa mjer að óska þess, að frv. verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1607) með 8 shlj. atkv.

A 31. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 214, n. 419).

Frsm. (Magnús Torfason): Eins og tekið var fram við 1. umr. þessa máls þá höldum við flutningsmennirnir ekki fast við einstök atriði frv., en okkur lá það eitt sjerstaklega á hjarta, að bankastjórnin yrði styrkt, frá því sem nú er. Jeg lýsti því þegar yfir í framsöguræðu minni, að við mundum vera fúsir til að taka allar tillögur til greina, sem verða mættu frv. til bóta.

Eins og háttv. deild er kunnugt var ákveðið í frv., að einn bankastjórinn skyldi hafa tekið próf í lögum. En í nefndinni hefir það orðið ofan á, að þetta ákvæði yrði numið burt, en með því er vitanlega ekki sagt, að nefndinni þyki ekki æskilegt, að einn bankastjóranna verði lögfræðingur. Nefndin hefir í öðru lagi fallist á, að rjett sje að afnema ekki gæslustjórana að svo stöddu. Því að þótt það sje skoðun okkar flutningsmanna, að rjett sje að afnema þá, þá höfum við þó fallist á að láta við svo búið standa að sinni, sökum þess, að hjer er að eins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, og hins vegar er bráðlega búist við gagngerðum breytingum á allri stjórn bankans. En ef þeir eiga að halda áfram að starfa við bankann, þá er það skylda þingsins að sjá um, að þeir geti gert skyldu sína og nokkurt gagn við starfa sinn. En ef þeim á að vera það unt, verða þeir að geta varið meiru af tíma sínum í þarfir bankans en hægt er að búast við að þeir geti gert fyrir þá lítilfjörlegu þóknun, sem þeim nú er ætluð. Meiri hluti nefndarinnar hefir því fallist á að hækka laun þeirra upp í 2000 kr. Þetta er í raun og veru engin hlutfallsleg hækkun frá því, sem ráð var fyrir gert í upphafi. Bankastjórinn hafði þá 2000 kr. í árslaun og gæslustjórar 500 kr., eða $^1/_4$ hluta af launum bankastjóra. Nú fer nefndin fram á, að þetta sama hlutfall verði látið halda sjer, en jeg get getið þess, að nefndin mun ekki hafa neitt á móti því að hækka launin enn meir, ef hv. þingdeildarmenn skyldu óska þess.

Í frv. er gert ráð fyrir, að bankastjórarnir hafi 8000 kr. í árslaun. Mikil nauðsyn ber til þess, að slíkir menn sjeu efnalega sjálfstæðir, og það er naumast samboðið þinginu að hafa launin minni, eftir því sem bankastjórum er launað erlendis. Annars vita allir, hve mikill skaði getur af því hlotist, ef

menn í slíkum trúnaðarstöðum eru ekki fyllilega sjálfstæðir og óháðir menn.

Aðrar breytingar nefndarinnar við frv. en þær, sem jeg hefi getið um, eru eingöngu orðabreytingar, sem leiða af því, að gæslustjórunum er haldið.

Annars sje jeg ekki ástæðu til þess að fjölyrða meir um þetta að sinni, en vænti þess, að háttv. deild taki tillögum nefndarinnar vel.

Kristinn Daníelsson: Jeg hefi skrifað undir nefndarálitið, en geri það með fyrirvara, og þýðir það ætlð, að maður sje ekki eins óhikandi og eindreginn eins og ella og áskilji sjer alla umhugsun.

Þetta á ekki svo mjög við það, að frv. vill fjölga bankastjórunum í þrjá, því að þar sem þeir tveir, sem nú eru, eru báðir settir og verða ekki fastskipaðir menn að svo stöddu í sæti þeirra, og þar sem vænta má, að fyrir flestum vaki, að bankastjórar verði þó með tímanum þrír, þá hefi jeg getað fallist á, að föstum manni yrði nú þegar bætt við.

Þó að störfum bankans sje um sinn, að ætlun minni, borgið í höndum þeirra manna, sem nú fara með stjórn bankans, þá verða þó störfin margbrotnari, og dregur því að því, að þurfi styrkari stjórn, þó að eðlilegast hefði verið, að það yrði gert um leið og gagngerðari breytingar á lögum bankans væru undirbúnar af stjórn bankans og landsins, en stjórnin hefir ekki lagt fyrir að þessu sinni, ef til vill vegna breytinga, sem búast má við að verði á högum bankans.

En það, sem fyrirvari minn sjerstaklega sneri að, var fyrst þær brtt., sem jeg hefi komið mjer saman um við fim. og frsm. frv. (M. T.), að einungis með því, að þær nái fram að ganga, gæti jeg greitt frv. atkv. Eftir sjálfu frv. áttu gæslustjórar að falla úr sögunni. En það get jeg ekki fallist á, að þingið megi sleppa þeim tökum, sem það hefir í gæslustjóravalinu, til þess að geta haft hönd í bagga með stjórn bankans, enda hefir þingið hingað til ekki viljað sleppa því, þó að till. hafi komið um það. Með vali gæslustjóranna getur þingið og ráðandi stefnur í þinginu haft áhrif sín á stjórn bankans, og ekki er heldur annað hægt að segja en að það val hafi yfirleitt tekist vel, valdir ýmsir ágætir menn, og víst allir með meiri og minni hæfileikum og skilyrðum til starfsins. Hygg jeg þetta geta verið þýðingarmikið, og síst ástæða að sleppa þessu, þegar ef til vill gagngerðar breytingar standa fyrir dyrum.

Og annað, sem jeg líka vildi með fyrirvaranum fá tækifæri til að minnast á, var það, að úr því að breyta skyldi 4. gr. laganna 1909, hefði jeg kosið, að ákvæðið hefði verið, að bankastjórn skipaði alla starfsmenn bankans, einnig bókara og fjehirði. Mjer finst það liggja svo í augum uppi, að sú stjórn, sem ber alla ábyrgð á bankanum, verði að hafa ráðin í þessu.

En þótt jeg komi nú ekki fram með brtt. um þetta, þá tel jeg þó bót í að halda því, sem nú er í lögunum, »eftir tillögum« bankastjórnar, heldur en, eins og í frv. stendur, »að fengnum tillögum«. Vil jeg leggja mikla áherslu á þann skilning í þeim orðum, að það skuli ráða, sem bankastjórnin leggur til; og geta þó falist samt í stjórnarveitingunni þeir yfirburðir yfir stöðu annara starfsmanna, sem slík stjórnarstaðfesting má veita.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meir, en vona, að brtt. nái fram að ganga, og mun þá geta greitt frv. atkv., samkvæmt því, sem jeg hefi nú sagt.

Hannes Hafstein: Jeg hefi ritað

undir nefndarálitið með fyrirvara, því að jeg hefi verið nokkuð hikandi við, hvort jeg ætti að fylgjast með samnefndarmönnum mínum, og álitið, að ef til vill mundi rjettast vera að fresta málinu um hríð. Jeg vildi þó ná tali af flokki þeim, sem jeg fylgi að málum, áður en jeg afrjeði nokkuð í þessu efni. En málinu hefir verið hraðað svo mikið, að mjer hefir ekki unnist tími til þess. Og fylgi mitt við frv. hefir frá upphafi verið bundið því skilyrði, að gæslustjórarnir, sem nú eru, yrðu ekki reknir frá.

Jeg hefi nú hugsað málið nokkuð frekar og sömuleiðis haft tal af ýmsum þingdeildarmönnum, sem jeg met mikils, um þetta mál, og hefi jeg komist að þeirri niðurstöðu, að rjettast sje að vera algerlega á móti frv. Jeg álít rjett að fresta málinu og geyma það þangað til hægt verður að taka það til ítarlegrar meðferðar.

Magnús Kristjánsson: Jeg er í nokkrum vanda staddur með þetta mál, því að mjer virðast agnúarnir auðsæir á frv., en það hefir naumast batnað við meðferð nefndarinnar. Hún hefir að vísu gert þá sjálfsögðu breytingu á frv., að stjórnarráðið skuli skipa bankastjórana, en hún hefir jafnframt felt burt úr frv. 2. málsgr. 1. gr. Jeg á erfitt með að skilja, að þetta geti verið til bóta, því að jeg álít nauðsynlegt, að bankinn hafi lögfræðing í þjónustu sinni, og virðist því ástæðulaust af nefndinni að fella þetta atriði burt. Þetta veldur því, að jeg á erfitt með að greiða atkvæði með brtt. nefndarinnar, en frv. hefir, eins og jeg hefi getið um, ýmsa galla. Jeg geri helst ráð fyrir, að jeg verði að greiða atkvæði með frv. við þessa umr., í þeirri von, að nefndin taki til greina brtt., sem jeg kynni að gera við 3. umræðu málsins.

Mjer finst ástæðulaust að tala um málið alment að þessu sinni, en jeg get getið þess, að mjer virðist, að öllum ætti að vera það ljóst, að mikið gagn ætti af því að geta hlotist, ef vel tækist um val á þremur bankastjórum. Ef bankastjórarnir eru ekki nema tveir, þá eru þeir svo bundnir við starf sitt, að þeir hafa naumast tíma til að taka sjer ferð á hendur eða kynna sjer ýmislegt, sem að verki þeirra lýtur, en þeir eiga miklu hægra um vik ef þeir eru þrír. Það er margt fleira, sem mælir með þessari breytingu, en jeg læt þetta nægja að þessu sinni.

Frsm. (Magnús Torfason): Jeg þarf eigi að svara því miklu, sem komið hefir fram í umr. Háttv. 1. landsk. þm. (H. H.) lýsti yfir því, að hann myndi greiða atkvæði á móti frv. Jeg býst nú ekki við því að geta snúið honum frá villu hans vegar, og skal því eigi deila neitt við hann.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) fann að þeirri brtt. nefndarinnar, að fella úr ákvæðið um, að einn bankastjóranna skyldi vera lögfræðingur. I tilefni af þessari athugasemd vil jeg taka það fram enn á ný, að nefndin er þessu ákvæði ekki mótfallin. En frv. þetta er að eins bráðabirgðabót. Það hefir komið til orða hjer í þinginu, að bankastjórarnir þyrftu að hafa sjerþekkingu á aðalatvinnuvegum landsins. Þótti nefndinni því rjett, að láta ákvæði þetta, um að einn bankastjóranna skyldi vera lögfræðingur, bíða þar til gagngerð endurskoðun færi fram á stjórn bankans.

Ef háttv. þm. Ak. (M. K.) ætlar sjer að koma fram með breytingartilllögu við frumvarpið til 3. umræðu, þætti nefnd-

inni æskilegast, að hann bæri sig saman við hana um þær.

Halldór Steinsson: Háttv. þm. Ak. (M. K.) gat þess í upphafi ræðu sinnar, að hann væri í vanda staddur með atkvæði sitt. En jeg vil segja fyrir mitt leyti, að jeg er í engum vafa um, hvernig jeg á að greiða atkvæði um frv., eins og það nú liggur fyrir. Jeg hefi ákveðið að greiða atkvæði gegn frv. Jeg get ekki sjeð, að í nál. sjeu færðar nægilegar ástæður fram fyrir þeim breytingum, sem frv. gerir á núgildandi lögum. Aðalástæðan fyrir frv. er sú, að, eins og stjórn bankans sje hagað nú, vanti hana nægilega festu. En jeg fæ ekki sjeð, að meiri festa fengist í stjórn hans, þó að í hana yrði bætt einum bankastjóra og laun bankastjórnarinnar yrðu hækkuð. Mjer skilst, að losið stafi af því, að bankastjórarnir eru nú báðir settir og annar gæslustjórinn. En engin sönnun er fyrir því, að bankastjórarnir verði fastskipaðir, þó að þeir verði 3.

Jeg hefði þó ef til vill getað gengið með frv., hefðu gæslustjórastöðurnar verið afnumdar. Nú síðustu árin hafa þær stundum ekki verið annað en »humbug« og pólitiskir bitlingar, og er því engin eftirsjá í þeim. Alt öðru máli er að gegna um þær í upphafi, er þær voru stofnaðar. Þá gerðu gæslustjórarnir meira gagn og vörðu miklu meiri tíma til starfsins. Sje jeg ekki, að þeir muni rækja betur störf sín, þó að laun þeirra verði hækkuð. Jeg er því þeirrar skoðunar, að afnema beri gæslustjóraembættin. Það virðist nóg, að bankastjórar sjeu 3, eins og í Íslandsbanka, en engir gæslustjórar.

Jeg get fallist á að hækka laun bankastjóranna upp í 8000 kr, en get þó ekki verið samþykkur þeirri ástæðu, sem hv. frsm. (M. T.) tók fram, að sómi landsins lægi við, og að þeir, þótt þeir væru efnalega sjálfstæðir, mundu verða að því skapi andlega sjálfstæðir.

Frsm. (Magnús Torfason): Jeg skal ekki deila um gæslustjórana. Þess gerist ekki þörf, frá mínu sjónarmiði. En um launahækkunina vil jeg geta þess, að öllum er kunnugt um, hversu lífsnauðsynjar hafa hækkað í verði.

Og hvað það snertir, að bankastjórnin yrði ekki fastari í sessi, þó að bankastjórarnir væru þrír, þá er það misskilningur. Í greinargerð fyrir frv. var tekið fram, að los væri á bankastjórninni nú, vegna sjerstakra atvika, sem eigi er gott að ráða við.

Mjer finst sjálfsagt, að einn bankastjóranna að minsta kosti sje fast skipaður, svo að þeir allir væru eigi dægurflugur, er ynnu dægurverk. Jeg get ekki skilið, að komist verði hjá því, að bankastjórnin þurfi að taka ábyrgðarmiklar og víðtækar ráðstafanir, sem hljóta að hafa afarmikla þýðingu fyrir hag bankans á næstu tímum. En ekki geta menn búist við því, að menn, sem að eins eru settir bankastjórar, fari að bollaleggja og bera ábyrgð á þýðingarmiklum ráðstöfunum. Þess vegna höfum við fim. og þeir, sem eru okkur sammála, litið svo á, að það væri hreint og beint vansæmd fyrir þingið að láta stjórn bankans vera í þessu reiðuleysi, þegar mest á ríður. (**H. St.:** Kemur frv. í veg fyrir það?) Já, jeg býst við, að bráðabirgðaástand þetta verði eins stutt og hægt er. En taka verður tillit til ýmsra örðugleika, sem ekki er auðvelt að yfirstíga.

Við vitum, að peningakreppa er mjög mikil hjer á landi, og það mun koma í ljós, að þröngt verður í búi hjá landssjóði. Og jeg hygg, að besta ráðið til

að komast úr þeim kröggum sje að leita aðstoðar Landsbankans. En slíkar ráðstafanir taka eigi settir bankastjórar.

Jeg vil í þessu sambandi drepa á, að það vakir fyrir mörgum, að lífsnauðsyn sje að fá eins mikið fje frá útlöndum inn í landið, til ýmsra stórfyrirtækja, og unt er. Það er skoðun helstu fjármálamanna, að afarerfitt muni verða að fá fje að láni í útlöndum að ófriðnum loknum. En nú er hægt að fá talsvert fje, ef menn leggja sig í framkróka. (**H. H.:** Það liggur ekki laust fyrir). Rjett er það, og ef ætti að koma því í framkvæmd, þyrfti einn bankastjóranna að vera langdvölum í útlöndum. En þá sje jeg ekkert vit í því, að einn settur bankastjóri stýri bankanum á meðan, þar sem annar gæslustjóranna er einnig settur, jafnviðsjárverðar og horfurnar eru nú. Því að eins og útlitið var glæsilegt fyrir atvinnuvegum vorum í fyrra, eins óglæsilegt er það nú. Það þarf því bæði þrek og framsýni til þess að sjá bankanum borgið annars vegar, og hins vegar, að bankinn verði ekki ofnaumur á hjálp til manna, svo að þeir geti haldið áfram atvinnuvegum sínum. En allir vita, hver styrkur það er fyrir menn að vera fastir í sinni stöðu, á móts við það að vera svo að segja í lausu lofti og vita, að allar ráðstafanir þeirra geta verið eyðilagðar.

Þar sem 2 háttv. deildarmenn eru ekki á fundi, og háttv. þm. Ak. (M. K.) mintist á, að hann óskaði að koma með brtt., vildi jeg gera það að till. minni, að þessari umr. verði frestað.

Eggert Pálsson: Þegar litið er á frv. og nál. og breytingar þær, sem farið er fram á að gerðar verði á stjórn bankans frá því, sem nú hefir verið um hríð, þá verður fyrst fyrir mönnum sú breytingin, að bankastjórarnir skuli vera 3, í stað 2, og laun hvers þeirra 8000 kr. Sú hækkun á útgjöldum til stjórnar bankans nemur þessum upphæðum: 8000 kr., sem eru laun hins nýja bankastjóra, og 2000 kr. launaviðbót til hinna tveggja, eða alls 12000 kr. Svo eiga laun hvors gæslustjóra að hækka um 1000 kr., og verður þá allur útgjaldaaukinn til stjórnar bankans 14000 kr. á ári, eða helmingi hærri en stjórnin kostar nú. Nú mætti ætla, þegar gert er ráð fyrir svo mikilli hækkun, að mikið fáist í aðra hönd. En hvaða hagnaður er þá í boði? Sá einn, að fá einn mann til viðbótar í bankastjórnina. Jeg játa, að mikið væri fengið, ef bankinn öðlaðist þá festu, sem haldið hefir verið fram af háttv. flm. (M. T.) að honum veittist með þessu. En í frv. er ekkert ákvæði, er gefur neina tryggingu í þessa átt. Háttv. frsm. (M. T.) hjelt því fram, að ástandið væri óhafandi eins og það er nú, þar sem báðir bankastjórarnir og annar gæslustjóranna væru settir menn. En engin trygging er fyrir því, að ekki geti eins farið með 3. bankastjórann. Ekkert ákvæði fyrirfinst í þessu frv., fremur en í núgildandi lögum, er slái varnagla við því, að bankastjórar geti tekið við öðrum stöðum, sem þeim finnast betri, eða hentugra þykir að setja þá í. Þó að þessi breyting yrði samþykt, gæti þess vegna svo farið, að allir 3 bankastjórarnir væru skipaðir í aðrar stöður og settir menn skipuðu sæti þeirra allra. Breytingin eða bæturnar eru þess vegna, frá mínu sjónarmiði, engan veginn svo miklar, að þær sjeu kaupandi fyrir 14000 kr. árleg útgjöld.

Halldór Steinsson: Jeg vil að eins gera örstutta athugasemd. Háttv. frsm. (M. T.) lagði mikla áherslu á, að frv. væri fram komið til þess að skapa festu í stjórn bankans. Þá vil jeg bera fram eina spurningu. Má ekki eins

skipa 1 af 2 bankastjórum sem 1 af 3? Mjer finst ekki sannað, að nauðsyn sje á þessu frv., eða að nein festa fáist með því, og mun því, eins og jeg tók fram í fyrri ræðu minni, greiða atkv. gegn því.

Frsm. (Magnús Torfason): Í tilefni af fyrirspurn háttv. þm. Snæf. (H. St.) vil jeg fyrst taka það fram, að jeg er ekki í stjórninni og get því ekki svarað til þessa. En mjer hefir skilist, að sjálfsagt væri, að þessi nýi bankastjóri væri strax fastskipaður. Mjer hefir einnig skilist, að ekki sje hægt að svo stöddu að skipa menn í sæti bankastjóranna, og hafa bankastjórar því að eins verið settir.

Um kostnaðaraukann vil jeg taka það fram, að kostnaðurinn verður að miðast við stærð fyrirtækisins. Menn geta ekki ætlast til, að fyrirtæki, sem orðið er 6 sinnum stærra en það var fyrir nokkrum árum, þurfi ekki að greiða meira til stjórnar sinnar heldur en þá.

Kristinn Daníelsson: Jeg vildi að eins gera stutta athugasemd, í tilefni af ummælum háttv. þm. Snæf. (H. St.) um gæslustjórana. Þau ummæli mega ekki standa ómótmælt. Hann sagði, að gæslustjórastöðurnar væru »pólitiskt humbug«. (**H. St.**: Nei, jeg sagði pólitiskir bitlingar). Mig furðar á því, að nokkur skuli láta sjer þau orð um munn fara. Hygg, að allir muni kannast við, að þeir þingkjörnu gæslustjórar, sem nú sitja í bankastjórninni, sjeu mjög vel vaxnir starfa sínum. Jeg ætla ekki að fara að deila um þetta, en jeg kunni ekki við, að þessi ummæli stæðu ómótmælt.

Halldór Steinsson: Jeg bjóst ekki við, að orð mín mundu rangfærð. Jeg sagði að eins, að starf gæslustjóranna hefði oft og einatt ekki verið annað en »humbug« og pólitiskir bitlingar. Við það skal jeg standa.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg vil í örfáum orðum gera grein fyrir atkv. mínu. Jeg greiddi atkv. gegn frv. við 1. umr., og síðan hefir sannfæring mín ekki breyst. Jeg sje, í fyrsta lagi, ekki nauðsyn á því að skipa 3 bankastjóra, í stað tveggja. Hefði jeg álitið heppilegra, að bankastjórar væru að eins 2, með bankaráði sjer við hlið; þó ætti það að vera skipað öðruvísi en bankaráð Íslandsbanka. Í öðru lagi sje jeg ekki, að þetta komi í veg fyrir, að bankastjórnin geti eigi verið sett eftir sem áður. Og í þriðja lagi er launaspursmálið. Jeg get ekki felt mig við að fjölga bankastjórunum og hækka þar að auki laun þeirra, sem nú eru, um 2000 kr. á ári. Jeg get skilið, að þetta sje nauðsynlegt, ef hækkunin er tekin í sambandi við kringumstæðurnar og litið er á hana sem dýrtíðaruppbót. En með því að stofna stöðu með launum, er miðuð eru við dýrtíðina, er slegið föstu launahæð embættismanna, þegar dýrtíðinni ljettir. Það kemur ekki til mála að lækka launin síðar, og er þá óhjákvæmilegt, að aðrir embættismenn fái samsvarandi laun. Hjer liggur fyrir þinginu frv. um skiftingu bæjarfógetaembættisins í Reykjavík. Þar eru undirdómara ætluð 5000 kr. laun, er hækki upp í 6000 kr. En hvaða laun hafa yfirdómararnir í landsyfirdómnum? Þeir hafa 3500 kr. árslaun. Geta nú ekki allir sjeð, að er menn stofna dómaraembætti með launum, sem miðuð eru við dýrtíðina og eru hærri en laun yfirdómaranna, þá verður jafnframt að hækka laun þeirra. Yfirdómararnir ættu þá að hafa lík laun og bankastjórar. Mjer finst óheppilegt að ákveða laun yfir höfuð á þessu þingi, og því óheppi-

legra að mynda embætti, er skapa fordæmi hvað laun snertir. En svo kemur till. um að halda gæslustjórunum eftir sem áður og hækka laun þeirra úr 1000 kr. upp í 2000 kr. Menn vilja hafa 5 manna stjórn við þessa »stór«-stofnun. Alt þetta finst mjer fara í eina átt, að þetta valdi talsverðum ósparnaði, og sje jeg ekki neina nauðsyn á því. Jeg held því fast við fyrri skoðun mína, jafnvel þótt frv. geti haft ýmislegt gott við sig að öðru leyti.

Umr. frestað að ósk frsm. (M. T.).

Á 34. fundi í Ed., laugardaginn 18. ágúst, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 214, n. 419, 502).

Frsm. (Magnús Torfason): Jeg vil að eins leyfa mjer að lýsa yfir því, áður en gengið verður til atkv., að fram eru komnar brtt. á þgskj. 502; en nú stendur svo á, að allir nefndarmennirnir og flutnm. brtt. eru dauðir eða hálfdauðir. Nefndinni hefir því skilist, að rjettast sje að lofa frv. að ganga til 3. umr. og taka aftur brtt. sínar, þó með því skilyrði, að háttv. þm. Ak. (M. K.) taki einnig aftur brtt. sínar til 3. umr.

Magnús Kristjánsson: Það leiðir af sjálfu sjer, að ef brtt. á þgskj. 419 eru teknar aftur, þá hlýt jeg að taka aftur brtt. mínar á þgskj. 502, því að þær eru einmitt við þær tengdar. Jeg fellst því á uppástungu hv. frsm. (M. T.) um það, að till. komi ekki til atkv. fyr en við 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 419. teknar aftur til 3. umr.
— 502. komu því ekki til greina.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., föstudaginn 24. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 214, n. 419, 502).

Frsm. (Magnús Torfason): Um brtt. 1, á þgskj. 502, um það, að gæslustjóraembættin falli niður, er það að segja, að jeg hefi enga ástæðu til að vera á móti henni.

Sem flutningsmaður frv. lýsti jeg yfir því, að jeg teldi gæslustjórana til lítillar þarfar, og yfirleitt er mjer lítið um alla hálfa menn.

Það virðist líka óþarfi að halda þeim vegna mannfæðar, þar sem ákvæði er í frv. um það, að setja megi mann til að gegna bankastjórastörfum um stundarsakir, ef forföll verða. Það getur ekki heldur verið nema til bóta, að hæfum starfsmönnum bankans sje gefinn kostur á að taka þátt í stjórnarstörfum hans og venjast þeim, því að þaðan eiga útibússtjórarnir að koma, og þar geta verið bestu bankastjóraefni.

Brtt. 2 er miðuð við brtt. 1, og leiðir af henni, ef samþykt yrði. Jeg hefi því ekkert út á hana að setja.

Síðustu brtt. á þgskj. 502, um það, að launin verði færð niður í 6000 kr., get jeg hins vegar ekki verið með.

Við flutningsmenn lítum svo á, að mikið sje undir því komið, að bankastjórarnir sjeu fullkomlega efnalega sjálfstæðir menn, og víst er um það, að fjármálamenn í öllum löndum telja mesta óráð að svelta stjórnendur slíkra peningaverslana, því að oft hlýtur að reyna mjög á sjálfstæði þeirra, meir en flestra annara.

Velta Landsbankans er nú orðin 100

miljónir kr. á ári, og varasjóður hans nemur nú orðið $1^1/_2$ miljón kr.

Það getur því ekki talist nein heimtufrekja að fara fram á það, að hann launi stjórnendur sína sæmilega; hann á að vera orðinn fær um það.

Í sambandi við þetta vil jeg benda á eitt atriði, sem ekki má gera oflítið úr.

Það mundi án efa minka álit bankans í augum útlendinga, ef bankastjórarnir ættu við sultarlaun að búa.

Menn gætu hugsað sem svo, að sá maður væri ekki mikill fyrir sjer og ætti ekki úr að velja, sem tæki að sjer jafnvandasamt embætti með svo lágum launum.

Og ekki get jeg hugsað mjer neinn sæmilegan kaupsýslumann, er að svo litlu vildi lúta.

Og þá er jeg kominn að kjarnanum í máli þessu, því, hvort menn vilja styðja hag bankans, með því að auka og styrkja stjórn hans.

En það fer eftir því, hve stórum eða smáum augum litið er á bankann, þýðingu hans fyrir landið og verk það, er hann á fyrir höndum.

Ef litið er á sögu Landsbankans, verður fyrir manni einn höfuðmeingalli, sem sker mjög í augum. Hann er sá, að bankinn hefir frá því fyrsta verið í vandræðalegri, að jeg ekki segi svívirðilegri, peningasveltu. Það hefir frá upphafi verið gert altof lítið til þess að afla bankanum starfsfjár.

Þessu til sönnunar get jeg bent á það sama og hæstv. forseti studdi á í hinni snjöllu ræðu sinni nú fyrir skemstu, að í þessi 32 ár, sem bankinn hefir staðið, hefir hann ekki komið á fót útibúum nema á tveim stöðum, þótt honum sje beint gert það að skyldu í lögunum frá 1885 að stofna útibú eins fljótt og auðið er í sem flestum kauptúnum landsins.

Með slíku áframhaldi mun þess því verða langt að bíða, að útibúunum fjölgi að nokkrum mun.

Viðbáran hefir ætíð verið peningaeklan og ekkert annað. En tjónið, sem af því hefir leitt og leiðir, verður ekki með tölum talið.

Jeg minnist þess í þessu sambandi, að þegar jeg fór í embætti mitt á Ísafirði fyrir 13 árum, varð jeg samferða útibúunum, ef svo mætti að orði kveða. Og beri maður saman ástæðurnar þar þá og nú, þá er ólíku saman að jafna. Þar hafa orðið ósmáar framfarir á ekki lengri tíma.

En hitt er jeg sannfærður um, að Ísafjörður mundi enn þá vera í sama kútnum ef útibúin hefðu ekki komist þar á fót.

Innlendir kaupmenn myndu þar engir vera, sem því nafni mættu nefnast, og bærinn mundi vera ofurseldur sama útlenda selstöðuverslunarfarginu og hann var áður en útibúin komu honum til viðreisnar.

Jeg get því vel skilið hróp þeirra manna, sem fjærst búa bönkunum og erfiðast eiga með að ná í bankaviðskifti, og á hægt með að setja mig inn í þörf þeirra fyrir útibú.

Hitt atriðið, sem jeg vildi benda á í þessu sambandi, er þetta.

Um aldamótin síðustu lá við, að peningaeklan væri búin að drepa bankann. Þeir, sem höfðu komið honum á legg með harmkvælum og erfiðismunum, vildu ekki fyrir sjer að skapa honum aldur. Bestu menn þjóðarinnar litu svo á, að peningaeklan væri svo mikil, svo drepandi fyrir þroska þjóðarinnar og framsókn, að þeir vildu heldur leggja þetta óskabarn sitt á höggstokkinn en láta sitja í sama fari.

Líti maður á ástandið nú, þá liggur í augum uppi, að þörf bankans fyrir nægilegt starfsfje hefir aldrei verið eins

brýn og nú. Landsstjórnin hefir aldrei þurft á eins miklu fje að halda og nú á þessum vandræðatímum.

Eðlilegast hefði verið, að þjóðbankinn okkar ljeti hana hafa alt það fje, sem með þarf, en þess er ekki kostur nema að örlitlu leyti. Þess vegna eigum vjer það á hættu, að landið verði ofurselt erlendum fjármálamönnum, og það einmitt þegar oss ríður lífið á, að það sje alfrjálst, þar sem við borð getur legið, að taka þurfi ákvörðun um sjálfstæði þjóðarinnar, ef til vill um aldaraðir.

Ef litið er á gagn og þýðingu bankanna okkar, má segja, að þeir sjeu hyrningarsteinninn undir öllum þeim framförum, sem orðið hafa hjer síðan þeir voru stofnaðir.

Síðan um aldamót hefir innlend framleiðsla margfaldast.

Og innlend verslun hefir aukist og eflst ár frá ári. En þar hefir þessi kynslóð, sem aldrei verður nógsamlega skömmuð og svívirt, unnið með hjálp bankanna þrekvirki, sem aldrei verður að fullu metið. Því að það er hyrningarsteinn undir velmegun hvers lands, að verslunin sje sem allra innlendust. Nú er þetta komið á góðan veg hjer á landi, og vjer megum gleðjast og fagna því.

En þá rekur að þessari spurningu: Getum vjer búist við, að þetta haldist í sama horfinu framvegis? Nei, þess er engin von.

Nú rofar fyrir fyrirtækjum, sem þurfa meira fje en vjer getum gert oss nokkra von um að eiga ráð á. Og það er víst, að til þeirra verður að nota mestmegnis erlent fje. Það er þess vegna engum vafa bundið, að erlent fje muni sækja að oss frekar en nokkru sinni áður. En vjer ættum að hafa fengið nægа reynslu þess, að þær viðjarnar hafa reyrt oss fastast, sem bundnar hafa verið með erlendu auðmagni, og hitt er jafnvíst, að þessum nýju fyrirtækjum fylgja þær viðjar, sem örðugast mun reynast að smeygja af sjer. Þess vegna eigum vjer fyrir höndum harðari baráttu við erlent auðvald en vjer höfum nokkurn tíma átt áður.

Aðalhlutverk Landsbankans hlýtur því að verða það að vera þar á verði og styrkja af alefli alla innlenda atvinnuvegi og þjóðþrifastofnanir. Það er lífsskilyrði þess, að vjer fáum haldið efnalegu sjálfstæði voru.

En þó að vjer vitum, að Landsbankinn geti gert mikið í þessu efni, ef rjettilega er á haldið, þá er hann þó ekki einhlítur. Vjer verðum líka að njóta aðstoðar hins bankans.

En til þess, að það geti orðið, þarf nána og góða samvinnu milli bankanna. Og get jeg ekki sjeð neitt þessari samvinnu til fyrirstöðu.

Hjer vantar tilfinnanlega fje, og bankarnir hafa meir en nóg við fje sitt að gera, svo að hagsmunir þeirra þurfi ekki að rekast á og ættu ekki að rekast á. Mig furðar á, að þessi samvinna skuli ekki vera á komin. En til þess liggja sjálfsagt gömul mein, sem nú ættu að vera gróin.

Þegar við flutningsmenn þessa frv. förum fram á að auka starfskrafta bankans, þá vakti það fyrst og fremst fyrir okkur að gera bankann færari til þess að afla sjer nægilegs starfsfjár og koma á góðri samvinnu milli bankanna. Og við teljum það brýna skyldu þingsins að láta einkis ófreistað í þessu efni.

Annars hefir eigi verið laust við, að talsvert dauðablóð hafi verið í bankanum. Viljum við veita þangað nýju lífsblóði, er geti streymt út um allan þjóðlíkamann, út á ystu annes og inn í instu afdali. Þá fyrst er bankinn kominn í það horf, sem hann á að vera í,

til þess að geta gegnt skyldu sinni og ætlunarverki.

Kristinn Danielsson: Jeg vil gera örstutta grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli.

Jeg ljet uppi þá skoðun við 2. umr. málsins, að jeg hefði verið hikandi við frv. og áskildi mjer þá tíma til umhugsunar. Jeg ljet þá í ljós, að mjer þætti eðlilegast, að breytingin, sem frv. fer fram á, yrði samferða gagngerðri breytingu á stjórnarfyrirkomulagi Landsbankans, sem færi í þá átt að efla hann og styrkja.

Síðan hefi jeg hugsað mikið þetta mál, og niðurstaðan hefir orðið sú, að jeg treysti mjer ekki til að fylgja frv. Sú ástæða, sem tilfærð hefir verið fyrir nauðsyninni á breytingu stjórnarfyrirkomulags bankans, að honum sje stjórnað af settum mönnum, er nú úr sögunni, þar sem sá maður tekur nú aftur við stjórninni, er hafði hana áður á hendi og naut þá fylsta trausts.

Jeg mun greiða atkvæði með brtt., er gera frv. aðgengilegra; en jeg er mjög á móti brtt. háttv. þm. Ak. (M. K.); mjer finst þær með öllu óþarfar, því að þær fara fram á, að feldar sjeu hinar brtt. Og mjer virðist algerlega óþarft, ef ekki óþinglegt, að bera fram slíkar brtt. Og þar sem þessar brtt. fara fram á, að feldar sjeu brtt., sem gera frv. að ýmsu leyti aðgengilegra, mun jeg greiða atkv. á móti þeim.

Magnús Kristjánsson: Jeg hefi borið fram brtt., á þgskj. 502, í fullu samræmi við þá skoðun, er jeg ljet í ljós við 1. umr. málsins. Þá lýsti jeg yfir því, að frv. hefði ýmsa galla, eins og það var í sinni upphaflegu mynd, sem yllu því, að jeg gæti eigi greitt því atkvæði mitt. Sömuleiðis lýsti jeg yfir því, er málið var til 2. umr., að brtt. nefndarinnar væru ekki aðgengilegar. Að vísu hafði þá verið bætt úr sumum göllunum, sem upphaflega voru á frv. En það hafði samt svo stóra agnúa, að þeir gerðu það algerlega óaðgengilegt í mínum augum. Og jeg held, að fleiri en jeg hafi litið svo á málið.

Jeg vildi spyrja háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.), hvaða leið mundi fær til þess að bæta úr annmörkunum á frv., önnur en sú að koma fram með brtt. Því að það er rangt til getið hjá honum, að brtt. mínar miði að því einu að fella brtt. nefndarinnar. Aðalmarkmið mitt með þeim er að bæta úr göllum frv.

Þá sagði háttv. þm. (K. D.) þá ástæðu fyrir frv. úr sögunni, að settir menn hefðu stjórn bankans á hendi, þar sem sá tæki nú við stjórn bankans, sem hefði haft hana áður á hendi. En þetta er ekki nema hálfur sannleikur. Þó að þessi maður taki nú aftur við stjórninni, þá er þó hinn bankastjórinn settur. Þessi ástæða er þess vegna ekki fullgild.

Jeg skal svo ekki svara háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) fleiru.

Þá sný jeg mjer að háttv. flm., þm. Ísaf. (M. T.).

Hann virtist mjer líta öðruvísi á málið en 2. þm. G.-K. (K. D.). Hann lýsti yfir því, að hann gæti aðhyllst brtt. mínar, að einni undanskilinni, sem sje þeirri, sem ræðir um launahækkun bankastjóranna. Jeg þarf þess vegna ekki að svara honum, með því að jeg get fallist á ræðu hans í aðalatriðunum. En launahæð bankastjóranna er heldur ekkert aðalatriði fyrir mjer, og mun jeg ekki gera hana að deiluefni.

Það er annað, sem komið hefir fram í þessu máli og sjerstaklega í ræðu hv. 2. þm. G.-K. (K. D.), að ekki sje þörf að gera breytingu á stjórnarfyrirkomulagi bankans, sem jeg vildi minnast

á. Jeg er þar á gagnstæðri skoðun. Jeg álít brýna nauðsyn að bæta nú stjórnarfyrirkomulagið í bankanum. Jeg býst við, að allir geti sjeð, að það ástand, sem átt gat við fyrir 30—40 árum, að einn maður stjórni störfum bankans, geti ekki átt við nú. Breytingin og vöxturinn á veltu bankans eru ofstórfengleg til þess.

Nú munu menn ef til vill segja, að úr þessu hafi verið bætt árið 1909, er bætt var við öðrum bankastjóranum. En þá breytingu álít jeg misstig. Úr því að breyting var þá gerð á stjórn bankans, þá hefði að rjettu lagi átt að bæta við tveim bankastjórum, svo að þeir yrðu þrír samtals. Og jeg skal reyna að sýna fram á, á hverju jeg byggi þessa skoðun.

Jeg býst við, að flestir verði mjer sammála um, að þar sem um sameiginleg stjórnarstörf er að ræða, sje það viðurkend regla, að tala stjórnendanna sje ekki jöfn tala, heldur eigi hún að standa á stöku. Því að þegar þarf að ráða fram úr vandamálum, er óheppilegt, að stjórnendurnir geti skifst í jafna flokka. En þetta getur auðveldlega komið fyrir, þar sem um tvo jafnrjettháa stjórnendur er að ræða. Þetta getur valdið óþægindum og tálmunum fyrir þá sjálfa og viðskiftamenn bankans. Það getur tafið tímann, og þó óvíst, að viðskiftamaðurinn fái nokkra úrlausn á máli sínu.

Nú mun mjer verða svarað, að úr þessum annmarka sje bætt með gæslustjórunum. En það er ekki rjett. Hjer ber alt að sama brunni. Gæslustjórarnir eru tveir, og þó að þeirri reglu sje framfylgt, að sá þeirra, sem eldri er í stöðunni, hafi úrskurðarvald, þá verður samt ekki sneitt hjá óþægindum, sem af jöfnu tölunni geta leitt. Gæslustjórarnir eru ekki skyldir til að starfa nema lítinn tíma dagsins. Á þeim tíma, sem þeir eru ekki í bankanum, getur borið að höndum eitthvert vafamál, sem þarf að úrskurða. En svo getur farið, að ekki náist til gæslustjórans, sem úrskurðarvaldið hefir. En þótt hann náist, þá gæti staðið svo á, að annar bankastjórinn og hinn gæslustjórinn væru á sama máli, og yrðu þá tveir á móti tveimur; annar bankastjórinn og annar gæslustjórinn rjeðu þá úrslitum, en hinir tveir yrðu alveg rjettlausir. Þetta er nægilegt til þess að sýna, að fullkomin ástæða er til þess að breyta stjórnarfyrirkomulagi bankans.

Jeg ætla mjer ekki að rekja þetta mál svo nákvæmlega, sem háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) gaf tilefni til. Jeg skal ekki heldur fjölyrða um brtt. minar. Þær eru svo ljósar, að jeg þykist vita, að háttv. þingdeildarmenn sjái, hvert þær stefna.

1. brtt., um afnám gæslustjóranna, er bein afleiðing af fyrirkomulaginu, sem stungið er upp á í frv. Hitt, að einn bankastjóranna skuli hafa leyst af hendi próf í lögfræði, er nauðsynlegt að mínu áliti og sjálfsagt. Það er mikill ávinningur í því að hafa löglærðan mann við slíka stofnun, enda beinlínis peningasparnaður að því, því að gera má ráð fyrir, að annars þyrfti bankinn að hafa aukamann, sem væri lögfræðingur, sjer til aðstoðar, er mundi hátt upp í það eins kaupdýr og bankastjóri.

Þá er 2. brtt. a., um skipun fjehirðis og bókara. Í nefndarálitinu stendur, að þeir skuli skipaðir »eftir tillögum bankastjórnar«. Þetta ákvæði þykir mjer binda ofmjög landsstjórnina. Því að ef hún á að hafa vald til þess að skipa fjehirði og bókara, verður það harla lítils virði, ef hún á að vera rígbundin við tillögur bankastjórnarinnar.

Þá er b-liður brtt., sem er bein afleiðing af 1. brtt.

Um 3. brtt. a., að fyrir 8000 komi 6000, er þegar talað, og atkvæðagreiðslan verður að skera úr því atriði.

Síðari liður þessarar brtt. er bein afleiðing af 1. brtt., um afnám gæslustjóranna.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en vænti, að ekki verði deilt um þær stórvægilegu og nauðsynlegu umbótatilraunir á stjórnarfyrirkomulagi bankans, sem hjer er farið fram á.

Eggert Pálsson: Jeg gat þess við 2. umr. málsins, að mjer þætti nokkuð stórt á stað riðið, þar sem farið væri fram á að auka útgjöldin til stjórnar bankans um helming, úr 14000 kr. upp í 28000 kr. Þetta þótti mjer ærið stórt spor, enda þótt jeg gæti viðurkent, að bætt væri úr stjórnarfyrirkomulagi bankans með því að bæta við þriðja bankastjóranum. En jeg áleit þessa umbót ekki svo dýrmæta, að jeg vildi kaupa hana fyrir 14000 kr. á ári, sjerstaklega ef þess væri gætt, að hjer er um heldur litla peningastofnun að ræða. Enda lagði háttv. frsm. (M. T.) áherslu á það, að bankann hefði vantað fje til umráða á liðnum árum. Og enn þá eru ekki opnir neinir vegir til þess að auka fjármagn bankans. Jeg álít þá ráðstöfun þess vegna óverjandi, að auka stjórnarkostnaðinn nú um helming.

Nú hafa komið fram nýjar brtt. á þgskj. 502, þar sem stilt er til hófs um kostnaðinn. Þar er farið fram á, að bankastjórarnir hafi 6000 kr. árslaun, hver um sig, í stað 8000 kr., sem gert er ráð fyrir í nefndarálitinu. Og sömuleiðis er gert ráð fyrir, að gæslustjórarnir, sem ætlaðar voru samtals 4000 kr., falli burt.

Hjer er sýnilega önnur aðferð höfð en fram kemur í nefndarálitinu, meiri nærgætni sýnd í því, hversu mikið fje þessi stofnun getur hæfilega goldið í stjórnarkostnað. Jeg fyrir mitt leyti álít, að svo sje, eftir því sem ástatt er hjer hjá okkur, að við megum ekki fremur í þessu tilfelli en öðrum miða við það, sem kann að eiga sjer stað hjá okkur miklu auðugri þjóðum. Jeg tel, að 6000 kr. árslaun sje nægilegt til þess, að þessir menn geti lifað efnalega sjálfstæðu lífi hjá okkur, og veit ekki til þess, að margur starfi sje betur launaður hjer hjá oss. Þess vegna legg jeg áherslu á, að þessi brtt. nái samþykki þessarar háttv. deildar, og sömuleiðis það, að gæslustjórastarfið falli burt, því að jeg verð að telja það óþarft, þegar bankastjórarnir verða þrír.

Með því að halda fast við þessa brtt., spörum við fyrir bankans hönd 10000 kr. á ári, en höldum því gagni, sem væntanlega verður við að bæta 3. bankastjóranum við, en fella gæslustjórana burt.

Ef þessi brtt. verður samþykt, get jeg fyrir mitt leyti greitt atkvæði með frv., annars ekki.

Guðjón Guðlaugsson: Það verður nokkuð lík niðurstaða hjá mjer og hjá háttv. 1. þm. Rang. (E. P.), því að þessar brtt. á þgskj. 502 geta gert það að verkum, að jeg greiði atkvæði með frv., enda þótt jeg hafi hingað til greitt atkvæði á móti því.

Jeg sje ekki ástæðu til að halda því, sem stendur í frv. um launin. Jeg ætla að byrja á því, að jeg er á sömu skoðun og háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.), að hinar brtt. sjeu þýðingarlitlar, því að það hefði komið í sama stað niður að fella brtt. nefndarinnar. Jeg finn enga ástæðu til þess að fara að baka bankanum nú 10,000 kr. útgjöld, og því síður get jeg verið með því að baka honum 14,000 kr. útgjöld, með því að halda gæslustjórunum. Jeg álít sjálfsagt að afnema gæslustjórana, þegar bankastjór-

arnir verða þrír, og eftir því sem jeg hugsa lengur um það, finst mjer jeg sannfærast um það, að breytingin sje á hina hliðina til bóta. Jeg hefði annars ekki talið það heppilegast að gera þetta á þessu þingi, enda þótt svo stæði á, að bankastjórarnir væru settir.

Þá vil jeg fara nokkrum orðum um gæslustjórakosning þingsins. Hvernig er sú kosning?

Það eru þeir menn, sem njóta þess, að þeir eru duglegastir að reyna að ná sjer í eitthvað og þykja þess verðir af flokknum, og þar af leiðandi verður það, að gæslustjórastaðan getur oft orðið bitlingur, sem hún þó ekki á að vera. Þessu held jeg að ekki sje hægt að neita, með því að flokkaskiftingin er, eins og kunnugt er, þannig, að um jafnsterka flokka er að ræða. Þess vegna getur það orðið vafamál, þegar um tvo menn er að ræða; annar þeirra er sjerlega vel hæfur maður, en hinn er að almenningsáliti ekki eins hæfur; þá er það algerlega undir hælinn lagt, hvort sá, sem hæfari er, verður tekinn eða ekki. Því að tilviljun ein (hlutkesti) ræður, hver flokkur eða pólitisk klíka fær sinn kandídat.

Að því er launin snertir, þá er það ekki svo, að jeg álíti endilega, að 6000 kr. laun sje hæfilegt, heldur er það af því, að jeg tel ekki heppilegt að gera nú verulegar breytingar á launum starfsmanna landsins. En þessi laun eru sæmileg, eins vel viðunanleg eins og áður, og þess vegna er það mitt álit, að þessa brtt. eigi að samþykkja; að minsta kosti legg jeg mikið upp úr þeirri breytingu, að launin sjeu höfð hin sömu og áður.

Sem sagt, jeg legg mikla áherslu á það, að brtt. um launin nái fram að ganga. Það er aðallega hún, sem ræður atkvæði mínu. Ef jeg fer að greiða atkvæði með frv. hjeðan af, án þessarar breytingar, þá er það ekki nema áfrýjun til háttv. Nd. um, að hún breyti því svo, sem jeg óska.

Frsm. (**Magnús Torfason**): Það eru að eins fáein orð um 3. brtt., fyrri lið hennar, launin. Jeg get ekki fallið frá því, að 6000 kr. sje oflítið. Það er ekki mikill maður, sem getur ekki unnið sjer inn nema 6000 kr. á ári. Það er því ekki mikill hagur fyrir bankann að fá mann, sem getur ekki unnið sjer meira inn. Það lítur helst út fyrir, að ákveðin stefna sje ráðandi í þinginu, og hún er sú, að embættismenn landsins megi ekki auka kyn sitt, megi ekki vera barnamenn. Má sjálfsagt til sanns vegar færa, að enginn akkur sje í því, að afkvæmi þessara svo kölluðu landsómaga fjölgi um of.

Að því er þennan embættismann snertir, sem hjer ræðir um, þá hlýtur hann, og er nauðsynlegt, að umgangast hina efnaðri menn þjóðarinnar, kaupmenn, verslunarstjettina og hina stærri atvinnurekendur, en til þess að geta haldið virðingu sinni meðal þeirra verður hann að berast nokkuð á, og eitt er það, sem jeg vil sjerstaklega leggja áherslu á. Bankastjóra okkar verður að skoða sem nokkurskonar fulltrúa landsins gagnvart útlendum fjármálamönnum, og það eru menn, sem venjast ekki öðru en að þeir, sem eru fyrir slíkar stofnanir settir, sjeu svo sæmilega launaðir, að þeir beri ekki fátæktina utan á sjer.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg vildi með nokkrum orðum minnast á ákvæðið um hinn lögfróða bankastjóra. Með því að það skilyrði sje sett, þá sparast lögfræðilegur ráðunautur fyrir bankann, og í sambandi við þetta vil jeg benda á það, að mjer fyndist það mjög eðlilegt, ef það sýndi sig, að val þetta hefði

hepnast vel, að laun hins lögfróða bankastjóra yrðu hækkuð á sínum tíma, því að jeg get ekki sjeð, að það sje beinlínis nauðsynlegt, að allir bankastjórarnir hafi sömu laun. Mjer fyndist rjett, að sá þeirra, sem hefði ábyrgðarmesta starfið, hefði hæst laun. En annars finst mjer, að þessi laun geti dugað þar til á næsta þingi, ekki síst ef það verður á næsta ári. Þá má líta á, hvernig lánast hefir með bankastjórnina, sem þá er orðin. Ef endilega á að fara að hækka launin strax, má ske af því, að maður þekkir einn manninn, sem við stjórninni tekur, þá er það að segja, að jeg hefi ekki heyrt neitt lófaklapp yfir því, og þess vegna getur það ekki valdið því, að jeg finni ástæðu til að hækka laun hans, nje heldur hinna bankastjóranna.

Annars get jeg ekki komið saman þessari miklu ræðu háttv. þm. Ísaf. (M. T.) um það, hvað bankinn hafi verið sveltur að fje og hve lítið fjármagn hann hafi haft, við þá einu tilraun hans, að auka útgjöldin til bankastjórnar, og eftir þessa útlistun á þeirri miklu sveltu, sem bankinn hefði orðið að þola, og rjett er, þá hefði átt að koma eitthvert ráð, sem sýndi fram á það, hvernig hægt væri að auka fjármagn bankans. En þetta er ekki ráðið, að baka honum 10000 kr. útgjöld til bankastjórnar, ef stofnunin getur ekkert vaxið við aukið fjármagn. Ef háttv. þm. Ísaf. (M. T.) eða annar jafngóður maður fyndi eitthvert ráð til þess að auka starfsfje bankans, svo að gróðinn yrði meiri, þá yrði líka meira til til þess að launa þá menn, sem í bankanum ynnu.

ATKVGR.

Brtt. 502, 1. samþ. með 9:4 atkv.
— 419, 1., svo breytt, samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. Sn., Jóh. Jóh., M. K., M. T., S. E., S. J., E. P., G. G., G. Ó., G. SS.
nei: K. E., K. D., H. St., H. H.

Brtt. 419, 2. tekin aftur.
— 502, 2. a. samþ. með 8:4 atkv.
— 502, 2. b. — — 10 shlj. atkv.
— 419, 3., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
— 502, 3. a. samþ. með 8:6 atkv.
— 502, 3. b. samþ. án atkvgr.
— 419, 4., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv. í heild, með áorðnum breytingum, samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. K., M. T., S. E., S. J., E. P., G. G., G. Ó, H. Sn., Jóh. Jóh., G. B.
nei: K. D., H St, H. H., K. E.

Frv. afgr. til Nd.

Á 43. fundi í Nd., laugardaginn 25. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka, 18. sept. 1885, m. m.,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 627).

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 27. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Þorsteinn Jónsson: Jeg legg það til, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar. (**G. Sv.:** Það er auðvitað mál!).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) með öllum gr. atkv. gegn 1.

Á 52. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. sept, var frv. tekið til 2. umr (A. 627, 674, n. 756, 764).

Frsm. (Einar Árnason): Landsbankinn hefir nú starfað í því nær þriðjung aldar. Hann var stofnaður af miklum vanefnum, bæði hvað fjárhag og þekkingu snerti; og af því mun það hafa stafað, að inn í fyrirkomulagið komust þegar í byrjun ýms óheppileg ákvæði, svo sem það að hafa seðlana óinnleysanlega.

Bankinn var einmitt stofnaður á mesta harðindakafla síðari hluta 19. aldar. Fátæktin krepti að á öllum sviðum, líka í Landsbankanum. Bankastjórinn hafði starfið að nokkru leyti í hjáverkum og hafði sárlítil laun. Afgreiðslan var ekki opin nema suma daga vikunnar, og var það til mikilla óþæginda fyrir viðskiftamenn bankans, einkum þá, er langt áttu til að sækja.

Þessi litli og fátæki banki varð að spara á allar hliðar. Þá var gæslustjórafyrirkomulagið sett á stofn — út úr neyð. Bankinn var þá ekki stærri en sumir sparisjóðir eru nú; og þinginu mun hafa fundist gæslustjórafyrirkomulagið ódýrt úrræði og um leið hagfelt til að skapa þinginu einskonar íhlutunarrjett um meðferð bankafjárins.

Eftir liðug 20 ár var bankastjórunum fjölgað. Þeir urðu 2. Gæslustjórunum var haldið fyrir því. Göllum þessa fyrirkomulags hefir verið rækilega lýst í umræðunum um þetta mál í Ed.

Skipulag það, er bankinn hefir átt við að búa síðan 1909, hefir, í einu orði sagt, verið kyrstöðufyrirkomulag. Tveir bankastjórar og tveir gæslustjórar jafnir að völdum og tign. Bankastjórnin varð með þessum hætti eins og sköpuð til að vera skift í 2 jafna hluta, og ef útkljá skyldi deilumál, þá reið aldurinn baggamuninn.

Ekkert fjelag, stórt eða lítið, skipar stjórn sína svo. Og naumast þykir mjer líklegt, að nokkur nefnd í heiminum sje skipuð með þessum hætti. Landsbankinn rær þar sennilega einn á báti.

Gæslustjóraembættin hafa með hverju ári orðið þýðingarminni, eftir því sem starf bankans óx og viðskiftin urðu fjölbreyttari. Þeir vinna ekki nema stutta stund í bankanum á dag og verða að hafa það starf í hjáverkum. Geta þeir því tæplega orðið svo kunnugir bankarekstrinum, sem þörf er á, þar sem þeir hafa úrslitaatkvæði um stærstu mál bankans með bankastjórunum. Enn hefir kosning gæslustjóranna þann annmarka, að þar sem þeir eru þingvaldir, skipar tilviljunar meiri hluti þingsins embættin. Hlýtur þá stundum að fara svo, að flokksverðleikar ráði meiru um, hverjir verða fyrir kjöri, heldur en þekking á bankarekstri og atvinnumálum. Með þessum hætti leiðast flokkadeilurnar úr þinginu inn í bankann, og mun það naumast hafa heillarík afleiðingar.

Þess vegna er það mikil framför að losna við gæslustjóraskipulagið.

Sú ástæða, að bankinn, vegna fátæktar, geti ekki haft fullnægjandi stjórn, er nú horfin úr sögunni. Gróði bankans er nú farinn að skifta hundruðum þúsunda á ári, og gæti þó sennilega meiri verið með bættu fyrirkomulagi.

Kostnaðurinn við hina fyrirhuguðu breytingu, 4000 kr. á ári, er mjög lítilfjörlegur, ef um verulega umbót er að ræða. — Vil jeg leyfa mjer að víkja að því helsta í því efni.

Gæslustjórarnir hverfa úr sögunni. Hættan við pólitiska íhlutun um dagleg störf bankans minkar. Í stað gæslustjóranna kemur þriðji bankastjórinn. Einn af þeim verður jafnan lögfræðingur, og sparast bankanum við það alldýr lögfræðileg aðstoð, sem annars þyrfti að kaupa, og það eins þótt gæslustjórar væru.

Þegar bankastjórar eru orðnir 3, ræður afl atkvæða, og er þá horfið jafntefli það, sem nú er í stjórn bankans. Allar ákvarðanir verða greiðari, og um leið nokkur trygging fengin fyrir því, að bankinn geti komið atvinnuvegum landsins að góðu gagni. Myndi það margborga landinu þann litla kostnað, sem fjölgun bankastjóranna hefir í för með sjer.

Ekki verður heldur komist hjá að líta á, að þjóðin verður að gera miklu meiri kröfur til Landsbankans heldur en gerðar hafa verið hingað til. Nú, meðan stríðið stendur og öll þau vandræði, sem af því leiða, verða bankarnir báðir að vera bjargvættir landsins. Því styrkari, öruggari og framsýnni sem stjórnir þeirra eru, því meiri hjálp veita þeir landsstjórninni og þar með þjóðinni allri. Einmitt þessi ástæða hefir fremur en nokkur annað orðið til þess að afla þessu máli fylgis. Menn hafa viljað, að á þessum hættutímum væri meiri festa í stjórn Landsbankans heldur en unt er að búast við, ef mikinn hluta af stjórn bankans skipa settir menn.

Þegar friður er kominn á í heiminum, kalla að aðrar umbætur. Útibú Landsbankans eru ekki enn nema tvö. Þau hafa bæði gert mikið gagn. Sökum þeirra og útibúa Íslandsbanka hafa orðið stórmiklar framfarir í framleiðslu og verslun, þar sem þau hafa náð til. Það er því ekki nema eðlilegt, að fleiri hjeruð vilji verða þessara hlunninda aðnjótandi. Þess vegna fjölgar með hverju ári kröfunum um útibú frá Landsbankanum. Fyrir þessu þingi hafa legið 2 slíkar beiðnir, og það er vitanlegt, að varla er til það kjördæmi á landinu, sem ekki óskar eftir umbótum og framkvæmdum í þessu efni.

En þessi umbót er að miklu leyti komin undir því, að Landsbankinn hafi kröftuga og viljagóða stjórn; öll úrræðin hvíla á bankastjórninni.

Að vísu skal það játað, að það verður ekki sannað fyrirfram, að fleiri útibú verði stofnuð þó að gæslustjórar hverfi og bankastjórar verði 3. En það eru miklar líkur fyrir því, að heilbrigðara fyrirkomulag á stjórn bankans muni leiða af sjer meiri og betri framkvæmdir. Úrræðin fjölga, kyrstaðan minkar og þekking á högum almennings vex. Og á einu sviði mundi fjölgun bankastjóra beinlínis geta greitt fyrir fjölgun útibúa.

Á undanförnum árum hafa bankastjórar Landsbankans lítið gert að því að heimsækja útibúin, þótt þau sjeu ekki nema tvö. Og ástæðan hefir vafalaust verið sú, að þeir hafa ekki átt heimangengt frá aðalbankanum. Hins vegar mun einn bankastjóri Íslandsbanka heimsækja öll útibúin, sem sá banki hefir stofnað, að minsta kosti einu sinni á ári. Þetta er góð regla og verður væntanlega tekin upp í Landsbankanum, þegar stjórn hans er orðin jafnstarfhæf eins og stjórn Íslandsbanka.

Slíkt eftirlit er alveg bráðnauðsynlegt. Og það er beinlínis ástæða til að ætla, að bankastjórn Landsbankans hafi verið ófús á að stofna fleiri útibú, af því að hún hafi ekki haft aðstöðu til nægilegs eftirlits með þeim. En með fjölgun bankastjóra hyrfi þessi ástæða úr sögunni. Þá gætu bankastjórarnir brugðið sjer í eftirlitsferðir til skiftis, og það þó að útibúin væru fleiri en 2 eða 3. Ættu þær ferðir að hafa töluverða þýð-

ingu til að auka kynni bankastjórnarinnar á kjörum og atvinnuvegum þjóðarinnar.

Þá er hliðin út á við.

Samband Landsbankans við erlendar lánstofnanir hefir, að því er virðist, ekki verið svo fullkomið sem skyldi, og töluverð óánægja er í landinu út af sölu veðdeildarbrjefanna. Það verður að vera hlutverk Landsbankans að veita fjármagni inn í landið. En til þess þarf einn af bankastjórunum að geta farið til útlanda við og við, án þess að daglegum störfum bankans sje komið í óefni fyrir það. Virðist svo, sem slík ferðalög muni auðveldari, ef bankastjórar verða þrír, í stað tveggja.

Að síðustu er ein kvöð, sem óhjákvæmilega verður að leggja á Landsbankann. Það er að aðstoða landsstjórnina í fjármálum út á við. — Eins og öllum er kunnugt er landið nú, vegna ýmiskonar dýrtíðarráðstafana, komið í töluverðar skuldir, bæði við bankana hjer og við erlenda banka. Og ef stríðið hættir ekki áður langt líður, má búast við, að þær skuldir fari vaxandi. Mun þá fara svo, að landið þarf á komandi árum að standa í erfiðum fjárreiðum út á við. Hingað til mun stjórnin hafa annast þessi fjármál sjálf. En til lengdar hlýtur það að verða miklum erfiðleikum bundið, einkum ef stjórnarskifti verða tíð, eins og á undanförnum árum. Getur þá svo farið, að nauðsynlega festu vanti í fjármálunum út á við. En ef Landsbankanum væri stjórnað af helstu fjármálamönnum þjóðarinnar, eins og verða mun í framtíðinni, ef þjóðin leggur nægilega áherslu á úrlausn þessa máls, þá ætti sá af bankastjórunum, sem sjerstaklega annast erlendu viðskiftin, að vera sjálfsagður ráðunautur landsstjórnarinnar, að því er kemur til landslána erlendis. Mætti þá búast við, að sá bankastjóri yrði stundum að bregða sjer til útlanda í erindum landsstjórnarinnar. Verður sú nauðsyn ein af mörgum til að styðja að framgangi þessa máls, eins og það kemur frá háttv. Ed.

Eins og nál. sýnir hefir nefndin athugað brtt. þær, sem fram eru komnar á þgskj. 674, og er hún öll sammála um að leggja á móti þeim. En þar sem jeg býst við, að hv. flm. þeirra (B. K.) taki til máls og skýri þær, mun jeg ekki að svo komnu taka þær til athugunar.

Björn Kristjánsson: Enda þótt jeg viti, að það sje að tala við hann Tóm að tala um þetta mál, og enda þótt mjer sje ljóst, að svo sjeu net riðin — einstakra manna net utan þings og innan — að það þurfi meira en meðalþingmann til að smjúga í gegnum þau, þá leyfi jeg mjer samt að fara nokkrum orðum um málið, því til skýringar.

Jeg var ekki við, þegar málið kom til 1. umr. hjer í deildinni, svo að jeg verð að biðja hæstv. forseta afsökunar á því, að jeg tala nokkuð alment um málið, en held mjer ekki fast við einstök atriði frv. eða brtt. þær, sem fyrir liggja. En jeg skal reyna að vera eins stuttorður og mjer er unt.

Á Alþingi 1915 var borið fram frv. hjer um bil samhljóða þessu. Það frv. var afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

> »Í trausti þess, að landsstjórnin rannsaki það, hvert gagn mætti af því verða, að reyndur bankamaður og fjármálamaður yrði fenginn til þess að athuga peningamál landsins, þar á meðal skipulag Landsbankans, og gera tillögur um endurbætur á því, ef þurfa þykir, svo og á hvern hátt útvegaður verði markaður fyrir íslensk verðbrjef og

bankanum komið í viðskiftasamband við erlendar peningastofnanir, og enn fremur að landsstjórnin geri þær ráðstafanir í þessu efni, er hún telur þörf á, og leggi fyrir næsta Alþingi tillögur sínar, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Dagskráin sýnir, að þinginu hefir þá ekki þótt þörf að fjölga bankastjórunum. Málinu var ekki vísað til stjórnarinnar í þeim tilgangi, að hún kæmi fram með þetta eða þessu líkt frv., heldur var til þess ætlast, að hún útvegaði útlendan fjármálamann til að greiða fyrir viðskiftum bankans í útlöndum og til að selja veðdeildarbrjef.

Háttv. frsm. (E. Árna.) hefir nú rakið þær ástæður, sem mæla með því að fjölga bankastjórunum. En jeg verð að segja það, að fyrst að ekki þótti ástæða til að fjölga þeim 1915, þegar verslunin var í fullum blóma, þá sje ekki mikil ástæða til að fjölga þeim nú, þegar vitanlegt er, að þing muni verða haldið næsta sumar, og að þá muni bankamálið verða tekið frá rótum, og gagngerðar breytingar gerðar á fyrirkomulagi bankans. Jeg verð líka að taka það fram, að nú er dauðaástand í bönkunum, eins og í versluninni yfirleitt. Viðskiftin mega heita dauð. Það er ekki einu sinni hægt að senda eina einustu ávísun út fyrir landssteinana, ekki svo mikið sem einn tjekk til Englands, án þess að eiga á hættu, að hann verði skotinn í kaf. Viðskiftin út á við eru, sem sagt, því nær alveg dauð. Og hvernig stendur þá á því, að þetta þing er svo bráðlátt á að fjölga mönnum í bankastjórninni? Mörgum verður að spyrja um orsökina til kappsins, sem lagt er á þetta mál nú.

Málið var borið fram af tveimur lögfræðingum í Ed. Það er eðlilegt, að sú stjett vilji reyna að koma sínum mönnum að sem víðast, og er ekkert út á það að setja. Aðalástæðan, sem þeir færðu fyrir frv., var sú, að báðir bankastjórarnir væru settir. Nú er breyting orðin á því, og annar bankastjórinn skipaður. Ef það þykir ekki nóg, þá er hægurinn hjá að kalla hinn skipaða bankastjórann, Björn Sigurðsson, heim, því að auðvitað er enginn vandi að fá mann í stað hans í Englandi. Jeg sje því ekki ástæðu til að fjölga bankastjórunum nú, fremur en 1915. Viðskiftin eru ekki svo blómleg og ekki útlit fyrir, að þau aukist að mun til næsta sumars, að minsta kosti ekki svo, að þau verði meiri en 1915. Enda fór svo í Ed., að annar lögfræðingurinn snerist á móti sínu eigin frv., þegar hann vissi, að annar skipaði bankastjórinn væri kominn í bankann. Þá fann hann, að ástæða hans fyrir frv. var horfin, og greiddi því atkvæði á móti því.

Nú hefir málið verið í nefnd hjer í deildinni, og furðar mig ekkert á þeim niðurstöðum, sem hún hefir komist að. Sjálfur form. nefndarinnar flutti frv. fram á þinginu 1915, svo að það er ekki nema eðlilegt, að hann fylgi því fram nú. Jeg hjelt því fram 1915, að þingið ætti ekki að fjölga bankastjórunum fyr en bankastjórnin æskti þess. Þingið fjellst á það með hinni rökstuddu dagskrá, að ekki ætti að fjölga fyr en einhver þörf væri á því. Og jeg veit ekki til, að neitt hafi reynst í ólagi í þessi 7 ár síðan breytingin varð, eða í tíð okkar nafna. Frv. er hvorki borið fram að undirlagi bankastjórnarinnar nje landsstjórnarinnar. En hvers vegna er það þá borið fram? Og hvers vegna er þetta kapp á það lagt að koma því í gegn? Það er ráðgátan. Og jeg er viss um, að almenningur mun vilja fá að vita, í hverju ráðgátan liggur, og sjá hana leysta.

Jeg hefi ekki svo mikið að athuga við það, að bankastjórarnir sjeu gerðir 3. Hitt þykir mjer leiðara, að lög bank-

ans skuli vera færð svo úr lagi, að lítt mögulegt verði fyrir stjórn bankans að framkvæma stjórnarstörfin lögum samkvæmt, og að viðskifti bankans verði stórhindruð.

Þá kem jeg að 1. brtt. Eftir henni fellst jeg á það til samkomulags að lofa nýja bankastjóranum að standa, en jeg kann ekki vel við, að það sje tekið fram, að einn bankastjórinn skuli vera lögfræðingur, fyrst að ekkert er tekið fram um hina. Það er ekki af því, að jeg hafi neitt á móti lögfræðingum, en jeg kann ekki við, að það sje beint gert að skilyrði, að einn bankastjórinn sje úr þeirri stjett, en að ekkert sje tekið fram um, hverrar stjettar hinir bankastjórarnir eigi að vera. En hins vegar legg jeg til, að gæslustjórarnir fái líka að standa, þó að þessum bankastjóra verði bætt við. Jeg get ekki felt mig við, að þeim sje kipt í burt, svo að bankastjórnin verði að eins skipuð þremur mönnum, í stað fjögurra, sem nú eru. Það er fyrir þá sök, að óhugsandi er að fækka þeim, sem löglegan rjett hafa til að undirskrifa í bankanum. Það hefir stundum veist fullerfitt að ná í tvo menn úr bankastjórninni til að skrifa undir, og því erfiðara verður það, ef hún verður ekki skipuð nema þremur mönnum. Vel getur verið, að einn af þessum bankastjórum sje á ferð, eins og tekið hefir verið fram, að ætlast sje til, að bankastjórar ferðist til að selja bankavaxtabrjef o. fl., annar getur verið veikur, og er þá ekki hægt að útbúa löglega skjöl bankans. En bankastjórnin verður altaf að vera að skrifa undir, bæði tjekka, allskonar ávísanir og brjef, sem altaf þarf að vera að senda og eru ógild eða ólögleg nema tveir úr bankastjórn undirskrifi. Auk þess verða tveir bankastjórar að undirskrifa alla víxla og önnur lán innan bankans, áður en þeir ganga til gjaldkerans. Annars má hann lögum samkvæmt ekki láta útborgun fram fara.

Jeg veit, að jeg verð þegar mintur á, að þá megi setja mann sem bankastjóra. Jú, það er að vísu úrræði, sem ætla mætti að ekki væri erfitt að grípa til. En það er nú ekki eins og að ganga inn í kaffihús að setja nýjan bankastjóra. Á því eru margháttaðir örðugleikar. Fyrst verður að tilkynna setninguna til viðskiftamanna bankans út um allan heim og senda hina nýju undirskrift. Annars er hún ekki tekin gild. Þetta verður að gera tvisvar í hvert skifti sem breyting verður á undirskriftum í bankanum. Það getur og vel verið, að tjekkur sje kominn til viðtakanda áður en tilkynningin um undirskriftina er komin fram, og gæti það orðið til skaða fyrir viðskiftin. Þess utan komast þannig inn í bankann ókunnugir menn, sem ekkert þekkja til starfanna, en komast í hvert skifti inn í heimulegheit bankans, hag almennings o. fl. Afleiðingin verður sú, að trúnaðarmál þau, sem bankastjórnin á að bera ein ábyrgð á, dreifast á óviðkomandi menn, þannig að tryggingin fyrir því, að þagnarskyldan sje uppfylt af bankastjórunum sjálfum, hverfur. Þess vegna er það vitanlegt, að þingið verður að ganga svo frá bankalögunum, að fleiri mönnum en þremur verði heimilað að skrifa undir. Annaðhvort verður að hafa fleiri en 3 bankastjóra, eða þá bankaráð, sem fengi heimild til að undirskrifa og væri þá meira en í orði kveðnu. Gæslustjóranafnið er mjer ekkert ant um. Þeir, sem undirskrifa, mega heita alt annað. En það er á þingsins ábyrgð að sjá um, að störf bankans geti gengið óhindrað, og það er á minni ábyrgð að skýra frá þessu, svo að þingmenn sjái, hvað í efni er. Þá minnist frv. ekkert á það, hvar eigi að taka borgun handa

settu bankastjórunum. Á að taka þá greiðslu af launum fjarverandi bankastjóra, eða á bankinn að greiða hana aukreitis?

Jeg gat þess, að mjer þætti óviðfeldið, að að eins skyldi tekið fram um einn bankastjórann, að hann skuli vera lögfræðingur, en engar ákveðnar kröfur gerðar til hinna, og án þess að gera nokkra aðra kröfu til þessa manns en þá, að hann hafi lokið lögfræðiprófi. Jeg geri því ráð fyrir í brtt. mínum, að það sje tekið fram, að 2 af þremur bankastjórum sjeu verslunarfróðir menn eða bankafróðir. Og til samkomulags hefi jeg lagt til, að sá 3. skuli vera lögfróður. Jeg álít, að það mundi ekki skapa það traust, sem til er ætlast, að ákveða að eins í lögum, að einn bankastjórinn sje lögfræðingur; það geri ekkert til, hverjir hinir sjeu. Jeg hygg, að það mundi vekja eftirtekt í öðrum löndum, ef það stæði í lögum Landsbankans, að einn bankastjórinn ætti að vera lögfræðingur, en engar aðrar kröfur gerðar.

Jeg hefi hvergi sjeð það tekið fram í bankalögum um víða veröld, hverrar stjettar bankastjórar eigi að vera. Það þykir svo sjálfsagt, að þeir sjeu verslunarfróðir menn og vel að sjer í bankamálum. Jeg veit ekki til, að nein ákvæði sjeu um þetta í nokkru landi, nema við Frakklandsbanka. Þar er stjórnarfyrirkomulagið þannig, að minst 5 af bankastjórunum skuli veljast úr flokki verksmiðjumanna og verslunarmanna; 3 eiga að vera embættismenn í fjármálastjórninni. — Endurskoðunarmenn geta aðrir eigi orðið en verksmiðjumenn og verslunarmenn. Þetta er eina landið, sem tekur nokkuð fram um það, hvernig eigi að velja í bankastjórastöður. Og það er gert til að tryggja það, að ávalt sje þar nóg af verslunarfróðum mönnum.

Lögfræðiprófið eitt gerir engan að hæfum bankastjóra. Það verða að vera aðrir kostir. En að sjálfsögðu er það kostur, að bankastjóri sje lögfróður.

Í Danmörku kemur það fyrir, að lögfræðingar sjeu bankastjórar, en þeir hafa þá líka gengið aðrar leiðir, verslunarleið eða hagfræðingaleið. Jeg þekki t. d. einn íslenskan lögfræðing, sem er bankastjóri, en hann hefir gengið í verslunarskóla, var síðar í mörg ár undirmaður í banka og loksins bankastjóri. (**E. A:** Gekk Nellemann í verslunarskóla, eða Ussing?). Jeg á ekki við það, að ekki kunni að finnast einstöku undantekningar, en hitt er reglan, og lögfræðiprófið er ekki neitt aðalskilyrði. Fyrsta skilyrðið, sem sjerhver bankastjóri verður að fullnægja, er það, að hann sje göfuglyndur maður, og því næst, að hann hafi þekkingu á verslun og sje kunnugur því, hvernig menn bjarga sjer í landinu yfirleitt.

Jeg skal þá að eins minna á, að jeg hefi tekið upp í tillögur mínar, að 2 bankastjórarnir skuli vera viðskiftafróðir menn, og svo til samkomulags, að 1 skuli vera lögfræðingur.

3. liðurinn í breytingum mínum er um það, hvernig gera skuli út um ágreining, sem kemur upp í bankastjórninni. Þetta er að efni til tekið upp úr núgildandi reglugerð bankans, og er því ekkert við þann lið að athuga.

Í 4. brtt. er lögð áhersla á það, að bankastjórnin ráði alla starfsmenn bankans. Eigi mun sá fáráðlingur til í bóndastöðu, að hann hafi það þó ekki á tilfinningunni, að hann eigi að ráða hjúin og segja þeim upp, ef honum líkar ekki við þau.

Ekki hittir maður heldur svo verslunarmann, að hann standi ekki undrandi yfir því, að bankastjórn geti eigi ráðið alla þjóna sína og vikið þeim frá.

Þetta liggur í úreltu fyrirkomulagi, og það segir sig sjálft, að ekki er hægt að stjórna nema maður geti ráðið við hjú sín. Í þessum lið er líka sú breyting gerð, að bókarinn er gerður að skrifstofustjóra, eins og hann í raun og veru er nú. Hann vinnur nú alt önnur störf en lögin frá 18. sept. 1885 ætlast til. Bókararnir verða að vera 2, annar fyrir bankann, en hinn fyrir sparifjeð. Þeir verða báðir að vera skipaðir samkvæmt lögum, til þess að undirskriftir þeirra sjeu löggildar, því að svo er fyrir mælt, að bókari og gjaldkeri skuli undirskrifa sparisjóðsviðskifti öll, og að undirskriftir þeirra sjeu full sönnun fyrir greiðslum inn í og úr bankanum. Gjaldkerarnir verða líka að vera 2, annar við bankann og hinn við sparisjóðinn, til þess að afgreiðslan geti gengið óhindrað.

Þá kem jeg að launakjörunum. Þau eru sett af sjáanlegri nauðsyn fyrir bankann sjálfan.

Ef hæfileikar eiga að ráða bankastjóravalinu, þá er ekki hægt að búast við því, að fá megi hæfa menn til starfsins fyrir lægri laun.

Þá kemur ellistyrkur til starfsmanna bankans. Það hefir dregist oflengi úr hömlu, að Landsbankinn sæi starfsmönnum sínum fyrir ellistyrk, svo að þeir kæmust eigi á vonarvöl, því að allir ríkisbankar telja sjer skylt að sjá fyrir starfsmönnum sínum, og sumir veita þeim einnig hlutdeild í arðinum; t. d. ætlar Rússlandsbanki starfsmönnum sínum 10 % af arðinum fyrir hvert ár, Búlgaríubanki leggur til hliðar $1^1/_2$ % til styrktar starfsmönnunum, en sá styrkur má ekki fara fram úr 25 % af launum þeirra. Sænski ríkisbankinn sjer einnig fyrir starfsmönnum sínum á þann hátt, að þeir fá eftirlaun. Sama mun Finnlandsbanki gera, en ekki verður sjeð, hversu há upphæðin er í þessum 2 síðastnefndu bönkum, með því að stjórnin ráðstafar arðinum.

Þá verður fyrir ákvæðið um innskotsfje. Það er nýmæli, sem búast má við að valdið geti skoðanamun, en jeg verð að álíta, að það geti orðið til mikils hagnaðar fyrir bankann að leyfa mönnum að eiga hlutdeild í bankanum. Til varúðar er það ákvæði sett, að bankinn geti sagt upp slíku innskotsfje; það getur verið tryggilegra, t. d. ef útlendingar eiga hlutina, taka þá í arf eða t. d. upp í skuld.

Það er nú öllum kunnugt, að þetta mál er mjög seint fram borið á þinginu, eins og vant vill verða um öll samskonar mál, en þó ekki svo seint, að frv. geti ekki komið til einnar umr. í Ed., þótt brtt. mínar yrðu samþyktar. Háttv. þingmenn munu sjálfsagt hafa tekið eftir því, að öll samskonar mál koma altaf mjög seint fram á þingi, aldrei í þingbyrjun, heldur um mitt þing, þegar best gegnir, eða síðast á þingi, einmitt þegar annirnar eru mestar og þingmönnum er erfiðast um að setja sig inn í málin. Öll ógæfuspor, sem Alþingi hefir stigið öll þau 17 ár, sem jeg hefi verið þingmaður, hafa verið stigin á síðara hluta þingtímans, eða síðustu dagana, sem þingið hefir setið.

Þá skal jeg snúa mjer að háttv. frsm. (E. Árna.). Hann fór nokkuð út í söguleg atriði í ræðu sinni. Fyrst mintist hann á gæslustjórafyrirkomulagið og taldi það óeðlilegt. Það vita nú allir, hvers vegna Alþingi setti ákvæðið um gæslustjórana. Það var af því, að Alþingi ætlaðist ekki til þess, að stjórnin ein hefði á hendi skipun bankastjórnarinnar, heldur vildi þingið líka hafa hönd í bagga með, hafa eftirlit með bankanum. Ef nú gæslustjórarnir eru lagðir niður, þá er það eftirlit úr sögunni, og þá er, að minni skoðun, skipun bankastjórnarinnar kom-

in undir að eins einum flokksráðherra. Því er það ekki rjett hjá hv. frsm. (E. Árna.), að þetta ákvæði hafi verið sett út úr neyð; ákvæðið var beint sett með þetta fyrir augum, að veita þinginu hlutdeild að nokkru leyti til þess að skipa bankastjórnina, og er þetta þannig lagað ákvæði, að hvert varkárt þing mundi hugsa sig tvisvar um, áður en það fleygði burt frá sjer slíkri heimild.

Háttv. frsm. (E. Árna.) taldi það kyrstöðufyrirkomulag að hafa 2 bankastjóra og 2 gæslustjóra. Það má vera, að svo þyki. En hverjar eru þá ástæður fyrir þeirri skoðun? Hv. frsm. (E. Árna.) taldi engar ástæður fram. Því að það var rangt hjá honum, að jafnt stæði, 2 gætu verið á móti 2 í bankastjórninni. Ef hann þekti bankalögin, mundi hann vita það, að sá hlutinn sker úr, þar sem eldri gæslustjórinn er sá fyr kosni. Það er auðvitað rjett hjá hv. frsm. (E. Árna.), að það er nokkuð undir tilviljun komið og flokksfylgi, hverjir verða gæslustjórar. En þótt svo sje, þá fæ jeg ekki sjeð, að valið hafi hingað til tekist illa, því að að sjálfsögðu velur hver flokkur þann mann til gæslustjóra, sem hann ber best traust til. Það er ekkert óeðlilegt, þótt einn stjórnmálaflokkurinn velji einn gæslustjóra og annar hinn, eftir því sem afl þeirra er á Alþingi, og með því er nokkur trygging fyrir eftirliti og hlutdeild Alþingis í skipun bankastjórnarinnar, og líkurnar meiri fyrir heppilegu vali. En þegar einn ráðherra ræður skipun allrar bankastjórnarinnar, þá er engin trygging fyrir valinu, að minni ætlun. Það er því ekki eins glæsilegt í mínum augum og í augum hv. frsm. (E. Árna.) að losna við gæslustjórana, og þess vegna langt frá því, að jeg vilji verja þessum 4000 kr. kostnaðarauka til þess að ráða þá af dögum.

Hv. frsm. (E. Árna.) sagði, að með frv. sparaðist bankanum að kaupa lögfræðilega aðstoð. En þetta er ekki rjett. Fyrst og fremst hefir bankinn ekki þurft aðstoðar lögfræðings, nema lítils háttar, og þá aðstoð hefir innheimtumaður bankans látið í tje ókeypis. Og innheimtumaðurinn mundi haldast, þótt einn bankastjórinn yrði lögfræðingur.

Hv. frsm. (E. Árna.) sagði enn fremur, að þjóðin þyrfti nú að gera meiri kröfur til bankans heldur en verið hefir hingað til. Þetta getur vel verið. En þeim kröfum verður þá ekki sint með því að fækka bankastjórunum, heldur með því að fjölga þeim, svo að þetta ákvæði getur ekki skapað festu, nema í þá átt að skrúfa bankastjórana fasta við stólinn. Og ef bankastjórarnir verða að eins 3, þá er ekki hægt að missa af þeim til ferðalaga utanlands, eins og ráð er fyrir gert. Og þótt þeir verði 3, þá skapar það ekki heldur skilyrði til þess að fjölga útibúunum; það skilyrði skapar fjármagn bankans. Í fyrra atriðinu má benda á það, að ef þeim er ætlað að ferðast utanlands nú, til þess að pressa út peninga erlendis og selja þar verðbrjef bankans, þá er það varla gerlegt nú, meðan kjörin eru svo ill, sem enn eru þau.

En um síðara atriðið er þess að gæta, að kostnaður bankans við útibúin er talsverður, og það verður þó að minsta kosti að vera sett sem takmark við stofnun útibúa, að bankinn að minsta kosti tapi ekki á þeim. En ef hv. frsm. (E. Árna.) hefði viljað fara rjetta leið, þá hefði hann ekki átt að benda á fjölgun útibúa, heldur hefði hann átt að leggja til að breyta sparisjóðslögunum í þá átt, að sparisjóðirnir yrðu gerðir að einskonar bönkum og þeim leyft að taka lán í bönkum, í stað þess að banna það.

Þá gaf háttv. frsm. (E. Arna.) í skyn, að bankastjórnin hefði vanrækt eftirlitið með útibúunum. Þetta er með öllu gripið úr lausu lofti. Bankastjórarnir hafa oft farið í eftirlitsferðir til útibúanna, en ef þeir hafa ekki getað komið því við, þá hafa þeir sent í sinn stað bestu menn bankans. Það getur verið nú upp á síðkastið, með því að samgöngur hafa verið svo örðugar, að ekki hafi verið unt að rækja eftirlitið eins og vant er og svo sem skyldi. Þó er bókari bankans alveg nýkominn úr einni slíkri eftirlitsferð.

En svo að jeg víki aftur að því atriði, að bankastjórar sjeu sendir utan til þess að selja verðbrjef, þá er um það að segja, að það getur verið mikið gott, en þá lægi næst að bæta einum bankastjóra við og láta hann sigla erlendis að staðaldri. En hitt, að láta bankastjórana skokka í snöggvar ferðir til útlanda, getur eigi talist heppilegt. Þótt bankastjórarnir sjeu vel hæfir menn, þá er ekki víst, að þeir sjeu þektir í útlöndum eða hafi þar mikið álit. Þeir geta þess vegna, þegar þeir þar koma, staðið eins og glópar og verið alveg úrræðalausir. Þess vegna er það, að jafnan eru valdir menn, sem kunnugir eru á staðnum, til þess að selja verðbrjefin. Þannig fara allar bankastofnanir að, og eru þá valdir til þess þeir menn, sem þar til teljast hæfastir og víðtækust viðskiftasambönd hafa. En þetta getur bankastjórnin gert, án þess að ferðast, enda hefir það verið gert, og um það bil sem stríðið skall á, þá var rjett komið að því, að með þessum hætti yrðu seld brjef 4. veðdeildar.

Hv. frsm. (E. Árna.) sagði og, að vegna skulda landsins þurfi að senda bankastjóra utan, til þess að útvega peninga. Hjer er alveg umsnúið því, sem nú á sjer stað, því að nú er það stjórn landsins sem útvegar bankanum peninga og traust, svo að eftir ummælum háttv. frsm. (E. Árna.) yrði að taka upp alveg nýja tilhögun um þetta.

Jeg skal nú ekki orðlengja um málið að sinni; jeg veit að það er þýðingarlaust. Jeg veit, að það er afráðið að samþykkja frv., en fella brtt. mínar, þótt þær miði eingöngu að því að styðja Landsbankann, en frv. að eins feli það í sjer að bæta við einum bankastjóra, sem engin þörf er á. Mjer hefir verið sagt ýmislegt um þetta mál, og veit jeg, að menn hafa á ýmsan hátt bundið sig við frv. Jeg kýs þá heldur, að brtt. mínar komi til atkvæða síðar, eftir svo sem 2—3 ár, en vil ekki láta greiða atkv. um þær nú, og hefi því afráðið að taka þær aftur að þessu sinni, sem jeg bið hæstv. forseta að athuga. Jeg vil ekki, hins góða málstaðar vegna, binda atkvæði þingmanna nú á móti breytingartillögunum, því að það gæti síðar orðið málinu til skaða. Deildin er því alveg sjálfráð um það, hvort hún hleður á bankann þessum 3. bankastjóra eða ekki.

Að eins vil jeg óska þess, að nafnakall fari fram um frv.

Frsm. (Einar Árnason): Jeg get verið stuttorður, með því að brtt. þær, er umræður helst myndu hafa snúist um, hafa nú verið teknar aftur, en þó get jeg ekki slept að minnast stuttlega á fáein atriði.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) furðaði á því, að frv. skyldi koma fram einmitt á þeim tíma, er viðskifti Landsbankans svo að segja lægju í dái. Mig furðar nú satt að segja á þessum ummælum frá honum, því að þegar breytingar þær, er frv. þetta gerir á landsbankalögunum, eru bornar saman við brtt. háttv. 1. þm. G.-K., þá er þar tvent ólíkt, því að brtt. gera ráð fyrir því feikna stjórnar- og starfsmannabákni, sem myndi kosta Landsbankann um 50 þús. kr. á ári,

þegar það alt væri komið í fullan gang. En það, hvort viðskifti bankans eru í dái nú sem stendur, skiftir ekki svo miklu máli. Flestir munu búast við betri tímum, þegar stríðinu ljettir af, og efast víst enginn um, að þá verði nóg verksvið fyrir Landsbankann. Þessi mótbára á móti frv. er því einkis virði.

En þá kem jeg að því, sem sami háttv. þm. (B. K.) taldi aðalatriðið, sem sje undirskriftir bankastjóranna. Hann taldi ekki forsvaranlegt að ganga svo frá því atriði, sem hjer er gert. Nú veit jeg ekki betur en að það sje regla, að ný lán sjeu ekki veitt nema báðir bankastjórarnir hafi leyft, og að gæslustjórarnir komi þar ekki til greina. Enda er það skýrt tekið fram í landsbankalögunum frá 1909, að báðir bankastjórarnir þurfi að undirskrifa, svo að gilt sje. Þess vegna hjálpar það ekkert nú, þótt gæslustjórarnir sjeu við, ef annan bankastjórann vantar. Frv. er því einmitt til bóta í þessu efni. Ef einn bankastjóranna væri á ferðalagi og annar væri t. d. veikur, þá sagði hann (B K.), að komið væri í sama öngþveitið, en í því tilfelli gæti stjórnin skipað bankastjóra til bráðabirgða. Þetta hjelt hann (B. K.), að gæti ekki gengið eins og þegar menn drekka kaffibolla, því að það þyrfti að tilkynna það viðskiftamönnum bankans úti um allan heim. En það er alls ekki rjett hjá háttv. þm. (B. K.), að þetta sje nokkrum örðugleikum bundið. Fyrst og fremst er nú það, að viðskiftamenn Landsbankans eru víst ekki úti um allan heim, og þótt svo væri, þá er næsta auðvelt að fylla út tilkynningar um þetta — sem altaf eru fyrirliggjandi í bankanum — og láta þær í póstkassann. Þessi ástæða er því ekki næg til þess að taka til greina brtt. í þá átt, að gæslustjórunum verði haldið eingöngu í þessu skyni, auk þess sem það er óhentugt að öðru leyti, t. d. að með því móti komast óþarflega margir inn í launmál bankans, þar sem svo oft er skift um gæslustjórana; og jeg get ekki heldur fallist á það með sama háttv. þm. (B. K.), að það sje holt, að flokkarnir kjósi þá. Og vísa jeg til þess, er jeg sagði um það í fyrri ræðu minni og hefir ekki verið hrakið. (**B. K.**: En hvað segir hinn háttv. þm. um settu bankastjórana?). Það er yfirleitt markmiðið að komast sem mest hjá því, að bankastjórnin verði skipuð lausum mönnum.

Sama háttv. þm. (B. K.) þótti það óeðlilegt, að bankastjórnin rjeði ekki alla starfsmenn bankans, og bar það saman við það, að bændur ráða til sín vinnufólk. En hjer er ekki um hliðstætt dæmi að ræða. Bankastjórnin er ekki húsbóndi í venjulegum skilningi. Hjer er landsstjórnin húsbóndi, en bankastjórnin einskonar ráðsmaður; og skýtur hjer því skökku við. Jeg er á þeirri skoðun, og svo mun vera um fleiri, að núverandi fyrirkomulag sje heppilegra. Jeg held, að það sje varhugavert, að hinir föstu starfsmenn eigi alt sitt ráð undir bankastjórninni.

Þá sagði hinn háttv. þm. (B. K.), að flest ógæfuspor sín hefði þingið stigið á síðara hluta þingtímans. Þessu get jeg vel trúað, vegna þess, að aðalúrslit allra mála fara venjulega fram á síðara hluta þingtímans. Sama regla gildir því einnig um hin góðu málefnin. Þetta eru því engin mótmæli gegn frv., heldur er það sagt út í loftið og af tómum röksemdaþrotum.

Þá tók háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) það fram, að það væri misskilningur frá minni hálfu, að þetta væri kyrstöðufyrirkomulag, þar sem bankastjórnin væri skipuð 4 mönnum. Þessu er því til að svara, að það mun vera aðalreglan, að allar nefndir og stjórnir um allan hinn mentaða heim sjeu skipaðar

þeirri tölu manna, að meiri og minni hluti geti myndast, svo að glöggur úrskurður fáist, þótt ágreiningur verði um eitthvert mál. Þetta fyrirkomulag á stjórn Landsbankans er því svo einstætt og andhælislegt, að furðulegt má heita, að nokkur skuli mæla því bót. (**B. K.:** Það hefir farið vel hingað til). Það kann nú vel að vera. En þótt eitt fari vel, þá er þó ekki þar með sagt, að eitthvað annað geti ekki farið betur.

Þá kem jeg að launanum. Háttv. þm. (B. K.) þóttu þau oflág, og færði til þær ástæður, að fyrir svo lítil laun myndi enginn af helstu fjármálamönnum eða atvinnurekendum landsins fást fyrir bankastjóra. Jeg skal fúslega viðurkenna, að þetta geti verið rjett hjá honum. En jeg er líka jafnsannfærður um, að ef háttv. þm. (B. K.) á hjer við þá menn, sem græða tugi eða jafnvel hundruð þús. kr. á ári á »spekulationum«, þá muni þeir ekki heldur líta við 10 þús. kr. launanum, sem hann stingur upp á. 50 þús. kr. skipulagið hans myndi ekki hjálpa neitt í því efni.

Þá vildi jeg minnast lítið eitt á »innskotsfjeð«. Það er ný hugmynd, og má vera, að það sje eitthvert vit í henni. En þó tel jeg það efasamt. Og nánari athugunar þarf það atriði en nú eru föng á. Jeg skal að eins taka það fram í þessu sambandi, að það er ekkert aðalatriði, að bankinn hafi tök á að safna undir sig innlendu fje, sem hvort sem er væri starfandi í landinu. Hitt er meira um vert, að hann hafi umráð yfir útlendu fjármagni, til stuðnings atvinnuvegum og framleiðslufyrirtækjum. Þá er og þess að gæta, að þetta »innskotsfje« mundu ekki aðrir leggja í bankann heldur en stórefnamenn, sem ekki þyrðu eða vildu nota fje sitt til framleiðslufyrirtækja eða annarar gagnsemi. Og með þessu er þeim gert svo hátt undir höfði, að þeir geta fengið alt að 7% vexti af þessu fje. Hinir aftur á móti, sem ekki eru svo efnum búnir, að þeir sjái sjer fært að festa fje sitt á þennan hátt, eða vilja nota það til annarar framleiðslu, fara algerlega á mis við þetta.

Þar sem jeg mintist á útibúin, þá er það ekki meining mín að halda því fram, að þau hafi verið í ólagi eða að bankinn hafi tapað á þeim. Jeg tek þetta fram til að fyrirbyggja misskilning, sem ræða háttv. þm. (B. K.) gaf tilefni til.

Þá lýsti háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) yfir því, að nú væri svo komið, að landsstjórnin útvegaði Landsbankanum fje, en ekki bankinn landsstjórninni. Og mjer heyrðist ánægjuhreimur í röddinni yfir því. Þetta sýnir tvent. Fyrst það, hversu alt bankafyrirkomulag okkar er öfugt, og í öðru lagi það, að sá maðurinn, sem mesta þekkingu og reynslu þykist hafa á bankamálum hjer, vill halda hlífiskildi yfir þessu úrelta og ómögulega fyrirkomulagi.

Einar Jónsson: Jeg hefi áður látið í ljós þá skoðun mína í þingræðu, að hjer á landi væri þrennskonar vald sterkast, sem sje landsstjórnin, þingið og bankarnir. Það mun nú vera orðin föst venja hjer, að stjórnin fái sinn »eldhúsdag« í þinginu. Og þingið hefir líka sinn »eldhúsdag« í umræðum manna út á við. Mjer finst því ekki illa til fallið, að sama sje látið ganga yfir bankann, þegar verið er að ræða um breytingar á lögum hans. Jeg mun því koma hjer með ýmsar aðfinslur á rekstri bankans, sem eru bygðar á nákvæmri íhugun.

Mjer þykir leiðinlegt að sjá, að háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) er ekki viðstaddur. Verð jeg því að hætta við að minnast

á ýms atriði, sem jeg mundi annars hafa gert. Að vísu býst jeg við, að háttv. þm. (B. K.) hafi sömu aðferð og háttv. þm. Dala. (B. J.), þegar hann flýr af hólmi, að láta einhvern skrifa upp það, sem jeg hefi sagt.

Jeg þykist vita, að háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hafi lesið bók, sem heitir »Starfsskrá Íslands«. Þar er skýrt frá því, bæði með orðum og tölum, hverjir eru starfsmenn bankans og hvernig þeir eru launaðir. Í launakjörunum finst mjer kenna hlutdrægni og órjettlætis, og vil jeg því minnast lítið eitt á það.

Jeg hefi tekið eftir því, að menn, sem hafa starfað þar alt frá 1904, hafa ekki hærri laun en þeir, sem hafa verið teknir í bankann nú á síðasta ári, þótt þeir kunni til allra starfa, en hinir til fárra eða engra. Eins og allir sjá þá er þetta ekki rjettlátt á neinn hátt. Að öðru leyti er þannig háttað störfum í bankanum, að húsbændavaldið, sem kemur frá bankastjórninni, er ekki rjettilega eða sanngjarnlega um hönd haft við starfsmennina. Þess vegna tel jeg heppilegra að bæta við þriðja bankastjóranum, eins og nú er talað um, og sjá, hvort það gangi ekki betur.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hefir spurt um, hvernig færi, ef húsbóndi mætti ekki sjálfur ráða hjú sín. Þá er því til að svara, að hann er ekki húsbóndi í bankanum, heldur að eins ráðsmaður.

Það er áreiðanlegt, að margt hefir farið öfugt og aflaga í stjórn bankans. Jeg tel því rjett að breyta til og afnema þessar »bitlingatoppfígúrur«, sem nefndar eru gæslustjórar. Ef bankinn fær duglegan lögfræðing í sína þjónustu, sem hefir fulla ábyrgð, þá hygg jeg, að ráðast mundi bót á þeirri »lausung«, sem nú á sjer stað í bankastjórninni. Að minsta kosti er það víst út af fyrir sig, að helmingur af fje bankans stendur í kjördæmi háttv. þm. (B. K.) og í Reykjavík. En þegar svo maður ofan úr sveit kemur með trygga ábyrgð á smávíxli, þá er honum neitað. Jeg kalla það trygga ábyrgð fyrir einum 100 kr., þegar 2 góðir bændur úr Rangárvallasýslu skrifa á víxil, annar sem samþykkjandi, en hinn sem útgefandi. En það er ekki horft í að kasta mörgum þúsundum, jafnvel hundruðum þúsunda, í hús hjer í bænum.

Þá er það enn fremur ámælisvert, hvernig sami háttv. þm. (B. K.) hagaði sjer í lóðarkaupum og bankabyggingarmálinu, þegar bankinn brann. Jeg hygg, að það eyðist jafnmikið fje í húsaleigu hjá bankanum á nokkrum árum eins og þyrfti til að byggja nýtt hús. Þetta væri hægt að sanna, og allir vita, að þetta er bæði satt og rjett. Þá er það enn fremur kunnugt, að þegar þræta var um það, hvar bankinn átti að standa, þá var það háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), sem var þar þröskuldur í vegi bankans, og á hann litlar þakkir skilið fyrir það.

Jeg býst nú við, að háttv. þingmenn kunni að segja, að þetta komi málefninu ekki beinlínis við, en þótt svo sje, þá finst mjer ekki illa til fallið, að á þetta sje minst.

Meining mín var auk þessa að minnast talsvert á brtt. hv. þm. (B. K.), en nú hefir hann tekið þær aftur, svo að jeg sje ekki, að það komi að neinu gagni. Tvent er það enn þá, sem jeg vildi minna hv. þm. (B. K.) á. Það er þá fyrst það, að menn úti á landi eru farnir að sjá, að þessi kyrstaða, sem hann lætur bankann standa í, er alt annað en til bóta. Háttv. þm. (B. K.) legst á móti öllu, sem miðar til stórframfara í landinu, svo sem brúabyggingum o. fl. o. fl., að ógleymdu einhverju stærsta þjóðþrifamáli, sem hjer hefir verið á döfinni, nefnilega járnbrautarmálinu. Hann hefir tekið þá afstöðu til þessa máls, sem líklega verður seint

ráðin bót á. Það er eins og háttv. þm. (B. K.) vilji vera algerlega einráður um, í hvað peningar eru lagðir. Og slíkt er alt annað en heppilegt, þegar um bankastjóra er að ræða. Jeg segi þetta ekki af því, að mjer sje persónulega illa við hv. þm. (B. K.); það er öðru nær. Að eins álít jeg, að hann sje betur settur annarsstaðar en sem bankastjóri, því að jeg tel eflaust völ á öðrum miklu hæfari mönnum til þess starfa. (**Forseti:** Þetta er ekki til umr. Ræðumaður er ámintur um að halda sjer við málefnið). Hæstv. forseti segir, að þetta sje ekki til umr. hjer, ja, það er nú svo hvert mál, sem það er virt. En nú hefi jeg lokið mjer af með þessa eldhúsræðu yfir bankastjóranum, sem jeg tel engu síður nauðsynlega en aðrar eldhúsræður.

Jeg sje, að hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) er ekki enn þá viðstaddur, svo að jeg læt hjer staðar numið; mundi annars hafa talað lengur yfir bankastjórastarfsemi hans. En jeg mun sýna það með atkvæði mínu, að jeg fellst á þetta frv., sem hjer liggur fyrir.

Einar Arnórsson: Það eru að eins fáein atriði, sem jeg vildi minnast á, sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) talaði um, og miðuðu að því að telja menn af að greiða þessu frv. atkv. sitt.

Það gleður mig, að háttv. þm. (B. K.) er nú aftur viðstaddur, því að þótt jeg hafi ekki ástæðu til að beina máli mínu persónulega að honum, þá eru þó nokkur atriði í málinu, sem snerta hann.

Á meðan jeg man vil jeg drepa á, að það kom fram dálítill misskilningur í ræðu hv. frsm. (E. Árna.), sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) mintist á og leiðrjetti.

Hv. frsm. (E. Árna.) vildi halda, að bankanum sparaðist alveg lögfræðiaðstoð, ef einn bankastjórinn af þremur væri lögfræðingur. Það kemur eigi til mála, að bankastjórar sjálfir innheimti skuldir fyrir bankann eða flytji mál hans. Til þess þarf bankinn auðvitað sjerstakan lögfræðing, eins og hann hefir nú lengi haft. Öðru máli er að gegna um ýms önnur lögfræðiatriði, sem bankastjórnin þarf að gera út um Þar getur sá bankastjóri, sem er lögfræðingur, ráðið þeim til lykta og á sína ábyrgð, í stað þess, að hingað til hefir bankastjórnin orðið að leita sjer slíkra ráða hjá ábyrgðarlausum mönnum að því leyti.

Það er rjett hjá háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), að jeg hlýt að vera með þessu frv. nú, engu síður en því, sem jeg bar fram 1915. Mín skoðun hefir ekki breyst síðan. Og jeg tel þetta fyrirkomulag, sem hjer er til stofnað, heppilegra en það, sem nú er. Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hafði það einkum út á frv. að setja þá, að óþarft væri að fjölga bankastjórum. Jeg man ekki, að hann bæri fram aðrar mótbárur þá. Þessi hætta, sem hann talar nú um, er því alveg ný af nálinni, sem sje hættan við það, að erfitt verði að fullnægja kröfum laganna um undirskrift bankastjórnar. Jeg get ekki sjeð, að nein hætta stafi af þessu, því að þetta ákvæði, að tveir skuli undirskrifa af þremur, hefir altaf verið í lögum bankans, alt frá 1885 (24. gr. l. 1885), að hann var stofnaður. En þá voru bankastjórar að eins 3, það er að segja 1 bankastjóri og 2 gæslustjórar.

Mjer er að minsta kosti ekki kunnugt um, að þetta hafi valdið miklum vandræðum til þessa. Enda var það ekki þetta, sem kom til vegar breytingum 1909. Það er skemst á að minnast, að þá var samþ. frv. í Nd., sem gerði ráð fyrir, að bankastjórar væru 2, og þar að auki 1 lögfræðilegur ráðunautur. Ef jeg man rjett, þá hafði háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) ekkert við þetta að athuga þá.

En svo þegar frv. 1909 kom til Ed., þá var því breytt þannig, að þessi lögfræðilegi ráðunautur var feldur burt, en aftur gæslustjórunum haldið. Þar sem nú þetta hefir haldist alt frá byrjun og fram til 1909, að bankastjóri væri 1 með 2 gæslustjórum, og 2 þyrftu að undirskrifa, þá get jeg ekki skilið, að af því geti stafað neinn voði, nú, fremur en þá. Jeg held að mjer sje óhætt að fullyrða, að þessi mótbára, um hættu af þessu, sje alveg ný. Að minsta kosti man jeg ekki eftir, að hún kæmi fram á þingi 1915. Jeg vona, að það komi ekki það fár í bankastjórnina nú, að háski geti af því stafað, þótt bankastjórar sjeu að eins 3.

Það er ekki gott að neita því, að það virðist hálfólögulegt fyrirkomulag, að þegar ágreiningur verður milli bankastjóra, þá eigi sá að ráða, sem hefir eldri gæslustjórann með sjer. Það er ekki rjett hjá hv. þm. G.-K. (B. K.), þar sem hann sagði, að það væri misskilningur hjá hv. frsm. (E. Árna.), að þetta gæti komið fyrir, því að lögin frá 1909 gera einmitt ráð fyrir, að þetta geti komið fyrir. Þar stendur í 4. gr. »Verði ágreiningur milli bankastjóra um eitthvert mál, er bankann varðar, skal atkvæði þess gæslustjórans, er fyr var kosinn, ráða úrslitum.« Hitt er annað mál, að jeg vil ekki segja, að þetta þurfi endilega að fara illa, en að eins finst mjer það ólögulegt.

Þá var eitt atriði enn hjá hv. sama þm. (B. K.), sem jeg vildi minnast á. Hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hjelt því fram, og það stendur auk þess í greinargerð við fyrstu brtt. hans, að bankastjórar hvers banka ráði alla sína starfsmenn og víki þeim frá. Hv. þm. (B. K.) sagði eitthvað á þessa leið, og að þetta væri jafneðlilegt eins og t. d. bændur rjeðu hjú sín. Þessu er nú því til að svara, að þó að það sje venja, að bændur ráði hjú sín, þá er hjer ekki líku saman að jafna. Bankastjórarnir eru fremur ráðsmenn en húsbændur. Það hlýtur að vera misskilningur hjá hv. þm. (B. K.), að þessu sje þannig farið í öllum bönkum. Með Landsbankann víkur þessu þannig við, að landsstjórnin og þingið kemur í staðinn fyrir það, sem annars er kallað bankaráð, en bankastjórar og gæslustjórar eru sem svarar til framkvæmdarstjóra.

Mjer er enn fremur kunnugt um, að í bönkum á Norðurlöndum eru það ekki framkvæmdarstjórar bankanna, sem skipa og víkja starfsmönnum frá. Fyrst nefni jeg Íslandsbanka. Samkvæmt 25. gr. reglugerðar hans þarf samþykki bankaráðs til að ráða og víkja frá bókara, fjehirði og útibússtjórum þessa banka. Framkvæmdarstjórnin er því alls eigi einráð í þessu efni.

Býst jeg við, að skipulag Íslandsbanka sje í þessu og fleiru lagað eftir skipulagi erlendra banka, t. d. Privatbankans í Kaupmannahöfn, sem aftur á sjer fyrirmyndir í öðrum löndum. Svo má nefna annan banka, sem margir hjer munu kannast við, sem sje Þjóðbankann danska. Þar er 15 manna ráð (Repræsentantskab). Þessir menn velja svo nokkra bankastjórana, en konungur nokkra. Nú er með lögum bankans frá 12. júní 1907 því svo fyrir komið með sekretera, gjaldkera og bókara bankans, að þeir eru hvorki ráðnir nje þeim vikið frá nema eftir ákvörðun framkvæmdarstjóra og bankaráðs í sameiningu, eða með öðrum orðum, það er 20 manna samráð um þessi atriði. Er því sjálfgefið, að þetta 15 manna ráð hefir tögl og hagldir, ef með þarf. Í »Norges Bank« er ekki ósvipað fyrirkomulag að þessu leyti. Þar er líka 15 manna ráð, kosið af stórþinginu og 5 »direktörar«. Og meðal þeirra starfa, sem í lögunum

eru talin heyra undir bankaráðið, er að ákveða launakjör, ellistyrk og eftirlaun starfsmanna, sömuleiðis, eftir till. framkvæmdarstjóra og deildarstjóra þess, er hlut á að máli, að veita lausn og skipa þjóna bankans, og veita nauðsynleg erindisbrjef, enn fremur að jafna miskliðarefni milli þjóna og forstjóra bankans. Af þessu er ljóst, að það er ekki svo dæmalaust, sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) virðist halda, að framkvæmdarstjórar ráði ekki óskorað alla starfsmenn bankans. (**B. K.:** Þeir gera það í raun og veru). Það er hægt að segja, en lögheimildin er þannig, og býst jeg ekki við, að háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) haldi því fram, að jeg skrökvi. Ef svo er, get jeg bent honum á lög Þjóðbankans norska frá 23. apríl 1892. Ef hann rengir mig, er velkomið að sýna honum lögin, því að þau eru hjer niðri. (**B. K.:** Jeg rengi þingmanninn ekki). Sama er að segja um lögin frá 12. júní 1907, er jeg nefndi áður, og konungsauglýsingu um staðfestingu á einkarjettindum Þjóðbankans danska frá 22. júlí 1908, 40. gr.

Annars sje jeg ekki ástæðu til að kappræða um þetta atriði, en vildi geta þessa, til þess að sýna, að hjer er ekki farið fram á neitt, sem er dæmalaust eða talið fjarstæða annarsstaðar.

Jeg býst ekki við að taka aftur til máls um þetta mál. Þar sem háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hefir tekið brtt. sínar aftur, er ekki ástæða til að ræða þær. Sumar þeirra eru vafalaust vel hugsaðar og fluttar í góðri meiningu, svo sem till. um ellistyrk til starfsmanna bankans og fleiri till., en koma ekki hjer til umræðu nje atkvæða, fyrst að þær eru teknar aftur.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) spurði, hvar ætti að taka borgun til settra bankastjóra. Því er auðsvarað. Þar um gilda sömu reglur og um setta starfsmenn yfir höfuð, nema sjerstakir samningar sjeu gerðir, og munu þær reglur vera í tilskipun frá 1836.

Eitt var það, sem sami háttv. þm. (B. K.) virtist una illa, sem sje það, að ekki eru tekin fram í frv. nein sjerstök skilyrði fyrir bankastjórana, nema þennan eina, að hann á að hafa lögfræðipróf. Í þeim bankalögum, er jeg þekki, er sumstaðar vikið að skilyrðunum. Í lögum Þjóðbankans danska er til dæmis gert ráð fyrir, að einn bankastjórinn sje »landbrugskyndig«. Þetta hefir ekki verið gert í öllum bankalögum, og ekki hefir þótt ástæða til þess hvað Íslandsbanka snertir. Er að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að skipaðir sjeu þeir hæfustu, sem í boði eru. Það er ólíklegt, að hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) telji þetta hættulegt, því að hann hlýtur að vera þeirrar skoðunar, að kjör bankastjóra Landsbankans hafi ekki mistekist svo hingað til. Það er eins og gengur, að ýmsir finna jafnan að öllum skipunum í stöður og embætti, en jeg geri ráð fyrir, að stjórnin hafi jafnan tekið þá menn, er hún taldi hæfasta. Og það er víst ekki heppilegt að binda veitinguna jafnströngum skilyrðum og háttv. þm. (B. K.) vill gera í brtt. (**B. K.:** Þetta gera Frakkar). Já, en það sannar ekkert. Jeg vona, að mjer fyrirgefist, þótt jeg minnist á 1. lið brtt., sem búið er að taka aftur. Þar hefir háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) tekið upp einn lögfræðing, en hinir tveir skulu vera viðskiftafróðir verslunarmenn og hafa að minsta kosti 10 ár gegnt verslunarstarfa. Jeg neita ekki, að það sje að öðru jöfnu kostur, en finst þetta ákvæði hins vegar altof strangt, sumpart vegna þess, að margir góðir verslunarmenn eru algerlega óhæfir bankastjórar, og í öðru lagi er hart að útloka þá menn, sem hafa ekki verið við verslun, en öllum vitanlega eru manna kunnugastir viðskiftalífi. Það

væri til dæmis hart að útiloka hagstofustjórann okkar, en hann væri útilokaður, ef þess væri krafist, að bankastjórinn yrði að hafa verið við verslun eða fengist við »praktiska« starfsemi í banka.

Jeg held, að jeg þurfi svo ekki fleiri orð. Eins og nefndarálitið ber með sjer hlýt jeg að greiða frv. atkvæði mitt, er jeg sjálfur hefi borið fram. Aðalbreytingin er sú, að stjórnarráðið alt, eða 3 ráðherrarnir, skipa bankastjórana og víkja frá. Frá mínu sjónarmiði er þetta enginn ókostur á frv., heldur kann ske fremur kostur.

Björn Kristjánsson: Jeg vildi að eins segja fáein orð út af ræðu hv. 2. þm. Árn. (E. A.). Jeg tók eftir því, að hann sagði að á tímabilinu 1885—1909 hefðu aldrei orðið vandræði úr, þótt bankastjórar hefðu verið 3. Það er rjett, en, eins og menn muna, var bankinn þá ekki stór og viðskifti hans út á við ekki mikil, en háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) gleymdi einu atriði, sem er aðalatriði, að í lögunum 1909 verða minst 2 bankastjórar að undirskrifa öll skjöl og allar útborganir til gjaldkera úr sjóði bankans. Þetta var ekki í lögunum frá 1885. Nú eru kann ske framlagðir 50 víxlar á dag, og svo eða svo mörg lán eru tekin. Verða minst tveir bankastjórarnir að skrifa undir alt þetta, og eru þá, eins og jeg sagði, »skrúfaðir á bekkinn« með þessu ákvæði, þegar bankastjórarnir eru offáir. Þetta varð samhliða því, að bankastjórar urðu 2, og stendur því alt öðruvísi á eftir 1909 en áður. Þetta vildi jeg benda á, því að það hefir mikla þýðingu, er rætt er um þetta mál. Til þess því, að bankastjórarnir verði ekki fangar í bankanum, þarf fleiri menn til að skrifa undir en 3. En með þessu ákvæði, að bankastjórar skuli að eins vera 3, en gæslustjórar hverfi úr sögunni, verða þeir fangar.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) leit fremur á bankastjórana sem ráðsmenn. En jeg held, að menn líti meira á þá sem sjálfstæða stjórn, sem vitanlega eigi að ráða sína starfsmenn. Því miður er enn ekki svo langt komið, að sett sje bankaráð, en þótt það væri sett, er jeg í engum vafa um, að bankaráðið myndi alment fallast á till. samanlagðrar bankastjórnarinnar. T. d. mun aldrei hafa verið nein misklíð út af slíku í Íslandsbanka, eða vikið út af ráðum bankastjórnar. Þá sýnist það ekki hafa mikla þýðingu, er hann (E. A.) tók fram um það, því að vitaskuld verður bankastjóri að geta haft vald yfir sínum starfsmönnum, því að annars geta þeir orðið óþekkir og hrokafullir. Þeir haga sjer alt öðruvísi ef þeir vita, að bankastjórnin hefir ekki aðalvaldið. Viðvíkjandi launum settra bankastjóra benti hann á almennar reglur, er gilda um setta embættismenn. Þeir eiga þá, samkvæmt því, að fá launin hjá bankastjóranum sjálfum, sem ef til vill er á ferðalagi fyrir bankann. Ef bankastjóri fer því til Kaupmannahafnar í erindum bankans, á hann að borga þeim, sem settur er fyrir hann, úr eigin vasa. Þetta virðist hola í lögunum.

Annars skal jeg ekki eyða tímanum í að þrátta um þetta. Jeg ætlaði að segja mína skoðun einu sinni og ekki oftar.

Sigurður Stefánsson: Af því að jeg get búist við, að atkvæði mitt falli nokkuð á annan veg en alls þorra deildarmanna, og er jeg hins vegar veit, að nafnakalls hefir verið óskað um frv., þykir mjer hlýða að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til þessa máls.

Um brtt. háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) þarf ekki að ræða, þar sem þær hafa verið teknar aftur, og get jeg því snúið mjer að frv. sjálfu, er hjer liggur fyrir.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) skýrði rjett frá afdrifum frv. í sömu átt, er stjórnin bar fram á þinginu 1915, og jeg verð að segja, að jeg taldi þá þau afdrif alveg rjettmæt. Jeg held, að það hafi verið tekið fram um það frv., að álits bankastjórnar hefði ekki verið leitað um málið. Hinu sama mun nú til að dreifa, að þetta frv. er ekki komið fram af því, að stjórn Landsbankans óskaði aukningar í stjórnina. En jeg verð að líta svo á, að þingi og stjórn beri að gæta þess að rasa ekki fyrir ráð fram um breytingar á stjórn bankans, án þess að hafa borið sig saman við þá menn, sem stöðu sinnar vegna hafa mest ráð í bankanum og jeg verð að álíta að beri meira skyn og þekkingu á málefni hans en allur þorri þingmanna, eins og við er að búast. Það er alveg sjálfsögð varúðarleið, sem stjórn og þingi er skylt að fara í þessu efni. Jeg skal fúslega játa, að jeg hefi enn minni trú á frv., er einstakir þingmenn bera fram, og oft fylgir sá halakleppur, að þau eru ekki fram komin af neinni sjerstakri umhyggju fyrir velferð og hag bankans, heldur er þar oft sá fiskur falinn undir steini, að einstakir menn eigi að njóta góðs af. Og jeg verð að játa, að þegar fregnin um frv. þetta barst vestur í sumar, var það talið víst þar, að til þess væru refarnir skornir að búa til stöðu handa vissum manni. Jeg skal ekki segja, hvort þetta er satt, en það eitt er víst, að sami orðrómur mætir manni hjer í Reykjavík, og hann er kominn út um alt land. Hvort sem orðrómur þessi er á rökum bygður eða ekki, er það leiðinlegt til afspurnar, fyrir löggjafarþing þjóðarinnar, að þingmönnum sje borið á brýn, að þeir tali hjer í þingsalnum með miklum fjálgleik og sakleysissvip um velferð þjóðarinnar og einstakra þjóðstofnana, en hin eiginlega orsök »þjóðþrifafrumvarpanna« sjeu einstakir vinir og vandamenn, sem koma þarf á framfæri. Jeg álít, að ástæðurnar til breytinga verði að vera meir knýjandi.

Jeg verð að vera á því, eins og 1915, að þær forsendur vanti fyrir þessu frv., sem allra nauðsynlegastar eru, sem eru eindregið álit, hvatning og áeggjan bankastjóranna um að gera breytingar, og þá hverjar breytingar. Það er annaðhvort, að stjórn sú, er skipar bankastjórnina, ber það traust til hennar, að hún muni ekki setja sig upp á móti breytingum til bóta á stofnuninni, eða henni tekst illa valið.

Eftir reynslunni á undanförnum þingum, fyr og síðar, verð jeg að álíta betur farið, að þing og stjórn sletti sjer sem minst fram í störf eða fyrirkomulag bankans, nema brýn nauðsyn beri til. Þjer vitið allir, góðir menn, að afskifti landsstjórnarinnar af Landsbankanum hafa oftar en einu sinni verið sannkölluð raunasaga, og það ekki síður fyrir landsstjórnina en bankastjórnina. Jeg segi þetta ekki til álass þeim heiðursmönnum, lífs eða liðnum, er í stjórn landsins hafa verið, heldur til að benda háttv. deild á, að reynslan býður þingi og stjórn að fara gætilega og án alls manngreinarálits út í þessar sakir.

Háttv. allsherjarnefnd bendir líka á í nefndarálitinu, að fyrir dyrum liggi bráðlega nauðsynleg endurskoðun á öllu fyrirkomulagi og lögum Landsbankans. Jeg býst við, að þetta sje rjett og að nefndinni sje full alvara, en þá vil jeg spyrja: Er svo bráð nauðsyn á þessu frumvarpi, án þess að bankastjórn hafi hvatt til þess, að það megi ekki bíða

þar til er þær allsherjarbreytingar verða gerðar, sem háttv. allsherjarnefnd segir að liggi í loftinu? Jeg fæ ekki sjeð, að svo sje. En sá er orðinn háttur á löggjafarþingi Íslendinga, að þingmenn eru fljótir til að grípa einstök atriði út úr heild, sem þeir játa að öll þurfi endurbóta við. En jeg verð að telja það mjög óheppilega að farið að taka einstaka atriði út úr einu heildarfyrirkomulagi og breyta því, því að þá getur vel svo farið, að þetta atriði sje ekki í samræmi við alla heildina, er hún hefir öll verið endurskoðuð. Jeg skal finna orðum mínum stað að þessu leyti. Fyrir skömmu var hjer skipuð milliþinganefnd til að íhuga og gera tillögur um launamál landsins. Hefði nú mátt búast við, að þetta þing tæki till. launamálanefndarinnar til rækilegrar athugunar. En svo sje jeg hjer ýms frumvörp og tillögur um launabreytingar, sem gripnar eru út úr launakerfinu. Þessi mál eru svo velkt fram og aftur í þinginu, og eru síðan annaðhvort feld, eftir mikið umstang og umræður, eða samþykt lítt hugsuð og óundirbúin. En í þessu efni hefir þingið að vísu þær málsbætur, að stjórnin hefir ekki að þessu sinni búið launamálið í heild sinni undir meðferð þess, sem þó verður að telja tilætlun þingsins með skipun launamálanefndarinnar.

Jeg skal játa, að frá mínu sjónarmiði er Landsbankanum það fyrir langbestu, að þing og stjórn skifti sjer sem minst af störfum hans og fyrirkomulagi bankans. Segi jeg þetta af því, að jeg tel Landsbankann undanfarin ár ekki hafa haft neitt gott af þeim ráðstöfunum stjórnarinnar, er lengst hafa gengið inn á stjórn og fyrirkomulag hans. Hygg jeg, að allir þeir, er líta vilja óhlutdrægt á málið, játi þetta.

Jeg skal ekkert fara út í einstakar greinar frv., en vil taka það fram, að jeg kann ekki vel við það ákvæði í 1. gr., að einn bankastjórinn skuli vera lögfræðingur, en engin skilyrði sett um hina. Að því leyti hefði jeg felt mig betur við brtt. háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), þótt hún sje nokkuð þröng, því að með allri virðingu fyrir lögfræðingunum vil jeg segja það, að þeir góðu menn hafa ekkert fram yfir aðra menn nema lögfræðina, og lögfræðiþekkingin ein út af fyrir sig gerir þá ekki að góðum bankamönnum; þar ræður miklu meir um verslunarþekking og viðskiftafróðleikur, samfara verklegri reynslu, víðsýni og hyggindum.

Hitt skal jeg játa, að jeg fellst á það að kippa gæslustjórunum burt, þegar bankalagabreytingin verður gerð, og jeg get tekið það fram, að mjer finst uppástunga ein, sem jeg sá hjer í einu blaði ekki alls fyrir löngu, um bankaráð í stað gæslustjóranna, vera mjög aðgengileg. En það skal jeg taka fram, að jeg vil ekki bankaráð, sem er ekki annað en tómt punt og ekkert gagn er að. Þótt þingið hafi hingað til verið svo heppið að hitta á góða menn fyrir gæslustjóra, þá verður ekki annað sagt en að það hafi stundum verið fremur tilviljun ein, því að það vita allir, að þingflokkarnir hafa haft þessar sýslanir fyrir pólitiska bitlinga handa sjálfum sjer, og það er engin vissa fyrir því, að þingið sje ætíð svo skipað, að sá flokkur, sem er í meiri hluta í hvert skifti, hafi hæfum manni á að skipa í þessar stöður. Og það verða allir að játa, að það er óheppilegt að hafa stjórn bankans þannig að leiksoppi milli hinna pólitisku flokka í landinu.

Jeg hefi tekið þetta fram til þess að sýna, af hverju jeg greiði atkvæði á móti frv.

Frsm. (Einar Árnason): Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) þótti það ekki við-

eigandi, að þetta frv. væri komið fram án þess, að það hefði áður verið borið undir bankastjórnina, og án þess, að till. hennar væru fengnar um málið.

Það var gerð breyting á bankalögunum á þinginu 1909, og mjer er ekki kunnugt um, að það frv. væri áður borið undir þáverandi bankastjórn, svo að fordæmi er fyrir þessu, enda býst jeg við, að það yrði nokkuð langt að bíða eftir breytingunni, ef það ætti að bíða þess, að bankastjórn ætti frumkvæðið.

Jeg skildi ekki fyllilega aðstöðu hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) í þessu máli. Hann fann gæslustjórafyrirkomulaginu ýmislegt til foráttu, en var þó ekki með frumvarpinu; jeg hefði þó vænst þess af honum, eins og hann talaði í garð gæslustjóranna. Það er skoðun nefndarinnar, að það verði að gera einhverja bráða breytingu á fyrirkomulaginu í bankanum, en hún hefir enga tryggingu fyrir því, að sú breyting komist á í fyrirsjáanlegri framtíð, ef alt á að bíða eftir því, að bankastjórnin og þingið komi sjer saman um hana, enda er ekki að búast við því, að tómir settir bankastjórar geri tillögur um slíkt mál. En þetta, að báðir aðalbankastjórarnir voru settir, en ekki skipaðir, hefir eflaust ýtt undir það, að þessi breyting var borin fram nú, því að, eins og kunnugt er, þá hefir það fyrirkomulag vakið megna óánægju um land alt. Af þessum ástæðum get jeg ekki fallist á þær röksemdir, sem komið hafa fram gegn þessu frumvarpi. Nefndinni finst hún ekki hafa gert annað en það, sem sjálfsagt var, að fallast á það.

Einar Arnórsson: Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) tók það fram, til andmæla frv., að samkvæmt lögum 1909 mætti gjaldkeri bankans ekki greiða fje út úr bankanum nema 2 bankastjórarnir samþyktu það. Ef því annar forfallaðist, þá gæti svo farið, að ekki væri unt að halda bankanum opnum.

Þetta er nú ekki rjett, nema að nokkru leyti, því að samkvæmt bankalögunum frá 1885 var ætlast til, að ekki væri greitt fje úr bankanum nema með samþykki bankastjórans, sem þá var ekki nema einn, en 1909 var bankastjórunum fjölgað, og þurfti þá vitanlega samþykki þeirra beggja til þess, að fjárgreiðsla væri lögmæt. En ef nú annar þessara bankastjóra forfallast, þá verður vitanlega að fara eins að og samkvæmt lögunum 1885, að setja annan mann í hans stað. En verði nú þetta frv. samþykt, þá þarf ekki þessa með, því að þá verða þó altaf tveir eftir, ef einn forfallast.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) talaði um, að hann hefði heyrt fregnir um það alla leið vestur á Ísafjörð, að þetta frv. væri fram komið í þeim tilgangi að útvega vissum manni stöðu.

Jeg hefi nú ekkert um þetta heyrt áður, en þótt jeg hefði eitthvað um þetta heyrt, þá mundi jeg samt ekki láta neinn orðróm fæla mig frá sannfæringu minni, en hún er sú, að bráðnauðsynlegt sje að koma þessari breytingu á hið allra fyrsta.

Jeg er mjög hræddur um, að það yrði nokkuð langt þangað til þessi breyting kæmist á, ef hún ætti að bíða eftir því, að bankastjórnin æskti eftir henni. Annars er mjer þessi röksemdafærsla ekki fyllilega skiljanleg. Fyrir nokkrum árum var lagt niður landshöfðingjaembættið og sömuleiðis bæði amtmannsembættin. Mjer er ekki kunnugt um, að þessir menn hafi fengið að gera tillögur um það, hvort sú breyting skyldi fram fara eða ekki. Og jeg sje enga ástæðu til að gera bankastjórunum hærra undir höfði. Enda var stjórn Landsbankans 1909 alls eigi spurð um breytinguna,

sem þá var gerð á stjórn bankans, og alls eigi var sú breyting samkvæm óskum hennar. En auk þess horfði þetta mál svo einkennilega við, þegar það var fyrst borið upp, að þá voru báðir bankastjórarnir settir og annar gæslustjórinn líka.

ATKVGR.
Brtt. 674. tekin aftur.
— 764. — —
1. gr. samþ. með 17 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Sv., H. K., J. J., J. B., M. G., M. Ó., P. J., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. St., E. A., E. Árna.

nei: P. O., P. Þ., S. St., Þorl. J., B. K., Ó. B.

Þrír þm. (E. J., J. M., M. P.) fjarstaddir.

2.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 2 atkv.

Á 54. fundi í Nd., föstudaginn 7. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 627).

Björn Kristjánsson: Við 2. umr. hafði jeg ekki við hendina skilríki, sem þurfti, til þess að hrekja til fullnustu eitt atriði í ræðu háttv. frsm. (E. Árna.). Hann hjelt því fram, að slík kyrstaða hefði verið í viðskiftum Landsbankans og störfum að undanförnu, að fyrir þá sök þyrfti að fjölga bankastjórunum, svo að bót yrði ráðin á þessu. Jeg hafði þá ekki við höndina tölur þær, er mótmælalaust sýna, á hve litlum rökum þessi staðhæfing háttv. þm. (E. Árna.) er bygð. En nú hefi jeg þær, og skal jeg leyfa mjer að skýra frá þeim, svo að sjá megi, hvar sannleikurinn er í þessu máli.

Eins og háttv. þingdm. mun kunnugt sendi Landsbankastjórnin öllum alþingismönnum skýrslu um Landsbankann og hag hans árið 1915. Aftan við reikning bankans var prentuð tafla, sem sýndi framþróun bankans frá því að hann var stofnaður og til ársloka 1915. Af því að jeg tel sennilegt, að háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) hafi eigi kynt sjer töflu þessa, skal jeg nú af nýju rifja upp höfuðatriðin úr henni og bæta við samskonar yfirliti yfir árið 1916. Jeg læt mjer þó nægja að sýna í yfirliti þessu vöxt og viðgang bankans frá því að jeg kom að honum, 1. jan. 1910, og til ársloka 1916, svo að sjá megi, á hve miklum rökum það er bygt að vera að tala um kyrstöðu.

Yfirlitið lítur þannig út:

Lán og víxlar 31. des. 1916	kr.	14959144,00
Lán og víxlar 31. des. 1909	—	9955414,00
Mismunur	kr.	5003730,00

Lánin hafa því vaxið á þessum 7 árum að meðaltali um nálega 715000 kr. á ári. Við þetta bætist svo, að annar banki starfar við hliðina á Landsbankanum, banki, sem sjálfsagt hefir lánað ekki minna fje út á þessum tíma en Landsbankinn. Þegar á þetta er litið, má það efasamt telja, að holt hefði verið eða heillavænlegt fyrir jafnfámenna þjóð og ekki auðugri en Íslendingar eru, að meira hefði verið lánað út á þessum árum en gert hefir verið.

Á hlaupareikningi stóðu 31. des. 1916 . . .	kr.	1237073,00
Á hlaupareikningi stóðu 31. des. 1909 . . .	—	760322,00
Mismunur	kr.	476751,00

Umsetning bankans var 1916	kr.	100759210,00
Umsetning bankans var 1909	—	36190854,00
Mismunur	kr.	64568356,00
Varasjóður var 31. des. 1916	—	1328794,00
Varasjóður var 31. des. 1909	—	706283,00
Mismunur	kr.	622511,00

Auk þessa hefir á þessum 7 árum verið strikað út af ónýtum lánum um 300000 kr., svo að í raun rjettri er þessi 7 ára gróði samtals rúm 900000 kr.

Sparisjóðsfjeð var 31. des. 1916	kr.	8821798,00
Sparisjóðsfjeð var 31. des. 1909	—	3023172,00
Mismunur	kr.	5798626,00

Þetta er nú kyrstaðan, sem háttv. þm. (E. Árna.) er að tala um. Þessar tölur verða ekki rengdar, og eru miklu ábyggilegri en tölur þær, sem óhlutvandir skuggasveinar lauma að þeim, sem þeir hafa ánetjað, tölur, sem þeir hafa tekið eftir sínum heimildum og á þann veg, sem þeim hefir þótt sjer sjálfum best henta.

Jeg hygg, að ráðlegast hefði verið fyrir háttv. frsm. (E. Árna.) að kynna sjer málið hjá mjer, sem, eins og vita má, er því gagnkunnugur. En því miður virðist hann hafa leitað fræðslu annarsstaðar og þar sem síður skyldi.

Jeg ber virðingu fyrir gáfum bænda, og hefi komist að raun um, að hjer á þingi sitja margir gáfaðir bændur. Jeg ber líka virðingu fyrir þekkingu þeirra á þeirra eigin sviði. En nokkurn skugga hlýtur að bera á þessa virðingu, þegar þeir fara að fást við efni, sem þeir, eftir hlutarins eðli, hljóta að bera fremur lítið skyn á. Jeg hefi haft þá reglu hjer á þingi að þeitast ekki fyrir þeim málum, sem jeg hefi fundið að jeg hefi ekki haft næga þekkingu á, t. d. búnaðarmálum; um þau hefi jeg viljað láta bændur fjalla sem mest, því að jeg veit, að þar hafa þeir meiri þekkingu og reynslu til brunns að bera; þar hefi jeg látið mjer nægja að kynna mjer málin eftir því, sem jeg hefi haft föng á, og leita upplýsinga þar, sem jeg hefi ætlað, að þær mætti ábyggilegastar fá, og greitt síðan atkvæði eftir því, sem jeg hefi haft best vit á. Þesskonar mál geri jeg ekki að kappsmáli, og geri ist eðlilega ekki forvígismaður þeirra; jeg vil ekki eiga það á hættu að spilla góðu máli fyrir þekkingarskort á því. Þessi regla hefir mjer vel gefist, og óskandi væri, að sem flestir vildu fylgja henni.

Það eru bændur, sem ætla að gera frv. þetta að lögum; þeir eru flestir hjer í deild og ráða mestu. En því gæti jeg trúað, að þeir sæju síðar, að þeir hefðu farið helst til geyst í þessu máli; jeg get trúað því, að þá er þeir koma aftur undir hin heilögu áhrif sveitakyrðarinnar og fjallaloftsins okkar, þá muni þeir átta sig á því, að þeir hafi oftreyst viti sínu og fortölum annara.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) segir, að annar bankastjórinn hafi verið fylgjandi frv. 1915. Jeg verð að svara þessu því, að um það er mjer ekki kunnugt, að svo hafi verið. Jeg get að sjálfsögðu ekki um það sagt, hvort hann hafi látið einhver slík orð falla við háttv. þm. (E. A.); en þó veit jeg ekki betur en að öll bankastjórnin væri þá á móti því frv., og skal jeg skýra frá því, að bankastjórnin hafði þá undirbúið frv. um breyting á bankalögunum og ætlaðist til, að það yrði lagt fyrir þingið. Höfuðefni þess var: 1. að skipun bókara og gjaldkera og frávikning

skyldi að öllu leyti lögð í hendur bankastjórnar. 2. að bankastjórninni skyldi heimilt að fjölga bókurum og gjaldkerum við bankann eftir þörfum og ákveða laun þeirra. 3. að þóknun sú, sem gæslustjórar fengju fyrir eftirlitið með störfum bankans og veðdeildar, skyldi hækkuð og skyldustarfstími þeirra lengdur. Tillögurnar í þessu frv. bankastjórnarinnar ganga fullkomlega í berhögg við frv. það, sem nú liggur fyrir háttv. deild. Meðbankastjóri minn var þeim fullkomlega samþykkur, og getur því ekki verið um að ræða, að hann hafi þá verið á annari skoðun.

Þegar kom á þing 1915, mætti mjer frv., sem stjórnin bar fram, og því gat jeg ekki flutt frv. bankastjórnarinnar. Þegar frv. stjórnarinnar var komið fram, þá lagði jeg það fyrir bankastjórnina og bar það undir hana, hvernig taka skyldi í það, og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp útskrift úr einkagerðabók bankastjóra Landsbankans, og hljóðar hún þannig:

»Mánudaginn 12. júlí 1915, kl. 4, kom bankastjórnin á fund í stofu bankastjórnarinnar í Nýja pósthúsinu, til að ræða um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun Landsbanka, 18. sept. 1885, m. m.

Mál þetta hefir ekki verið borið undir bankastjórnina af landsstjórnarinnar hendi. Sem stendur virðist frv. þetta óþarft og að efni til annars eðlis en bankastjórnin mundi hafa lagt til, ef það hefði verið borið undir hana. Hins vegar hafði bankastjórnin þegar samið frv. um, meðal annars, að vald það, sem ráðherra nú hefir til þess að skipa og afsetja bókara og gjaldkera, væri lagt í hendur bankastjórninni einni, og eru það tillögur bankastjórnarinnar, að svo verði gert.

Fundi slitið.

Björn Kristjánsson. Björn Sigurðsson.
Jón Gunnarsson. Vilhj. Briem«.

Eins og sjá má af þessu leggur öll bankastjórnin einróma móti frv. því, sem hjer á að samþykkja í dag; og jeg veit ekki betur en að skoðun hennar sje óbreytt þann dag í dag. Að vísu hafa orðið mannaskifti í einu sæti í bankastjórninni, prófessor Eiríkur Briem komið í staðinn fyrir Vilhjálm Briem. En eftir viðtali við Eirík Briem veit jeg ekki betur en að hann sje sömu skoðunar um þetta mál sem hinir í bankastjórninni. Jeg hefi viljað, að fundargerð bankastjórnarinnar kæmi fram í ræðu minni, svo að almenningi gæfist kostur á að sjá, að frv. þetta fer þvert á móti vilja og ályktun bankastjórnarinnar.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um málið; jeg veit, að forlög þess eru þegar ákveðin, og tek þeim með rósemd. En jeg taldi það skyldu mína að skýra frá því, sem jeg hefi nú gert, svo að menn gengju ekki gruflandi að því, hvað hjer á að gera, og það bið jeg háttv. þingdm. að athuga vandlega nú, er þeir greiða atkv. um frv. þetta í dag.

Frsm. (Einar Árnason): Jeg skal ekki vera langorður um þetta mál, því að jeg tel að sjálfsögðu óþarft að ræða það nú. En jeg get þó ekki annað en minst á nokkur atriði í síðustu ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.). Það virtist kenna hjá honum töluverðs misskilnings á því, sem jeg sagði við 2. umr. þessa máls um kyrstöðuna í bankanum. Jeg tók það fram þá, að það væri kyrstöðufyrirkomulag, við hvaða stofnun sem væri, ef stjórnin gæti skifst í 2 jafna hluta. Jeg tók það líka skýrt fram, að

gróði Landsbankans og umsetning hefði aukist mikið, og því voru tölur þær, er háttv. þm. (B. K.) las upp, óþarfar. Það er ekkert undarlegt, þótt viðskifti Landsbankans hafi aukist, þegar á það er litið, að sparisjóðsfje hefir aukist um margar miljónir, en það, að sparisjóðsfje hefir safnast þarna, get jeg ekki sjeð að sje að þakka bankastjórunum. Það mætti líka fyr vera andhælisleg stjórn, sem ekki gæti látið umsetning bankans vaxa við það stórfje, sem almenningur hefir lagt þar inn. Hins vegar hrakti háttv. þm. (B. K.) það ekki, að kyrstöðufyrirkomulag væri út á við. En það var einmitt það atriði, sem jeg lagði áherslu á um daginn, að sambönd og viðskifti bankans erlendis þyrftu að verða betri. Jeg get ekki skilið, hvernig á því stendur, að háttv. þm. (B. K.) er svo mikið á móti fjölgun bankastjóranna. (**B. K.:** Ekki fjölgun, heldur fækkun). Þetta er rangt hjá háttv. þm. (B. K.). Hann ætti að þekkja svo lögin frá 1909, að hann gæti gert mun á bankastjórum og bankastjórn. Hann hefir ekki heldur fært nein rök fyrir því, að það yrði breyting til þess lakara, sem ekki er heldur von. Þegar litið er á lögin frá 1909, þá er þar skýrt tekið fram, að 2 bankastjórar þurfi að skrifa undir, en hjer er verið að fara fram á, að bankastjórarnir skuli vera 3, og því undarlegra er þetta, þegar þess er gætt, að þessi sami hv. þm. (B. K.) hafði hugsað sjer að bera fram frv. á þessu þingi um að hafa bankastjórana 3, en hætti svo við það, af einhverjum óskiljanlegum ástæðum. Það, sem hann var að víkja til bænda, finst mjer tæplega viðeigandi, því að það voru ekki bændur, sem báru frv. inn í þingið, heldur 2 sýslumenn, og hvað viðvíkur afgreiðslu málsins í Ed., þá voru það ekki bændur, sem hjeldu því uppi þar. (**B. K.:** En hjer í deildinni?). Ef þetta á að skiljast sem ásökun til bænda hjer í deildinni, þá kemur hún úr hörðustu átt, þar sem allir fylgismenn hans í þessu máli hjer eru bændur. En það skal játað, að liðið er fáment. Það er annars undarlegt, ef bændur mega ekki hafa sannfæringu í þessu máli sem öðrum. Jeg skal ekkert segja um það, en jeg býst við, að bændur noti það af því, sem þeim þykir nýtilegt, en sleppi hinu fram hjá sjer. Hinar skáldlegu líkingar hans um fjallaloft og sveitasælu sje jeg ekki að komi þessu máli við. En það verð jeg að segja, að ef hið andlega loft Reykjavíkur er svo spilt, að sveitamenn, sem þangað koma, mannskemmast á fáum dögum, hvað má þá ætla um þá, sem hafa alið þar mestan sinn aldur?

Björn Kristjánsson: Það getur vel verið, að jeg hafi misskilið háttv. frsm. (E. Árna.) eitthvað, en jeg held þó helst, að jeg hafi ekki gert það, því að það hlýtur að vera kyrstaða í störfum, ef það er kyrstaða út á við. Hann hefir nú játað, að það hafi ekki verið kyrstaða í bankanum, en hann sagði, að það væri ekki stjórninni að þakka, heldur hefðu peningarnir komið sjálfir, og getur það vel verið, því að jeg ætla ekki að fara að draga mjer meiri heiður en háttv. þm. vilja gefa okkur bankastjórunum.

Jeg er ekki á móti því að hafa þrjá bankastjóra, en jeg er á móti því að fækka mönnum í bankastjórninni, því að það hlýtur að leiða til þess, að hún verði ekki starfshæf, og það hefi jeg altaf verið að prjedika hjer, án þess að menn hafi skilið það. Jeg hefi skýrt frá því, að það er oft erfitt að ná undirskriftum tveggja bankastjóranna samtímis; en háttv. deild hefir ekki tekið tillit til þess. Jeg hefði getað búist við, að nefndin hefði athugað þetta til 3.

umr. og bætt úr því, með því að heimila t. d. bókara að skrifa undir. Þetta hefi jeg bent á, en því hefir ekki verið sint. Eins spurði jeg um það við 2. umræðu, hvernig nefndin ætlaðist til, að settum bankastjóra yrði borgað, og var svarað því af mjög lögfróðum manni, að það færi eftir almennum reglum, eða með öðrum orðum, að það yrði tekið af launum þess bankastjórans, sem fjarverandi er. Ef bankastjórinn siglir í þarfir bankans, þá verður hann eftir því að láta laun sín ganga til þess, sem settur er í hans stað. Svona ætlar þingið að skilja við þetta mál. Það er laust við, að jeg hafi nokkuð á móti því, að bændur fylgi sannfæringu sinni á þingi. Jeg vildi bara óska, að þeir gætu það, því að ef þeir gerðu það, þá færi alt betur en fer.

Einar Arnórsson: Jeg ætla að eins að gefa örlitla skýringu. Það er rjett hjá háttv. 1. þm. G.-K (B. K.), að jeg svaraði fyrirspurn hans um laun setts bankastjóra á þá leið, að það væri eftir almennum reglum, en sú ályktun, sem hann dró út úr þeim orðum mínum, var ekki rjett, því að hann tók það dæmi, að bankastjóri færi utan í erindum bankans. Þá er manninum skipað að fara til þess að gegna starfi sínu, en hann getur ekki verið á tveim stöðum, og því er sjálfsagt að taka ekki af launum hans, því að hann gætir embættis síns eftir sem áður.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:3 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 848).

66. Útmælingar lóða.

Á 20. fundi í Ed., fimtudaginn 2. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 3, 13. mars 1891, um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum o. fl. (A. 260).

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 4. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Kristinn Daníelsson): Sjávarútvegsnefnd hefir leyft sjer að koma fram með þetta litla frv.

Það er nýmæli, sem í felst tillaga um breyting á lögum frá 13. mars 1891, um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum.

Samkvæmt lögunum er að eins hægt að fá útmældar lóðir í verslunarstöðum, en nefndin vildi einnig ná til að fá lóðir útmældar, þótt utan kauptúna væri, t. d. í veiðistöðum, hvort sem væri til sjávarútgerðar, verslunar eða iðnaðar. Nefndin vildi einnig taka með iðnað, þótt hún væri aðallega að hugsa um sjávarútveginn, því að iðnaður er í lögunum nefndur, þótt ekki sje heimilað að taka eignarnámi lóðir, sem ætlaðar eru fyrir iðnað, og virtist því nefndinni eftir atvikum rjett að taka hann með. Að öðru leyti vil jeg vísa til greinargerðar þeirrar, er frv. fylgir.

Þá stendur frv. í nánu sambandi við frv. það, sem samþykt var um notkun hafna. Það er nefnilega gagnslaust að hafa reglugerð um notkun hafna nema sjeð sje um að hafa nægilegar lóðir á landi til þess að geta notað höfnina.

Jeg hygg, að ekki sje fleira við þetta, er útskýringa þurfi. Vona jeg, að háttv. deild veiti þessu máli sömu vinsamlegu viðtökurnar og frv. um notkun hafna.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 260).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg skýrði við 1. umr. þessa máls frá þeim breytingaratriðum frá núgildandi lögum, sem í þessu frv. felast. Sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um málið, en vona, að frv. fái góðan byr í háttv. deild.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. — — 13 — —
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., fimtudaginn 9. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 260).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 10. ágúst, var útbýtt
Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 3, 13. mars 1891, um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og á löggiltum kauptúnum o. fl.,
eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 376).

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 13. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Benedikt Sveinsson: Jeg get ekki betur sjeð en að frv. þetta, á þgskj. 346, sje mjög athugavert, jafnvel þótt það komi frá Ed. og hafi náð þar fram að ganga. Og furðar mig á því, að þeir lögfræðingar, sem þar eiga sæti og hafa fjallað um þetta mál, skuli ekki hafa gengið betur frá því en raun hefir á orðið. Það mun stappa nærri því, að frv. brjóti í bága við 50. grein stjórnarskrárinnar frá 5. jan. 1874; svo nærri gengur það eignarrjetti manna.

Frumvarp þetta er að vísu sniðið eftir lögum frá 13. mars 1891 og svipað að orðalagi, en það er aðgætandi, að sú heimild, sem þar var gefin fyrir menn til þess að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og kauptúnum, til afnota við verslun, er miðuð við »almenningsheill«; heimildin til þess að fá verslunarlóð er gefin til að koma í veg fyrir, að ein einstök verslun eða svo geti verið einvöld í kaupstað eða kauptúni, þar sem hún kann að hafa náð undir sig öllum lóðum, sem hæfar eru til verslunar, bægt öðrum frá að setjast þar að, og þannig haft í frammi fullkomna einokun við alla þá, er þangað sækja verslun. Og hafa slíks verið mörg dæmi fyrrum hjer í landi. Þar sem svo stóð á, var það almenningsheill, heill alþýðunnar, er verslun sótti til staðarins, að þar væri hverjum heimilt að setjast að til þess að reka verslun. Á þennan hátt styðjast lögin frá 13. mars 1891 við undantekninguna í 50. gr. stjórnarskrárinnar. Þar sem ræða er um almenningsheill í sambandi við þau lög, þá er þar ekki átt við hag þeirra fáu einstaklinga, sem kunna að græða á því að fá rjett til þess að taka lóð og setjast að til að versla, heldur miklu fremur hag almennings, sem batnar við

það, að frjáls samkepni geti átt sjer stað í versluninni. Þó hafði verið mjórra muna vant, að þau lög strönduðu einmitt á því, að dönskum stjórnarvöldum, er þá rjeðu, þótti þau nærgöngul 50. gr. stjórnarskrárinnar.

En um frv. það, er hjer liggur fyrir, er þó alt öðru máli að gegna. Þegar svo langt er gengið, eins og hjer á sjer stað, að mönnum er gert heimilt að nema lönd annara til að reka iðnað á, eða fást við sjávarútveg í sjálfs sín þarfir, þá get jeg ekki með mínum besta vilja sjeð, að það miði að sjálfsögðu til almenningsheilla. Jeg hefi og hvergi orðið þess var, að almennar óskir hafi komið fram um slíka löggjöf sem þessa. Málið er gersamlega órætt meðal þjóðarinnar.

Það getur trauðla verið mjög til almenningsheilla að veita einhverjum Sörensen rjett til þess að helga sjer eign annars manns, að honum nauðugum, til þess að setja þar upp vindlagerð, brjóstsykurgerð eða einhvern ámóta þarflegan atvinnurekstur. En á hinn bóginn gæti það verið mjög handhægt þeim, er vildi ná sjer í lóðarskika, að hafa eitthvert þvílíkt »iðnaðarfyrirtæki« að skálkaskjóli, til þess að fá aðstoð stjórnarvaldanna til landnámsins.

Þetta hefir þó ekki vakað fyrir háttv. sjávarútvegsnefnd Ed., er kom frv. á flot, heldur er það borið fram vegna einhverra útgerðarmanna, er ætla sjer að hagnast á þessari lagasmíð. Það er nú kunnugt af blöðunum, að óánægja hefir verið meðal einhverra útgerðarmanna út af kjörum þeim, er þeir hafa sætt í veiðistöð einni hjer í grend, Sandgerði. Hefir verið kvartað um, að eigendur veiðistöðvarinnar settu útróðrarmönnum hörð skilyrði, áskildu sjer kaup á allri lifur lægra verði en annarsstaðar fengist, tækju háan hlut fyrir uppsátur og húslán o. s. frv. Ef slíkar sögur væru sannar, þá þyrfti bót á að ráða.

En nú vill einmitt svo vel til, að hjer er á ferðinni annað frv., á þgskj. 141, um »heimild fyrir stjórnina til að setja reglugerðir um notkun hafna«, og tekur það frv. berum orðum fyrir alla þá misbeiting, sem nefndarmenn hafa viljað hnekkja og komið hefir þeim til að bera fram frv., sem nú er til umræðu. Þetta nýja frv. er því gersamlega óþarft og ástæðulaust, þegar hitt er fram komið.

Mörgum kann nú reyndar að sýnast þetta frv. meinlaust í fljótu bragði, en ef það er vel íhugað, þá hygg jeg, að þeim verði ljóst, að það muni geta dregið óþægilegan dilk á eftir sjer. Skil jeg ekki í öðru en að mörgum lóðareiganda þætti þungt undir að búa að vera sviftur þeim rjetti, er 50. gr. stj.skr. veitir honum. Ef hann á lóð, sem hann notar eigi sjálfur í svip, eða getur ekki notað, sakir hnekkis þess, er styrjöldin veldur, þá getur Pjetur eða Páll komið og slegið eign sinni á lóðina eða fengið yfirráð hennar, hvað sem líður vilja eigandans eða fyrirætlunum hans um notkun hennar í framtíðinni. Aðskotadýrið þykist þurfa hennar til iðnaðar eða útvegs, og það er nóg. Eigandinn er rjettlaus, þótt hann sjálfur ætli sjer að hagnýta lóðina við fyrsta tækifæri. Ekki bætir það hag hans, hversu um leiguskilmálana er búið. Þar skal farið eftir geðþótta þriggja manna, ef aðiljar verða ekki ásáttir. Þetta ákvæði er að vísu hið sama sem í lögunum um útmæling lóða í kauptúnum og kaupstöðum, en þar sem þetta frv. er langtum víðtækara en lögin, þá verður ákvæðið hjer þeim mun skaðlegra og ranglátara. Það virðist næsta hart og ótilhlýðilegt að þurfa að hlíta fyrstu gerð þessara

matsmanna og vera fyrirmunað að fá yfirmat, sem þó er oftast venja, þegar líkt stendur á.

Ónákvæmt er það til orða tekið, er frv. mælir svo fyrir, að »þeir, sem eiga stórar lóðir í kaupstöðum«, skuli skyldir að láta þær af hendi við aðra, á þann hátt, sem til er tekið. Hvað er stór lóð? Hver á að dæma um það? Eiga menn að vera háðir geðþótta þeirra, sem heimta lóðina, þar sem svo er fyrir mælt, að þeir fái það útmælt, sem þörf þykir. Það er ekkert tekið fram um það, hvort það sje sá, er biður um lóðina, eða matsmennirnir, sem eigi að ráða þessu. — Virðist þá helst svo að skilja, að það sje umbiðjandinn, því að hjer er ger breyting frá því, sem ákveðið er í lögunum frá 13. mars 1891. Þar stendur svo í 2. gr.:

»Bæði þeir, sem eiga lóðina . . ., og aðrir, er lögmæt rjettindi hafa eignast yfir landinu eða lóðunum, eru skyldir að láta af hendi . . . svo mikla óbygða lóð, sem útmælendum þykir þörf á o. s. frv.« En í 2. gr. þessa frv. er ger sú breyting á þessu, að útmælendum er ekki fengið valdið til að ákveða lóðarstærðina, heldur fær umsækjandi svo stóra lóð, »sem þörf þykir«. — Bendir breytingin ótvírætt á, að þetta eigi að vera komið undir vilja og áliti umsækjandans, og er þetta enn eitt, sem horfir til stórskemdar á ákvæðum gömlu laganna.

Þá sýnist mjer, að háttv. sjávarútvegsnefnd Ed. hafi mistekist við síðari málsgrein 2. gr. frv., sem er svo hljóðandi:

»Rjett á lóðareigandi til, að ársleigan eftir lóð hans sje metin á ný, á 25 ára fresti, eða um hana samið«. Þó viðurkennir nefndin í greinargerð sinni fyrir frv., »að jafnframt þyki sanngjarnt, að ársleigu eftir lóðina megi meta á ný á nokkurra ára fresti, þar sem verð á leigu á lóðum geti verið háð miklum breytingum«, og er það hverju orði sannara. En hví tekur hún þá ekki til skemra tímabil? Það getur orðið óhagkvæmt fyrir báða aðilja, að ekki skuli metin leigan nema á 25 ára fresti, sem er því nær heill mannsaldur. Setjum t. d. svo, að nú vilji maður fá sjer lóð í fiskiveri, sem er í miklum uppgangi, og gjaldi eftir hana háa leigu, en ef svo alt fer í niðurníðslu eftir nokkur ár, þá verður hann eftir sem áður að borga þessa háu leigu, þangað til 25 ár eru liðin.

Á hinn bóginn gæti og staðið svo á, að menn gætu náð lóðum gegn mjög lágri leigu í nýju fiskiveri, en svo kæmist verið í mesta uppgang, og væri þá ósanngjarnt, að eigandi þyrfti að hlíta hinu lága gjaldi í heilan fjórðung aldar. Þar sem nefndin viðurkennir þetta og telur rjett að meta lóðirnar »á nokkurra ára fresti«, þá hefði hún átt að ákveða, að matið skyldi gilda til 5 ára í senn eða svo. Hefði það verið sanni nær, og þarf að laga þetta, ef frv. á að ná fram að ganga. — Einnig er nauðsynlegt að ákveða, að yfirmat skuli fara fram um andvirði eða leigu lóðar, ef aðiljum líkar eigi gerð matsmannanna.

Ýmsa galla frv. má auðvitað lagfæra í nefnd, en í heild sinni er frv. bygt á röngum grundvelli, þar sem það kemur í bága við 50. gr. stórnarskrárinnar og getur ekki stuðst við undantekninguna um »almenningsheill«, eins og lögin frá 1891. — Þar sem þessi lagasmíð er einnig algerlega óþörf, vegna rjettarbóta þeirra, sem koma fram í frv. um notkun hafna og vísan framgang eiga, þá er hið eina rjetta að fella frv.

Forsætisráðherra (J. M.): Því hefir verið hreyft, að frv. þetta gengi

um ofnærri eignarrjetti manna og riði með því í bága við stjórnarskrána.

Það er víst um það, að frv. er varhugavert og að þetta hefir við mikið að styðjast. Vil jeg því mæla með, að frv. verði vísað til allsherjarnefndar, svo að hún geti athugað það, og þá ekki síst þetta atriði.

Bjarni Jónsson: Mjer þykir mjög leitt að heyra, hvernig þeir tveir háttv. þingmenn, sem talað hafa, hafa tekið í þetta ágæta mál. En jeg vona hins vegar, að allsherjarnefnd geri það fyrir mín orð að vægja þessu frv. Svo er mál með vexti, að mig hefir lengi langað mikið til að ná mjer í lóðarblett hjer í bænum, á milli Safnahússins og bústaðar hæstv. forsætisráðherra, en ekki tekist hingað til. Er því ekki nema eðlilegt, að jeg grípi tækifærið, þegar það berst upp í hendur mjer með þessu fágæta frv., og telji þetta kost á því, en ekki löst, sem getur verið mjög handhægt fyrir menn að færa sjer í nyt, þegar þeim liggur á að fá sjer lóð, hvort sem er hjer í Reykjavík eða annarsstaðar. Jeg vona, að svo mæltu, að háttv. allsherjarnefnd fari ekki að níðast á mjer og taka frá mjer þennan hvalreka, sem mjer hefir hlotnast í fyrsta sinn á æfinni!

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj., og til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) með öllum gr. atkv. gegn 1.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 22. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 376, n. 519).

Framsm. (Einar Arnórsson): Þetta frv. er komið frá háttv. Ed., og allsherjarnefnd hefir tekið það til athugunar. Eins og nefndarálitið ber með sjer leggur nefndin til, að frv. verði breytt töluvert.

1. aðalbreytingin á frv. er sú, að það ætlast til, að þeir fái einnig rjett til að fá útmælda lóð, sem þar ætla að reka iðnað. Þetta þótti nefndinni altof langt gengið, og leggur hún því til, að því verði breytt.

2. athugasemdin er sú, að lögum samkvæmt er ekki heimilt að reka fastaverslun í veiðistöð, sem ekki er löggiltur verslunarstaður. Af þessu leiðir, að breyta verður því ákvæði í frv., að menn geti krafist eignarnáms á lóðum til verslunar á þessum stöðum.

Aftur á móti fanst nefndinni rjett að veita útgerðarmönnum sama rjett til að fá útmældar lóðir í veiðistöðum til notkunar handa útvegi sínum sem lögin frá 13. mars 1891 veita verslunarmönnum í löggiltum kauptúnum.

Af þessum aðalbreytingum leiddi það, að breyta varð frv. öllu, og þótti nefndinni brotaminst að taka lögin frá 13. mars 1891 upp í frv., svo að þau falla úr gildi, ef þessar breytingar verða samþyktar.

Það varð ekki hjá því komist að gera breytingar á 4. og 5. gr. laganna, sem voru sjálfsagðar afleiðingar af aðalbreytingunum, og því ráðlegast að láta þau alveg falla úr gildi. Í lögunum frá 13. mars 1891 eru líka ýmsir forngripir, sem fullkomin ástæða er til að nema burt. Jeg geng annars út frá, að menn hafi lesið nefndarálitið, og sje því málið fyllilega ljóst.

Jeg sje því enga ástæðu til að fara fleirum orðum um það að sinni, en vona, að það geti fengið að halda leiðar sinnar.

ATKVGR.

Brtt. 519, 1. (ný 1. gr.) samþ. í e. hlj.

Brtt. 519, 2. (ný 2. gr.) samþ. í e. hlj.
— 519, 3. (ný 3., 4., 5., 6. og 7. gr.) samþ. í e. hlj.
— 519, 4. (við upphaf frv.) samþ. í e. hlj.
— 519, 5. (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv., svo breyttu, vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 42. fundi í Nd., föstudaginn 24. ágúst, var frv. tekið til 3. u m r., með fyrirsögninni

Frumvarp til laga um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o. fl. (A. 588).

Benedikt Sveinsson: Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er soðið upp úr frv.-óskapnaði, sem hingað kom frá Ed. Nú hefir nefndin sniðið af því suma aðalgallana, t. d. þann, að heimta megi lóð til verslunar í fiskiverum, þar sem ekki er leyft að versla. Enn fremur, að hver, sem vill, geti tekið lóð til iðnaðarfyrirtækis, þótt ekki væri annað en að vefja vindlinga. Þessir stórgallar hafa nú verið lagaðir af nefndinni, og er það góðra gjalda vert, en mistekist hefir henni þó, er hún kemur fram með frv. breytt, á þgskj. 588, því að langrjettast hefði henni verið að ráða til að fella frv. með öllu.

Nefndin hefir kannast við það, að frv. hafi brotið bág við 50. gr. stjórnarskrárinnar, eins og það var, þegar það kom frá Ed. Þó að frv. sje nú eigi jafnviðtækt í brotum á eignarrjetti sem áður, þá hefir nefndin þó alls eigi lagað þennan höfuðþverbrest frv. að fullu, eins og hverjum má vera ljóst, er les ummæli nál. og síðan till. nefndarinnar sjálfrar.

Það er hart, ef maður, sem á góða lóð, en getur ekki notað hana um sinn af einhverjum ástæðum, skuli skyldur að láta hana af hendi við hvern sem er, ef sá hinn sami þykist vilja setja eitthvert lítils háttar útgerðarfyrirtæki á stofn. Þetta væri hin mesta skerðing á eignarrjettinum, og þeir eru ekki fáir, sem hjer eiga hlut að máli. Menn geta krafist að fá útmældar lóðir, þar sem þeir eiga von á hækkun verðsins, vita t. d., að reka á útgerð að ófriðnum loknum eða gera hafnarvirki. Þessi skerðing mundi ekki eingöngu koma niður á einstökum mönnum, heldur og á landssjóði. Það er kunnugt, að landssjóður heldur enn eftir eignum, þar sem telja má líkleg hafnarstæði eða vel fallið til kauptúna o. s. frv. Eftir þessu frv. yrðu slíkar eignir í hershöndum. Það er að vísu gert ráð fyrir því, að lögin nái að eins til innlendra manna, en með því er þó engan veginn girt fyrir leppmensku; en nú vitum vjer það, að útlendar þjóðir ýmsar hafa mikinn hug á síldveiðum hjer við land; þeim er nú ekkert hægara en að láta leppa sína ganga í að ná tangarhaldi á lóðum, þar sem vænlegt væri til síldveiða — einmitt á meðan ekki er hægt að nota þær vegna styrjaldarinnar. Jeg er hræddur um, að það yrði ekki lítil skerðing á eignum landssjóðs, ef hin og þessi aðskotadýr, sem verða mundu sem mý á mykjuskán, heimtuðu sjer útmældar lóðir t. d. í Vestmannaeyjum eða Nesi í Norðfirði, kauptúnum, sem nú eru í miklum uppgangi, eða þá Siglufirði, Ingólfsfirði, Raufarhöfn eða öðrum slíkum stöðum, og nytu þess eins, að lóðir eru þar ef til vill lítið notaðar nú sem stendur.

Í 6. gr. frv. er þess getið, að lögin nái ekki til Reykjavíkur. Það er vel, að Reykjavík nýtur þessara forrjettinda,

en hitt er síður ljóst, hvers vegna aðrir kaupstaðir, Hafnarfjörður, Skutilsfjörður, Akureyri og Seyðisfjörður, eiga að vera ofurseldir gripdeildum þeim og eignaráni, sem hjer er verið að heimila. Jeg er viss um, að hinum stærri kaupstöðum þykja það þungar búsifjar að láta lóðir af hendi við hina og þessa, hvar sem þeir vilja, ef ekki eru notaðar í svip. Þessar breytingar mundu bersýnilega koma miklum ruglingi á alt viðskiftalíf manna. Meðal annars yrði mikill ruglingur á veðum, er hvíla kunna á eignum þeim, er bútaðar kunna að verða niður og hrifsaðar af Pjetri og Páli. Mundi það valda allmiklum vafningum, fyrirhöfn og vandræðum að koma aftur lagi á veðböndin.

Hæstv. forsætisráðherra hefir lýst yfir því, að hann væri andvígur frv., enda er þess full von, að landsstjórnin vilji ekki stuðla að því, að þessi lög nái fram að ganga, svo ljelega sem frá þeim er gengið, og þó einkanlega þar sem landsstjórnin á hjer mikið í húfi; hún ræður yfir, fyrir landssjóðs hönd, miklum lóðum í kaupstöðum, kauptúnum og fiskiverum úti um alt land, og henni er skylt að varðveita rjett landsins yfir eignum þess.

Í samræmi við það, er jeg hefi nú fært rök fyrir, vil jeg leyfa mjer að bera fram og afhenda forseta svo felda rökstudda dagskrá:

Með því að frv. þetta felur í sjer mikilsvarðandi skerðing á eignarrjetti mjög margra einstakra manna og hins opinbera, hefir alls eigi verið rætt meðal þjóðarinnar og þyrfti grandgæfilegrar athugunar við, áður gert væri að lögum, og getur orkað því, að menn, bæði innlendir og útlendir, geti í skjóli slíkra laga náð undir sig verðmætum eignum fyrir lítið verð, — og í trausti þess, að stjórnin athugi málið til næsta þings, og leggi þá frv. fyrir þingið, ef henni þykir ástæða til, er hafi inni að halda bæði tryggingar fyrir eigendur lóða og sjávarútvegsmenn, er fá vilja útmældar lóðir í kaupstöðum og í löggiltum kauptúnum og fiskiverum, — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Frsm. (Einar Arnórsson): Hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) hefir nú sagt margt ljótt af þessu frv., þótt hann hafi hins vegar viðurkent, að það hafi batnað talsvert í meðferð nefndarinnar. Hann talaði fyrst um þá rjettarskerðing, sem frv. hefði í för með sjer. Það er alveg rjett athugað hjá hv. þm. (B. Sv.), að það getur leitt af sjer rjettarskerðing í garð einstakra manna, sem eiga mikið ónotað af lóðum. En þar hefir nefndin líka bætt mikið úr, því að henni fanst ekki ástæða til að láta heimildina ná til iðnaðar, heldur að eins til sjávarútvegs og verslunar, eins og lögin frá 1891.

Árið 1891, þegar lögin frá 13. mars voru sett, þá var ástæðan fyrir því, að útmælingar til verslunar voru heimilaðar, sú, að menn vildu með þessum lögum kippa verslun landsins í það horf, sem hún er komin í nú. Með þessum ákvæðum voru auðvitað rjettindi manna yfir eignum sínum nokkuð skert, en það þótti góð latína þá, þar sem talið var, að það miðaði til þjóðarheilla, að almenningsheill krefðist þess. Þetta náði ekki til sjávarútvegsins þá, eins og meiningin er með þessum lögum, sem hjer liggja fyrir.

Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) fór mjög hörðum orðum um frv., eins og það kom frá háttv. Ed. Jeg skal játa, að í þeirri mynd var það mjög óaðgengilegt, og má það þó undarlegt heita, þar sem heil nefnd, sjávarútvegsnefndin, fjallaði um málið, og í henni á sæti lögfræðingur, sem er sýslumaður í einu af þeim

kauptúnum, sem háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) sagði að mundu verða mjög hart úti, ef frv. næði fram að ganga.

Nefndinni virtist ekki frágangssök að láta þetta ná til sjávarútvegs, þar sem það er alkunnugt, að mikið af lóðum, sem liggja vel við til útgerðar, eru í einstakra manna höndum. Þessir menn meina svo öðrum að reka þar útgerð, annaðhvort með bláberu banni, eða með einhverjum afarkjörum, sem ómögulegt er að ganga að.

Svo framarlega sem löggjöfin fellst á, að almenningsheill krefjist, að að sjávarútveginum sje hlynt eftir föngum, þá er þetta ekki meira stjórnarskrárbrot en lögin frá 13. mars 1891. Í raun og veru er hvorugt þetta brot á stjórnarskránni, ef mönnum kemur saman um, að almenningsheill heimti slíka ráðstöfun, því að í báðum tilfellum er ætlast til, að sá, sem lætur lóðina af hendi, fái fult endurgjald fyrir.

Mjer skildist á ræðu háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), að hann gengi út frá því, að sá, sem lætur útmæla sjer lóð, rjeði einn öllu um skilmálana. Þetta er misskilningur hjá háttv. þm. (B. Sv.), því að til eru reglur í lögunum frá 1891, sem skipa fyrir um þetta.

Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) nefndi það í þeirri rökstuddu dagskrá, er hann bar fram, að eftir þessu frv. gætu bæði útlendir og innlendir menn sölsað undir sig eignir annara. Þetta er væntanlega líka misskilningur hjá háttv. þm. (B. Sv.), því að það stendur skírum stöfum bæði í frv. og í stjórnarskránni, að fult endurgjald skuli koma fyrir. Þó er í þessu frv. sú rýmkun gerð frá því, sem stendur í lögunum frá 1891, að nú ræður sá, sem lóðin er mæld frá, hvort hún er heldur tekin til eignar, það er að segja seld, eða einungis á leigu.

Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) talaði enn fremur um það, að þessi lög mundu verða misbrúkuð. Um það er auðvitað ekki gott að segja fyrirfram. En ekki er mjer kunnugt um, að heimildin frá 1891 hafi verið mikið misbrúkuð. Og þar er þó um sömu takmörkun að ræða. Jeg tel víst, að hún hafi miklu heldur verið til mikils gagns, þar sem hún átti mikinn þátt í að endurreisa frjálsa verslun hjer á landi.

Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) sagði í ræðu sinni, að ef þetta frv. yrði að lögum, þá mundi »leppmenskan« blómgast hjer meir en áður hefir átt sjer stað.

Jeg skal að vísu ekki neita því, að það er með þessi lög eins og öll önnur, að það má fara í kringum þau, ef hjerlendir menn vilja gerast svo lítilþægir að vera leppar fyrir útlendinga.

En það var eitt atriði í þessu sambandi, sem háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) skaust yfir í ræðu sinni. Og það er, að eins og mönnum er kunnugt eiga útlendingar mikið af lóðum hingað og þangað úti um landið, sem þeir hafa sölsað undir sig áður fyr fyrir lítið verð. Ef nú þetta frv. verður að lögum, þá heimila þau einmitt mönnum að láta mæla sjer út eitthvað af þessum lóðum, sem þessir útlendu herrar hafa náð tangarhaldi á. Jeg vil líka geta um það, að í reglunum frá 1891 um útmæling lóða er það skýrt tekið fram, að útmæling á lóð á móti vilja eigandans skuli því að eins eiga sjer stað, að það sje bersýnilegt, að ekki náist samkomulag um frjálsa afhendingu á lóðinni. Og um útmælingar eftir þessu frv. fer eins.

Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) talaði um það í ræðu sinni, að þessi heimild næði ekki til Reykjavíkur. Þar er því til að svara, að þetta ákvæði frv. er óbreytt tekið upp úr lögum frá 13. mars 1891. Ástæða til þessa ákvæðis þar mun hafa verið sú, að löggjafarvaldinu hefir ekki sýnst nein þjóðarnauðsyn að láta þetta

ákvæði ná til Reykjavíkur. — Þá talaði háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) enn fremur um það, að ef útmæld væri samkvæmt þessu frv. lóð, sem kvaðir eða veð hvíldu á, þá gæti það valdið ruglingi. Það er að vísu ekki tekið fram í lögum frá 1891, en er hins vegar sjálfsagður hlutur, að sá, sem á veð í lóðinni, getur engu tapað við það, þó að lóðin verði seld. Auk þess er það tekið fram í lögum um framkvæmd eignarnáms, sem nú er einmitt að fara frá þinginu, hvernig farið skuli með veðrjett og önnur höft í lóð, sem tekin er eignarnámi. Jeg held, að eftir þessu frv. verði, að öllu samanlögðu, betur trygð rjettindi lóðareigenda en eftir lögum frá 1891. — Í fyrsta lagi mega þeir nú kjósa, hvort þeir vilji heldur selja lóðina eða leigja. Og í öðru lagi geta þeir heimtað, að leigan skuli metin á ný á 10 ára fresti, ef þeim líka ekki leiguskilmálarnir. Þetta mat skulu 2 dómkvaddir menn framkvæma nú, og ef málsaðiljar eru óánægðir með það mat, þá má heimta yfirmat samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Aftur á móti eftir núgildandi lögum á lögreglustjóri að meta, ásamt 2 öðrum til kvöddum mönnum. Það er ætlast til, að þetta sje fullnaðarmat, og því ekki hægt að heimta yfirmat. — Jeg held, að háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) þurfi ekki að vera neitt hræddur um, að eignarrjetturinn verði háskalega takmarkaður samkvæmt þessu frv.

Háttv. þm. (B. Sv.) talaði líka um það, að landið sjálft mundi geta orðið hart úti, þar sem það ætti margar slíkar lóðir.

Það er að vísu satt, að landið á mikið af lóðum, sem ekki er undanþegið, en þetta er engin röksemd út af fyrir sig, því að jeg get ekki skilið, að landið sje á neinn hátt rjetthærri eigandi en aðrir. Aðalatriðið í þessu máli er það, hvort hjer sje um almenningsheill að ræða eða ekki. Sje svo, þá er það í samræmi við stjórnarskrána, en annars ekki. Jeg hygg þó, að hjer sje mun betur um hnútana búið en í lögunum frá 13. mars 1891. Jeg skal svo ekki fjölyrða meir um þetta mál, en vil að eins geta þess, að þar sem þetta frv. er í öndverðu komið frá sjávarútvegsnefnd í háttv. Ed., þá geri jeg ráð fyrir, að það hafi í för með sjer töluverðar umbætur fyrir þá atvinnugrein. En hins vegar fellst jeg á það með hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), að eins og það í fyrstunni kom þaðan var það mjög óaðgengilegt. Enda hefir háttv. sami þm. (B.Sv.) játað, að það hafi batnað mikið hjá nefndinni hjer. Hvað þessari rökstuddu dagskrá líður, sem háttv. þm. (B. Sv.) ber fram, þá finst mjer, að hún geti ekki orðið samþykt, vegna þess, hve hún er freklega orðuð. Þar er tekið svo til orða, að menn geti sölsað undir sig eignir annara fyrir lítið endurgjald. Þetta finst mjer ekki viðeigandi tóntegund. Því að lögin gefa alls ekki tilefni til, að þetta sje mögulegt. Það er eins vel gengið frá þessu atriði og á annað borð er hægt í lögum.

Annars er mjer ekkert persónulegt keppikefli, að þetta frv. nái fram að ganga, en þeir, sem bera hag sjávarútvegsins sjerstaklega fyrir brjósti, æskja þess mjög.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg verð að taka í sama strenginn og háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) í þessu máli. Að vísu skal jeg játa, að í breytingum nefndarinnar felast miklar umbætur frá því sem var. En jeg tel ekki heppilegt að hrapa að málinu. Það má vel vera, að það þurfi að grípa til eignarnáms síðar meir handa sjávarútvegnum.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) »citeraði«

mikið gömlu lögin frá 1891. En honum ætti þó að vera vel kunnugt um það, að þá þótti mikið efamál, hvort þau gengju ekki of nálægt stjórnarskránni. Sú varð líka raunin á, að stjórnin setti reglur, sem takmörkuðu mikið þessa heimild, sem gefin var með lögunum. Sumum þótti að vísu, að hjer væri of langt farið, því að auðvitað hafði stjórnin ekki leyfi til að takmarka sjálf lögin.

Þegar þessi lög voru sett, stóð þannig á, eins og mönnum er kunnugt, að útlendir kaupmenn höfðu á sínu valdi allar stærstu og bestu lóðirnar hjer, svo að innlendir kaupmenn komust ekki að. Af þessari ástæðu voru lögin nauðsynleg þá. En nú er aftur á móti alt öðru máli að gegna, þar sem þessi nauðsyn er ekki lengur fyrir hendi.

Hvað sjávarútveg snertir, þá getur verið að það væri nauðsynlegt að láta mæla út lóðir fyrir útveg. En þá ætti ekki að gera það nema beinlínis eftir mati.

Jeg geri ráð fyrir, að í kaupstöðum sje byggingarnefnd. Og þá mundi það eflaust þykja hart aðgöngu með lóð, sem ætti að vera undir íbúðarhús, ef svo kæmi einhver útgerðarmaður og vildi taka hana undir útveg. En þó getur verið að nauðsynlegt sje slíkt ákvæði vegna útvegsins. En hins vegar hygg jeg að það þurfi að athuga betur í hverju einstöku tilfelli, hvort það miði til almenningsheilla, svo að það geti verið rjettmætt að taka lóðina eignarnámi, en mjer skilst, að eftir frv. eigi lögreglustjóri að eins að ákveða um stærð lóðarinnar, en ekki hvort þörf sje á að taka hana eignarnámi.

Þetta mál þarf að athuga vel og gaumgæfilega áður en gengið er frá því til fullnustu. Jeg mundi því heldur kjósa, að dagskrá háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) yrði samþykt, þótt þar sje má ske fullfreklega til orða tekið, heldur en frv., eins og það nú liggur fyrir.

Frv. tekið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., miðvikudaginn 29. ágúst, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., laugardaginn 1. sept., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 588, 723).

Frsm. (Einar Arnórsson): Þetta mál hefir orkað tvímælis í deildinni. Allir munu hafa verið sammála um það, að ekki væri hægt að afgreiða það, eins og það kom frá Ed. Svo tók allsherjarnefnd málið að sjer. Hún leitaði aftur til sjávarútvegsnefndar, og flytur nú í samræmi við sjávarútvegsnefnd brtt. á þgskj. 723. Brtt. er þess efnis, að útmæling megi ekki fara fram nema hreppsnefnd eða bæjarstjórn, þar sem útmælingar er beiðst, veiti meðmæli sín. Þetta á að koma í veg fyrir, að heimildin sje notuð takmarkalaust og að þarflausu. Ef brtt. verður samþykt, má við frv. hlíta eins og það er, að jeg vona.

Benedikt Sveinsson: Nefndin á þakkir skildar fyrir lagfæring sína á frv. Brtt. er til bóta. Þó væri best að frv. væri alveg sálgað. Aðalatriðið er það, hvort heimila skuli mönnum að vaða uppi og helga sjer lóðir annara. Meðmæli hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, sem gerð eru að skilyrði fyrir að útmæling fari fram, eru að vísu nokkur hindrun. En þó eru það ekki nægilegar skorður. Það er ekkert launungarmál, að frv. þetta er fram komið vegna þess, að einhverjir voru óánægðir með þau kjör, sem þeir áttu að sæta í Sand-

gerði í vetur. En nú hefir á þessu þingi verið sett annað lagaákvæði, sem ætti að bæta úr slíku. Það eru lögin um heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglugerðir um notkun hafna. Tilgangurinn með því var einmitt að tryggja betur hagsmuni útgerðarmanna í veiðistöðum. Það frv. var þörf rjettarbót, og bætir úr öllum þeim ágöllum, sem kvartað hefir verið um að undanförnu, en þetta frv. er óþarft, og auk þess skaðlegt.

Því er ekki hægt að neita, að í þessu frv. er opnaður vegur fyrir þá, sem vilja sölsa undir sig lóðir.

Háttv. frsm. (E. A.) sagðist ekki kannast við, að lög frá 1891, um útmæling verslunarlóða, hafi verið misbrúkuð, en hræddur er jeg um, að þess mundu þó finnast dæmi, ef eftir væri grenslast. En hjer er um nýbreytni að ræða frá eldri lögunum, sem miklu meiri hætta er á að misbeitt verði. Einstakir menn munu »spekulera« í að helga sjer lóðir, sem eru framtíðarvænlegar og eigendur í fiskiverum standa uppi varnarlausir, ef svo stendur á, að þeir hagnýta ekki lóðirnar sjálfir í svipinn. Menn geta gert það í gróðaskyni að ná tangarhaldi á lóðum, samkvæmt ákvæðum frv., þótt þeir ætluðu ekki að nota þær sjálfir, heldur pranga rjettindunum út við aðra á eftir.

Það færði háttv. frsm. (E. A.) þessu frv. líka til gildis, að það gerði kleift að ná úr höndum útlendinga lóðarrjettindum, sem þeir hafa eignast hjer á landi. En það er mjög ósennilegt að svo yrði. Fyrst og fremst hafa útlendingar víst notað flestar lóðir þær, sem þeir hafa náð tangarhaldi á, gert þar einhver mannvirki og þar með reist skorður við, að aðrir geti tekið þær. Þótt niður falli hagnýting útlendinganna á lóðunum meðan styrjöldin stendur, þá mundu dómstólarnir ekki dæma af þeim umráðarjettinn, heldur með rjettu skoða það sem »vis major« og eignirnar verða framvegis í höndum þessara sömu umráðenda.

Eg hygg þvert á móti, að það sje auðsætt, að útlendingum verði greiðara að sölsa undir sig lóðir í fiskiverum, ef frv. nær fram að ganga, því að það greiðir mjög fyrir leppum þeirra að ná í lóðir þar sem þeim leikur hugur á. Leppmenskan á besta blómaskeið fyrir höndum í skjóli þessara laga. Þá getur hún fyrst komist í algleyming.

Háttv. frsm. (E. A.) gerði lítið úr því að þessi lög gætu valdið örðugleikum að því er snertir veð, sem á lóðunum hvíldu. Rjett er það að vísu, að veðrjetturinn tapast ekki, enda hefir því ekki verið haldið fram, en talsvert umstang og fyrirhöfn mundi þetta kosta lánsstofnanir.

Háttv. frsm. (E. A.) játaði, að alt ylti á því, hvort hjer væri um almenningsheill að ræða eða ekki. Ef svo væri ekki, þá væri frv. brot á stjórnarskránni. Í flestum tilfellum mun hjer um einstaka menn að ræða, er notið geta hagsmuna af nýmælum þessara laga. Það er engin almenningsheill í því fólgin, að taka lóð af einum manni og fá hana í hendur öðrum. Það er að eins einstaklingsheill og einstaklingsóheill, sem þar er um að ræða, en almenning skiftir það engu, hvort lóðin er eign Pjeturs eða Páls.

Mjer er næst að halda, að háttv. frsm. (E. A.) hefði ekki tekið betur á þessu frv. en markafrv., ef hann hefði ekki verið í nefnd þeirri, sem fjekk frv. til meðferðar.

Forsætisráðherra er á móti frv., telur það mjög varhugavert og þykir það ganga í berhögg við ákvæði stjórnarskrárinnar um eignarrjettinn, og er hann glöggur lagamaður. Hann hefir og hag landsins fyrir augum í þessu

máli, því að það kemur hart niður á jarðeignum landsins, ef frv. nær fram að ganga. Till. hæstv. forsætisráðherra ættu því að vera hjer þungar á metunum.

Jeg held fast við dagskrána, sem jeg bar fram um daginn.

Bjarni Jónsson: Jeg fagnaði mjög þegar þetta frv. barst deildinni. Jeg sá, að mjer mundi nú fært að eignast ýmsar lóðir hjer í Reykjavík, sem jeg hefi lengi haft augastað á. En nú sje jeg, að Reykjavík er undanþegin. (**E. A.:** Reykjavík hefir verið undanþegin þegar frá 1891). Jú, en það er eitt meðal við því, sem jeg hefi lært af Einari prófessor Arnórssyni, að ný lög breyta því, sem staðið hefir í eldri lögum.

Það hefir verið kvartað yfir því, að útlendingar yrðu fyrri til að ná hjer hagkvæmum lóðum en landsmenn, og hefir þar sjerstaklega verið tilnefndur Ingólfsfjörður. En þetta frv. mundi ekki reisa skorður við því nje stuðla að því, að Íslendingar næðu lóðum úr höndum útlendinga. En það mundi gera annað; það mundi koma upp fjöldi af lóðaleppum, sem hefðu það fyrir atvinnu að hjálpa útlendingum til að ná löndum hjer. Hjer skapast því ný hætta. Það er að vísu hægt að neita þessu á sama veg sem sumir málfærslumenn hafa fyrir reglu að neita öllu og mótmæla öllu fyrir dómstólum, en hættan minkar ekki hót við það.

Þó er þetta ekki aðalatriði fyrir mjer; það er annað, sem gerir mjer bókstaflega ómögulegt að greiða atkvæði með frv., og það er, að hjer er um bersýnilegt stjórnarskrárbrot að ræða. Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) kvað það ekki vera svo, af því að fult verð ætti fyrir landið að greiða. Þetta er ekki nóg; stjórnarskráin heimilar ekki að taka eignir manna af þeim nauðugum, þótt gjald komi fyrir, nema alþjóðarheill heimti. En alþjóðarheill þarf það ekki að vera, þó að Sigurð formann langi til að ná sjer í lóðarblett hjer eða þar og hrifsi hann undir sig eftir þessum lögum. Um þetta efni verða eigi samin almenn lög, heldur mundi þurfa sjerstök lög í hvert einstakt skifti, því að það er svo margt, sem til greina getur komið, að eigi er unt að láta almenn lög ná yfir það alt. Og jeg held því fram, að almenn lög megi ekki heimila Pjetri og Páli að taka undir sig land, hvar sem þeir kunna að girnast. Þykir mjer óliklegt, að háttv. þingmenn vilji samþykkja slíkt brot á stjórnarskrá vorri.

Það gerir ekki þessi lög hóti betri, þótt hið sama sje gert með lögunum frá 13. mars 1891. Meira að segja, úr því að vakin hefir verið athygli á því, hvernig þau eru úr garði gerð, getur ekki hjá því farið, að þau verði brátt feld úr gildi eða samin upp. Mjer finst því sjálfsagt að samþykkja hina rökstuddu dagskrá háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), og tel jeg hann eiga þakkir skildar fyrir að hafa gert sitt til að firra þingið þeim vítum að samþykkja frv. þetta.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg er samdóma hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) um, að breytingar þær, sem gerðar hafa verið á frv., sjeu til mikilla bóta. En þó verð jeg að taka í sama strenginn sem hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), að rjettara sje að hugsa málið betur og láta það ekki ganga fram á þessu þingi. Það er óhætt að segja, að frv. gengur fullnærri stjórnarskránni, og þótt jeg þori ekki að fara eins langt og háttv. þm. Dala. (B. J.), er telur það vera fullkomið stjórnarskrárbrot, þá verð jeg að segja, að það er mjög á takmörkunum.

Jeg viðurkenni það nú sem fyr, að eitthvað þarf að gera til að tryggja útgerðarmönnum, svo sem unt er, að þeir geti stundað útveg sinn á hagkvæmum stöðum.

Það hefir þótt ástæða til að undanskilja Reykjavík í frv. þessu, og eins er í lögunum frá 13. mars 1891. Jeg gæti trúað því, að nú væri orðið svipað ástatt í sumum af hinum kaupstöðunum eins og var í Reykjavík um 1890, og væri vert að athuga það, hvort eigi mundi rjett að undanskilja þá frá ákvæðum frv. þessa. Enn er eitt að athuga við frv. þetta. Stefna þess gengur mjög í öfuga átt við stefnu flokks eins hjer á landi, sem vill, að lönd og lóðir, einkum í kauptúnum, sjeu ekki í eign einstakra manna, heldur bæjarfjelaganna eða þjóðfjelagsins. Þetta frv. brýtur beint bág við þá skoðun, því að mjer skilst svo, sem eftir þessu frv. sje hægt að fá lóðir, hvort heldur er til eignar eða á leigu. (**E. A.**: Það á að fara eftir því, sem sá kýs, er lóðin er tekin af). Það getur að minsta kosti vel verið, að sá, sem lóð er tekin af, vilji heldur láta hana af hendi til sölu en til leigu, ef hann er sviftur umráðarjetti yfir henni, þótt bæjarfjelagið vilji ekki, að hún sje seld. (**E. A.**: Bæjarfjelagið gerir út um það). Mjer skilst, að það komi ekki fram í frv. Jeg skal ekki neita því, að eitthvað kunni að vera ábótavant í þessum efnum, eins og nú er, en það er þó sjálfsagt ekki svo mikið, að málið megi ekki bíða til næsta þings til betri athugunar. Mundi jeg greiða atkvæði með hinni rökstuddu dagskrá að efninu til, en get það ekki vel, af því að hún fer fram á, að málinu sje vísað til stjórnarinnar.

Sveinn Ólafsson: Það var rjett tekið fram af háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), að brtt. á þgskj. 723 var soðin saman af allsherjarnefnd og sjávarútvegsnefnd, og ber að líta á hana sem varaskeifu. Svo var það að minsta kosti að því leyti, sem jeg átti þátt í henni; jeg leit svo á, að þessi breyting væri ómissandi á frv., ef það á fram að ganga, en frv. sjálft tel jeg ekki ómissandi.

Jeg verð að játa það, eins og jeg tók fram við 2. umr. málsins, að skoðun háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) var miklu nær skapi minu en stefna frv.; og jeg tek það ekki nærri mjer, þótt það fari þá leið, er háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) kýs, og að brtt. þá falli líka.

Eitt vil jeg þó benda á, sem með þessu frv. er lagað. Í lögunum frá 13. mars 1891 eru útmælingar þær, sem þau ákveða handa þeim, sem ætla að hefja verslun, heimilaðar undantekningarlaust, en eftir brtt. á þgskj. 723 er svo ákveðið, að útmæling lóða, samkvæmt 1. gr. frv., megi aldrei fram fara nema hreppsnefnd eða bæjarstjórn, þar sem útmælingar er beiðst, veiti meðmæli sín. Að vísu er þetta allmikið til bóta, en þó kysi jeg helst, að frv. væri felt, því að öllu samanlögðu mun það leiða af sjer meiri órjett en rjettarbót.

Frsm. (Einar Arnórsson): Það hefir þegar verið vegið að frv. þessu úr 4 áttum, og virðist ekki annað hlýða en að nokkrum vörnum sje haldið uppi.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) játaði, að í frv. fælist rjettarbót, borið saman við núgildandi lög, lögin frá 13. mars 1891, því að í þeim væru engar skorður reistar við því, að þeir gætu fengið lóðir útmældar til verslunar, sem þess æsktu, ef þeir ætluðu að hefja verslun á staðnum, og hafi lögin frá 13. mars 1891 verið brot á stjórnarskránni, sem jeg segi alls eigi að þau hafi verið, þá á að nokkru að bæta úr því hjer.

Háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) kvað það mundu hafa verið óánægjan með kosti

þá, sem sumir útgerðarmenn hafa sett þeim, sem á þeirra náðir hafa orðið að leita, sem velt hefði hlassi þessu úr stað. Jeg skal ekkert um það segja, en með sama rjetti mætti raunar segja, að einhverjir »stórgrósserar« stæðu á bak við þá, sem móti mæla, og ýttu þeim úr stað; þó er fjarri, að jeg segi að svo sje. Frv. eða lögin um notkun hafna, sem háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) nefndi í sambandi við þetta frv., er ófullnægjandi í þessu efni, og ekki geta menn eftir því fengið til starfrækslu lóðir á landi. Tilgangur þess var að sporna á móti því, að einstakir menn gætu sett mönnum afarkosti og neytt þá til að selja sjer afurðir sínar lægra verði, eða með öðrum óhagstæðari kjörum, en aðrir byðu fyrir þær, og til að kaupa af sjer nauðsynjar hærra verði en annarsstaðar væri hægt að fá þær fyrir.

Háttv. þm. (B. Sv.) sagði, að menn vissu ekki nema lögin nr. 3, 13. mars 1891, hefðu verið misbrúkuð; hafi það kunnað að koma fyrir, þá eru hjer nokkrar skorður reistar við því, að svo verði eftirleiðis. Háttv. þm. (B. Sv.) sagði enn fremur, að sumir kynnu að nota lagaheimild þá, sem hjer á að veita, til að ná lóðum til þess að »spekúlera« með þær. Ef brtt. sú, sem hjer liggur fyrir, verður samþykt, þá mun fyrir það girt, þar sem þurfa meðmæli bæjarstjórnar eða hreppsnefndar til þess, að útmælingin fáist. Bæði háttv. þm. Dala. (B. J.) og háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) gerðu allmikið úr því, að með þessu væri verið að ljetta undir með útlendingum að ná sjer í lóðir hjer á landi. Jeg fæ ekki sjeð, að svo geti orðið, en hitt sje jeg, að ef þeir hafa þegar sölsað undir sig mikið land, þá verður eftir þessu frv. hægra en áður að taka af þeim það, sem þeir mega missa. Það hefir mikið verið um það talað, að frv. þetta væri brot á stjórnarskránni. Þó fór hæstv. forsætisráðherra vægilegast í þetta, eins og vænta mátti; hann vildi alls ekki fullyrða það, en var hræddur um, að það gæti verið einhversstaðar á takmörkunum.

Þá voru háttv. þm. Dala. (B. J.) og N.-Þ. (B. Sv.) að útlista það, hvað þyrfti til þess, að heimilt væri samkvæmt stjórnarskránni að taka eignir manna eignarnámi. Nefndu þeir þar til almenningsheill, að fult endurgjald kæmi fyrir það, sem tekið er, og auk þess taldi háttv. þm. Dala. (B. J.), að sjerstök lög þyrftu að vera sett í hvert einstakt sinn. Svo að jeg snúi mjer fyrst að því, þá hefir þeirri reglu ekki verið fylgt í löggjöf vorri, t. d. ekki í fossalögunum. Um endurgjaldið er enginn ágreiningur, því að hjer er gert ráð fyrir, að það sje greitt. Þá er þriðja atriðið, um almenningsheillina. Það er misskilningur, að það heyri undir dómstólana að meta, hvað sje almenningsheill. Það heyrir undir löggjafarvaldið að ákveða það, og dómstólarnir verða að fara eftir lögunum, eins og þau liggja fyrir. Þess er ekki heldur að vænta, að t. d. 3 menn í yfirdómi sjeu færari um að dæma, hvað sje almenningsheill, en samkunda 40 bestu manna, kjörinna víðs vegar um land, og þeir kunnugir í öllum landsfjórðungum. Það er að vísu svo, að oft getur verið mikið vafamál, hvað sje almenningsheill og hvað ekki, því að ekki verður það reiknað út á sama hátt og alment reikningsdæmi. Þar verður að fara eftir mati á öllum atvikum, sem jeg játa að oft getur verið vafasamt. Því sneri allsherjarnefnd sjer til sjávarútvegsnefndar um það, hvort hjer mundi vera um almenningsheill að ræða, og niðurstaðan varð sú, að rjett þótti að fylgja fram frv. þessu ásamt brtt. þeirri, er því fylgir.

Hitt er misskilningur, að það geti ekki verið til almenningsheilla, þótt einstakur maður reki atvinnu eða iðnaðarfyrirtæki; það gæti t. d. vel komið fyrir, að einn maður tæki að sjer að koma upp rafmagnsstöð hjer í Reykjavík, sem allur bærinn hefði gagn af, eða að einstakur maður hefði komið upp vatnsveitunni hjer. Hvort um almenningsheill sje að ræða í frv. þessu, um það læt jeg hvern háttv. þm. dæma fyrir sig. En jeg lít svo á, að svo muni vera, þar sem meiri hluti sjávarútvegsnefndar hjer og í háttv. Ed. er þeirrar skoðunar, og þar eru þó lögfróðir menn og kunnugir sjávarútvegi, svo sem sýslumaður Vestmannaeyja, bæjarfógetar Ísafjarðar og Seyðisfjarðar í Ed. og þm. Ak. (M. K.). Viðvíkjandi lögum nr. 3, 13. mars 1891, þá mun næsta hæpið að halda því fram, að framið hafi verið stjórnarskrárbrot, er þau voru samþykt og staðfest. Mjer þykir óliklegt, að þeir Magnús Stephensen og Nellemann hefðu ráðið til, að þau næðu staðfestingu, ef um skýlaust stjórnarskrárbrot hefði verið að ræða. Það er um Nellemann að segja, að á meðan hann var ráðherra lagði hann þrásinnis móti því, að lög væru staðfest, af því að þau gengju ofnærri stjórnarskránni, og mundi hann ekki síður hafa gert það með lögin frá 13. mars 1891 en önnur lög, ef honum hefði fundist ástæðu til þess. Og undarlegt þykir mjer það, ef frv. þetta gengi mjög nærri hagsmunum kaupstaða og kauptúna, að bæjarfógetarnir á Ísafirði og Seyðisfirði og þingmaður og sýslumaður Vestmannaeyinga, sem allir sitja í háttv. Ed., skyldu ekki hafa mælt á móti því.

En svo að jeg víki aftur að brtt. á þgskj. 723, þá verður hún ekki skilin öðruvísi en svo, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir eigi að meta nauðsyn útmælingar í það og það sinn og mæla með henni og móti, og sömuleiðis koma með tillögur um það, hvort lóðina beri að afhenda til leigu eða til sölu, eftir því sem henni finst rjettast og best við eiga í hvert skifti.

Að öðru leyti læt jeg hvern einstakan háttv. þm. dæma um það, hvort hjer sje um almenningsheill að ræða eða ekki. Dæmi þingið, að svo sje, þá er það hæstirjettur í því máli, en ekki dómstólarnir.

Bjarni Jónsson: Mikið kapp leggur háttv. þm. (E. A.) á að fegra þennan ágæta gimstein úr stóra dallinum.

Þegar háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) gat þess, að óánægja með kosti þá, sem útgerðarmenn hefðu sætt í Sandgerði, mundi hafa ýtt frv. þessu af stað, þá svaraði háttv. þm. (E. A.) með því að segja, að eins vel mætti halda því fram, að einhverjir stórgrósserar hefðu ýtt af stað þeim fjórum þingdm., sem hafa andmælt frv. En sá er munurinn, að það er sannanlegt, að Sandgerði hefir valdið því, að þetta frv. er komið fram; en hitt mun erfitt að sanna, að grósserar eða aðrir hafi sent okkur fjóra af stað eða standi á bak við okkur. Þessi varnaraðferð háttv. þm. (E. A.) sýnir að eins, hvílíkt ofurkapp hann leggur á málið. Það má vera, að lögin um notkun hafna sjeu ekki fullnægjandi til að tryggja mönnum pláss í fiskiverum. En úr því mætti bæta með miklu tryggari og hagfeldari lagaákvæðum en þeim, sem þetta frv. geymir.

Það er alveg rjett, sem háttv. flutningsm. og aðrir hafa sagt, að þessi nýja brtt. bætir töluvert úr skák, því að eftir henni getur ekki hver og einn alveg út í loftið heimtað annara manna eign, enda er þar líka til að dreifa sveitarstjórnunum. En jeg býst við, að það þætti lítil trygging fyrir löggjafarvaldið að leggja það sveitarstjórnunum

í hendur að skera úr, hvort gera á stjórnarskrárbreytingu eða ekki.

Hv. frsm. (E. A.) sagði, að þessi lög væru sett til að sporna við því, að útlendingar gætu náð undir sig verðmiklum eignum og haldið þeim. Þetta hlýtur sá hv. þm. (E. A.) að hafa sagt að gamni sínu, því að hann er altof kunnugur því, sem daglega fer hjer fram af leppmensku, til að geta staðið upp hjer í 3. sinn og borið þetta sem ástæðu, ef hann ætlast til, að því verði trúað. Hann getur náttúrlega sagt það sem fyndni, en fyndni má ekki jaska, því að þá hætta menn að hlæja að henni.

Þá er stjórnarskrárgreinin, sem hljóðar svo:

»Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagaboð, og komi fult verð fyrir.«

Þetta stendur nú í stjórnarskránni, en ekki ýmislegt af því, sem háttv. frsm. (E. A.) sagði. Það mun vera það rjetta, að sjerstakt lagaboð þyrfti í hvert einstakt skifti, því að það mun trauðlega vera heimilt að gefa út almenn heimildarlög um eignarnám, nema um vafalausa almenningsþörf sje að ræða. Það er mikill mismunur á þessu frv. og almennum heimildarlögum til að taka eignarnámi fossa, þegar stjórnin heimtar það, því að það er almenningsþörfin, sem krefst þess. En að það sje almenningsþörf, sem krefjist þess, að einn einstakur maður geti tekið af öðrum manni lóðarblett í sjávarútvegsþorpi, það nær engri átt, nema dómstólarnir dæmi í hverju einstöku tilfelli, að svo sje. (E. A.: Það er það sama sem þm. N.-Þ. (B. Sv.) var að segja). Jeg skildi hann ekki svo, heldur að löggjafinn ætti að dæma þörfina. Það á hann að gera, því að annars er verið að ræna menn. Um það, að háttv. frsm. (E. A.) vildi lemja mig með nöfnum lifandi og dáinna manna, get jeg sagt:

Eitthvað dustast ofan á mig,
ekki' er mylsna skaðsamlig.

Það hallar ekki rjettu máli, þótt einhver hafi sagt eitthvað annað, sem engin trygging er fyrir að sje rjett. Og ekki get jeg farið að »jurare in verba magistri«, jafnvel þótt jeg eigi hjer við þektan lögfræðing. Jeg hefi aldrei heyrt neinn af mínum lærisveinum halda því fram, að hvert orð, sem jeg segði, væri rjett, og sjálfur ætla jeg að fylgja þeirri reglu að fylgja því, sem jeg sjálfur álít rjett. Það er rangt að draga nokkra ályktun um afstöðu þeirra manna til þessa máls af afstöðu þeirra í öðru máli, því að það gat verið ástæða fyrir þá að telja það alþjóðarþörf, þótt ekki sje að ræða um alþjóðarþörf í þessu máli. (E. A.: Jeg talaði um stjórnarskrárbrot). Háttv. frsm. (E. A.) byrjaði með að segja, að ef þetta væri stjórnarskrárbrot, þá væru lögin frá 1891 líka stjórnarskrárbrot. Jeg hefi ekki nefnt þessi lög frá 1891 fyr en hann (E. A.) tók þau inn í röksemdafærslu sína. Háttv. frsm. (E. A.) talaði um, að bæjarfógetarnir í Ed. yrðu ekki með þessu frv., ef þeir álitu það hættulegt fyrir bæina, en jeg fæ ekki sjeð, að þetta standi í neinu sambandi við kjarna málsins. Hagur bæjarins gæti staðið þannig, að þeir vildu taka land handa bænum, að t. d. bæjarfógetinn á Ísafirði sæi sjer hag í því að vaða inn í kjördæmi sessunauts síns.

Annars skal jeg ekki fjölyrða meir um þetta mál; það er ekki þess vert, því að slíkt mál sem þetta á að verða sjálfdautt undir eins og það sjest í þingdeild.

Frsm. (Einar Arnórsson): Það eru að eins örfá orð. Jeg ætla ekki að fara að karpa við háttv. þm. Dala. (B.

J.) um skilning hans á stjórnarskránni, því að það vita allir, sem hafa þefað í lög, að ekki þarf sjerstök lög í hvert einstakt skifti, og þótt yfirlögfræðingur deildarinnar, háttv. þm. Dala. (B. J.), segi annað, held jeg minni skoðun. Það væri sæmileg niðurstaða, sem maður kæmist að, ef setja ætti sjerstök lög í hverju einstöku tilfelli. Það hafa gengið hjer í gegnum deildina frv. til laga um áveitu á Flóann, og það voru almenn heimildarlög um lögnám, sem hv. þm. Dala. (B. J.) var samþykkur. Honum hefir alveg láðst að geta þess þá, að það þyrfti sjerstök lög til þess að expropriera hvert einstakt kot í Flóanum. (**B. J.:** Þetta er alveg eins hugsað og af manni úr Flóanum). En hv. þm. Dala. (B. J.) stendur það neðar að hugsun en maður úr Flóanum, að hann getur ekki skilið þetta. Vegalögin, símalögin og fossalögin eru líka öll almenn heimildarlög, og svona mætti lengi halda áfram á sama hátt. Jeg skal vera samþykkur háttv. þm. Dala. (B. J.) í því, að þótt einhver hafi sagt eitthvað áður, þá eigi maður ekki að »jurare in verba magistri«, en það hefir þó verið venja dómstóla, stjórnar og þings, frá því 1849 í Danmörku og 1874 hjer, að taka tillit til þess skilnings, sem áður hefir verið lagður í stjórnarskrána og grundvallarlögin. Það er hæpið að gera svo lítið úr skilningi allra þeirra, sem »stúderað« hafa stjórnarskrána, að hann hafi aldrei verið rjettur. Við höfum líka ákvæði í stjórnarskránni, að ekki megi selja jarðeignir þess opinbera nema með sjerstökum lögum. Nú er þó búið að selja margar þeirra eftir almennum heimildarlögum. Hvers vegna girti háttv. þm. Dala. (B. J.) sig ekki í brækur og reis upp á afturfæturna til að mótmæla þessu sem stjórnarskrárbroti, í stað þess að skrifa undir nefndarálit um þetta mál 1915? (**B. J.:** Jeg beið eftir lögfræðingunum). Ef hann hefir verið þessarar skoðunar 1915, hefði hann átt að leggja til þá, að hin almennu heimildarlög um sölu þjóðjarða væru numin úr gildi. Þetta hefir víst bara verið fyndni eða gaman hjá honum áðan, því að nú hefir hann, háttv. þm. Dala. (B. J.), setið við góðan orðstír á þingi síðan 1909, en aldrei hugkvæmst þetta fyr.

Bjarni Jónsson: Jeg er dauður og afturgenginn, en ætla að eins að benda á, að það er ekki neitt einstakt, þótt jeg álíti það stjórnarskrárbrot að gefa út almenn heimildarlög um sölu þjóðjarða, eða þessi hjer til eignarnáms. Jeg er ekki einn með þá skoðun á móti háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), og hann getur, meira að segja, ekki haldið allri lögfræðingafylkingunni óskertri í kringum sig, því að sannorður maður hefir sagt mjer, að Magnús heitinn Stephensen hafi altaf talið lögin um sölu þjóðjarða stjórnarskrárbrot. Þar hefi jeg þó einn lögfræðing með mjer, og get nú slegið hv. 2. þm. Árn. (E. A.) með einu því nafni, sem hann vildi slá mig áðan með, ranglega þó.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þingmanni N.-Þ., B. Sv., (sjá A. 765) feld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., J. J., M. P., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

nei: B. K., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. B., M. G., M. Ó., P. J., P. O., S. S., Þorst. J.

Þrír þm. (P. Þ., B. St., J. M.) fjarstaddir.

Brtt. 723. samþ. með öllum gr. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 : 10

atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., B. St., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. B., M. G., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., Þorst. J., Ó. B.

nei: B. Sv, B. J., J. J., J. M., M. P., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J, Þór. J.

Frv. endursent Ed.

Á 46. fundi í Ed., mánudaginn 3. sept., var útbýtt

Frumvarpi til laga um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o. fl., eins og það var samþykt við 3 umr. í Nd. (A. 762).

Á 50. fundi í Ed., föstudaginn 7. sept., var frv. tekið til einnar umr. (A. 762, n. 804).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Frv. þetta hefir fengið nýja mynd í hv. Nd.; það var upprunalega að eins breyting á 2 greinum, en háttv. Nd. hefir þótt rjettara að taka upp öll lögin, og bætt inn í þau þeim breytingum, sem voru gerðar hjer, og breytt þeim að nokkru um smáatriði, er sjávarútvegsnefndin leggur litla áherslu á. Við ljetum breytingu þessa ná til iðnaðar, en háttv. nefnd í Nd. vill ekki fallast á það, segir, að það komi í bága við stjórnskrána, en við erum ekki sannfærðir um, að það sje rjett hjá háttv. Nd. Við tókum iðnaðinn með af því, að hann var nefndur í gömlu lögunum, en við leggjum ekki þá áherslu á það, að við komum með brtt. Aðalatriðið er, að útmæling fáist til sjávarútgerðar.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 849).

---

67. Loftskeytastöðvar.

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 25. ágúst, var útbýtt

Frumvarpi til laga um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi (A. 600).

Á 47. fundi í Ed., þriðjudaginn 4. sept., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. ofseint fram komið. — Leyft í e. hlj., að það mætti koma til umr.

Framsm. (Jóhannes Jóhannesson): Eins og greinargerðin ber með sjer er frv. þetta samið af landssímastjóranum og er viðauki við ritsímalögin frá 20. okt. 1905. Hann afhenti það landsstjórninni og hún aftur samvinnunefnd samgöngumála, er hefir athugað frv. og lagað orðfæri þess á ýmsum stöðum, og leggur það nú fyrir háttv. deild. Leyfi jeg mjer, fyrir nefndarinnar hönd, að leggja til, að það fái greiðan gang gegnum háttv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., fimtudaginn 6. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 600).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn — án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., laugardaginn 8. sept., var frv. tekið til 3. umr. (A. 600).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., mánudaginn 10. sept., var útbýtt
Frumvarpi til laga um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 860).
Á 57. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. sept., var frv. tekið til 1. umr.
Ofskamt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði leyfð og samþ.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Mál þetta þarf ekki langrar framsögu við. Frv. er borið fram af samgöngumálanefnd Ed., og hefir samvinnunefnd samgöngumála beggja deilda tekið það á arma sína. Frv. er upphaflega komið frá landssímastjórninni, og hafa að eins verið gerðar á því orðabreytingar. Nefndirnar telja sjálfsagt, að það eigi að verða að lögum. Ákvæði þessa frv. eru í samræmi við samskonar ákvæði annarsstaðar. Þessara ákvæða er nú orðin þörf hjer á landi, þar sem nú eru að rísa hjer upp þráðlausar firðviðskiftastöðvar. Verður Ísland, ef slík lagafyrirmæli eru sett hjer sem þetta frv., sjálfstæður aðili í þessu efni, »internationalt« sjeð, en ekki að neinu leyti undirgefið sambandsþjóð vorri, Dönum, sem ella yrði, þar sem þeir kæmu fram fyrir vora hönd. Verður það að teljast vinningur, að vjer ákvörðum um þetta sjálfir.

Vænti jeg, að þetta mál fái að ganga hindrunarlaust í gegnum þessa deild, eins og gegnum Ed. Engin ástæða er til að senda það til nefndar, þar sem það er komið frá nefnd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 58. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. sept., var frv. tekið til 2. umr. (A. 860).
Ofskamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., fimtudaginn 13. sept, var frv. tekið til 3. umr. (A. 860).
Ofskamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 936).

III.

Þingsályktunartillögur.

A. Afgreiddar til landsstjórnarinnar.

1. Styrkur til búnaðarfjelaga.

Á 8. fundi í Nd., fimtudaginn 12. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skilyrði fyrir styrk til búnaðarfjelaga (A. 48).

Á 9. fundi í Nd., föstudaginn 13. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. fundi í Nd., laugardaginn 14. júlí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., föstudaginn 7. sept., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Þessi till. er mjög einföld og óbrotin. Hún fer að eins fram á það, að breytt sje tímatakmarkinu í skilyrðum Alþingis fyrir styrkveitingum til búnaðarfjelaga. Þetta takmark er nú svo, að eftir árið 1919 megi skoðunarmaður eigi taka upp í jarðabótaskýrslu túnasljettun, túnútgræðslu eða sáðreiti, þar sem eigi er áburðarhús og salerni. Nú hefir mörgum sóst seint að koma upp þessum áburðarhúsum, og með því að nú er mjög erfitt að ná í sement og það er afardýrt, þá er hætt við, að enn muni það dragast hjá mörgum. Ef því þetta tímatakmark stendur áfram, þá munu margir framvegis missa af þessum styrk. Af þessari ástæðu leggjum við flutningsmenn það til að færa tímatakmarkið til 1925.

Það hefir dregist að taka þessa till. á dagskrá, að vilja okkar flutningsmanna, vegna þess, að snemma á þinginu mátti búast við því, að búnaðarfjelögin yrðu svift öllum styrk, og var hún þá óþörf. En nú er svo komið, að auðsjeð er, að styrkurinn helst, eins og að undanförnu, og er þá ekki ástæða til að draga till. lengur. En hún er svo óbrotin, að jeg vona, að allir samþykki hana.

ATKVGR.

Till. samþ. með öllum gr. atkv. gegn 1, og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., laugardaginn 8. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skilyrði fyrir styrk til búnaðarfjelaga,

eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 851).

Á 52. fundi í Ed., mánudaginn 10. sept., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 54. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. sept., var till. tekin til einnar umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Hún er lítil, þingsályktunartillagan sú, sem hjer liggur fyrir. Hún er komin frá háttv. Nd. og gekk þar fram umræðulítið; ástæðan til þess, að hún hefir komið fram, er að erfitt hefir verið að fá ýms efni til bygginga, t. d. sement, og því er nauðsynlegt að veita þennan frest.

Jeg vil því mæla með, að tillagan nái fram að ganga.

ATKVGR.

Till. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 893).

---

2. Kolanám.

Á 13. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um kolanám (A. 97).

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 19. júlí, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg get ekki komist hjá að geta um till., er jeg bar fram á aukaþinginu í vetur, þess innihalds, að þá þegar væri tekið að vinna kol, sökum þess, að jeg þóttist sjá, að þess mundi brátt þörf, sakir aukins kafbátahernaðar og enn ríkara hafnbanns á Englandi. Mönnum þótti þá, sem ver fór, útlitið ekki svo iskyggilegt, að þeir vildu sinna till. Hefði hún verið samþykt þá, væru nú til talsverðar birgðir af kolum.

Jeg bar ekki till. þessar fram fyrir fordildar sakir, heldur af einlægum vilja, og af því, að jeg þóttist sannfærður um, að svo mundi fara, sem farið hefir. Kann jeg þá að hafa varpað ómildum orðum að mönnum, og var það ekki af illvild, heldur af því, að þunglega var tekið í þetta mál, sem jeg taldi nauðsynjamál, og svo hefir reynst. Það var vel tekið í að rannsaka, en ekki framkvæma.

Nú mun varla þörf að orðlengja, því að fyrirsjáanlegt er, að menn muni verða eldiviðarlausir í vetur, bæði til að elda mat og halda á sjer hita. Nú má það heita dagleg fregn, að sökt sje skipum þeim, sem flytja kol og aðrar nauðsynjavörur til landsins fyrir landsstjórn eða einstaka kaupmenn. Þá hygg jeg, að allir vilji fylgja bjargráðanefnd að því að láta vinna kol til eldiviðar mönnum. Kunnugt er, að stjórnin er þegar byrjuð að láta nema kol á Tjörnesi, og mun hún ætla sjer að fjölga þar verkamönnum. En landsstjórnin hefir látið gera meira en þetta. Hún hefir auk þess látið Guðmund Guðmundsson, Bárðarsonar, jarðfræðing í Hrútafirðinum, rannsaka kolalög í Steingrímsfirði. Hefir hann fundið þar álitleg kolalög á nokkrum

stöðum. Sum af bestu lögunum eru á landssjóðsjörðum, svo að landssjóður þyrfti hvorki að kaupa námurjettinn, nje taka hann eignarnámi eða á leigu. Hefði að sjálfsögðu átt að leggja kapp á að vinna kol á þessum stað líka. Þaðan er að minsta kosti hægra að flytja kolin en frá Tjörnesi, og er það ekki lítill kostur.

Torvelt mun nú að vísu reynast að útvega verkfæri eða nægilegan mannafla til að vinna þessar námur eða aðrar. En á þeim neyðartímum, sem nú standa yfir, má einkis láta ófreistað, til að ráða fram úr vandræðunum. Það þarf að gera gangskör að því að leita uppi það, sem til er í landinu af stáli og járni og öðru því, sem til verkfæra má nota, og viða saman það, sem unt er að fá.

Hvað fólksskortinum viðvíkur, þá verður ef til vill erfiðara að bæta úr honum. En mjer finnast tímar þeir, sem nú vofa yfir, vera svo alvarlegir, að það gæti nú varla talist goðgá að skylda menn til að vinna, ef ekki tekst að fá vinnukraft á annan hátt. (**M. Ó.**: Þegnskylduvinnan). Jeg hefi aldrei ætlað mjer að svifta nokkurn mann frelsi sínu, með því að skipa honum að moka mold út um heiðar og móa. Þótt til þess yrði gripið í lífsnauðsyn, eins og nú er, að skylda menn til vinnu, þá á það ekkert skylt við þegnskylduvitleysuna, sem háttv. sessunautur minn (M. Ó.) minnir á.

Til þess, að stjórnin geti aukið framkvæmdir sínar við kolanám, þarf hún að sjálfsögðu á fje að halda, og verður þingið að heimila henni það. Jeg bar tillöguna undir hæstv. landsstjórn, áður en jeg lagði hana fyrir deildina, og var þess óskað, að bætt væri við hana heimild til að verja fje úr landssjóði til undirbúnings og framkvæmda. Varð nefndin að sjálfsögðu við þeirri ósk, og því kemur tillagan fram í þeirri mynd, sem hún er nú.

Í till. er talað um að byggja torfbæi yfir verkamenn. Mjer er kunnugt um, að stjórnin hefir hugsað sjer að láta vinna við kolanám að vetrinum til, að minsta kosti við Tjörnesnámuna, enda mun þess full þörf. Verður þá ekki hjá því komist að byggja skýli yfir verkamennina. Stungið er upp á torfbæjum, því að bæði eru þeir hlýrri en timburhús, og svo mundi bæði dýrt og erfitt að fá timbur til byggingar. Eru torfbæir nefndir að eins til að gefa bendingu um byggingarefni, sem óþarft virðist að ganga fram hjá, þegar svona stendur á.

Jeg tel mig ekki þurfa að fjölyrða meir um þetta mál að sinni. Mönnum er það vafalaust öllum ljóst, hvílík nauðsyn ber til að grípa til einhverra ráða, til að afstýra vandræðunum, sem nú vofa yfir. — Því ber að vísu ekki að gleyma, að það eru fleiri en landsstjórnin, sem hugsa fyrir mönnum og gera ráðstafanir til að bæta úr eldsneytisskortinum. Flestum mun vera kunnugt um fyrirhyggju bæjarstjórnarinnar hjer í Reykjavík, sem lætur nú vinna af kappi að mótekju handa aumingjum þeim, sem nóg fje hafa til að borga móinn fyrirfram. En við hinir aumingjarnir, sem erum ekki svo vel stæðir, verðum að leita athvarfs einhversstaðar annarsstaðar. Mun þá varla um önnur úrræði að gera en að styðja landsstjórnina til að afla kola handa okkur, eins og tillagan fer fram á.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Mjer þykir mjög vænt um, að till. þessi er komin fram. Það hefir vakað fyrir stjórninni, að nauðsyn bæri til að vinna sem mest af íslenskum kolum. Tillag-

an herðir á þessari hugsun stjórnarinnar og hvetur til frekari aðgerða. En tillagan gerir meira en þetta. Hún heimilar fje til undirbúnings, sem ómögulegt er hjá að komast, ef nokkuð á að auka framkvæmdirnnr að mun, og hjá því getur ekki farið, að það fje nemi töluverðri upphæð.

Mjer þótti vænt um að heyra, að hv. þm. Dala. (B. J.) virðir það, sem stjórnin hefir gert, en tók vægum höndum á því, sem hún hefir ekki gert. Jeg get að eins bætt því við það, sem hann tók fram, að stjórnin hefir látið rannsaka og vinna nokkuð í kolanámu á Tjörnesi. Enn fremur vil jeg taka það fram, að þó að tillagan komist svo ákveðið að orði, að fylt verði eldsneytisþörf landsmanna, þá er varhugavert að taka þau orð ofbókstaflega eða byggja ofmikið á þeim.

Þótt stjórnin væri öll af vilja gerð, þá er ekki líklegt, að hún geti látið vinna nóg kol til að fullnægja allra þörfum. Jeg tek þetta fram til þess, að enginn skuli treysta svo á kolanám landssjóðs, að hann láti undir höfuð leggjast að afla sjer eldsneytis annarsstaðar eða spara það. Nei, menn ættu ekki að láta neitt tækifæri ónotað til að afla sjer eldiviðar. Það er og verður erfitt að fullnægja allri þörf, einkum þar eð verið er að gera tilraun með kolin á skipunum, til að drýgja þann litla forða af skipakolum, sem til eru í landinu, ef þau skyldu reynast nothæf á skipum, til að halda við glóðinni, þegar lítil gufa er notuð.

Jörundur Brynjólfsson: Það er út af ummælum háttv. þm. Dala. (B. J.) um mótekju bæjarstjórnar, sem jeg kveð mjer hljóðs. Eftir þeim ummælum að dæma hefir háttv. þm. (B. J.) ekki verið skýrt rjett frá, hvernig fyrirtæki þessu er háttað. Bæjarstjórnin hefir sem sje ákveðið að taka upp svo mikinn mó, sem unt er. Og þótt þeim væri gefinn kostur á að leggja fram fje til fyrirtækisins, sem gátu, þá var hinum ætlaður mórinn líka. Bæjarstjórnin hefir, meira að segja, gert ráð fyrir að taka móinn saman og geyma hann og láta flytja hann heim til manna í vetur, eftir því sem menn óska. Gefst þá öllum kostur á að kaupa þann mó, sem verður umfram pantanir, meðan birgðirnar endast. Hjer er því mishermi í ræðu háttv. þm. (B. J.), sem stafar vafalaust af því, að honum hefir verið skýrt rangt frá, en það gat jeg ekki látið hjá líða að leiðrjetta.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Í ræðu minni er ekkert mishermi. Það er helber misskilningur hjá háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), eins og það er líka misskilningur hjá honum, að hann sje hjer nokkur fulltrúi fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur. Jeg er ekki heldur að dæma bæjarstjórnina; verk hennar dæma hana.

Jörundur Brynjólfsson: Háttv. þm. (B. J.) getur þó ekki borið fyrir það, að hann sagði, að bæjarstjórn Reykjavíkur hugsaði ekkert um þá, sem gætu ekki borgað móinn fyrirfram. Þetta er ekki rjett með farið. Og fyrst að jeg er í bæjarstjórninni, get jeg ekki látið það óleiðrjett.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Skilur ekki þm. (J. B.), að jeg fór alveg rjett með. Það er ekki til neins fyrir bæjarstjórnina að vera að rífast hjer.

Jörundur Brynjólfsson: Mjer finst, að menn verði að heimta það af þm. (B. J.), að hann skýri rjett frá fyr-

irtækjum bæjarstjórnar, ef hann minnist á þau á annað borð, en þoli hógværar leiðrjettingar að öðrum kosti.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. í e. hlj.

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 20. júlí, var till. tekin til síðari umr.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Þar sem till. þessari var svo vel tekið við 1. umr., sje jeg ekki ástæðu til að lengja umræðurnar. Jeg held, að háttv. þm. sjeu allir svo einhuga um þetta mál, og það standi svo ljóst fyrir þeim, að frekari skýringar sjeu óþarfar. Jeg leyfi mjer því að óska þess, að till. verði samþykt.

ATKVGR.
Till. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed., laugardaginn 21. júlí, var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um kolanám, eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 139).

Á 14. fundi í Ed., miðvikudaginn 25. júlí, var till. tekin til fyrri umr. (A. 139, 159).

Karl Einarsson: Bjargráðanefndin hefir leyft sjer að koma með viðaukatill. við till. á þgskj. 139, um kolanám.

Þessi þingsályktunartill. er að eins bending til stjórnarinnar um, að kolavinslan komi að sem bestum notum, þar sem nauðsyn á kolum er brýnust. Það hefir sem sje borið töluvert á því, að vörur, sem landsstjórnin hefir útvegað, hafa borist um of á einn stað, og hefir oft verið ýmsum erfiðleikum háð að ná þeim þaðan og þangað, sem þörfin á vörunum var brýn. Þetta ætti ekki að þurfa að eiga sjer stað um kolin, og vonast jeg því til, að háttv. deild samþ. þessa viðaukatill.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg finn ástæðu til að benda á það hjer, eins og í háttv. Nd., að þó að landsstjórnin vilji gera alt sitt til þess, að þingsályktunartillagan komi að sem bestum notum, þá er lítið útlit fyrir nægilegan árangur af þeirri viðleitni, og vafasamt, að kleift verði að bæta að fullu úr kolaskortinum. Menn skyldu því ekki treysta um of á kolin og vanrækja í því trausti að afla sjer annars eldiviðar.

Um áskorun þá, sem felst í þingsályktunartillögunni, er það að segja, að með því að aðalkolanámið er á Tjörnesi, þá er miklum erfiðleikum bundið að geyma þar kolabirgðir. Þar að auki er höfnin vond og stjórnin hefir að eins stórskip til þess að flytja kolin. En hingað til hafa einstakir menn annast kolaflutninginn á eigin skipum, og vonandi verður framhald á því. Jeg vil þess vegna ekki, að landsstjórnin sje skylduð til að hafa eigin skip sín til flutninganna, heldur væri æskilegt, að kolin yrðu flutt á smærri skipum. Viðaukatillöguna mun ekki heldur eiga að skilja þannig, að ekki megi flytja kolin í hverja höfn á landinu sem vill.

Jeg vil þá loks benda á þessi tvö atriði, að kolavinslan mun varla nægja eldiviðarþörf landsmanna, og að stjórnin mun reyna að flytja kolin á skipum, sem hentug eru til slíkra flutninga.

Karl Einarsson: Jeg skal geta þess, vegna orða hæstv. ráðherra (S. J.), að nefndin leggur enga áherslu á það, að stjórnin flytji kolin á eigin skipum, heldur vill hún þvert á móti, að hún sjái um, að smærri skip annist flutningana. Það leiðir auðvitað af sjálfu sjer, að kolin eiga að fara til ýmsra smáverslunarstaða og kauptúna, og mundu lítil skip hentugri til þess að flytja kolin á slíka staði.

ATKVGR.

Fyrri málsgr. till. samþ. með 12 shlj. atkv.

Viðaukatill. 159. samþ. með 9 shlj. atkv.

Síðari málsgr. till. samþ. með 12 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 12 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., fimtudaginn 26. júlí, var till. tekin til síðari umr. (A. 168).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 17. fundi í Ed., mánudaginn 30. júlí, og á 20. fundi í Nd., s. d., var útbýtt frá Sþ.

Tillögu til þingsályktunar um kolanám, eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 182).

Á 3. fundi í Sþ., þriðjudaginn 31. júlí, var till. tekin til umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 241).

---

3. Hafnargerð í Þorlákshöfn.

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 20. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um hafnargerð í Þorlákshöfn (A. 124).

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 31. júlí, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Jeg get verið mjög stuttorður um þessa tillögu. Hún er í samræmi við tillögu, sem samþykt var á þinginu 1915, þess efnis að skora á stjórnina að láta rannsaka leiðir og lendingar í kringum landið. Á þinginu í vetur var samþykt nokkurskonar framhald af þeirri tillögu, og má segja, að till. á þgskj. 124 sje framhald af því, sem samþykt var þá. Mál það, sem hjer ræðir um, er ekkert nýmæli. Það hefir margsinnis verið flutt áður, ýmist í tillöguformi eða í frumvarpsformi, og altaf verið vel tekið. Það er álit allra manna, sem nálægt búa þessum stað og kunnugir eru málavöxtum, að brýn nauðsyn beri til að flýta sem mest framkvæmd þessa máls og að ábyggileg áætlun verði samin svo fljótt, sem auðið er. Mjer er líka

kunnugt um það, að hv. samþingism. minn og fyrverandi ráðherra (E. A.) hafði ráðið mann til að rannsaka þetta mál. Og nú er mjer tjáð, að landsstjórnin sje búin að ráða mann til að skoða leiðir og lendingar við strendur landsins. Tel jeg þá víst, að vikið verði að framkvæmdum þess innan skamms. Tilgangurinn með tillögunni er því að eins sá að minna hæstv. landsstjórn á þennan stað og benda til þess, að sjálfsagt þyki að rannsaka hann fyrst.

Jeg ætla ekki að fara út í það að lýsa nauðsyn þessarar hafnargerðar. Það hefir svo oft verið gert áður, bæði í ræðu og riti. Öllum háttv. þm. mun vera það ljóst, að mótorbátaútvegurinn austanfjalls, sem þegar er orðinn mikill, og gæti orðið meiri, er í voða, ef ekkert er að gert. Og eini staðurinn á þessu svæði, sem líklegur er til hafnargerðar og allir hafa augastað á, er Þorlákshöfn. Jeg vænti því eindregið fylgis deildarinnar í þessu máli.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. í e. hlj.

Á 18. fundi í Nd., fimtudaginn 26. júlí, var till. tekin til síðari umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., föstudaginn 27. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um hafnargerð í Þorlákshöfn,
eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 181).

Á 17. fundi í Ed., mánudaginn 30. júlí, var till. tekin til fyrri umr.

Magnús Kristjánsson: Mjer finst þessi tillaga vera nokkuð óákveðin. Eins og allir sjá er ekki getið um, við hverskonar höfn er átt. En mikill munur getur verið á, hvort það er bátahöfn eða stórskipahöfn. Mál þetta hefir oftar komið til umræðu hjer á þingi áður, en jeg hefi aldrei orðið var við, að mönnum stæði það ljóst, hverskonar sú höfn væri, sem átt var við. Það er þægilegra fyrir landsstjórnina að vita, hve þingið ætlast til að þessi rannsókn verði yfirgripsmikil.

Síðasta rannsóknin, sem gerð hefir verið á þessum hafnarstað, eftir Jón verkfræðing Ísleifsson, virðist benda í þá átt, að tillögur hans sjeu aðallega miðaðar við fiskiskipahöfn, enda þótt hann geri sjer von um, að smærri vöruflutningaskip geti einnig fengið þar afgreiðslu. En raddir hafa heyrst um það, að einmitt á þessum stað ætti að koma upp stórskipahöfn, og að það ætti að geta orðið til þess, að hugmyndin um járnbraut frá Reykjavík austur um sýslur ætti þar með að vera úr sögunni. Þá horfir málið öðruvísi við, og það eru þessar stefnur, sem þyrftu að koma til athugunar.

Ef menn ætlast til, að gerð verði stórskipahöfn, og álíta það nauðsynlegt, myndu nokkur hundruð þúsund ekki hrökkva til þess.

Jeg verð að halda því fram, að ef tilætlunin er að gera trygga höfn fyrir stærri skip, myndi hún kosta nokkrar

miljónir. Slík rannsókn myndi kosta mjög mikið fje. Þess vegna hefði þurft að koma skýrt fram, við hvað væri átt.

Jeg hefi minst á þetta vegna þess, að þó að málið hafi ekki komið í nefnd í Nd., þá er ástæða til að athuga það í nefnd hjer. Og jeg hygg það ógætilegt að hlynna að þeirri stefnu, að landið ráðist í stórkostleg hafnarfyrirtæki, þegar lítil eða engin skilyrði eru fyrir af náttúrunnar hendi, er greitt gætu fyrir. Fyrst er að bæta þar hafnir, sem siglingar eru og hafa verið miklar, og mikill hluti verksins sparast við það, að þar eru hafnirnar að nokkru leyti til frá náttúrunnar hendi.

Þetta hygg jeg að verði að vera stefnan, því að það er svo margt, sem landið þarfnast, sem útheimtir stór fjárframlög, og alt slíkt verður vandlega að athuga. Til stórskipahafnar á þessum stað er því varla hugsandi í nánustu framtíð, því að til hennar þyrfti miljónir. Hver, sem hefir athugað það voðaafl, sem hafið hefir þar, sem það legst að með fullu afli, hlýtur að játa, að hjer mun ekki duga höfn á borð við Reykjavíkurhöfn, heldur þarf miklu stærra mannvirki, ef hún á að vera örugg.

Það verður því að standa ljóst fyrir þinginu og landsstjórninni, um hvað er að ræða, hvort heldur fiskibátahöfn eða stórskipahöfn. Ef átt er við fiskibátahöfn, er rjettast, að stjórnin láti sem allra fyrst gera rannsóknir og áætlanir um hana.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil taka undir það með háttv. þm. Ak. (M. K.), að till. er ekki svo ljóst orðuð, að sjeð verði, hvort átt er við betri rannsókn á bátahöfn, eða hvort meira er haft í huga. Eins og till. er orðuð er nær að álíta, að átt sje við hafskipahöfn. Deildinni mun kunnugt, að skoðun á hafnarstæðinu hefir farið fram og verið framkvæmd af verkfróðum manni. Og þar sem nú er farið fram á betri og ítarlegri rannsókn, liggur nær að halda, að átt sje við hafskipahöfn. Bæði af þessu og af öðrum umræðum um málið sjest, að fyrir mörgum vakir, að hægt sje að gera þarna hafskipahöfn með kleifum kostnaði. En þar sem till. liggur ekki ljósara fyrir, vil jeg styðja það, að henni sje vísað til nefndar, og þá eðlilega til sjávarútvegsnefndar, og geri jeg það að till. minni. Getur nefndin þá borið sig saman við fim. till. í Nd.

Magnús Torfason: Þegar jeg bjó á Suðurlandsundirlendinu, var fyrst vakið máls á því, að þörf væri á að bæta hafnir þar, og var það þá gert að nokkru leyti. Eins og menn mun reka minni til var fje veitt til umbóta á Stokkseyrarhöfn og innsiglingunni þangað, með tillagi frá sýslusjóðum Árnes- og Rangárvallasýslna. Stefnan var fyrst sú að bæta hafnir og lendingar á Suðurlandsundirlendinu, þessu stóra og auðuga hjeraði, þar sem þess þyrfti við. Síðan kom sú stefna fram að bæta samgöngur á Suðurlandsundirlendinu, með því að leggja þangað járnbraut, óg skal jeg ekki lasta það. Sú stefna hefir sjálfsagt mikið til síns máls. En þó verð jeg að taka það fram, að járnbraut eykur ekki beint framleiðslu, en aftur á móti auka hafnarbætur hana. Það geta verið skiftar skoðanir um það, hvort ekki skuli byrja á hafnarbótum og láta svo höfnina fæða af sjer járnbraut síðar. Jeg álít þetta tvent svo samtvinnað, að rjettast sje, að áður en ákveðið er, hvora stefnuna menn taka, verði rannsökuð til hlítar öll skilyrðin fyrir lendingabótum austanfjalls. Jeg veit það, eftir að hafa á ný kynst hugum manna fyrir austan, að mjög eru

skiftar skoðanir þar, hvor stefnan sje rjettari og á hverju skuli byrja. Jeg hygg, að áður en ítarleg rannsókn á lendingastöðum fer fram sje ekki hægt að gera neina vel undirbúna framkvæmd í þessu máli.

Jeg skal ekkert um það segja, hvað slíkar rannsóknir og áætlanir mættu kosta, en benda á, að sjálfsagt er, að málið fari til nefndar.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 11 shlj. atkv., og til sjávarútvegsnefndar (sjá A, bls. 1605) með 13 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., mánudaginn 13. ágúst, var till. tekin til síðari umr. (A. 181, n. 403).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. ágúst, var till aftur tekin til síðari umr.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Eins og kunnugt er hefir þetta mál komið fyrir þingið nokkrum sinnum áður. Það hefir verið skorað á landsstjórnina að grenslast eftir og undirbúa, hvort jörðin Þorlákshöfn mundi fáanleg til kaups handa landssjóði. Enn fremur hefir verið skorað á stjórnina að láta rannsaka og gera áætlun um hafnargerð á þessum stað. Jeg veit ekkert um, hvað undirbúningi á kaupunum líður. Jeg hefi ekki sjeð neinar skýrslur um það efni. En um hitt atriðið, rannsókn á hafnargerðinni, er það að segja, að hafnarstæðið hefir verið rannsakað af þremur innlendum verkfræðingum, hverjum í sínu lagi. Það eru þeir Þorvaldur Krabbe, Jón Þorláksson og síðast Jón Ísleifsson, sem rannsóknina hafa int af hendi. Enn fremur mætti geta þess, að hafnarstæðið hefir verið rannsakað af erlendum verkfræðingum, en ókunnugt er, að hvaða niðurstöðu þeir hafa komist.

Þessar rannsóknir innlendu verkfræðinganna hafa orðið ærið mismunandi, og þeir komist að töluvert ólíkri niðurstöðu, og stafar það sennilega af því, að óljóst hefir verið fyrir þinginu, hvort það hefir ætlast til að gera á þessum stað fiskibáta-, og þá einkum vjelbátahöfn, eða höfn fyrir stærri skip. Þetta hefir aldrei komið greinilega í ljós af þingsins hálfu, og þess vegna er ekki við því að búast, að stjórnin hafi getað lagt nákvæmlega fyrir þessa menn, hvernig rannsóknin ætti að vera, og því var málinu vísað til nefndar, að ástæða þótti til að komast að fastri niðurstöðu um það, hvernig rannsóknunum skyldi hagað.

Nefndin hefir nú komið fram með álit sitt, og geri jeg ráð fyrir því, að háttv. þingmenn hafi kynt sjer það og sjeð, að hvaða niðurstöðu hún hefir komist.

Jeg býst við því, að jeg þurfi ekki að fara út í nein einstök atriði í nefndarálitinu, og skal jeg þá að eins geta þess, í sem fæstum orðum, að niðurstaðan, sem nefndin hefir komist að, er sú, að hún telur æskilegt, að rannsókn þeirri, er þegar hefir verið byrjað á af Jóni verkfræðingi Ísleifssyni, verði haldið áfram og lokið á þann hátt, að verulega mætti á henni byggja.

Nefndin átti tal við verkfræðinginn, og þá kom það í ljós, að þrátt fyrir það, þótt hann hefði komist að þessari niðurstöðu, þá vantaði mikið á, að full vissa væri fyrir því, hvort aðferð sú, sem hann hafði hugsað sjer, væri nægilega trygg. Þess vegna þyrfti að rannsaka þetta enn nákvæmar og ítarlegar, því að það vita allir, hve háskalegt það

er að ráðast í slík fyrirtæki, ef þau svo skyldu mishepnast.

Jeg skal nú lýsa yfir því, fyrir nefndarinnar hönd, að þetta er hennar skoðun á málinu, en að það, sem jeg kann að segja fram yfir það, er fyrir minn reikning, ef háttv. meðnefndarmenn mínir geta ekki samþykt það.

Það verður þá þetta, að jeg tel æskilegt, að fiskiskipahöfn gæti komist þar upp sem fyrst. Jeg segi fiskiskipahöfn vegna þess, að jeg álít, að þótt höfn fyrir stærri skip yrði fyrirhuguð þar, þá er ekki líklegt, að hún gæti orðið svo útbúin, að skip gætu athafnað sig þar í hvaða veðri sem væri og ætíð komið þar vörum á land, en slíkar hafnir þurfa að vera þannig úr garði gerðar, að afgreiðsla hverskonar skipa sem er geti átt sjer stað tafarlaust.

Í öðru lagi er það mitt álit, að óhyggilegt sje að hugsa til mjög stórfenglegrar hafnarbyggingar þar, sem myndi kosta margar miljónir króna, og svo kæmi það ekki að notum nema örlitlum hluta landsins, aðallega tveim sýslum eða svo.

Jafnvel þótt því hafi verið haldið fram af ýmsum, að þetta væri það, sem að yrði að stefna, þá vil jeg samt láta í ljós, að jeg tel það óheppilegt, ekki að eins af því, að svo mikið fje væri borið í þennan stað, til þess að gera þar höfn. Það er ekki einungis hinn mikli kostnaður, er af því leiðir, heldur hlýtur það að hafa þau áhrif að rýra stórfenglega í verði aðrar eignir á öðrum stað, sem sje Reykjavík, því að hún yrði þá til stórhnekkis fyrir þann bæ og jafnvel fleiri bæi, en sjerstaklega fyrir Reykjavík, sem nú um margar aldir hefir verið skoðuð sem eðlileg miðstöð fyrir alt landið. Þetta er því ástæða, sem gerir það, að jeg vil taka það fram, að stefna sú, sem fram kemur í tillögu nefndarinnar, miðast við það, að minna fyrirtæki getur komið landinu að góðum notum, þó að það væri mest fyrir hin næstu hjeruð, að kostnaðurinn við stórskipahöfn stæði ekki í neinu rjettu hlutfalli við gagnið, sem af því yrði, og svo eru hinar aðrar afleiðingar, sem jeg hefi tekið fram, sem gera það rjettmætt, að horfið sje frá hugmyndinni um stórskipahöfn.

Sigurður Eggerz: Jeg skal að eins leyfa mjer að gera örstutta athugasemd.

Jeg verð að játa það, að jeg felli mig betur við þingsályktunartillöguna, eins og hún kom frá háttv. Nd., heldur en brtt. hv. nefndar. Ástæðan til þess er sú, að mjer finst brtt. vera heldur ofþröng. Ef verið er að kosta upp á rannsókn í Þorlákshöfn á annað borð, þá finst mjer rjettast að rannsaka hvorttveggja, hvað minni og stærri höfn myndi kosta. Það getur verið rjett hjá háttv. þm. Ak. (M. K.), að það hafi mikinn kostnað í för með sjer, en jeg sje þó ekkert á móti því, að ef kostað er upp á rannsókn, þá sje gerð ítarleg rannsókn, og sú hætta, sem Reykjavík stafaði af því, held jeg að varla sje teljandi. Sem sagt, jeg felli mig betur við till. háttv. Nd., af því að hún veitir heimild til að gera þær rannsóknir, sem nefndin leggur til, en leyfir einnig athuganir um stærri höfn.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Að minni hyggju er það alveg rjett, sem háttv. frsm. (M. K.) tók fram, að eins og till. kom frá hv. Nd. er hún nokkuð óljós. Þetta staðfestist meðal annars af orðum háttv. 2. landsk. þm. (S. E.), að rannsóknin eigi að miða að einu af tvennu, stærri eða minni höfn. En jeg get ekki sjeð, að neitt sje ákveð-

ið um þetta í till. hv. Nd., heldur sje það eftir geðþótta stjórnarinnar, og það tel jeg óaðgengilegt.

Jeg geri að vísu ráð fyrir, að háttv. Nd. hafi ekki ætlast til, að það væri að eins rannsakað, hvað það myndi kosta að gera minni höfnina, heldur einnig hina stærri, en þar sem það er víst, að hjer yrði um margra þúsunda króna kostnað að ræða, þá verð jeg að álíta, að till. hv. nefndar sje miklu aðgengilegri. Að vísu er það svo, að í till. sjálfri er ekki talað um kostnað, heldur að eins í nál., en ef till. yrði samþ., þá yrði sú rökfærsla, er þar kemur fram, að skoðast staðfest.

Jeg skal ekkert um það segja, hvort ekki væri tiltækilegt að byggja þarna höfn fyrir venjuleg hafskip, en jeg verð að líta svo á, að það væri tæplega út í það leggjandi fyrir stjórnina, þar sem till. háttv. Nd. tekur það ekki beint fram og ekkert fje er ætlað til þess í fjárlögunum.

Jeg verð því að hallast að till. hv. nefndar í þessu máli.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) tók það fram í upphafi ræðu sinnar, að það væri að eins örlítil athugasemd við aðgerðir nefndarinnar.

Hún virtist nú ekki vera nema örlítil, en þar kom þó fram sá tilgangur hans að fella till. nefndarinnar og eyðileggja að öllu starf hennar.

Að því er rannsóknina snertir, þá er svo mikill meiningamunur, að ekki getur komið til mála að aðhyllast jafnmikla og ítarlega rannsókn og hv. 2. landsk. þm. (S. E.) vill, og að minsta kosti verður engin átylla dregin út úr ályktun háttv. Nd. um það, að fyrir henni hafi vakað eins ítarleg rannsókn og virðist vera hjá háttv. 2. landsk. þm. (S. E.). Ef háttv. deild hefði ætlast til þess, þá hefði hún hlotið að taka það fram, því að ekki er hægt að fleygja máli jafnóundirbúnu í stjórnina og segja henni að láta fara að rannsaka alt mögulegt og ómögulegt á öðrum eins stað og þessum, með því að öllum hlýtur að vera það ljóst, að rannsóknin hlýtur að kosta stórfje, hvað sem framkvæmd starfsins líður.

Þegar farið er fram á rannsókn á svo miklu dýpi, þá útheimtist til þess svo mikið fje, að það hefði vitanlega orðið að tiltaka einhverja upphæð, sem stjórnin hefði mátt verja til þess, því að ef sú rannsókn á að vera þannig, að á henni megi áreiðanlega byggja, þá hlýtur hún að kosta stórfje.

Enda þótt þessi till. nefndarinnar yrði samþ., sem jeg geri ráð fyrir að verði, með því að ekki er nema um þessar tvær till. að velja, þá vona jeg, að hv. 2. landsk. þm. (S. E.) og þeir, sem honum fylgja í þessu máli, ef nokkrir eru, sætti sig við það, enda væri þeim þá innanhandar að beita sínum miklu áhrifum og starfskröftum til þess að láta taka þá hugmynd síðar.

Jeg vonast til þess, að hv. 2. landsk. þm. (S. E.) viðurkenni það, við nánari athugun, að stefna till. sje rjett. Og jafnvel þótt það væri til ofmikils mælst, að hann greiddi till. atkv. sitt, þá leyfi jeg mjer að vænta þess, að hann láti hana hlutlausa.

Sigurður Eggerz: Það hneykslaði háttv. þm. Ak. (M. K.), að jeg sagði, að jeg ætlaði að eins að gera örlitla athugasemd við málið. Með því meinti jeg að eins tímann, sem jeg notaði til að gera þá athugasemd, að hann yrði örlítill. Hæstv. forseti hefir getið þess, hvað langar ræður kostuðu, og það var það, sem jeg tók fram, að jeg vildi ekki

leggja þunga byrði á landssjóð, þótt mjer hins vegar hefði aldrei dottið í hug að vera samþykkur háttv. framsm. (M. K.).

Að öðru leyti held jeg, að háttv. þm. (M. K.) muni gera nokkuð mikið úr kostnaðinum við slíka rannsók, að hún muni nema hundruðum þúsunda. Hitt er jeg alveg sannfærður um, að ef nú á að fara fram rannsókn, þá sje sjálfsagt að rannsaka bæði fyrir minni og stærri höfn. Annað mál er það, ef verkfróður maður álítur meiningarlaust að byggja þar stóra höfn, að mjer kemur ekki til hugar að halda því fram, að það skuli þá gert.

Mjer heyrðist á háttv. þm. Ak. (M. K.), að hann liti svo á, að það gætti fullmikils stórhuga hjá mjer, að jeg vildi láta rannsaka bæði atriðin um leið. Mjer virðist ekki koma svo mikill ofurhugi fram í því, og það enda þótt jeg vilji ekki fá útlent fjármagn til þeirrar rannsóknar. Og síst af öllu gæti mjer dottið í hug að gefa útlendingum fyrirtækið, ef þeir vildu kosta rannsóknina. En slík skoðun virðist mjer hafa komið fram í þessari háttv. deild í öðru máli.

Hæstv. atvinnumálaráðherra sagði, að till. nefndarinnar væri ólíkt aðgengilegri fyrir stjórnina, með því að þar væri alveg ákveðið, hvað hún mætti gera. Það getur vel verið, að landsstjórnin vilji helst láta binda sig alveg, þegar um einhverjar framkvæmdir er að ræða, en jeg verð að segja það, að væri jeg í hennar sporum, þá vildi jeg ekki láta binda mig, heldur eiga kost á að hafa stærra svigrúm til þess að geta valið heppilegustu leiðirnar, sem þinginu eru oft huldar, af því að það hefir ekki næga þekkingu á ýmsum sjermálum, eins og þessum.

Jeg býst ekki við því, að farið verði að orðum mínum um það að samþykkja till. háttv. Nd., en skal þó geta þess, að jeg álít rjettast að rannsaka skilyrðin bæði fyrir litla og stóra höfn þar. Eftir að slík rannsókn hefir átt sjer stað er það ákvörðun þingsins að ákveða, hvað gera skuli; það getur líka vel komið fyrir, að eftir að búið væri að byggja þar litla höfn þá sýndist það betra að byggja þar stóra höfn, og þá getur vel verið, að háttv. þm. Ak. (M. K.) segði einhvern tíma, að betra hefði verið að gera það strax.

Ef till. háttv. Nd. verður feld hjer í deildinni, þá er ekki annað að gera en að samþykkja till. nefndarinnar, því að vitaskuld vil jeg heldur hafa hana en enga.

Jeg býst við, að þetta verði að vera síðustu orð mín í þessu máli, vegna þess, að jeg mun vera »dauður«, eftir hinum ómögulegu þingsköpum vorum.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg finn ástæðu til að geta þess, að orð mín áttu ekki að skiljast á þann veg, að jeg óskaði þess, að ráðuneytið væri sem mest bundið að öllu, heldur á þann veg, að jeg vildi, að óskir og vilji þingsins kæmi ljóslega fram í till. þess. En það er ekki hægt að segja, að svo sje í till. háttv. Nd. Það liggur í augum uppi, og orðum mínum áður í þá átt hefir ekki verið mótmælt með neinum rökum.

Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) mintist á, að tvennskonar rannsókn þyrfti að fara fram. En hví má ekki byrja á hinu smærra og rannsaka það? Ef menn verða einhvern tíma svo stórhuga að vilja byggja hafskipahöfn þar, þá geta menn rannsakað það síðar, ef list, og get jeg því ekki sjeð, að stjórnin þurfi að láta framkvæma hvorttveggja nú, enda lítur ekki út fyrir það, eftir till. háttv. Nd., að stjórnin eigi að hugsa neitt um

það, eins og nú stendur, enda getur þingið síðar bætt við áætlun um stærri höfn.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) vildi afsaka það, að svo miklar umr. yrðu um þetta mál, með því, að ekki væru fleiri mál á dagskránni. En mjer fanst háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) fara dálítið inn á alvarlega hluti, sem ekki beinlínis heföi þurft að koma þessu máli við, þar sem hann ljet þá stefnu eindregið í ljós, að jafnvel þótt ráðist yrði í það í nánustu framtíð að byggja þessa höfn, þá mundi honum aldrei detta í hug að fara að taka útlent fjármagn til aðstoðar. (**S. E.:** Það hefi jeg aldrei sagt). Jú, orðin fjellu á þessa leið, og »töluð orð verða ekki aftur tekin«, en það mætti kann ske snúa þeim við þannig, að þau litu eitthvað öðruvísi út. En jeg er nú algerlega á annari skoðun í þessu máli; að því er snertir þessi verk og önnur slík, er kosta margar miljónir króna, þá er mjer næst skapi að halda fram þeirri skoðun, að þau geti ekki komist í framkvæmd, nema því að eins, að til þeirra sje varið útlendu fje.

Hitt er annað mál, að menn getur greint á um aðferðir og skilyrði, en jeg álít, að vjer verðum að gera oss þetta ljóst, en ekki að vera að halda því fram í blindni, að vjer sjeum sjálfum oss nógir að þessu leyti og þurfum ekki að leita til útlendinga, en jafnframt er því haldið fram, að þeir sjeu beinlínis sólgnir í að lána oss fje, til þess að vjer getum gert það, sem vjer viljum.

Jeg vil þá spyrja, hvort er hyggilegra að taka við fje, sem manni er boðið að láni og fæst með góðum skilyrðum, eða hitt, að ganga mann frá manni, land úr landi og biðja um það fje, er þarf til framkvæmda, og verða svo að hlíta skilyrðum, sem eru verri en þau, sem maður átti kost á fyr?

Sigurður Eggerz: Mjer þykir það merkilegt um jafngáfaðan mann og háttv. þm. Ak. (M. K.) er, að hann skuli hafa misskilið svo hrapallega alt, sem jeg sagði.

Þess er þá fyrst að geta, að jeg sagði, að mjer dytti ekki í hug, að þörf væri á að fá útlent fje til rannsóknar á höfn í Þorlákshöfn. Jeg hefi vitanlega talið sjálfsagt, að fje til þess yrði veitt í fjárlögunum, svo að allar hugleiðingar háttv. þm. (M. K.) um þetta atriði voru ekki svör við því, sem jeg sagði, heldur við því, sem jeg kynni að hafa sagt, eða mundi ef til vill einhvern tíma segja.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) hafði enn fremur eftir mjer þau ummæli, að væri jeg stjórn, myndi jeg ekki hleypa útlendu fje inn í landið. Orðin »væri jeg stjórn« eru þau einu, sem rjett eru höfð eftir. Og jeg notaði þau í alt öðru sambandi. Jeg viðhafði þau í tilefni af ræðu hæstv. atvinnumálaráðherra og í sambandi við það, hvort rjettara væri að samþ. þrengri till. eða þá rýmri. Jeg tók það fram, að væri jeg stjórn, kynni jeg illa við að vera rígbundinn við ákveðna leið í þessu máli, sem við nánari athugun kynni að sýnast litt heppileg.

Jeg verð að fyrirgefa háttv. þm. (M. K.) þetta, því að jeg geng að því vísu, að hann hafi einungis tekið rangt eftir, en ekki ætlað sjer að fara vísvitandi rangt með. En jeg þakka hæstv. forseta fyrir þá góðvild að gefa mjer tækifæri til þess að leiðrjetta þennan hrapallega misskilning.

ATKVGR.

Brtt. 403. samþ. með 12 : 1 atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 31. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. ágúst, og á 34. fundi í Nd., s. d., var útbýtt frá Sþ.

Tillögu til þingsályktunar um hafnargerð í Þorlákshöfn,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 464).

Á 4. fundi í Sþ., þriðjudaginn 21. ágúst, var till. tekin til umr.

Sigurður Sigurðsson: Þingsályktunartill. þessari, um hafnargerð í Þorlákshöfn, hefir verið breytt nokkuð í háttv. Ed. En þar sem við flm. hennar fáum ekki annað sjeð en að hjer sje frekar um orða- en efnisbreytingu að ræða, væntum vjer þess, að till. verði samþ. hjer í háttv. Sþ. Munurinn er í raun og veru sá einn, að í till., eins og hún var upphaflega, var skorað á stjórnina að láta rannsaka sem fyrst byggingu öruggrar hafnar í Þorlákshöfn. En háttv. Ed. vill láta leggja mælingar hr. Jóns Ísleifssonar, verkfræðings, til grundvallar þeirri rannsókn. Flm. vilja því mælast til þess, að háttv. þm. samþ. till., í því trausti, að rannsókn þessi fari fram sem fyrst, svo að brátt verði unt að byrja á verkinu, sem er svo mikið nauðsynjamál fyrir hjeruð þau, sem hjer eiga hlut að máli.

ATKVGR.

Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 554).

---

4. Stofnun og slit hjúskapar.

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um endurbætur á gildandi löggjöf um hjúskaparslit og afstöðu foreldra til barna (A. 149).

Á 18. fundi í Nd., fimtudaginn 26. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ein umr. ákveðin.

Á 20. fundi í Nd., mánudaginn 30. júlí, var till. tekin til einnar umr. (A. 149, 171).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., föstudaginn 3. ágúst, var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 149, 171, 216).

Flm. (Einar Arnórsson): Aðalástæðan fyrir þessari till. mun vera sú, að mörgum hafa þótt ýmsir ágallar vera á gildandi löggjöf um afstöðu foreldra til barna, einkum svonefndra óskírgetinna barna til föður og föðurættar. Hefir orðið hreyfing meðal ýmsra kvenna um þetta mál, og hafa þær snúið sjer til háttv. meðflm. míns (G. Sv.), sem er í góðu áliti hjá kvenþjóðinni; leiddi þetta til þess, að við höfum borið fram till. á þgskj. 149. En við nánari athugun, og í samráði við háttv. meðflm. minn (G. Sv.), þótti mjer betur fara að orða till. eins og farið er fram á á þgskj. 171. Menn mega ekki láta það villa sig, að áður er komið fram frv. um stofnun hjónabands; það lýtur að eins að hjónavígslunni.

Jeg skal nú skýra fyrir mönnum, hvað felst í till. ásamt brtt. á þgskj. 171. Aðallega er hjer um tvö aðalatriði að ræða, sem sje stofnun og slit hjónabands; og í annan stað afstöðu foreldra og barna.

Fyrra atriðið má greina í nokkur undiratriði.

1. felur það í sjer athafnir, sem samkvæmt gildandi lögum gerir manni það að skyldu að ganga að eiga konu eða greiða henni bætur ella. Reglurnar um það eru mjög úreltar og óviðeigandi. Í fyrri daga og fram á 18. öld var mönnum í slíkum málum gert að greiða rjett og ráðspjöll lögráðamanni konunnar; gat þetta stundum orðið þungt gjald; dæmi eru þess, að menn hafa orðið að greiða 60 hndr. í jörðu í rjett og ráðspjöll. En þessu var breytt 1740 meðal annars þannig, að dæma mátti mann til þess að eiga konu. Til eru 2 hæstarjettardómar, sem hníga í þessa átt, og mundi vafalaust verða fyrirmynd hjer, með því að í Danmörku gilda sömu lög um þetta efni. Í nýrri löggjöf annara ríkja, t. d. Þýskalands, á þetta sjer ekki stað, heldur er stundum heimilað að dæma í skaðabætur, og sú regla mun þykja viðkunnanlegust í nokkurn veginn siðuðum þjóðfjelögum.

2. Ýmisleg atriði um stofnun hjónabands. Ákvæði gildandi laga eru að ýmsu leyti í ósamræmi við sjálf sig, t. d. reglan um mægðir og frændsemi hjónaefnanna, sem er auk þess að sumu óviðeigandi, enda hefir ýmsu í þessu efni verið breytt í nýrri löggjöf annara þjóða. Um sjálft hjónabandið hefi jeg ekki hugsað mjer að gerðar yrðu verulegar umbætur, með því að vjer höfum ný lög um fjármál hjóna frá 1900, allgóð lög, og eru þar reglur um það atriði, sem mest varðar, fjármál hjónanna, meðan þau eru saman.

3. Hjónaskilnaður. Mörgum sýnast gildandi lög og gildandi venjur um skilnað hjóna vera meir en góðu hófi gegnir íhaldssöm. Skilnaður getur farið fram bæði með dómi og úrskurði yfirvalda (leyfi). Annars skal jeg ekki fara út í að rekja skilnaðarástæðurnar, sem í raun og veru eru í hjónabandsgr. frá 1587 og margar mjög ómannúðlegar og fráleitar. En einkum fella margir sig illa við, að hjón skuli fyrst þurfa að skilja að borði og sæng, sem kallað er, lafa síðan svo, að þau fá ekki fullan skilnað fyr en eftir 3 ár, nema ríkar ástæður sjeu fyrir hendi.

Þá kem jeg að öðru aðalatriðinu, afstöðu foreldra til barna, og þá einkum afstöðu óskírgetinna barna, svo kallaðra til föður og föðurættar. Eins og nú er hefir faðir ekki foreldravald yfir óskírgetnu barni sínu nje erfðarjett eftir það; það hefir og ekki heldur erfðarjett eftir hann eða föðurfrændur. Að vísu er faðirinn framfærsluskyldur, en erfitt þykir að koma þeirri skyldu fram, ef um refjótta barnsfeður er að ræða.

Við flutningsmenn ætlumst til þess, að stjórnin taki öll þessi atriði til athugunar. Jeg endurtek það, að margt í löggjöf vorri um þetta efni er gamalt, frá 16. öld, í hjónabandsgr. 1587 og Norsku lögum 2. kap. 5. bókar, og auk þess ýmsir gamlir konungsúrskurðir og brjef. Með tillögunni er ætlast til þess, að stjórnin endurskoði öll þessi ákvæði og safni löggjöf um þessi mál saman í eina heild. Á norðurlöndum hefir nú um tíma starfað nefnd manna, skipuð færustu mönnum í þessari grein, og hefir hún samið frv. um þessi efni, sem hafa má til hliðsjónar. Slíkt hið sama er að segja um löggjöf Þjóðverja um þessi efni, sem er mjög fullkomin.

Jeg sje, að fram er komin brtt. frá háttv. þm. Mýra. (P. Þ.), á þgskj. 216, um að skjóta inn í tillöguna ákvæði um viðhald hjónabands. Jeg get ekkert sagt um, hvað felst í þessu orði, »viðhald«, og leiði minn hest frá því að tala um brtt., fyr en jeg hefi þá heyrt háttv. flutnm. (P. Þ.) gera grein fyrir henni.

Til þess að fyrirbyggja allan misskilning skal jeg taka það fram, að jeg er eigi svo ósanngjarn að ætlast til þess,

að ráðherra sá, sem fer með þessi mál, geti annað sjálfur og skrifstofa hans undirbúningi væntanlegra frv. Við teljum sjálfsagt, að stjórnarráðið leiti sjer aðstoðar í þessu efni, að því leyti sem nauðsyn þykir, svo framarlega sem stjórnarráðinu finst á annað borð rjett að verða við tillögunni.

Pjetur Þórðarson: Jeg á hjer brtt. á þgskj. 216, ekki við brtt., heldur við aðaltillöguna, eins og sjest á því, að farið er fram á að sleppa úr orðunum »um endurbætur á gildandi löggjöf«, sem mjer virðast óviðeigandi í meginmáli tillögunnar.

Mjer fanst hv. flutnm. (E. A.) kunna illa við orðið »viðhald«, en jeg verð að álíta, að þegar um stofnun er að ræða, sem hefir svo mikla þýðingu fyrir þjóðfjelagið í heild sinni sem hjónabandið, og þegar ætlast er til þess að gera endurbætur á löggjöf um stofnun þess og slit, þá eigi einnig við að setja ákvæði um viðhald þess. Á jeg þar sjerstaklega við ýms atriði, er koma til greina og eru venjulega aðdragandi að því, að hjúskaparslit verði.

Jeg hefi sjeð það af reynslunni, að oft er sáralítið gert til að fara að vilja þess hjónanna, sem vill ekki skilnað. Jeg hygg því, að meira mætti gera en nú er gert, með hentugum lagaákvæðum, til þess að koma á sátt og samkomulagi, svo að rjettur hvorugs verði fyrir borð borinn. Jeg trúi ekki öðru en að háttv. deild geti verið þekt fyrir að samþykkja þessa litlu brtt. mína, og ímynda jeg mjer, að hv. flm. (E. A.) geti fallist á hana.

Annað atriði brtt. minnar er um fyrirsögn frv., sem verður einfaldari eftir minni till. Annars er þetta svo óbrotið mál og einfalt, að jeg vona, að háttv. þingd. fallist á báðar þessar brtt. mínar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg viðurkenni, að það muni þurfa að endurskoða þessa löggjöf, og býst við, að stjórninni verði ljúft að verða við þessum tilmælum. Jeg álít, að ef endurskoða skal alla löggjöfina, mætti líka bíða frv. um stofnun hjúskapar, sem fram er komið hjer í háttv. þingd.

Háttv. flutnm. þessarar till. (E. A.) ætlast ekki til, að stjórnin gæti sjálf annað því að semja frv. það, sem hjer er um að ræða, og er það mjög sanngjarnt, því að jeg býst við, að svo yrði, a. m. k. fyrst um sinn. Hvernig stjórnin færi að veit jeg ekki enn, því að jeg hefi ekki borið mig saman við meðstjórnendur mína um það; reyndar býst jeg við, að það myndi heyra sjerstaklega undir mig, sem stendur. Einn vegur er reyndar til, og það er að leita til Háskólans og fá hann til að undirbúa frv. í þessa átt.

Ætlað get jeg, að það væri vel ráðið, að leita til Háskólans með samningu frv., sem eru »teknisk« lagalegs efnis. Og um þetta mál má geta þess, að það er mjög mikill undirbúningur gerður í því, af bestu lögfræðingum Norðurlanda, og má nota hann mikið. Þótt hann sje ekki enn kominn til framkvæmda á Norðurlöndum, þurfum við ekki að bíða eftir því.

Sem sagt, frá stjórnarinnar hálfu mun þessari málaleitan verða vel tekið.

Jeg get ekki sjeð annað en að till. feli líka í sjer alt það, sem háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) hefir talað um, og álít jeg því brtt. óþarfa.

Flm. (Einar Arnórsson): Jeg vil leyfa mjer að þakka hæstv. forsætisráðh. fyrir undirtektir hans, og er jeg honum sammála um, að brtt. háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) sje ekki til bóta. Jeg dró það út úr ræðu háttv. þm. Mýra.

(P. Þ.), að hann vildi láta taka ýmisleg atriði til greina, sem eru undanfari hjónaskilnaðar, og átti við það með orðinu »viðhald«. Jeg skil háttv. þm. (P. Þ.) ósköp vel, en get ekki annað sjeð en að orðið »slit« feli í sjer alt það, er skilnaði viðkemur, og því sje orðið »viðhald« óþarft eða jafnvel villandi. Jeg vil enn fremur vekja athygli á því, að orðið hjúskaparmál, sem háttv. þm. (P. Þ.) vill hafa í fyrirsögn till., er ofvítt á aðra hliðina, en ofþröngt á hina. Það orð er haft um dómsmál út af hjónabandi alment, og er að því leyti ofþröngt og því villandi. Á hina hliðina er það ofvítt, því að það getur náð til allra atriða, er hjúskap varða, þar á meðal fjármála hjóna, sem hvorki við flutningsmenn nje háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) ætlast til að þingsályktunartillagan taki til.

Brtt. háttv. þm. Mýra. (P. Þ.) er því fremur til spillis en hitt, og hvernig sem á er litið alveg óþörf, og því er rangt að samþykkja hana.

Pjetur Þórðarson: Jeg ætla ekki að fara að halda því fram, að það sje mjög nauðsynlegt að taka brtt. mína fram yfir till. háttv. flm. (E. A.), þótt brtt. sje hugsunarrjettari. En jeg vil leyfa mjer, þrátt fyrir það, að hæstv. forsætisráðherra taldi brtt. mína alveg óþarfa, að halda því fram, að það sje ekki gersamlega óþarft við samningu laganna að gæta þess, að annar aðili sje ekki beittur órjetti við skilnaðinn. Jeg veit, að það hefir komið fyrir, að menn hafa ekki haft annað en einhverja lítilfjörlega átyllu til að heimta skilnað, og aðhald laganna hefir hjálpað til að gera hjúskaparslit, þar sem viðhald hjúskapar var rjettmætt og líklegt til að verða að góðu. Hvort orðið slit verður notað um ákvæði, sem hindra slit, geri jeg ekki að kappsmáli.

ATKVGR.

Brtt. 216, 1. og 2. feld með 15:2 atkv.
— 161. samþ. með öllum gr. atkv.
Till., svo breytt, samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 4. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um endurbætur á gildandi löggjöf um stofnun og slit hjúskapar og afstöðu foreldra til barna,

eins og hún var samþykt við eina umr. í Nd. (A. 294).

Á 23. fundi í Ed., mánudaginn 6. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., þriðjudaginn 7. ágúst, var till. aftur tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ein umræða ákveðin.

Á 25. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 367).

5. Fátækralög.

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 27. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um breyting á fátækralögunum frá 10. nóv. 1905 (A. 175).

Á 21. fundi í Nd., þriðjudaginn 31. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ein umr. ákveðin.

Á 23. fundi í Nd., fimtudaginn 2. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 10. ágúst, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Það er, eins og háttv. þm. er kunnugt, að þótt þessi lög sjeu ekki gömul, þá eru þau að mörgu leyti óheppileg. Jeg veit nú reyndar ekki, hvort háttv. þm. vilja breyta þeim, þrátt fyrir það, því að síðasta atkvgr. sýnir það, að þeir álíta sig ekki vera senda hingað til þess að gera rjett. Annars snertir þetta mál nú fleiri en Reykjavík.

Eins og menn vita verða þeir menn, sem leita til sveitanna, að tapa mannrjettindum sínum, og gera lögin þar engan greinarmun á, þannig að jafnmikill rjettarmissir verður fyrir þann, sem í fjárþrot kemst sakir sjúkdóma eða slysa, og fyrir slæpingjana, og enginn greinarmunur er heldur gerður á því, þótt menn hafi svo þunga fjölskyldu fram að færa, að þeir geti ekki staðið straum af henni. Þetta ákaflega mikla ranglæti sýnir, að nauðsyn er á að gera meiri greinarmun á styrkþegum og taka ekki rjettindi af þeim mönnum, sem styrks leita vegna óviðráðanlegra orsaka.

Í annan stað þarf að athuga flutning þurfamanna milli hreppa. Jeg veit, að stundum er meðferð þeirra í slíkum flutningi mjög mannúðleg, en fyrir mun það koma, að flutningurinn fari ekki fram svo sem skyldi.

Loks er eitt atriði, sem athuga þarf; jeg á við viðskifti hreppa. Fresturinn er þar settur svo stuttur, að oft er ókleift að leita þeirra skýrslna, sem nauðsynlegar eru.

Með þessu hefi jeg að eins viljað benda á fáein atriði, sem athuga þarf. Jeg held ekki, að ástæða sje til þess að fara lengra út í málið; væntanlega tekur stjórnin málið til ítarlegrar athugunar, ef till. nær samþykki háttv. þingdeildar.

Þorleifur Jónsson: Sennilega eru ýmsir gallar á fátækralögunum, er taka þyrfti til athugunar, en mjer þykir það að tillögunni, að ekki skuli vera bent á nein sjerstök atriði. Að vísu mintist háttv. flm. (J. B.) í ræðu sinni á ýmsa galla, t. d. um óverðskuldaðan missi mannrjettinda greinarmunarlaust, sem jeg tek undir með honum, en fram hefði þurft að koma greinilega í tillögunni.

Það er eitt atriði, sem jeg vil leyfa mjer að taka fram í þessu sambandi, sem sje, hvort ekki mundi rjett að stytta sveitfestitímann; hann er nú hjá oss 10 ár, miklu lengri en annarsstaðar á Norðurlöndum. Í Danmörku er sveitfestitíminn 5 ár, í Noregi 2, og í Svíþjóð er sveitfestin bundin við dvölina. Jeg hygg, að fátækraflutningur stafi oft af þessari löngu sveitfesti, en, eins og háttv. flm. (J. B.) tók fram, er sá flutningur oft óheppilegur. Jeg verð að telja, að þessi langi sveitfestitími feli í sjer misrjetti. Sveitirnar ala fólkið upp; síðan fer það í kaupstaðina, en þegar það brestur fje, atvinnu eða heilsu, þá er það sent á fæðingarhreppana. Það mun mega telja nægilegt, að sveitirnar ali fólkið upp, þótt þær taki ekki við því,

þegar fjárþröng þrengir að. Það má telja sanngjarnast, að þeir staðir, sem fólkið hefir unnið í, framfæri menn á elliárum þeirra eða þegar þá brestur atvinnu. — Þetta atriði vil jeg mælast til að stjórnin taki til greina.

En, eins og jeg gat um, þykir mjer till. ekki nógu skýr; ekki svo að skilja, að jeg vilji bregða fæti fyrir hana. Að eins vil jeg mótmæla þeim orðum háttv. flm. (J. B.), sem hann sagði í upphafi ræðu sinnar, að þm. væru ekki sendir hingað til að gera rjett. Þau tel jeg óviðurkvæmileg og ástæðulaus, því að vitanlega gera þm. það, sem sannfæring þeirra býður þeim.

Forsætisráðherra (J. M.): Það mætti ef til vill þykja óheppilegt eða óviðkunnanlegt að skora þannig á stjórnina að endurskoða fátækralögin, svo framarlega sem þar kemur til minna kasta, sökum þess, að jeg var í nefnd þeirri, sem í upphafi útbjó fátækralögin, og í því formi voru þau síðan samþykt af þinginu því nær orði til orðs. Og jeg verð að telja það ekki vel kurteislegt að brúka svo hörð orð um lögin, sem í till. felast. Jeg skal játa það, að sum einstök atriði lít jeg nú dálítið öðruvísi á en áður. En jeg mundi ekki treysta mjer til þess að breyta lögunum, nema að minsta kosti kæmu fram bendingar um ákveðnar breytingar, enda á það við um lög eins og þessi, sem eru heildarlög.

Jeg hefi tekið það fram áður, að ef menn vilja ekki, að styrkur undir vissum kringumstæðum hafi áhrif á kosningarrjett manna, þá er hægt að koma þeirri breytingu fram án breytinga á stjórnarskránni.

Svo framarlega sem háttv. þingdeild vill aðhyllast þessa till., þá teldi jeg rjettast, að hún gengi til nefndar, og að hún tæki fram í aðalatriðum, hverra breytinga væri óskað. Eins og tillagan liggur fyrir er hún altof alment orðuð til þess, að hægt sje að taka hana til greina.

Háttv. flm. (J. B.) þykja lögin harðneskjuleg. Það getur verið, að eitthvað hafi breyst í þessum efnum frá 1905, er lögin voru sett, en þá voru þau samin í samræmi við löggjöf annara þjóða. Þó hefir þar sumt breyst lítils háttar í einstökum atriðum, og má vera, að þær eða svipaðar breytingar þurfi einnig að gera hjer, en þá þarf efni breytinganna, sem óskað er, að koma skýrt fram.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Það var öðru nær en að jeg vildi á nokkurn hátt sveigja að hæstv. forsætisráðherra eða öðrum, sem um lögin hafa fjallað, með orðum mínum. Jeg hafði, satt að segja, ekki gætt að því, hverjir samið höfðu lögin, og ef vitað hefði, mundi jeg hafa afsakað þá frá notkun laganna og reynslu, sem nú er orðin, því að á sínum tíma voru lögin rjettarbót.

Eins og hæstv. forsætisráðherra tók fram er nú margt breytt frá því að lögin voru sett, og jeg get einkarvel felt mig við þá till. hans, að málinu verði vísað til nefndar, til þess að skýrt komi fram, hverra breytinga menn óska.

Út af því, sem háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) tók fram, að fólk úr sveitum dveldi í sjávarþorpum, en færi síðan á sveitirnar aftur, með öðrum orðum, að sveitirnar kostuðu uppeldi mannanna og yrðu svo að taka við þeim síðar, er þeir yrðu ósjálfbjarga, þá finst mjer sú niðurstaða undarleg. Þess ber þá einnig að gæta, að fólk flyst líka úr kaupstöðunum í sveitirnar. T. d. elur Reykjavík upp miklu fleira fólk en stærstu sýslur landsins, en öll sú viðkoma lendir

ekki í Reykjavík, heldur dreifist um landið. Af þeim 80 þús. kr., sem Reykjavík ver til þurfamanna, gengur allmikið til manna, sem eru hjer ekki sveitlægir, en að eins dvelja hjer, en einmitt hjer sækjast menn mjög eftir að ná sveitfesti; gamalt fólk vill heldur vera hjer en annarsstaðar. Þess vegna á það ekki við að segja, að kaupstaðir verði hlunninda aðnjótandi frá sveitunum, og svo framarlega sem hægt er að flytja þurfamenn burt úr dvalarstað, þá má segja, að ekki sje um langa dvöl að ræða, nema umrenningar eigi í hlut, eða menn, sem fjótlega verða fyrir þeim áföllum, að þeir geta ekki bjargað sjer.

Hákon Kristófersson: Jeg vil styðja þá tillögu, að þessu máli sje vísað til nefndar, og jafnframt skjóta því til væntanlegrar nefndar, hvort ekki mundi heppilegt að breyta sveitfestitímanum.

Það er alveg víst, að þetta 10 ára sveitfestitakmark er mjög óheppilegt. Jeg get í því efni skírskotað til umræðnanna á Alþingi 1905 og til ummæla hæstv. forsætisráðherra þá, sem hnigu á þá leið, að þetta 10 ára takmark væri í eðli sínu tímaspurning, sem komið gæti til álita að breyta, áður en langt um liði. Jeg hefi áður flutt hjer á þingi frv. til laga um breyting á þessu ákvæði, en það var felt hjer í Nd. En nú vænti jeg, að nefndin taki til athugunar þetta atriði. Það getur engum dulist, að sú regla er óheppileg, sem leiðir til þess, að mönnum er ýtt burt úr dvalarstöðum þeirra þegar þeir hafa verið þar í 9 ár, en eru svo teknir inn aftur eftir eitt ár. Þetta er mjög óviðeigandi, og alment munu menn óska að fá þessu breytt.

Háttv. flm. (J. B.) sagði, að flutningur þurfamanna mundi vera harðneskjulegur. Alstaðar þar, sem jeg þekki til, er reynt að fara með þurfamenn í flutningi frá einum hreppstjóra til annars eins vel og hægt er. Mjer þykja því þessi orð undarleg, og efast jeg um, að þau sjeu rjett. Jeg vil vona, að allir hreppstjórar þessa lands fari svo vel með þurfalinga þá, er þeir lögum samkvæmt verða að flytja, að ekkert verði út á það sett með fullri sanngirni. Annars er það aukaatriði fyrir mjer, hvernig flutningnum verður fyrir komið, þótt jeg sjái tæplega annað fyrirkomulag hentara en nú er. Það, sem mjer virðist skifta mestu máli, er sveitfestiatriðið, og óska jeg og vona, að háttv. nefnd, er málið fær til athugunar, taki það til ítarlegrar yfirvegunar.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg sagði alls ekki, að hreppstjórar sýndu nokkurt mannúðarleysi gagnvart þurfamönnum, heldur átaldi jeg, að fólkið væri látið hrekjast frá einum hreppstjóra til annars, í stað þess, að það væri flutt beina leið. En út af því, að háttv. þm. Barð. (H. K.) dró í efa, að harðúð ætti sjer stað í flutningi þurfamanna, þá mun þó svo vera, því miður. Jeg minnist nýlega að hafa lesið grein í blöðunum um móttöku þurfalinga, og var sú lýsing ekki fögur. Jeg man ekki, hver hreppstjórinn var, en jeg undanskil háttv. þm. Barð. (H.K.), því að þetta var einhversstaðar suður með sjó.

ATKVGR.

Till. vísað til allsherjarnefndar (sjá A, bls. 1615) í e. hlj.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 23. ágúst, var fram haldið einni umr. um till. (A. 175, n. 463, 535).

Frsm (Magnús Guðmundsson): Allsherjarnefnd gat ekki fallist á, að till. háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) væri samþykt. Við fyrri hluta þessarar umræðu tók háttv. flm. (J. B.) það fram, hver þau atriði væru í fátækralögunum, sem hann teldi sjerstaklega athugaverð og vildi að væru tekin til yfirvegunar. Þessi ákvæði eru öll tekin upp í nefndaráliti nu og gerð grein fyrir þeim, hverju fyrir sig. Síðan hefir háttv. flm. (J. B.) komið fram með brtt. við till. sína. Eru þar sömu atriðin talin upp, en annars engu nýju bætt við. Eins og kunnugt er er það innihald tillögunnar, að fátækralögin sjeu í ýmsum atriðum harðneskjuleg og yfir höfuð ósamboðin þjóðinni. Það er nú um lög þessi að segja, að þau hafa haft betri undirbúning en flest önnur lög vor. Þau voru samin af milliþinganefnd og síðan samþykt á Alþingi með litlum breytingum, eftir mjög rækilega yfirvegun.

Jeg ætla nú að drepa lítils háttar á þessi atriði, sem háttv. flm. (J. B) þykir einkum aðfinsluverð í lögunum.

Fyrsta atriðið er um sveitfestitímann. Háttv. flm. (J. B.) þykir hann oflangur. Um það virðast skoðanir manna mjög skiftar. Á undanförnum þingum hafa hvað eftir annað komið fram tillögur um það að stytta sveitfestitímann, færa hann niður í 5 ár, eða jafnvel niður í 2 ár. En þessar tillögur hafa jafnan verið feldar. Það er öldungis óþarft að skjóta því til stjórnarinnar að breyta þessu atriði. Hvaða þingmaður sem er getur borið fram frv. um það, hve nær sem ástæða þykir til.

Annað atriðið er það, að fátækralögin geri engan greinarmun á því, af hvaða ástæðum menn hafa orðið þurfandi. Þetta er nú ekki alveg rjett. Eins og bent er á í nál. eru 2 greinar í lögunum, sem miða að því að gera mun á þessu. Þetta sýnir, að milliþinganefndin, sem bjó lögin til, hefir tekið þetta atriði til yfirvegunar og haft hug á að taka tillit til þess.

Jeg skal játa það með háttv. flm. (J. B.), að æskilegt væri að fá rjettlátar reglur um þetta efni. En það er hægra sagt en gert. Hver ætti svo sem að dæma um það, hver orsökin til þurfamenskunnar væri í raun og veru? Jeg fyrir mitt leyti sje eigi, að hægt sje að fela það öðrum en hreppsnefndum. Dóminn yrði að leggja í hendur hreppsnefndar í framfærslusveit þurfalingsins. Nú vill oft svo til, að menn verða þurfalingar langt frá framfærslusveit sinni, svo að hlutaðeigandi hreppsnefnd getur verið ókunnugt um, hvað þurfamenskunni veldur. Hvernig á hún þá að kveða upp dóm sinn?

Það er auðsjeð á brtt. háttv. flm. (J. B), að honum er það ljóst, að þetta er vandamál. Hann kemst t. d. svo að orði, meðal annars, að þeir ættu að fá að halda sínum borgaralegu rjettindum, sem verða þurfandi vegna ómegðar. Ef nú maður, sem á eitt barn, getur ekki staðið straum af því og verður að þiggja af sveit, þá má segja, að hann verði þurfandi vegna ómegðar, eins og þótt hann ætti fleiri börn. Þetta eina barn er líka ómegð, en þó er varla ástæða til, að maðurinn sje undanþeginn fátækrastyrk, ef hann er fullhraustur. Þetta sýnir, að hjer er vandfundinn meðalvegur.

Þriðja atriðið er það að gera fátækraflutning mannúðlegri. Jeg hefi ekki heyrt mikið undan því kvartað, að fátækraflutningur sje yfirleitt ómannúðlegur. Að vísu sá jeg eitthvað minst á eitt tilfelli í blöðum, ekki alls fyrir löngu, sem þótti vítavert, en jeg veit ekki, hve mikið er hæft í því, og varla má mikið upp úr því leggja. Ef maður les fátækralögin yfir, þá rekur maður sig á

hverja greinina á fætur annari, sem reynir að draga úr þeim óþægindum, sem fátækraflutningurinn getur haft í för með sjer fyrir þurfalinginn. Í fyrsta lagi er svo ákveðið, að engan megi flytja fátækraflutningi fyr en bersýnilegt er, að hann sje kominn á stöðugt sveitarframfæri. Í öðru lagi ekki nema hann hafi þegið að minsta kosti 100 kr. Í þriðja lagi á að flytja þurfalinginn svo beint, sem hægt er, láta hann hafa vegabrjef og sjá honum fyrir allri fyrirgreiðslu. Í fjórða lagi skal ekki telja kostnaðinn við flutninginn til sveitarstyrks. Mjer er ekki ljóst, hvaða ákvæðum ætti hjer við að bæta. Ef nokkuð er athugavert við fátækraflutninginn, þá er það ekki lögunum að kenna, heldur framkvæmd þeirra. Lögin geta varla verið mannúðlegri í þessu efni en þau eru. Og það getur alls ekki komið til mála að afnema allan fátækraflutning. Reynslan hefir sýnt, að það verður töluvert dýrara að sjá fyrir þurfalingum annarsstaðar en í sinni framfærslusveit. Þetta var þriðja atriðið. Fjórða atriðið er það, að reglurnar um viðskifti sveitarstjórna sjeu óhagkvæmar. Þetta atriði er lítið rökstutt. Sjerstaklega hefir því verið haldið fram, að fresturinn, sem 66. gr. fátækralaganna ræðir um, sje ofstuttur. Það er hálfsmánaðarfrestur, sem settur er í þeim tilgangi, að afgreiðslan gangi sem fljótast. Hreppsnefnd á að tilkynna framfærslusveit þurfalingsins, að hann hafi þegið sveitarstyrk, hálfum mánuði eftir að styrkurinn er veittur. Jeg sje ekki, að þessi frestur sje neitt ofstuttur. Það, sem gera þarf, er ekki annað en það að skrifa eitt brjef. Skýrslu er búið að taka af þurfalingnum áður, þegar styrkurinn er veittur. Jeg sje ekki, að nein betri leið verði farin í þessu efni heldur en lögin ákveða.

Enn er á það að líta, að lögin eru nú búin að standa í 10 ár. Er því komin á föst stefna um skilning á einstökum atriðum, og stjórnarráðið er nú búið að kveða upp svo marga úrskurði, að menn eru farnir að vita, hvernig úrskurðað muni verða í deiluatriðum. Sá skrifstofustjóri stjórnarráðsins, sem hjer á hlut að máli, hefir líka sagt mjer, að það sje orðið miklu sjaldgæfara en var í fyrstu, að leitað sje úrskurðar stjórnarráðsins í deilum út af lögunum. Ef nú væri farið að breyta þeim, þá logaði aftur alt í deilum milli sveitanna, eins og áður var.

Enn er eitt atriði, sem mælir á móti því að skjóta málinu til stjórnarinnar. Maðurinn, sem mest vann að undirbúningi fátækralaganna, er nú forsætisráðherra. Það er ekki líklegt, að hann hafi komið auga á neinar verulegar nýjar leiðir í fátækramálunum, eða að skoðanir hans á þeim hafi breyst til muna síðan. Jeg tel því varla hugsanlegt, að hann sjái mikla ástæðu til að fara að umsteypa lögunum nú.

Pjetur Ottesen: Jeg hefi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, ekki af því, að jeg sje ekki að ýmsu leyti samþykkur því, sem í nefndarálitinu stendur. En jeg vildi þó láta athuga nánar ýms atriði í fátækralögunum, sem mjer þykja ekki vera eins góð og heppileg og æskilegt væri, sjerstaklega viðvíkjandi rjettindamissi þeirra, sem af sveit þiggja. Það er leiðinlegt, að menn skuli verða að missa mannrjettindi sín, þótt þeir t. d. ali upp fleiri börn en þeir geta alið önn fyrir hjálparlaust, eða verði hjálparþurfar af veikindum eða öðrum óviðráðanlegum orsökum. Jeg er því með tillögunni, að því leyti sem mjer þykir ástæða til að breyta þessu atriði í lögunum. Þess vegna skrifaði jeg undir nál. með fyrirvara.

Hv. frsm. (M. G.) sagði, að það væri erfitt að draga hreina línu á milli þeirra,

sem yrðu þurfalingar af verðskuldaðum og óverðskuldaðum ástæðum. Jeg er honum sammála um það, að þetta sje erfitt. En samt sem áður er það óviðeigandi, að þeir, sem enga sök eiga á því, að þeir eru upp á aðra komnir, skuli verða að gjalda slóðanna, sem liggja á liði sínu og komast á sveit, af því að þeir nenna ekki að sjá fyrir sjer sjálfir. Helst vildi jeg, að enginn þyrfti að missa neins í af rjettindum sínum þótt hann þiggi af sveit.

Háttv. frsm. (M. G.) hjelt því fram, að þess væru mörg dæmi, að fullhraustir menn, sem ættu eitt barn, þægju af sveit. Jeg held, að þau dæmi sjeu ekki mörg. Og þótt þau sjeu til, þá treysti jeg því, að þeim fækki heldur en fjölgi, eftir því sem sjálfstæðishvötin vaknar og eykst í brjóstum manna.

Sveitfestitímanum hefir oft verið reynt að breyta hjer í þinginu. Háttv. þm. Barð. (H. K.) bar fram frv. í Ed. 1915, þar sem hann fór fram á, að menn ættu þar sveit, er þeir hefðu dvalið lengst er þeir urðu styrkþurfar. Því var breytt í 5 ár í nefnd í Nd., en fjell síðan með litlum atkvæðamun. Sjest af þessu, að skoðanir manna eru mjög skiftar um þetta atriði. Jeg fyrir mitt leyti væri með því að stytta þennan tíma. Þótt lögin sjeu ekki eldri en þetta, þá hefir samt margt breyst síðan þau voru samin. Nú er komið miklu meira los á fólk en áður var, og það er varla rjettlátt að láta fæðingarhrepp mannsins taka við honum sem ómaga, þótt hann hafi aldrei dvalið þar neitt. En eins og nú er er það oftast fæðingarhreppur, sem þurfalingar lenda á, því að menn vinna sjer sjaldnast sveit annarsstaðar. Það er líka leitt, ef hreppsnefndir verða að fara að ýta við mönnum, sem hætt er við að þurfi á sveitarhjálp að halda, þegar þeir eru búnir að dvelja t. d. 9 ár í hreppnum. Það mundi koma sjaldnar fyrir, ef sveitfestitíminn væri styttri. Þá er minna í húfi fyrir sveitarfjelögin.

Þá er oft erfitt að ná til feðra óskilgetinna barna. Má vera, að fyrir því sjeu nógu sterk ákvæði í lögunum, þótt erfitt veitist að framkvæma þau, en það væri ástæða til að athuga betur.

Í 42. gr. fátækralaganna er mælt svo fyrir, að fæðingarhreppur óskilgetins barns skuli teljast þar, sem móðirin á lögheimili. Ef hún á ekkert lögheimili, eða einhver vafi leikur á, hvar það sje, þá er fæðingarhreppurinn þar, sem barnið fæðist. Jeg veit til þess, að þrætur hafa spunnist út af þessu.

Af þessum ástæðum vildi jeg leggja til, að málinu væri vísað til stjórnarinnar, eins og tillagan fer fram á, og að stjórninni væri falið að leita álits hreppsnefnda um land alt á fátækralögunum í heild sinni. Jeg veit, að frá þeim mundu koma mjög sundurleitar skoðanir. En líklegt er, að hægt væri að finna einhvern heildarþráð, sem væri sameiginlegur hjá þeim öllum og mætti leggja til grundvallar nýrri endurskoðun á lögunum. Þótt vel væri til laganna vandað í upphafi, þá hefir þó brytt á óánægju með þau í ýmsum áttum, bæði í ræðu og riti. Jeg man meðal annars eftir langri ritgerð um það í Ísafold fyrir nokkru.

Jeg greiði því atkvæði með tillögunni og legg til, að stjórnin leiti álits hreppsnefna um málið.

Jörundur Brynjólfsson: Háttv. allsherjarnefnd hefir ekki sjeð ástæðu til að láta endurskoða fátækralögin, og leggur því til, að tillaga mín verði ekki samþykt. Jeg varð var við það við upphaf þessarar umræðu, að hæstv. forsætisráðherra þótti tillagan nokkuð beiskyrt, þar sem hann ætti hlut að máli. Jeg lýsti yfir því þá, að jeg samdi til-

lögunna með tilliti til þess, hvernig lögin hafa komið við, en ekki með tilliti til þeirra, sem lögin hafa samið. Jeg tók það líka fram þá, að jeg aðgætti ekkert, hver hefði samið lögin, svo að ekki gat komið til mála, að jeg væri að sneiða að hæstv. forsætisráðherra með henni. Það getur vel verið rjett, að erfitt sje að koma fátækralögunum í rjettlátt horf. Jeg er háttv. frsm. (M. G.) samdóma um það. Ef jeg hefði álitið það auðgert, þá hefði mjer ekki dottið í hug að fara þessa leið. Þá hefði jeg miklu frekar reynt að fá einhverja þingmenn í lið með mjer til þess að gera breytingar og flytja þær fram. Jeg viðurkenni það fúslega, að þetta sje vandaverk, og þess vegna tók jeg það ráð að reyna að fá þingið til að vísa málinu til stjórnarinnar og láta hana hafa góðan tíma til að undirbúa það rækilega. Jeg hefi því ekki gert ráð fyrir, að stjórnin ætti að hafa lokið þessum undirbúningi fyr en fyrir næsta reglulegt Alþingi, þótt þing verði haldið fyr.

Háttv. frsm. (M. G.) hefir rakið þau atriði, sem jeg álít helst þurfa að breyta í lögunum, og er hann mjer sammála um það, að sum ákvæðin sjeu órjettlát.

Það er ekki alveg rjett, að sveitfestitíminn sje neitt aðalatriði hjá mjer. Það var háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.), sem lagði mesta áhersluna á það. Þetta breytir nú ekki miklu, því að jeg er svipaðrar skoðunar og hefi tekið þetta atriði upp í brtt. mína á þgskj. 535. Aðalatriðið hjá mjer var rjettindamissirinn. Mjer finst sárt til þess að vita, að menn þurfi að glata frelsi sínu og missa mannrjettindi, þó að þeir geti ekki fleytt fram fjölskyldu sinni sökum fátæktar. Þetta viðurkennir háttv. allsherjarnefnd líka. Mjer virðist, eftir orðalaginu á nál. að dæma, að nefndin væri fús á að láta laga þetta, ef hún teldi það fært. En jeg er þá hissa á því, að hún skuli ekki vilja láta gera tilraunir til þess. Þótt málinu sje vísað til stjórnarinnar, þá er ekki svo að skilja, að hún sje skyldug til að koma fram með frv., ef henni reynist það ekki fært eða telur það óþarft. Jeg held, að þeir menn, sem á annað borð eru frjálslyndir og skilja, hve sárt það er að missa mannrjettindi sín, — jeg held, að þeir hljóti að viðurkenna, að það sje nauðsynlegt að lagfæra þetta. Við skulum taka til dæmis fjölskyldumann, dugnaðarmann, sem elur önn fyrir 6—8 börnum. Hann slasast og getur ekki unnið. Þá getur hann ekki lengur sjeð fyrir fjölskyldu sinni og verður að leita til sveitar. Hann missir auðvitað við það mannrjettindi sín. Setjum svo, að hann komist á fætur aftur, verði vinnufær, geti að fullu unnið fyrir fjölskyldu sinni og ef til vill smám saman borgað sveitarstyrkinn. Mjer finst, að þegar svona stendur á, þá ætti á engan hátt að skerða mannrjettindi þeirra manna.

Það er sem sje mestur vandinn, ef breyta á þessu ákvæði og þessum lögum, að bæta úr misrjetti því, sem nú á sjer stað, og gera lögin rjettlátari, en jeg efast ekki um, að það sje hægt með góðum vilja, og þótt hv. þingd. kunni ekki að vilja sinna málinu nú, þá mun þó ekki á löngu líða áður en að því rekur. Í nál. er um þetta atriði vitnað í 53. gr. fátækralaganna. Þar ræðir um, hvað teljast skuli sveitarstyrkur. Kenslueyrir og bækur, svo og greftrunarkostnaður þurfamanna, er ekki talið til sveitarstyrks.

Þetta atriði er gott, en það nær altof skamt. Þetta gat verið talsverð bót á þeim tíma, sem lögin voru gefin, en síðan hefir svo margt breyst, þótt lögin sjeu ekki nema 11 ára gömul. Auðvitað hefir þetta ákvæði komið til þann-

ig, að milliþinganefndin hefir sjeð, að það var óbærilegt að telja kenslueyri sveitarstyrk, en síðan hygg jeg, að skoðanir manna hafi breyst svo, að menn vilji nú gera bæturnar enn rífari. Eins og það er nú talið sjálfsagt, að börn jafnt ríkra sem fátækra njóti kenslu kostnaðarlaust, eins munu menn nú telja sjálfsagt, að öll börn fái gott uppeldi, og sje þá til þess veitt ofurlítil hjálp, heldur en að börnin líði og geti síður orðið nýtir menn, vegna viðurværisskorts. Jeg hefi ekki látið neitt það í ljós, er finni að því, að nefndin, sem útbjó lögin á sínum tíma, hafi unnið illa; síður en svo. En öllum er það kunnugt, að atvinna manna hefir stórum breyst frá þeim tíma; nú eru fleiri, sem lifa af handafla sínum en þá, verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn, og nú er mönnum búin meiri hætta, fyrir sakir atvinnu sinnar, svo að menn eiga fremur á hættu að verða fyrir slysum nú en þá; nú eru allar ábyrgðir og slysatryggingar með oss mjög í bernsku, og þær varla til, er hjálpað geti mönnum, ef slasast frá vinnu. Þess vegna er og nauðsyn að ganga lengra í endurskoðun þessa atriðis.

Mjer er ekki ljóst, hvers vegna nál. vitnar í 61. gr. fátækralaganna; þar er að eins talað um, að ekki megi refsa þurfalingum án leyfis lögreglustjóra.

Um sveitfestitímann get jeg verið stuttorður; það getur verið álitamál og kemur til athugunar um leið og þetta atriði.

Þá er fátækraflutningur. Jeg tók það fram við fyrri umr., að í mörgum tilfellum yrðu þurfalingar ekki fyrir illri meðferð, en að þó mætti tryggja þetta betur, eins og hin atriðin. Það kemur þó fyrir, að ekki fer vel um þurfalinga á flutningi. Jeg vil t. d. benda á, að þegar konur eru sendar með skipum með 2—3 börn, einar síns liðs, þá líður þeim oft illa, vegna sjóveiki, og ef enginn hefir verið beðinn fyrir að rjetta þeim hjálparhönd, eiga þær fult í fangi með að hugsa um sjálfar sig. En þegar fólk er flutt á landi, þá er oft ekki valin stysta leiðin, en æskilegt væri, að þurfalingarnir væru einmitt sendir beina leið. Mjer þætti mikilsvert, ef athugað væri, hvort hjer væri ekki hægt að ráða bætur á.

Við fyrri umr. þessa máls að eins drap jeg á viðskifti sveitarstjórnanna, einkum frest þann, sem gert er ráð fyrir í 66. gr. fátækralaganna, en þá fór jeg ekki neitt nánara út í það, að eins sagði, að fresturinn væri ofstuttur. Jeg vil nú benda háttv. frsm. (M. G.) á það, að það getur oft verið ómögulegt að útvega þessa skýrslu, sem 66. gr. ræðir um, á ½ mánuði. Það er altítt hjer í Reykjavík, að konur sitja hjer með börn, en maður þeirra er fjarverandi. Ef þær nú þurfa hjálpar, þá getur oft svo farið, að þær vita ekkert, hvar þær eða maður þeirra á sveit, skýrsla þeirra getur orðið röng, og oft getur farið svo, að mánuði taki að rannsaka, hvar maðurinn á sveitfesti. Borgarstjóri hefir sagt mjer, að þetta hafi þráfaldlega komið fyrir. Mætti nú ekki lengja þennan frest, til þess að dvalarsveitinni þyrfti síður að blæða?

Um dæmi háttv. frsm. (M. G.), að menn gætu þurft sveitarstyrk, þótt að eins eitt barn ættu, get jeg ekki annað sagt en að þá hljóta alveg sjerstakar ástæður að vera fyrir hendi, óhöpp, slys, eða þá, að ekki er um mikla dugnaðarmenn að ræða.

Sami háttv. þm. (M. G.) bar fyrir sig umsögn stjórnarráðsins um það, að ágreiningur um þessi mál væri orðinn miklu minni, með því að menn vissa

nú orðið í flestum tilfellum, hvernig úrskurðir þess mundu falla. Þetta virðist mjer benda á það, að þótt lögin hafi verið góð í upphafi, þá hafi þó sum ákvæði þeirra verið óljós, svo að úrskurði hafi þurft, þótt vel geti nú líka verið aðrar ástæður.

Sami háttv. þm. (M. G.) sagði enn fremur, að lögin væru ekki svo gömul, að þörf væri að breyta þeim. Jeg hefi nú vikið að því, að alt er orðið mjög breytt, frá því að lögin voru sett, þótt ekki sje langt síðan; en jeg vil einnig í því sambandi benda á það, að styttra var liðið frá stjórnarskrárbreytingu, þegar stjórnarskipunarlögin voru sett, heldur en nú frá því að fátækralögin voru sett, og voru þar þó einmitt aukin mannrjettindi manna. Auðvitað kom þetta til af því, að menn voru orðnir frjálslyndari og treystu fleirum til að hafa áhrif á meðferð landsmála en áður höfðu haft.

Jeg skal að endingu taka það fram, að þótt hæstv. forsætisráðherra væri í nefnd þeirri, er í upphafi útbjó fátækralögin, þá tel jeg ekki, að honum þurfi að vera óljúft að endurskoða þau. Jeg ímynda mjer, að hann telji þau ekki óskeikul, nje að þau eigi að standa svo eða svo lengi án breytinga. Það er fjarri mjer að ætla nokkuð slíkt, enda hefi jeg ekki heyrt nokkurt orð frá honum, er gefi tilefni til þess að ætla slíkt.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Að eins nokkrar athugasemdir út af hinni löngu ræðu hv. flutnm. (J. B.).

Um sveitfestitímann skilst mjer að hann sje sammála nefndinni, og ætti þá ekki að þurfa að vísa málinu til stjórnarinnar út af því atriði.

Sami háttv. þm. (J. B.) sagðist ekki skilja, hvers vegna nefndin vitnaði í 61. gr. fátækralaganna í áliti sínu. Það gerði hún auðvitað til þess að sýna, að það væri ekki rjett, sem hann (J. B.) hjelt fram við fyrri umr. þessa máls, sem sje, að lögin gerðu engan greinarmun á þurfalingum. Annars vegar ræðir um það, hvað eingöngu beri að telja sveitarstyrk, og hins vegar, hvað liggi við þrjósku af hendi þurfamanna, alveg eins og nál. gerir grein fyrir.

Hv. þm. (J. B.) viðurkendi, að örðugt væri að gera greinarmun á þurfamönnum eftir því, hvers vegna þeir hafa orðið þurfandi, og er hann þar samdóma nefndinni. Nú er það öllum kunnugt, og gæti jeg nefnt mörg dæmi þess, að þeir menn, sem verða þurfandi af óviðráðanlegum atvikum, fá bætt tjón sitt með samskotum einstakra manna. Þetta miðar til þess að draga úr þeim agnúum, sem háttv. flm. (J. B.) kvartar yfir.

Um rjettindi þurfamanna er það að segja, að það hefir löngum þótt óviðfeldið, að þeir menn hefðu nokkuð að segja um málefni sveitanna, sem yfir engu hafa að ráða; menn geta ekki sætt sig við það, að slíkir menn sjeu ráðsmenn yfir annara manna eigum, sem engu eiga yfir að ráða sjálfir; menn eru nú einu sinni svo skapi farnir, að vilja helst sjálfir ráða sínu. Þetta er ein aðalástæðan fyrir því, að þurfamönnum eru ekki heimiluð afskifti af sveitarstjórn.

Um þurfamannaflutninginn þarf ekki að deila. Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hjelt, að þurfamönnum liði oft illa á skipum, t. d. konum, sem fluttar eru burt með börnum sínum og verða sjóveikar einar síns liðs. En auðvitað fara líka oft konur með börnum sínum á skipum einar síns liðs án þess að vera á sveit, og auðvitað geta þær konur engu síður orðið sjóveikar, svo að þetta er ekkert eins dæmi. Og auðvitað eru allir þurfamenn látnir hafa peninga til ferðanna eftir þörfum. Enn fremur hjelt

sami háttv. þm. (J. B.), að þurfamenn væru oft ekki fluttir eins beint eða jafnstutta leið og hægt væri; jeg þekki nú ekki dæmi þess, en ef svo er, þá eiga fátækralögin enga sök á því, með því að í upphafi 73. gr. þeirra er svo mælt fyrir, að þurfamenn skuli flytja beina leið. Vegna þessa atriðis þarf því enga endurskoðun.

Þá mintist hv. sami þm. (J. B.) á 66. gr. fátækralaganna, og lýstu orð hans mjög miklum misskilningi. Hann virtist halda það, að ef ekki væri hægt að fá rjettar þær skýrslur, er þar ræðir um, á hálfum mánuði frá því, að styrkveitingin fór fram, þá mundi sveitarstyrkurinn vera tapaður þeirri sveit, sem veitti hann. Mjer er alveg dulið, hvaðan hv. þm. (J. B.) hefir þessa visku. Framkvæmdin á greininni er alveg andstæð þessari kenningu hans; allir úrskurðir hafa einmitt fallið í öfuga átt.

Hinn hv. þm. (J. B.) drap á það, að komið gæti fyrir, að kona fjarverandi manns þyrfti styrk, en gæti ekki sagt til um sveit hans. Svör hennar geta verið á tvennan hátt. Í fyrsta lagi getur hún sagt, að hún viti ekkert um sveit manns síns, og er það þá fært í skýrsluna, sbr. 64. gr. fátækralaganna, sem í því tilfelli gerir ráð fyrir því, að sveitarstjórnin bæti úr þessu svo fljótt, sem unt er, og á þann hátt, sem hentugast er. Í annan stað getur komið fyrir, að konan segi rangt til um sveitfesti mannsins. En það gerir þá ekki heldur neitt til; sú sveit, er styrkinn veitti, missir engin rjettindi fyrir því. Mig furðar á því, að nokkrum þingmanni skuli geta komið til hugar, að nokkur löggjöf sje svo ósanngjörn, að sveit missi styrk, sem hún hefir lagt konu ósveitlægs fjarverandi manns, af því, að skýrslur þurfandans eru ekki rjettar. En með því að hjer er um misskilning að ræða, þá er líka fallin burt ástæðan fyrir því að endurskoða þetta atriði.

Jeg viðhafði ekki þau orð, að hæstv. forsætisráðherra mundi vera mótfallinn endurskoðun laganna, vegna þess, að hann hefði átt þátt í samningu þeirra, heldur taldi jeg, að honum mundi persónulega ekki vera ljúft að breyta þeim. Að sjálfsögðu skiftir það engu, hve gömul lög eru; breytingar á þeim fara auðvitað eftir því, hve góð þau reynast, enda hefir þegar verið breytt sumum atriðum fátækralaganna. En hins vegar er nú framkvæmd þessara laga komin í svo fast horf, að miður á við að grauta þeim.

Mjer kemur það mjög óvænt, að hv. þm. Borgf. (P. O.), sem skrifað hefir undir nál. með fyrirvara, snýst nú alveg öfugur við og vill láta afgreiða málið til stjórnarinnar.

Jörundur Brynjólfsson: Það er að eins örstutt athugasemd. Það geta auðvitað verið skiftar skoðanir um það, hverju beri að breyta í þessum lögum og hverju ekki. Jeg ætla mjer því ekki að fara að deila við hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) um það. Hann heldur því fram, að lögin sjeu góð eins og þau eru, en það geri jeg ekki. En það eru nokkur atriði, sem jeg felli mig ekki við og okkur ber á milli. Það er þá fyrst um frestinn, sem háttv. frsm. (M. G.) sagði að væri nægilegur. Jeg get bent honum á eitt tilfelli, þar sem þessi frestur verður ekki nógur. Það er t. d. ef maður verður veikur, eða mjög langur tími líður áður en rjett skýrsla er fengin um sveitfesti mannsins, því að það fje, sem dvalarsveitin leggur fram, manninum til framfæris, á meðan verið er að afla upplýsinga um framfærslusveit hans, fær dvalarsveitin ekki greitt

nema að $^2/_3$. Tjón dvalarsveitar af þessum ástæðum getur því oft orðið mikið.

Jeg hefi þetta frá borgarstjóra hjer, sem hefir sagt mjer, að fresturinn væri oft og tíðum ónógur, og að Reykjavíkurbær hefði fyrir þá sök orðið fyrir órjettmætum útgjöldum. (**M. G.:** Þetta er misskilningur). Jeg vil benda hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) á, að þetta er staðfest af borgarstjóra. (**M. G.:** Það sannar ekkert). Það sannar það, að lögin eru ekki eins góð og skyldi, og háttv. þm. (M. G.) er ekki til neins að neita því. Hv. 1. þm. Skagf. (M. G.) færir það sínu máli til stuðnings, að það sje komin festa í lögin, og beri því ekki að breyta þeim. En jeg verð að segja, að það fara að verða hálfundarleg lög, sem eiga að vera því undanþegin, að þeim verði breytt, þótt nauðsyn beri til. Eitt atriði var það enn, sem hv. þm. (M. G.) minti mig á rjett í þessu.

Jeg veit þess mörg dæmi, að menn hafa skotið saman til að hjálpa báglega stöddum mönnum frá því að fara á sveit. Og til hvers eru þá þessi hörðu ákvæði í lögunum? Lög þjóðarinnar verða þó á marga lund skoðuð sem spegill af menningu hennar og þroska, og alls ekki rjett að hafa þau ákvæði í lögum, sem ekki er farið eftir og enga þýðingu hafa.

Pjetur Ottesen: Það var að eins smáathugasemd. Jeg vildi taka það fram, að það fer á milli mála hjá framsm., háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.), að jeg væri ekki ósamþykkur niðurlagi till., sem sje því, að nefndin sæi ekki ástæðu til að samþykkja hana.

Jeg tók þetta skýrt fram þegar jeg skrifaði undir nál., og furða jeg mig því á þeim ummælum hans (M. G.), er að þessu lutu.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg ætla mjer ekki að deila meir um þetta mál, en að eins að svara hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) örfáum orðum.

Það hlýtur að vera misskilningur hjá honum (J. B.), sem hann hefir eftir borgarstjóra Reykjavíkur, um að fresturinn í 66. gr. sje ofstuttur, því að það er til fjöldinn allur af úrskurðum, sem sanna einmitt það gagnstæða. Jeg get ekki skilið annað en að það sje einhver önnur grein, sem borgarstjóri hefir átt við. (**J. B.:** Nei). Þá er þetta algerður misskilningur.

ATKVGR.

Brtt. 535. (ný tillgr.) samþ. með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. St., E. J., G. Sv., H. K., J. B., M. P., P. J., P. O., P. Þ., S. S., Þorl. J., Þorst. J.

nei: E. A., E. Árna., J. J., M. G., St. St., Sv. Ó., Þór. J., Ó. B.

Þrír þm. (B. K., J. M. og M. Ó.) fjarstaddir.

Till., svo breytt, samþ. með 14:8 atkv., og afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.

(Sjá A. 614).

---

6. Siglingafáni fyrir Ísland.

Á 22. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um konungsúrskurð um fullkominn siglingafána fyrir Ísland (A. 245).

Á 26. fundi í Nd., mánudaginn 6. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 27. fundi í Nd., þriðjudaginn 7. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg þarf eigi að leiða rök að því hjer, að Ísland eigi fullan rjett á því að hafa sinn eiginn farfána, jafngildan farfánum annara ríkja, og rjett til þess að sigla undir honum einum, hvar sem er um höf heimsins. Jeg þarf eigi að leiða rök að þessu fyrir þá sök, að hjer er enginn innan vjebanda þingsins, er eigi sje fullkomlega sannfærður um það áður.

Jeg þarf eigi heldur að leiða rök að því, að rjettmætur sje brennandi áhugi á því að fá hann þegar, því að jeg veit, að hjer er enginn sá, að hann hafi eigi áður fullráðið við sig að veita þessu máli fast fylgi.

Mjer er engin þörf að telja rök til þess, að nauðsyn sje á íslenskum farfána, því að hún hefir ætíð verið rík. En nú er lífsnauðsyn, að fram gangi málið. Ber það einkum til nú, að alt er á hverfanda hveli á þessum ófriðartímum, og veit engi, hve nær oss verður meinað að sigla undir þeim fána, sem vjer höfum hingað til haft, með samþykki annars ríkis, þess er fánann á, nje heldur veit nokkur maður, hve nær tekið getur fyrir alla aðflutninga af þeirri ástæðu. Nú er svo langt að ná til konungs, að eigi yrði bætt úr í svip, ef þetta bæri að höndum, og er því eigi seinna vænna að bera fram þessa alþjóðarkröfu, svo að vjer náum fullum rjetti vorum hjer um.

Fullveldisnefndin hefir borið fánamálið fram með þessum hætti sakir þess, að hún hafði ástæðu til að vænta greiðari framkvæmda með því. Hins vegar var henni það ljóst, að þingvilji er jafngildur með þessum hætti sem öðrum. Styrkleik hans ber eigi að meta eftir því, með hverjum hætti hann kemur í ljós, heldur eftir því atkvæðamagni, sem styður málið og atfylgi þings og stjórnar.

Sá ótti hefir komið fram, að Alþingi ljeti málið úr höndum sjer með þessari till. En hann er þó með öllu ástæðulaus við það niðurlag, sem er á till. Því að eins heimilar þingið þessa meðferð, að það telur sig bært um að veita þá heimild. Hún er því eigi játning um hið gagnstæða. Og aðferðin, sem er heimiluð, er flutningur á málinu frá löggjafarvaldinu til úrskurðarvaldsins. Hvorttveggja er íslenskt, og hlýtur þinginu því að vera jafnheimilt að flytja málið aftur frá úrskurðarvaldinu til löggjafarvaldsins, þótt svo ólíkleg sje færi, að til þyrfti að taka.

Alþingi treystir því, að stjórnin leggi alla alúð við þetta mál og geri sitt ítrasta til, að fram gangi. Veit jeg með vissu, að hún hefir þar að baki fult og óskift fylgi þingsins, og þm. standa þar allir sem einn maður. En þm. hafa að baki alla kjósendur landsins, er standa svo fast að þessari einróma alþjóðarkröfu, að þeir munu nú eigi skiljast við málið, fyr en það er leitt til farsællegra lykta.

Jeg vænti þess, að menn sanni mál mitt með samhljóða atkv. um till. og samþ. hana, í fullu trausti þess, að konungur gefi nú þegar út, á ábyrgð forsætisráðherra vors og með undirskrift hans, úrskurð um að gera íslenska fánann fullkominn farfána, í samræmi við till. og einróma viljayfirlýsingu þings og þjóðar.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er öllum vitanlegt, að þetta mál er áhugamál bæði þings og þjóðar, og er óhætt að segja, eins og háttv. frsm. (B.

J.), að brennandi áhugi sje með þjóðinni á þessu máli. Ráðuneytið veit vel, hve mikilsvert þetta mál er, og mun því að sjálfsögðu leggja alla sína krafta fram til að framkvæma það, sem farið er fram á með þessari þingsályktun, og það svo fljótt, sem frekast má verða.

ATKVGR.

Till. 245. samþ. einum rómi, að viðhöfðu nafnakalli. Fyrstur greiddi atkv., samkvæmt hlutkesti, Jón Jónsson. Sögðu

já: J. J., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. St., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., Ó. B.

Forsætisráðherra (J. M.) og fjármálaráðherra (B. K.) skoruðust undan að greiða atkv., með því að í till. fælist áskorun til landsstjórnarinnar, og mat forseti þær ástæður gildar.

Varð því enginn þingdeildarmanna neikvæða við till., og var hún svo afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um konungsúrskurð um fullkominn siglingafána fyrir Ísland,

eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 350).

Á 26. fundi í Ed., fimtudaginn 9. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. fundi í Ed., laugardaginn 11. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Eggert Pálsson: Mjer finst ekki ástæða til, að haldnar sjeu langar umr. á þessu stigi málsins, en vil leggja það til, að till. verði vísað til lausanefndar þeirrar, er kosin var til þess að íhuga frv. um fullkominn íslenskan siglingafána, og umr. sje frestað.

ATKVGR.

Till. vísað til fánanefndar (sjá A, bls. 1619) með 14 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Ed., föstudaginn 24. ágúst, var fram haldið einni umr. um till. (A. 350, n. 564).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg ætla engin rök að því að leiða, hver þjóðarnauðsyn það nú er orðin fyrir oss Íslendinga að fá vorn eigin fullkominn farfána; um það eru allir samdóma.

Nefnd sú, sem þessi háttv. deild setti í það mál, hefir athugað, hverjar leiðir væri heppilegast að fara, til þess að fá þessari þjóðarnauðsyn sem allra fyrst framgengt. Skal jeg, að því er þá niðurstöðu snertir, sem nefndin einróma komst að, vísa til álits hennar, sem prentað er á þgskj. 564 og jeg vænti að háttv. deildarmenn hafi við hendina.

Nefndin leyfir sjer að vænta þess, að allir háttv. deildarmenn geti fallist á skoðun hennar og greiði einróma till. á þgskj. 350 atkvæði sitt, svo að hún verði samþykt með einróma atkvæðum allra þeirra þm., sem um málið geta greitt atkvæði.

Er það hinn mesti styrkur fyrir hæstv. stjórn, sem nefndin veit að muni leggja alt kapp á að leiða mál þetta sem allra

fyrst til sigurs, að hafa þannig yfir lýstan þingvilja við að styðjast.

Það er innileg ósk og von nefndarinnar, að hæstv. forsætisráðherra, er hann kemur heim úr væntanlegri utanför sinni á þessu hausti, færi oss konungsúrskurðinn um hinn eftirþráða fullkomna íslenska siglingafána.

Leyfi jeg mjer svo að beiðast nafnakalls um till. á þgskj. 350.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil leyfa mjer að lýsa yfir því, að ráðuneytið er fyllilega samdóma þeim háttv. nefndum í báðum deildum, sem um mál þetta hafa fjallað, um það, að þingviljinn komi jafnótvírætt í ljós í till. þessari eins og hann hefði gert í frumvarpi.

Jeg lýsti yfir því í háttv. Nd., að stjórnin mundi leggja alla alúð við málið, eins þótt þessi leið hafi verið valin, og vil jeg endurtaka þá yfirlýsingu mína hjer í þessari háttv. deild.

Karl Einarsson: Þótt jeg sje flutnm. frv. til laga um íslenskan siglingafána, hefi jeg fallist á tillögu þessa, einkum vegna þess, að svo virðist, sem háttv. Alþingi leggi kapp á, að þessi leið verði farin, og sömuleiðis af því, að jeg þykist þess fullviss, að hæstv. stjórn muni fylgja málinu fram með fullri alvöru og festu, hvor leiðin sem farin er.

Jeg vil taka það fram, að þótt málið sje afgreitt nú með þingsályktunartill., þá er þar með ekki loku fyrir það skotið, að því verði síðar framfylgt með lögum.

ATKVGR.

Till. samþ. í e. hlj. með atkv. allra þingdeildarmanna, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu *já:* K. E., K. D., M. K., M. T., S. E., S. J., E. P., G. G., G. Ó., H. St., H. H., H. Sn., Jóh. Jóh., G. B.

Till. afgr. til landsstjórnarinnar sem einróma

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 625).

---

7. Smíð brúa og vita.

Á 22. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um smíð brúa og vita úr járni og um stofnun smiðju í Reykjavík (A. 258).

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 9. ágúst, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Benedikt Sveinsson): Síðari árin hefir landsverkfræðingurinn haft hjer í Reykjavík smiðju til þess að smíða járnbrýr, gera við ýms verkfæri og smíða vitagrindur úr járni. Þessi smiðja hefir verið notuð síðan árið 1911, og stendur hún uppi við Klapparstíg hjer í bænum. Nú eru húsakynnin þar orðin ofþröng, og því hefir smíð á vitum og því, er til þeirra þarf, orðið að þoka burt, því að hinar smíðarnar eru orðnar svo umfangsmiklar.

Vitamálaverkfræðingurinn hefir skrifað fjárveitinganefndinni, og vill hann láta veita 25—30 þús. króna til þess að koma á sjerstakri smiðju til þess að smíða vitana. Til þessara smíða þarf samskonar áhöld og til brúarsmíða. Sýndist nefndinni einsætt, að hagfeldara væri að eiga eina öfluga smiðju, auðga

að áhöldum, heldur en burðast með fleiri smærri smiðjur, og þess vegna leist henni ráðlegast að vísa þessu máli til stjórnarinnar, svo að hún undirbúi undir næsta reglulegt Alþingi byggingu sjerstakrar smiðju, þar sem smíða mætti bæði brýr og vita, eða þá að auka þessa smiðju, sem til er, svo að hún nægi til þessa.

Nú er það augljóst, að vjer þurfum að fá stærri smiðju í framtíðinni, ekki einungis til þess að smíða brýr og vita, heldur og til þess, að hægt sje hjer á landi að gera við járnskip og smíða slík skip af nýju. Sú smið ætti helst að vera í sambandi við þessa smiðju, og þyrfti hún því að standa á hentugum stað, þar sem nóg væri landrými, svo að hægt væri að koma þar fyrir nauðsynlegum byggingum, og svo nærri sjó, að auðvelt væri að koma skipum á flot eða draga þau upp til viðgerðar.

Jeg skal svo ekki fara fleirum orðum um þetta mál, því að jeg vona, að allir skilji, að hjer er nauðsynjamál um að ræða.

Fjármálaráðherra (B. K.): Að eins örfá orð. Það er öðru nær en að stjórnin hafi á móti þessari till. En jeg vildi einungis geta þess, að það þarf að gera þessa smiðju þannig úr garði, þegar í upphafi, að hún geti fullnægt öllum okkar stórsmíðaþörfum.

Hitt er sjerstakt atriði, að smíða og gera við járnskip. Hjer er um mjög fjarskylt smíði að ræða, því að til skipasmíða þarf að hafa þurkví eða »slipp«, og væri óráðlegt fyrir landið að setja slíka smiðju á stofn.

Bjarni Jónsson: Sökum þess, að háttv. frsm. (B. Sv.) var kallaður frá í löglegum þingerindum, ætla jeg að leysa hann af hólmi og þakka fyrir hans hönd stjórninni fyrir undirtektir hennar.

Það er að vísu rjett, að brúa-, vita- og járnskipasmíð stendur ekki í nánu sambandi hvað við annað, en þó er gott til þess að vita, að stjórnin rannsaki líka kostnaðinn við að koma hjer upp slíkri skipasmiðju, og það var tilætlun nefndarinnar. Jeg held, að slík rannsókn þyrfti ekki að kosta mikið. Það er nauðsynjamál, þótt ekki kalli eins brátt að og hitt. Jeg skal taka það fram, að í till. felst engin skipun um það fyrir stjórnina að koma slíkri skipasmiðju þegar í stað á stofn.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. í e. hlj.

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 10. ágúst, var till. tekin til **síðari umr.**
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. í e. hlj. og afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.
(Sjá A. 413).

8. Ásetning búpenings.

Á 25. fundi í Nd., laugardaginn 4. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um ásetning búpenings (A. 282).

Á 26. fundi í Nd., mánudaginn 6. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 9. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Frsm. (Jón Jónsson): Já, það mun margur hugsa, að svo kunni að fara, að bændur setji illa á í haust, bæði vegna þess, að aðflutningar eru erfiðir og því ilt að fá kraftfóður, og í öðru lagi af því, að veturinn í fyrra var harður, en tíðin í sumar óhagstæð, því að enda þótt gras hafi verið mikið sunnanlands, hefir það illa nýst, vegna stöðugra óþurka, en norðan- og austanlands hefir að vísu verið góð nýting, en grassprettan slæm.

Þegar svona standa sakir, munu flestir álíta, að rjett sje fyrir þingið að gera einhverjar ráðstafanir til þess, að bændur athugi þetta mál sem best. Vitanlega er það bændum í eigin hag, en maður veit, að þeim geta verið mislagðar hendur með það.

Nú hefir okkur í landbúnaðarnefnd dottið í hug að skora á stjórnina, með þingsályktunartill., að brýna fyrir sveitarstjórnum að gera ráðstafanir um ásetning hjá bændum í haust. Hugsun nefndarinnar er, að þetta sje gert að þessu sinni, en gæti líka ef til vill orðið framtíðarspursmál fyrir hreppsstjórnirnar. Ef þetta yrði gert árlega, gæti það orðið til þess, að bændur sættu sig betur við forðagæslulögin og hlýddu betur reglum um ásetning. Nefndin gerir ráð fyrir, að ákveðið verði á hreppamótum eða almennum sveitarfundum, að hver bóndi eigi svo mikið fóður, að hann geti gefið inni í svo og svo margar vikur. Nú vitum við, að ólag er á forðagæslunni; fyrst og fremst er hún ekki komin alstaðar á, og í öðru lagi hafa menn ekki alstaðar skilið tilgang hennar og ekki hlýtt lögunum. Þetta gæti komið sem nokkurskonar uppfylling á lögunum. Jeg veit, að sumir munu álíta, að þörf sje á heimildarlögum um hjeraðasamþyktir, en nefndin áleit það ekki nauðsynlegt, af því að forðagæslulögin gilda áfram. Það er óviðkunnanlegt að hafa tvenn lög um sama efni, og betra að hafa frjáls samtök. Það er því hugsun tillögunnar að fá bændur til að vakna til umhugsunar um að hafa nóg fóður, og þá væri vitanlega æskilegt, að skoðun færi fram á undan slíkum sveitarfundum, sem hjer er um að ræða, svo að bændur vissu, hve mikinn forða þeir þyrftu og hve lengi það entist, sem þeir hafa. Nú vitum við, að ætlast er til í forðagæslulögunum, að skoðun fari ekki fram fyr en í vetrarbyrjun, en það er nokkuð seint, ef menn ætla sjer að farga fje því, sem of er í sláturtíðinni. Jeg hygg, að það mætti hafa skoðunina fyr en lögin ætlast til.

Hvernig sem á er litið, er rjett, að tillaga sje gerð í þessa átt, því að það skiftir mestu, að almenningur taki því vel, að stjórnarvöldin vilja hafa eftirlit með, hvernig sett er á, og jeg sje ekki, að það verði betur gert á annan veg en þann, að bændur sjeu sjálfir látnir gera samþyktir um það, sem er sveitum þeirra fyrir bestu. Það er hugsun nefndarinnar, að slík tillaga sem þessi verði til umræðu bæði í þessari háttv. deild og háttv. Ed., svo að málið verði sem best athugað.

Þorleifur Jónsson: Það er enginn efi á því, að nú getur það verið mesta nauðsyn að gera sjerstakar ráðstafanir til að tryggja bústofn bænda. Það mætti líta svo á, að það væri einhver hin mesta óhamingja, sem yfir þessa þjóð gæti dunið, ef fóðurskortur yrði, svo að fellir hlytist af. Að þessu leyti tel jeg það mjög vel til fallið að skora á hreppsnefndir að vera á verði, og mjer þykir sjerstaklega vænt um, að háttv. landbúnaðarnefnd hefir sjeð, að ekki var alt sem best trygt, þótt við hefðum þessi svo kölluðu forðagæslulög. Það hefir sýnt sig áður, að þrátt fyrir forðagæslulögin hefir orðið fellir í ýmsum landshlutum síðan þau lög voru samin, og þau eru því ekki einhlít bjargráð, enda hyggur nú landbúnaðarnefnd hjer það miklu betra ráð að snúa sjer til almennings og fá hann til að taka málið í sínar hendur. Jeg hygg líka best, að hreppsnefndir og bestu menn hverrar sveitar fái menn með góðu til að athuga, hvílíkur voði er á ferðum, ef fóðurskortur verður. Jeg tel till. fara í rjetta átt, og vil því leyfa mjer að mæla með því, að hún verði samþykt. En það getur þó hugsast, að hún nái ekki nógu langt. Það má ætla, að á Norðurlandi verði nægar heybirgðir, en hjer á Suðurlandi og í Skaftafellssýslum, þar sem alt hey er að rotna niður af óþurkum, geta orðið stór vandræði í vetur, ef þingið sjer ekki neitt bjargráð. Það væri ekki neitt sjerlega efnilegt fyrir bændur og búalið að verða nú í haust að skera niður bjargargripi sína, vegna ónógra og vondra heyja. Það virðist heppilegra, ef hægt væri að afla innlends fóðurbætis, ef taðan ónýtist. Mjer dettur í hug, hvort ekki væri hægt að fá síldarmjöl og síld, ef reynt væri nú þegar. (**S. S.**: Bjargráðanefndin hefir haft það mál til meðferðar). (**E. A.**: Og kemur bráðum með þingsályktunartillögu um það). Jæja, mjer var ekki kunnugt um það, en úr því að bjargráðanefndin ætlar að koma með þingályktunartillögu um það, sje jeg ekki ástæðu til að ræða það frekar. Jeg býst við, að þinginu sje það ljóst, að hjer er um mikilsvert mál að ræða, sem hefir mikla þýðingu fyrir þetta land. Jeg vil því mæla hið besta með þingsályktunartillögunni.

Sveinn Ólafsson: Það ber auðvitað að líta á þessa þingsályktunartillögu sem sjerstaka dýrtíðarráðstöfun, og eftir því, sem hv. frsm. (J. J.) tók fram, er henni ætlað að nægja ásamt forðagæslulögunum.

Jeg get nú ekki verið sammála hv. frsm. (J. J.) um það, að það hafi mikla þýðingu, þótt landsstjórnin láti til sín heyra úti um land. Við vitum, að þar eru dýrtíðarráðstafanir aðallega í höndum hreppsnefndanna, og jeg skil ekki í, að þær gangist mikið upp við nýja áskorun frá stjórnarráðinu. Landsstjórnin snýr sjer varla beint til þeirra, heldur sýslumannanna, og vænti jeg þess, að árangurinn verði svipaður og vant er, að eins fáar brjefdúfur milli stjórnarvalda þessara, og útkoman núll. Jeg álít þetta því eintómt þappírskák.

Háttv. frsm. (J. J.) sagði, að forðagæslulögin væru ekki enn alstaðar gengin í gildi. Það er mjer ókunnugt um, og sje það rjett, er vissulega kominn tími til að líta þar eftir fyrir framkvæmdarvaldið, ef annars á að láta slíka lagasmíð standa, sem jeg þó hefi enga trú á að verði að liði.

Mjer skildist á háttv. frsm. (J. J.), að landbúnaðarnefndinni hefði ekki unnist tími til að semja frv. til heimildarlaga, og hefði því bjargað málinu við með þessari aðferð. Sem sagt, jeg hefi ekki trú á aðferð þeirri og ætla því að greiða atkv. gegn till., því að jeg álít hana þýðingarlausa.

Frsm. (Jón Jónsson): Mjer þykir undarlegt að heyra, að hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) ætlar að greiða atkv. gegn till., því að hún er þó a. m. k. saklaus. Hv. þm. (Sv. Ó.) sagði oftar en einu sinni, að till. hefði enga þýðingu, en jeg vil nú benda á það, sem við allir, er kunnugir erum til sveita, þekkjum, að í flestum sveitum eru til óprútnir menn, sem hafa ekki nóg handa skepnum sínum og taka þó ef til vill á fóður, í von um, að alt slarkist einhvern veginn. Það er ekki víst, að þeir taki tillit til áminninga frá nágrönnum sínum, en þeir taka ef til vill meira tillit til þess, ef margir líta sömu augum á málið á almennum fundi. Jeg vil biðja háttv. þm. (Sv. Ó.) að athuga þetta, að meiri líkindi eru til, að það hafi áhrif, ef margir leggja orð í belg. Þetta er það, sem við í nefndinni höfðum fyrir augum. Nefndin leit svo á, að ekki þyrfti heimildarlög, af því að forðagæslulögin eru komin fyrir; þetta er einmitt gert til þess að fá menn til að fylgja forðagæslulögunum. Jeg held því, að ummæli hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) um till. sjeu röng. Það er áreiðanlega besta ráðið að koma bændum til að ræða málið í bróðerni, því að þá er jeg viss um, að þeir fara eftir því, sem skynsamir menn leggja til.

Hákon Kristófersson: Jeg get verið stuttorður, því að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefir að mestu tekið fram það, sem jeg vildi sagt hafa.

Mjer blandast ekki hugur um, að hv. nefnd gengur gott eitt til að bera fram þessa till. En hitt er mjer alveg óskiljanlegt, að tilganginum verði náð, þótt þessi till. verði samþ. Hv. frsm. (J. J.) sagði, að ásetning væri í miklu ólagi hjá bændum. Hann hefir eflaust mikið til síns máls; en jeg sje ekki, að það ólag lagist neitt, þótt þessi till. verði samþ. Og jeg verð að líta svo á, að þar sem við höfum forðagæslulögin, þá sje þetta atriði nokkurn veginn trygt, ef lögunum er framfylgt.

Hv. frsm. (J. J.) sagði, að almenningur mundi taka því vel, ef stjórnarvöldin blönduðu sjer í málið, sem getur eigi orðið á annan hátt en að stjórnarráðið skrifi brjef út um sveitirnar.

Ef það liggur eigi á tilfinningu bænda sjálfra að setja þolanlega á, þá efast jeg um, að það hafi nokkra þýðingu, þótt stjórnin færi að skifta sjer af ásetning þeirra. Jeg held, að fóðurbirgðamálinu verði ekki fremur stýrt í hagkvæma höfn, þótt stjórnarráðið sitji við stýrið.

Hv. frsm. (J. J.) sagði, að ef málið væri rætt í bróðerni meðal bænda, þá mundi það hafa góðar afleiðingar. Mjer finst þetta vera vantraust á okkur bændum, að álíta, að við munum ekki geta rætt málið í bróðerni og gert tryggilegar ráðstafanir, eftir því er best virðist við eiga, án íhlutunar frá hæstv. stjórn.

Hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) sagði, að forðagæslulögunum væri ekki hlýtt. Jeg sje ekki, að þessi till. muni auka hlýðni við þau lög. Sami hv. þm. (Þorl. J.) sagði, að fellir ætti sjer nú stað á hverju ári. Það er hart að heyra þessa yfirlýsingu hvert árið eftir annað, en verst af öllu er það þó, ef hún skyldi vera sönn; en jeg sje ekki, að þessi till. komi í veg fyrir felli. Sami hv. þm. (Þorl. J.) sagði, að yrði till. samþ., þá mundi almenningur taka málið í sínar hendur. Jeg get ekki betur sjeð en að bændur hafi nú fullan rjett á að taka málið til athugunar, án þess að fá um það tilmæli frá stjórninni. Það er vonandi almennur áhugi, að haustskoðun fari fram á hverju hausti, en þótt nokkuð vanti á, að framkvæmdir á

þeirri skoðun sjeu svo góðar, sem skyldi, þá sje jeg ekki, að þessi tillaga bæti nokkuð úr því.

Jeg skal lýsa yfir því, að jeg lít á þetta mál nokkuð svipað og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að þessi till. sje ekkert annað en pappírsgagn, og mun því greiða atkv. á móti henni, sem alveg óþarfri og gagnslausri. Annars er það einkennilegt, hve hv. þingmenn virðast hafa mikla tilhneigingu til þess að vísa sem flestu til stjórnarinnar. Þótt jeg vilji á engan hátt gera lítið úr því trausti, er hæstv. stjórn á skilið, þá verð jeg að telja það líkast oftrausti á henni að hugsa sjer þá fjarstæðu, að hún hafi nokkur veruleg áhrif á ásetning hjá bændum og búandmönnum, hversu mörg brjef, sem hún hefir þá ánægju að gefa út um slíkt efni.

Björn Stefánsson: Jeg ætla að leyfa mjer að leggja þessari till. liðsyrði, af því að jeg held, að háttv. framsögumaður (J. J.) sje dauður.

Jeg held ekki, að hún sje eintómt pappírsgagn, eins og sumir háttv. þm. halda fram. Jeg þekki það vel, að fóðagæslulögin koma ekki að tilætluðum notum og er slælega fylgt. Jeg býst við því, að menn finni nú á þessu hausti venju fremur til nauðsynjarinnar á því að setja á fóðurforða sinn með fullri forsjá. En jeg efast um, að nokkuð verði úr framkvæmdum til að varna því, að ógætilega sje farið, ef ekkert er gert til að hvetja menn og vekja.

En eitt vildi jeg taka fram, sem ekki hafa aðrir minst á. Brjefunum frá stjórninni til sveitarstjórnanna ætti að fylgja tilboð um fóðurbæti til þeirra, sem senda pöntun í tíma. Stjórnin ætti að kynna sjer, hvað til er af fóðurbæti í landinu og hvað hægt er að útvega, áður en hún sendir brjefin. Það ætti að vera hægt fyrir stjórnina að útvega síldarúrgang frá síldarstöðvunum fyrir norðan, og mjer finst sjálfsagt, að hún kynni sjer það, hvað til er í landinu og hvað hægt er að útvega, áður en hún fer að senda út áminningar og viðvaranir. Hún þarf áður að vita, hvað hún hefir úr að moða til að hjálpa þeim, sem taka aðvörunina til greina og til hennar vilja leita. Þess vegna vil jeg, að áminningunni fylgi tilboð um útvegun á því, sem um kann að verða beðið og kostur er á að útvega.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Ef jeg hefi skilið hv. flutningsmann tillögunnar (J. J.) rjett, þá ber hann fram tillöguna í þeim tilgangi, að forðagæslulögin komi þá betur að liði, en ekki til þess, að hún komi í staðinn fyrir þau.

Jeg skal ekki neita því, að verði tillagan samþykt, þá verði hún ný hvöt til framkvæmda í fóðurbirgðamálinu; ekki ólíklegt, að hún verði til þess, að menn komi fremur á samþyktum í sveitunum. Slíkar samþyktir eru sumstaðar komnar á, og að því, er jeg best veit, hafa þær komið að talsverðu gagni.

Mjer sýnist það því vera talsverður ábyrgðarhluti að reyna að bregða fæti fyrir tillöguna, því að ekki er þó hægt að segja annað en að tillagan sje að minsta kosti meinlaus, en getur ef til vill komið að gagni.

Mjer finst einmitt, að þessi till. nálgist hugsjón háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), og því átti jeg síst von á, að hann tæki svona í málið, enda hafði hann ekkert á móti tillögunni í sjálfu sjer, en óttaðist einungis, að hún kæmi ekki að haldi.

Jeg skal taka það fram, að jeg sje ekki, að landsstjórnin gæti skorast undan að skrifa þessi brjef til sveitarstjórnanna. Jafnvel þótt hún áliti, að það væri ekki annað en skriffinska, þá hygg jeg, að mörg skriffinska, sem nú er talin í fullu gildi, sje ónauðsynlegri, því að alt-

af getur þó verið, að einhversstaðar komi tillagan að liði, en slíkt verður tæplega sagt um sum atriði núgildandi skriffinsku.

ATKVGR.

Till. samþ. með 17 : 3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., föstudaginn 10. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um ásetning búpenings,

eins og hún var samþykt við eina umr. í Nd. (A. 394).

Á 28. fundi í Ed., laugardaginn 11. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Ed., mánudaginn 13. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 445).

---

9. Fóðurbætiskaup.

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 10. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um fóðurbætiskaup (A. 393).

Á 32. fundi Nd., mánudaginn 13. ágúst, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg býst ekki við, að margra orðra sje þörf um mál þetta. Bjargráðanefndin hefir síðan á öndverðu þingi talið það nauðsyn að reyna að sjá um, að einhver fóðurbætir sje til hjer í landi. Nú er það alkunna, að erlendis er ekki auðið að fá þann fóðurbæti, er áður hefir tíðkast, mais eða aðrar tegundir, því að þær eru sumpart ófáanlegar, sumpart ofdýrar og sumpart svo erfiðar að flytja, að ekki svarar kostnaði. Þá leit bjargráðanefnd svo á, að rjett væri að búa við það, er heima fæst, og þar sem það er vitanlegt, að síld er ágætur fóðurbætir, ritaði nefndin stjórninni brjef á öndverðu þingi og bað hana að sjá um kaup á nægilegri síld í þessu skyni, til þess að síldinni væri ekki fleygt í sjó. Nefndin þóttist þess fullviss, að nægir kaupendur myndu gefa sig fram og biðja um fóðurbætinn. Nú hefir stjórnin heldur kosið að fá áskorun í þingsályktunarformi, og þar eð nefndin telur nauðsynlegt, að fram gangi málið, bar hún fram þessa þingsályktun.

Það er alkunna, að við sjávarsíðuna eru töður litlar, kýr oft allmargar, og mönnum því ómáttugt að fóðra skaplega kýr sínar, nema þeir hafi fóðurbæti nokkurn til drýgingar heyföngum. Og þar sem nú er fullvíst, að eigi muni ofmikill kostur matvæla í landinu að hausti komanda, er það skylda að gera alt til að auðvelda mönnum framleiðslu mjólkur. Einkum er við sjávarsíðuna skortur mikill þessarar vöru, sem best er og hollust börnum og gamalmennum. Jeg hygg, að eigi þurfi að leiða frekari rök að þessu, og get því látið úttalað.

Jeg skal játa, að vörumagn það, er till. tiltekur, er meir ágiskun, en sú er trú mín og skoðun nefndarinnar, að eigi sje ofmikið tiltekið og því síst

þörf að telja varhugavert, að fram gangi tillagan. En þar sem tiltekin er í svigum tunnustærð, er það að eins svo að skilja, hve mikið skuli kaupa. T. d. er ekki hægt að leggja í það þann skilning, að ekki mætti kaupa jafnmikið af vörunni í minni ílátum. Segi jeg þetta eigi fyrir þá sök, að hjer sje skýringar þörf, heldur sakir þessara fyndnu manna, sem stundum gera sjer skemtun að misskilningi á auðskildum atriðum.

Sveinn Ólafsson: Mjer finst jeg hafa gilda ástæðu til að lýsa afstöðu minni til þessarar till. Jeg er alvanur að nota þann fóðurbæti, sem hjer er um að ræða; hefi gert það í mörg ár. Hann er ágætur til skepnufóðurs, en ekki nema hann sje vel verkaður og geymdur í vel heldum ílátum. En að mínu viti er einn hængur á þessum fóðurbætiskaupum. Mjer skilst sem sje, að ef síldin á að vera nægilega vel verkuð, þurfi í hana mikið salt, og það er afskaplega dýrt. Í eitt steinolíufat af síld mun eigi veita af salti fyrir 15—20 kr., og verður þá síldin óvenju dýr. Auðvitað er fenginn mikill fóðurbætir í einu fati af góðri síld. Aðrar leiðir eru til, og er rjett að nefna þá aðferðina, sem auðveldust er og allir þekkja. Það er hagnýting fiskúrgangs, hausa og hryggja. Þann fóðurbæti má geyma án salts og umbúða. Gamla aðferðin var að herða þetta fiskfang og lýja það á steini, áður notað væri til fóðurs.

Í hverri veiðistöð landsins fellur mikið til af þessu, þótt ekki sje hirt, og væri vissulega gerlegt og tilvinnandi að gera ráðstafanir til, að safnað yrði þessum fóðurbæti í stórum stíl, auk heldur fyrir opinbert fje.

Jeg viðurkenni fyllilega, að till. þessi gengur í rjetta átt, þá að leita að leiðum til að útvega fóðurbæti. Jeg vildi að eins segja þetta, áður en gert væri út um forlög þingályktunartillögunnar. Nú er um það eitt að velja að safna þeim innlendum fóðurbæti, sem auðfengnastur er og notabestur.

Magnús Pjetursson: Að eins örstutt aths., út af orðum háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að salt myndi kosta mikið, ef síldin ætti að reynast vel. Reynsla manna í því efni getur verið mismunandi, og eftir því, sem jeg þekki reynsluna, er ekki þörf á svo miklu salti. Jeg veit, að síld, sem aflast hefir á Húnaflóa og þótt hefir ágætis skepnufóður, hefir verið verkuð þannig, að í steinolíufat af síld hafa verið látin 50—60 pd. af salti og síðan pæklað með sjó. Hefir þetta reynst vel, þó að það hafi verið geymt til vors. Þetta er reynslan þarna.

Benedikt Sveinsson: Till. þessi stefnir í rjetta átt, eins og áður hefir verið tekið fram. Er tæplega vanþörf á að búast vel undir veturinn. Samt er ekki vert að byggja ofmiklar vonir á því að fela stjórninni að kaupa þessa síld, sem ef til vill er ekki hægt að fá. Jeg verð að telja vafasamt, að hægt sje að fá 2000 tunnur af síld í olíutunnustærð, og það fyrst og fremst sakir þess, að nú er nokkuð liðið á síldveiðitímann, skip með langfæsta móti og sjálfsagt ekki meiri afli en svo, að útgerðarmönnum hefir tekist að koma síldinni óskemdri undan og salta hana á vanalegan hátt, sem verslunarvöru, til útflutnings. Þá kostar víst 45 krónur tunnan með venjulegri stærð, en steinolíutunna er langtum stærri og hlyti því að kosta miklu meira, og mundi það verða nokkuð dýr fóðurbætir. Jeg er hræddur um, að þótt skorað sje á stjórnina að útvega þetta, muni það reynast þýðingarlítið, því að ekki muni kleift

að útvega svo mikið. En þar sem menn salta síld þannig í olíutunnur, er ekki hætt við, að hún verði flutt úr landinu sem verslunarvara, og er hún þá til, hvort sem stjórnin kaupir hana eða ekki. En ef ætlast er til, að stjórnin ráði, hvar síldin sje seld, sú er til kann að vera söltuð niður í olíutunnur og ætluð til skepnufóðurs, þá getur stjórnin skipað fyrir um það, þótt hún kaupi ekki sjálf. Hins vegar er ekki nema gott, að stjórnin skygndist eftir fóðurbæti, og að því leyti gengur till. í rjetta átt.

Einar Jónsson: Jeg verð að lýsa yfir þakklæti mínu til háttv. bjargráðanefndar fyrir það, að hún hefir tekið þetta mál að sjer, og enn fremur er jeg þakklátur stjórninni, sem mun fús til að taka það að sjer til bestu aðgerða. Hygg jeg það ekki ófyrirsynju að hjálpa bændum til að ná í fóðurbæti, eins og ástandið er nú. Í fyrra skemdust töður mjög hjá bændum, og munu þeir nú leggja alt kapp á að eiga til fóðurbæti, ekki síst þar sem allar horfur eru á, að töður náist ekki óskemdar nú, fremur en í fyrra. Austur í sýslum fór svo í vetur, að þar sem ekkert var til nema ný taða, hjeldust kýr hvorki í holdum nje nyt, en alt öðru máli var að gegna þar, sem til var gömul taða, súrhey og fóðurbætir. Vegna þessa hygg jeg þetta mjög nauðsynlegt mál og væri stjórninni mjög þakklátur, ef hún gæti útvegað okkur bændunum fóðurbæti. En eins og kom fram í umr. eru vandhæfi á að fá síld, sem er óskemd. Bændur hafa oft lagt sig í líma til að fá síld, en svo hefir hún reynst svo skemd, að engin skepna hefir getað etið hana. Hygg jeg, að sú hafi verið ástæðan, að menn þeir, sem selt hafa, hafa haldið, eins og háttv. þm. Stranda. (M. P.), að ekki þyrfti annað en láta síld í tunnu með dálitlu af salti og pækla síðan með sjó, og það jafnvel síld, sem orðin hefir verið skemd áður. En þessi atriði vona jeg að hæstv. stjórn taki til athugunar og sneiði hjá að bjóða oss bændum slíka vöru, sem er gersamlega óframbærileg til skepnufóðurs.

Sem betur fer er nú farið að rætast úr tíðarfarinu; fram að þessu hefir tíð verið slæm hjer, og töður eru farnar að stórskemmast. Samt vona jeg, ef tíðin helst góð, að betur fari en á horfðist. Nú hafa margir bændur lært af skaða sínum í fyrra, farið út á engjar og látið túnin bíða og ekki slegið niður töðuna. (**S. S.:** Þá verður gras á túnum trjenað). Þetta er undarlegt að heyra af munni jafnkunnugs manns, þar sem þetta er eina ráðið til að ná töðunni óhrakinni, og grasið í sínu gildi — ótrjenað — venjulega fram í miðjan næsta mánuð eða lengur.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en vona, að stjórnin geri alt, sem hún getur, til að útvega fóðursíld, og umfram alt, að það sje óskemd vara, en ekki úldin og ónýt. Mjer er kunnugt um, að skepnur líta ekki við sumu síldarmjöli og síld, sem hjer hefir fengist. Bændur verða að taka því, þótt salt sje svo og svo dýrt; þeir munu komast að raun um, að kaup á góðri fóðursíld borgar sig, þótt hún sje dýr.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg má vera þakklátur mönnum fyrir undirtektir þeirra, þar eð allir játa, að þetta er nauðsynjafyrirtæki. Jeg skal geta þess, að jeg treysti hæstv. stjórn vel til að annast þessa hluti. En það, sem gerir nauðsynlegt, að stjórnin annist þetta, er að einstakir bændur hafa varla svo mikinn kunnugleika eða þekkingu á þessum efnum, að við því sje að búast, að þeir viti, hvert þeir skuli snúa sjer. Enn er það annað, að stjórnin á allan

skipakost, og fer þá best saman, að hún hafi umsjón með flutningum, og þá um leið starf handa sínum eigin skipum, ef autt er rúm í þeim, og starf það getur orðið landsmönnum í hag. Hvað því viðvíkur, að ef til vill muni ekki fást svo mikil síld, sem til er tekið, þá held jeg, að jeg megi fullyrða, að það fáist, og þótt meira væri. Það mun vera svo mikið eða meira í geymslu víðs vegar á landi. Um leið skal jeg lýsa yfir, að þetta er ekki sett sem hámark til að binda hendur stjórnarinnar, ef hún álítur, sem jeg tel líklegt, þörf á meiru. Verði sá ofan á, að ekki fáist svo mikið, á þar við þetta gamla, sem bjargráðanefnd bað mig flytja deildinni: »Ultra posse nemo obligatur«, þ. e. enginn er skyldur til að leggja meira fram en má.

Jeg álít svo eigi þörf að segja fleira til stuðnings svo sjálfsögðum hlut.

Benedikt Sveinsson: Jeg hefi fengið þær upplýsingar frá kunnugum manni, að í Eyjafirði liggi 18000 tunnur af óskemdri síld frá því í fyrra, sem er vel pækluð, en mun þó ekki ætluð til útflutnings. Þessi síld er eign Breta, og hafa þeir selt hana til skepnufóðurs bændum, til verslana og til lýsisverksmiðja. Verðið kvað hafa verið til þessa 18—20 kr. fyrir tunnu. Það væri athugunarefni fyrir stjórnina, hvort ekki væri hagkvæmt að sæta kaupum á þessari síld, og yrði þá að gera það áður en henni verður ráðstafað á annan hátt.

Forsætisráðherra (J. M.): Það hefir komið lítillega til orða, að hægt væri að fá fóðursíld við Eyjafjörð, og hefir verið tiltekið ákveðið verð, sem að vísu er nokkuð hátt, eftir því sem hingað til hefir tíðkast, og fyrirspurn stjórnarinnar um, hvort það gæti ekki orðið dálítið minna, hefir ekki verið svarað enn þá. Jeg get ekki sagt, hvort hjer er að ræða um síld frá í fyrra eða ekki. En kunnugir menn hafa sagt, að það sje mjög varhugavert að kaupa síld frá í fyrra, nema rannsaka áður, hvort hún sje óskemd. Síldin er varla kaupandi á 22 kr. nema góð sje.

Ráðuneytið mun halda áfram að grenslast eftir þessu og gera ráðstafanir til að kaupa síld, og þá jafnframt gæta þess, að fá kunnuga menn til að sjá um, að síldin sje óskemd vara, því að ef hún er farin að skemmast, má varla búast við því, að hún verði góð næsta vor.

Jeg býst við, að þessi till. verði samþ., og ráðuneytið mun halda áfram sem áður að vinna að málinu. Það getur vel verið, að síldveiði verði mikil hjer eftir og að þá verði hægt að fá nýja úrgangssíld, sem gæti orðið góð vara. Eftir því, sem útgerðarmenn segja, mun síldin ekki eins saltfrek og hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði. Hitt er ómögulegt að segja, hvort stjórninni tekst að fá nóga síld halda Sunnlendingum, því að vitanlega reyna næstu sveitirnar að birgja sig upp sem best.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. í e. hlj.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. ágúst, var till. tekin til síðari umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Af því, að enginn tekur til máls, vil jeg leyfa mjer að segja örfá orð. Jeg sje ekki, að landsstjórnin geti haft neitt á móti því, að till. sje samþ., og því til styrkingar vil jeg geta þess, að símað

hefir verið í hvert lögsagnarumdæmi og spurt eftir því, hvort menn óski þar fóðurbætiskaupa. Enn fremur hefir stjórnin grenslast eftir, hvort hægt mundi að fá síld frá Eyjafirði, sem þar er geymd síðan í fyrra.

Sveinn Ólafsson: Út af nokkrum orðum, er fjellu við 1. umr. um tillögu þessa, datt mjer í hug að standa upp. Þá komu sem sje upplýsingar um, að kostur væri að fá síld síðan í fyrra norður í Eyjafirði. Væri hún gott gripafóður, þótt ekki væri hún talin hæf til útflutnings. Það getur hugsast, að þetta sje tiltækilegt, en þó er mjög vafasamt, að síld, sem hefir verið geymd síðan í fyrra, þoli að geymast enn sumarlangt. Slík vara er afarvandgeymd, og komist skemd eða þrái í hana, þá er hún alónýt eftir nokkra geymslu. Er því mjög varhugavert að festa kaup á miklu af þessari síld, og verður að hafa gott eftirlit með henni, ef hún á ekki að ónýtast. Eins og þeir vita, sem vanir eru síldarverkun, verður að pækla þá síld mánaðarlega, sem á að verða góð vara, og komist þrái að mun í síldina, eyðilegst hún og verður alveg óhæf til gripafóðurs. Jeg vildi taka þetta fram, af því að mjer fanst svo ofarlega í deildarmönnum að hallast að till. með þetta fyrir augum.

Í öðru lagi var það vefengt, sem jeg sagði við 1. umr. um söltun síldarinnar. Fult steinolíufat af síld verður ekki varið skemdum lengi með 60 pd. af salti. Það er gömul venja að salta með 50—60 pd. í strokktunnu hverja. En steinolíufat tekur tvöfalt meira. Jeg tók þá fram, að salt í eitt fat mundi kosta 15—20 kr. Því að ef saltið kostar 300 kr. smálestin, eins og nú er, þá kostar pd. 15 aura. Eftir venju mundi fara 100—120 pd. í eitt steinolíufat, svo að þessi útreikningur mun ekki fjarri lagi.

Jeg vil svo að lokum gefa vini mínum, hv. þm. Stranda. (M. P.), það heilræði, ef hann skyldi verða síldarkaupmaður, að salta aldrei svona lítið, því að hvorttveggja myndi með því gersamlega eyðilagt, ávinningurinn af söltunni og álit kaupmannsins.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Gagnvart ræðu hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) skal jeg geta þess, að landsstjórnin hefir hugsað sjer, ef til mála kæmi að kaupa þessa síld, að láta hina lögskipuðu síldarmatsmenn á Akureyri skoða síldina, og því að eins kaupa, að þeir telji hana allgóða vöru.

ATKVGR.

Till. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um fóðurbætiskaup,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 475).

Á 32. fundi í Ed., fimtudaginn 16. ágúst, var till. tekin til fyrri umr.

Karl Einarsson: Jeg vil að eins skýra frá því, að tillaga þessi hefir verið athuguð á sameiginlegum fundi bjargráðanefnda beggja deilda þingsins, og að nefndirnar eru báðar samdóma um, að rjett sje, að hún nái fram að ganga.

Það er því óþarft, að till., að lokinni þessari umræðu, verði vísað til nefndar hjer í háttv. deild.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg lýsti yfir því þegar till. þessi var til umræðu í háttv. Nd., að landsstjórnin hefði ekkert við hana að athuga, og vil jeg endurtaka það hjer, svo að hv. Ed. sje það kunnugt. Landsstjórnin mun taka till. til greina, eftir því sem hægt verður, og kosta kapps um að fá henni framgengt. Er landsstjórnin nú að vinna að því, og má vænta, að það takist, ef ekki verða þeim mun meiri örðugleikar í vegi.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., föstudaginn 17. ágúst, var till. tekin til síðari umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 513).

---

10. Landsreikningatillögur.

Á 31. fundi í Nd., laugardaginn 11. ágúst var útbýtt

Tillögum út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1914 og 1915 (A. 410).

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. ágúst, voru till. teknar til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru tvær umræður ákveðnar.

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. ágúst, voru till. teknar til fyrri umr.

ATKVGR.
1.—5. tölul. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. í e. hlj.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 18. ágúst, voru till. teknar til síðari umr.

Frsm (Magnús Guðmundsson): Af því að ekki var talað við fyrri umræðu um þessar tillögur, ætla jeg nú að minnast fám orðum á þær.

Fyrsta tillagan fer fram á það, að ráðuneytið sjái um, að landsreikningurinn fyrir hvert ár verði framvegis tilbúinn eigi síðar en í lok nóvembermánaðar næst á eftir. Um þetta var svo ítarlega talað, þegar rætt var frv. um samþykt landsreikninganna, að jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um það nú.

Önnur tillagan er um, að hraða beri hinni umboðslegu endurskoðun eftir föngum. Um þetta hefir ekki verið talað sjerstaklega áður, og mun jeg því minnast á það.

Það er vitanlegt, að hin umboðslega endurskoðun landsreikninganna er umfangsmikil og að vörutollurinn gerir hana stórum erfiðari en hún var áður. Mjer hefir nú dottið í hug, hvort ekki mætti gera þessa endurskoðun nokkru óbrotnari, með því að fara ekki jafnnákvæmlega út í smáatriði og gert hefir verið. Það þarf að sjálfsögðu að fara yfir alla reikningana, en það liggur við, að segja megi, að athugasemdirnar við þá sjeu helst til nákvæmar, þar sem athugasemd er gerð, þótt ekki skakki nema 10—20 aur. of eða van.

Með þessu geta athugasemdir við reikning komist upp í 80—100, og niðurstaðan þó orðið sú, að ekki skakki nema fám aurum á aðalupphæðinni, og liggur við, að þessi nákvæmni borgi ekki pappír og fyrirhöfn. Mjer finst gerlegt, að sett væri eitthvert lágmark þeirrar skekkju, sem athugasemd væri gerð um, t. d. 20 aur. Þessu er hjer skotið fram til athugunar.

Þá er þriðja tillagan, um að reikningshaldarar landssjóðs geri í tæka tíð reikningsskil fyrir því fje, sem þeir innheimta eða hafa undir höndum.

Það er til skrá yfir það, hve nær tekjur hafa verið greiddar af bæjarfógetum og sýslumönnum árið 1914, — fyrir árið 1915 veit jeg ekki til að hún sje til —. Eftir þeirri skrá að dæma er ekki ástæða til að kvarta yfir reikningsskilum þeirra yfirleitt; þó hefir yfirskoðunarmönnum landsreikninganna þótt nokkur misbrestur á því hjá sumum. Það er og upplýst, að reikningur stofnunar einnar var eigi gerður fyr en í maímánuði árið eftir, sem er óhæfilega seint. Nefndinni þótti því rjett að bera fram tillögu þessa.

Enn er ein tillagan um það, að frímerkjabirgðir stjórnarráðsins og póstmeistara verði taldar við hver áramót og skýrslur um þær látnar fylgja landsreikningnum til yfirskoðunarmanna. Um þann lið var áður talað, svo að jeg sje ekki ástæðu til að rifja það upp nú. Sama er að segja um síðustu tillöguna, um að reikningar landssjóðverslunarinnar verði gerðir upp; um það mál hefir áður verið talað, og sleppi jeg því nú.

Matthías Ólafsson: Jeg veit ekki, hvort mjer misheyrðist það eða ekki, að háttv. frsm. (M. G.) vildi setja hámark á athugasemdir endurskoðenda.

(M. G.: Jeg sagði, að til mála gæti komið að setja lágmark, sem ekki skyldi semja athugasemdir um skekkjur þar fyrir neðan). Ekki get jeg sagt, að mjer lítist á að binda menn svo við borð. Hvað sjálfar tillögurnar snertir, þá skal jeg geta þess, að mjer finst eina vanta, sem jeg bjóst að sjálfsögðu við. Mjer finst, að þurft hefði að benda stjórninni á að gæta þess að vera jafnan kurteis í svörum sínum við yfirskoðunarmennina, því að nokkuð virðist skorta á, að svo hafi verið.

Það má ef til vill segja, að sumar athugasemdir yfirskoðunarmanna hafi verið fremur smávægilegar, en allar miðuðu þær að því að fá reikningana sem skýrasta og rjettasta og að fá ráðna bót á reikningsfærslu stjórnarráðsins, því að hún er óhæfileg. Í stað þess að svara yfirskoðunarmönnunum hreint og beint frá sjálfri sjer, grípur stjórnin til þess úrræðis að safna liði gegn þeim og láta forstöðumenn ýmsra stofnana halda uppi svörum fyrir sig. Hvað varðar yfirskoðunarmennina um, hvað þessir undirmenn stjórnarinnar kunna að segja? Stjórnin á ein að bera ábyrgð gagnvart þinginu á því, að hverri fjárveitingu sje varið lögum samkvæmt. Það er því í mesta máta óviðeigandi, að stjórnin sje að láta fylgja sínum svörum svör þessara manna, eins og þau líka eru sum úr garði gerð. Yfirskoðunarmennirnir hafa ekkert saman við þá að sælda, og nóg fyrir stjórnina að hagnýta upplýsingar þeirra í svörum sínum.

Að svo mæltu skal jeg svo snúa mjer fyrst að fimtu tillögu háttv. nefndar. Eins og margir munu kannast við var á þinginu 1915 skipuð nefnd til að athuga ástand og reikninga landsverslunarinnar. Komst sú nefnd að þeirri niðurstöðu, að eftir reikningum þeim, sem

fyrir hendi væru, virtist hún hafa gengið sæmilega, en játaði, að hún hefði eigi getað kynt sjer hag verslunarinnar og reikninga nógu vandlega, en gerði ráð fyrir, að reikningarnir mundu verða lagðir fyrir yfirskoðunarmenn landsreikninganna; en það hefir ekki verið gert. Og þrátt fyrir það, þótt yfirskoðunarmennirnir færu bæði munnlega og skriflega fram á að fá reikningana fyrir 1914 og 1915, og þrátt fyrir það, þótt þeim væri gefið munnlegt loforð um það, komu þeir ekki og munu vera ókomnir enn. Það er full ástæða til að víta þetta, að stjórnin skuli virða vettugi óskir þings og yfirskoðunarmanna.

Jeg sje, að háttv. nefnd hefir komist að sömu niðurstöðu sem yfirskoðunarmenn, að eigi muni vera ofætlun að heimta það af stjórninni, að hvers árs landsreikningur sje fullsaminn fyrir lok nóvembermánaðar árið eftir. Jeg skil ekki í, að þetta sje ekki hægt, ef allir reikningshaldarar landssjóðs hafa gert reikningsskil fyrir lok marsmánaðar, eins og þeim ber að gera.

Ef þessa er gætt, trúi jeg ekki öðru en að hinni umboðslegu endurskoðun eigi að geta verið lokið fyrir lok nóvembermánaðar næsta eftir lok reikningsársins. Ef vinnukraft vantar, þá liggur ekki annað fyrir en að útvega hann, og ef húsrúm vantar til að vinna í, þá er líka að útvega það.

Jeg tel það að vísu ekki mikilsvert atriði, að frímerkjabirgðir hjá landssjóði og hjá póstmeistara sjeu rannsakaðar um hver áramót og skrá gerð yfir þær. Þó tel jeg það rjettara, og því er athugasemdin sett. Hitt tel jeg miklu þýðingarmeira, að landsreikningurinn sje tilbúinn í tíma. Það er með öllu óhæfilegt, að hann komi ekki til yfirskoðunarmanna fyr en nálega tveim árum eftir að reikningsárinu er lokið.

Jeg sje, að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir þegar beðið um orðið, og þykist jeg vita, að hann muni gera grein fyrir því, að reikningarnir yfir landssjóðsverslunina eru ókomnir enn, og er rjettast að bíða átekta og heyra, hvað háttv. þm. (E. A.) hefir fram að bera í því máli.

Einar Arnórsson: Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) var að kvarta yfir því, að yfirskoðunarmenn landsreikninganna hefðu ekki fengið nógu kurteis andsvör hjá stjórninni við athugasemdum þeirra um landsreikningana. Fyrir reikninginn 1915 þarf jeg engu að svara, því að svör við hann heyra mjer ekki til. En um reikninginn 1914 er það að segja, að það varð að ráði, að landritarinn semdi og undirritaði svörin þar, því að hann var öllu kunnugur, en jeg hafði engin afskifti haft af stjórn landsins það ár, og hafði auk þess nógu öðru að sinna. Landritari samdi því svörin og undirritaði þau fyrir hönd ráðherra. Að þessu leyti kemur mjer málið ekki við. En þó eru atriði í þessu máli, sem jeg vil minnast á. Jeg býst við, að það hljóti að vera mjög orðum aukið hjá háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) og yfirskoðara landsreikninganna, að landritarinn, sem svo mikið hefir verið við landsstjórnina riðinn og er svo æfður embættismaður, kunni ekki að svara svo sem sæmilegt er og við á. En sumar athugasemdirnar eru þannig úr garði gerðar, að ekki er fullauðvelt að svara þeim á þann veg, sem yfirskoðunarmönnum mundi best hafa geðjast að. Þær eru sumar hverjar harla nærgöngular sumum starfsmönnum opinberra stofnana, og bera þeim á brýn athæfi, sem ekki má sæmilegt teljast. Jeg skal ekki um segja, hvern þátt háttv. þm. (M. Ó.) hefir átt í athugasemdum þessum; en það hefir komið í ljós, að þar

eru gerðar getsakir algerlega tilefnislaust, og undir þetta hefir háttv. þm. (M. Ó.) sett nafn sitt.

Þá var háttv. þm. (M. Ó.) að tala um, að stjórnin hefði safnað liði gegn yfirskoðunarmönnunum. Hann kallar það að safna liði, að stjórnin leitar umsagnar þeirra manna, sem athugasemdirnar beinast að, svo sem landsverkfræðingsins um það, sem hann snertir, og símastjórans um símamál o. s. frv. Mjer þykja það harðir kostir, ef stjórninni á ekki að vera heimilt að leita umsagnar þeirra manna, sem kunnugastir eru málavöxtum og yfirskoðunarmenn beinast sjerstaklega að. Jeg hefði haldið, að háttv. þm. (M. Ó.) væri svo skynsamur, að hann bæri ekki annað eins og þetta á borð. Það er ekki einungis rjettmætt, að stjórnin fór svo að, sem hún gerði, heldur líka skylda hennar, og það ætti líka að vera í þágu sjálfra yfirskoðunarmannanna, því að vonandi telja þeir ekki það eitt hlutverk sitt að finna að, heldur og hitt, að fá sem sannastar upplýsingar um það, sem þeir vita ekki nje skilja. Það væru og hinar mestu firrur að halda því fram, að stjórnin ætti að hafa sjálf allar þessar upplýsingar á reiðum höndum, því að seint mun svo forspá stjórn sitja í valdasessi, að hún sjái fyrir, að hverju endurskoðunarmenn kunna að spyrja.

Háttv. þm. (M. Ó.) spurði að því, hvað yfirskoðunarmennina varðaði um, hvert álit undirmenn stjórnarinnar hefðu á hinu eða þessu atriði.

Til þess er sama að svara og jeg nefndi áðan; yfirskoðunarmennina varðar um að fá sem skýrust svör, og þeim má á sama standa, hvaðan þau koma, að eins að þau sjeu ljós og ábyggileg.

Um reikninga landssjóðsverslunarinnar er þetta að segja. Sumarið 1915 gerði stjórnin þinginu rækilega grein fyrir verslun landssjóðs til þess tíma, og sameinað Alþingi skipaði þá nefnd til að rannsaka málið. Sú nefnd taldi verslunina hafa vel gengið. Á aukaþinginu 1916—17 var 12 manna þingnefnd einnig sett til að rannsaka gerðir fyrverandi stjórnar um verslunarmálin. Enn fremur fjekk þingið þá skýrslu um verslun landssjóðs, auk annara styrjaldarráðstafana. Í þessari nefnd voru sumir mestu andstæðingar stjórnarinnar, sem þá var, og hefðu þeir vafalaust vitt það, er ámælisvert var sjerstaklega.

Um landsreikninginn 1914 tek jeg fram, að jeg hefi enga ábyrgð á ráðstöfunum þess árs, og yfir höfuð enga efnislega ábyrgð á honum, að eins formlega, eins og jeg hefi áður sagt.

Um landsreikninginn 1915 er þar á móti það að segja, að á ráðstöfunum þess árs ber jeg auðvitað ábyrgð, en enga ábyrgð á því, hvernig hann er gerður að forminu til. Núverandi stjórn hefir hann. Samningur landsreikninganna er annars skrifstofuverk, sem ráðherrar hafa aldrei sjálfir unnið. Væri þeim slíkt ómögulegt, og síst var mjer slíkt mögulegt með öllu því, sem jeg hafði að gera, vegna stríðsins og annars. Núverandi stjórn hefði auðvitað getað látið gera viðhlítandi upp verslunarreikninginn áður en hún skilaði landsreikningnum, og í rauninni er hann gerður upp. Það sýnir sjálfur landsreikningurinn 1915, en reikningshaldarinn hefir reiknað eitthvað skakt, »posterað« rangt. Og veit jeg eigi, hvernig er hægt að skamma mig fyrir skakka »posteringu« hjá skrifstofustjóra stjórnarráðsins, eftir að jeg er þaðan farinn.

Um það, að landsreikningar sjeu seint gerðir, athugast þetta.

Fyrir landsreikninginn 1915 á núverandi stjórn að svara; en fyrir reikninginn 1914 ber mjer að svara, og er jeg, eins og hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), óánægður með, að hann gat ekki fyr komið en

varð. Jeg ámálgaði það oft, að honm þyrfti að hraða, en fjekk jafnan sama svarið, að eigi væri hægt að hraða honum meir en gert væri. En þar eru ýms atriði svo persónulegs eðlis, að jeg tel ekki við eiga að fara lengra út í það mál hjer.

Matthías Ólafsson: Stjórnin ætti að vera búin að fá skýringar frá þessum mönnum, og það svo greinilegar, að hún væri ánægð með og gæti sjálf gefið umsögn sína til yfirskoðunarmannanna um þá liði, sem þeir beiðast skýringar á. Yfirskoðunarmennina varðar ekkert um, hvað þessir menn segja, því að þeir eiga ekki að ganga eftir því, að skýrslur þeirra sjeu í lagi, heldur stjórnin. Það á því ekki að ryðja í yfirskoðunarmennina löngum ritgerðum, þar sem þeir reyna að verja, hvernig þeir hafa farið með fjeð, því að yfirskoðunarmennirnir eru ekki hóti sannfærðari eftir en áður. Yfirskoðunarmennirnir eiga að eiga við stjórnina eina um reikningana, en aðra ekki. Að minsta kosti yrði stjórnin að tilgreina í svörum sínum, hvað hún gæti fallist á af skýringum þessum.

Hvað verslunarreikningana snertir, er það að segja, að núverandi stjórn hefði átt að skila þeim fyr, enda hefði það verið vandalaust, ef þeir hefðu verið gerðir upp um nýár af fráfarandi stjórn. En jeg verð að segja, að mjer finst, að jeg verði að virða henni til vorkunnar, að hún gerði það ekki, því að hún tók við völdum í janúar, en átti að skila þeim í febrúar, en það var ómögulegt, eins og var í garðinn búið. Verslunin hafði aldrei verið gerð upp um áramót, heldur í fyrsta skifti um mánaðamótin maí —júní í vor. Það eina, sem áður var gert, var málamyndayfirlitið 1915, og frammistaðan er því ekki góð. Það er ljeleg afsökun að segja, að búist hafi verið við, að verslunin stæði ekki nema skamma tíð, því að vitanlega átti að gera hana upp um hver áramót, eins og hverja aðra verslun. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg álíti, að neitt hafi tapast á versluninni; jeg býst heldur við, að eitthvað hafi grætst á henni. En þetta er svo mikið fyrirtæki, að þingið á heimting á að vera ekki dulið, hvernig það gengur. Það hefir aldrei áður verið ráðist hjer í svo stórt fyrirtæki sem þetta, og það er því ófyrirgefanleg vanræksla að gera það ekki upp.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Háttv. þm. V. Ísf. (M. Ó.) kvaðst hafa búist við þeirri tillögu frá fjárhagsnefnd að skora á stjórnina að gefa yfirskoðunarmönnum kurteis svör. Nefndinni þótti ekki ástæða til þess, því að þótt öllu hafi verið til skila haldið fyrra árið, að svör stjórnarinnar gætu heitið kurteis, þá er svo ekki nú.

Hvað snertir það atriði, að svarið sje ekki frá stjórninni sjálfri, þegar hún sendir skýringar landsverkfræðings eða annara slíkra starfsmanna, þá er það ekki rjett. Með því að taka upp skýringu þeirra gerir stjórnin hana að sínu eigin svari. En það þyrfti að útrýma þeim kala, sem virðist vera milli stjórnarinnar og yfirskoðunarmannanna og hindrar samvinnu. (**M. Ó.:** Jeg neita því, að það sje nokkur kali).

Um landssjóðsverslunina er nefndin sammála yfirskoðunarmönnunum og kemur því með áðurnefnda till. sína um hana. Það er það eina, sem hægt er að gera, og hygg jeg, að menn verði ánægðir með það, því að ekki tjáir að sakast um orðinn hlut.

ATKVGR.

Till. samþ. með öllum gr. atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 21. ágúst, var útbýtt

Tillögum út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1914 og 1915,

eins og þær voru samþyktar við síðari umr. í Nd. (A. 527).

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 22. ágúst, voru till. teknar til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 38. fundi í Ed., föstudaginn 24. ágúst, voru till. teknar til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Ed., föstudaginn 7. sept., voru till. aftur teknar til fyrri umr. (A. 527, n. 803).

Frsm. (Hannes Hafstein): Fjárhagsnefndin hefir athugað till. þessar eftir föngum og finnur ekki sjerstaka ástæðu til að koma fram með brtt. við þær.

Nefndin hefir fengið loforð skrifstofunnar fyrir, að leiðrjett væri ritvilla í tillögunum, og er hún ekki þess eðlis, að ástæða sje til að skýra nánar frá henni.

Till. nefndarinnar er: Samþykkið tillögurnar.

Magnús Torfason: Í tilefni af síðasta lið þessara athugasemda vil jeg biðja háttv. nefnd, eða hæstv. stjórn, um nokkrar upplýsingar.

Síðasti liðurinn er um reikninga landsverslunarinnar. Það virðist svo, sem það sje ekki vel ljóst, hversu mikið fje landssjóður hefir lagt til verslunarinnar, og er töluskakkinn um 600 þús. kr. Það virðist því svo, sem hjer sje um atriði að ræða, sem geti verið allþýðingarmikið. Mig langar því til að fá að vita eitthvað um, hvort nokkuð frekar hafi verið gert til að finna þessa skekkju, og hve mikið innlag landssjóðs sje í raun og veru í verslunina. Enn fremur vil jeg spyrja að því, hvort vörutalning hafi fram farið eða ekki.

Jeg tel rjett, að Alþingi skiljist ekki svo við þetta mál, að hæstv. stjórn fái ekki tækifæri til að skýra frá, hvað þessu líður.

Fjármálaráðherra (S. E.): Út af ummælum háttv. þm. Ísaf. (M. T.) vildi jeg segja nokkur orð.

Ráðuneytið mun að sjálfsögðu reyna að fullnægja till., eftir því sem frekast er hægt, en til þess að fullnægja henni er nauðsynlegt að auka starfskrafta í 3. skrifstofu stjórnarráðsins, og það er hægt nú, því að skrifstofan hefir verið stækkuð, svo að þar geta unnið fleiri menn. Og jeg, fyrir mitt leyti, legg áherslu á, að frá þessu sje vel gengið, en afleiðing af því er að auka starfskrafta stjórnarráðsins, og jeg hefi skilið háttv. fjárveitinganefnd Nd. svo, sem hún væri því samþykk. Enda væri það heimskulegt að spara fje í þessu efni; það er nauðsyn, að alt slíkt geti legið ítarlega og ljóst fyrir almenningi.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) spurði um hag landsverslunarinnar. Jeg skal játa það, að jeg er ekki svo vel kunnugur þessu atriði sem skyldi, en jeg býst við, að hæstv. atvinnumálaráðherra, sem hefir fylgst með störfum hennar, geti upplýst málið.

1. maí 1917 var gerður upp hagur verslunarinnar, og var hann þá svo:

Eignir:

Peningar í sjóði . .	kr.	2385,30
Innieign í Íslandsbanka	—	246661,90
Innieign í Guaranty Trust	—	2185172,29
Skuldir viðskiftamanna	—	700311,70
Hús og áhöld . . .	—	29730,56
Vöruleifar	—	556306,60
Fyrirfram greiddar vörur	—	154360,40
	kr.	3874928,75

Skuldir:

Innieign landssjóðs .	kr.	621037,06
Víxlar	—	2750000,00
Innieignir viðskiftamanna	—	173798,82
Skuldlaus eign . . .	—	330092,87
Samtals	kr.	3874928,75

Jeg vil taka það fram um vöruleifarnar, að þær voru metnar með innkaupsverði, að viðbættum kostnaði, að því er jeg hygg.

Jeg vil láta þess getið, að hagur verslunarinnar er trauðla eins góður nú, því að síðan 1. maí hefir hún orðið fyrir tapi; jeg veit að minsta kosti um eitt slíkt tjón, er hún varð fyrir, og það er um olíuna með »Bisp«. Skipið varð fyrir óhappi, og það varð að selja olíuna hjer undir verði; tjónið á því hefir orðið um 80 þús. kr. Má vera, að verslunin hafi tapað á einhverju öðru, en neinu verulegu mun það ekki nema.

Jeg mun alvarlega vinna að því, að fengin verði glögg og skýr skýrsla um allan hag landssjóðsverslunarinnar, og, eins og kunnugt er, þá er fjárhagur verslunarinnar nú aðskilinn frá landssjóði, og mun svo gert verða framvegis.

Ef einhverju er ósvarað af því, er háttv. þm. Ísaf. (M. T.) óskaði svars um, þá vænti jeg, að hæstv. atvinnumálaráðherra svari því; hann er miklu kunnugri þessum efnum.

Magnús Torfason: Jeg bjóst við því, að háttv. nefnd mundi svara athugasemd minni, en það hefir þó ekki orðið. Hjer sýnist vera um svo alvarlegt mál að ræða, að rjett hefði verið, að hún hefði leitað sjer rækilegra upplýsinga um það.

Það var misskilningur hjá hæstv. fjármálaráðh. (S.E.), að jeg væri að spyrja um gróða eða tap landsverslunarinnar. Jeg óskaði að eins skýringar á 163. athugasemd yfirskoðunarmanna landsreikninganna. Og því hefi jeg ekki fengið enn neitt svar við spurningum mínum.

Hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) sagði, að auka þyrfti starfskrafta stjórnarráðsins til þessarar endurskoðunar, og er það ekki nema sjálfsagt, að veitt sje til þess það fje, sem þarf.

Í sambandi við þetta vil jeg minnast á 3. tillöguna, um að herða á eftirlitinu með reikningshöldurum landssjóðs, og skal jeg það síst lasta, enda er það vörn gegn tortrygni þeirri, sem bólað hefir á gegn þeim.

En mjer finst að hjer skjóti talsvert skökku við. Þar er eftirlitið svo nákvæmt, að leitað er að jafnvel eineyringi alla leið frá Öndverðanesi austur að Gerpi. Og reikningshaldarar verða að afgreiða reikninga sína í flýti; það hefir ekki verið gætt að því, að reglurnar um reikningsskil eru nærri því hálffimtugar og að ástandið er orðið mjög breytt síðan. Það var eðlilegt þá, að menn gætu sent reikninga sína í lok febrúarmánaðar, en nú er það svo að segja ómögulegt í stærri embættum. Ef fylgja á þessum reglum, yrðu reikningshaldarar að bæta við sig skrifurum, en til þess eru launin oflág, og það er ekki hægt að nota aukastarfskrafta til þess,

vegna þess, að starfsvanir menn fást eigi utan Reykjavíkur. En svo sje jeg ekki betur en að öll reikningsskil frá reikningshöldurum sjeu miklu skýrari en afgreiðsla landsstjórnarinnar á endurskoðunarstörfunum.

Það hefir komið fyrir, að athugasemdir við reikninga koma fyrst á 3. ári eftir að þeir voru samdir, og ef um nokkra verulega ábyrgð væri þar að ræða, þá verð jeg, fyrir mitt leyti, að neita því að taka hana á mig eftir svo langan tíma, því að þá getur oft verið svo komið, að ekki sje hægt að fá neitt hjá viðkomandi mönnum, og að reikningshaldari verði því að borga það sjálfur.

Jeg vænti fastlega, að sama nákvæmnin og sömu eftirgangsmunirnir verði hafðir að því er landsverslunina snertir, og sjerstaklega, að ábyggileg vörutalning fari fram og fullkomin endurskoðun í sambandi við hana.

Jeg heyri, að hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) leggur áherslu á að fá málið upplýst, og gleður það mig, og vænti jeg að heyra frá honum hið fyrsta.

Fjármálaráðherra (S. E.): Vegna þess, að jeg er ókunnugur atriði því, er háttv. þm. Ísaf. (M. T.) var að tala um, þá get jeg ekki svarað ræðu hans nú, en mun gera grein fyrir því jafnskjótt og auðið er, og við síðari umr. þessa máls, ef hægt verður og jeg hefi þá fengið málið upplýst. Jeg mun annars gera mjer alt far um, að afstaða landsverslunarinnar til landssjóðs verði sem skýrust.

ATKVGR.

1. liður samþ. með 8 shlj. atkv.
2. — — — 7 — —
3. — — — 7 — —
4. — — — 7 — —
5. — — — 10 — —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., mánudaginn 10. sept., voru till. teknar til síðari umr. (A. 527).

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg leyfi mjer að mælast til þess við hæstv. forseta, að mál þetta verði tekið út af dagskrá.

Forseti: Jeg tek þetta mál út af dagskrá, samkvæmt tilmælum hæstv. fjármálaráðherra (S. E.).

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 14. sept., voru till. aftur teknar til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á. 58. fundi í Ed., laugardaginn 15. sept., voru till. enn teknar til síðari umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vildi að eins mæla nokkur orð, í tilefni af fyrirspurn hv. þm. Ísaf. (M. T.) um það, hvernig á skekkju þeirri stæði, sem um getur í 163. athugasemd yfirskoðunarmanna landsreikninganna um landsreikninginn 1915.

Í skýrslu, sem yfirskoðunarmönnum barst frá hr. Þórði Sveinssyni, er skuld verslunarinnar við landssjóð í árslok 1915 talin kr. 451560,63
en í landsreikningunum er talið standa í versluninni . . . . . — 1096084,90

Skekkja þessi stafar af því, að í yfirlitinu, á bls. 80, er ekki eingöngu talið

það fje, er landssjóður hefir lagt til verslunarinnar, heldur einnig víxlar, er landssjóður hafði undirritað, en komu ekki til útgjalda úr landssjóði. Þeir víxlar námu . . . kr. 810000,00 og verður sú fjárhæð, sem í versluninni stóð í peningum og víxlum, talsvert meiri en áðurnefnd skýrsla á bls. 80 sýnir, og mun jeg síðar víkja að því atriði.

Í árslok 1914 er innieign landssjóðs í versluninni talin í skýrslu hr. Þórðar Sveinssonar . . kr. 373929,45
en LR telur hana vera — 394315,85
Hjer skakkar um . . . kr. 20386,40
sem innieign landssjóðs er talin lægri í skýrslunni heldur en í LR: Þessi mismunur liggur í fjárhæðum, sem fara á milli ára í reikningunum. Þær eru taldar 1914 í landsreikningi, en bókaðar 1915 í verslunarreikningi.

Í sömu skýrslu er innieign landssjóðs í versluninni í árslok 1915 talin — 451560,63
En í LR 1914 er innieign þessi talin, svo sem áður er sagt, kr. 394315,85
og í LR 1915 er fjárframlag landssjóðs til verslunarinnar talið (22. gr. 17) . . kr. 131645,60
eða alls 1914 og 1915 . — 525961,45
Frá þessari upphæð ber að draga reikningsvillu 1914, sem viðurkend er af stjórninni, og nemur sú villa . kr. 21946,81
Enn fremur ber að draga frá þeirri upphæð . . kr. 52680,83
og stafar sú upphæð af því, að af conto verslunarinnar í Íslandsbanka höfðu verið greiddir vextir og afborganir af láni landssjóðs frá 1909. Alls dregst þá frá . . . . kr. 74627,64
og verða þá eftir . . . — 451333,81
Mismunurinn á þessari upphæð og upphæð þeirri, sem tilfærð er í áðurnefndri skýrslu, er . . — 226,82
Er það símskeytakostnaður í Kaupmannahöfn fyrir verslunina. Í skýrslu herra Þórðar Sveinssonar er hann færður landssjóði til tekna, en stjórnarráðið leit svo á, að versluninni bæri ekki að endurgreiða hann.

Nú hefi jeg gert grein fyrir því, að þrátt fyrir það, að skuld verslunarinnar við landssjóð í árslok 1915 er talin í LR — 525961,45
en í skýrslu hr. Þórðar Sveinssonar . . . . . — 451560,63
er þó rjett að telja hana — 451333,81
Verður því komið samræmi á milli LR og skýrslunnar, er kemur til þeirrar hreinu peningainnieignar landssjóðs í versluninni, sem er aðalatriðið. Yfirlitið á bls. 80 virðist ekki hafa áhrif á fjárhag landsins.

En ekki hefir enn þá

verið um að fá samræmi í yfirlit þetta. Samkvæmt því er talið standa í versluninni . . . . . kr. 1096084,90
en samkvæmt svörum ráðherra við 149. aths. yfirskoðendanna er sú upphæð talin:
Í peningum úr landssjóði, samkvæmt áðursögðu . . kr. 451333,81
Í lánum . — 810000,00
Eða samtals . . . . . — 1261333,81
En af þeirri upphæð stóð í bönkum hjer á landi og vestan hafs . . . . . — 53161,61
og ætti þá að standa í versluninni . . . . . — 1208172,20
í vörum og verslunarskuldum. Mismunurinn á þessari upphæð, sem er hin rjetta, og áðurnefndum kr. 1096084,90, sem í skýrslunni á bls. 80 er talið standa í verslun-inni, er . . . . . — 112087,30
Frá þessum mismun má draga áðurnefnda skekkju — 74627,64
og er þá mismunurinn . — 37459,66

Mjer er ekki enn ljóst, hvernig á þessum mismun stendur; hefi jeg ekki haft tækifæri til að rannsaka það ítarlega. En framvegis verður reikningsfærsla landssjóðs og landsverslunarinnar algerlega aðskilin, nema bein fjárframlög, og þarf því ekki að óttast framar ágreining um þessi efni.

Magnús Torfason: Jeg stend að eins upp til að votta hæstv. fjármálaráðh. (S. E.) þakkir fyrir þessa glöggu og ítarlegu skýrslu um viðskifti landsverslunarinnar við landssjóð. Það er ánægjuefni að heyra, að bæði hann og hæstv. atvinnumálaráðherra leggja stund á að fá samræmi í reikningana.

Annars vil jeg leggja áherslu á það, að vöruforði verslunarinnar verði sem nákvæmlegast talinn. Ætti þá að koma í ljós, hve mikið hefir farið í súginn, eins og vitanlega altaf fer í öllum verslunum, og eins hitt, hvar spilst hefir.

ATKVGR.

Till. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktanir Alþingis.

(Sjá A. 967).

11. Uppeldismál.

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. ágúst var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um uppeldismál (A. 451).

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 16. ágúst, var tillagan tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 18. ágúst, var till. tekin til einnar umr. (A. 451, 494).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., fimtudaginn 6. sept., var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 451, 494, 798).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., föstudaginn 7. sept., var till. enn tekin til einnar umr. (A. 451, 494, 798, 843).

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg skal reyna að vera stuttorður, þótt um merkilegt mál sje að ræða, og fylgja þeirri gullvægu reglu að láta sem minst bera á þeim mestu málum. Ef jeg væri einvaldur, þá mundi jeg umsteypa öllum uppeldismálum Íslands, frá efstu kenslustofnun niður í þá lægstu, og koma á nýju uppeldismálakerfi hjer í landi. Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að villa er í till. — ritvilla eða prentvilla —; hjer er eigi ætlast til að athuga uppeldismálakerfi alls heimsins, heldur Íslands eins.

En væri jeg, eins og jeg nýlega sagði, einvaldur í þessu máli, þá skyldi jeg ekki láta skólahald vera í þeim anda, sem nú er, nje heldur barnafræðsluna, því að það besta uppeldi, sem hægt er að láta börnum í tje, var það, sem ríkir menn meðal Rómverja og Grikkja gerðu, að hafa fasta heimiliskennara til að kenna börnum sínum. Þetta er áreiðanlega sú besta aðferð, eða þá það, að menn kendu þeim sjálfir, þeir sem því gætu við komið. Það er þessi hugsjón, sem jeg álít að við eigum að reyna að nálgast sem mest. Að vísu skal jeg játa, að í einstaka kaupstöðum gæti þetta orðið erfitt, og má vera, að nauðsyn bæri til að hafa þar einhverja barnaskóla, þar sem heimilin gætu annars ekki haldið sjerstaka kennara. En aðalatriðið er í mínum augum það, að allir menn yrðu færir til þess með tímanum að kenna sjálfir börnum sínum. Og til þess, að svo geti orðið, þurfa þeir auðvitað að hafa fengið gott uppeldi og góða fræðslu.

Nú er það mitt álit, að slíka fræðslu eigi menn að fá á aldrinum frá 16—20 ára. Því að reynslan hefir sýnt það, að það, sem börn læra á unga aldri, kemur ekki að tilætluðum notum, því að þau skilja það ekki til fulls. Barnshugurinn er ekki kominn svo langt á sinni þroskabraut, að hann kunni að skeyta saman skólana og sjálft lífið. Öðru máli er að gegna um unglinginn á aldrinum 16—20 ára. Hann á að vera orðinn svo þroskaður, að hann geti lært fyrir lífið, en ekki eingöngu fyrir skólana. Menn ættu í þessu að fara eftir hinni ágætu reglu Rómverja, sem segir: »Non multa, sed multum«, eða »ekki margt en mikið«. Það ber að leggja meiri áherslu á það að kenna vel það, sem kent er, heldur en hitt, að hafa það sem flest. Í slíkum alþýðuskólum, sem hjer er átt við, ætti ekki að kenna annað en lestur, skrift, íslenska sögu og landafræði, bókmentasögu og síðast en ekki síst íslenska tungu. Þessar námsgreinar á að kenna svo nákvæmlega og vel, að hver nemandi geti haldið áfram að læra eftir á og aflað sjer meiri þekkingar eftir þeim aðferðum, sem honum hafa verið kendar.

Að fara að bisa við að kenna mönnum útlend tungumál, áður en þeir kunna sitt eigið sómasamlega, eins og nú tíðkast, það liggur mjer við að kalla sjálfsmorð á íslensku þjóðerni.

Þetta er nú það höfuðatriði, sem fyrir mjer vakir. Að vísu get jeg ekki með sanngirni krafist þess, að allir telji þetta rjetta hugmynd, þó að jeg álíti, að svo sje. En hitt hygg jeg, að allir geti verið á einu máli um, að það væri frekar til góðs en ills, að alt hið íslenska uppeldiskerfi væri rannsakað til hlítar. Sú rannsókn mundi svo aftur leiða í ljós, hvort þessu mundi best fyrir komið eins og jeg hefi hugsað mjer og hjer lýst, eða á einhvern annan veg. Jeg ætlast til, að hvert heimili sjái sínum börnum fyrir nauðsynlegri fræðslu og uppeldi. Hvað snertir trúarbragðakenslu barna, þá læt jeg hana liggja algerlega milli hluta. Það fer eftir, hvort þjóðkirkja er hjer eða ekki.

Og jeg er þeirrar skoðunar, að slíkt þýði hvorki að banna nje fyrirskipa. En hins vegar hygg jeg, að haga megi þeirri kenslu svo, að hún skaði ekki sálarþroska barnanna.

En það, sem ber að leggja mesta áherslu á við kensluna, er að börnin læri að lesa vel og reikna vel. Það dugir enginn yfirborðslærdómur í reikningi, eins og svo oft vill verða; þau verða að læra að reikna fljótt og með fullum skilningi; því að eins þroskar þessi námsgrein börnin á rjettan hátt, svo að þau geti notað sjer þær sömu rannsóknaraðferðir, þegar þau þurfa að ráða fram úr ýmsum »dæmum« lífsins í framtíðinni. Þetta hygg jeg að sje ekki til ofmikils ætlast, þegar þessir framhaldsskólar, sem jeg nefndi, hafa starfað í nokkur ár með þessu fyrirkomulagi, og þeir, sem þar hafa lært, eru farnir að kenna. Það munu fleiri en jeg hugsa á þann veg, að allir þessir mörgu skólar, sem nú tíðkast, hafi ekki aukið hina sönnu þekking manna að sama skapi, heldur átt sinn þátt í að drepa fróðleiksfýsn þeirra og dregið úr eðlilegri löngun manna til að fræða sín eigin börn. Og jeg efast um, að fræðslan sje í betra lagi nú en meðan heimilin sjálf önnuðust hana með eftirliti presta. Jeg vil enn fremur geta þess, hversu sorglegt er að sjá, hve langt núlifandi Norðurlandaþjóðir standa fornmönnum að baki í því að ala upp sín börn.

Menn þekkja það af sögunum, hvað mikla áherslu þeir lögðu á íþróttir og annað, sem fegurst er í lífinu. Það er líkt og hjá Grikkjum, sem voru mesta menningarþjóð heimsins og engin þjóð hefir náð enn þann dag í dag. Hjá þeim var aðalþáttur uppeldisins íþróttakensla og söngkensla og alt það, sem opnar augu manna fyrir því fegursta í lífinu, svo að þeir geti notið unaðssemda þess með hreinni og sannri gleði. Og er það meira virði fyrir hverja þjóð en þótt hrúgað sje saman svo og svo miklu af gulli. Það út af fyrir sig jafnast ekki á við bjartsýna lífsgleði, samfara þróttmikilli starfslöngun. Þetta alt á að hafa sitt upphaf í sjálfum heimahúsum, en svo er skólunum ætlað að leiða menn áfram á þeirri sömu braut. Þess vegna er auðvitað sjálfsagt, að þar sjeu iðkaðar íþróttir og söngur miklu meir en verið hefir. Þar ætti hver karl og kona að læra til fullnustu að synda, hlaupa á skíðum og skautum og enn fremur að læra söng eftir því, sem föng væru á, og helst að leika á citthvert hljóðfæri, og á jeg þar við slaghörpu eða fiðlu, sem eru hljómfegurst og best til þess fallin. Jeg vil í þessu sambandi minna menn á söguna um Þemistókles, sem var talinn lítt mentaður maður fyrir þá sök, að hann neitaði að taka við hörpunni einu sinni, er hann var staddur í samkvæmi (Themistocles indoctior habebatur, quia lyram recusaret). Það þótti svo sjálfsagður hlutur þá, að menn kynnu að fara með þetta hljóðfæri. Annars held jeg, að menn þyrftu ekki að óttast, þótt höfð yrðu endaskifti á öllu skólahaldi hjer á landi. Það er sniðið eftir útlendum þjóðum, nema hvað það er miklu ófullkomnara hjer, og það er því margt, sem mætti missa sig. Það mundi verða okkur Íslendingum til mikils sóma, ef við tækjum upp í uppeldiskerfi okkar það, sem var best hjá bæði Forn-Íslendingum og Grikkjum, og hagnýttum okkur það. Jeg vona, að enginn skilji þessi orð mín svo, að jeg vilji kippa oss aftur í fornaldir, heldur er það hugsun mín að taka það besta frá vitrustu mönnum fornaldarinnar og sameina það því besta, sem nú þekkist. Jeg vil líka geta þess, að þessi skóli, sem hjer er kallaður kennaraskóli, er alt annað en hann á að vera. Hann

er að mínum dómi ekki annað en gagnfræðaskóli, eða eins og þeir skólar gerast. Auðvitað má segja um þann skóla eins og aðra, að það er kennaraskóli að því leyti, að þar læra þeir menn að kenna, sem hafa vit á að taka vel eftir góðum kennurum. Það, sem jeg hefi lært til kenslu, hefi jeg alt frá mínum ágætu kennurum, t. d. prófessor Höfding o. fl., og þótt jeg nefni síðastan, þá ekki sístan, föður mínum.

Það þarf að kenna annað í kennaraskólum heldur en nú er kent, og góðir kennarar eru ekki einhlítir. Þar er mest þörf á sjerstakri kenslugrein í sálarfræði, og þá helst því, sem lýtur að uppeldi, sem getur veitt mönnum ábyggilega þekkingu á sál barnsins. Máltækið segir: »Hvað skal sá í kór, sem kann ekki að syngja«. Líkt má segja um kennarana. Hvernig er hægt að ætlast til, að þeir menn geti leikið á strengi barnssálarinnar, sem enga þekkingu hafa á, hvernig þeim er niður raðað? Þetta er ekki kent í öðrum skólum. En það er engu síður mikilsvert fyrir þá sök, því að það er talsverður ábyrgðarhluti að móta barnið að einhverju leyti á meðan það tekur best við utan að komandi áhrifum.

Nú er það auðvitað ætlun mín, að menn fari ekki í þennan skóla fyr en þeir hafa lokið námi í gagnfræðaskóla. Þá ætlast jeg til, að þeir lesi sálarfræði og uppeldisfræði í 2—3 ár í kennaraskóla, undir handleiðslu góðra kennara, sem jafnframt leiðbeindu í kensluaðferðum. Með þessu móti hygg jeg að mætti fá góða kennara, sem menn gætu lært að virða og fara vel með. Það dygði ekki að bjóða þessum mönnum nokkur hundruð krónur á ári í laun, eða að láta þá sæta jafnómannúðlegri meðferð og nú á sjer stað. Því að það er öllum kunnugt, þótt það standi óbætt þann dag í dag, að allur þorri kennara getur ekki um frjálst höfuð sjer strokið fyrir skuldum. Þeir verða að sætta sig við að ganga ver til fara heldur en þrir fjórðu hlutar þeirra barna, sem þeir eru að kenna. Það munar víst minstu oft og tíðum, að þessir menn líði mikinn skort á lífsviðurværi. Þeir eiga því ekki annars kostar en gína yfir hverju beini, sem til þeirra er kastað, og grípa við hverri aukaþóknun, sem býðst, því að maginn vill hafa sitt, eins og þar stendur.

Jeg sje ekki, með hvaða sanngirni hægt er að gera miklar kröfur til þessara manna, sem sæta svo miskunnarlausri meðferð. Jeg veit, að jeg þarf ekki annað en að minna menn á þetta. Því að það vita allir menn, að það er hver búðarloka betur launuð hjer á landi heldur en þessir menn, sem trúað er fyrir að ala upp börn landsmanna. Það er óneitanlega hart að hugsa til þess, að lögfræðingar hjer á landi hafa altaf átt við kostakjör að búa á móts við kennarastjettina. En af hverju er það? Það er af því, að lögfræðingar hafa haldið vendinum reiddum á lofti, og þjóðin því ekki þorað annað en launa þá vel. En þessi sama þjóð lætur sjer sæma að kasta í kennarastjettina nokkrum aurum um tímann, ámóta og hún borgar salernahreinsurum sínum. Jeg segi þetta hjer til að benda á, að þessi hlið málsins þarf líka athugunar við.

Jeg hefi drepið á það í 5. lið tillögunnar, að það mundi sparast talsvert fje við það að hafa ekki sjerstaka gagnfræðaskóla fyrir karla og konur, heldur að fækka þeim og steypa saman bókfræðikenslu karla og kvenna í öllum almennum námsgreinum. Síðan ætti ekki að styrkja aðra kvennaskóla en þá, er kenna það eitt, er konur læra.

Þessi uppástunga mín er þó ekkert höfuðatriði fyrir mjer. En það, sem jeg legg mesta áherslu á, er að þessi rannsókn, sem jeg hefi talað um, verði hafin

sem fyrst og þetta mál krufið til mergjar. Þó dylst mjer ekki, að þetta er mjög umfangsmikið verkefni, og jeg ætlast ekki heldur til, að því verði lokið fyrir næsta eða næstu þing. Til þess að koma þessari rannsókn í framkvæmd tel jeg heppilegast og æskilegast, að stjórnin skipi nefnd manna og fái heimild til að borga henni eins og sanngjarnt er. Þeir vitru menn, sem til þessa verða kjörnir, eiga svo auðvitað að koma með till. sínar í málinu.

Það, sem ber á milli í till. minni og háttv. flutningsmanna hinnar, er í raun og veru ekkert verulegt, svo að mjer stendur á sama, hvor tillagan verður samþykt. Að vísu er það eitt atriði hjá þeim, sem vantar í mína, en jeg þó taldi innifalið í henni. Aftur á móti er síðasta atriði minnar till. ekki í þeirra. En, sem sagt, þá læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja, hvor till. nær samþykki, þótt jeg geri ráð fyrir, að alt verði þetta rannsakað. En svo er hjer ný till. á þgskj. 494, frá háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). Jeg skal ekki mæla neitt á móti henni. Það kann vel að vera rjett hjá háttv. flm. (S. S.), að skólar mundu verða þjóðlegri, og þeim má ske betur fyrir komið, ef þeir stæðu utan kaupstaða.

Jeg vil svo að endingu geta þess, áður en jeg sest niður, að jeg horfi með ótta fram í tímann, ef við svo búið á að standa og ekki verður hafist handa. Jeg fæ ekki betur sjeð en að þjóðin sje á leið til þess að verða að einskonar uppskafningi. Hún er á góðum vegi með að tapa þessu dýrmæta máli, sem hefir gefið henni allan þrótt alt til þessa dags. Sú braut, sem við nú göngum á, liggur, að því er jeg fæ best sjeð, beint norður og niður. Það væri því ekki að óþörfu, ef nú væri tekið í taumana, svo að við rennum ekki niður eftir þeim halla.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meir um þetta.

Þorsteinn Jónsson: Það munu vera 10 ár liðin síðan núgildandi fræðslulög gengu í gildi. Eins og við er að búast hefir komið í ljós, að þeim er í ýmsu ábótavant. Það er ekki nema eðlilegt, þar sem þá fyrst var innleidd skólaskylda hjer á landi. Það verður því ekki með sanngirni borið þeim mönnum á brýn, sem að lögunum stóðu, að þeir hafi ekki gætt allrar skynsemi. Þvert á móti voru lögin sett af gætni og fyrirhyggju. Og eins víst er hitt, að þeirra var mikil þörf.

Í upphafi kendi talsverðs andróðurs gegn þessum lögum, og var aðalmótbáran sú, að kostnaður af þeim mundi reynast óbærilegur. Ef jeg man rjett, þá reiknuðu einhverjir það út, að svo framarlega sem þessi lög gengju í gildi, þá mundu allir bændur á landinu vera orðnir gjaldrota eftir 4 ár. Sem betur fór reyndist þetta hrapallegur misreikningur. Og síðan, er menn hafa reynt lögin og sjeð, hvaða kostir fylgja þeim, hafa þeir sætt sig við þau. Eins og mönnum er kunnugt voru ákvæði laganna talsvert rúm. Menn áttu kost á að velja um þrennskonar fræðslu handa börnum sínum. Hafa lögin nú staðið í 10 ár, og mönnum því gefist ráðrúm til að sjá, hvað gott er við þau, og hvað betur mætti fara.

Jeg er nú þeirrar skoðunar, og jeg hygg, að það sje álit þeirra þjóða, sem lengst eru komnar í alþýðufræðslu, að það sje mjög varasamt að hringla mikið í fræðslumálum. Það má ekki gera nema brýn nauðsyn beri til. Fyrst og

fremst hlýtur það að hafa mikinn kostnað í för með sjer. Og sje stofnað til breytinga án undangenginnar rannsóknar, er ekki nægileg trygging fyrir, að ekki verði breytt til hins verra.

Í þinglok 1915 kom fram till. til þingsályktunar um að setja milliþinganefnd til að íhuga skólamálin, en þeirri till. var hafnað.

Nú í sumar barst mentamálanefnd Nd. erindi frá Kennarafjelagi Íslands um, að nefndin tæki fræðslumálin til rækilegrar íhugunar og gerði þær umbætur, er Kennarafjelagið taldi nauðsynlegar vera. Jeg hefi ekki sjeð erindið, svo að mjer er ekki fullkunnugt um, hverjar þessar umbætur eru. En mentamálanefnd hefir víst svæft þetta mál. Aftur hefir formaður hennar, hv. þm. Dala. (B. J.), borið fram þingsályktunartill., á þgskj. 451, um að skora á stjórnina að rannsaka uppeldismálakerfi landsins. Jeg sje af þeirri till. og eins af framsöguræðu hans (B.J.), að hann er ekki ánægður með fyrirkomulagið, eins og það er nú, og vill breyta því og laga það. Jeg er í aðalatriðunum á sama máli, álít tíma til kominn að rannsaka þetta frumsmíði, lögin frá 1907, og bæta þau, eftir því sem reynslan sýnir, að betur má fara.

En þótt jeg sje háttv. þm. Dala. (B. J.) sammála í mörgum atriðum, er jeg þó ekki ánægður með einstök atriði till. hans, og hefi því leyft mjer ásamt háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) að bera fram brtt. á þgskj. 798, og heyrði jeg mjer til gleði, að háttv. þm. Dala. (B. J.) getur fallist á hana.

Það, sem okkur fyrst og fremst ber á milli, er að hann vill afnema skólaskyldu barna, en koma á skólaskyldu unglinga, en eftir till. okkar er að eins farið fram á, að athugað sje, á hvaða aldri skólaskylda sje hentugust, en við viljum ekki fullyrða þegar, að afnema skuli barnaskólaskylduna, eins og búið væri að rannsaka þetta mál. Hann ætlar stjórninni einni að athuga málið, en við teljum þetta svo mikilsvert mál og þurfa svo rækilegan undirbúning, að stjórnin geti ekki framkvæmt hann svo, að fullnægjandi sje, og teljum því verða að skipa nefnd í málið. Jeg heyrði á háttv. flm. (B. J.), að hann var ekki á móti því og taldi 3 menn mundu nægja, og er jeg honum sammála um það. Nú vill einmitt svo til, að það liggur í loftinu, að skólar verði lagðir niður mikinn hluta vetrar, ef ekki allan veturinn, svo að kennarar munu hafa miklu minna fyrir stafni en endrarnær. Jeg býst við, að stjórnin fái einhverja skólamenn hjer í Reykjavík til þess að athuga þetta mál, að minsta kosti fyrri hluta vetrar. Mjer dettur í hug einn maður, sem jeg tel sjálfsagðan í nefndina, en það er skólastjóri kennaraskólans. Eftir því, sem jeg hefi heyrt, eru lítil líkindi til, að sá skóli starfi í vetur, en sá maður er, að því er jeg þekki til, allra manna best til þessa starfs fallinn. Jeg geng vart út frá, að slík nefnd mundi hafa mikinn kostnað í för með sjer, því að jeg geri ráð fyrir, að þeir kennarar í Reykjavík, sem eru áhugasamir um þetta mál, geri það fyrir litla peninga. En til þess, að það atriði yrði ekki brtt. að fótakefli, höfum við borið fram viðaukatill. á þgskj. 843, þar sem stjórninni er heimilað að verja fje úr landssjóði þessu til framkvæmdar.

En nú vil jeg koma dálítið meira inn á skólaskylduna. Mjer þykir það nokkuð djarft, ef samþykt yrði það atriði í till. háttv. þm. Dala. (B. J.), sem ræðir um að koma á skólaskyldu á aldrinum 16—20 ára. Mjer blandast ekki hugur um, að á þeim aldri er hægt að læra miklu meira en á yngra aldursskeiði. En það verður að taka tillit til þess,

hvaða tíma unglingarnir mega helst missa til þessa náms. Jeg álít, að vjer verðum að byggja á reynslu þeirra þjóða, sem lengst eru komnar. Mjer er ekki kunnugt um, að nein þeirra hafi tekið upp skólaskyldu á þessum aldri. Norðurlandaþjóðirnar, frændþjóðir vorar, hafa skólaskyldu á aldrinum 7—14 ára. Aftur gæti komið til athugunar, hvort ekki ætti að breyta skólaskyldualdrinum eitthvað frá því, sem nú er, t. d. annaðhvort lækka lágmarkið eða hækka. Sömuleiðis gæti komið til mála að athuga efra aldurstakmarkið, hvort ekki væri rjett að fara eitthvað upp fyrir 14 ár, en þó tel jeg ógerlegt að fara upp í 20 ár. Hygg jeg, að stór meiri hluti þjóðarinnar myndi una því mjög illa, ef ætti að skylda alla unglinga á þessum aldri til að ganga í skóla. Það yrði afarmikið vinnutap. Svo er það víst, að þeir unglingar, sem eru mjög óhneigðir til náms, sætta sig ver við nám eftir fermingu. Um það hefi jeg reynslu sem kennari, bæði barna og unglinga.

Hv. þm. Dala. (B. J.) fór nokkrum orðum um heimilisfræðsluna, og taldi hana, sem rjett er, undirstöðu allrar fræðslu. Skal jeg síst mótmæla því, en fullmikið fanst mjer hann vilja byggja á fornum tíma og leggja fullmikla áherslu á heimilisfræðsluna. Skildist mjer, að hann teldi Grikki fyrirmyndina. En þar fanst mjer kenna nokkurrar ósamkvæmni. Það var ekki alstaðar í Grikklandi, að kensla fór fram í heimahúsum. Ef jeg man rjett, voru þau lög í Spörtu, að börn voru tekin 7 ára gömul og alin upp á kostnað hins opinbera í skólum ríkisins. Enda held jeg, að vjer verðum að byggja vora uppfræðslu á þeim grundvelli, sem smám saman hefir þróast, alt frá fortíð Grikkja og til þeirra tíma, er vjer lifum á. Uppeldisfræðin hefir þróast, og vjer getum ekki tekið það elsta sem aðalfyrirmyndina, því að það á ekki við nútíðina.

Þá er það atriði í till. okkar að koma föstu skipulagi á barna- og unglingafræðsluna, sem hefir verið mjög losaraleg. Barnafræðslan fer fram samkvæmt lögum og með föstu skipulagi, en unglingafræðslan er mestmegnis í höndum einstakra manna, er komið hafa upp unglingaskólum, en engir fastir skólar, og er full nauðsyn á, ef fræðslumálin eru tekin fyrir, að unglingaskólunum verði komið í fast horf. Jeg álít mjög nauðsynlegt að hlynna að þeirri fræðslutegund, en vil ekki, að þar sje komið á skólaskyldu.

Bæði hv. þm. Dala. (B. J.) og okkur flutningsmönnum brtt. ber saman um, að bæta þurfi kennaraskólann. Reyndar þótti mjer alleinkennilegt sumt það, er háttv. þm. Dala. (B. J.) sagði um þann skóla, og jeg held, að honum sje ekki fullkunnugt, hvað þar er kent. Það vakti fyrir honum, sem rjett er, að þar ætti aðallega að kenna uppeldisfræði og sálarfræði, en honum virtist ekki ljóst, að þetta eru höfuðnámsgreinarnar. Jeg er honum (B. J.) sammála um, að rjett væri, að þeir einir, er fengið hafa gagnfræðapróf, nái inngöngu í kennaraskólann, svo að þeir væru betur undirbúnir en þeir eru nú.

Hvað námsgreinarnar í skólunum snertir, erum við nokkuð á sama máli, en þó þótti mjer hann binda sig fullmikið við þjóðleg fræði. Slík mentun er holl og góð, og auðvitað undirstaðan, en vjer verðum að vita meira en um okkur sjálfa.

Hv. flutnm. (B. J.) talaði um launakjör kennara. Um það ætla jeg ekki að fjölyrða, því að öllum er ljóst, hvernig þau eru. En jeg geng út frá því, að um leið og bætt eru kjör kennara verði

þeim fækkað, því að jeg álít þá ofmarga. Jeg álít, að sú breyting verði að eiga sjer stað, að öll fræðsluhjeruð sjeu lögð niður og gerð að skólahjeruðum. Í sveitum komi heimavistarskólar í stað heimangönguskóla, og skólavist verði ekki eins löng á ári og áður. Mjer hefir dottið í hug, að í hverju sveitaskólahjeraði mætti hafa 60—70 börn og einn kennara við hvern skóla. Hver skóli starfi í 9 mánuði, og börnunum sje skift í 3 deildir, eftir þroska og námsþrótti, og hver deild sje 3 mánuði í skólanum.

Sem sagt vildi jeg ekki ráðast í stórar breytingar í þessu máli, er röskuðu grundvelli laganna, nema eftir ítarlega rannsókn. Í smærri atriðum mætti breyta; t. d. mætti breyta launakjörum kennara o. s. frv. Ef þeim verður ekki breytt, er jeg sannfærður um, að flestir þeirra, er hingað til hafa fengist við alþýðufræðslu í landinu, myndu hverfa frá henni, að minsta kosti allir þeir menn, sem svo eru hæfir að lifa lífinu, að þeir geti haft ofan af fyrir sjer á annan hátt, svo framarlega sem þeir geta ekki haft lífsuppeldi sitt af sinni þörfu og þýðingarmiklu stöðu.

Þá var komin fram rökstudd dagskrá, svo hljóðandi:

Í því trausti, að landsstjórnin rannsaki, hversu alþýðufræðslunni verði best hagað, svo sem:

1. *Á hvaða aldri muni hentugast að hafa skólaskyldu.*
2. *Á hvern hátt mætti byggja sem mest á heimilisfræðslu, og ganga þó jafnframt svo frá eftirliti með henni, að tryggilegt væri.*
3. *Að vandlega sje gætt þeirrar stefnu að tryggja öllum börnum jafnan rjett til fræðslu, hvað sem um efni er og ástæður.*
4. *Hversu breyta mætti kennaraskólanum, svo að kennarar verði sem best búnir undir starf sitt.*
5. *Að kennurum sjeu trygð sæmileg æfikjör.*
6. *Hversu best yrði komið fyrir unglingafræðslu í landinu, að fjölgað sje unglingaskólum og komið á þá föstu skipulagi, í samræmi við barnafræðsluna, og við æðri skólana eftir föngum,*

og að hún undirbúi og leggi þegar fyrir næsta reglulegt þing frumvarp til laga um bráðabirgðabætur á launum og ráðningarkjörum kennara, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Jón Jónsson. Þórarinn Jónsson.

Flm. (Bjarni Jónsson): Mætti jeg spyrja háttv. flutningsmenn dagskrárinnar, hvers vegna þeir vilja ekki lofa tillögunum að koma til atkvæða. Önnur till. fer fram á nefnd í málið, en dagskráin ætlast til, að málinu sje jafnfljótt lokið. Er þá atkvæðagreiðsla um till. núna eða dagskrána sama sem atkvæðagreiðsla um, hvort heimila skuli stjórninni fje til þessarar rannsóknar eða ekki. Er það ekki rjett skilið?

Jón Jónsson: Við flutningsmenn dagskrárinnar erum sammála brtt. að öðru leyti en því, að við sjáum þess enga þörf nú að skipa nefnd í málið, þar sem útlit er fyrir, að nóg verði af mönnum til aðstoðar, sem gott vit hafa á þessum málum. Hins vegar hefir hv. flm. tillögunnar (B. J.) lýst yfir, að honum sje sama, hvort samþykt sje sín till. eða hin, svo að mjer finst, að hann geti sætt sig við dagskrána. **(B. J.:** Er hún ekki borin fram í því skyni að útiloka kostnað?) Jú.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get ekki sjeð, að neinn munur sje á

þessum 3 till., því að jeg kalla dagskrána líka till., og tel jeg því sama, hver þeirra er samþykt. Að vísu er það skýrt tekið fram á þgskj. 798, að nefnd skuli skipuð í málið. En jeg hafði ímyndað mjer, að þótt samþykt væri till. háttv. þm. Dala. (B. J.), yrði ekki komist hjá að fá fleiri eða færri hæfa menn til að athuga málið. Það mundi ekki kosta ýkjamikið. Jeg vissi það fyrst eftir skýringu háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.), að dagskráin átti að útiloka kostnað; annars hafði jeg ekki skilið hana svo. Að vísu býst jeg við, ef skólar verða lagðir niður, að hægt sje að heimta af kennurum að rannsaka málið borgunarlaust. En, eins og háttv. þm. Dala. (B. J.) drap á, er ekki víst, að athuguninni verði lokið áður en skólarnir verða teknir upp aftur. Að minsta kosti vona jeg, að þeir verði teknir upp fyr en svo, að sanngjarnt sje að heimta, að þessari rannsókn sje lokið. (**E. A.**: Þá verður þing aftur). Já, en jeg sje enga ástæðu til að útiloka, að einhver borgun komi fyrir þetta starf, og býst ekki við, að það yrði mikill kostnaður. Það getur verið alveg rjett að samþykkja brtt. háttv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.), því að þar sem fræðslulögin hafa nú staðið í 10 ár, er nú kominn tími til að athuga þau af nýju. Yfirleitt er full ástæða til að athuga og rannsaka þetta mál, og veit jeg, að ráðuneytið mun taka vel í að framkvæma þetta, sem hjer er farið fram á. En mjer þætti rjettast að samþykkja till. á þgskj. 451 eða 798, og get ekki litið svo á, að á þeim sje nokkur verulegur munur, því að í báðum tilfellum er sagt, að málið eigi að rannsaka.

Sigurður Sigurðsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram viðaukatill. á þgskj. 494 við till. háttv. þm. Dala. (B. J.) á þgskj. 451. Þar er farið fram á, að stjórninni sje til viðbótar falið að rannsaka, hvort eigi muni tiltækilegt að flytja hinn almenna mentaskóla og kennaraskólann til hinna fornu skólasetra, Bessastaða eða Skálholts, eða á einhverja opinbera eign í nærsýslunum við Reykjavík.

Þessi till. er komin fram út af áskorun á þingmálafundum í vor í Árnessýslu, þar sem því var hreyft, að þetta væri athugað, og skorað á þingmenn kjördæmisins að flytja það á þingi í einhverri mynd.

Jeg er þakklátur háttv. þm. Dala. (B. J.) fyrir það, hvernig hann tók í till. Og það er alveg rjett, sem hann sagði, að það sem fyrir mjer vakti, var, að ef skólarnir væru í sveit, yrðu þeir á ýmsan hátt þjóðlegri en nú er, með því fyrirkomulagi, sem á þeim er. Annað er það í þessu sambandi, sem mundi stuðla að því, að skólarnir yrðu þjóðlegri, ef þeir væru í sveit, sem sje, að þar er miklu auðveldara að koma við æfingum í íþróttum og útileikum en hjer í bænum. Á þetta atriði lagði háttv. þm. Dala. (B. J.) sjerstaka áherslu, og vildi jeg undirstrika það, sem hann sagði um þýðingu þess, að ungir menn æfi sig í allskonar íþróttum. Það er sjálfgefið, að þetta yrði miklu auðveldara ef skólarnir væru í sveit. Ef skólarnir væru í sveit, losnuðu nemendurnir við skarkala og glaum bæjarlífsins, sem álitinn er hafa miður góð áhrif á námið, og mun stundum hafa orðið þess valdandi, að allur lærdómur fór út um þúfur.

Jeg vil ekki segja neitt misjafnt um bæjarlífið yfir höfuð. En margt foreldri mun hafa sent og mun senda börn sín með hálfum huga í skóla í Reykjavík, vegna ýmsra áhrifa, sem unga fólkið verður hjer óhjákvæmilega fyrir. Sumir munu jafnvel líta á Reyjavík sem eins-

konar Sódóma eða Gómorra. En sem betur fer munu þeir ekki vera margir. En það mun hafa brunnið við, að sumir hafi orðið hjer fyrir miður góðum áhrifum.

Í sveit gætu nemendur stundað nám sitt betur. Heilsu þeirra væri betur borgið, og miklu minni hætta á, að þeir veiktust af ýmsum þeim kvillum og sjúkdómum, sem áleitnari eru í kauptúnum og bæjum en til sveita.

Jeg vildi mæla sem best með minni till., að hún verði samþ. Þessi krafa er ekki ný; hún hefir komið fram frá mörgum mætum mönnum, þar á meðal Þórhalli sál. Bjarnarsyni, biskupi, sem hraut upp á henni í Nýju Kirkjublaði fyrir nokkrum árum, og fleirum.

Út af dagskránni, sem fram er komin, skal jeg taka það fram, að jeg sje engan mun á henni og till. háttv. þm. Dala. (B. J.). Hann tók það fram, að hann ætlaðist til, að stjórnin ljeti athuga þetta mál, og gat þess, að hann ætlaðist ekki til, að það væri gert í neinu hendingskasti. Jeg tek að öllu leyti undir það, sem hann hefir sagt um þetta mál, og greiði atkv. með till. hans.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg hafði lofað að segja ekki meira um málið sjálft, en nú vil jeg að eins geta þess, að þessi dagskrá er, samkvæmt skýringu flutningsmanna hennar, í sama anda og sú hugsun, að það megi aldrei borga nokkurn eyri til kenslumála í þessu landi. Nú vil jeg einungis benda á það, að þeir, sem greiða atkv. með þessari dagskrá, staðfesta með atkv. sínu, að þessi hugsun sje rjett, og ætti þá líklega að vera byrjunin á þeim umbótum að láta alla kennara í landinu kenna fyrir ekki neitt.

Jón Jónsson: Það var meining okkar flutningsmanna dagskrárinnar, að ekki yrði farið að verja sjerstakri fjárupphæð til einstakra manna til þess að rannsaka þetta mál.

Þar sem nú er fult útlit fyrir, að skólum verði lokað næsta vetur, þá ættu að fást nógir menn til að vinna að þessu máli fyrir lítið eða ekkert kaup. Jeg trúi t. d. ekki öðru en að háttv. þm. Dala. (B. J.) fengist til þessa, ef hann hefir ekkert að gera við kenslu í vetur. Ef stríðið heldur nú líka lengur áfram, þá yrði skólunum væntanlega líka lokað framvegis, og væri þá nægur tími fyrir skólakennarana til þess að vinna í næði að þessari rannsókn.

Flm. (Bjarni Jónsson): Með þessari skýringu verður dagskráin alveg sama efnis og mín till., en orðalagið óljósara og rangara. Það er því undir öllum kringumstæðum betra að samþ. mína till.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. N.-M., J. J., og 1. þm. Húnv., Þór. J., (sjá A. 973) feld með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. Árna., H. K., J. J., M. P., M. Ó., St. St., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. St., E. A.

nei: E. J., G. Sv., J. B, M. G., P. O., P. Þ., S. S., S. St., Sv. Ó., Þorst. J., B. J., Ó. B.

J. M. greiddi ekki atkv. Tveir þm. (B. K. og P. J.) fjarstaddir.

Brtt. 843. feld með 18:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Sv., J. B., Sv. Ó., Þorst. J., B. J.

nei: H. K., J. J., M. G., M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St, Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. St., E. A., E. Árna., E. J., Ó. B.

J. M. greiddi ekki atkv. Tveir þm. (B. K. og P. J.) fjarstaddir.

Brtt. 798. feld með 14:5 atkv.

— 494. samþ. með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O, P. Þ., S. S., S. St., Þorl. J., B. Sv., B. J., B. St., E. A., H. K., J. J., J. B.

nei: St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., E. Árna., E. J., G. Sv., M. G., M. P., M. Ó., Ó. B.

J. M. greiddi ekki atkv. Tveir þm. (B. K. og P. J.) fjarstaddir.

Till. (451), svo breytt, samþ. með 18:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. A., G. Sv., H. K., J. J., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. Þ., S. S., S. St., Sv. Ó, Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J, Ó. B.

nei: B. St, E. Árna., E. J., P. O., St. St.

J. M. greiddi ekki atkv. Tveir þm. (B. K. og P. J.) fjarstaddir.

Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.

(Sjá A. 855).

12. Landsbankaútibú í Arnessýslu.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 23. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina að hlutast til um stofnun útibús í Arnessýslu frá Landsbanka Íslands (A. 589).

Á 42. fundi í Nd., föstudaginn 24. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 43. fundi í Nd., laugardaginn 25. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Arnórsson): Eins og háttv. deildarmönnum mun kunnugt var samþykt hjer í deildinni frv. til laga um að heimila stjórninni að stofna útibú frá Landsbanka Íslands austanfjalls.

Háttv. Ed. hefir afgreitt frv. þannig að vísa því til stjórnarinnar. Ástæða sú, sem háttv. Ed.-nefnd hefir fært fyrir þessu, og víst er verjandi að lögum, er sú, að heimild sje fyrir þessu í núgildandi lögum, en ber engar brigður á ástæður þær, sem færðar voru fyrir frv. í greinargerð og framsögu.

Það, sem farið er fram á með þessari till., er að hæstv. stjórn hlutist til um, að þetta útibú verði sett á stofn svo fljótt sem unt er. Till. er að eins áskorun í þá átt, en það úrskurðar stjórnin, í samráði við bankastjórn, hve nær útibúið verði stofnsett.

Jeg tel svo ekki þörf fleiri orða, en vona, að till. nái fram að ganga. Skal jeg að öðru leyti skírskota til þess, sem jeg sagði um frv.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg býst við, að landsstjórnin, hver sem hún verður, geti ekki gert mikið annað í þessu máli en skjóta því til landsbankastjórnarinnar. Jeg ímynda mjer, að það komi aðallega undir dóm landsbankastjórnarinnar, hve nær og hvar útibúið verður stofnað. En þó getur það vel haft einhverja þýðingu að samþykkja ályktun, nefnilega að bankinn hugsi þá frekar um að stofna útibúið heldur fyr en síðar. En hve nær hagur bankans verður svo, að hann geti stofnað útibú utan kaupstaða og stærri kauptúna, getur verið mikið vafamál, þegar litið er á það, að útibúið á Austurlandi á að ganga á undan. En, sem sagt, mjer þykir rjett að geta þess, að mjer sýnist alt þetta mál snúa mest að bankastjórninni.

Flm. (Einar Arnórsson): Jeg tók fram áðan, að jeg vissi, að landsstjórnin rjeði málinu til lykta í samráði við bankastjórnina. Jeg veit, að það getur ekki öðruvísi verið. Jeg set þetta mál ekki í neitt samband við útibúið á Austurlandi. Jeg býst við, að það sje komið lengra, og úr því að það er afráðið að stofna það, mun það ganga fyrir. Jeg lýsti yfir því hjer í deildinni áður, að jeg ætlaðist ekki til, að með þessu væru neinar hömlur settar útibúinu á Austurlandi, en skal bæta því við nú, að dæmi eru til, að slíkar þingsályktunartill. sjeu samþyktar, svo sem 1914 og 1915, í sambandi við útibúið á Austurlandi. Voru þær samþyktar í báðum tilfellum, og stjórnin skaut þeim báðum til landsbankastjórnarinnar, og er árangurinn þessi, að stofnun útibúsins á Austurlandi má teljast afráðin.

ATKVGR.

Till. samþ. í e. hlj. og afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.

(Sjá A. 634).

13. Verð á landssjóðsvöru.

Á 41. fundi í Nd., fimtudaginn 23. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um verð á landssjóðsvöru (A. 590).

Á 42. fundi í Nd, föstudaginn 24. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 27. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Þessi þingsályktunartillaga frá oss allmörgum er komin fram af því, að það virtist koma allótvírætt fram í umræðunum hinn svokallaða eldhúsdag, að stjórnin hafi misskilið vilja þingsins í þessu efni.

Á aukaþinginu í vetur var borin fram þingsályktunartill. þess efnis, að Alþingi skori á landsstjórnina að selja vörur þær, er hún fái framvegis frá útlöndum, með sama verði alstaðar á landinu, og að kostnaður sá, er leiði af sendingu vörunnar hafna á milli, leggist á vöruna í heild sinni, áður en útsöluverðinu sje jafnað niður.

Í nefndarálitinu um tillögu þessa er það tekið fram, að hún sje tekin aftur,

með því að svo bæri á að líta sem það, er hún færi fram á, kæmi fram í 2. gr. laganna um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum, þar sem stjórninni er heimilað að veita þeim, sem búa utan Reykjavíkur, sanngjarna ívilnun á kostnaði við að senda vörurnar milli hafna eða staða umhverfis landið.

Það getur verið, að stjórnin hafi ekki skilið það svo, að í þessu lægi, að selja ætti landssjóðsvörur sama verði um land alt. En það sjest ekki, hvernig stjórnin hefir hugsað sjer að láta þessa ívilnun koma fram, og eftir ummælum hæstv. forsætisráðherra eldhúsdaginn kom það helst í ljós, að stjórnin mundi ekki sjá sjer fært að nota heimild þá, sem nefnd er hjer á undan, og fullnægja með því þeirri rjettlætiskröfu, sem þar er gerð og hún eftir skilningi þingsins átti efalaust að fullnægja.

Það verður stór munur á vöruverði í Reykjavík og úti um land við það að þurfa að borga hið háa flutningsgjald, sem á þær fellur þaðan og hækkað hefir svo mjög nú í sumar. Þannig mun flutningsgjaldið á einni steinolíutunnu nú vera 20 kr. Eiga þó þeir, sem við þetta verða að búa, rjettlætiskröfu til að fá vöruna með sama verði sem Reykjavíkurbúar, og ættu ekki að gjalda þess, að landssjóðsskipin eru látin flytja hana til Reykjavíkur og lengra ekki.

Jeg skal með dæmi sýna fram á, hve þungur skattur er lagður á þá, sem verða að greiða þetta háa aukagjald, borið saman við þá, sem eru lausir við það. Setjum svo, að 100 tunnur væru sendar frá Reykjavík. Aukagjaldið, sem legst á þá, sem fá þær, verður 2000 kr. Setjum enn fremur svo, að móts við þessar 100 tunnur komi 300 tunnur, sem ekkert aukagjald legst á. Væri nú hinu háa flutningsgjaldi jafnað niður á allar þessar 400 tunnur, yrði verðhækkunin þó ekki nema 5 kr. á tunnuna, og sjá allir, hversu sanngjarnara og bærilegra það er, heldur en að 20 kr. sjeu lagðar á tunnuna hjá sumum, en hjá öðrum ekkert. Líkt er og að segja um aðrar vörur. Það er rjettlætiskrafa, að verðið á þeim sje jafnað; og þótt vörurnar verði við það nokkru dýrari en ella fyrir þá, sem eru svo hepnir að vera á þeim stað, sem þeim er fyrst skipað á land, ættu þær ekki að verða dýrari en hjá kaupmönnum. Það má sem sje gera ráð fyrir, að stjórnin geti sætt jafngóðum kaupum á vörum sínum sem stórkaupmenn; og þeir þurfa engu síður en hún að leggja á vöruna allan kostnað við að koma henni hingað; umboðsmenn taka sín umboðslaun, og smákaupmenn þurfa að reikna sjer töluverðan ágóða. Skil jeg ekki í öðru en að þetta svari fullkomlega flutningskostnaði á vörunni út um land.

Þá er að athuga, hvort innanlandskostnaður muni vera meiri hjá stjórninni en hjá stórkaupmönnum hjer.

Hæstv. atvinnumálaráðherra var spurður, hvert kaup þeir menn hefðu, sem störfuðu fyrir stjórnina við landssjóðsverslunina. Hann sneiddi að vísu hjá að svara því, en jeg geng að því sem gefnu, að þeir, sem hæst kaup hafa af þeim, hafi þó ekki hærri laun en skrifstofustjórinn á annari skrifstofu í stjórnarráðinu, sem bæði er talinn nýtur maður, og hefir hingað til haft mest með landssjóðsverslunina að sýsla, eða 3500 kr., eins og hann. Þetta þykir mjer því sennilegra, sem hjer mun vera um viðvaninga að ræða og ekki sjerfróða um verslunarmál. Öðru máli væri að gegna, ef það væru alvanir verslunarmenn, sem hefðu orð á sjer fyrir sjerstakan dugnað í sinni grein. Að vísu hefir nú fallið nýr kostnaður á landssjóðsverslunina við það, að lands-

stjórnin hefir sett einskonar deildarstjóra úti um land, og verður að borga þeim; en það tel jeg óþarfakostnað.

Ef stjórnin sæi sjer fært að draga úr þessum innanlandskostnaði, sem nú mun vera að verða allmikill, og það um skör fram, þá gæti hún, í viðbót við það, sem áður hefir verið tekið fram, haft í höndum fje til að jafna með flutningskostnað á vörum út um land. Jeg tek það upp, að jeg álít þessar eftirlitsnefndir, sem stjórnin hefir skipað úti um land og hún borgar formanni þeirra, vel mega missa sig.

Eins og sjá má erum vjer allmargir, sem flytjum þingsályktunartillögu þessa, og viljum vjer með því láta í ljós, að það sje enn fastur vilji þingsins, að stjórnin breyti ekki gegn þingvilja þeim, sem fram kom í vetur og enn kemur fram, nema alveg sjerstakar ástæður sjeu til þess.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um það, hve auðvelt það yrði að framkvæma þessa þingsályktunartillögu, ef þingið samþykkir hana; en misskiftar munu þó skoðanir um það, hversu rjettlát og hagkvæm hún muni reynast, ef henni ætti að fylgja út í ystu æsar.

Jeg vildi annars mega beina þeirri ósk til hv. flutnm. (Þór. J.), hvort eigi mundi mega fresta umræðum um till. þessa og fá hana bjargráðanefndinni til athugunar. Þetta mál er svo stórt, að þörf er á, að það sje skoðað gaumgæfilega, og enn nægur tími til að leiða það til lykta, þótt nefnd athugi það, þar sem hjer er að eins um þingsályktun að ræða, en ekki lagafrv.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Hvað mig snertir, þá hefi jeg ekki sjerstaklega á móti, að málinu sje vísað til bjargráðanefndar, því að æskilegt er, að mál þetta sje sem best krufið til mergjar. En þó vil jeg geta þess, að vjer bárum snemma á þingi fram aðra tillögu, svipaða þessari, en hún hefir ekki komið úr nefnd enn þá. Ætti þessi tillaga að sæta sömu aðferð, mundi jeg ekki vilja sleppa henni í nefnd; en í trausti þess, að báðar tillögurnar komi fram svo tímanlega frá nefndinni, að hægt verði að ræða þær út, þá sætti jeg mig við það, að hún fari til nefndarinnar, eins og hæstv. atvinnumálaráðherra lagði til.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er fjarri því, að jeg vilji svæfa málið með þeirri tillögu minni að vísa málinu til bjargráðanefndar. Jeg hefi einmitt hugsað mikið um það, hvort ekki væri hægt að koma máli þessu í svipað horf og tillagan bendir á, og þætti mjer vænt um að fá að heyra rökstutt álit fleiri háttv. þm. um það, hvernig málinu yrði á sem bestan hátt hrundið í það horf, sem aðallega virðist vaka fyrir flutnm.

Sigurður Stefánsson: Það gladdi mig að mæta þessari tillögu þegar á hinum fyrsta fundi, er jeg sit á í þinginu að þessu sinni, þótt jeg sje lítt viðbúinn, sökum ókunnugleika á því, sem á undan er gengið í málinu, að taka verulegan þátt í umr.

Það get jeg þó fullyrt, að hinn mikli verðmunur, sem er á landssjóðsvörunum í Reykjavík og úti um land, hefir vakið allmikla óánægju. Og einstakir menn, sem jeg átti tal við, eftir að jeg var orðinn þingmaður, báðu mig umfram alt að stuðla að því, að bót yrði ráðin á þessu misrjetti. Menn úti um land líta nú þannig á það, og þykir þeim, hart, að sumir þurfi að borga vöru þá, sem þó er öll keypt fyrir sameiginlegt landsins fje, 4—5 %, og þaðan af meira,

hærra en Reykvíkingar og þeir, sem búa þar í grendinni. Þetta er ekki sprottið af öfund til þeirra, sem betri kostanna njóta, heldur af því, að það særir jafnrjettistilfinning manna.

Það er hart að þurfa að borga vöruna á næstu höfnum við Reykjavík 4—5 % dýrari en hún er hjer. En nú er í ráði að greina landssjóðsverslunina frá hinum öðrum stjórnarstörfum og fela hana sjerstökum manni, og þá ætti þeim góða manni, í samráði við stjórnina, ekki að vera minna ætlandi en að finna þá leið, sem allir mættu vel við una. Mjer getur vel skilist, að það sje nokkrum örðugleikum bundið að skipa vörunum upp víðar en á þessum eina stað. En nú mun stjórnin hafa betri ök strandferða en áður, og því hefir vaknað hjá mjer sú spurning, hvort stjórnin gæti ekki dreift vörunni betur út en hingað til hefir verið gert, svo að henni væri einnig skipað upp á hinar aðrar aðalhafnir landsins, sem skip ganga nokkuð reglulega á. Jeg slæ þessu að eins fram, því að jeg fæ ekki skilið, hvers vegna þessi vegur ætti ekki að vera fær, þegar landsstjórnin fær auknum samgöngukröftum yfir að ráða. Jeg treysti því fullkomlega, að stjórnin afmái það ójafnrjetti, sem hingað til hefir ríkt, en auk þess væri með þessari leið, sem jeg hefi bent á, geymslan betur trygð en með því móti að demba öllu upp á einn stað hjer í Reykjavík, þar sem mikill vinnukraftur fer í það að verja vöruna skemdum. Jeg skil ekki, fyr en ráðherrarnir sýna fram á hið gagnstæða, að þetta sje ógerningur. Allir landsmenn eiga jafnan rjett á að fá vöruna með sama verði, og engin hjeruð eiga að hafa nein einkarjettindi í þessu efni. Jeg mun því greiða atkvæði með þessari þingsályktunartillögu, en sje enga þörf á að vísa henni til bjargráðanefndar, því að sú nefnd mun hafa mörgum og miklum störfum að gegna fyrir, og auk þess álít jeg málið svo mikilsvarðandi, að því beri að hraða sem mest.

Matthías Ólafsson: Þegar jeg á síðasta þingi flutti till. til þingsályktunar, sem var næstum alveg eins orðuð og sú, er hjer liggur fyrir, þá gerði jeg það af því, að jeg álít það fullkomna rjettlætiskröfu, að allir landsmenn fái vöruna með sama verði. Jeg sje ekkert því til fyrirstöðu, að því verði fylgt nú; það gátu að vísu verið nokkrir erfiðleikar á því, meðan stjórnin var að sjá, hve mikið af vöru myndi fara út um land og hve mikið myndi þurfa að leggja á fyrir flutningsgjaldi. En nú, þegar stjórnin veit, hve mikið þarf á hvern stað, er þetta ekki annað en einfalt reikningsdæmi, þegar leggja á kostnaðinn á alla vöruna í heild sinni. Það hefir altaf verið mín skoðun, að menn ættu að geta keypt í hverri sveit og hverju kauptúni vöruna fyrir sama verð og hjer í Reykjavík. Jeg get ekki sjeð, hvaða annmarki ætti að vera á því, enda veit jeg, að t. d. steinolíufjelagið hefir altaf selt steinolíuna með sama verði alstaðar, og er það þá vitanlegt, að það hefir lagt sem því svaraði meira á hana hjer í Reykjavík.

Úr því að jeg er staðinn upp, vil jeg leyfa mjer að spyrja háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), hvað hann hafi meint, er hann talaði um, að stjórnin yrði að velja nýta menn fyrir landssjóðsverslunina. Jeg verð að halda því fram, að stjórnin hafi verið mjög heppin með menn fyrir verslunina. Hitt er annað mál, hvernig fyrirkomulagið hafi verið, en mennirnir hafa verið fullsæmilegir. Jeg hefi ekki fyr heyrt neinn efast um það, að þeir hefðu dugnað og verslun-

arþekkingu til að bera. Hvað launin snertir, að þau sjeu ofhá, þá verð jeg að segja það, að það er ekki hægt að bjóða mönnum minni laun við slíkt starf sem þetta en menn alment geta grætt sjálfir á verslun. Ef staðan er betur borguð en opinberar stöður yfirleitt, þá er því til að svara, að það tekur enginn að sjer slíka stöðu yfir stuttan tíma nema hún sje vel borguð, og það því síður, ef menn eiga von á álasi, bæði fyrir það, sem er þeim að kenna, og líka fyrir það, sem er þeim ekki að kenna.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer skilst, að það sje mjög heppilegt, að bjargráðanefnd athugi þetta mál, en skal annars ekki bæta öðru við það, sem atvinnumálaráðherrann sagði, en því, að þar sem háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) talaði um, að steinolíufjelagið hefði altaf selt vöru sína sama verði alstaðar á landinu, þá er því til að svara, að það hefir áður sjeð sjer það fært, en nú ekki, því að nú er ákveðið verðið á olíunni hjer í Reykjavík og síðan lagður við það flutningskostnaður út um land, og borga þá sumir meira fyrir flutninginn en aðrir. T. d. verður Austurland og að nokkru leyti Norðurland að borga meira en Suðurland fyrir olíu fjelagsins, í stað þess að landsstjórnin hefir selt sína steinolíu með sama verði um land alt. Sama hygg jeg vera með sykur, og þannig má taka einstaka vörutegund, sem skiftist nokkurn veginn jafnt á milli landsmanna, en miklu erfiðara er það aftur með þá vöru, sem er ekki hægt að vita hve mikið þarf af, af því að fleiri flytja hana. Þetta mál er þess vert, að það sje athugað í nefnd.

Bjarni Jónsson: Jeg læt ekki uppi að svo komnu máli, hvort jeg verð fylgjandi þessari tillögu eða ekki. Jeg vil að eins benda á það, sem allir hljóta að sjá, að einhver verður að bera kostnaðinn af flutningi þessarar landssjóðsvöru út um land, annaðhvort landssjóður eða Reykvíkingar einir. Mjer finst, að það þurfi að koma til greina, ef meta á, hvernig Reykvíkingar fá vöruna keypta í samanburði við aðra, að það er veittur allhár styrkur eða fjárveiting úr landssjóði til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum, og það er varla gert beint fyrir Reykjavík. Þetta er vandamál, sem verður að athuga. Jeg mótmæli ekki því, að reynt verði að hafa verðið nokkuð jafnt, en jeg get ekki heldur fallist á, að flutningskostnaðurinn sje lagður í blindni á þann $^1/_6$ allra landsmanna, sem býr hjer í Reykjavík, og veitt sje svo þar að auki stórfje til flutninga með ströndum fram. Það er vandaverk að reikna þetta rjett út, og jeg hygg, að málið sje ekki nægilega rannsakað enn, og því full ástæða til að láta það fá reglulega og nákvæma íhugun og meðferð í nefnd. Enginn getur haft neitt á móti því, að það verði rjettlátlega til lykta leitt, en þá má ekki heldur flaustra því af íhugunarlaust. Jeg játa það, að jeg er ekki tilbúinn að greiða atkvæði um þessa tillögu. Það þyrftu að liggja frammi ýmsir reikningar um flutningskostnað og þann kostnað, sem það hefði í för með sjer að skipa vörunni víðar upp en hjer í Reykjavík. Sennilegt er, að undir öllum kringumstæðum hljóti að falla töluverður kostnaður á landssjóð, og skal jeg síst lasta það, að hann taki þátt í kjörum manna, en jeg vil, að þeir, sem vilja spara hann, gæti að þessu.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla ekki að leggja neitt sjerstakt til þessara mála, en mjer hefir dottið í hug ein fyrirspurn, sem jeg vil, meðfram sem for-

maður fjárveitinganefndar, bera upp við hæstv. stjórn, enda þótt jeg viti ekki, hvort hún er viðbúin að svara henni. Spurningin er sú, hvort hæstv. stjórn hefir hugsað sjer að reyna að láta strandferðaskipin bera sig fjárhagslega, þannig t. d. að hafa flutningsgjöld svo há, að þau borgi allan rekstrarkostnað strandferðaskipanna, eða hvort hún hefir hugsað sjer að láta landssjóð bera uppi einhvern halla á útgerðinni. Þessi spurning stendur í sambandi við það, að samgöngumálanefndin hefir lagt það til, að sá styrkur, sem til strandferða hefir verið veittur, falli burt, og var það samþykt, eins og menn muna, við 2. umr. fjárlaganna í þessari deild. Það getur verið allmikið álitamál, hvort ekki væri rjett, að einhver styrkur væri veittur til strandferða, því að hann gæti þá verið nokkurskonar ívilnun á flutningsgjöldum. Mjer finst, að þingið þurfi að athuga þetta. Áður hefir verið veitt í hverjum fjárlögum einhver upphæð til þess að ljetta vöru- og mannflutninga umhverfis landið. Það væri því furðanlegt, þegar þetta hefir margfaldast í verði, ef enginn ljettir yrði veittur á þessum flutningum.

Flm. (**Þórarinn Jónsson**): Jeg vildi taka það fram, að það skiftir miklu máli, að strandferðaskipin komi sem víðast við, því að, eins og verið hefir, hafa mörg hjeruð orðið illa út undan að því er skipakomur snertir.

Það er vitanlegt, að það er dýrt að láta dýr skip koma víða við, en kostnaðurinn, sem af því leiðir fyrir hjeraðsbúa, ef skipin koma sjaldan eða óvíða, er líka svo gífurlegur, að það er mjög mikið spursmál, hvort það verður ekki ódýrara að láta skipin koma sem víðast við, þegar á hagnað alls landsins er litið.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) hefir alveg misskilið mig, því að hann áleit, að jeg hefði haldið því fram, að þeir menn, sem forstöðu landssjóðsverslunarinnar hafa haft á hendi, væru ekki nýtir menn. Það var öðru nær. Jeg sagði að eins, að þessir menn hefðu að sumra áliti ekki fengið neina sjerstaka verslunarþekkingu fram yfir aðra menn. Hann gat þess líka, að laun forstjóra landssjóðsverslunarinnar mættu ekki vera minni en það, sem menn almennt gætu haft upp úr sjer við verslun. Það hefir verið talið nokkurn veginn víst fram til þessa, eins margir menn og stunda þá atvinnu, að þeir hefðu ekki allir svo mikið fje, sem hjer er um að ræða, upp úr þeirri atvinnu, enda taldi hv. þm. (M. Ó.) 3500 kr. venjuleg kaupmannslaun, og þá ætti forstöðumaður þessarar verslunar að vera ánægður með það. Hvort tíminn verður stuttur er alveg óákveðið, og jeg held, að það hefði ekki verið ástæða til að launa manninum gífurlega hátt fyrir þá sök.

Hæstv. forsætisráðherra gat þess, að ástæða væri til að láta landhjeruðin hjer í kringum Reykjavík fá vörurnar með svo lágu verði, sem hægt væri, og það er alveg rjett. En geri maður ráð fyrir, að dýrt sje að flytja vöruna heim til sín úr kaupstaðnum, og sá kostnaður getur auðvitað verið misjafnlega mikill, en alstaðar einhver og sumstaðar stórmikill, þá er þess ósanngjarnara að leggja á hana allan þann kostnað, sem leiðir af flutningnum á sjó eða með ströndum fram. Og þegar nú svo stendur á, að landssjóður hefir alla verslunina, þá virðist ekki nema sjálfsagt, að allir landsmenn fái að njóta sama jafnrjettis. Hvað steinolíufjelagið snertir, þá fæ jeg ekki annað skilið en að það gæti, ef það vildi, lagt allan kostnaðinn á olíuna þegar í upphafi og selt

hana sem því svaraði dýrara hjer. Þótt Reykvíkingar sjeu svo settir, að skipin komi fyrst til þeirra, þá eiga í raun og veru allir landsmenn sömu rjettlætiskröfu til þess.

Það, sem háttv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að styrkinn, sem veittur er til strandferða, mætti taka til greina í þessu sambandi, þá er það sama að segja um hann og aðrar svipaðar fjárveitingar, að þær eru veittar til þess, að þau hjeruð, sem illa eru sett, njóti sömu rjettinda og hin.

Jeg vænti þess svo, að háttv. bjargráðanefnd afgreiði málið svo fljótt sem auðið er, til þess að það komist í gegnum þingið.

ATKVGR.

Samþ. með öllum gr. atkv. gegn 1 að vísa málinu til bjargráðanefndar (sjá A, bls. 1620).

Umr. frestað.

Á 54. fundi í Nd., föstudaginn 7. sept., var fram haldið einni umr. um till. (A. 590, n. 786).

Þórarinn Jónsson: Jeg leyfi mjer að óska þess, að málið sje tekið út af dagskrá, sökum þess, að við flm. till. höfum ekki haft tíma til að taka nál. til nógu rækilegrar athugunar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., mánudaginn 10. sept., var aftur fram haldið einni umr. um till. (A. 590, n. 786, 868).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. sept., var enn fram haldið einni umr. um till.

Sveinn Ólafsson: Máli þessu er nú svo komið, að upphaflega till. á þgskj. 590 hefir ekki getað öðlast samþykki háttv. bjargráðanefndar. Leggur hún á móti till. og vill vísa henni frá með rökstuddri dagskrá. En þar sem margir okkar flm. till. álítum, að ekki væri mikil bót að dagskránni, þá komum við fram með brtt. á þgskj. 868.

Háttv. bjargráðanefnd hefir það þrent einkum á móti upphaflegu till., að vörur mundu stíga hjer á suðvesturhorni landsins, að vörur mundu falla ótilhlýðilega í verði úti um land, og að erfitt mundi verða að reikna út, hve mikið skyldi leggja á vörurnar, þar sem miða ætti við væntanlegan flutningskostnað. Skulu nú þessar þrjár ástæður nánar athugaðar.

Fyrsta ástæðan, að vörur mundu hækka hjer syðra óhóflega í verði vegna flutningskostnaðarins út um land, er að eins gryla. Meiri hluti vörunnar selst hjer og til nærsveita, svo að flutningskaup lendir að eins á minni hlutanum. Auk þess ætti heildsöluverð landssjóðsverslunarinnar, borið saman við smásöluverðið hjer, sem almenningur býr við, að geta borið flutningskostnaðinn að miklu. Landssjóður seldi þá hjer með smásöluverðinu. Sjálfsagt yrði afleiðingin sú, að dálítil hækkun yrði á þessu landshorninu, en lækkun yrði á hinu að sama skapi, og hvernig sem þessu er velt, þá missir þjóðarbúið einkis í; að eins kæmu byrðarnar nokkru jafnara niður.

Önnur ástæðan var sú, að vörur myndu lækka úti um land og kaupmenn yrðu kann ske að leggja árar í bát. Þetta er ekki alls kostar rjett. Kaupmenn úti um land hafa oft selt með lægra verði en landssjóðsverslunin, svo að ekkert þyrfti að óttast, þótt verð á landssjóðsvörum yrði dálítið lægra. Þeir munu alls ekki þess vegna missa hvöt-

ina til að afla sjer varnings frá útlöndum. Að öðru leyti er þessari ástæðu háttv. nefndar svarað með því, sem sagt var um fyrsta atriðið.

Þá er þriðja ástæðan, að örðugt verði að jafna flutningskostnaðinum niður, af því að fyrirfram verði eigi sjeð, hve mikið eða langt þurfi að flytja. Jeg fæ ekki sjeð, að aðferð þessi yrði mjög ólík því, sem alment er hjá kaupmönnum. Þeir geta ekki heldur áætlað fyrirfram allan kostnað við vörusendingar og geymslu. Þeir láta sjer nægja, og verða að láta sjer nægja, áætlun eftir venju og líkum. Strax, er farmur kemur, er hægt að ætlast á um, hve mikið af honum verður flutt út um land, og eftir því er hægt að fara nokkuð nærri um kostnaðinn. En mismunur um nokkur hundruð króna í slíkri verslun, sem veltir miljónum, skiftir engu. Rösklega áætlaður flutningskostnaður auðgar landssjóð dálítið, en laklega áætlaður skaðar. Í báðum tilfellum stendur þjóðarbúið jafnrjett.

Brtt. á þgskj. 868 fer milliveg, og ættu fleiri að geta sætt sig við hana en hina upphaflegu till. Þar er ætlast til, að helming flutningskostnaðar verði jafnað á alla vöruna, en hinn helminginn greiði kaupendur úti um land. Við þetta ættu þeir, sem óttuðust verðhækkunina hjer í Reykjavík og nágrenninu, að geta sætt sig, og till. í þessari mynd tekur til alls þorra landsmanna. Þetta verður og auðveldara í framkvæmdinni, og eins og áður er tekið fram verður með þessu náð til flestra landsmanna. Eftir upphaflegu till. er ráðgerð sala hvarvetna á landinu með sama verði, sem reyndar er óframkvæmanlegt bókstaflega og kemur því stjórninni í vanda.

Frsm. (Einar Arnórsson): Eins og kunnugt er kom í vetur fram þingsályktunartill. svipuð þessari, sem nú er fram komin. Nefndin, sem fjekk þá till. til umsagnar, komst að svipaðri niðurstöðu og bjargráðanefnd hefir nú komist að. Til miðlunar var sú klausa sett í 2. gr. laga nr. 5, 1. febr. 1917, að stjórninni skyldi heimilt að heita þeim, sem búa utan Reykjavíkur, sanngjarnri ívilnun eða uppbót á kostnaði við að senda vöruna milli hafna eða staða umhverfis landið. Menn fundu, að það mundi erfitt að jafna flutningskostnaðinum svo niður, að það yrði ekki annar ójöfnuður til. Stjórnin hefir ekki heldur sjeð sjer fært að nota heimildina að nokkru ráði, og því mun þingsályktunartill. komin fram. Með leyfi hæstv. forseta skal jeg lesa upp kafla úr skýrslu, sem stjórnin hefir sent forseta Sþ. Þar víkur stjórnin að þessu máli. Kaflinn hljóðar svo:

»Verðlagið á vörum þeim, sem landsstjórnin hefir flutt inn, hefir verið ákveðið eftir því, sem þær hafa kostað landssjóð hingað komnar, með hæfilegri viðbót fyrir fyrirsjáanlegum áfallandi kostnaði, vöxtum og rýrnun, og með tilliti til þess verðs, sem var á forða þeim, sem þá lá fyrir, og hve mikill hann var, þannig, að sama verð sje á hverjum tíma á sömu vörutegund, án tillits til þess, þótt sú vörutegund hafi komið með fleiri skipum, og virðist þetta vera eðlilegast fyrirkomulag og eftir atvikum hið eina framkvæmanlega. Á síðasta Alþingi kom það til tals, hvort ekki væri auðið að hafa sama verð um alt land á vörum þeim, sem landssjóður selur, en landsstjórnin var látin hafa frían hendur í þessu efni. Það er mjög torvelt að koma því við að leggja flutningskostnað út um land á, þegar vöruverðið er þegar ákveðið, og verður ekki heldur rjettlátt, því að ógerlegt er að bæta þeim flutningskostnað, sem flytja verða að sjer

vörurnar á landi, sem þeir þó ættu heimting á, í samanburði við hina, sem vörurnar fengju fluttar til sín á sjó, með flutningskostnaði í vöruverðinu, sem báðir greiða, en að hafa tvennskonar vöruverð, eftir því, hver kaupandi er, er óframkvæmanlegt. Annað órjettlæti myndi og stafa af því, sem sje, að landssjóðsvörurnar verða hjer og í verslunarupplandi bæjarins dýrari en samskonar vörur, sem aðrir flytja hingað inn og selja hjer. Að koma jöfnuði á verðið með því móti að láta aðflutningsskipin leggja vörurnar upp á ýmsum stöðum á landinu, er venjulega enn ómögulegra peningalega sjeð, því að aðflutningsskipin eru ofkostnaðarsöm til að láta þau eyða tíma í siglingar með ströndum fram hálffull eða nærri tóm. Að vísu hefir landsstjórnin getað komið því við að hafa sama verð á sykri um alt land, en það stafar af því, að hún í raun og veru hefir nú einkasölu á sykri, því að aðrir flytja nú sykur svo að segja ekki til landsins, og svo er fyrirfram hægt að ákveða, hve mikið af birgðum, sem verðleggja þarf, verður látið fara á hvern stað á landinu, og greiða innanlandsflutning fyrir, þar sem sykurinn er skamtaður af landsstjórninni«.

Svo mörg voru þau orð. Það er að vísu ekki vegna þessarar greinargerðar landsstjórnarinnar, að álit bjargráðanefndar er eins og það er, heldur vegna þess, að nefndin er á sama máli og landsstjórnin.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) lýsti nál. fyrir mönnum, og er óþarfi að endurtaka það. Nefndin hefir dregið mótbárur sínar saman í 4 atriði. Ætti það að vera ljóst af nál., að þessi jöfnuður, sem þingsályktunartill. ræðir um, yrði í raun og veru ójöfnuður. Hag landssjóðs væri líka mjög illa borgið, ef þetta kæmist á, því að ókleift er að vita, þegar farmur kemur til landsins, hve mikið af honum verði sent út um land og hve mikið á hvern stað.

Vorið 1916 voru t. d. harðindi á Norðurlandi og útlit fyrir, að fellir yrði, ef eigi kæmi skjót hjálp hjeðan að sunnan. Þá voru send um 500 tonn af landssjóðsvörum norður, til þess að vera við öllu búið. Er það augljóst, að enginn gat sjeð þetta fyrir. Ef svo væri, að landsstjórnin hefði ein á hendi sölu á ákveðnum vörutegundum, eins og hún hefir að miklu leyti haft á sykri, þá væri hægra um vik; hún vissi nokkurn veginn, hve mikið mundi þurfa að senda á hvern stað, og þá mun hægara að reikna út fyrirfram, hvað þarf að leggja á alla vöruna vegna flutningsgjaldsins. En hingað til hefir stjórnin, eins og rjett er, unnið í samfjelagi við kaupmenn og kaupfjelög að því að birgja landið upp að vörum, því að aðalatriðið nú, meðan stríðið stendur yfir, er að ná vörunum inn í landið, og mest líkindi eru til þess, að það vinnist best á þann veg, að þar vinni í sameining landsstjórn, kaupmenn og kaupfjelög.

Ef landssjóður ætti að borga alt flutningsgjald út um land, þá mundi hann, eins og fyrirkomulag á vöruflutningum til landsins nú er, hafa vaðið fyrir neðan sig, svo að hann væri viss um að ná upp sínum kostnaði, og gæti þá vöruverðið á sumum tímum orðið óþarflega hátt.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) virtist að mörgu leyti fallast á niðurstöðu nefndarinnar í máli þessu, enda er brtt. á þgskj. 863 bestur vottur um, að sumir hv. flutningsmenn till. á þgskj. 590 eru farnir að sansast á, að fyrirkomulag það, er hún fer fram á, muni ekki sem heppilegast. Höfuðtillöguna flytur fullur helmingur deildarmanna, þegar frá er talinn forsætisráðherrann, sem, eins og eðlilegt er, greiðir ekki atkvæði um tillögur,

sem beint er til stjórnarinnar, svo að þess vegna geta þeir komið henni fram án breytinga, en af því að hjer eiga sanngjarnir menn í hlut, þá vilja þeir eigi nota afl sitt til að berja mál sitt fram, heldur vilja sveigja til, þar sem sanngirni mælir með, og eiga þeir þakkir skilið fyrir.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) vildi ekki mótmæla því, að ef tillagan fengi framgang, gæti það leitt til þess, að verð hækkaði hjá sumum kaupmönnum. En hann vildi halda því fram, að það yrði ekki þjóðarskaði, því að þótt vöruverð kaupmanna hækkaði á einum staðnum við þetta, þá mundi það aftur lækka á öðrum. Það má vera, að alment tekið yrði það ekki til að minka þjóðareignina; en þó mun það standa í háttv. þm. (Sv. Ó.), eigi síður en öðrum, að reikna þetta sem hvert annað einfalt reikningsdæmi; þar kemur svo margt inn í reikninginn, sem ekki er hægt að einskorða með almennum setningum. Fyrir mjer er aðalatriðið: Er líklegt, að aðdrættir til landsins aukist eða minki við þær ráðstafanir, sem tillagan vill að gerðar sjeu, og er það rjett að gera kaupmönnum og kaupfjelögum erfiðara fyrir sumstaðar í landinu en annarstaðar? Meiri hluti nefndarinnar hefir svarað þessu hvorttveggja í nefndaráliti sínu, og þarf ekki að taka það upp aftur hjer.

Þá segir háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að eigi sje það erfitt fyrir landsstjórnina að reikna út, hvaða verð hún þurfi að leggja á vöruna. Það sje ekki torveldara fyrir hana en fyrir kaupmenn, sem verslun reki á fleiri stöðum. Þetta er ekki fullrjett, því að kaupmenn þessir vita fyrirfram, á hvaða staði þeir þurfa að flytja vörur, og líka nokkurn veginn, hve mikið þeir muni þurfa að flytja á hvern stað; þeim eru og engar hömlur settar, svo að þeir geta hagað vöruflutningunum mjög að eigin vild. Landsstjórnin stendur hjer öðruvísi að vígi. Hún getur ekki vitað, hve mikið muni þurfa að fara á hvern stað, nema ef vera skyldi af vörum, sem hún ræki ein verslun með, og skamtaði hana, eins og hún gerði um tíma með sykurinn.

Hitt skil jeg vel, hvers vegna tillaga þessi hefir komið fram. Það hefir komið í ljós óánægja út af flutningsgjaldi á ákveðnum vörutegundum á ákveðnar hafnir, og það þótt koma órjettlátlega niður; en hvort þær ráðstafanir hafa verið af völdum stjórnarinnar eða starfsmanna hennar, um það veit jeg ekki. En þótt einhver mistök komi fyrir, þá má ekki fyrir þá sök rígbinda stjórnina við allsherjarreglur, sem henni er ómögulegt að framkvæma og óhentugar eru að öðru leyti, heldur verður að treysta henni til þess, að hún muni sjá til þess, að farmgjöldum sje jafnað rjettlátlega niður. Þó má ekki skilja orð mín svo, að eigi færi best á því, að rjettlátur reikningsjöfnuður gæti verið allra á milli á öllum farmgjöldum; en nefndin fær ekki sjeð, að hægt sje að koma því við, og því hefir hún ekki getað aðhyllst þingsályktunartill., en heldur kosið að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá.

Nefndin hefir athugað brtt. á þgskj. 868, og meiri hluti hennar komist að þeirri niðurstöðu, að hún færi í svo líka átt sem aðaltillagan, að hún gæti ekki fallist á hana. Þar eru sömu annmarkarnir á sem aðaltillögunni, og í sumum atriðum er hún enn verri.

Nefndin hefir ekki haft tækifæri til að bera sig rækilega saman við stjórnina um mál þetta; en hæstv. atvinnumálaráðherra er hjer viðstaddur og mun geta skýrt hv. deild frá afstöðu stjórnarinnar. Jeg las áðan upp kafla úr greinargerð stjórnarinnar um mál þetta, og býst við, að hún muni vera líkrar skoðunar enn, en hafi hún fundið einhverja nýja útvegu síðan, þá hefir nefnd-

in að sjálfsögðu ekki á móti, að þær leiðir sjeu farnar, ef þær eru aðgengilegar.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg hefi ekki getað fylgst með umræðunum hjer í deild í þessu máli í dag. Jeg heyrði alls ekki, hvað hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hafði að segja um brtt. á þgskj. 868.

Eins og háttv. frsm. (E. A.) tók fram koma fram svipaðir örðugleikar, hvort sem fylgja skal aðaltill. eða brtt., nema að því leyti, að eftir brtt. er um minni verðupphæð að tefla.

Jeg tek í sama streng sem hv. frsm. (E. A.), að stjórninni hefir virst mjög örðugt að eiga að framfylgja því, sem till. fer fram á, en með því að háttv. þm. (E. A.) hefir einmitt borið fram þær sömu ástæður sem fyrir stjórninni vöktu, þá sje jeg ekki ástæðu til að taka þær fram aftur.

Hin rökstudda dagskrá á að geta verið fult aðhald eða hvöt fyrir stjórnina til að láta verðlag vera svo jafnt á hinum ýmsu stöðum í landinu, sem hún sjer sjer frekast hægt. Jeg skal taka það fram, að stjórnin ætlast til, að hjer eftir verði ekki verulegur verðmunur á helstu nauðsynjavörum úti um land; nú er hægra um hönd að koma þessu við, með því að stjórnin getur nú að miklu leyti notað sín eigin skip til flutninga kringum landið. Jeg skal tilnefna þær vörutegundir, sem stjórnin ætlast til að framvegis verði ekki verulegur verðmunur á, á helstu stöðum, sem skipin koma við á; þær eru salt, kol, steinolía og sykur. Stjórnin hefir að vísu ekki enn getað rætt málið ítarlega með sjer; en umræður hafa þó helst fallið í þá átt að fara ekki lengra að sinni en þetta. En að því er aðrar vörur snertir, mun hún og taka fult tillit til hinnar rökstuddu dagskrár, þó að það sje mjög örðugt að koma sömu reglunni við um allar vörur; en það er samt hægara með þessar þungavörur, enda skiftir og miklu um þær.

Magnús Pjetursson: Það munu ekki þýða mjög langar umr. um till. þessa hjeðan af; um hana hefir þegar svo margt verið talað, og hv. þingdm. munu þegar hafa ráðið með sjer, hvernig þeir greiði atkv. En af því að jeg hefi ekki enn horfið frá því, að till. þessi sje rjettmæt, þá ætla jeg að segja fáein orð henni til meðmæla og til andmæla því, er hv. frsm. (E. A.) bar fram. Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefir að vísu þegar borið fram hinar almennu ástæður gegn skoðun háttv. bjargráðanefndar, svo að mitt hlutverk verður aðallega að árjetta það, sem hann sagði.

Mjer þykir það undarlegt, hve mikla áherslu hv. nefnd leggur á kaupmannaverðið; sjerstaklega finst mjer það undarlegt, að hún skuli ætla, að sú ráðstöfun, sem till. fer fram á, mundi verða til þess, að kaupmenn og kaupfjelög mundu minka aðflutninga eða jafnvel hætta við þá. Nefndin virðist líta svo á, að verðlækkunin verði svo mikil úti um landið, ef jafnt flutningsgjald er lagt á alla vöruna, að hún muni lama svo þrótt kaupmanna og kaupfjelaga, að þau treysti sjer ekki til að halda áfram verslun. Þetta er fjarstæða. Kaupmenn munu hingað til oft hafa hækkað vöruverð, til þess að fylgja verði landsstjórnarinnar, án þess þó að brýn nauðsyn hafi knúð þá til þess. Það fyrirkomulag, sem hingað til hefir verið haft, hefir því verið kaupmönnum mjög í hag. Vörur landsstjórnarinnar eru nú töluvert dýrari úti um land en hjer í Reykjavík, og vilji kaupmenn þar fylgja verði hennar, þá geta þeir hækkað vöruverð sitt þeim mun meir, því meira flutningsgjald sem fellur á lands-

stjórnarvörurnar út um landið. Það er ekki hægt að segja með vissu, hve mikill þessi flutningskostnaður mundi verða; jeg hefi ekki í höndum skilríki fyrir því. En þegar reikningur landsverslunarinnar var yfirfarinn 1915, þá komst nefnd sú, er að því vann, að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að jafna flutningskostnaðinum niður á alla vöruna, og taldi hún hann mundu vera 1—2 % af verði vörunnar. Nú er það vitanlegt, að alt flutningsgjald hefir stórum hækkað síðan. Setjum að það hafi þrefaldast. Ætti það þá að vera upp að 6 % af vöruverðinu nú, og mun það þó vera ríflega í lagt, þegar þess er gætt, hvað vöruverð hefir hækkað síðan 1915. Þetta er ekki svo mikið, að það geti náð nokkurri átt, að það dragi þrótt úr kaupmönnum og kaupfjelögum til að birgja landið upp. Það er að vísu auðsjeð, að þetta er óhagnaður fyrir Reykjavíkurbúa, miðað við það, sem nú er; því er það skiljanlegt, að þeir, sem þeirra máli tala, fylgi nefndinni að málum. En þótt margir sjeu íbúar Reykjavíkur, þá eru þeir þó ekki nema sjötti hluti landsmanna, og ekki rjett eða sanngjarnt, að allir hinir borgi óbeinlínis nokkurn hluta af vöruverði Reykvíkinga. Því mundi vera viðbrugðið um kaupmann, sem ræki verslun á ýmsum stöðum, ef hann seldi vöruna sínu verðinu á hverjum staðnum. Og jeg hygg, að það verði ekki auðgert að sannfæra menn úti um landið um, að landsstjórnin sje annað en kaupmaður, að því leyti sem hún rekur landsverslun, og menn munu eiga erfitt með að skilja, hvaða nauður knýi hana til að fylgja öðrum reglum með söluverð á hinum ýmsu sölustöðum sínum en kaupmenn gera.

Það hefir verið talað um, að ekki kæmist á verðjöfnuður með því fyrirkomulagi, sem till. fer fram á, með því að vörur þeirra, sem langt búa frá kauptúnum, verði dýrari heim komnar en þeirra, sem í kauptúnum búa. Satt er þetta; en svo hefir það altaf verið, og víst ekki hægt að ráða bót á því; þar yrði þá svo ótal margt annað, sem kippa yrði í lag um leið.

Þá hefir verið talað um, að erfiðara væri fyrir landsstjórnina að koma á sama vöruverðinu á sínum sölustöðum en kaupmenn á sínum, því að þeir viti löngu fyrir, hve mikið þeir muni þurfa að flytja á hvern stað. Það er nokkuð til í þessu. En töluvert getur stjórnin þó bætt úr fyrir sjer með því að láta sveitarstjórnirnar panta vörur fyrir alllangan tíma og með töluverðum fyrirvara; þá ætti hún að geta staðið svipað að vígi og kaupmenn, sem senda vörur til ýmsra staða; hún ætti þá nokkurn veginn að geta vitað, hve mikið hún mundi þurfa að senda á hvern stað, og gæti þá hagað sendingu og verði á líkan hátt og kaupmenn.

Annars þykir mjer það undarlegt, hve mikið háttv. nefnd leggur upp úr því, sem kaupmenn hjer í Reykjavík muni græða, ef að því verður snúist að selja landssjóðsvöruna alstaðar jafndýrt. Jeg geri ráð fyrir, að landsvörurnar sjeu seldar nú með stórkaupaverði, að viðbættum kostnaði, en að kaupmenn selji sína vöru með smákaupaverði; þá hlýtur munurinn á þessu tvennu, með svipaðri ráðdeild, að verða ekki minni en sem svarar því, er varan hækkar í verði hjer í Reykjavík við það, að flutningsgjaldi á alla staði í landinu er jafnað á hana alla; það sýndist miklu sennilegra, að hann ætti að verða meiri.

Hvernig sem jeg virði málið fyrir mjer, get jeg ekki fundið, að ástæða sje til að hvika frá hinni upprunalegu þingsályktunartillögu, og er jeg því hissa á, að sumir af flutningsmönnum

hennar skuli hafa borið fram brtt. við hana. Mjer finst ekkert það koma fram í nefndarálitinu, sem gefi tilefni til hennar, og auk þess liggja öll hin sömu rök, frá sjónarmiði nefndarinnar, móti henni, eins og sjálfri aðaltillögunni.

Jeg þykist reyndar vita, að tillögumenn hafi borið fram brtt. þessa í því skyni að gera menn í Reykjavík ánægðari og til að sýna, að þeir vildu taka bróðurskerfinn upp á sig; en hætt er við, að hún verði ekki með jafnmiklum þökkum tekin eins og hún mun af góðum og sáttfúsum hug borin fram. Þessi rökstudda dagskrá háttv. nefndar er allsendis óþörf, og má alt eins vel fella tillöguna eins og samþykkja hana, því að það er ekki ástæða til þess að ætla, að dagskráin beri mikinn árangur, þótt hún verði samþykt, þar sem vjer vitum, að í vetur var tekin aftur samskonar þingsályktunartillaga og þessi, með sömu ummælum sem í dagskránni felast, en stjórnin hefir haft þau að engu, nema ef vera skyldi að því er snerti 1—2 sendingar í vetur.

Jeg held, að það sje ekki rjett hjá háttv. frsm. (E. A.), að óánægja með einstaka eða einstakar sendingar hafi hrundið tillögu þessari af stað, heldur er það almenn óánægja með vörusendingar stjórnarinnar, óánægja með það, að allar vörurnar hafa fyrst verið látnar koma hingað til Reykjavíkur og sendar síðan með ærnum kostnaði fyrir móttakendur út um land.

Mjer þykir vænt um að heyra hjá hæstv. atvinnumálaráðherra, að stjórnin ætlar dálítið að fara að bæta sig og taka úr einstakar vörur og selja þær sama verði alstaðar. Þetta sýnir, að sjálf landsstjórnin álítur það ekki óframkvæmanlegt, sem tillagan fer fram á, því að hjer er ekki um vörur að ræða, sem landsstjórnin hefir ein í höndum, nema ef vera skyldi sykur.

Eftir því, sem hæstv. stjórn verður kunnugri öllum þessum verslunarmálum og fær betri upplýsingar um þau, eftir því á hún hægra með að reikna út, hvar þörf er fyrir að fá vörur og hve miklar, svo að það verður á allan mögulegan hátt hægra og betra fyrir hana að hagtæra vöruna sem best og láta sum skipin koma að Austurlandinu, sum að Norðurlandinu og önnur að Vesturlandinu, og getur þá alt gengið betur en að undanförnu. Jeg skil ekki heldur, að þótt vörur landssjóðs yrðu dýrari en vörur kaupmanna, sem mjer finst reyndar óhugsandi, að það sakaði mjög mikið, því að vitanlega hefir landsverslunin aldrei átt að vera keppinautur kaupmanna, heldur hefir hún átt að birgja landið upp að forða, sem hægt væri að grípa til, þegar annað þryti. Jeg get svo ekki verið að tefja tímann meir með umræðum um þetta mál.

Matthías Ólafsson: Ef við flutningsmenn tillögunnar gætum fallist á röksemdir háttv. nefndar, þá hefðum við aldrei farið að koma með þessa till., því að þessar röksemdir eru nákvæmlega þær sömu, sem mættu till. minni á síðasta þingi, sem jeg tók aftur, af því að stjórnin lofaði þá að taka tillit til þess, sem fram hafði komið í umræðunum.

Það er öllum kunnugt, að kaupmenn úti um land skifta við vegar við stór svæði og hafa skip til flutninga út til allra skækla sveitanna. Þeir leggja þá ávalt á alla vöruna í heild sinni, en selja hana ekki dýrara úti á skæklunum, því að það liggur í hlutarins eðli, að það ætti ekki að vera ofvaxið neinum verslunarstjóra að vita, hvað til þessa þarf að leggja mikið á alla vöruna, og þá ætti það ekki heldur að vera ofvaxið landssjóðsversluninni. Að vísu er það ekki eins hægt að vita, hvað hver sveit

þarf mikið, eins og fyrir gamlan og reyndan kaupmann, sem í mörg ár hefir birgt hjeraðið upp að vörum. Nú er það alkunna, að kaupmenn úti um land kaupa vörur sínar hjer hjá stórkaupmönnum og verða svo að leggja á þær fragt, en ef landsstjórnin flytti vörurnar á margar hafnir þegar í stað, án þess að fara með hana fyrst hingað til Reykjavíkur, þá yrðu stórkaupmenn að setja vörur sínar niður, til þess að halda þeim í sama verði úti um land og landssjóðsvörunni. Nú er það enn fremur á hvers manns vitorði, að stórkaupmenn taka meira fyrir vörur sínar en góðu hófi gegnir, vegna þess, að þeir miða við það verð, sem er á landssjóðsvörunum. Hvers vegna landssjóðsvaran er ekki ódýrari skal jeg ekkert um segja. Jeg veit, að stjórnin getur ekki vitað upp á hár, hve mikið hún þarf að leggja á vöruna, því að enn er alt skipulagið á reiki, en kaupmenn aftur á móti vita, hvað skipin kosta, og geta því vitað fyrirfram, hve mikið þeir eiga að leggja á vörur sínar. Það myndi borga sig að flytja vörurnar á hraðskreiðum seglskipum, því að þá væri hægt að vita flutningskostnaðinn fyrir. Það var firra hjá háttv. frsm. (E. A.), að flutnm. tillögunnar ætluðust til, að vörurnar yrðu fluttar að kostnaðarlausu kaupandanum upp í sveit. (**E. A.**: Jeg sagði það aldrei.) Það hefir aldrei verið farið fram á annað en að þær yrðu fluttar á hafnirnar, án þess að leggja allan flutningskostnaðinn á þær. (**E. A.**: Þetta eru tinsoldátar, sem þm. er að skjóta á.) Hæstv. atvinnumálaráðherra sagði, að nú væri hægt að fara að óskum manna meir en áður í þessu efni, því að nú ætti landið sjálft skipin og gæti því vitað, hve mikill flutningskostnaðurinn yrði, og er þá horfin sú ástæða, sem menn hafa haft á móti tillögunni. Það hefir líka verið mikið um það talað, að ef flutningsgjaldið yrði lagt á alla vöruna, gætu stórkaupmenn hjer í Reykjavík hækkað sínar vörur, en háttv. þm. Stranda. (M. P.) hefir þegar bent á það, að ótrúlegt væri, að flutningsgjald gæti munað meiru en sem svaraði mismuninum á milli stórsöluverðs og smásöluverðs, og það er áreiðanlegt, að enginn getur selt í smásölu með minna álagi en sem svarar flutningsgjaldinu.

Það er ekki annað en sjálfsögð rjettlætiskrafa, að landssjóðsvaran verði seld alstaðar með sama verði, en það er að vísu dálítið dýrt að fullnægja þessu rjettlæti. Verslunin er rekin fyrir fje allra landsmanna, en ekki Reykvíkinga einna. Það er alveg sjálfsagt að skipa vörunum upp víðar en hjer, nema því að eins, að það verði ódýrara að skipa þeim fyrst upp hjer og senda þær síðan út um landið. Það er að eins að einu leyti óhaganlegt að skipa vörunum upp á fleiri hafnir, og það er ef það skyldi vera dýrara en að senda hana hjeðan frá Reykjavík. Kaupmenn, sem hafa mörg útibú, leggja vörur sínar því að eins upp á eina höfn, að ódýrara sje að senda þær þaðan, en annars senda þeir þær beint til allra útibúanna.

Jeg get ekki sjeð, að rjettara sje að samþykkja dagskrána heldur en till. okkar, og það því fremur sem við erum búnir að draga úr henni til samkomulags.

Þórarinn Jónsson: Jeg hefi áður látið í ljós skoðun mína á málinu, og hefi því ekki miklu við að bæta, enda hefir svo margt verið tekið fram, sem jeg hefði sagt. Það er nú svo með till., að það er líklega sama, hvort hún verður samþ. eða ekki, úr því að hæstv.

stjórn hefir tekið undir með nefndinni, því að stjórnin fer þá sjálfsagt eftir sínum vilja sem áður, hvað sem þingið segir. Það hefir ekki verið enn haldinn hjer í Reykjavík borgarafundur um þetta mál, en það gæti farið svo, að það yrði haldinn um það landsfundur, sem hefði engu óákveðnari skoðanir á því. Það lítur út fyrir, að þótt umkvartanir komi utan af landi, þá álíti stjórnin það svo lítils virði, að hún þurfi ekki að taka þær til greina. Aðalatriðið í þessu máli er það, hvernig eigi að leggja kostnaðinn á vöruna, og hefir nú verið allmikið um það talað, en mjer finst það svo ljóst, að það ætti að vera öllum skiljanlegt. Jeg veit ekki, hve mikinn forða þarf að meðaltali úti um land, en við skulum segja, að það sje helmingur allrar vörunnar; stjórnin hlýtur að vita, hve mikið af landssjóðsvörunni hún þarf að senda. Jeg veit ekki, hvað meðalfragt út um land er, en við getum gert hana 30 kr. á smálest. Þá þarf að leggja 15 kr. á hverja smálest, til þess að jafna öllum flutningskostnaðinum niður á alla landssjóðsvöruna, og það verða kr. 1,30 á sekk. Jeg get gert alveg rjetta grein fyrir þessu, en hefi að eins tekið dæmi, sem varla mun fara mjög fjarri sanni. Ef við aðgætum svo, hvað hver smálest kostar og hve mörg prósent þarf að leggja á vöruna fyrir flutningsgjaldinu, þá má gera ráð fyrir, að smálestin kosti 700 kr., því að hún kostar víst núna um 600 kr., en það má gera ráð fyrir, að hún hækki í verði. Ef smálestin af vörunni kostar 700 kr. og flutningskostnaðurinn á hverja smálest verður 15 kr., þá gerir hann 2,14% af vöruverðinu. Hlutfallið er þetta, en getur auðvitað orðið meira eða minna. Þótt varan hækkaði við það, að lagt væri á hana alt flutningsgjaldið, um 2—3%, þá væri það ekki gífurlegt, og mjer er alveg óskiljanlegt, að stjórnin skuli ekki geta lagt þetta á stórsöluverðið án þess, að kaupmenn hækki vörur sínar. Það geta verið til þær undantekningar, að kaupmenn hafi keypt »vöruparti« fyr og fyrir betra verð en stjórnin hefir átt kost á, en nú lítur út fyrir, að í framtíðinni verði það aðallega stjórnin, sem flytur vörur til landsins, og þá ætti það að vera enn þá hægra fyrir hana að fara eftir þessari þingsályktunartill. Jeg held, að háttv. nefnd hafi ekki gert sjer það vel ljóst, að hún þurfti að leita sjer upplýsinga um allan kostnað við þetta. Háttv. frsm. (E. A.) gat þess, að flutningsmaður brtt. væri nefndinni sammála, en það er öðru nær, því að hann vill einmitt ekki taka til greina ástæður nefndarinnar. Hins vegar get jeg ekki heldur sjeð, að brtt. bæti úr vandkvæðunum. Þótt svo væri til orða tekið í till., að landssjóðsvöruna skyldi selja með sama verði í öllum kauptúnum, þá var það meining okkar flutningsmanna, að það skyldi að eins vera á þeim höfnum, sem strandferðaskipin eru vön að koma á, og við þá skýringu hverfa allir vafningarnir með annað flutningsgjald. Það er öllum sýnilegt, að þótt dagskráin verði samþ., þá gefur hún stjórninni ekkert aðhald, eftir þeirri reynslu að dæma, sem við höfum frá síðasta þingi. Hæstv. atvinnumálaráðherra gat þess reyndar, að stjórnin myndi fara meir eftir þessari till. en þeirri, sem kom fram á síðasta þingi, og það er gott, bara ef reyndin verður ekki hin sama og áður. Nú hefir stjórnin selt einstaka vörutegundir með sama verði alstaðar, og ef það er hægt með sumar vörutegundir, þá ætti það að vera eins hægt með aðrar.

Jeg skal svo ekki gera þetta að frekara umtalsefni, því að það er búið að

segja svo margt um þetta mál, og enda búið að taka margt af því fram, sem jeg ætlaði mjer að segja.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil að eins leyfa mjer að leiðrjetta það, sem komið hefir fram í umræðunum, að stjórnin hafi ekki tekið tillit til vilja aukaþingsins í vetur. Þetta er ekki rjett. Því að kunnugt er um þá vöru, sem hún hefir haft ein, sem sje sykur, að hún hefir selt hann með sama verði um alt land. Jeg hygg líka, að það sje rjett, að steinolían, sem kom í vor, hafi verið seld með sama verði alstaðar, og það er því alls ekki rjett, að stjórnin hafi ekki tekið tillit til vilja aukaþingsins í vetur. Þar að auki hefir stjórnin sent dálitið af einstaka vöru til sumra staða án þess að reikna flutningsgjald. Hitt er ómögulegt, að leggja allan flutningskostnaðinn á alla vöruna, því að það er ómögulegt að reikna hann út fyrir fram, og þýðir því ekkert um það að tala. Þar sem háttv. þm. Stranda. (M. P.) sagði, að það mætti heimta pantanirnar fyrirfram, þá yrði að vera búið að því áður en skipin koma til landsins. En hart mundi það þykja, ef einhver sveitarstjórn væri í neyð, að segja þá við hana: Þú færð ekkert; þú hefir ekki pantað í tíma. Steinolía sú, sem landsstjórnin útvegar í framtíðinni, verður seld með sama verði á öllum helstu höfnum landsins, og sama getur orðið um salt og kol, sem stjórnin mun reyna að draga að landinu. Að fara lengra en þetta held jeg að sje alveg ófært, því að það hlýtur að gera landssjóðsskrifstofunni afarmikla örðugleika, og jeg sje því ekki, að það sje fært að samþykkja till. nje brtt., eins og þær eru orðaðar. Hitt er annað mál, ef reynt yrði að leggja vörubirgðir upp víðs vegar á landinu, og þær má reikna með sama verði og á samskonar vörum í Reykjavík. En að binda stjórnina, eins og þessi till. gerir, það finst mjer að þingið ætti ekki að gera. Auðvitað ætti stjórnin ekki að vera á móti því að fá fastar reglur, svo að hún gæti vísað til þingsins, en það er líka vitanlegt, að hvað sem stjórnin gerir, þá er fundið að því, og það verður hún að þola, en á hinn bóginn varla annað hægt en að gefa henni nokkuð frjálsar hendur, svo að hún geti farið eftir því, sem heppilegast er í hverju einstöku tilfelli. Jeg verð því af þessum ástæðum, sem jeg hefi tekið fram, að mæla eindregið með því, að dagskráin verði samþykt. Jeg held, að háttv. þingmenn fari fram á þessa till. af því, að þeir sjeu ekki nógu kunnugir málinu.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi ekki miklu við það að bæta, sem jeg hefi áður sagt og aðrir hafa ýmist tekið skýrar fram eða bætt eitthvað við. Hjer skiftast menn vitanlega í flokka á milli till. og dagskrárinnar. Mjer finst, að þótt dagskráin verði samþykt, standi alt í sama farinu og ekkert sje unnið, heldur einungis tapað tíma. Með henni er ekkert tekið skýrar fram, hvernig stjórnin eigi að fara að og hvernig hún eigi að skilja 2. gr. laganna frá 2. febr. í vetur, sem svo oft hefir verið misskilin. Dagskráin gefur enga skýringu á þeirri grein, en það gerir þó tillagan. Jeg skal taka það ljósar fram en áður, hvað kom mjer til að skrifa undir till. Jeg leit svo á, að það hefði verið ákveðið í upphafi, að stjórnin skyldi selja landsjóðsvörurnar með sama verði á öllum höfnum, en það mætti náttúrlega teygja þannig, að vöruna ætti að taka aftur af þeim höfnum og flytja hana inn á allar smáhafnir með flóabátum og selja hana síðan þar fyrir sama verð og annarsstaðar. Það þætti mjer altof hörð krafa, enda gæti hún

líka valdið deilum, ekki síður en þessi áminstu lög.

Með brtt. er ráðin bót á þessu, því að þar er skýrt til tekið, á hverja staði skuli flytja vöruna. Það er líka ljóst, að ef brtt. á þgskj. 868 verður samþ., þá verður þeim miklu síður íþyngt, sem búa á suðurhluta landsins eða í grend við Reykjavík. Mætti jafnvel gera ráð fyrir, að þeir fyndu alls ekki til þessa litla flutningskostnaðar. Munurinn yrði ekki meiri en á smásölu og stórsölu. Verði dagskráin samþykt, þá er engu breytt frá því sem er. Lögin frá 1. febr. síðastl. gilda þá, og stjórnin á jafnerfitt með að fóta sig á 2. gr. þeirra og áður; ákvæðin eru svo teygjanleg, að enginn veit, hvar nemur staðar, og ónægjan með framkvæmdir stjórnarinnar heldur áfram. Mjer virðist, að henni ætti að vera þökk á því, að endimarkaður verði skilningur 2. gr. þessara laga, og það fæst með breytingartillögunni á þgskj. 868.

Björn Stefánsson: Jeg skal ekki vera langorður, þótt háttv. frsm. (E. A.) búist við því. En jeg skal játa það, að hefði jeg verið frsm. og átt að taka nál. í gegn, þá hefði jeg ekki komist af með mjög stuttan tíma. Því að þótt það sje vel skrifað, þá er ekki margt í því, sem mætti ekki hrekja. En það er að eins eitt atriði í nál., sem jeg ber svo mikla virðingu fyrir, að jeg ætla að fara um það nokkrum orðum.

Hjer er sagt, að ef sama verð væri sett á vöruna í öllum kauptúnum landsins, þá yrði það til þess, að varan yrði á sumum stöðum dýrari en kaupmenn gætu selt hana með hóflegum hagnaði, svo að þeir mundu að ástæðulausu hækka verð á sinni vöru, en á öðrum stöðum yrði varan ódýrari en hjá kaupmönnum þar, og þeim yrði því gert ókleift að beita sjer fyrir vöruútvegun.

Þá vil jeg segja það, að ef eitthvað er ódýrara fyrir kaupmenn á einhverjum stað að viða að sjer vörur á annan hátt en frá stjórninni, þá er engin ástæða til, að landssjóður selji sína vöru á þeim stað á meðan, heldur auki þá forðann, sem hann á fyrirliggjandi, og geri sig birgan til lengri tíma. Jeg man ekki betur en að komið hafi til tals hjer í þinginu, að í landinu þyrfti að vera ársforði handa öllu landinu. Mjer er nær að halda, að mikið vanti á, að því takmarki sje náð. Það væri ef til vill hægt, ef kaupmenn gætu flutt að vörur, svo að landsstjórnin þyrfti ekki að hafa sínar á boðstólum, heldur gæti lagt þær fyrir.

Þá hefir líka verið talað um það, að skipin, sem flytja vörurnar frá Ameríku, sjeu svo stór, að ofdýrt sje að láta þau sigla með ströndum fram og skila vörum á mörgum höfnum. Þetta er að öllum líkindum rjett athugasemd. En þá ættu að vera til önnur skip, minni og ódýrari, sem hefðu þessa flutninga á höndum. Meðan aðflutningar til landsins voru minni en þeir eru nú var það venjulegt, að skip, sem komu frá Evrópu, komu fyrst upp til Austfjarða og fóru síðan norður um land til Reykjavíkur og skiluðu vörum á leiðinni. Jeg varð þó aldrei var við, að flutningur væri dýrari á þeim vörum, sem skipin höfðu meðferðis til Reykjavíkur, heldur en á aðra staði í kringum landið. Þó gátu þau oft tekið farm aftur í rúm það, sem tæmdist á höfnum á Norður- og Austurlandi, og fengið tvisvar farmgjald fyrir það rúm í skipinu, en ekki nema einu sinni fyrir það, sem þeir fluttu í vörur til Reykjavíkur frá útlöndum. Áttu Reykvíkingar þá nokkra kröfu til þess, að skipin flyttu jafnódýrt þær vörur, sem þau sigldu með norður og vestur fyrir land, eins og þær vörur, sem þau fluttu til Austfjarða, losuðu þar og tóku aðrar vörur í rúm þeirra fyrir nýja

fragt, ef þeir nú hafa rjettlætiskröfu til að fá fyrir lægra flutningsgjald en aðrir landshlutar þær vörur, sem að landinu eru fluttar frá Vesturheimi nú. Austfirðingar kröfðust þess aldrei, enda býst jeg ekki við, að Reykvíkingar hefðu nokkurn tíma fallist á það. (**Rödd af pöllunum:** Vertu ekki með þessa bölvaða ekki sinn smámunasemi!).

Okkar kröfur nú eru alveg í samræmi við þessa gömlu venju. Þegar reiknaður er út flutningskostnaður á vörunni frá Ameríku, þá má reikna út um leið þann kostnað, sem leiðir af því að flytja vöruna kringum landið, og leggja allan flutningskostnaðinn á í einu.

Hæstv. atvinnumálaráðherra talaði um, að ómögulegt væri að reikna þetta út nákvæmlega fyrirfram. En mjer er spurn, hefir það þá verið gert, að reikna nákvæmlega út kostnaðinn við hvern farm jafnóðum? Jeg hefi ástæðu til að ætla, að svo hafi ekki verið. Frá því mun hafa verið skýrt, í skýrslu til bjargráðanefndar, að ágóði landsverslunarinnar hafi í mailok verið 300000 kr., en að nú muni sá ágóði að mestu upp etinn. Þetta bendir á, að ekki sje nákvæmlega gert upp jafnóðum. Það væri því ekki mikil afturför, þótt einhverju skakkaði við hverja einstaka ferð, sem jafnað væri á þá næstu. Jeg get því ekki fallist á, að hjer sje um neinn ómögulegleika að ræða. Þó skal jeg ekki halda þessu máli til hins ítrasta, heldur greiði jeg atkvæði með brtt., sem fer fram á þann milliveg, sem jeg álít að allir ættu að geta fallist á.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg get verið mjög stuttorður, því að þeir, sem á móti hafa mælt, hafa flestir sagt það sama. Viðvíkjandi því, sem háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) sagði, þarf jeg ekki mörgu að svara, því að þá bættist nýr þingmaður við í hópinn og svaraði svo sem við átti, ofan af pöllunum, svo að jeg slepp að mestu við að andmæla þeirri ræðu. Allir, sem á móti nál. hafa mælt, hafa verið sammála um það, að ómögulegt sje að reikna það nákvæmlega út fyrirfram, hve mikið þurfi að leggja á hvern farm fyrir flutningskostnaði út um land. Andmælendur eru því í einu mikilvægu atriði **sammála** nefndinni. Að eins ber það á milli í því atriði, að þeir telja það svo lítilvægt, að ekki þurfi að taka það til greina. En jeg vil leyfa mjer að minna háttv. tillögumenn á það, að áður en þeir samþykkja tillögu, sem skipar svo fyrir, að stjórnin verði að selja vöru sína með sama verði um land alt, þá verða þeir að gera sjer ljóst, hvað það er, sem þeir eru að skipa. Þeir mega ekki skipa stjórninni neitt, sem þeir geta ekki sannað að sje framkvæmanlegt. Sönnunarbyrðin hvílir algerlega á þeim í þessum efnum.

Eitt atriði heyrði jeg í ræðu háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.), sem nýi þingmaðurinn svaraði ekki. Það var um það, að ekki mundi vera reiknað nákvæmlega út, hvað þyrfti að selja hvern farm til þess, að verslunin hefði hæfilegan hag af honum. Verkin sýna merkin um það, hvort þetta sje ekki gert. Nýlega var gefin skýrsla um það, að til þess tíma hefðu unnist 300000 kr., að frádregnu tapi á einni ferð skipanna Bisp og Escondido, sem tap varð á í vor, vegna legu í Ameríku. Um nýár síðastliðið hafði verslun landssjóðs því grætt um 300 þús. krónur. Það er því ekki rjett, að ekki sje reiknað út jafnóðum. Þessi ágóði sýnir einmitt, hve nærri hefir verið farið, því að 300 þús. kr. er ekki mikil upphæð af þeirri umsetningu, sem verslunin hefir haft. Og þótt tapast hafi á þessum tveimur skipsförmum, þá liggur það ekki í ónákvæmum útreikningi, heldur í því, að verðið var sett oflágt,

til þess að jafna tapinu niður á aðra skipsfarma.

Þá sný jeg mjer að dagskránni. Ef deildin samþ. hana, þá gefur hún með því til kynna, að hún ætlast til, að stjórnin taki til greina 2. gr. laga nr. 5, 1. febr. 1917, og það frekar en hingað til hefir verið gert.

Mjer finst það nú liggja í lofti, að margir af tillögumönnum sjeu farnir að hverfa frá aðaltillögunni, enda er hún ekki aðgengileg. Eftir henni yrði stjórnin að telja upp allar hafnir á landinu og senda á þær allar vörur, án sjerstaks endurgjalds. Að vísu hefir núhv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) skýrt till. svo, að hún eigi við þær hafnir, sem strandferðaskipin koma á. Nefndin gat ekki vitað um, að þann skilning ætti að leggja í till., og þar sem hann hefir ekki komið í ljós hjá neinum af samtillögumönnum hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), þá er þessi skýring ekki mikils virði fyrir stjórnina. En þó að þeim skilningi væri fylgt, þá er till. ranglát fyrir því. Ýmsir aðrir staðir hafa jafnmikinn rjett á að njóta sömu hlunninda. Má nefna til þess Eyrarbakka, Stokkseyri, Vík í Mýrdal, Hornafjörð, Búðardal og ýmsa aðra staði. Hvers vegna eiga þeir að vera ver settir? Þetta er því alt saman hálfverk. Sumum er ívilnað, en aðrir verða út undan. Þegar stjórnin nú er búin að gefa yfirlýsingu um það, að sumar vörutegundir muni verða seldar sama verði um land alt, þá ættu tillögumenn að geta látið sjer nægja að halda sjer við dagskrána. En ef tillagan önnurhvor verður samþ. og stjórnin sjer sjer ekki fært að framkvæma, hvað þá? (**M. P.**: Hvað þá?) Já, hvað þá? Það er ekki mitt að svara því, heldur stjórnarinnar.

Enn er ýmislegt smávegis, sem ekki hefir verið svarað. Háttv. tillögumenn vilja ekki fallast á það, að það skifti nokkru verulegu máli, þótt landssjóðsvörurnar verði dýrari í heildsölu en vörur heildsalanna. En þetta er hreinasti misskilningur. Vel getur komið fyrir, að sami kaupmaður verði að kaupa tvö »parti« af sömu vöru, annað hjá landssjóði, en hitt hjá heildsala. Fyrir heildsalavöruna gefur hann t. d. 100 kr., en fyrir jafnmikið af landssjóðsvöru 105 kr. Halda menn þá, að hann fari að selja þessa vöru með tvennu verðlagi? Nei, hann leggur auðvitað sama verð á alla vöruna og fer það sem hann kemst. Að sjálfsögðu verður það hærra innkaupsverðið, sem ræður smásöluverðinu. Auk þess er ágóðinn altaf lagður á innkaupsverðið, sem altaf hleður utan á sig, eins og snjókúlan, því meiru sem það er hærra.

Hitt atriðið, sem háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) mintist á, að kaupmenn, sem versla á fleirum en einum stað, geti jafnað verðinu, er ekki berandi saman við þetta. Það er allur munur, þegar þeir geta svo að segja reiknað út upp á hár, hve þeir þurfa að láta flytja mikið af vörum á hvern ákveðinn stað. En landssjóður getur ekkert um það vitað fyrir víst, hvorki, hve mikið af hverjum farmi þurfi að flytja í burt, nje heldur, á hvaða hafnir eigi að flytja það. Hjer er því svo ólík aðstaða, sem frekast getur verið. Svo eru kaupmenn ekki heldur að leigja skip til flutninga á óhentugasta tíma. (**M. Ó.**: Það gerir landsstjórnin vonandi ekki heldur). Nei, hún gerir sjer væntanlega ekki leik að því, en hana ber skylda til að birgja upp landið, hve nær sem þörfin kallar að, og getur því illa sætt lagi. Ef hungur bæri að höndum í einhverjum landshluta, þá mundi stjórninni legið á hálsi, ef hún reyndi ekki að ráða bót á því strax, í stað þess að bíða eftir því, að erfiðleikarnir minkuðu. Kaup-

maðurinn aftur á móti getur þá beðið betra tækifæris, ef tvísýnt er um, að það borgi sig að afla nauðsynjanna í svipinn.

Þá er það þessi jarmur um, að það sje gert fyrir Reykjavík og umhverfi hennar að halda fyrirkomulaginu, sem nú er. Þessi jarmur er alveg rakalaus. Reykvíkingar mundu hafa einhver ráð með að fá sjerstaka farma hingað; þeir eru ekki svo dauðir úr öllum æðum.

Svo er enn eitt atriði, sem háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) mintist á. Hann hjelt því fram, að jeg hefði sagt, að menn í sveitum ættu þá eins að fá ívilnun í flutningi á vörunum heim til sín. Jeg hefi nú ekki sagt þetta. En hvers vegna ættu þeir ekki eins að fá það? Mælir nokkur sanngirni með því, að maður, sem býr á Eyrarbakka, fái ívilnun á flutningi vörunnar heim til sín, en maður, sem býr austur undir Eyjafjöllum, og getur ekki flutt vöruna á sjó, verður að fara á mis við þessa ívilnun?

Jeg held, sem sagt, að brtt. sýni, að flutningsmenn aðaltillögunnar sjeu farnir að finna dálitla veilu í henni. Enn fremur ber skýring háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) vott um hið sama. Annars er þýðingarlaust að tala meira um þetta mál. Háttv. deild verður að vera sjálfráð um það, hvað hún gerir. Fylgismenn stjórnarinnar verða að ráða því sjálfir, hvort þeir vilja skipa henni það, sem stjórnin sjálf telur sjer ómögulegt að framkvæma. Og jeg tel það fullljóst, að ómögulegt sje að framkvæma þessa tillögu.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá bjargráðanefnd, á þgskj. 786., feld með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., E. A., J. B., M. G., P. J., P. O., P. Þ., S. S.

nei: B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., M. P., M. Ó., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

J. M. greiddi ekki atkv.

Brtt. 868. feld með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., Þorst. J., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., M. G., M. Ó., P. Þ., St. St., Sv. Ó.

nei: Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., H. K., J. J., J. B., M. P., P. J., P. O., S. S., S. St., Ó. B.

J. M. greiddi ekki atkv.

Till. (590.) samþ. með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., M. P., M. Ó., Ó. B.

nei: P. J., P. O., P. Þ., S. S., B. Sv., B. J., B. K., E. A., J. B., M. G.

J. M. greiddi ekki atkv.

Till. afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um verð á landssjóðsvöru,

eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 898).

Á 56. fundi í Ed., fimtudaginn 13. sept., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 14. sept., var till. tekin til einnar umr. (A. 898, 941).

Magnús Kristjánsson: Háttv. Nd. hefir haft þetta mál, um verð á landssjóðsvöru og fyrirkomulag á úthlutun þeirra og meðferð, síðan í þingbyrjun. Það kom fram snemma á þinginu till. á þgskj. 40, um það að breyta fyrirkomulaginu við umsjón og meðferð landssjóðsvöru úti um land. Þessi till. var feld og er því úr sögunni, en hins vegar ekkert á móti því að minnast hennar, vegna þess, að hún stendur í nánu sambandi við þá till., sem nú er hjer á ferðinni. Seinna á þinginu kom fram önnur till., á þgskj. 590, um verð á landssjóðsvöru. Sú till. var borin fram af allmörgum þm., og hefði því að líkindum mátt vænta þess, að hún fengi góðan byr; henni var þá vísað til bjargráðanefndar Nd., en álit hennar, á þgskj. 786, ber það með sjer, að hún hefir lagst eindregið á móti málinu. Eftir að þetta nefndarálit var komið fram, virðist svo, sem fim. málsins hafi þótt óvænlega á horfast um framgang þess, og hafi þeir þess vegna komið fram með miðlunartill. í málinu, á þgskj. 868. Það þarf ekki að útlista nánar efni málsins, því að jeg geri ráð fyrir, að háttv. þm. hafi kynt sjer, hvað í till. felst, svo að jeg sje ekki ástæðu til að fara inn á það. En við atkvgr. í Nd. vill svo undarlega til, að miðlunartill. á þgskj. 868 er feld, en till. á þgskj. 590 samþ., þrátt fyrir eindregin mótmæli bjargráðanefndar Nd. Þannig er þá málið komið til þessarar háttv. deildar.

Jeg get ekki stilt mig um að minnast lítillega á rökfærslu bjargráðanefndar Nd. í þessu máli, að jafnvel þótt nefndin að sumu leyti geti fallist á hana, eru þó ýms atriði, sem eru þess eðlis, að jeg, fyrir mitt leyti, get ekki verið þeim samþykkur, og jeg hygg, að jeg megi segja, að nefndin í heild sinni geti ekki heldur aðhylst hana, en þrátt fyrir þessa röksemdafærslu í nefndarálitinu hefir nefndin þó að síðustu komist að niðurstöðu, sem kemur ekki algerlega í bága við till. þá, sem nefndin ber nú fram, á þgskj. 941, svo að að því leyti þýðir ekki að fara langt út í málið. Jeg hygg, að sú till. muni verða líkleg til samkomulags, og mætti telja vel farið, ef svo gæti orðið.

Það, sem jeg þó sjerstaklega hefi að athuga við nál., er þetta, að bjargráðanefnd Ed. telur frágangssök að aðhyllast till. nefndarinnar, af þeirri ástæðu, að ef sú aðferð yrði höfð að selja landssjóðsvörurnar við sama verði í öllum kauptúnum landsins, myndi það verða til þess að hækka verðlag á vörum hjer í Reykjavík og nærliggjandi stöðum. (**Atvinnumálaráðh.:** Og enda víðar). Það yrði óþolandi fyrir íbúa þessara hjeraða. Þetta er aðalviðbáran, og nefndin heldur því fram, að þetta geti orðið til þess, að kaupmenn, sem versla með samskonar vörur, fengju tækifæri til að setja upp vörur sínar, og þannig myndi það baka almenningi hjer í nærliggjandi hjeruðum stórtjón. Þessi ástæða getur því að eins verið á rökum bygð, að gengið sje út frá því, að kaupmenn versli sjer til skemtunar, en það er varla hægt að líta svo á alment. Það gefur að skilja, að landssjóður ætti að vera þeim mun betur settur en kaupmenn til að selja vöru sína lægra verði, þar sem hann gæti fengið betri innkaup við að gera stærri kaup, og annað hitt, að ekki er til ætlast, að landssjóður græði verulega á versluninni, en hitt er öllum skiljanlegt, að kaupmenn hljóta að gera ráð fyrir einhverjum verslunarhagnaði, til framfærslu sjer og sínu skylduliði; þess

vegna geti varla komið til mála, að nokkur kaupmaður fengi tækifæri til að hækka verð á vöru sinni af þessum ástæðum, en væri gengið inn á þessa skoðun, að hún hefði við rök að styðjast, þá kæmi einmitt það upp, sem nefndin vill varast, því að þá gefur það að skilja, að með því að leggja upp vöruna hjer í Reykjavík með miklum tilkostnaði og flytja hana þaðan gæfi það kaupmönnum úti um landið tækifæri til þess að hækka verð á sinni vöru, og næði það til miklu fleiri manna, því að í Reykjavík og grend búa, að sögn bjargráðanefndar Nd., um 30000 manns, en í hinum hlutum landsins búa þá um 60000 manns. Væri þetta rjett, þá mundu miklu fleiri verða fyrir þessu tjóni með hinni aðferðinni. Það yrði að minsta kosti 60000 manna úti um land alt.

Nú er með þessari tillögu, sem liggur fyrir, á þgskj. 941, reynt að fara milliveg, þar eð skorað er á stjórnina að selja vörur með sama verði í kaupstöðum landsins og auk þess í einu eða tveimur aðalkauptúnum hverrar sýslu. Þessa brtt. ættu allir að geta sætt sig við, enda er hún í samræmi við niðurstöðu bjargráðanefndar Nd., að því leyti, að sú nefnd taldi það ekki frágangssök, að nokkur hluti varanna yrði settur upp í kaupstöðunum, og þær þá að sjálfsögðu seldar þar með sama verði og í Reykjavík. Bjargráðanefnd háttv. Ed. vill fara það lengra, að sama reglan gildi einnig um eitt eða tvö aðalkauptún hverrar sýslu. Vitanlega gildir þetta ekki þar, sem hafnleysur eru eða önnur helstu skilyrði vantar. Jeg held ekki, að jeg þurfi að eyða fleiri orðum að þessu máli, því að það er augljóst, að brtt. er til mikilla bóta, gerir hvorttveggja að spara landsmönnum mikið fje, og auk þess mundi þetta fyrirkomulag frekar tryggja ýms hjeruð landsins og sjá þeim betur borgið, ef ís eða aðrar hindranir hömluðu vöruflutningum á þeim tíma, sem þörfin er mest.

Jeg mun því ekki eyða fleiri orðum að sinni, nema mótmæli komi fram, og mun jeg þá reyna að sýna enn betur, að þetta fyrirkomulag sje hagkvæmt.

Eggert Pálsson: Jeg get viðurkent það, að brtt. á þgskj. 941 sje til bóta frá aðaltillögunni, á þgskj. 898. En hins vegar verð jeg að telja báðar tillögurnar nokkuð viðsjárverðar. Mjer dylst ekki, að hvor tillagan sem yrði samþykt þá mundi það leiða til þess, að vörur hækkuðu tilfinnanlega mikið í verði. Tilætlunin með till. mun vera sú, að flutningskostnaður leggist á vöruna. Hugsanleg væri nú sú leið að láta beinlínis landssjóð kosta flutninginn. En þetta fyrirkomulag, sem hjer er stungið upp á, verður til þess, að vörur hækka afskaplega í verði, sjerstaklega hjer á Suðurlandi, þar sem gera má ráð fyrir, að aðflutningarnir frá Ameríku lendi hjer í Reykjavík, eins og verið hefir. Er skiljanlegt, að með þessu yrði lagður tilfinnanlegur skattur á þann hluta landsins, Suðurlandsundirlendið, til hagnaðar öðrum landshlutum. En meira er þó vert um hitt atriðið, að með þessu er hætt við, að óeðlilegur gróði renni í vasa kaupmanna hjer í Reykjavík úr höndum almennings, bæði hjer og í grend.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að þessi óeðlilegi gróði mundi lenda í vasa kaupmanna úti um landið, ef fyrst væri flutt til Reykjavíkur og síðar út um landið. Þetta væri alveg rjett hugsað, ef kaupmenn ættu jafngreiðan aðgang um land alt að vörum frá öðrum löndum eins og kaupmenn hjer. En nú er verslun-

arfyrirkomulaginu einu sinni svo háttað, að skip ganga aðallega milli Ameríku og Reykjavíkur. Það er því skiljanlegt, að kaupmenn í Reykjavík hljóta að eiga miklu greiðari aðgang að vörum beint frá öðrum löndum, sjerstaklega Ameríku, en aðrir kaupmenn úti um landið, og mundu þeir auðvitað nota sjer það, ef landsverslunin setti upp sínar vörur hjer, að gera það þá líka, og við það mundu þeir fá óeðlilegan gróða í sinn vasa. Með þessu yrði því lagt inn á sjerlega hættulega braut.

Jeg finn svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um tillögurnar, en læt mjer nægja að mótmæla þeim báðum eins kröftuglega og mjer er unt, sem sje ekki eingöngu í orði, heldur einnig í verki, þ. e. með atkvæði mínu.

Magnús Kristjánsson: Mig furðar á því, að hv. 1. þm. Rang. (E. P.) skuli halda þessari skoðun sinni svo eindregið fram, enda þótt jeg hafi sýnt fram á, að hættan, sem hann er að tala um, sje alls engin. Hann hefir algerlega bundið sig við álit bjargráðanefndar Nd. og alls ekki komið með neitt nýtt í málinu. Nú vildi jeg leyfa mjer að spyrja hann að, hvort nokkur ástæða sje til þess að halda, að vörur hækki í verði í Reykjavík, þó að skipin, sem koma frá Ameríku, komi t. d. fyrst við á Ísafirði og losi farminn, sem þangað á að fara, og haldi síðan til Reykjavíkur og leggi þar upp það, sem eftir er. Mjer er alls ekki unt að sjá, að það muni hleypa verðinu upp til muna, eða að það geti skapað nokkurn millilíðagróða. Kaupmenn geta alls ekki tekið neinn óhæfilegan hagnað af verslun sinni, nema gengið sje út frá því, að landsjóðsverslunin sje í einhverju sjerstöku ástandi, sem valdi því, að hún verði að selja vörur sínar dýrara en aðrir.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) sagði, að þetta fyrirkomulag hlyti að baka landsjóði útgjöld, en það getur naumast haft áhrif á vöruverðið í heild. Auk þess er augljóst, að kaupmenn, sem sæta sömu vörukaupum og landsjóður, hljóta að selja vöru sína hærra verði en landið ætti að geta gert.

Hv. þm. (E. P.) gat þess, að aðflutningarnir væru miklu erfiðari annarsstaðar á landinu en í Reykjavík. Þetta er í rauninni misskilningur, því að það er kunnugt, að víða á landinu hefir vöruskorturinn verið miklu minni en á Suðurlandi. Þegar skipin sigla beint til staðarins, sem vöruna á að nota, þá er alveg ástæðulaust, að verðið hækki nokkuð. Kunnugt er það og, að Eimskipafjelag Íslands hefir gefið fyrirheit um, að að minsta kosti skuli annað af skipum þess sigla til Norðurlandsins í haust. Þeir, sem fá vörur með því skipi, ættu því engan sjerstakan aukakostnað að þurfa að hafa. Hættan er því alstaðar sú sama, þó að hún verði útilokuð hjer. Óttinn er því ástæðulaus, hvernig sem á er litið. En hitt sjá allir, hversu óeðlilegt það er, að einn staður á landinu og nokkrar nærsveitir skuli sæta betri kjörum en allur þorri landsmanna. Það verður alls ekki varið. Hitt er miklu rjettlátara, sem brtt. fer fram á, þó að afleiðingin yrði sú, að landið græddi minna á versluninni eða yrði að leggja fram eitthvert lítilræði, til þess að koma jöfnuði á. Allir landsmenn eiga að njóta þeirra hlunninda jafnt, að verslunin er rekin af landinu.

Eggert Pálsson: Þetta, sem háttv. þm. Ak. (M. K.) mintist á síðast, að allir landsmenn ættu að bera jafnt af flutningskostnaðinum, hefði komið ljósast fram, ef landsjóður hefði sjálfur kostað flutninginn út um landið; án þess að sá kostnaður hefði verið lagður beint

á vöruna sjálfa. Mjer skilst svo, sem landsmenn beri ekki allir jafnt, ef flutningskostnaðurinn er lagður á vöruverðið. Með því kemur einmitt fram misrjetti, því að sumir hlutar landsins bera þá kostnaðinn fyrir aðra. Jeg get viðurkent það, að mikið gæti unnist við það, að skip gengju t. d. til Ísafjarðar frá Ameríku, og jafnvel beint til Akureyrar og Austurlandsins, ef því væri hægt að koma við. En það liggur alls ekkert í till. um þetta. Hún hefði þá átt að hljóða um það, að millilandaskipin skyldu koma við á fleiri höfnum en þau gera, en hún er einungis um það, að stjórnin skuli selja vörur með sama verði alstaðar. Stjórninni er jafnheimilt eftir sem áður að láta skipin ganga beint til Reykjavíkur og flytja svo vörurnar þaðan út um landið. Engin trygging er fyrir, að hún geri annað samkvæmt till. Hitt er annað mál, að jeg hefði má ske líka álitið slíka fyrirskipun talsvert varúðarverða, ef fram hefði komið. Því að oft getur staðið svo á, að þörfin fyrir vörur sje brýnni annarsstaðar en fyrirskipað yrði að senda þær. En slík till. hefði þó verið eðlilegri en sú, sem hjer liggur fyrir.

Eins og jeg hefi drepið á álít jeg, að þetta geti orðið mjög hættulegt spor, sem hjer er farið fram á að stíga, því að kaupmenn munu að sjálfsögðu notfæra sjer, hvað landsverslunarvaran verður dýr hjer í Reykjavík, og hækka að sama skapi sína vöru í verði. Nú er svo komið með ýmsa framkvæmdasama kaupmenn hjer í Reykjavík, að þeir fá ekki einungis vörur með skipum landsstjórnarinnar, heldur hafa þeir einnig sín eigin skip í förum, og mundi gróði slíkra manna verða óeðlilega mikill, er þeir gætu bundið sig við verðið, sem landið leggur á sínar vörur. Ef kaupmenn hjer hins vegar seldu ódýrara en landsstjórnin, þá færi eðlilega svo, að menn á Suðurlandi versluðu við þá eina, en aðrir landshlutar við landsstjórnina, og er þá ekki hægt að sjá, hver gróði þeim er í þeirri ráðstöfun, sem felst í till. þessum.

Atvinnumálaráðherra (S J.): Háttv. þm. Ak. (M. K.) hefir sjáanlega fylgst vel með því, sem gert hefir verið í þessu máli. Rakti hann sögu þess á þinginu og fór þar alveg rjett með, eftir því sem jeg tók best eftir.

Talsverður skoðanamunur var um málið í háttv. Nd., og er svo að sjá, sem hann sje einnig hjer, þó að enn hafi ekki margir látið til sín heyra. Finst mjer báðir málsaðiljar hafa nokkuð til síns máls, en ekki blandast mjer hugur um, að till. á þgskj. 898, borin saman við brtt., er að mun óaðgengilegri, og eru þó báðar gallagripir. Brtt. fer meðalveg í málinu. Eftir aðaltill. er ætlast til, að landsstjórnin selji vörur sínar með sama verði í öllum kaupstöðum og kauptúnum á landinu. Skilst mjer þá, eftir þeirri till., að stjórnin sje skyldug til þess að láta skip sín koma við í öllum kauptúnum, hversu lítil sem þau kunna að vera. En í brtt. er ætlast til, að vörurnar verði seldar með sama verði í öllum kaupstöðum landsins og auk þess í einu eða tveimur kauptúnum í hverri sýslu. Jeg hefi áður minst á það, að ef landssjóður heldur áfram að hafa skip í förum milli Bandaríkjanna í Ameríku og Íslands, þá megi ef til vill haga svo til, að þau geti lagt upp nokkurn forða á ýmsum stöðum öðrum en Reykjavík, enda var svo gert í upphafi, þó að ekki hafi það getað verið föst regla, þar sem mesta áherslu varð að leggja á aðdrætti til landsins, meðan fá skip voru til umráða.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) mintist á það, að ekki væri ætlast til þess, að landssjóður græddi á versluninni. Nokkuð

eru nú misjafnar raddir um það mál. Sumir tala um að leggja fje í varasjóð, til þess að tryggja verslunina, eins og allir hyggnir verslunarmenn gera. Og ef það er gert, þá verður ekki annað sagt en að tekinn sje gróði af verslun-inni. Enda virðist vera rjett að vera við því búinn, að vörur lækki mjög í verði, þótt ekki sje ætlast til, að vara-sjóður hrökkvi á móti verðfallinu á vöruleifunum. Það geta vitanlega verið skiftar skoðanir um, hversu mikla áherslu eigi að leggja á varasjóðinn, en út í það mál ætla jeg ekki að fara að sinni.

Eins og jeg tók fram áðan þá tel jeg brtt. á þgskj. 941 aðgengilegri en till. á þgskj. 898. Þó er ein setn-ing í brtt., sem mjer virðist vera nokk-uð óljóst orðuð, sem sje þar sem sagt er, að selja skuli með »sama verði í öllum kaupstöðum landsins og eftir pöntun að minsta kosti í einu eða tveim-ur aðalkauptúnum hverrar sýslu«. Mjer væri kærkomið, ef hv. þm. Ak. (M. K.) vildi skýra þetta orðalag »eftir pöntun« nokkru nánara. Fari svo, að brtt. verði feld, þá er ekki sagt, að jeg geti fallist á aðaltillöguna. Og jeg vildi ekki, að menn feldu brtt. í þeim tilgangi að samþykkja aðaltillöguna. En fari svo, að báðar tillögurnar verði feldar, þá eru einungis lögin frá í vetur eftir, sem ýmsum þykir stjórnin hafa farið oflítið eftir. Hún þorði ekki að leggja eins ríkan skilning í orðið »ívilnun«, eins og sumir háttv. þingmenn hafa óskað. En sannleikurinn er sá, að það hefir aldrei verið um yfirlýstan þingvilja að ræða í þessu máli, fyr en nú, ef þessi tillaga nær nú fram að ganga. Og færi svo, þá er ekki um ívilnun að ræða, heldur beinlínis fyrirsögn, sem ætlast er til að farið verði eftir í lengstu lög.

En yfirleitt hefir það verið tilgangur landsstjórnarinnar að reyna að selja vörur sínar með sem jöfnustu verði. Svo hefir t. d. verið að miklu leyti um salt, kol og sykur. Jeg get því ekki sjeð, að um neina verulega hættu sje að ræða, þó að hvorug tillagan næði fram að ganga.

Forseti: Áður en frekari umræður verða um málið vil jeg leyfa mjer að geta þess, að jeg hefi hugsað mjer að bera fyrst upp aðaltillöguna á þgskj. 898, en falli hún, verður brtt. nefndar-innar borin upp. Það er hvergi fyrir-skipað í þingsköpunum, að bera skuli upp brtt. á undan aðaltillögunni, enda þótt það hafi verið venja. Og mjer er kunnugt um það, að á mörgum lög-gjafarþingum er fyrst borið upp, hvort menn vilji ganga að aðaltill. óbreyttri. Jeg hygg, að ekki þurfi að leita afbrigða frá þingsköpunum, þótt till. sjeu bornar upp í þeirri röð, sem eðlilegast er sam-kvæmt efni þeirra, þannig, að hin djúp-tækari tillagan sje borin fyrst undir at-kvæði.

Magnús Kristjánsson: Jeg býst við, að ekki sje hægt að hafa áhrif á úrskurð hæstv. forseta í þessu efni, en jeg hygg þó varhugavert að bera aðal-tillöguna fyrst upp. Ef menn mættu eiga það víst, að brtt. yrði samþykt, myndu þeir greiða atkv. gegn aðaltill. En þar sem engin vissa er fyrir því, er eðlilegast, að menn óski, að brtt. sje bor-in fyrst upp. Svo gæti farið hjer, sem fór í háttv. Nd., að miðlunartill. yrði feld. Þetta er því að setja þingmenn í vanda, og vænti jeg þess, að hæstv. for-seti taki þessar athugasemdir mínar til greina.

Jeg þarf ekki neinu að svara ræðu hæstvirts atvinnumálaráðherra. Mjer virtist hann taka liðlega í málið og

bæði skilja og viðurkenna, að þessi deild sje að gera nauðsynlega samkomulagstilraun.

Jeg geri ráð fyrir því, að verði brtt. feld, þá muni jeg greiða aðaltill. atkv. mitt. En mjer finst hún ganga nokkuð langt, og er mjer því nær skapi, að brtt. verði samþykt.

Hæstv. atvinnumálaráðherra beiddist skýringar á orðinu »pöntun« í brtt. Í því orði liggur það, að gert er ráð fyrir, að landsstjórnin láti millilandaskipin koma við í kaupstöðunum og leggja þar upp vöruforða, án þess að menn þyrftu að hafa pantað hann, en hana beri engin skylda að leggja upp vörur í kauptúnum, öðruvísi en eftir pöntun, og flytji hún vörurnar þangað á þann hátt, sem hún telur haganlegast. Hún sje ekki skyld að leggja þar upp vörur til geymslu. Vona jeg, að þessi skýring sje nægileg. (**Atvinnumálaráðherra:** Já, hún nægir).

Jeg vil leyfa mjer að spyrja háttv. 1. þm. Rang. (E. P.), hvort hann ætlar sjer að greiða atkvæði gegn brtt., ef aðaltill. fellur. (**E. P.:** Já).

Háttv. þm. ljet það í ljós, að í brtt. væri ekki gert ráð fyrir því, að vörurnar yrðu lagðar upp í kaupstöðunum úr millilandaskipunum. Jeg verð nú að álíta, að þetta felist beint í brtt. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

> »Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að selja vörur landsverslunarinnar sama verði í öllum kaupstöðum landsins og eftir pöntun að að minsta kosti í einu eða tveimur aðalkauptúnum hverrar sýslu«.

Það liggur beint í orðalagi brtt., að sama aðferðin skuli höfð til að birgja upp alla kaupstaðina, sem sje að leggja þar upp vörur úr millilandaskipunum. En ekki á þetta við kauptúnin. Brtt. var beinlínis orðuð svo með þetta fyrir augum. Er því þessi aðfinning háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) á engum rökum bygð.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða meir um málið, enda býst jeg við því, að frekari umræður muni að eins snúast um atkvæðagreiðsluaðferðina.

Magnús Torfason: Jeg vil leyfa mjer að segja fáein orð í sambandi við atkvæðagreiðsluna. Jeg hafði ætlað mjer að greiða brtt. atkv. Verði nú aðaltill. feld og brtt. sömuleiðis, sem ef til vill má búast við, þá skilur þessi háttv. deild við málið án þess að gera neinar ráðstafanir í því. Jeg vil því mælast til þess, að verði aðaltill. feld, þá sje brtt. ekki borin upp, heldur verði málinu frestað, og mun jeg þá koma fram með nýjar miðlunartill.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil leyfa mjer að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort leyfilegt muni að bera upp brtt., verði aðaltill. feld. Jeg hygg, að málið myndi þá úr sögunni, og ekki sje leyfilegt að bera undir atkvæði brtt. við felda tillögu.

Forseti: Öll þessi vandræði eru sprottin af því, að atkvæðagreiðslufyrirkomulagið er úrelt og óhafandi. Þetta er sannleikurinn. Jeg segi þetta af því, að jeg vildi geta fengið næsta þingi í hendur leiðbeiningar um það, hvernig best er að haga atkvæðagreiðslu á löggjafarþingum. Það má ekki lengur svo til ganga, að við höldum þessari gömlu og úreltu aðferð. Þetta er nokkurskonar Bakkabræðraboðorð, að brtt. skuli altaf borin fyrst undir atkvæði. Það myndi álitin fjarstæða annarsstaðar á löggjafarþingum og verða að athlægi. Þetta eru þung orð, en jeg neyðist til að segja þau. Þegar milli tveggja till.

er að velja, þá er rjettasta aðferðin að sjá, hvor þeirra hefir meiri byr. Bera því næst undir atkvæði þá till., er meira fylgi hafði.

En úr því að svo er komið, að við höfum notað þá gömlu og úreltu aðferð hingað til, þá hygg jeg best in errore perseverare — vaða áfram í villunni — og bera brtt. upp fyrst.

Magnús Kristjánsson: Jeg verð að taka það fram, að sje svo mikið ólag á atkvgr. að þessu leyti, þá hefði það óneitanlega komið sjer betur, að hæstv. forseti hefði komið auga á það áður en hann undirbjó þingsköpin. En jeg hygg óþarft að taka svo djúpt í árinni, sem hann gerði.

Hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) efaðist um, að leyfilegt væri að bera upp brtt., ef aðaltill. fjelli. Jeg hygg þetta ekki rjett álitið, því að aðaltill. og brtt. eru í raun rjettri hliðstæðar till. En nú kemur þetta ekki lengur til greina, þar sem hæstv. forseti ætlar að nota þá »gömlu og úreltu« aðferð.

ATKVGR.

Brtt. 941. (ný tillgr.) samþ. með 7 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Ó., H. St., Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. K., M. T.

nei: H. Sn., E. P., G. B.

Ráðh. S. E. og S. J. greiddu ekki atkv., og tók forseti ástæður þeirra gildar.

Tveir þm. (G. G. og H. H.) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. til Sþ.

Á 7. fundi í Sþ., laugardaginn 15. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsdlyktunar um verð á landssjóðsvöru,

eins og hún var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 957).

Á sama fundi var till. tekin til umr., að fengnu leyfi og einróma samþykki þingsins til afbrigða frá þingsköpum.

Magnús Kristjánsson: Þetta mál hefir verið talsvert rætt og athugað af háttv. Ed. og þar samþ. till. á þgskj. 898, þess efnis, að landssjóðsvörur verði seldar jöfnu verði í öllum kaupstöðum og kauptúnum landsins. En það er vitanlegt, að allmikill ágreiningur hefir verið í deildinni um þetta mál. Það má heita, að það hafi verið tveir nálega jafnstórir flokkar, annar sem hefir stutt till., en hinn sem hefir viljað hafna henni. Sá flokkurinn hefir þó viðurkent nauðsynina á því, að eitthvað sje gert til þess að koma í veg fyrir þann kostnaðarauka, sem af því stafar, að allar vörur landsverslunarinnar sjeu lagðar upp hjer í Reykjavík og síðan fluttar út um land með ærnum kostnaði. Háttv. Ed. taldi sjer skylt að koma fram með miðlunartill. í þessu máli, á þgskj. 957. Sú tillaga er að áliti bjargráðanefndar Ed. þannig löguð, að hún telur nokkurn veginn vissu fyrir því, að þingið geti fallist á hana, þar sem tekið er sem allra mest tillit til þeirra mismunandi skoðana í málinu, sem komið hafa fram í háttv. Nd. Ed. lítur svo á, að með því fyrirkomulagi, sem stungið er upp á í þessari till., þá megi, ef stjórn landsverslunarinnar er í nokkurn veginn viðunanlegu ásigkomulagi, koma þessu svo fyrir, að enginn verulegur kostnaðarauki verði af því, þótt nokkur hluti vörunnar sje lagður upp í kaupstöðunum úr þeim skipum, sem vöruna flytja milli landa; það yrði lítið á móts

við þann kostnað, sem af því leiðir, að vörurnar þurfa að flytjast úr Reykjavík á strandferðaskipunum út um land. Þessi kostnaður verður auðsjáanlega svo lítill og hverfandi, að það getur engin veruleg áhrif haft á verð vörunnar, þótt tekið væri tillit til hans við verðlagningu.

Með þessari skýringu þykist jeg geta lagt þessa till. fram fyrir hönd nefndarinnar, í von um það, að hún nái fram að ganga.

Jeg finn ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, nema ef umræðurnar, sem kunna að verða, gefa sjerstakt tilefni til þess.

Gísli Sveinsson: Jeg tek ekki til máls af því, að jeg sje í raun og veru ósamþykkur niðurstöðu háttv. nefndar í Ed., en mjer er ekki vel ljóst, hvað meint er hjer með orðunum í till. »eftir pöntun« o. s. frv. Þetta orðalag er dálítið öðruvísi en áður stóð í till., og kannast jeg ekki við, hvað geti verið átt við með þeim, ef þau ættu að vera í samræmi við það, sem áður er um talað. Á þessu vildi jeg gjarnan óska lítillar skýringar.

Einar Arnórsson: Jeg hefi ekki fengið tækifæri til þess að bera till. þessa undir bjargráðanefnd Nd., eins og hún er nú, en jeg get sagt fyrir mitt leyti, og jeg hygg, að meiri hluti nefndarinnar muni líta svo á, að þessi till. hafi fiesta þá ágalla, sem honum virtist hin till. hafa. En jeg skal ekki fara út í það mál að svo komnu. Landsstjórnin lýsti yfir því, þegar málið var til umr. í Nd., að hún teldi till. þar óframkvæmanlega, en nú hefir hún ekki lýst yfir neinu um þessa till., og ef stjórnin hefir ekki á móti henni og telur hana framkvæmanlega, þá læt jeg hana, fyrir mitt leyti, afskiftalausa.

Magnús Kristjánsson: Það er vegna þess, að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir óskað eftir skýringu á orðalagi till., að jeg tek til máls. Eins og jeg tók fram áðan þá leit nefndin svo á, að með því að það væri fyrirfram ákveðið, að millilandaskipin legðu einhvern hluta vörunnar upp í kaupstöðum landsins, eins og stundum hefir átt sjer stað, þá yrði enginn verulegur kostnaður að því, og þess vegna mætti selja vöruna þar eins og í Reykjavík. Hins vegar þótti rjettara, að þeim skipum, sem sigla milli landa, væri ekki ætlað að leggja upp vörur í kauptúnum þeim, sem till. getur um, því að það gæti tafið ferðir þeirra um of. Þess vegna voru sett orðin »eftir pöntun« í tillöguna, og því að eins ber landsstjórninni að selja vöruna í þessum kauptúnum fyrir sama verð, að fyrir henni liggi pantanir, sem hún sjer fært að afgreiða, og ekki er ætlast til, að þar sjeu jafnan birgðir fyrirliggjandi, eins og í kaupstöðunum, en vörurnar yrðu fluttar til kauptúnanna, eins og henta þætti.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg verð að segja enn eins og áður, að það eru mjög miklir örðugleikar á því að framkvæma þetta, sem farið er fram á í till., þótt þessi till. sje dálítið aðgengilegri en þegar hún fór frá háttv. Nd. Jeg er hræddur um, að ef þessi till. er brotin til mergjar, þá muni menn fljótt sjá, að það skapast enn mikið misrjetti þrátt fyrir þetta. En jeg býst ekki við, að það þýði neitt að stríða við þetta; deildirnar hafa auðsjáanlega komið sjer saman um, að þetta eigi að heimta, og þá verður stjórnin að reyna að fram-

kvæma það eins vel og mögulegt er, en jeg tel það samt sem áður óheppilegt að binda þannig hendur stjórnarinnar, og altaf verður þetta hreint handahóf, þegar menn vita ekkert fyrirfram um það, hve mikið þurfi að senda út um landið, þegar það, sem sendist »eftir pöntun«, sennilega kemur fram þegar þörfin fyrir það kemur.

Við skulum hugsa okkur, að vörurnar sjeu fluttar hjeðan og norður á Akureyri; þá legst sá flutningskostnaður á þær, og þar við bætist t. d. flutningskostnaður til Sauðárkróks, og þó á að selja þær sama verði og hjer í Reykjavík, þar sem enginn aukakostnaður er. Þetta yrði alveg ótreiknanleg hækkun á verðinu, og auk þess yrði mikið missætti milli kauptúna í sama sýslufjelaginu. En annars ætla jeg ekki að orðlengja um málið. Geri ráð fyrir, að það verði þýðingarlítið.

Gísli Sveinsson: Skýring háttv. þm. Ak. (M. K.) hefir ekki verið ófyrirsynju, og spurningin þá naumast heldur. Við fljótt álit hjelt jeg, að meiningin með þessu orðalagi væri sú, að menn yrðu að »panta« að fá að sæta þessu verði. Nú hefir háttv. þm. (M. K.) upplýst, að svo er ekki, heldur er hjer um pöntun vörunnar að ræða. Liggur þá beint við að ætla, að landsstjórnin hafi hingað til verið að rekast um alt land með vörur sínar, þar sem enginn vildi hafa þær. Nú hefir svo jafnan verið, þar sem jeg hefi þekt til, að menn hafa pantað vörurnar, og geri jeg ráð fyrir, að svo verði einnig framvegis. Jeg held því, að segja hefði mátt, eins og var tilætlun háttv. Nd., að landsstjórnin skyldi selja vörur sínar sama verði alstaðar á hinum tilteknu stöðum kringum landið.

Eftir till. ber stjórninni enn fremur að hlíta þessum pöntunum, hvort sem þær eru stórar eða litlar, og hvaða skip sem það eru, sem vörurnar flytja. Þetta má svo vera. Hún verður því að áætla flutningskostnaðinn og jafna honum niður, eftir því sem hún hefir best vit til.

Magnús Kristjánsson: Jeg álít það ekki viðeigandi að segja, að ræða háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hafi verið orðhengilsháttur einn, og þess vegna fullyrði jeg ekki, að svo hafi verið. En hitt má öllum vera ljóst, að verslunarmálaþekking hans er naumast meiri en gengur og gerist. Háttv. þm. (G. Sv.) taldi það ekki heppilegt að gera ráð fyrir framkvæmdum eins og í tillögunni. En nú er það vitanlegt, að landsstjórnin hefir lagt upp vörur, án þess að þær væru pantaðar. Þetta getur verið nauðsynlegt, því að ís og aðrar hindranir geta oft hamlað því, að hægt sje að flytja vörur, þegar þeirra þarf sjerstaklega með. En hitt fanst nefndinni sjálfsagt, að gerður væri greinarmunur á kaupstöðum og kauptúnum, til þess að skip þyrftu ekki að tefja sig á að fara inn á margar smáhafnir, heldur mætti senda vörurnar eftir hentugleikum og eftir því, sem pantað hefði verið.

Sveinn Ólafsson: Það var tilgangur flutningsmanna að tillögu þeirri, sem upphaflega var borin fram um þetta efni, að reyna að skapa jafnrjetti um land alt, ef unt væri. En, eins og tillagan er nú orðuð, er svo fjarri því, að um jafnrjetti verði að ræða, að hjer er einmitt komið á miklu misrjetti. Að eins lítill hluti landsmanna á að verða aðnjótandi þessara hlunninda, að fá vörurnar fluttar kauplaust. Eins og menn muna kom fram tillaga um sama efni á aukaþinginu í vetur, en hún fjekk þá ekki nægan byr, því að mönnum fanst ekki tiltækilegt að gera öllum jafnhátt undir höfði. En þar sem miðlunartillaga um það efni, sem

nú er hjer á ferðinni, var feld í háttv. Nd. fyrir nokkru, þá finst mjer ekki eðlilegt, að flutningsmenn hinnar fyrri tillögu eigi hægra með að sætta sig við þessa tillögu, eins og hún er nú orðin. Þetta, sem hjer er farið fram á að gera, er einungis gert fyrir kaupstaðina og stærri kauptún, en þau sýslufjelög, sem engin kauptún hafa, verða alveg út undan. Tillagan í þessum búningi nær ekki tilgangi flutningsmanna, en hlýtur að valda óánægju úti um land hjá þeim, sem afskiftir verða. Hún er í þessari mynd orðin að hálfgerðu skrípi, og tekur ekki fram ákvæðum laganna frá 1. febrúar næstl. Jeg get því ekki greitt henni atkvæði.

Þórarinn Jónsson: Þessi tillaga er nú komin í önnur klæði en þegar hún fór úr háttv. Nd. En jeg held, að það sje ekki rjett hjá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að ekki eigi að samþykkja hana, þó að hún nái ekki þeim tilgangi, sem upphaflega var ætlast til. Því verður ekki neitað, að þetta er þó talsvert spor í áttina. Jeg þykist vita, að það sje andi stjórnarinnar, sem mestu hefir ráðið um, að hún hefir nú fengið þennan búning. Það kom berlega fram, þegar málið var til umræðu í háttv. Nd, að stjórnin þóttist ekki geta bundið sig við eins mikið og þá var farið fram á. Jeg þykist því vita, að ekki muni standa á stjórninni að framfylgja tillögunni, ef hún verður samþykt.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil leyfa mjer að mótmæla þeim ummælum háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að tillagan á þgskj. 957 sje skrípi. Það hefði fremur mátt viðhafa um tillögu þá, sem hann flutti í háttv. Nd. Sú tillaga var gersamlega óframkvæmanleg, en þessi ekki.

ATKVGR.

Till. samþ. með 22 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. St., H. K., Jóh. Jóh., J. J., K. E., M. G., M. K., M. P., M. T., M. Ó., Ó. B., S. S., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. St., G. Sv., G. G., G. Ó.

nei: H. Sn., J. B., P. O., P. Þ., Sv. Ó., B. J., B. K., E. P., E. A., G. B., K. D.

Ráðherrarnir J. M., S. E. og S. J. greiddu ekki atkvæði.

Fjórir þm. (E. Árna., E. J., H. H., P. J.) fjarstaddir.

Till. afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 965).

14. Rannsókn símleiðar.

Á 47. fundi í Nd., fimtudaginn 30. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um rannsókn símleiðar (A. 721).

Á 48. fundi í Nd., föstudaginn 31. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 50. fundi í Nd., mánudaginn 3. sept., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Jeg skal ekki tefja tíma háttv. þingd. með langri ræðu.

Þessa till. ber jeg fram samkvæmt eindreginni ósk allra kjósenda í norðurhluta Norður-Ísafjarðarsýslu. Það er

mönnum kunnugt, að þessi hluti landsins hefir í samgöngum verið mjög afskiftur. Því var það mönnum gleðiefni um þær slóðir, að lögin 1912 um talsíma- og ritsímakerfi tóku einnig upp símlagning um þessi hjeruð; þess vegna fóru menn að vonast eftir síma um þessar strjálbygðu sveitir. En menn hafa nú vonað og vonað árangurslaust. Þó er það ekki af því, að jeg ber fram þessa till., að þolinmæði manna sje að þrotum komin, því að ef til vill hefir eigi mátt við símanum búast, heldur af því, að mönnum hefir leiðst, að símleiðin skuli ekki vera rannsökuð, enda ágreiningur innan hjeraðs um það, hvar línan skuli lögð. Menn geta ekki búist við því, að síminn verði lagður á meðan svo stendur á, en menn vonast eftir því, að það muni ekki dragast lengi eftir að leiðin hefir verið rannsökuð.

Það má nú segja, að hjer sje um strjálbygðar sveitir að ræða, og því ekki mikilla tekna að vænta af símanum. Þetta sama má nú að vísu segja um ýms önnur hjeruð, sem síma hafa fengið. En þessir menn, sem búa í svo mikilli strjálbygð og dreifingu, eiga sanngirniskröfu til símans, enda hefir þingið viðurkent það, með því að taka símann inn í lögin.

Í þessu sambandi má og minna á eitt mikilsvert atriði, sem ekki eingöngu varðar þetta hjerað, heldur samgöngurnar alment. Það er kunnugt, að fiskveiðar landsmanna, einkum síldveiði, fer að miklu leyti fram á þessum slóðum á sumrum, og ef sími lægi þá að Höfn á Hornströndum, má segja, að sjómönnum væri síminn sama sem heima, með því að fiskleitir þar eru mönnum svo nálægar, og geta þeir þá haft greiðar og sannar fregnir af fiskgöngum annarsstaðar. Allir munu sjá, að þetta er mjög þýðingarmikið. Jeg er líka viss um það, að ef leitað væri álits skipstjóra um þetta, þá mundu þeir eindregið mæla með því, að sími yrði lagður þarna sem allra fyrst, enda á hjer í hlut sjávarútvegur alls landsins, og eitt símasamtal getur oltið á mörgum þúsundum króna fyrir sjávarútveginn. Þess vegna yrði þessi sími í rauninni þýðingarmeiri fyrir landið heldur en símar, sem liggja um miklu þjettbýlli hjeruð, og allir sjávarútvegsmenn mundu geta vænst mikils hagnaðar, ef þessi sími yrði lagður alla leið.

Þessi sími yrði og þýðingarmikill vegna ísa og veðurs. Það er oft svo, að skip leggja af stað frá Ísafirði án þess að vita, hvort þau geta komist fyrir Horn. Ef sími væri, gætu þau haft tök á að fá vitneskju um þetta, og að þessu leyti er þá þetta mál einnig mikilsvert fyrir skipagöngur umhverfis landið. Fyrir veðurfræðina hefir það einnig þýðingu að vita, hvernig ástatt er um veður á þessum slóðum.

Jeg skal enn fremur minna á eitt atriði, sem öllum er enn í fersku minni; jeg á við strand Goðafoss. Það má telja víst, að björgun mundi hafa getað farið fram ef sími hefði legið um þessar slóðir, því að þá mundi hafa náðst í Geir nógu tímanlega og hann hafa verið kominn á vettvang liðlega sólarhringi eftir að slysið varð, en einmitt á öðrum sólarhringi breyttist veðrið og gerði ótækt að bjarga. Þetta eru viðurkend sannindi. Þetta ætti að vera svo mikilvægt atriði, að engum ætti að blandast hugur um það, að með þessum síma má aftra mörgum skaða.

Vænti jeg þá, að stjórnin láti ekki fresta miklu lengur rannsókn þessari, og að síðan verði síminn lagður svo fljótt sem unt er.

Bjarni Jónsson: Jeg stend einungis upp til þess að styrkja málstað háttv. fim. (S. St.), svo sem jeg er alla-

jafna vanur, þegar um málefni þessa landshluta er hjer að ræða. Mjer hefir jafnan verið það ljóst alla tíð síðan jeg las Landnámu, að þessi landshluti þyrfti mjög bættra samgöngutækja. En auk þess, sem nauðsyn hjeraðsbúa krefst þess, þá er það og nauðsyn alls landsins, eins og háttv. flm. (S. St.) tók fram, að vita þar um ís og veður. Hann mintist á sjávarútveginn í þessu sambandi. Hjer má og minna á það, að síldveiðastöð er hjá Horni og að búast má þar við fjölmennum veiðistöðum innan skamms. Og til enn meiri áherslu skal jeg minna menn á frv. um veðurathuganastöð í Reykjavík, sem nú liggur fyrir mentamálanefnd og nefndin mun mæla með. En komist það í framkvæmd, þá er lífsnauðsyn að hafa stöð á Horni og fá þaðan dagleg veðurskeyti; ella yrði lítt til gagns að reka hjer veðurathuganastöð í Reykjavík.

ATKVGR.

Till. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem.

ályktun neðri deildar Alþingis.
(Sjá A. 779).

---

15. Vegamál.

Á 53. fundi í Nd., fimtudaginn 6. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um vegamál. (A. 809).

Á 54. fundi í Nd., föstudaginn 7. sept., var till. tekin til fyrri umr. (A. 809, 824).

Framsm. (Þorleifur Jónsson): Meðal þeirra mála, sem legið hafa fyrir samgöngumálanefndinni, voru nokkur vegafrumvörp frá einstökum þingmönnum. Þau voru flest svo lítið undirbúin, að nefndin gat ekki mælt með, að þau gengju fram, eins og til var stofnað, að minsta kosti ekki á þessu þingi. En nefndinni virtist eigi heldur, að málaleitanir þessar væru svo vanhugsaðar eða ósanngjarnar, að vert væri að vísa þeim frá. Nefndinni kom því saman um að sjóða saman tillögu til þingsályktunar, sem nú er fram komin á þgskj. 809. Jeg þarf ekki að fara langt út í þetta mál, því að allítarleg greinargerð er með tillögunni. Ofurlítið ætla jeg samt að drepa á einstök atriði, þingmönnum til skýringar.

Þá sný jeg mjer að 1. lið tillögunnar. Þingmenn Múlasýslna fluttu frv. um það, að vegurinn frá Egilsstöðum um Hjaltastaðarþinghá út að Hjeraðsflóa skyldi tekinn í tölu flutningabrauta. Nefndin hafði það við þetta mál að athuga, að það hefði engan undirbúning fengið. Vegamálastjóri hafði ekki athugað þessa leið, en það verður að teljast fyrsta skilyrðið til þess, að þingið geti tekið nokkrar ákvarðanir til framkvæmda í vegalagningum, að þær sjeu áður athugaðar af vegamálastjóra og landsstjórn. Hitt er annað mál, að nefndin er á því, að öll sanngirni mæli með því, að vegur um þessar slóðir sje lagður á landssjóðskostnað. Hjerað það, sem hlut á að máli, er fjölment, en ilt yfirferðar, og vonir manna þar um slóðir stefna að því, að einhvern tíma í framtíðinni verði gerð höfn við Hjeraðsflóa. Þá yrði þessi braut aðalakbraut fyrir alt Fljótsdalshjerað. Þótt ómögulegt sje um það að segja, hvort þessar vonir muni nokkurn tíma rætast, þá er hitt

þó líklegt, að við Lagarfljótsbrú rísi upp kauptún, og þá verður nauðsynlegt, að braut liggi þaðan út Hjeraðið. Hvernig sem á þetta er litið, þá er það eðlileg ósk, að akvegur sje lagður eftir Hjeraðinu endilöngu. Á Austurlandi er lítið um akvegi. Fagradalsbrautin og Hróarstunguvegurinn eru einu akfæru vegirnir á Austurlandi. Suðurlandsundirlendinu hefir mest fleygt fram vegna akbrautanna, sem þar hafa verið lagðar. Það er ekki ósanngjarnara, að landssjóður kosti fje til akvega á Austurlandi heldur en t. d. til Grímsnessbrautarinnar, þó að jeg viðurkenni, að hún sje nauðsynleg.

Þá er 2. liðurinn. Að ósk Hafnfirðinga hafði verið borin fram till. um það að leggja veg frá austurbrautinni við Rauðavatn í Mosfellssveit, um Vífilsstaði, á Hafnarfjarðarveginn. Jeg skal geta þess, að nefndin hafði til meðferðar nokkur skjöl um þetta mál, meðal annars ósk frá bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar um það, að leggja veginn beint frá Geithálsi til Hafnarfjarðar. Vegamálastjóri vill leggja veginn talsvert neðar, nálægt Bústöðum. Nefndin sá sjer ekki fært að gera upp á milli þessara leiða, og gat því ekki lagt til, að verkið yrði framkvæmt á næsta fjárhagstímabili. En hún telur sjálfsagt, að Hafnarfjörður fái betri vegarkost við austursveitirnar.

Nefndin leggur því til, að stjórnin láti athuga þetta mál hið bráðasta, og komi því helst til framkvæmda á næsta þingi.

3. liðurinn er um viðhald Fagradalsbrautar. Þetta viðhald er nú kostað af landssjóði að $^1/_3$, en $^2/_3$ hvíla á sýslunum. Nú hefir komið fram ósk um það, að viðhaldinu verði ljett af sýslunum, vegna þess, að mikill hluti brautarinnar liggur í óbygðum. Auk þess er því haldið fram, að hún hafi ekki verið fullgerð þegar henni var skilað. Það er eðlilegt, að þessi krafa sje fram komin, þegar litið er til Suðurlandsbrautarinnar. Viðhald hennar austur fyrir Hellisheiði er alveg á kostnað landssjóðs, af þeirri ástæðu, að hún liggur yfir fjallgarð. En landssjóður kostar þó einnig viðhald þess hluta þeirrar brautar, sem liggur í bygð í Mosfellssveitinni. Það er því sanngjarnt, að landssjóður taki að sjer þann hluta Fagradalsbrautarinnar, sem liggur í óbygðum. Nefndin leggur því til, að stjórnin taki þetta til athugunar til næsta þings.

4. liður er almenns efnis. Á síðari árum hefir talsvert verið lagt úr landssjóði til sýsluvega og brúagerða, sem ekki eru á þjóðvegum. Það, sem vantar, er það, að í þeim efnum hefir ekki verið tekin föst stefna af vegamálastjóranum. Þingið rennir enn þá blint í sjóinn með það, hve miklu eigi að kosta til hvers vegarkafla, og í hvaða röð eigi að taka þá. Nú er t. d. eitthvað byrjað á undirbúningi undir nýja vegargerð í Borgarfirði. Á að gera brú á Hvítá hjá Ferjukoti og leggja akveg af Borgfirðingabraut yfir á þjóðveginn norður. Þar sem vegamálastjóri hefir gert till. um þetta verk, og álit hans hefir legið fyrir samgöngumálanefndinni og fjárveitinganefnd, þá hefir fjárveitinganefnd in lagt til í áliti sínu, að landssjóður kostaði brúna að $^2/_3$, en veginn að hálfu leyti. Þetta er af því, að málið hefir fengið góðan undirbúning, og einnig af hinu, að hjeraðsbúar hafa fyrirfram safnað allvænni upphæð til þessarar vegagerðar. Víðar þyrfti að athuga, hvern skerf landssjóður eigi að leggja til vega. Má t. d. nefna veginn um Vopnafjörð, norður Strandir og brýrnar á Hofsá og Selá, sem heyrst hafa nefndar hjer í deildinni. Víðar eru sýsluvegir, sem vert er að landssjóður leggi eitthvað til og þörf er á að athuga. Það er ekki nema eðlilegt, að þar, sem sýslu-

vegir eru miklir, þurfi sýslufjelögin á stoð landssjóðs að halda til að koma þeim í gott horf. Einkum þar, sem líka er mikið um hreppavegi, eða flutningabrautir, sem sýslufjelögin þurfa að halda við. En til þess, að aðstoð landssjóðs geti komið rjettlátlega niður, verður að koma á fastri reglu um það, hve nær eða í hvaða röð skuli unnið að hverjum vegi fyrir sig, og gera áætlun um, hvað það muni kosta.

Jeg þarf svo ekki að fara fleirum orðum um þetta mál. Jeg vona, að till. fái þolanlegar undirtektir og gangi óhindrað til síðari umr.

Þá ætla jeg að víkja nokkrum orðum að viðaukatill. á þgskj. 824, sem útbýtt hefir verið hjer á fundinum. Nefndinni hefir ekki gefist tækifæri til að bera sig saman um þessa till., svo að jeg get ekki sagt neitt um, hverja afstöðu hún mundi taka til hennar. Mig minnir, að hún sje gamall kunningi. Man ekki betur en að hún lægi fyrir þinginu 1915, og að það vildi ekki sinna henni. (**S. S.:** Það sannar ekkert). Nei, það sannar ekkert. En jeg lít svo á, að bæði vegamálastjóri og landsstjórn sjeu því mótfallin að ljetta þessu viðhaldi af sýslunum. Þess ber að gæta, að brautum þessum er vel í sveit komið, og eru afarmikið notaðar af hjeraðsbúum, ekki að eins að sumrinu, heldur og einnig á veturna, með því að snjóþyngsli eru sjaldan til trafala á þessum brautum. Það er því mikið til þess vinnandi að hafa vegi í þessum hjeruðum. Að vísu hefir verið undan því kvartað, að bílar auki mikið viðhaldskostnaðinn, með því að brjóta niður trjebrýr og ræsi. Nú hefir þingið hlaupið undir bagga með því að veita fje til að gera steinsteypubrýr eða járnbrýr, í stað trjebrúa, og að steypa ræsin. Það ljettir strax viðhaldið að þurfa ekki að kosta til brúa og ræsa. Jeg skal ekkert segja um afstöðu nefndarinnar til þessarar till. En mjer, fyrir mitt leyti, finst öðru máli að gegna um þennan veg en Fagradalsbrautina, sem liggur að mestu leyti í óbygðum. Það er auðvitað þungur baggi fyrir sýslufjelögin, sem mikið vegaviðhald þurfa að kosta. En það verður líka að líta á gagnið, sem þau hafa af brautinni.

Sigurður Sigurðsson: Þó að fáment sje í deildinni, þá verð jeg að gera grein fyrir viðaukatill. okkar þm. Árn. og 2. þm. Rang. (E. J.). Þegar jeg sá till. á þgskj. 809, þar sem skorað er á stjórnina að athuga vegamál landsins og undirbúa þau til næsta þings, þá gladdi það mig, að till. þessi er fram komin. En undarlega þótti mjer bera þarna við, þar sem nýlega var búið að fella hjer í deildinni rökstudda dagskrá um það að skora á stjórnina að endurskoða vegalögin, með sjerstöku tilliti til flokkunar og viðhalds veganna. Mjer þótti vænt um að sjá, að margir af þeim sæmdarmönnum, sem þá greiddu atkv. á móti þeirri till., skrifa nú undir þessa, sem í mörgum atriðum fer fram á það sama. Í raun og veru er mjer vel við till. Hún grípur á töluvert aumum kýlum, sem nauðsyn er á að græða. En mjer er það torskilið, hvers vegna háttv. frsm. (Þorl. J.) eða samgöngumálanefndin leggur á móti viðaukatill. á þgskj. 824, um að athuga, hvort krafa Árnesinga og Rangæinga um það, að ljett sje af þeim viðhaldi vegarins austur yfir sýslurnar að Ytri-Rangá, sje sanngjörn.

Háttv. frsm. (Þorl. J.) sagði, að vegamálastjóri og landsstjórn mundu vera á móti, að þessari kröfu væri sint. Um vegamálastjórann veit jeg ekki. Þetta mál hefir ekki verið borið undir hann, svo að jeg viti. Hann er nýr maður í stöðunni og hefir því ekki athugað málavöxtu. Háttv. frsm. (Þorl. J.) getur

því ekki átt við þann vegamálastjóra, sem nú er. Jeg hefi þvert á móti ástæðu til að ætla, að hann sje með því, að viðhaldinu sje ljett af sýslunum. Hv. þm. Barð. (H. K.) hvíslar að mjer, að nefndin hafi ekki tekið afstöðu á móti till. Jeg skil það svo, að hann sje með henni, eins og hans var von og vísa, því að hann er rjettsýnn maður. Hvort stjórnin er með henni eða móti veit jeg ekki, annað en það, sem heyrst hefir hjer í deildinni frá hæstv. atvinnumálaráðherra. En jeg veit það, að bæði fyrverandi og núverandi fjármálaráðh. eru með henni. Jeg hefi því ástæðu til að ætla, að stjórnin sje ekki á móti till., nema þá hæstv. atvinnumálaráðh., og hann segist ekki vera á móti því, að málið sje athugað.

Annars vil jeg taka það fram, gagnvart till., og gagnvart því, sem háttv. frsm. (Þorl. J.) sagði, að það er ekki aðallega þessi þungi baggi, sem á sýslunum hvílir út af viðhaldi vegarins, sem gerir það að verkum, að farið er fram á, að landssjóður taki að sjer viðhald þessarar brautar. Höfuðástæðan er rjettlætiskrafan. Það var ranglátt að leggja þetta viðhald á sýslurnar, og það er ranglátt að láta það hvíla á þeim. Þetta ranglæti verður að laga, og það verður vonandi gert fyr eða síðar. Vitanlega er þetta viðhald þung kvöð, sem hvílir á Árnessýslu, sem marga vegi aðra hefir um að hugsa, og það er vitanlega skiljanlegt, að útgjaldabagginn þyngist, eftir því sem vegum þar fjölgar. En það er þessi rjettlætiskrafa, sem jeg vona að háttv. frsm. (Þorl. J.) geti skilið.

Jeg skal taka það fram, að jeg er mjög meðmæltur þessum till. samgöngumálanefndar. Jeg skal enn fremur geta þess, að þegar við fluttum frv. um að ljetta þessu viðhaldi af sýslunum austanfjalls, þá tókum við einnig með Mýraveginn og Fagradalsbrautina, og er það þá nægt til að sýna og sanna, að jeg tel alveg rjettmætt, að landssjóður kosti viðhaldið á þeim vegaköflum.

Jeg held nú, að háttv. frsm. (Þorl. J.) sje í raun og veru samþykkur brtt., og líklega fleiri menn í nefndinni, enda væri það grátleg ósamkvæmni, ef þessi till. væri ekki samþ. um leið og hinar verða samþyktar, hvað bölvanlega sem mönnum annars kann að vera við brtt. á þgskj. 824.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Það er leiðinlegt, ef hv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir komist í æsing út af orðum mínum. Mjer fanst jeg fara svo hógværum orðum um till., að jeg gæfi ekki tilefni til slíks. Jeg gat þess, að samgöngumálanefnd hefði ekki tekið afstöðu til till. á þgskj. 824, og það, sem jeg því segði, væri á eigin reikning.

Háttv. þm. (S. S.) sagði, að það væri grátlegt, ef ekki yrði fallist á till.; það getur vel verið, en þá hefði þurft að taka upp í hana viðhald allra flutningabrauta, til þess að fult samræmi hefði komist á.

Háttv. þm. (S. S.) huggar sig við það, að nýi vegamálastjórinn sje hlyntur því, að vegaviðhaldinu sje ljett af hjeraðinu. Það getur vel verið, að hann sje því hlyntur; ekkert hefir samt frá honum komið til nefndarinnar um það, en það er víst, að hingað til hefir vegamálastjórnin lagst á móti þessu og talið það ekki ranglátt að skylda hjeruðin til þessa viðhalds á vegunum. Og jeg get ekki sjeð, að þetta sje að minsta kosti nokkru ranglátara gagnvart þeim hjeruðum, sem brtt. á þgskj. 824. nefnir, en öðrum hjeruðum, sem slíkt viðhald hvílir á, þótt raunar Árnesingar verði að halda við fleiri vegum en aðrir.

Að öðru leyti skal jeg ekki mæla á móti till.; það má vel vera, að sam-

göngumálanefndin verði svo sanngjörn, sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) kallar, að hún vilji aðhyllast till., þrátt fyrir það, þótt hingað til hafi ekki samskonar tilmæli haft stuðning undanfarinna þinga.

Einar Arnórsson: Það er óþarft að hafa kappræður um þetta mál.

Út af því, sem háttv. frsm. (Þorl. J.) sagði um álit vegamálastjórans um þetta mál á undanförnum árum, þá skal jeg geta þess, að Jón Þorlákson, sem þá var enn vegamálastjóri, lýsti yfir því á öllum þingmálafundum í Árnessýslu síðastliðið haust, að hann væri eindregið fylgjandi því, að viðhaldinu yrði ljett af sýslunni. Og munu mjer gagnast vitni að þessu. (**Margir:** Þá var Jón Þorláksson að afla sjer kjörfylgis við kosningarnar).

Þessi till. fer að eins fram á það, að stjórnin athugi málið, og ætti mönnum að vera meinalaust að leyfa það.

Eins og háttv. samþingismaður minn (S. S.) tók fram þá hvílir þessi viðhaldsskylda mjög þungt á sýslunum, og kemur það til af því, að enginn vegur á landinu, sem sýslur eiga að viðhalda, verður fyrir jafnmikilli notkun sem þessi og að erfitt er að fá ofaníburð á sumum stöðum.

Það sýnist eigi vera neitt til fyrirstöðu því, að till. sje samþykt nú, með því að samgöngumálanefnd getur lagt til að kippa henni burt aftur, ef henni líst svo, eftir að hún hefir tekið hana til athugunar.

Þorsteinn Jónsson: Mjer þætti betur hlýða, að háttv. flutningsmenn tækju till. aftur, þangað til samgöngumálanefnd hefði athugað hana.

Einar Arnórsson: Jeg get fallist á, að geymd verði atkvgr. um till. þangað til við síðari umr. þessa máls.

Forseti: Eftir málavöxtum mun best hlýða að geyma atkvgr. um viðaukatill. á þgskj. 824 til síðari umr. þessa máls, og mun það gert.

ATKVGR.
Till. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með öllum gr. atkv.

Á 55. fundi í Nd., laugardaginn 8. sept., var till. tekin til síðari umr. (A. 809, 824).

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Jeg hefi engu við að bæta það, sem jeg tók fram við fyrri umræðuna. En jeg læt þess getið, að meiri hluti samgöngumálanefndar finnur ekki ástæðu til að setja sig á móti brtt. á þgskj. 824, og hún álítur ekkert á móti því, að stjórnin taki mál það til athugunar, er þm Árnesinga og Rangvellinga bera þar fram.

ATKVGR.
Brtt. 824. samþ. með öllum gr. atkv.
Till., svo breytt, samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Ed., mánudaginn 10. sept., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um vegamál,

eins og hún var samþykt við síðari umr. í Nd. (A. 863).

Á 54. fundi Ed., þriðjudaginn 11. sept., var till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., fimtudaginn 13. sept., var till. tekin til síðari umr.

Jóhannes Jóhannesson: Tillaga þessi er flutt af samvinnunefnd samgöngumála og var fyrst borin upp í háttv. Nd. á þgskj. 809. Fylgir henni þar greinargerð nokkur, er jeg skal láta mjer nægja að vísa til.

Í Nd. var 4. liðnum bætt við, eftir till. háttv. þm. Árn. (S. S. og E. A.). Finst mjer ekki nema rjett, að atriði það, er þar ræðir um, sje athugað, og leyfi mjer því að leggja það til, að þingsályktunartillagan verði samþykt eins og hún liggur fyrir.

ATKVGR.

Till. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 940).

---

16. Útvegun á nauðsynjavörum.

Á 11. fundi í Ed., fimtudaginn 19. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um útvegun á nauðsynjavörum (A. 109).

Á 12. fundi í Ed., föstudaginn 20. júlí, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm (Karl Einarsson): Eins og tillagan á þgskj. 109 ber með sjer er hún komin frá bjargráðanefnd þeirri, sem háttv. deild skipaði fyrir nokkru.

Nefndin hefir leyft sjer að koma svo fljótt fram með tillögu þessa af því, að hún áleit það ekki mega dragast lengur að koma með hana. Nauðsynin á þessu er auðsæ. Að vísu hefði nefndinni verið það ljúfara, hefði hún getað athugað betur, hvað stjórnin hefir gert í þessu efni. En nefndina hefir vantað nægar skýrslur um það og ekki unnist tími til þess hjá stjórninni að gefa skýrslur þessar. Nefndin hefir því orðið að byggja á því ástandi, sem er í landinu. Það er vitanlegt, að skortur er á ýmsum af þeim nauðsynjavörum, sem nefndar eru í tillögunni, t. d. á kolum og steinolíu, og birgðir af öðrum nauðsynjavörum eru ekki heldur miklar.

Án þess að leggja neinn dóm á stjórnina að svo komnu um það, hvort hún hefði getað betur gert eða ekki, skal það tekið fram, að miklir erfiðleikar hafa verið á vegi hennar síðan hún tók við völdum.

Það virðist í fljótu bragði mæla á móti því, að tillagan kemur fram, að stjórnin hefir haft fulla heimild til þess að láta framkvæma alt það, er í tillögunni stendur, og mætti ætla, að hún hefði gert alt, sem í hennar valdi stóð. En henni hefir áreiðanlega ekki tekist að birgja landið að þessum vörum, og

hefir þetta valdið miklu tjóni fyrir einstaka landshluta og landið í heild sinni.

Það vakir því fyrir nefndinni, að stjórnin sjái, að Alþingi ætlast til, að landið líði ekki neinn skort, og landsmenn geti að svo miklu leyti, sem unt er, haldið áfram atvinnuvegum sínum.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða um málið að sinni, en áskil mjer rjett til að skýra betur frá því, hvað fyrir nefndinni vakir við síðari umr. þessa máls, ef tillagan mætir mótmælum, og þá taka fram þær aðferðir, sem nefndin telur færar í þessu máli.

Það er von mín, að háttv. deild taki máli þessu vel og vísi því til 2. umræðu.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Eins og háttv. deild mun kunnugt er það aðaláhersluatriði stjórnarinnar að birgja landið upp að nauðsynlegustu neysluvörum og þeim vörum, sem nauðsynlegastar eru framleiðslu. Það er ætlast til þess eftir tillögunni, sem er til umræðu, að þetta verði framkvæmt í sumar. En jeg finn ástæðu til að taka það fram, að eftir því, sem horfurnar eru nú, er tæplega hægt að draga að sjer ársforða nú í sumar. Háttv. frsm. (K. E.) mintist á skýrslur frá landsstjórninni. Jeg vil geta þess, að nú hafa þær verið sendar til hæstv. forseta sameinaðs þings.

Eins og áður er sagt er það tilgangur stjórnarinnar að draga sem mestan forða að landinu. Hvað henni verður ágengt í því efni er mjög erfitt að segja um. En það er mjög gott fyrir stjórnina að hafa skýran vilja þingsins að styðjast við, og því tel jeg það heppilegt, að till. er komin fram.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 14 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., laugardaginn 21. júlí, var till. tekin til síðari umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil að eins mæla nokkur orð í sambandi við það, er jeg drap á í gær.

Hjer í þinginu hafa verið skipaðar bjargráðanefndir, og eru þær nú tilbúnar til starfa. Hafa þær sent stjórnarráðinu áskoranir, og tillaga frá þeim er til umræðu í Nd. í dag.

Tillögurnar lúta að verslun landssjóðs. Heppilegast væri, að þeir einstaklingar, í hvorri deildinni um sig, er kynnu að hugsa til að bera fram tillögur, er lúta að þessu, beri sig saman við bjargráðanefndirnar og kynni sjer í stjórnarráðinu, hvað gert hefir verið í þessu efni. Við það yrði samræmið sem best milli tillagnanna. Jeg segi þetta ekki til að hindra framgang þessarar tillögu, heldur er þetta að eins almenns efnis.

Jeg hygg, að gott væri fyrir landsstjórnina að fá skýringu á því, hvort ætlast sje til þess með þessum till., sem nú er um að ræða, að landsstjórnin ein birgi landið að nauðsynjavörum til eins árs, án tillits til þess, sem aðrir kunna að draga að sjer, eða hvort birgðir kaupmanna skuli taldar með. Það er ekki vel ljóst, en jeg býst við, að umræðurnar skýri það.

Það er bráðnauðsynlegt að hafa mikinn forða fyrirliggjandi, en þó verða menn að hafa í huga væntanlegar afleiðingar, því að verðfall verður að líkindum töluvert mikið er ófriðnum linnir og samgöngur greiðast. En þó

munu allir kjósa það fremur en vöruskort.

Jeg mintist á það í gær, að stjórninni hefði þótt það æskilegt, að landið gæti dregið að sjer 8 mánaða forða að minsta kosti. En nú sje jeg, að sumir hafa misskilið mig á þá leið, að jeg hafi sagt, að landið ætti 8 mánaða forða af matvælum. Misskilningur þessi hefir meðal annars komið fram í blaði einu í morgun, og finn jeg því ástæðu til þess að leiðrjetta hann nú. Tillaga þessi fer fram á þriðjungi meiri birgðir, og hefi jeg ekkert að athuga við það, ef það er eindreginn vilji hins háa Alþingis í heild sinni.

Það var sjerstaklega til þess að fá skýringu á því, hvernig skilja beri tillöguna, að jeg tók til máls, og vona jeg, að háttv. frsm. (K. E.) skýri þetta atriði nánar.

Frsm. (Karl Einarsson): Það er alveg rjett athugað hjá hæstv. ráðherra, að það er heppilegast, að bjargráðanefndirnar og þeir einstakir þingmenn, sem vilja koma með tillögur um endurbætur á landsjóðsversluninni, vinni sem best saman.

Jeg tók það einmitt fram í gær, að stjórnarráðinu vanst ekki tími til þess að láta nefndinni í tje skýrslur um verslun landsins, en þær skýrslur eru nú komnar fram. Nefndin áleit það óverjandi að draga það lengur að bera tillögu þessa fram, sem hún þegar hafði samþykt fyrir nokkru og sent stjórninni brjeflega. En þar sem nefndinni var það ljóst, að jafnt fyrir því þurfti að koma fram og samþykkja þingsályktun um málið, ef það átti að hafa nokkra þýðingu, þá kom hún fram með tillöguna, og hefi jeg þegar gert grein fyrir, að nefndin áleit ekki verjandi að draga það lengur.

Í tilefni af fyrirspurn hæstv. atvinnumálaráðherra um það, hvort ætlast sje til þess, að landsstjórnin sjái landinu fyrir ársbirgðum af nauðsynjavörum, vil jeg taka það fram, að í till. felst, að landsstjórnin sjái um, að forði þessi flytjist til landsins — sje til í landinu. Nefndin ætlast til þess, að landsstjórnin aðstoði þá menn, er flytja vörur hingað til landsins, sjerstaklega með því að útvega þeim skipakost. Það hafa verið aðalvandræði kaupmanna, hversu erfitt það er að fá skip til flutninga. Eins og öllum er kunnugt hafa aðalviðskifti kaupmanna verið við Danmörku og England. Sambandinu við Danmörku hefir verið slitið síðan í febrúar; að eins hafa örfá skip komið nú upp á síðkastið, og öll hafa þau verið fullfermd.

Hæstv. atvinnumálaráðherra mintist á vöruforða landsins. Taldi hann æskilegt, að landið hefði fyrirliggjandi 8 mánaða forða, en orð hans hafa verið misskilin, og er mjög óheppilegt, að slíkur misskilningur skuli eiga sjer stað.

Nefndinni er kunnugt um, að skortur er á steinolíu og saltí. (**Atvinnumálaráðherra:** Og kolum). Já, og líka kolum mjög víða, og það svo mjög, að útgerð verður tæplega rekin í eins stórum stíl og áður. Og víða er jafnvel enn skortur á matvælum.

Það er tilætlun nefndarinnar, að stjórnin geri sjerstakar ráðstafanir til þess, að vörur þessar verði fluttar til landsins nú í sumar og í haust, og helst sem allra fyrst. En ekki ætlast nefndin til þess, að stjórnin liggi sjálf með allar þessar birgðir.

Stjórnin hefir látið safna skýrslum um birgðir einstakra manna. Til þessa eru nefndir í hverjum hreppi á landinu; gera þær skrá yfir vörur þær, sem í hvert hjerað koma, og þær vörur, er þar eru fyrirliggjandi. Með þessu er

mjög auðvelt að fá upplýsingar um það, hvaða birgðir eru á hverjum stað á landinu á hverjum tíma sem er.

Tilætlun nefndarinnar er, að í sumar og haust verði flutt það af þessum vörum til landsins, sem á vantar ársforða, hvort sem landsstjórnin á þær vörur, kaupmenn eða aðrir.

Jeg ætla svo ekki að ræða meira um till. að sinni, en vona, að háttv. deild samþ. hana.

ATKVGR.

Till. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 17. fundi í Nd., miðvikudaginn 25. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um útvegun á nauðsynjavörum,

eins og hún var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 142).

Á 18. fundi í Nd., fimtudaginn 26. júlí, var till. tekin til fyrri umr.

Einar Arnórsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á, að málinu verði vísað til bjargráðanefndar, að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. í e. hlj., og til bjargráðanefndar (sjá A, bls. 1620) í e. hlj.

Á 22. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. ágúst, var till. tekin til síðari umr. (A. 142, 183).

Frsm. (Einar Arnórsson): Þessi till. er hingað komin frá háttv. Ed. og var vísað til bjargráðanefndar hjer í deildinni. Nefndin hefir haft till. til athugunar og leyfir sjer að leggja til þessara breytinga á henni: Í stað »skora á stjórnina að birgja landið upp . . .« komi: »skora á landsstjórnina að gera sitt ítrasta til að birgja landið ... .«. Enn fremur leggur hún til þess, að skeytt sje aftan við till.: »svo og að afla landinu eftir föngum annara nauðsynja, svo sem veiðarfæra, verkfæra, læknislyfja o. s. frv.«

Þessar breytingar er að sjálfsögðu ekki að skoða sem efnisbreytingar, en úr því að till. kom fram í þessa átt, þá þótti nefndinni rjett að taka fleiri dæmi nauðsynja en hv. Ed. hefir tekið með, þótt engan veginn sje hjer um tæmandi talning að ræða; stjórnin verður sjálf að fara eftir því, sem henni þykir haganlegast. Annars sýnist bæði mjer og öðrum till. lítt þörf; stjórnin hefir vitanlega útvegað þessar vörur og heldur að sjálfsögðu áfram að útvega þær, en fyrst að háttv. Ed. hefir talið rjett að koma með þessa till., þá hefir bjargráðanefnd Nd. ekki þótt rjett að leggja stein í götu hennar. Þessi till. er þá nokkurskonar siðferðileg hvöt fyrir stjórnina, en þrátt fyrir hana verður stjórnin að haga ráðstöfunum sínum eftir atvikum og eftir því, sem hún telur best henta. Ekki svo að skilja, að jeg vilji draga úr stjórninni með að birgja upp landið, eftir því, sem hún sjer sjer fært, en enginn getur skuldbundið hana framar en henni er kleift.

Jeg hefi þá ekki ástæðu til þess að ræða nánara um málið; vænti jeg þess, að till. verði samþ. eins og bjargráðanefnd hefir gengið frá henni.

ATKVGR.

Brtt. 183. (ný tillgr.) samþ. í e. hlj.

Till., svo breytt, samþ. í e. hlj. og afgr. til Sþ.

Á 23. fundi í Nd., fimtudaginn 2. ágúst, og á 20. fundi í Ed., s. d., var útbýtt frá Sþ.

Tillögu til þingsályktunar um útvegun á nauðsynjavörum,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 256).

Á 4. fundi í Sþ., þriðjudaginn 21. ágúst, var till. tekin til umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 553).

---

17. Fjallgöngur og rjettir.

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 21. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um fjallgöngur og rjettir (A. 526).

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 22. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 23. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg vil með nokkrum orðum skýra frá ástæðum þeim, er liggja til þess, að landbúnaðarnefndin ber fram till. þessa.

Eins og öllum háttv. þm. hlýtur kunnugt að vera þá byrjaði sláttur venju fremur seint í sumar; var það grasleysi að kenna. Þegar svo loks sláttur byrjaði, voru tún yfirleitt illa sprottin, og sífeld votviðri gengu í flestum hjeruðum landsins, svo að allar líkur eru til þess, að taðan sje lítil, skemd og hrakin víða. En nú hefir tíðarfarið breyst, og eru komnir þurkar og hagstæð heyskapartíð, engi víða orðin dável sprottin, og hey hefir náðst inn.

Þegar töðufallið hefir orðið svona lítið og heyannir gengið stirt, þá skiftir það miklu máli, ef hægt væri að lengja sláttinn nokkuð, og eigi hvað síst er þess er gætt, að skortur hefir verið á fólki til heyvinnu.

Það eru líka ýmsar ástæður, er liggja til þess, að líkindi eru til, að djarfar verði sett á vetur í haust en oft áður. Heyin lítil, en svo hefir líka engin hrossasala átt sjer stað út úr landinu, og tvísýna mikil á því, hvernig kjötmarkaður verður í haust — alt útlit þó fyrir, að hann verði til muna lakari en undanfarin ár.

Jeg veit, að háttv. deild er það ljóst, að af þessu hvorutveggja, engri hrossasölu og verri og minni afsetningu á sláturfje, leiðir það, að nú er, meir en oft áður, brýn nauðsyn mikilla heyja, og þá einnig það að fresta fjallgöngum og rjettum í haust um 1 viku, er, eins og nú stendur á, nauðsynleg bjargráð, bein ófriðarráðstöfun, betri heldur en öll lög og reglur um fóðurbætiskaup.

Það er ekki lítið, er heyja má um land alt á einni viku. Það munar um þann fóðurauka. Og auk þess, er jeg hefi nú tekið fram, þá má geta þess, og það er ekki lítið atriði, að vel má það verða, að um það leyti, sem sláturtíð á að byrja í haust, ef rjettum verður ekki

frestað, vanti bæði salt og tunnur, og það er bæði vinnutap og skaði á fjenu að smala því af afrjettum löngu fyr en sláturtíð byrjar.

Jeg hefi, síðan nefndin kom með till., hreyft þessu við ýmsa bændur, er jeg hefi hitt og talað við í síma, og hafa þeir allir verið á einu máli um það að fýsa þess, að till. næði fram að ganga.

Jeg vil geta þess, að það getur leikið nokkur vafi á um það, hvort hægt er að ná tilgangi till. með þeirri leið, sem hjer er farin. Jeg hefi átt tal við hæstv. forsætisráðherra um það, og skildist mjer svo, sem hann teldi ekkert vera því sjerstaklega til fyrirstöðu, að stjórnin gæti annast um framkvæmdir málsins.

Jeg leyfi mjer svo að vænta þess, að háttv. deild samþ. till.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Háttv. frsm. (G. Ó.) hefir gert grein fyrir ástæðum háttv. landbúnaðarnefndar fyrir þessari tillögu, og get jeg verið honum samdóma um þær, en jeg hygg, að tillagan fari ef til vill oflangt í einu atriði, þar sem hún segir, að landsstjórnin »geri ráðstafanir til«, því að jeg fæ ekki sjeð, hvernig landsstjórnin á í þessu efni að gera ráðstafanir, sem sveitarstjórnunum er skylt að fara eftir. Jeg hygg, að þetta mál sje algerlega á valdsviði hlutaðeigandi sýslunefnda, og ef sveitarstjórnirnar ættu að vera skyldar að hlýða þessu, þá þyrfti lög um það. En nú er svo liðið á þingtíma, að varla er tími til þess, að nýtt frumvarp næði fram að ganga, og auk þess væru slík lög mikil breyting á grundvelli þeim, sem sveitarstjórnarlögin eru bygð á.

Eins og nú hagar fara fjallgöngur sumstaðar fram eftir vikudegi, en annarsstaðar eftir mánaðardegi, og sumstaðar verða sýslufjelög að verða samtaka um fjallgöngurnar.

Jeg vil beina því til nefndarinnar, hvort hún vill ekki taka tillöguna út af dagskrá og athuga orðalag hennar nánar, t. d. að í stað »gera ráðstafanir til« kæmi: leitast við að fá framgengt, en víst er um það, að landsstjórnin mun strax og tillagan verður samþykt síma hana til allra sýslumanna landsins, með ósk um, að þeir stuðli að því, að henni verði framgengt. Jeg býst við því, að það mæti eins miklum vinsældum, að farið sje að almenningi með lipurð og lægni, og það verði alt eins heppilegt til framgangs málinu.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg gæti fallið frá orðinu, eftir að hæstv. atvinnumálaráðherra hefir tekið til máls; jeg ætlaði mjer að eins að leyfa mjer að beina þeirri fyrirspurn til hans, hvort hann telji stjórnina hafa lagaheimild til þess að gera ráðstafanir þær, sem þingsályktunartillaga þessi skorar á landsstjórnina að gera.

Fjallgöngur og rjettir eru ákveðnar í fjallskilareglugerðum, sem settar eru af sýslunefndum, eftir sjerstakri lagaheimild, og staðfestar af stjórnarráðinu. Þessum reglugerðum verður ekki breytt eða þær numdar úr gildi á annan hátt en þær eru til orðnar. Sveitarstjórnarlögin heimila stjórninni ekki að breyta þeim, og jeg get ekki heldur fundið neina heimild fyrir hana til þess í lögunum frá 1. febr. þ. á., um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

Ef tilgangur þingsályktunartillögunnar ætti að nást, yrði að mínu áliti að setja sjerstök lög eða heimildarlög um frestun fjallgangna og rjetta.

Jeg sje, að hæstv. atvinnumálaráðh. er mjer samdóma um lagahlið ráðstafana þeirra, sem ætlast er til að gerðar verði, og vil jeg styðja till. hans um,

að málið verði tekið út af dagskrá og tekið til athugunar á ný í landbúnaðarnefnd.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Það gladdi mig, að hæstv. atvinnumálaráðherra talaði mjög hlýlega í garð þessarar þingsályktunartillögu og að hann var samþykkur ástæðum nefndarinnar, en sú ástæða er til, að nefndin færði fjallgöngurnar til um viku, að ella gátu rjettir lent á helgum degi, og að eigi munar nema um 1 dag, hvað rjettir verða seinna í haust, þótt frestað verði um 1 viku, miðað við það, sem þær verða að ári, vegna sumaraukans nú.

Vegna þess, að jeg gat þess áðan, að jeg hefði átt tal við hæstv. forsætisráðherra um málið, þá vil jeg taka það fram, að það var áður en till. kom fram, svo að vel má vera, að hann sje ekki með öllu samþ. orðalagi till.

Að fara nú að vinna að lagasetning um þetta finst mjer ekki vera unt, því að það er liðið svo langt á tímann, að það er varla unt, að sú leið sje fær til framkvæmda.

Landbúnaðarnefndinni er ekki kappsmál, hvernig till. er orðuð, og hefir því ekkert á móti því, að málið sje tekið út af dagskrá og umr. frestað til morguns, en henni er kappsmál um, að tilgangi till. verði náð.

Guðjón Guðlaugsson: Mjer finst það vera illa farið, ef þessi till. getur ekki komist til framkvæmdar; mjer finst hjer vera að ræða um bráðnauðsynlega, sanngjarna og heppilega dýrtíðarráðstöfun, og eins og hv. frsm. (G. Ó.) tók fram, að hún mundi að miklum mun auka heyfeng manna og með því að nokkru koma í veg fyrir tjón og skaða þann, er dýrtíð veldur.

Hæstv. atvinnumálaráðherra tók það fram, að sumstaðar færu fjallgöngur fram eftir mánaðardegi, en jeg þekki þess hvergi dæmi. Alstaðar þar, sem jeg þekki til, fara fjallgöngur fram eftir vikudegi, og í sumar er sumarauki, svo að fjallgöngur fara nú sex dögum fyr fram en að ári. Ef það væri því óráðlegt að seinka rjettum nú um viku, vegna slæmrar veðráttu, þá væri óráðlegt að hafa þær svo seint að ári, og ætti því að flytja þær þá fram um eina viku.

Eftir því, sem jeg hefi litið til í svip, þá fara fjallgöngur í haust fram, þar sem jeg þekki til, 17. september, en ef till. okkar í landbúnaðarnefndinni væri samþ. og framkvæmd, færu þær fram 23. september, en að ári eiga þær að fara fram 22. september. Það mega því allir sjá, að tillaga þessi er í alla staði rjettmæt, og það er óheppilegt, að fjallgöngur hefjist fyr en þörf er á; það tefur menn frá heyskap, og eftir reynslu er það hið sama og að menn hætti þá heyafla sínum. Það verður ætíð lítið úr heyvinnu — og oftast ekkert — eftir fjallgöngur.

Það má vel vera, að orðalag tillögunnar mætti vera betra; það er ekkert aðalatriði; hitt er aðalatriði, að fjallgöngur byrji nú viku síðar en fjallskilareglugerðir mæla fyrir um; það er nauðsynjamál og svo sjálfsagt, að það á að gerast eins og hver önnur dýrtíðarráðstöfun, sem gerð er nú í tilefni af dýrtíð þeirri, er stríðið veldur.

Jeg hefi því ekkert á móti því, að tillagan sje tekin út af dagskrá nú, með því móti, að hún verði sett á dagskrá aftur á morgun, því að það er nauðsyn að hraða málinu sem mest.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það gleður mig, hversu góðar undirtektir það fær hjá landbúnaðarnefndinni að taka tillöguna út af dagskrá, en jeg

lít svo á, að breyting sú, sem jeg óska, sje ekki eingöngu orðabreyting, heldur líka efnisbreyting. Annars álít jeg, að það væri æskilegt, ef nefndin vildi bera ráð sín um tillögu þessa saman við landsstjórnina í heild sinni. Jeg geri ráð fyrir, að það væri heppilegast fyrir framgang málsins.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Ed., föstudaginn 24. ágúst, var fram haldið einni umr. um till. (A. 526, 607).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Landbúnaðarnefndin hefir komið fram með brtt. á þgskj. 607 við þingsályktunartill. á þgskj. 526. Þessi brtt. er fram komin að tilhlutun hæstv. atvinnumálaráðherra, og er með henni ætlast til, að orðin í þingsályktuninni »að gera nú þegar ráðstafanir til þess« falli burt, en í þeirra stað komi: að fá því nú þegar framgengt. Jeg fæ ekki annað sjeð en að þetta orðalag geti komið í sama stað niður, en hæstv. atvinnumálaráðherra telur það kost, ef svo er orðað.

Jeg held, að jeg hafi gert svo ítarlega grein fyrir þessari þingsályktunartillögu í gær, að jeg sje ekki ástæðu til þess að gera það frekar, sjerstaklega þegar þess er gætt, að ekki var annað að heyra en að háttv. deild væri málinu fremur hlynt. Vona jeg nú, að hún sjái ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja tillöguna.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg býst við, að það sje alveg rjett hjá háttv. frsm. (G. Ó.), að árangur muni verða jafngóður af tillögunni, þótt hún verði samþykt með þeirri breytingu, sem farið er fram á á þgskj 607. Till. er aðgengilegri fyrir stjórnina, ef hún er samþykt með því orðalagi. Það er svo að sjá, sem ætlast sje til þess, að tillagan verði einnig send til háttv. Nd., og ef hún verður samþykt þar, mun stjórnin greiða fyrir málinu eftir föngum.

ATKVGR.

Brtt. 607. samþ. með 8. shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 43. fundi í Nd., laugardaginn 25. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um fjallgöngur og rjettir,

eins og hún var samþykt við eina umr. í Ed. (A. 624).

Á 44. fundi í Nd., mánudaginn 27. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ein umræða ákveðin.

Á 45. fundi í Nd., þriðjudaginn 28. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hygg, að bent hafi verið á það við umræðu þessarar tillögu í háttv. Ed., að hjer er að ræða um breytingu og takmörkun á lagafyrirmæli. Það er því ekki hægt að skipa sýslunefndum að breyta gildandi reglum um fjallgöngur og rjettir. Hið eina, sem hægt er að gera, er það að síma tillöguna til formanna sýslunefnda og mælast til þess, að tillit verði tekið til hennar og ráðstafanir gerðar, eftir því sem þörf er á. Ef sýslunefndirnar neita að taka tillöguna til greina, þá verður ekki lengra komist. Jeg tek þetta fram nú, til þess að flutningsmenn tillögunnar verði ekki

fyrir neinum vonbrigðum, þótt minna kynni að verða úr framkvæmdum en til er ætlast. Að öðru leyti er sjálfsagt að framfylgja vilja þingsins í þessu efni sem öðrum, eftir því sem hægt er að lögum. Mjer finst ástæða til að taka þetta fram, vegna þess, að jeg hefi heyrt, að að minsta kosti ein sýslunefnd telji þessa ráðstöfun varhugaverða. Jeg hygg þó, að það mundi verða ofan á, ef tillagan verður samþykt, að flestar sýslunefndir mundu fara eftir tilmælum stjórnarinnar í þessu efni.

Þórarinn Jónsson: Eins og hæstv. forsætisráðherra tók fram er það það, sem gefur tillögu þessari gildi, að allir fallist á hana og taki fyrirmæli hennar til greina. Þar sem víða hagar svo til, að leitir verða að fara fram samtímis úr mörgum hjeruðum, þá er auðvitað óframkvæmanlegt að fresta leitunum, ef eitt hjeraðið skerst úr leik. Vel getur verið, að sumstaðar hagi svo til, að þetta verði ekki að sök, en alstaðar þar, sem afrjettarlönd liggja saman, verður að leita samkomulags. Það, sem vakað hefir fyrir flutningsmönnum þessarar tillögu er auðvitað það, að heyskapur byrjaði óvenjulega seint, og því ástæða til að halda honum áfram í lengstu lög. En hins vegar mun mega ganga út frá því, að þegar leitir byrja sje heyskap lokið hjá flestum. Frá þessari hlið sjeð er einmitt mikil ástæða til að fresta rjettunum að þessu sinni. Það mælir líka með frestuninni, að nú er sumarauki og því lengra til vetrar frá rjettunum heldur en vanalega, og færslan yrði hvort sem er næsta haust. Nú er það, eins og allir vita, alt undir veðráttunni komið, hvort nokkurt gagn verður að þessari viku til heyskapar. Vel gæti svo farið, að veðráttan leyfði alls ekki, að neitt væri við heyskap átt. En um veðrið er engu hægt að spá fyrirfram, og það verður að vera undir hepninni komið, hvernig það lánast. Þótt nokkuð sje óvíst um árangurinn, þá álít jeg rjett að samþykkja tillöguna, eins og hún er, í von um, að framkvæmdum verði hagað samkvæmt tilmælum hennar. Fari svo, að margir verði á móti tillögunni og vilji ekki taka tillit til hennar, þá nær það mál ekki lengra.

Einar Jónsson: Jeg er í talsverðum efa um, hvort jeg eigi að greiða atkvæði með þessari tillögu eða ekki. Það er nú orðið svo áliðið sumars, að fjarlægar sveitir, sem þurfa að koma sjer saman um smölun á afrjetti, hafa varla tíma til að tala sig saman um það, ef breyting á að verða á leitartíma. Það er víða, sem menn verða að mætast á afrjettinum og geta því ekki komist hjá að tala sig nákvæmlega saman um, hve nær leitin skuli hafin. Jeg get nefnt til dæmis, að úr Rangárvallasýslu eiga menn að leita inn á öræfi og mæta þar Norðlendingum. Það má því ekki bregðast, að þeir sjeu komnir þangað á ákveðnum tíma. Það er alveg rjett hjá háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) að frestunin kemur ekki að neinu gagni nema tíðin verði góð. Ef rigningar verða, verður ekkert úr heyskap. En ef rigningar ganga í sveitum, þá geta oft verið fjárskaðabyljir á fjöllum, eftir að sá tími er kominn. Það gæti þá orðið stórskaðlegt að fresta leitunum. Sökum þess þá, að nú er orðið svo áliðið, að vafasamt er, hvort hægt er að koma þessari breytingu á, og auk þess má teljast mjög hæpið að fara nú að breyta gamalli venju um þetta efni, enda gæti fjenaður orðið í mikilli hættu á fjöllum, ef úr þessari frestun yrði, þá tel jeg hyggilegra að samþykkja ekki tillöguna. Jeg mun því greiða atkvæði á móti henni. Jeg hygg, að þetta

sjeu aðalástæðurnar, sem þarf að taka fram í þessu máli, en ef til vill mætti benda á fleiri.

Sigurður Sigurðsson: Jeg vil leyfa mjer að mæla sem best með því, að rjettir sjeu færðar aftur um eina viku. (**Fjármálaráðherra (S. E.):** Það er ómögulegt að framkvæma það). Jeg hafði litið svo á, að þar sem svona sjerstaklega stendur á, mundi stjórnin upp á sitt eindæmi geta fyrirskipað þetta, ef hún hefði mikinn meiri hluta þings að baki sjer. Það fer auðvitað mikill tími í það að kalla saman allar sýslunefndir. Ef stjórnin sjer sjer samt sem áður ekki fært að gera þessa ákvörðun ein, þá tel jeg víst, að sýslumenn geti víða leitað álits sýslunefndarmanna, án þess að kalla þá saman á fund. Þar, sem símasambönd eru, ætti þetta að vera auðvelt. Ef tillagan verður samþykt, þá má ekki draga á langinn að tilkynna sýslumönnum það. Það verður að gera strax, símleiðis. Jeg er ekki í neinum vafa um það, að þetta mundi verða mjög vinsæl ráðstöfun. Víða eru uppi óskir um það, að hægt væri að fresta leitunum að þessu sinni. Stafar það af því, hve heyskapur byrjaði seint um land alt, og hefir auk þess orðið fyrir töfum, vegna ótíðar, á Suður- og Vesturlandi. Fyrir því er full þörf á að teygja heyskapinn svo langt fram á haustið, sem unt er. Jafnvel úr Strandasýslu, þar sem þó er einna mestum erfiðleikum bundið að framkvæma þessa ráðstöfun, hafa komið fram mjög eindregnar óskir um að fresta leitunum. Jeg vona, að háttvirt deild sjái sjer fært að samþykkja tillöguna. Hún hefir einnig mikið fylgi í háttv. Ed. Það má líka minna á það, að óskirnar um það að fresta leitunum eru einmitt komnar úr norðursveitunum, þar sem hættan er þó meiri, ef illa tekst til. Nú er líka svo til háttað á sumum útkjálkum landsins, þar sem snjókoma eða ill veður gætu gert það hættulegt að fresta göngunum, að þar þarf þess ekki með, því að þær sveitir hafa ekki fjársamgang við önnur hjeruð. En víðast hvar stendur þó svo á, að samband þarf að vera með leitir og rjettir um landið. Jeg vildi helst, að stjórnin sæi sjer fært að fyrirskipa þetta, án þess að fara að kalla saman sýslufundi. Jeg er líka hræddur um, að ekki yrði sem best samræmi í ályktunum þeirra, og þá ber að sama brunni, að stjórnin verður að skera úr. Ef stjórnin getur, þá ætti hún að gera þessar ráðstafanir, án álits annara en þingsins, og jeg held, að það sje ekki nema hjartveiki hjá henni að þora ekki að ráðast í það, með þingviljann að baki sjer.

Magnús Pjetursson: Jeg hefi í raun og veru ekki miklu að bæta við orð háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). En af því að ekki hafa komið beinar óskir um að fresta fjallskilum á komandi hausti annarsstaðar að en úr minu kjördæmi, þá finn jeg mjer skylt að segja nokkur orð. Háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) talaði um það, að orðið væri ofáliðið sumars til að koma þessu í kring. Jeg sje ekki annað en að nokkur tími sje til stefnu enn þá. Nú er 28. ágúst. Ef tillagan verður afgreidd frá þinginu í dag og símuð strax til allra sýslumanna, þá ætti að vera hægt að koma í kring þeim ráðstöfunum, sem þörf er á. Jeg vildi líka benda á eina ástæðu, sem mælir með þessari frestun og vegur mikið að minu áliti. Það gæti skeð, að ekki væri komið nægilegt salt til allra kauptúna á venjulegum rjettatíma. Jeg veit ekki, hvort þingmenn eru allir öruggir um það, að sláturtíð geti byrjað

á rjettum tíma, af þessari ástæðu. Það getur vel verið, að öðrum sje kunnugra um það en mjer, að þetta sje að fullu trygt, en varlegra er þó að gera ráð fyrir, að svo sje ekki. Sama háttv. þm. fanst ekki rjett að vera að gera þessa undantekningu í þetta sinn. Jú, einmitt í þetta sinn, en ekki endrarnær. Jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að þetta sje bráðabirgðaráðstöfun, sem gerð er sjerstaklega vegna þess, hvernig nú er ástatt.

Eins og háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) tók fram byrjaði heyskapur mjög seint, og tafðist að mun vegna ótíðar, að minsta kosti í sumum hjeruðum. Jeg hafði ekki búist við því, að kalla þyrfti saman sýslufundi til að ráða fram úr þessu. Jeg hjelt, að sýslumaður gæti lagt tillöguna fyrir hvert upprekstrarfjelag fyrir sig og komið þannig á samkomulagi, eða þá kallað þá sýslunefndarmenn í sína, sem hægt væri að ná í, til þess að heyra álit þeirra um málið. Meira að segja mundu allir taka fult tillit til tillögunnar, þótt hún kæmi ekki sem beint fyrirmæli frá stjórninni. Jeg er viss um, að ekkert eitt upprekstrarfjelag, eða nokkur sýslunefnd, færi að skerast úr leik. Hv. 2. þm. Rang. (E.J.) sagði, að þetta gæti orðið hættulegt, ef veður yrðu slæm. Það má auðvitað segja, að slíkt geti komið fyrir. En ill veður geta líka komið, þótt það sje vikunni fyr. Það er því hending ein, sem ræður í því efni. Það mælir enn fremur með tillögunni, að þótt göngum verði nú frestað um eina viku, þá verða þær samt ekki seinna en þær verða næsta haust. Jeg vona, að háttv. deild taki tillit til þeirra óska, sem fram eru komnar. Fyrir norðan er það mjög eindreginn vilji, að þetta komist í framkvæmd. Ýmsir menn áttu tal við mig um það. En jeg mæltist til, að þeir bæru sig saman um þetta mál, og árangurinn er áskorun til þingsins. Þess vegna er þetta skeyti komið, sem gefið hefir tilefni til þess að jeg stóð upp.

Forsætisráðherra (J. M.): Út af athugasemd háttv. þm. Stranda. (M. P.) vil jeg geta þess, að jeg hafði ekki hugsað mjer, að kvatt yrði til sýslufunda út af þessu máli, heldur geri jeg ráð fyrir, að það verði mikið undir sýslumönnunum komið, hvernig þeir snúa sjer í því. Líklegast þykir mjer, að þeir mundu bera það undir sveitarfjelögin, enda eru það þau, sem mest hafa að segja í þessu máli. Ef til vill gætu þeir leitað álits einstakra sýslunefndarmanna, eða farið einhverjar aðrar leiðir, alt eftir því, hvernig hagar til á hverjum stað.

Björn Stefánsson: Ef jeg ætti að haga mjer í þessu máli eftir því, sem kjósendum mínum mundi geðjast best, þá ætti jeg að mæla sterklega með þessari tillögu. Þar eru víðast hvar litlar afrjettir, sem hægt er að hreinsa á einum degi. Samt sem áður finst mjer tillagan svo glæfralega orðuð, að óhæfilegt sje að samþykkja hana, eins og hún liggur fyrir. Tíðin er að vísu góð nú, en það er ekki víst, að svo verði þegar kemur að gangnadegi, svo að alls ekki er víst, að frestunin kæmi bændum að neinu gagni. Það getur heldur enginn sagt nema fjárskaðaveður geti komið á þessari viku, svo að fje týnist á afrjettum. Það gæti því dregið þungan dilk á eftir sjer, ef þingið yrði þess valdandi, að göngum verði frestað. Eða haldið þið ekki, að hlutaðeigendur mundu vilja fá skaðabætur greiddar af þinginu, ef þeir mistu meira eða minna af fje sínu fyrir tilvikið? Jeg hygg, að erfitt mundi vera að neita þeim um það. Jeg vildi ekki ganga lengra en það að heimila þeim, sem

vildu, að fresta leitunum. Tillagan ætti því að vera orðuð eitthvað í þá átt. En eftir yfirlýsingu hæstv. forsætisráðherra um það, hvernig með tillöguna verði farið, þrátt fyrir orðalagið, þá sje jeg ekki neitt hættulegt við að samþykkja hana. Í raun og veru verður þetta engin fyrirskipun, heldur að eins heimild til sveitarfjelaganna, enda álít jeg, að þingið megi ekki ganga lengra, að eins gefa heimild, en enga fyrirskipun; en óviðkunnanlegt er, að orðalag till. sje ekki í samræmi við það, hvernig á að framfylgja henni.

Pjetur Jónsson: Jeg býst við að greiða atkvæði með tillögunni, með þeim skýringum, sem hæstv. forsætisráðherra hefir gefið um meðferð hennar. Jeg álít, að hjer geti ekki verið um annað að ræða en hvatning um það að fresta göngum að þessu sinni. Þingið getur ekki tekið fram fyrir hendurnar á sveitarfjelögunum í þessu efni, nema þá með því að breyta sveitarstjórnarlögunum. Jeg get tekið það fram um Þingeyjarsýslu, að þar er búið að seinka göngum um 3 daga, og við því verður ekki hreyft, hvað sem þingið gerir. Jeg vona því, að tillagan verði ekki skoðuð sem valdboð, heldur að eins sem hvatning. Á þeim grundvelli er hægt að samþykkja hana, en á engum öðrum.

Einar Jónsson: Það var ekki ætlun mín að fara að berjast á móti tillögunni, heldur vildi jeg að eins benda á, hvað af henni gæti leitt. Mjer er ómögulegt að fallast á þá staðhæfingu háttv. þm. Stranda. (M. P.), að tíminn sje ekki ofknappur. Það er víða langt á milli sveita, sem verða að bera sig saman um fjallgöngurnar, af því að afrjettalöndin liggja saman, en ekki alstaðar símasambönd, sem hægt er að nota. Jeg get nefnt sem dæmi það, sem mjer er kunnugast, af því að það er í minni sveit. Rangárvallahreppur á að smala á móti Skaftártunguhreppi og smalarnir að mætast inni við jökla á afrjettinni milli Torfajökuls og Eyjafjallajökuls. Milli þessara sveita er enginn sími, en ærið löng leið, svo að erfitt yrði að koma á samtökum um leitina.

Víða getur hagað líkt til; t. d. liggja saman afrjettir Húnvetninga og Skagfirðinga og Holtahrepps. En þó að nú salt kunni að vanta í haust í sláturfjenað, svo að það komi viku seinna, þá þarf ekki þess vegna að geyma fjeð uppi á afrjettum. Það er satt hjá háttv. þm. Stranda. (M. P.), að það er undir hepni komið, hvernig veður yrði þessa viku; vel gæti orðið góðviðri, sem hentugt væri til sláttar. Raunar er nú oftast alveg úti sláttur um þetta leyti; haustverkin kalla þá að, svo að menn geta ekki stundað slátt, þótt vildu; t. d. í Rangárvallasýslu hættir sláttur venjulega viku fyrir rjettir.

Annars er mjer ekkert kappsmál um þetta.

Hákon Kristófersson: Jeg skil ekki óttann í mönnum við þessa þingsályktunartillögu. Jeg hefi litið svo á, að hjer væri að eins um bendingu að ræða til hjeraðanna, og að þess vegna væri líklegt, að þar, sem ekki væri hægt að koma breytingunni á, mundu hjeruðin ekki fallast á hana. Með margra ára reynslu hefir það sannast, að fjallskil grípa oft mjög óþægilega inn í störf manna, sjerstaklega þegar óþurkar eru fyrri part sumars og þurkar síðari partinn. Nú er það kunnugt, að einmitt í sumar byrjaði sláttur í seinna lagi. Þar af leiðandi mundi það víða geta komið sjer vel að gefa hjeruðunum bendingu í þá átt að fresta fjallskilum að þessu sinni.

Háttv. þm. Stranda. (M. P.) mintist á

það, að söfnin yrðu komin úr afrjettunum áður en kjötkaupmenn byrjuðu að kaupa.

Það mætti að vísu geyma fjeð í heimahögum, eins og háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) mintist á. En það myndi hafa þann ókost í för með sjer, að fjeð legði af við það og yrði þar af leiðandi rýrara til frálags.

Það hefir verið tekið fram, að hjeraðsstjórnir gætu komið breytingu þessari á, hver í sínu hjeraði, án íhlutunar þingsins. Þetta er vitanlega alveg rjett, en jeg býst við, að svo framarlega sem þingið lætur sig þetta engu skiftu, þá muni ekkert verða af framkvæmdum í þessa átt í hinum ýmsu hjeruðum.

Jeg vil því sem best mæla með því, að tillagan verði samþykt, því að jeg álít hana vel til þess fallna, og eins býst jeg við að margir eða flestir, er hlut eiga að máli í mínu kjördæmi, muni líta á.

Þórarinn Jónsson: Það hefir verið talað um það, að tíminn væri knappur til þess að koma þessu í kring, og er það rjett. Það er athugandi, að hlut eiga oft að máli fjarlæg hjeruð, sem þurfa að koma sjer saman. Þannig geta Húnvetningar og Skagfirðingar ekki hafið fjallgöngur um hálendið, nema Sunnlendingar vilji hefja þær samtímis. En samt sem áður held jeg, að ekki sje frágangssök að koma till. til framkvæmda.

Það er alveg rjett, sem háttv. þm. Stranda. (M. P.) sagði um saltleysið, að á mörgum höfnum mundi vanta salt um það leyti sem venjulegum fjallgöngum er lokið, og á þeim tíma, sem liði til slátrunarinnar, mundi fjeð leita frá og leggja af.

Mjer er ekki kunnugt um vilja kjósenda minna í þessu efni, en jeg veit það, að margir eru á því að seinka fjallgöngunum um þrjá daga, eins og háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) segir vera komið á í Suður-Þingeyjarsýslu.

Jeg veit ekki, hvort sumir kunna að vilja færa tímann lengra, enda yrði það að vera komið undir samkomulagi milli Norðlendinga og Sunnlendinga. Um veður og heyskapartíð er engu hægt að spá, en eins vel er líklegt, að heyskapur geti haldið áfram þessa viku, og vegur þetta atriði mjög mikið, þótt ekki sje hægt að byggja á því út af fyrir sig.

Sigurður Stefánsson: Jeg lít svo á, að þessi till. væri því að eins frambærileg, að fyrir lægju eindregnar áskoranir eða ályktanir frá öllum sveitarstjórnum landsins, eða að minsta kosti þeim sveitarstjórnum, sem ætla mætti að sjerstaklega þyrftu að nota þessa tilfærslu. En nú er því ekki til að dreifa.

Eftir því, sem jeg hefi heyrt á ræðum einstakra þingmanna, virðast þeir vera í mjög mikilli óvissu um, hvernig þessari till. muni verða tekið, svo að nú virðist enginn tími vera til þess að koma málinu á þessa braut, í þeirri von, að það geti leiðst til heppilegra lykta. Á þessu verður ekki byrjað nema fyrir liggi eindreginn vilji kjósendanna.

Til þess að samræmi fengist í þessar ráðstafanir, svo að þær geti komið að tilætluðum notum, er nú enginn tími, jafnvel þótt stjórnarráðið sími þegar til allra sýslumanna landsins.

Nú eru þegar byrjaðir að ganga gangnaseðlar, eða byrja innan skamms, svo að jeg get ekki ímyndað mjer, að samræmi fáist í þessu efni. En af samræmisleysinu getur leitt stórtjón. Það er hægt að segja hjer í þingsalnum, að menn, hver í sínum landsfjórðungi, geti ráðfært sig um tímann, en það verður

erfiðara í framkvæmdinni, þegar fjarlæg hjeruð eiga hlut að. Mitt kjördæmi á hjer sjerstaka aðstöðu, því að þar er um engar verulegar fjallgöngur að ræða, heldur að eins smalamensku heimalanda, sem að eins tekur hálfan dag.

Alt öðru máli gegnir um stór afrjettarlönd. Ef áhugi hefði verið fyrir þessu máli, þá hefðu menn átt að snúa sjer til þingsins þegar í sumar, en nú er mjer ekki kunnugt um, að óskir liggi fyrir nema frá einu kjördæmi, svo að áhuginn er alls ekki almennur. Mjer þykir líka vafasamt, að sýslumenn muni taka þessu með þökkum, eða vilji gefa út skipanir í þessa átt, með því að samfara er æðimikil ábyrgð fyrir þá.

Það er mjög áríðandi, að fjallskil á stórum svæðum á landinu fari fram á einum og sama tíma, t. d. um alt hálendið milli Suðurlands og Norðurlands. Ef út af því er brugðið, getur stórtjón hlotist af. Nú eru að eins eftir þrjár vikur til gangna, og engin líkindi til þess, að þessar fyrirskipanir hafi náð að »cirkulera« um alt landið innan þess tíma, svo að hjer af mundi miklu fremur leiða glundroði og óregla í fjallskilum, til stórtjóns og kostnaðar.

Það hefir verið sagt, að fjallskil fari fram á óheppilegum tímum. Ef svo er, þá ber það vott um óhagkvæmar fjallskilareglugerðir, og eiga hjeraðsstjórnirnar sök á því. Jeg tel óhæfilegt, að stjórnin fari að skifta sjer af því, sem henni kemur ekki við og bundið er við staðhætti í hverju bygðarlagi. Því að þótt einstakar raddir hafi heyrst í þessa átt, þá er það ekki nóg til þess, að þingið fari að grípa inn í verksvið hjeraðsstjórna. Jeg verð því að telja þessa till. varhugaverða og ekki eiga við, að stjórnarráðið fari að grípa inn í verksvið hjeraðsstjórnanna. Enda heyri jeg líka, að þetta eigi ekki að vera nein bein stjórnarskipun. Sumarið hefir yfirleitt verið mjög hagstætt að tíðarfari, eitthvert hið besta á Vesturlandi að þessu leyti, svo að þótt einhver bjargráðaráðstöfun felist í till., þá eru þó annmarkarnir fleiri en kostirnir.

Magnús Pjetursson: Það eru að eins örstuttar athugasemdir út af ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.).

Mjer fanst hinn háttv. þm. (S. St.) misskilja tillöguna. Hjer er alls ekki um beina stjórnarskipun að ræða, og till. getur því að eins komist til framkvæmda, að samkomulag fáist í öllum bygðum landsins, þeim sem eiga göngur saman, en ef samkomulag fæst ekki, þá er till. sjálffallin.

Háttv. sami þm. (S. St.) gat þess, að það væri ekki einsdæmi, að sláttur endaði seint, og er það rjett. En það er þrent, sem ber að líta á í þessu máli. 1. sláttur byrjaði seint, 2. göngur eru nú viku fyr en vant er, og 3. líkur eru til þess, að kjötverð verði lægra en vant er, svo að menn þess vegna setji meira á í haust, og að því sje ástæða til þess að lengja sláttinn, svo að heyfengur manna geti orðið sem mestur. Hjer er því á það að líta, að allar þessar ástæður fara nú saman, sem ella mun sjaldgæft. Þótt hjer sje ekki um almennar óskir að ræða, þá er varla við því að búast, bæði af því að hjeraðsstjórnir halda ekki fundi á sumrum, og geta auk þess ekki vitað um saltbrest, sem fyrir höndum er, en þótt háttv. 2 þm. Rang. (E. J.) geri ekki mikið úr þessu, þá er það, eins og háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) tók fram, stórskaðlegt að hafa fje lengi í heimahögum fyrir slátrun. Það er rjett, að Vestfirðingar eru heild út af fyrir sig og geta farið að eins og þeim líst best henta. En þótt ekki væri

nema einn fjórðungur, er gagn gæti haft af þessari till., þá væri það nóg ástæða til þess að samþykkja hana.

ATKVGR.

Till. samþ. með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, sökum óljósrar atkvgr., og sögðu

já: E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., M. G., M. P., P. J., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

nei: B. Sv., B. K., B. St., E. J., J. J., J. B., M. Ó., S. St., Sv. Ó., Þorst. J.

J. M. greiddi ekki atkv.

Einn þm. (B. J.) fjarstaddur.

Till. afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 675).

---

18. Meðferð á fje ómyndugra.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 27. ágúst, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um endurbætur á gildandi löggjöf um fjárforráð ómyndugra (A. 636).

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 28. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 29. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 5. sept., var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 636, 681).

Flm. (Guðjón Guðlaugsson): Þessi tillaga, sem hjer liggur fyrir, mun nú álitið reglulegt smámál, enda hefi jeg ekki heyrt nokkurn mann tala um þetta mál sem þingmál, og byggi jeg á því það, að það mun álitið svo mikið smámál, að það svari naumast kostnaði að minnast á það.

Það er líka byrjað með málið sem smámál í fyrstu; það er tekið sem mál af lægri tegund, eiginlega helst sem mál af lægstu tegund; það er ekki tekið sem frv.; það er tekið sem þingsályktunartillaga, ekki þó sem þingsályktunartillaga frá þinginu öllu, heldur að eins sem þingsályktunartillaga frá annari deild þingsins. Það er því áreiðanlega í hinu smæsta formi, sem mál verður borið fram í, nema ef vera skyldi þetta alþekta svæfingarjárn, sem kallað er rökstudd dagskrá. En þó að ekki hafi verið haft hátt um þetta mál, sem fjallar um rjettindi ómyndugra manna og ómálga barna, þá hygg jeg, að ekki sje það óþarfara en að klifa þing eftir þing á breytingum, sem til engra bóta eru, á lítt þörfum lögum, eins og t. d. bannlögunum, eða þörfum, eins og forðagæslulögunum, og svæfa þær svo að lokum eftir mikla tíma- og fjáreyðslu.

Eins og háttv. deildarmönnum er kunnugt hefir frv. stjórnarinnar um lögráð, eins og það var nefnt er það síðast var á ferðinni, gengið í gegnum þessa háttv. deild. Það frv. er að því leyti skylt máli því, er hjer ræðir um, að þar er sagt fyrir um forráðamenn ómyndugra. En mig furðar mikið á því, að stjórnin skyldi ekki taka fyrir tilskipunina frá 1847, fyrst að farið var að hreyfa nokkuð við málinu. Tilskipun þessi er nú orðin 70 ára gömul og því ekkert ungbarn lengur, enda er nú full þörf á að breyta til. Mjer kemur ekki til hugar að fara að telja alt til, sem

finna má tilskipuninni til foráttu. Það nægir að benda á aldur hennar til þess, að mönnum skiljist, að svo gömul lög geta ekki staðist lengur. Tíðarandinn einn hefir ekki breyst, heldur hefir þjóðlifið alt tekið svo miklum stakkaskiftum, að samskonar ákvæði geta ekki átt við og fyrir 70 árum um þetta efni. Jeg vil t. d. benda á þau fyrirmæli tilskipunarinnar, að fjárhagur ómyndugra eigi að vera undir stöðugu eftirliti yfirfjárráðamanns, og hann skuli fá árlega reikning yfir hann, ef fjeð nemi yfir 20 hundruð á landsvísu. En ef það nemur ekki 20 hundruðum, þá þarf engan reikning yfir það að gefa.

Af þessu leiðir, að hæglega getur svo farið, að yfirfjárráðamaður gleymi algerlega fjárhagnum, ef hann er ekki persónulega nógu kunnugur. Honum getur t. d. verið ókunnugt um það, að eftir að samið var um meðlag með hinum ólögráða hafði hann fengið stað án meðlags, og gat því fje hans verið óeytt og ávaxtast, svo að hann hefði átt nokkur efni er hann varð lögráður. Til þessa eru allmörg dæmi. Þá sjá og allir, að ekki er minni ástæða til þess að hafa fult eftirlit, þó að eignirnar nemi ekki 20 hndr. Fyrst og fremst er ekki ótítt, að þeir, sem eiga yfir 20 hndr. í æsku, eyði þeim öllum, en þeir, sem minna hafa átt, hafa ef til vill safnað talsverðu fje. Jeg fyrir mitt leyti hefi þráfaldlega rekið mig á þetta. Auk þess er næsta hjákátlegt að miða eignir manna við hundruð á landsvísu á okkar tímum. Þegar verðlagsskráin hækkar, þarf t. d. ef til vill ekki nema 17 eða 18 hndr. til þess að jafnast á við þá, sem áður var 20 hndr., og þegar hún lækkar, fara þessi 20 hndr. niður úr markinu, sem áður var miðað við. Þetta fyrirkomulag er orðið svo úrelt, að við svo búið má ekki lengur standa. Þessi tilskipun á að vera til þess að verja rjett fátæklinga, en þó virðist þörfin ekki minni á að vernda rjett þeirra, sem minna eiga, heldur en þeirra, sem meira eiga — meiri ástæða til þess að verja rjett þeirra, sem eiga ekki fje, sem nemur 20 hndr., en þeirra, sem eiga meira en því nemur. En annars er þessi landsvísureikningur allur bygður á meira og minna röngum skýrslum, sem allajafna hafa verið til hneykslis og háðungar fyrir þessa þjóð.

Þetta, sem jeg hefi nú drepið á, er í 4. gr. tilskipunarinnar frá 1847. En þar er fleira. Þar er enn fremur svo ákveðið, að þegar fjeð er meira en 20 hndr., þá skuli auka það. Það er með öðrum orðum tekið fram, að ekki skuli setja fjeð á kistubotninn, heldur koma því á vöxtu. Þetta er alveg furðulegt ákvæði, en vel getur verið, að það hafi átt við á sínum tíma, en það á áreiðanlega ekki við núna.

Þá er það ákvæði tilskipunarinnar, að meta skuli peninga eftir meðalverði. Í raun og veru er algerlega hlægilegt að telja peninga í hndr. á landsvísu nú; hitt væri sönnu nær, að koma öllum eignum í peninga, því að nú er alt við þá miðað.

Um borgun til fjárhaldsmanna ómyndugra er svo ákveðið, að þeir skuli fá $^1/_6$ hluta af árstekjum, en þó því að eins, að eignirnar nemi 20 hndr., annars ekkert. Ef eignirnar eru 19 hndr. og 100 álnir, og þótt þær sjeu allar í jörðum og mikið þurfi fyrir umsjóninni að hafa, þá skal ekkert fyrir það goldið. En ef fjeð nemur 20 hndr., á fjárhaldsmaðurinn að fá $^1/_6$ hluta teknanna, og eins fyrir það, þótt alt liggi í sparisjóði eða banka, þar sem ekkert þarf fyrir að hafa nema geyma sparisjóðsbókina eða verðbrjefið. Ein undantekning er þó við þetta ákvæði og er hún

tekin upp í frumvarp það, sem jeg hefi minst á að væri hjer fyrir þinginu. Og þessi undantekning, sem er leifar úr dönsku lögunum, gerir að minni hyggju frumvarpið stórgallað. Hún er sú, að frændur skuli ekkert fá fyrir fjárhaldið, er þeir hafa það á hendi. Er þetta hinn mesti óþarfi, því að allir vita, að ekki er fátítt, að frændur sjeu frændum verstir. Og óskyldir menn reynast ekki ósjaldan munaðarleysingjum betur en skyldmenni. Svo að þetta ákvæði hefði aldrei átt að taka upp. Fjárhaldsmaður á ekki að fá þennan $^1/_6$ hluta ef hann er afi, faðir eða bróðir hins ólögráða eiganda. Þetta er að vísu eðlilegt um föður, en síður um afa og síst um bróður. Bræður hafa engar skyldur hverjir við aðra að lögum; þeir hafa siðferðiskyldur einar. Bót er það nokkur í máli í frumvarpinu, að þar er aðallega talað um skylduna að forsorga, en síður um fjárráðin; lögin koma því ekki til greina ef arfur tæmist eða því um líkt. Í 16. gr. frumv. er öll tilskipunin 1847 í gildi, nema 1. gr. og 2 málsgrein 15. greinar.

Fleira er það í tilskipuninni en það sem jeg hefi drepið á, sem full þörf væri á að athuga og breyta. Svo er t. d. um það ákvæði, að þóknun fjárhaldsmannsins skuli vera miðuð við það, sem eftir er þegar öll útgjöld hafa verið tekin til greina. Ef barn á t. d. 10 jarðir, þá þarf fjárhaldsmaðurinn að byggja þær, taka við afgjaldinu og koma því í peninga, en þurfi barnið að nota alt fjeð, þá fær fjárhaldsmaðurinn ekkert fyrir alt sitt umstang. Hins vegar fær maður, sem ekkert gerir annað en geyma eina sparisjóðsbók, $^1/_6$ hluta af jafnmiklu fje, ef ekki hefir þurft að nota það í þágu barnsins. Þetta ætti ekki að vera lengur í lögum; nóg er, að það hefir verið það í 70 ár. Þessi útgjöld, auk meðgjafarinnar, eru margvísleg; t. d. hefir það verið gert sumstaðar að láta ómynduga menn borga útsvör. Jeg þekki dæmi til þess, að tveggja ára barn var látið borga útsvar, og því haldið áfram til 18 ára aldurs, og fór ávalt hækkandi. Þetta var kært einu sinni af fjárhaldsmanni fyrir sýslunefnd, og fekst útsvarið lækkað ofurlítið, en sá sýslumaður, sem hjer átti hlut að máli, beitti sjer ekki eins röggsamlega í þessu máli eins og síðar að krefjast endurgreiðslu af fjárhaldsmanni, sem skildi tilskipunina svo, að hann hjelt sig ekki þurfa að taka til greina þesskonar gjöld sem útsvarið og fleira. Það var því ekki nóg með, að niðst væri á barninu, með því að leggja á það ósvífin útgjöld, heldur var líka níðst á fjárhaldsmanninum og hann látinn vinna algerlega fyrir ekki neitt. Því að útsvarið nam meiru en því fje, sem eftir var af tekjunum, þegar búið var að borga ýms nauðsynleg útgjöld. Fjárhaldsmaðurinn þurfti að sjá um, að barnið væri klætt, borga gjald fyrir fermingu o. s. frv., og vegna þess, að hann forsómaði þetta ekki, þá fekk hann ekkert af sínum launum. Þetta get jeg fært sönnur á hve nær sem vera skal. Tilskipunin er því bæði órjettlát gagnvart barninu og fjárhaldsmanni. Og ekki verður sagt, að það sje eingöngu að kenna breyttum tíðaranda og venjum, heldur má segja, að hún hafi aldrei verið rjettlát. Hún hefir verið vanskapnaður frá upphafi og hefði átt að vera komin í gröfina fyrir löngu.

Þá má geta þess, að í 5. gr. stendur, að ef fjáreignin nái ekki 50 krónum, þá þurfi ekki að setja hana á vöxtu. Þetta er æði undarleg ráðstöfun, því að vitanlegt er, að hvern eyri þarf að setja á vöxtu ef hann á að aukast. Allur kaflinn frá 7.—14. gr. er meinlaus og gagnslaus, því að ákvæðin eru öll svo úrelt. Þar ræðir meðal annars um upp-

boð á peningum, eins og nærri því þurfi að dekstra menn til þess að taka við peningum gegn 4 % rentu. Fjárhaldsmaðurinn getur og sjálfur, ef honum sýnist, ljeð sjálfum sjer fjeð undir annars manns nafni, eða fengið það í hendur vinum eða frændum, sem þiggja vildu gegn þessari úreltu vaxtaupphæð.

Jeg held nú, að jeg hafi sýnt nægilega fram á, að hjer þurfi gagngerðra breytinga við. Þetta fyrirkomulag er bæði ranglátt og óviðeigandi. Jeg held því, að tilskipunin þurfi að sæta sömu meðferð og lögin um alidýrasjúkdóma, sem til umræðu hafa verið hjer í háttv. deild; það þarf að nema hana úr gildi. Enda er það til mikilla þrifa að kippa við og við burt óþörfum og úreltum lögum og hreinsa þannig til.

Jeg veit, að jeg stend hjer á allheitum glóðum, er jeg tek að mjer að flytja þetta mál, þegar svona margir sýslumenn og bæjarfógetar eru saman komnir, og þeir eru sjer allir þess meðvitandi að hafa beitt þessum ákvæðum svo, að alt hafi farið vel úr hendi. En sannleikurinn er sá, að það kemur í raun og veru þessu máli alls ekkert við. Jeg veit, að margir sýslumenn hafa reynt að fara eins lipurlega með þessa vitlausu löggjöf og þeim var unt. Þeir hafa margir hverjir sjeð um að koma fje á vöxtu þegar í upphafi og jafnan haft eftirlit með, að því væri sem best varið. En ef eingöngu er tekið tillit til þessara manna, þá mætti alveg eins segja, að við hefðum ekkert við lög að gera, heldur einungis góða menn.

Mín skoðun er sú, að þessu þurfi öllu að breyta. Vitanlega er alt hægra nú, síðan sparisjóðir og bankar komust á víða um land, en þeir einir nægja ekki. Og ekki má kasta öllu upp á sýslumennina, enda er þar, eins og víðar, misjafn sauður í mörgu fje. Jeg held, að rjettast verði að koma öllu fje ómyndugra í einn sjerstakan sjóð, og hafi sýslumenn engin afskifti af honum önnur en að segja til fjárins, en sjóðshaldarinn kalli þá eftir því og varðveiti.

Mjer hefir komið til hugar, að ef til vill hafi verið ástæðulaust fyrir mig að tala svona langt mál, þar eð vera kynni, að stjórnin hefði sjálf málið með höndum. Jeg veit, að hæstv. forsætisráðherra átti sæti í nefnd þeirri, er skipuð var 9. des. 1914 og fjallaði um eftirlauna- og launamál og um sundurgreiningu umboðsvalds og dómsvalds. Sú nefnd kom með svo hljóðandi tillögu í þessu máli:

»Yfirfjárráð ómyndugra á öllu landinu sjeu falin einum manni, yfirfjárráðanda, búsettum í Reykjavík. Hefir hann á hendi stjórn á og eftirlit með ómyndugra fje, með aðstoð sýslumanna.«

Þetta er tillagan. Þetta er föst og ákveðin tillaga, er sýnir, að hæstv. forsætisráðherra hefir þá verið þeirrar skoðunar, að þessum lögum þyrfti að breyta. Er jeg því öruggur og fullviss þess, að hann muni kippa þessu máli í lag, njóti hans við. Hins vegar verða menn að játa, að á öðrum eins tímum og þeim, er við lifum nú á, geta menn ekki vænst þess, að stjórnin geti sint almennum löggjafarmálum sem skyldi. Hún hefir annað að hugsa um, sjerstaklega dýrtíðarráðstafanir, sem og væru nóg verkefni fyrir þetta þing.

Skal jeg svo ekki eyða fleirum orðum að þessari tillögu. Vona jeg, að hún lengi ekki setu þingsins, þar sem hún kemur að eins fram í þessari háttv. deild, þótt jeg hins vegar hafi verið neyddur til að fylgja henni úr garði með nokkrum orðum.

ATKVGR.

Brtt. 681. (við tillgr. og fyrirsögn) samþ. með 12 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv., og afgr., með fyrirsögninni

Tillaga til þingsályktunar um endurbætur á gildandi löggjöf um meðferð á fje ómyndugra,

sem

ályktun efri deildar Alþingis.

(Sjá A. 810).

---

19. Seðlaútgáfurjettur.

Á 56. fundi í Ed., fimtudaginn 13. sept., og á 59. fundi í Nd., s. d., var útbýtt frá Sþ.

Tillögu til þingsályktunar um seðlaútgáfurjett (A. 905).

Á 7. fundi í Sþ., laugardaginn 15. sept., var till. tekin til meðferðar.

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum um að mega taka till. til umr., þótt eigi hefði áður verið ákveðið, hvernig ræða skyldi. — Afbrigði leyfð og samþ.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr., og fór hún þegar fram.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Eins og háttv. þm. er kunnugt hefir Íslandsbanka verið leyft aftur og aftur að auka seðlaútgáfu fram yfir $2^1/_2$ miljón, sem hann að lögum hefir heimild til að gefa út, en þær ráðstafanir hafa verið gerðar að eins til bráðabirgða, ýmist af stjórn eða þingi.

Nú hafa bæði stjórn bankans, landsstjórn og ekki síst Alþingi fundið, að þetta er ilt fyrirkomulag; er mjer þetta kunnugt af viðtali við bankastjórnina og landsstjórnina, og jeg veit það af umræðunum um þetta mál hjer á þingi, hvernig hugur háttv. þingmanna er. Þess vegna virðist það nú ráð að reyna að bæta úr þessu og komast að niðurstöðu, sem gilt gæti um lengri tíma.

Af þeim ástæðum hefir fjárhagsnefnd háttv. Nd. komið fram með till. þessa, sem fer fram á, að landsstjórnin leiti samninga við Íslandsbanka um, að hann láti af hendi seðlaútgáfurjett sinn allan, gegn ákveðnu gjaldi, eða ef það næst ekki, þá rjett sinn til að hindra seðlaútgáfu fram yfir $2^1/_2$ miljón, auk seðla Landsbankans.

Jeg skal geta þess, að fjárhagsnefnd háttv. Nd. hefir haft þetta mál til meðferðar, að gefnu tilefni frá hæstv. forsætisráðherra.

Óánægjan með þetta fyrirkomulag, sem jeg hefi nefnt, óánægja, sem, eins og tekið er fram, ríkir á Alþingi, hjá landsstjórninni og í bankanum, hefir leitt til þess, að ætlast er til, að reynt verði að komast að einhverju samkomulagi, er gildi um lengri tíma.

Af ýmsum skjölum, sem nefndin hefir haft við að styðjast, má ráða, að miklar líkur sjeu til þess, að slíku samkomulagi verði náð. Jeg fer ekki að rekja það hjer, hvað nefndin hefir fyrir sjer í því, þar sem því er slegið föstu, að samningar þeir, sem landsstjórnin kann að ná, verða lagðir fyrir þingið á sínum tíma til samþyktar eða neitunar.

Nú kann sú spurning að vaka fyrir sumum, hvort þörf muni að auka seðlaútgáfuna fram yfir $2^1/_2$ miljón eftir stríðið, þegar alt er komið í samt lag aftur, en jeg hygg, að engum, sem athugar það mál, muni dyljast, að viðskifti sjeu

svo mikil orðin hjer á landi, að ekki nægi þeir seðlar, sem nú er heimilt að gefa út.

Fjárhagsnefnd háttv. Nd. hefir átt tal við hæstv. forsætisráðherra og stjórnir beggja bankanna um þetta mál, en jeg tel það óþarft að fara út í það, sem þeirra fór á milli, þar sem samningar þessir eiga að leggjast fyrir Alþingi síðar.

Meiningin með till. er því sú að fá að vita, hvort háttv. Alþingi vill samþykkja, að reynt verði að ná samningum um þessi atriði.

Nefndin ætlast til, að hæstv. stjórn leiti samninganna fyrir næsta aðalfund bankans og leggi síðan úrslitin fyrir næsta þing.

Jeg vona því, að till. þessi verði samþykt, því að ekki verður sjeð, að hún geti haft neitt ilt í för með sjer; miklu fremur er það líklegt, að eitthvað gott kunni af henni að leiða.

Það tvent, sem sjerstaklega vakti fyrir nefndinni með henni, var í fyrsta lagi það, að samninganna yrði leitað sem fyrst, og í öðru lagi, að úrslitin yrðu lögð fyrir Alþingi síðar.

Jeg skal geta þess, að nefndin taldi sjálfsagt, og vill skjóta því til stjórnarinnar, að samningarnir verði bornir undir stjórn Landsbankans, áður en þeir verða lagðir fyrir Alþingi. Jeg gæti ímyndað mjer, að sum atriði þeirra væru þannig vaxin, að nauðsyn bæri til að skjóta þeim undir stjórn hins bankans. Jeg skýt þessu fram sem bendingu til hæstv. stjórnar.

ATKVGR.

Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 963).

20. Milliþinganefnd í fossamálum.

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 14. sept., og á 60. fundi í Nd, s. d., var útbýtt frá Sþ.

Tillögu til þingsályktunar um skipun milliþinganefndar til að íhuga fossamál landsins (A. 949).

Á 7. fundi í Sþ., laugardaginn 5. sept., var till. tekin til meðferðar.

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum um, að tillöguna mætti taka til umr., þótt eigi hefði áður verið ákveðið, hvernig ræða skyldi. — Afbrigðin leyfð og samþ.

Að tillögu forseta var ein umr. ákveðin, og fór hún þegar fram.

Frsm. (Magnús Torfason): Jeg þarf ekki að flytja langa tölu til þess að skýra þetta mál. Það hefir allmikið verið um það rætt í báðum deildum, og ætti að nægja að skírskota til álits Sogsfossanefndarinnar í Ed. og nefndarálits í Nd. um fossafrv., er þar kom fram.

Nefndirnar eru sammála um, að það sje skylda þingsins að taka fossamálið til rækilegrar íhugunar og gera alt, sem í þess valdi stendur, til þess, að þjóðin verði viðbúin að hagnýta fossaflið, þegar fje er fyrir höndum.

Hingað til hafa vötnin verið látin ráða rás sinni, hvort heldur til böls eða bóta, og þeim hefir jafnvel fremur verið hjálpað til þess að eyðileggja landið en notfæra gróðurafl.

En nú eru að verða straumhvörf í þessu efni. Það sjáum vjer ljósast á frv. þeim, sem samþykt hafa verið hjer í þinginu um áveitu á Flóann og fyrirhleðslu í Þverá. Það er auðsætt af þessu, að þinginu er orðið það alvörumál að beisla vötnin og temja.

Og þetta er oss öllum fagnaðarefni. En vjer verðum samt að gæta þess, að það stendur ekki alveg á sama, hver

beislar þau og temur. Ef vjer höldum ekki sjálfir í tauminn, getur af því orðið sá flaumur, er sópar þjóðrjettindum vorum og þjóðerni út í Ginnungagap erlends auðvalds, þangað, sem það á aldrei afturkvæmt úr.

Við þessu verðum vjer fyrst og fremst að sjá. Og jeg þykist vita, að sá Íslendingur sje ekki til, er vilji láta þjóðina selja sálu sína, hversu mikil fríðindi sem í boði eru.

Aðaltillaga meiri hluta nefndarinnar, er ritaði fyrirvaralaust undir nál., er að nefndin skuli skipuð þremur þingmönnum, en þeir ráða sjer nauðsynlega aðstoðarmenn. Með þessu ákvæði virtist nefndinni, að fylsta þingábyrgð væri lögð nefndinni á herðar. En nefndarmenn gátu samt ekki orðið sammála um þetta. Minni hlutinn lagði það til, að nefndin skyldi skipuð 5 mönnum, og skyldu tveir þeirra vera utanþingsmenn. Þetta virtist meiri hlutanum að mundi verða til að draga úr þingábyrgð nefndarinnar og auka kostnaðinn. Nefndin kemst auðvitað ekki hjá því að fá verkfræðing sjer til aðstoðar. Og á það var lögð áhersla í nefndinni, að enginn hjerlendur verkfræðingur yrði valinn til þessa starfa. Þetta stafar alls ekki af vantrausti nefndarinnar á innlendum verkfræðingum. Það eru margir ósjerplægnir menn í þeirri stjett, sem hafa unnið ráðvandlega fyrir landið og staðið vel í stöðu sinni. En þeir geta fæstir verið óvilhallir í þessu máli, því að þeir eru annaðhvort bundnir fossafjelögunum eða verða háðir þeim meira eða minna í framtíðinni.

Að öðru leyti get jeg vísað til fundabókar nefndarinnar, er þingmenn eiga kost á að kynna sjer, og mun stjórninni sendur útdráttur úr henni.

Jeg lýk máli mínu með þeirri ósk til háttv. Alþingis, að það samþykki tillöguna.

Eggert Pálsson: Jeg geri ráð fyrir, að háttv. þm. hafi veitt athygli nál. á þgskj. 948, þó að það samkvæmt þingsköpunum liggi ekki hjer frammi til umræðu. Þetta nefndarálit er samið af nefnd þeirri, sem Ed. skipaði til þess að athuga leyfisbrjef fossafjelagsins Íslands um að fá að nota fossafl í Soginu.

Undir þetta nefndarálit hefi jeg skrifað með fyrirvara.

Háttv. framsm. meiri hlutans (M. T.) hefir getið þess að nokkru leyti, í hverju fyrirvari minn er fólginn. Jeg gat sem sje ekki felt mig við það, að nefndin væri skipuð þrem þingmönnum, hverjum úr sínum þingflokki. Mjer virtist, að með því fengist ekki nægileg trygging fyrir, að málið yrði rannsakað eins gaumgæfilega og jeg tel nauðsynlegt. Úr því að ekki virtist líklegt, að þingið væri fært til að ráða fram úr Sogsfossamálinu, virðist mjer miður sennilegt, að þessir þrír menn gætu ráðið vel fram úr öllum þessum 4 atriðum, sem tillagan getur um og eru svo miklu djúptækari og erfiðari viðfangs en frv. eitt, sem gefið hefir tilefni til þess, að tillagan er fram komin.

Jeg álít, að ef ráða á máli þessu hyggilega til lykta, þurfi stærri svið til þess að velja mennina heldur en kostur er á með því að kjósa menn úr þingflokkunum einum saman.

Jeg hefði getað sætt mig við þriggja manna nefnd, ef stjórnin hefði mátt velja í hana mennina, án þess að binda sig við þingflokkana. En úr því að því var fastlega haldið fram, að einn maður úr hverjum flokki skildi skipa nefndina, áleit jeg miklu tryggilegra, að stjórnin veldi tvo utanþingsmenn að auki, enda varð þetta að samkomulagi milli mín og hinna nefndarmanna.

Það liggur í hlutarins eðli, að fyrirvari minn miðar alls ekki til þess, eins

og málinu nú er komið, að till. verði ekki samþykt, heldur þvert á móti. En þótt jeg viðurkenni, að nál. sje lipurlega orðað, þá er það hins vegar augljóst, að það getur ekki verið í fullu samræmi við skoðanir mínar á þessu máli, sbr. að svo er að orði kveðið í nál., að Sogsfossamálið hefði ekki getað fengið nægan undirbúning á þessu þingi. Að vísu má þetta til sanns vegar færa, ef litið er á dagsetning nefndarálitsins, 14. sept. En jeg álít hins vegar, að nefndin, sem kosin var í Sogsfossamálið, hefði getað ráðið því máli með góðum vilja til lykta. Þar var um svo nauðalítið brot af vatnsafli landsins að ræða, að eigi gat skaðað, þótt fjelaginu, með ákveðnum skilyrðum, hefði verið gefin heimild til að starfrækja það, og jeg er sannfærður um, að ef nefndin og þingið hefði ráðið fram úr því máli á þessu þingi, mundi það hafa orðið til blessunar fyrir þetta land.

Jeg skal ekki endurtaka það, sem sagt hefir verið áður um þetta mál. En jeg vildi að eins drepa á það, að ef þessu máli hefði verið hrundið í gott horf á þessu þingi — auðvitað með gaumgæfilegri rannsókn þingdeildanna beggja — hefði mátt bæta að miklum mun úr ýmsum erfiðleikum, sem margir eiga nú við að búa.

Vjer vitum allir, að þm. hafa heimilað stjórninni framkvæmdir á ýmsum stöðum til atvinnubóta. En jeg hygg, að þingmenn hafi oft greitt slíkum heimildum atkvæði sitt, án þess að þeim væri ljóst, hverskonar framkvæmdir stjórnin gæti látið inna af hendi til atvinnubóta. Jeg hefi ekki heyrt minst á neitt slíkt fyrirtæki, enda engar áætlanir, mjer vitanlega, til um þess háttar framkvæmdir.

En ef þingið hefði undið bráðan bug að Sogsfossamálinu, þá hefði þar blasað við atvinnubót; því að eitt meðal annars, sem þingið hefði getað gert fjelaginu að skilyrði fyrir, að það fengi leyfið, var það, að það ljeti þegar í stað byrja á járnbrautarlagningu.

Þá hefi jeg gert grein fyrir því, að jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara. Eins og málinu nú er komið stendur næst að gæta þess, að það verði ekki eyðilagt í framtíðinni, heldur sje lagt alt kapp á, að það geti orðið til blessunar fyrir landið, svo að fossarnir verði oss eigi að eins til ánægju á ókomnum tímum, heldur og einnig til gagns.

Að svo mæltu vænti jeg, að till. fái góðan byr.

Frsm. (Magnús Torfason): Jeg ætla að segja að eins fáein orð út af nokkrum atriðum í ræðu háttv. 1. þm. Rang. (E. P.), sem jeg kemst ekki hjá að mótmæla.

Háttv. þm. (E. P.) vildi segja, að vel hefði mátt koma Sogsfossamálinu fram á þessu þingi. Jeg verð að mótmæla þessu fastlega. Í fyrsta lagi var það ókleift af því, að ekki lá neitt formlegt tilboð fyrir þinginu. Hjer var að eins um að ræða beiðni frá 4 mönnum, en ekki hægt að sjá, að neitt fjelag væri stofnað til þess að vinna þetta fossafl, og því síður að þingið fengi að sjá lög þess fjelagsskapar, þó að til hefðu verið. Þetta eitt var ærið nóg til þess, að ekkert vit hefði verið í að samþykkja lög á þessum grundvelli. Sá millivegur var að vísu hugsanlegur að vísa málinu til stjórnarinnar. En hv. 1. þm. Rang. (E. P.) hefir einmitt barist á móti, að sá vegur yrði farinn.

Þá sagði sami háttv. þm. (E. P.), að ef þingið hefði nú samþykt þetta frv., hefði blasað við mönnum atvinnubót. En jeg held, að þetta sjeu helberir hugarórar. Jeg fæ ekki sjeð, að nokkur tiltök hafi verið til að aðhafast neitt í bráðina, ekki einu sinni að leggja einn

einasta járnbrautartein. Hið eina, sem hægt hefði verið að gera, var að undirbúa járnbrautarlagningu. En það hefði þó ekki verið hægt að vetrarlagi, enda var ekki ætlast til, að byrjað yrði á neinum verklegum framkvæmdum fyr en að ófriðnum loknum.

Eggert Pálsson: Jeg skal ekki fara í stælur út af þessu máli. Jeg vildi að eins svara þeirri staðhæfingu háttv. frsm. meiri hl. (M. T.) að jeg hefði komist í mótsögn við sjálfan mig, með því að halda því fram, að Sogsfossamálið hefði getað náð fram að ganga á þessu þingi, en sje þó með því að skipa milliþinganefnd nú, til þess að íhuga það.

Jeg vil benda háttv. þm. (M. T.) á það, að hjer er alls ekki um neina mótsögn að ræða, vegna þess, að till. gengur ekki í þá átt að athuga Sogsfossamálið eitt. Till. tilgreinir 4 liði, sem á að athuga. Og þegar gert er ráð fyrir, að milliþinganefnd taki jafnmarga og djúptæka liði til meðferðar, þá er eðlilega ekki hægt að afgreiða málið á einu þingi af einni nefnd. Það er mikill munur á því, hvort athuga skal 1 lið eða 4, alla jafnmikilsverða.

Þá hjelt háttv. frsm. (M. T.) því fram, að þótt frv. hefði verið samþykt, þá hefði ekki verið hægt að byrja á neinum verklegum framkvæmdum fyr en að ófriðnum loknum. En þess ber að gæta, að í frv. eru mörg atriði, sem hefði mátt breyta og lagfæra í hendi sjer, ef það hefði verið vilji þingsins, að byrjað yrði þegar í stað á verkinu; þá hefði verið innan handar að setja það sem skilyrði. Jeg er ekki í vafa um, að þinginu hefði verið kleift að fá slíkum breytingum framgengt og ýmsum fleirum, er það hefði nauðsynlegar talið, svo framarlega sem því hefði verið hugleikið að fá málinu framgengt.

Jeg skal svo ekki þrátta um þetta mál frekar; það er algerlega þýðingarlaust úr því sem komið er.

Sigurður Stefánsson: Það er eins um þetta mál og mörg önnur hjer í þinginu, að jeg hefi ekki getað fylgst með gangi þess. En jeg vildi segja nokkur orð í sambandi við ræður hv. þingmanna, sem talað hafa um málið og nefndarálitið.

Jeg tek fúslega undir með þeim þingmönnum, sem vilja ekki rasa að þessu máli, heldur undirbúa það vel og ræða það og athuga frá öllum hliðum. Því að mjer er vel ljóst, að hjer er um stórmerkilegt mál að ræða.

Nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að þingið skipi nefnd til þess að rannsaka málið. Til þeirrar nefndar verður að vanda vel, ef á annað borð á að tryggja það, að hún ráði máli þessu vel til lykta. En mjer hefir skilist, að þessi trygging mundi ekki fást fyrir það, þó að stjórninni sje heimilað að velja tvo nefndarmanna, þar sem jafnframt er gert ráð fyrir, að þingflokkarnir velji 3 menn í nefndina, einn úr hverjum flokki. Það álít jeg allsendis óviðeigandi. Jeg lít svo á, að þetta mál eigi að vera hafið yfir alla flokka og pólitískar klíkur. Það á ekki að vera pólitískt bitbein handa einstökum þingmönnum. Og eftir þekkingu minni á háttv. þingmönnum þá verð jeg að segja það, án þess að jeg þykist álasa nokkrum þingmanni, að jeg finn ekki þá menn í þinginu, sem jeg treysti til að leysa þetta mikilvæga starf eins vel af hendi og stjórnin mundi gera, ef hún hefði óbundnar hendur, og gæti því skipað nefndina þeim mönnum, sem hún teldi færasta, án alls tillits til þess, í hverjum flokki þeir eru.

Vjer megum ekki binda þetta mál við pólitíska flokkaskiftingu. Oss ríður á að líta út fyrir allan flokkarig, sem

oft byrgir heilbrigða útsjón fyrir sumum þingmönnum. Þessi tilnefning þingflokkanna í nefndina er í raun og veru hrein og bein vantraustsyfirlýsing til stjórnarinnar; flokkarnir trúa henni ekki til að skipa nefndina. Jeg trúi stjórninni miklu betur til að fara með málið heldur en pólitiskum flokkum, sem oft hugsa meira um það að útvega mönnum sínum pólitíska bitlinga, en minna um raunverulega hæfileika þeirra til að gegna þeim störfum, sem þeim eru á hendur falin. Þar sem stjórnin er valin af öllum flokkum þingsins, þá ættu flokkarnir að geta treyst henni til að leysa mál þetta svo af hendi, að vel mætti sæma.

Umfram alt ríður oss hjer á færum mönnum, ekki pólitiskum æsingamönnum, heldur mönnum, sem hafa sjerþekkingu á sem flestum atriðum þessa máls. Jeg fæ ekki sjeð, að milliþinganefndirnar hafi verið neitt betur skipaðar síðan þingið fór að tilnefna menn í þær heldur en á meðan það fal stjórninni það að öllu leyti. Eftir því sem nefndarálitið er orðað, sje jeg að vísu ekki, að stjórnin sje í nokkru bundin við tillögur þingsins um útnefningu á mönnum í nefndina. Það kom að eins fram í ræðu háttv. framsm. (M. T.), sem að þessu leyti kemur því í bága við nefndarálitið.

Jeg býst nú ekki við, að þessi orð mín breyti neitt ákvörðunum flokksforingjanna hjer á þingi, en jeg vil þó láta þau sjást í þingtíðindunum. Segi jeg þetta ekki fyrir munn neins flokks, heldur sem mína persónulegu skoðun á málinu, án tillits til hagsmuna eða skoðana þingflokkanna.

Bjarni Jónsson: Það er ekki nein stór ræða, sem jeg ætla mjer að halda. Mjer þótti leiðinlegt að heyra ræðu hv. sessunautar míns (S. St.), því að hann sýndist vilja lasta verk nefndarinnar.

Jeg skal leyfa mjer að benda háttv. þm. (S. St.) á það, að ef þingið er fært um að velja sjer stjórn, þá er það líka fært um að benda á menn til þessa verks. (**S. St.:** Ef þeir eru til í þinginu). Hv. þm. (S. St.) man kann ske ekki eftir því að hann sje á þingi, minnir kann ske að hann sje heima hjá sjer? Annars held jeg að ekki sje meira mannval utan þings en innan, því að þingið er og á að vera spegill þjóðarinnar. Eitt kemur og til í þessu máli; það er hverjum menn trúa best til þessa starfa. Það er ekki svo mikið undir því komið, að það sjeu fossafræðingar, efnafræðingar eða verkfræðingar, sem með málið fara, því að það getur hver þingmaður sagt sjer sjálfur, að nefndin getur fengið sjer mann á hverju svæði sem vera skal, til að gefa sjer upplýsingar, er hún þykist þurfa um vjelar, kostnað og alt þess háttar, og ekki þarf að ákveða, fossaverkfræðinga til þess að kjósa hverja stefnu þjóðin taki í hverju máli, er snertir framtíðina. Hjer er það á rjettum stað, að flokkar þingsins, sem stjórnina velja, neyti rjettar síns og segi hverjum þeir trúa.

Svo er líka gott til þess að vita, að á þinginu hafa fram komið tvær alveg gagnstæðar skoðanir, og verður því að gæta þess, að í nefndina komi menn af báðum skoðunum, svo að önnur þeirra verði ekki fyrir borð borin, svo að þegar nefndin kemur með einhliða dóm, þá verða menn jafnóupplýstir og áður. Það má ekki minna heimta en að stefnur þær, sem fram eru komnar, eigi báðar sína talsmenn þar.

Jeg tel stefnu nefndarinnar í málinu góða; álit nefndarinnar og tillögur eru komnar fram eftir samningi milli stríðandi skoðana í málinu, og hvað þýðir

þá annað fyrir þingið en að fallast á till. nefndarinnar í málinu og vera ekki neitt að gefa yfirlýsingu um það, því að hún hefir að mínu áliti fundið það eina rjetta, sem hægt er, og einmitt það er mjer mest trygging, að þingið þarf ekki að láta alveg afskiftalaust, hverjir menn verða í nefndinni. Tryggingin er fyrir öllu, að ekki sje rasað fyrir ráð fram eða hlaupið eftir till. þeirra manna, sem geta sagt: »svona og svona er það«, án þess að vita nokkurn skapaðan hlut. Þegar sjerfræðingar eru settir í málið, veit enginn neitt og allir verða að trúa þeim, án þess að vita nokkuð um, hvað rjett er eða rangt. En þegar fleiri eru, þá eru menn ekki alveg í höndunum á einhverri sjerfræðingastjett. Hygg jeg þá að málinu sje vel komið.

Gísli Sveinsson: Eins og hæstv. þingi er kunnugt, þá var annað fossamál til meðferðar í háttv. Nd. og kom það ekki fyrir sjerstaka nefnd, heldur var því vísað til fjárhagsnefndar. Þessi nefnd gaf álit sitt um það mál, áður en þessi till. kom fram. Aðaltill. fjárhagsnefndar Nd. var, að því frv., sem fyrir henni lá, og málinu þar með, yrði vísað til stjórnarinnar og að stjórnin athugaði það og rannsakaði. En nefndin gat ekki undan felt að geta þess jafnframt, að ef skipuð yrði nefnd milli þinga í málið, þá yrði þessum málum, ekki að eins frv. því, er fyrir Ed. lá, heldur líka heimildarlagafrv., sem við höfðum til meðferðar í Nd., vísað til þeirrar nefndar.

Jeg skal ekki blanda mjer í þann ágreining, sem virðist vera milli háttv. þingmanna og nefndarinnar úr Ed., hvort heppilegt hefði verið að hraða málinu mjög á þessu þingi, sem sje með því að samþykkja einhvern veginn frv. það, sem kom til hv. Ed., nú, þótt önnur atriði málsins lægju undir athugun seinni tíma. Hitt er víst, að fjárhagsnefnd Nd. komst fljótt að þeirri niðurstöðu, þótt að eins væri um að ræða einföld heimildarlög handa stjórninni til að taka lán, að engin tök væru á að ráða málinu heppilega til lykta á þessu þingi, jafnvel þó að augljóst sje, að stjórnin þyrfti ekki einu sinni að nota heimildina fyrir næsta þing.

Nefndin hjer í Nd. tók það sjerstaklega fram, að hvort sem milliþinganefnd yrði skipuð eða stjórninni yrði falið að fara með frv., þá ætti að taka það sem frumatriði til rannsóknar, hvort kleift yrði landinu eða þjóðfjelaginu að taka að sjer vatnsaflið hjer á landi og starfrækja það, því að frv. hljóðaði um það efni. Fjárhagsnefnd þessarar deildar tók þar af leiðandi ekki neina afstöðu til þess atriðis, hvort nefndarmenn þeir, sem væntanlega verða skipaðir, ættu að vera að nokkru úr þinginu, eða að öllu leyti óbundið að skipa þá, eins og landsstjórninni þætti best henta. Get jeg sagt fyrir sjálfan mig, að mjer sýndist að þessi stjórn, er nú situr að völdum, þótt jeg telji mig ekki hennar stuðningsmann, ætti að geta verið einfær um það að skipa nefnd, sem við mætti una, í þetta mál, og hinu verður ekki neitað, að það er í ýmsum málum að sjerstakir einstaklingar eða sjerfræðingar eru nauðsynlegir. Verður þá svo að vera, að stjórnin hafi óbundnar hendur til að skipa þá menn, sem hún telur best fallna til starfsins, ef þingið treystir henni.

Nú geri jeg ráð fyrir því, að meiri hluti þessa þings treysti stjórninni, og jeg býst alveg við því, að þeir hv. þm., sem skora á stjórnina, treysti henni. Þessa get jeg nú að eins. En hitt kemur mjer á óvart, að það væri þegar bundið, að 3 af nefndarmönnunum yrðu að vera þingmenn, og þessi till. er þá

rangt orðuð, því að enginn, sem les hana, getur fengið annað út úr henni en það, að stjórnin skipi þessa menn; hverjir það verða verður hún sjálf að ráða. Það kom mjer því algerlega á óvart, sem háttv. frsm. (M. T.) lýsti yfir að þessu leyti. Er jeg ekkert hrifinn af þessu ráðabruggi; miklu fremur andstæður því að svo verði, sem Ed.-nefndin þannig virðist hafa komið sjer niður á; ekki af því, að jeg geti ekki treyst mönnum hjer á þingi eins og öðrum, heldur af hinu, að ef menn treysta stjórninni, þá vil jeg, að hún hafi óbundnar hendur, meðal annars til þess, að þingið geti staðið óbundið gagnvart þessari milliþinganefnd og þeirri niðurstöðu, sem hún kann að komast að, og geti skelt ábyrgðinni á stjórnina, ef það getur ekki samþ. aðferð hennar og gerðir, svo að eðlilegt mætti þykja.

Mjer virðist svo, ef þingið er nokkuð bundið við þessa nefnd, að þá verði niðurstaðan fyrirfram ákveðin, og tel jeg það ekki sem heppilegasta aðferð, ef á annað borð á að fara fram frjáls rannsókn á einhverju máli.

Jóhannes Jóhannesson: Í till. á þgskj. 949. er ekkert það, sem takmarkar val stjórnarinnar í þessa nefnd, og þar sem nú háttv. þingmenn eru ósamþykkir um það, hvort þingmenn eigi að benda á menn í nefndina, þá verð jeg að líta svo á, að stjórnin sje gersamlega óbundin í þessu efni og geti því ekki varpað neinu af ábyrgðinni í valinu yfir á þingið eða einstaka flokka þess.

Frsm. (Magnús Torfason): Það eru að eins fáein orð. Jeg verð að segja það fyrir mitt leyti, að jeg skil ekki, hvernig annað eins mál og þetta, sem svo er til komið, sem raun er á orðin, getur verið hafið yfir flokkana. Jeg sje ekki betur en ef flokkarnir eiga að taka afstöðu til nokkurs máls, þá sje það þetta. Flokkarnir hafa þegar tekið fasta afstöðu til þess og lýst yfir sínum vilja, hvað það snertir.

Annars skal jeg geta þess, að það var ekki jeg, sem talaði um, að nefndina ætti að skipa eftir tillögum flokkanna; það var hv. 1. þm. Rang. (E. P.), en eins og jeg tók fram áðan, var það skoðun nefndarinnar, að þessi nefnd ætti að hafa þá fylstu ábyrgð, sem hægt væri, og það verður vitanlega með því, að flokkarnir í þinginu kjósi mennina. Í þessu liggur ekkert vantraust til stjórnarinnar á neinn hátt.

Einn hv. þm. var að tala um, að það þyrfti að vera sjerfræðingur í nefndinni; vildi jeg þá beina þessari spurningu til háttv. þm.: Hversu margir sjerfræðingar voru í fossanefndinni norsku? Getur háttv. þm. sagt mjer það? Annars er það ekki í fyrsta sinn, sem úr þeirri átt er reynt að »slá sjer upp« á því að fara lastyrðum um þingstörfin í þinglokin, og kippi jeg mjer því ekki upp við það, enda voru ummælin tiltölulega meinlaus í þetta sinn.

Eggert Pálsson: Jeg er mjög hræddur um, að orð hv. frsm. (M. T.) geti verið misskilin. Mjer heyrðist hann komast svo að orði, að jeg hefði átt upptök að því, að nefndarmennirnir væru kosnir úr flokkum þingsins. En það er vitanlega fjarri öllum sanni. En hafi hann átt við það, að jeg hafi hjer fyrstur minst á það, að tilætlun meiri hluta nefndarinnar hafi verið sú, að 3 nefndarmanna skyldu vera úr þingflokkunum, þá hugsa jeg að ræður okkar beri þess vott, hvor okkar hafi fyr getið um það. Jeg hygg, að allir háttv. þingdm. hafi heyrt hann geta

fyrst um það í framsöguræðu sinni, að 3 nefndarmanna skyldi stjórnin taka úr hópi þingmanna, sem er vitanlega sama sem þingflokkarnir bendi á þá.

Jeg skal geta þess, að fyrst hjelt jeg mjer að því, að þrír menn væru í nefndinni, og var með því, að þeir væru skipaðir af stjórninni, óbundið af flokkunum, en þegar jeg gat ekki fengið því framgengt, hallaðist jeg að því að hafa mennina fimm, svo að tveir væru að minsta kosti alveg óbundnir af flokkum þingsins.

ATKVGR.

Till. samþ. með 26:4 atkv., og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 964).

B. Um skipun nefnda.

1. Bjargráðanefnd neðri deildar.

Á 2. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skipun bjargráðanefndar (A. 30).

Á 3. fundi í Nd., fimtudaginn 5. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 4. fundi í Nd., föstudaginn 6. júlí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Vjer höfum Íslendingar hlotið vandræði ýmiskonar af þeim miklu Hjaðningavígum, sem nú geysa um heim allan. Er þess fyrst að geta, að þessi vandræði hófust með þeim hætti, að þær ófriðarþjóðir, er til náðu, tóku að hefta viðskifti vor við önnur lönd, og höfum við af því beðið tjón allmikið. Auk þess var tekið það ráð að beita sultinum sem aðalvopni, og með því var oss Íslendingum stíað frá verslun við þá þjóð, sem oss hafði um langan aldur reynst hagstæðast að versla við, nefnilega Þjóðverja. Jeg hjelt því fram í fyrirlestri í ársbyrjun 1916, að vjer ættum að hafa menn í Englandi, Þýskalandi og Vesturheimi til að gæta hagsmuna vorra, svo að sem minst tjón hlytist af ófriðnum fyrir siglingar og verslun þessa lands, með því að komast að hagkvæmum samningum við stórþjóðirnar og hinar helstu hlutlausu þjóðir.

Þá verður enn þrengra um oss og meiri bönd lögð á verslun Íslands, er Englendingar meinuðu oss að skifta við hlutlaus lönd austan hafs, Norðurlönd og Holland. Það sjá allir, hvílík vandræði hlutu að stafa þar af, enda er kunnugt orðið, hversu mikill hnekkir viðskiftum landsins hefir staðið af þessu. Þó versnar enn um allan helming, er hafnbannið var lagt á England. Urðum

vjer við það algerlega milli steins og sleggju, þar sem önnur aðalófriðarþjóðin segir: »Þjer megið ekki sigla til annara landa, án þess að koma við hjá oss«, en hin þjóðin segir: »Við sökkvum vægðarlaust hverju skipi, sem til Englands siglir«. Þetta horfði til stórvandræða, en fyrir milligöngu breska ræðismannsins hjer fengum vjer þó að láta skip sigla beina leið frá Danmörku til Íslands, án þess að koma við í Englandi, og höfum vjer þann veg fengið nokkuð af vörum og skipum austan um haf. Og síðasti liðurinn, sem veldur oss mestri hættu, er það, er Bandaríkin gengu í ófriðinn.

Jeg skal þá með örfáum orðum rekja það, sem gert hefir verið af hálfu stjórnar og þings til að afstýra vandræðum síðan ófriðurinn byrjað.

Mönnum mun vera það í minni, að fyrst var leigt skip, sem Hermod hjet, og látið fara eina ferð til Vesturheims, en síðan ekki söguna meir. Þá var skipaleiga ekki nema 14000 kr. fyrir þetta stóra skip, og hefði því, ef um nokkra framsýni hefði verið að ræða hjá oss, verið sjálfsagt að halda áfram leigunni, eða jafnvel að festa kaup á skipinu, en stjórnin, sem þá sat að völdum, mun ekki hafa treyst sjer til að ráðast í slíkt stórfyrirtæki, sakir þess, að hún var þá farin frá og gegndi að eins störfum um stundarsakir. Jeg fór þá til kaupmanna og leitaðist við að leiða þeim fyrir sjónir, hvern hag siglingar vorar og verslun gætu haft af því að vjer hefðum sjálfir ráð á skipum til vöruflutninga, og reyndi að fá þá til að halda áfram leigunni. En sú ferð fór á sömu leið og tvær ferðir aðrar, sem jeg fór þegar jeg var sá ófundlausi viðskiftaráðunautur hjer á landi. Í annað skiftið vildi jeg fá þá til að hefja siglingar milli Íslands og Liverpool, og hugðist með því að ryðja braut hugmyndinni um að vjer kæmum oss upp verslunarflota sjálfir. Þeir sögðu: »Það er ljómandi falleg hugmynd, sem þú kemur með, en hvernig dettur þjer í hug, að samtök náist hjá íslenskri kaupmannastjett til slíkra framkvæmda?«

Nú geta menn sjeð eftir á, hvor hafði rjettara, sá maður, sem ekkert vit átti að hafa á viðskiftum og verslun, eða hinir, sem talið var að hefðu einir alla þekkinguna.

1915 kom sá flokkur, sem jeg hefi talist til, með tillögu um að birgja landið að kornvöru, og var í framsögunni einnig talað um kaup á steinolíu og kolum. Tillagan var feld, en stjórnin lýsti yfir því, að hún hefði í hyggju að gera alt hvað hún gæti til að sjá landinu fyrir nægilegum birgðum. Svo tók hún líka skip á leigu, Bisp, en þá var skipaleiga stigin svo mjög, að þetta skip, sem var miklu minna en Hermod, kostaði nú 65000 kr., í stað þess sem Hermod kostaði að eins 14000 kr.

Ekki myndi það Þjóðverjum líkt að sjá svo illa borgið hag sínum og sjá ekki svo langt fram í tímann og að hverju myndi reka um vöruflutninga í skipalausu landi. Það hefði því verið sjálfsagt að gera leigusamning til lengri tíma eða jafnvel öllu heldur kaupa skip, því að þessi háa skipaleiga borgar skipsverðið að mestu á einu ári. En þetta var mönnum ekki ljóst þá. Menn hjeldu, að stríðið gæti aldrei lengi staðið; sjerstaklega þóttust menn tryggir um, að Þjóðverjar gætu ekki haldið út lengur en svo sem 2—3 mánuði, enda þótt það væri bersýnilegt hverjum hugsandi manni, að þjóðirnar stóðu svo jafnt að vígi, og viðureign þeirra hlaut að verða löng og að líkindum jafntefli.

Annað var það og, sem stjórnin gerði, sem sje samningarnir við Breta. Hefir mörgum þótt þeir orka tvímælis að ýmsu leyti. Á síðasta þingi voru þeir til umræðu, og ljet jeg þá í ljós þá

skoðun mína, að þeir væru góðir að því er snertir rjettindi landsins, en að öðru leyti efasamir, og ekki gott að segja, hversu sjálfráður annar málsaðilinn hefir verið.

Svo stóð þegar aukaþingið kom saman, að ekki var komið í nein stórvandræði og engin bersýnileg hætta á því, að atvinnuvegirnir stöðvuðust eða siglingar teptust, svo að landið lenti í sveltu. En þegar leið fram til jóla, var það auðsjeð hverjum glöggum manni að hverju fór. Það hlaut að reka að því, að Þjóðverjar hertu á kafbátahernaðinum fram úr hófi.

Jeg gat þess þá til styrktar till., sem jeg bar fram viðvíkjandi matjurtarækt og kolanámi hjer á landi, þar sem jeg sá, að af hafnbanninu myndi leiða skort á kolum og matvælum, að innan skamms mundu Þjóðverjar herða á kafbátahernaðinum og leggja fullkomið hafnbann á England, og mundi oss þá lítið lið í samningum við Engla. Þetta er nú komið fram hvorttveggja að sumu leyti. En því miður hafði aukaþingið ekki nógu opin augun til að sinna þessu máli. Það hefði þó vel mátt vera búið að útvega útsæði á þeim tíma, sem leið frá þessu þar til hafnbannið hófst, því að þá var ekki komið útflutningsbann í Danmörku.

Eins er með kolin. Hefði verið byrjað að brjóta þau í vetur, hefði ekki farið svo, að menn hjer í Reykjavík hefðu þurft að hætta vinnu sinni vegna kolaleysis. Hitt mun aftur verða miklu erfiðara, þótt byrjað sje í sumar að brjóta kolin, að ná þeim hingað þegar vetur fer að.

Nú er svo komið, að kol eru orðin ofdýr til að reka fiskveiðar, og hefi jeg sjeð þess ljósan vott út um gluggann minn, þar sem 14—15 botnvörpuskip hafa nú legið aðgerðalaus mánuðum saman úti á höfninni.

Nú heyri jeg sagt, að komið hafi fram hlutur í síðustu samningum, sem ekki hefir þekst áður, þar sem verkun á síld er svo ákveðin, að ekki tekur tali að veiða hana, því að kostnaðurinn verður helmingi meiri en ella, vegna þeirrar verkunaraðferðar, sem nú er til skilin. Má búast við, að kostnaður við útgerðina sje orðinn svo hár, og skilyrðin að öðru leyti svo ill, að útgerðin stöðvist með öllu.

Eina ráðið, sem þó ekki er ráð nema framkvæmt sje, liggur ekki í valdi neins Íslendings að framkvæma. Það er, að stjórnin fengi verð afurðanna hækkað um 100%. Þá mætti reka útgerðina í sumar án stórtjóns. Þetta hefir þingmálafundur á Skarðsströnd og aðrir þingmálafundir í Dalasýslu skorað á stjórnina að reyna. En þetta er ekki nein skyldukvöð. Ekkert er heimtað af stjórninni nema tilraun, því að allir vita, að hún hefir eigi mátt til þess að knýja það fram.

Það er þá auðsjeð, að þessi atvinnuvegur liggur í kaldakoli. Og það er töluvert vafamál, hvort hægt verður að nota gufuskipin og vjelbátana til að afla fiskjar til soðningar mönnum, þar sem kol og olía eru bæði dýr og lítt fáanleg. Þá væri hugsanlegt, að eigi yrði í annað hús að venda en nota opna báta, og þá kæmi sjer illa, hve sá atvinnuvegur er úr sjer genginn og bátar orðnir fáir. Jeg get vel fallist á þá skynsamlegu tillögu eins útgerðarmanns, Elíasar Stefánssonar, að vissast væri, að landsstjórnin næði í tæka tíð viðarfarmi frá Ameríku til þess að geta smíðað sjer fleytu, ef í nauðir ræki. Það annað er öllum auðsætt, að framleiðsla Vesturheims eða Bandaríkjanna er takmörkuð, og gróði jarðarinnar á hverju ári hefir ekki gert mikið betur en fæða íbúana.

Enn fremur er mörgum þúsundum

smálesta sökt í sjó. Því er hugsanlegt, að þar sem svo miklu er sökt og Bandaríkjamenn ætlast til, að þeirra bandamenn sitji fyrir hlutlausum þjóðum um vörukaupin, geti svo farið, að Íslendingar geti engin matvæli fengið vestan um haf eða annarsstaðar að, fremur en aðrar hlutlausar þjóðir. Það virðist koma ljóst fram í þessari styrjöld, að framvegis muni hyggilegast og varlegast, að hver þjóð geti búið að sínu. T. d. gæti þetta komið fyrir Íslendinga þegar í haust, en hjer er lítill forði. Því ríður á að gera ráðstafanir áður en sá háski dettur á, er mestur getur orðið, að sultur taki að þjaka þessari þjóð. Hefði jeg verið einvaldur í landinu í vor, hefði jeg skipað öllum bændum að færa frá öllum ám sínum og sent þeim 5 þúsundir manna úr kaupstöðunum til að vinna fyrir þá í sumar, gegn því að þessir kaupstaðabúar fengju góðan viðurgerning og sæmilegt kaup til að geta lifað veturinn af. Hjer í Reykjavík er hættast við sultinum, og liggur því nærri að gera ráðstafanir. Hingað til hafa menn verið svo bjartsýnir, að þeir hafa ekki hirt að gera ráðstafanir. Niðurstaða minnar ræðu verður þá þessi: »Búist við hinu illa; hið góða skaðar ekki«. Skipum nefnd til að íhuga, hvaða ráð eru til að afstýra hættu þeirra, er getur að minsta kosti vofað yfir, ef hún vofir ekki yfir þegar.

Að svo mæltu vil jeg æskja þess, að þessi þingsályktunartillaga, sem hjer liggur fyrir, verði samþykt og nefndin kosin.

ATKVGR.

Till. samþ. í e. hlj.

Kosnir voru í nefndina, að viðhafðri hlutfallskosningu:

Einar Arnórsson,
Sigurður Sigurðsson,
Pjetur Jónsson,
Pjetur Ottesen,
Bjarni Jónsson,
Jörundur Brynjólfsson,
Þorsteinn Jónsson.

(Sbr. og A. bls. 1620).

2. Bjargráðanefnd efri deildar.

Á. 2. fundi í Ed., miðvikudaginn 4. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skipun bjargráðanefndar. (A. 29).

Á 3. fundi í Ed., fimtudaginn 5. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 4. fundi í Ed, föstudaginn 6. júlí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Eggerz): Jeg hefi leyft mjer, ásamt þremur öðrum háttv. þm., að koma fram með tillögu þessa, sem fer fram á að skipuð verði fimm manna nefnd til þess að íhuga vandræði þau, er yfir vofa vegna Norðurálfuófriðarins, og koma fram með till. til bjargráða.

Jeg hygg óþarft að eyða mörgum orðum til rökstuðnings því, hve brýn þörf er á nefndarskipun þessari.

Ófriðurinn sjálfur og vandræði þau, er af honum stafa, eru þar besta röksemdaleiðslan. Eins og kunnugt er hefir stríðið harðnað ár frá ári og aldrei hafa afleiðingar þess verið ískyggilegri og horfurnar kuldalegri en einmitt nú, síðan Alþingi kom saman.

Sjávarútvegurinn er í stórhættu og samgöngur ótryggar og erfiðar, svo að búast má við því, að aðflutningar teppist þá og þegar, og má þá segja, að stórvandræði standi fyrir dyrum.

Vandræðamál þetta hefir tvær hliðar; aðra út á við, en hina inn á við. Til þess að stemma stigu fyrir vandræðunum út á við þarf bæði að birgja landið upp að vörum til almennra nauðsynja og sömuleiðis sjá um, að nóg föng sjeu fyrir hendi, svo að haldast megi uppi aðalatvinnuvegir landsmanna. Vandræðin inn á við eru ef til vill ekki eins alvarleg, en þó að mörgu leyti íhugunarverð.

Vel gæti farið svo, að þótt nægar vörur flyttust til landsins, þá yrði verðlag svo hátt, að ókleift yrði fátæklingum að afla sjer vörunnar.

Jeg lít svo á, að þetta tvent sje meira en nóg íhugunarefni fyrir eina nefnd, og það er sannfæring mín, að hlutverk þessarar nefndar sje erfiðasta og vandasamasta hlutverkið, sem lagt verður fyrir nokkra nefnd á þessu þingi.

Að þessu sinni ætla jeg ekki að fara í langa leit að ástæðunum fyrir vandræðum þeim, er yfir vofa, þótt ef til vill megi þær fleiri finna en stríðið sjálft, og ef til vill megi okkur sjálfum um kenna að ýmsu leyti.

Jeg get ekki stilt mig um í því sambandi að minnast á gerðir þingsins 1915. Ómögulegt er annað að segja en að það þing hafi verið helsti fyrirhyggjulítið.

Þá var borin fram tillaga frá mjer og öðrum fleiri háttv. þm. um það að tryggja landið með kornvörum og öðru fleiru, og í ræðum, sem tillögu þeirri fylgdu, var sjerstaklega lögð áhersla á að birgja landið að kolum.

En það var síður en svo, að tillögu þessari væri vel tekið af hinum almáttuga meiri hluta, og lá nærri að við formælendur till. sættum árásum fyrir.

En mótbárurnar voru flestar hjegóminn einn og sumar blátt áfram hlægilegar. Því var t. d. haldið fram, að ekki væri hægt að geyma hjer vörur, sökum húsleysis.

Flestir mundu brosa að slíkum mótbárum nú.

Þá var því haldið fram, að engin hætta væri á því, að ófriðurinn tepti samgöngurnar. En nú hefir tíminn sýnt og sannað þá hættu.

Jeg minnist þess líka, að jeg benti á það í framsöguræðu minni þá, að svo gæti farið, að Ameríka lenti í stríðinu.

Að öllu samanlögðu verð jeg því að álíta, að þingið 1915 hafi verið altof fyrirhyggjulítið, því að ef Alþingi hefði frá byrjun ófriðarins haft vakandi auga á því, er gerðist í heiminum, mundi eflaust mörgum vandræðum hafa verið afstýrt. Á síðasta þingi voru horfurnar orðnar illar og ískyggilegar og gerði það þó ýmsar nytsamar ráðstafanir; t. d. má benda á heimildir þær, er það veitti landsstjórninni til skipakaupa, og margt annað, sem það á þakkir skilið fyrir. Jeg ætla ekki að fara inn á það nú, hve margar syndir núverandi stjórn hefir drýgt í þessu máli, að eins vil jeg benda á það, að hún hefir átt við miklu meiri erfiðleika að stríða en undanfarandi stjórnir, og ætti að því leyti að fyrirgefast meira.

En hvernig sem á alt er litið og hvort sem við getum kent okkar eigin óforsjálni um eða ekki, þá er það ekki aðalíhugunarefnið nú, heldur það, að þingið þori að horfast í augu við hættuna, hefjist handa og taki til sinna ráðstafana, en kasti ekki öllu á herðar stjórnarinnar.

Að síðustu eru það tilmæli mín, að vandað verði sem best valið í nefndina.

Magnús Kristjánsson: Jeg vildi að eins beina örfáum orðum til háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) viðvíkjandi ummælum hans um þingið 1915. Jeg ætla ekki að dæma um það, hvort ástæða sje til að áfella það fyrir gerðir þess yfirleitt.

En áhersla sú, er háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) lagði á þýðingu till. sinnar þá, þykir mjer helst til mikil; því að áður en till. sú kom fram var þingið búið að gera sömu ráðstafanir, búið að skipa nefnd og setja lög til að framkvæma hið sama og í till. stóð. Jeg get því alls ekki sjeð, hvaða þýðingu till. þessi gæti haft, nema að hún hafi verið borin fram af óviðráðanlegri löngun háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) til þess að láta mikið á sjer bera.

Jeg get ekki heldur tekið því þegjandi, að háttv. Alþ. sje vítt fyrir fyrirhyggjuleysi, sem það hefir alls ekki gert sig sekt í.

Þegar talað er um það að birgja landið að vörum, þá er þar við margt að athuga. Verðlag getur breyst, varan fallið í verði, svo að stórskaði verði að. Auk þess er ýms vara, sem þolir ekki að geymast ár frá ári, t. d. kornvara. Þetta verður líka að taka til athugunar. Það eina, sem finna mætti þingi og stjórn til foráttu í þessu falli, er það, að ofmikið hafi verið gert að því frá byrjun ófriðarins að sjá um það, að nóg væri til af þeim vörum, sem nauðsynlegar eru til innlendrar framleiðslu. Það eru þær vörur, sem helst til lítið hefir verið gert til að birgja landið upp að, bæði í tíð stjórnarinnar, sem starfaði 1914 og 1915, og maður mætti má ske segja í tíð stjórnarinnar 1917.

Það er þetta, sem jeg álít að hafi mesta þýðingu fyrir okkur, því að kaup stórfenglegra birgða af kornvörum, sem nú eru afardýrar, og svo ætti að geyma ár frá ári, er naumast heppilegt, og þarf að fara gætilega í það.

En af því getur engin hætta stafað að birgja landið að vörum, er til framleiðslu þarf, því að ef við höfum þær, þá á oss ekki mat að skorta fyrst um sinn.

Verði samgöngur við önnur lönd og verslun þar af leiðandi fyrir miklum hindrun um fram yfir það, sem nú á sjer stað, verður þjóðin auðvitað að búa sem mest að sínu og sýna, að hve miklu leyti hún getur verið sjálfri sjer nóg, þegar á reynir.

Að framleiðslan geti haldið áfram án mikilla hindrana er aðalskilyrðið fyrir því, að þjóðin verði fær um að kaupa nokkuð til muna af útlendum varningi, sem nú er lítt fáanlegur, og þá ekki nema með afarverði.

Fim. (Sigurður Eggerz): Háttv. þm. Ak. (M. K.) þótti ástæða til að beina persónulegum hnútum að mjer. Hann gaf í skyn, að jeg hafi viljað láta bera mikið á mjer með till. 1915.

Jeg veit, að háttv. þm. (M. K.) og þeim flokk, sem hann tilheyrir, er lítið ant um, að á mjer beri, og við því er náttúrlega ekkert að segja. En því get jeg trúað háttv. þm. Ak. (M. K.) fyrir, að jeg bar till. 1915 ekki fram mjer til frægðar, heldur af hinu, að heilbrigð skynsemi sagði mjer, að sjálfsagt væri að birgja landið að vörum, og varð jeg forviða á því, er jeg sá, hve margir stóðu gegn till. Sannarlega þurfti engan spámann til að sjá, eins og þá var komið, að harðna mundi, og best væri að vera við öllu búinn.

Þar sem háttv. þm. Ak. (M. K.) mintist á stjórnina 1914, þá þykir mjer gaman að minna hann á, að fyrir kolakaup stjórnarinnar gátu togararnir þá haldið áfram veiðum sínum. Í minni

stjórnartíð var keyptur fyrsti matvörufarmurinn frá Ameríku, og voru kaupmenn hjer á landi alveg eins og »furiur« yfir þessu. Á meðan jeg var í Kaupmannahöfn samþyktu þeir vantraustsyfirlýsingu á mig; þótti hart, að farmurinn var ekki fenginn þeim til sölu, svo að þeir gætu notið ágóðans af honum, en einmitt þá treystu þeir sjer ekki til að útvega landinu vörur eins og þurfti, sem ef til vill ekki heldur var von. Jeg held, satt að segja, að kaupmennirnir, sem hafa staðið eins og hringur utan um Alþingi, hafi dregið mest úr framkvæmdum þings og stjórnar til að birgja landið. Þetta er sannleikur, sem þarf að segjast.

Það er ekki hægt annað en furða sig á því, að útgerðarmenn, sem hafa nægan fjárafla, skuli ekki hafa gert alvarlegar ráðstafanir til að hafa gnægð kola og salts. Og er þetta vantar, þá er auðvitað allri skuldinni skotið yfir á stjórnina. En því mega menn ekki gleyma, að þeir verða einnig að reyna að bjarga sjer sjálfir, en kalla ekki altaf á stjórnina, eins og þegar ósjálfbjarga barn kallar á mömmu sína.

Það er hart, að menn, sem hafa eins mikil peningavöld og útgerðarmennirnir og kaupmennirnir hafa, skuli ekki sjá fyrir því, að þeir verði ekki ólulausir á miðjum útgerðartímanum.

Eftir að mjer var þetta orðið ljóst, árið 1914, þá vildi jeg gera alt hvað jeg gæti til þess, að þingið birgði landið upp að þessum vörum; því bar jeg fram tillöguna 1915; en jeg get vel skilið það, að háttv. þm. Ak. (M. K.) beri dálítinn kinnroða, eftir að hann hefir barist á móti svo þarfri till.

Jeg vil ekki minnast á þetta til þess, að vekja neinar illdeilur, heldur til þess, að núverandi þing geri sig ekki sekt í öðrum eins óhöppum og þá.

Þeir, sem hafa verið á móti vörukaupum, hafa verið að hampa verðfalli á vörunum. En er ekki betra að bera ábyrgð á tapi því, er leiða kann af verðfallinu, heldur en á því, að landið sje vörulaust? Það er merkilegt, að ráðsettir menn skuli koma með svona vandræðalega athugasemd.

Jeg vona, að þessi ráðning megi nægja fyrst um sinn.

Magnús Kristjánsson: Það er nú ef til vill ekki þinglegt, en jeg verð að segja það, að mjer duttu í hug þessi orð meðan háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) var að tala: »Þykir ykkur það vera gorgeir í honum, piltar!«

Jeg skil ekki, hver er meiningin með þessari stóryrðaræðu og ráðningunni, sem háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) var að tala um.

Það er mikið sjálfsálit, er kemur fram í ræðu hans, en jeg hefi þó ekki fundið neitt annað markvert við hana.

Og í þessu máli þarf jeg ekki að bera kinnroða fyrir neitt. Jeg þurfti ekki að berjast á móti till., því að hún var andvana fædd. Hún dæmdi sig sjálf. Hún var borin fram að ástæðulausu, og eins og jeg hefi áður tekið fram þá sagði hún ekkert annað en það, sem þingið hafði áður gert. Og vitna jeg hjer til alls þingheims um, að jeg fer með rjett mál.

Það, sem lá í till., var ekkert annað en starf velferðarnefndar, og þar sem háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) skipaði nefndina, þá á hann sína sök á því, ef starf hennar hefir verið slælega int af hendi.

Alt ber það að sama brunni og jeg sagði áðan, að tillagan var að eins borin fram til þess að láta bera á sjer, og þessi ræða mun hafa verið flutt í sama tilgangi.

Þar sem háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) var að reyna að slá því föstu, að kaup-

mannastjettin gerði hvað hún gæti til að vinna landinu ógagn, þá nær það nú ekki svo mjög til mín, því að jeg er ekki lengur starfandi meðlimur þeirrar stjettar. En við nánari athugun held jeg, að háttv. 2. landsk. (S. E.) ætti að geta sjeð það, að það er ekki nóg að hafa stór orð. Það er að minsta kosti viðkunnanlegra að geta staðið við eitthvað af þeim. Það vita allir, að kaupmannastjettin hefir lagt mikið á sig til að birgja landið upp að allskonar vörum. Og það er ekki hægt að gefa kaupmannastjettinni sök á því, þótt margt hafi mishepnast og mörgum skipum verið sökt, og þeir hafi orðið fyrir tilfinnanlegu tjóni af kafbátahernaðinum.

Og víst er um það, að jafnórökstudd ummæli og háttv. 2. landsk. þm. (S. E.) geta ekki orðið til þess að rýra álit kaupmannastjettarinnar. Betur má, ef duga skal.

Flm. (Sigurður Eggerz): Jeg vil að eins gera þá stuttu athugasemd, að menn þurfa ekki annað en að líta á, hvernig þetta hefir gengið fyrir sig. Ef þingið 1915 hefði gengið vel fram í því að birgja landið að vörum, þá hefðum við staðið alt öðruvísi að vígi nú.

Þetta verður háttv. þm. Ak. (M. K.) að játa að sje rjett.

Og það er óforsvaranlegt, að útgerðarmenn, sem það var hægt, skuli ekki hafa sjeð fyrir því, að þeir væru birgir af kolum og salti og öðru, er að útgerð lýtur. Það er öldungis óforsvaranlegt. Mildari orð er ekki hægt að hafa um það.

Og þessi mótbára, er kom fram á þinginu 1915, að ekki væri hægt að geyma vöruforða hjer á landi vegna húsleysis, er einungis hlægileg. Þeirri mótbáru trúir engin sála.

Að fara út í þær persónulegu hnútur, sem háttv. þm. Ak. (M. K.) beindi að mjer, sje jeg enga ástæðu til.

Eggert Pálsson: Jeg hafði ekki búist við, að langar umræður yrðu um þessa þingsályktunartillögu. Jeg taldi víst, að allir háttv. þm. mundu vera samdóma um, að nauðsyn bæri til að skipa nefnd þá, sem hjer er farið fram á. Jeg hjelt það, að þótt þessi nefnd yrði skipuð, þá mundi hún ekki gefa ástæðu til að ræða afstöðu flokkanna hvers til annars árið 1915, eða lengra aftur í tímann, því að það getur naumast talist nein bjargráðaráðstöfun.

Jeg býst nú við, að hver flokkur fyrir sig hafi þóst gera það, sem honum þótti skynsamlegast; að minsta kosti er jeg ekki enn komin á þá skoðun, að flokkur sá, er jeg tilheyri, hafi gert rangt í framkomu sinni um kornvörukaupatillöguna árið 1915. Jeg man eftir, að þessi till. um að birgja landið að kornvörum kom fram, og jeg mun, eins og flokkur sá, er jeg fylgi, hafa verið á móti tillögunni, og það meðfram fyrir þá orsök, er háttv. þm. Ak. (M. K.) tók fram.

Jeg leit svo á, að við hefðum gert nægilega tryggingu fyrir kornvöruaðflutningi í það sinn, með því að skipa nefnd, stjórninni til aðstoðar. Hins vegar leit jeg og lít svo á, að þótt sú stefna hefði verið fastákveðin af þinginu 1915 að kaupa kornvöru, þá hefði stjórnin ekki getað birgt landið nema til næsta árs. Því að þótt tillagan, sem þá kom fram, hefði verið samþykt, þá hefði kornvaran verið upp etin strax og vandræðin byrjuðu, nema þá að horfið hefði verið að því ráði að láta hana liggja ónotaða, hverju sem fram yndi, árum saman eða alt til þessa dags, sem ekki hefði getað reiknast neinn búhnykkur, því að ef

hún hefði verið geymd svo lengi, þá væri hún að líkindum farin að skemmast eigi allítið á þessum 2 ára tíma.

Jeg er sömu skoðunar og háttv. þm. Ak. (M. K.), að það sje miklum erfiðleikum bundið að geyma matvöru hjer á Suðurlandi til langframa. Jeg þykist sannfærður um það, að þótt hjer sje gert alt, sem unt er, til þess að gera hús sem rakaminst, þá tekst það alls ekki til fullnustu.

Jeg er sannfæður um það, að matvara, sem geymd er í háum stöflum, jafnvel þótt í góðum húsakynnum sje, getur ekki hjer á Suðurlandi lengi haldist óskemd í neðstu pokunum. Jeg hygg því ekki heppilegt að birgja landið til margra ára á þennan hátt, því að liggi kornvaran lengi, er mjög hætt við því, að hún skemmist meira eða minna. Og við því megum við ekki fremur en hana vanti.

Rjettast tel jeg að flytja svo mikið af kornvöru sem unt er til landsins, og leyfa einstökum mönnum og sveitarfjelögunum að birgja sig upp eftir föngum, og það til fleiri ára, ef þeir sjálfir óska. Því að þá er þó matvaran til í landinu, sem grípa má til, ef matmælaskort ber að höndum hjá einhverjum einstaklingum eða á einum stað frekar en öðrum. Og þótt vörur þær sjeu í höndum einstakra manna eða sveitarfjelaga, þá er engin ástæða til þess að óttast hungursneyð hjá þeim, sem ekkert eða minna hafa, því að hinir betur settu geta þá miðlað þeim, ef ekki af fúsum og frjálsum vilja, þá eftir valdboði.

En það, sem mestu varðar, er það, að nóg sje til í landinu af kolum og salti, því að ef það er til, þá er hægt að afla gnægð matar úr sjónum, sem talinn hefir verið því nær óþrjótandi nægtabúr hjer við land, og þá vofir engin hungursneyð yfir þjóðinni. Og kolin er hægt að geyma; þau skemmast ekki og þau þurfa ekki húsrúms með. Að þessarar vöru hefir ekki verið aflað svo sem skyldi, er yfirsjón, sem íbúa landsins hefir hent. Jeg vil ekki kasta þar steini að neinum sjerstökum fyrir þær sakir, því að jeg tel ekki rjett að kenna það einum fremur en öðrum. Skip hafa verið skotin niður og fleiri þvílík óhöpp komið fyrir, sem enginn ræður yfir. En á þetta verður að leggja aðaláhersluna, að afla kola og salts, og yfir höfuð þess, sem framleiðslan þarfnast, því að ef framleiðslutækin eru góð, þá má vænta þess, að við þurfum alls ekki að svelta og höfum meira að segja afgang til að versla með, og getum fyrir hann keypt bæði kornvöru og annað, sem með þarf, eftir því sem hægt verður í það að ná.

Jeg vænti þess, að allir háttv. þm. verði samdóma um að skipa þessa nefnd, sem hjer er lagt til að verði kosin.

Halldór Steinsson: Mjer finst, að umræðurnar um þetta mál hafi snúist í öfuga átt, því að það hefir mest verið rætt um það, er gerðist á Alþingi 1915, en ekki um það, hvort skipa eigi þessa nefnd nú eða ekki.

Jeg vil taka það fram, að jeg hefi enga trú á því, að þessi nefnd komi að nokkrum verulegum notum.

Mjer finst verk stjórnarinnar í þessum efnum ekki hafa verið á þann veg, að jeg hefði ekki getað vænst þess, að kaupmenn landsins hefðu leyst það eins vel af hendi.

Við vitum allir, hvernig vöruverð landssjóðs er, og hvað það snertir, geta kaupmenn fyllilega þolað samanburð.

Þótt jeg hafi enga trú á því, að nefndin komi að liði, þá mun jeg þó greiða atkvæði með henni, í þeirri von, að hún reynist betur fyrir þjóðina en aðrar bjargráða- og velferðarnefndir, sem skipaðar hafa verið hjer á landi á síðari árum.

Flm. (Sigurður Eggerz): Um það, er háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) sagði um kornið, þá er það vitanlegt, að stjórnin hefði selt gamla kornið, en látið nýja kornið í kornhlöðurnar. Og geta má þess, að landið hefði grætt stórfje á því að kaupa kol og korn árið 1915.

En það, sem að líkindum var skaðlegast við framkomu Alþingis 1915 í þessu máli, var það, að það dró að miklum mun úr áhuga stjórnarinnar, því að þegar hún fann, hversu þingmenn voru deigir, þá varð hún deigari sjálf.

ATKVGR.

Till. samþ. með 14 shlj. atkv.

Kosnir voru í nefndina, að viðhafðri hlutfallskosningu:

Jóhannes Jóhannesson,
Sigurður Eggerz,
Guðjón Guðlaugsson,
Karl Einarsson og
Guðmundur Ólafsson,

með hlutkesti milli hans og Magnúsar Kristjánssonar.

(Sbr. og A, bls. 1618).

---

3. Fullveldisnefnd.

Á 5. fundi í Nd., laugardaginn 7. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til íhugunar sjálfstæðismála landsins (A. 34).

Á 6. fundi í Nd., mánudaginn 9. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. júlí, var till. tekin til einnar umr,

Magnús Pjetursson: Það er næsta óþarft að fjölyrða mikið um þessa till., því að það mætti segja, að orðalag hennar segði alt, sem segja þarf, en það mun samt viðkunnanlegra að láta henni fylgja nokkur orð.

Jeg býst við því, að háttv. alþingismenn, flestir, hafi látið á sjer heyra og heyrt það annarsstaðar frá, að aðalstarfsvið þessa þings væri það að sjá um, að þjóðin hefði nóg að bíta og brenna, og myndi því þar að mestu markaður bás, en lítt myndi hægt að hugsa um annað en yfirstandandi og yfirvofandi þjóðarvandræði. Þetta er auðvitað að mestu rjett. En þó teldi jeg það ekki vansæmdarlaust þessu þingi, ef það liti ekki nokkuð lengra og hefði ofurlítið víðari sjóndeildarhring.

Undanfarin ár höfum vjer verið að reyna það tvent, að mjer finst, að verja landsrjettindi vor og að ná undir oss þeim málum, sem Danir umboðslaust og því ranglega hafa farið með fyrir vora hönd. Erfiðlega hefir þessi baráttа gengið, og hefir það þá ekki síst valdið árangursleysinu, að vjer höfum lítt getað orðið sammála um það hingað til, hvers vjer ættum að krefjast eða á hvern hátt vjer ættum að fá kröfum vorum framgengt. Jeg ætla samt að gera ráð fyrir því, að fyrir öllum eða allflestum úr öllum flokkum hafi blasað sama endatakmarkið, fullkomin yfirráð yfir öllum vorum málum og algert fullveldi. Að vísu virðist svo, sem þetta endatakmark hafi í sumra augum verið nokkurskonar »utopia« eða fjarlægt, eftirsóknarvert draumaland. Til hafa einnig verið þeir menn, sem hafa álitið þetta endatakmark skýjaborg eina, en óhugsandi er, að þeir hafi verið margir.

Nú verður að álíta, að rás viðburðanna hafi sparkað oss, ef svo mætti að orði kveða, miklu nær markinu, sem innanlands-reipdráttur og drotnunargirni Dana hafa bægt oss frá, því að ekki er hægt að neita því, að sem stendur höfum vjer miklu meira sjálfstæði en verið hefir, eða ef það er ekki sjálfstæði, þá er það þó að minsta kosti sjálfræði. Sjálfstæði í orði hefir oss að vísu ekki aukist, en því meira á borði.

En þessu sjálfræði er þannig farið, að ef vjer erum ekki vel vakandi og á vaðbergi, þá ber það oss ekki að sjálfstæðinu, heldur mun sækja aftur í sama horfið, þegar núverandi ófriðarástand líður hjá. En samband vort við Dani, eins og það hefir verið, er auðvitað alveg óviðunandi, og getur ekki komið til mála, að nokkur Íslendingur láti sjer detta í hug að búa við það framvegis, og megum vjer því eigi láta undir höfuð leggjast að ráða þegar ráðum vorum í þessu efni, hvað gera skuli, svo að ekkert tækifæri gangi úr greipum vorum.

Jeg býst við því, og svo gera einnig margir menn fróðari mjer og getspakari um slíka hluti, að þegar friður verður saminn, þá muni þjóðirnar koma sjer saman um einhverja þá skipun landa og ríkja í Norðurálfunni, sem ætluð verði til frambúðar, og muni erfiðara, ef ekki ókleift síðar meir, að fá komið til leiðar nokkurri breytingu á þeirri skipun. Við væntanlega friðarsamninga getur því orðið tækifæri til þess að fá öllum kröfum vorum framgengt, bara ef vjer stöndum allir saman og höfum lag á að koma ár okkar fyrir borð.

Það er margt, sem bendir til þess, að þá sje tækifærið, og þá ekki síst það, að nú virðist vera los á öllum landa- og ríkjasamböndum, og stóru ófriðarþjóðirnar, sem mestu hljóta að ráða um slíkt, hafa hvað eftir annað lýst yfir því, að smáþjóðirnar eigi sjálfar að ráða samböndum sínum og stjórn, og að hvert þjóðerni hafi þar jafnan rjett til þess að segja til, hvernig það vilji að því sje stjórnað.

Það virðist því liggja í augum uppi, að þar með sje viðurkent, að vjer höfum sjálfir rjett til að kveða á um, hvort vjer viljum vera í sambandi við önnur ríki eða standa einir, og þá einnig rjett til að ákveða, í hverskonar sambandi, ef um samband yrði samkomulag.

Það getur varla verið nokkrum vafa undirorpið, að Danir viðurkenni þetta einnig nú orðið, því að hvorir tveggja, Danir og Íslendingar, munu nú orðið nokkru fróðari um nauðsyn og nytsemi sambands landanna heldur en var fyrir ófriðinn.

Íslendingar munu nú allir hafa sannfærst um það, að vjer höfum bæði getu og gáfur til þess að fara með öll vor mál án íhlutunar annara, og augu Dana ættu einnig að hafa opnast fyrir því, að það eitt, að þeir að fullu viðurkenni þetta, getur haldið við sambandi milli ríkjanna, Íslands og Danmerkur.

Það hefir verið gert ráð fyrir því, að þetta þing gerði verulega gangskör að því að fá íslenskan siglingafána, og er það auðvitað svo sjálfsagt, að naumast ætti að þurfa mikið um það að ræða. Að sjálfsögðu erum vjer einhuga um það. Að minsta kosti bendir tillagan einmitt til þess. En fáninn er ekki nema eitt spor í áttina, og því alls ekki takandi í mál, að þingið ráði ekki ráðum sínum um hin önnur fullveldismálin.

Vjer tillögumenn teljum auðvitað sjálfsagt, að þessi till. verði samþ. í einu hljóði, því að fyrsta og helsta skilyrðið til þess að koma fram vilja vorum er það, að vjer stöndum óskiftir. Enda dettur víst engum annað í hug, þar sem till. þessi er í fullu samræmi við yfir-

lýsing ráðuneytisins, þegar það tók við stjórn landsins, en þá lýsti hæstv. forsætisráðherra yfir því, að stjórnin »vildi vinna að því af fremsta megni, að þjóðin næði fullum yfirráðum yfir öllum sínum málum«. Nú vona jeg, að tækifæri verði fyrir hæstv. stjórn að sýna, að henni hafi verið full alvara.

Ef jeg hefði getað við það ráðið, þá hefði jeg kosið helst, að samhljóða tillaga hefði jafnsnemma komið fram í hæstv. Ed., en þótt jeg hafi fært það í mál við einstaka menn úr Ed., þá hefir ekki enn orðið úr því, en jeg er þess fullviss, að þess verði ekki langt að bíða, frá jafnvöldu liði, sem þar er saman komið. Sú deildin mun aldrei verða eftirbátur í því að sýna, að vjer viljum standa einhuga og samtaka að því að ná öllum vorum málum í eigin hendur og fá viðurkenning fullveldis vors.

Engum getur heldur komið á óvart, þótt þessi till. kæmi fram, og öllum ætti að vera það gleðiefni. Samþyktir á þingmálafundum í Strandasýslu, og reyndar víðar, bentu ótvírætt í þá átt, að þessu yrði hreyft.

Og jeg vildi að endingu óska þess, að allir háttv. alþingismenn gætu orðið jafneinhuga og óskiftir í þessu sem kjósendur mínir eru. Þá verður góður árangur af þessari nefndarskipun og drengilegur afspurnar utan lands og innan.

ATKVGR.

Till. samþ. í e. hlj.

Í nefndina voru kosnir hlutfallskosningu:

Þórarinn Jónsson,
Matthías Ólafsson,
Magnús Pjetursson,
Bjarni Jónsson,
Benedikt Sveinsson,
Jón Jónsson,
Magnús Guðmundsson.

(Sbr. og A, bls. 1621).

Önnur mál.

I.

Rannsókn kjörbrjefs.

Á 5. fund í Sþ., mánudaginn 27. ágúst, var kominn hinn nýkjörni þm. Norður-Ísfirðinga,

Sigurður Stefánsson,

klerkur frá Vigur. Tók hann 6. tölusetta sæti neðri deildar, það er hlotið hafði fyrirrennari hans, Skúli heitinn Thoroddsen, og afhenti hann forseta kjörbrjef sitt.

Forseti fekk kjörbrjefið í hendur kjörbrjefanefnd. Gekk hún út úr salnum til þess að gegna starfi sínu, og varð því fundarhlje. Að vörmu spori hafði nefndin lokið rannsókn sinni og gekk til fundarsals. Var þá fundi haldið áfram.

Frsm. kjörbrjefanefndar (Jóhannes Jóhannesson): Kjörbrjefanefndin hefir athugað kjörbrjef hins nýkosna þm. N.-Ísf. (S. St.), og hefir ekkert við það að athuga. Útskrift úr kjörbókinni er, af eðlilegum ástæðum, ekki komin enn þá, en nefndin leit svo á, að þar sem engar fregnir höfðu borist um misfellur á kosningunni og atkvæðamunur var stórmikill, sætti það ekki að vera því til fyrirstöðu, að kosningin yrði tekin gild. Nefndarmenn þeir 4, sem mættu á nefndarfundinum, leggja því einhuga til, að kosningin sje samþykt.

Var kosningin því næst undir atkvæði borin og samþykt með 30 shlj. atkv.

II.

Hlutkesti um landskjörna þingmenn.

Útdráttur
úr
gerðabók sameinaðs
Alþingis.

6. fundur,
miðvikudaginn 12. september, kl. 1 miðdegis.

Allir á fundi nema 1. landsk. þm. (H. H.), sem var sjúkur, þm. A.-Sk. (Þorl. J.), er hafði brottveruleyfi, 1. þm. N.-M. (J. J.) og þm. S.-Þ. (P. J.). . . . . .

Þá var gengið til dagskrár og tekið til meðferðar: . . . . . .

IV. *Hlutkesti, samkvæmt dkvæðum um stundarsakir í stjórnarskipunarlögum nr. 12, 19. júní 1915, um það, hverjir þrír landskjörnir þingmenn skuli fara frá eftir 6 ár frá kosningu þeirra.*

Forseti hagaði hlutkestinu svo, að hann ljet í hlutkestiskassann 6 kúlur með tölunum 1—6, og hafði áður látið báða skrifara, þá Jóhannes Jóhannesson og Þorstein Jónsson (er gegndi skrifarastörfum fyrir Þorleif Jónsson) kanna bæði, að kassinn væri tómur fyrir, og að þær einar kúlur væru í hann látnar, sem á væru tölur þær, er getið var. Kvaddi forseti síðan einn þingsveina, Lárus Sigurbjörnsson, til að taka úr kassanum 3 kúlur, og skyldu þeir landskjörnir þingmenn fara frá á lögákveðnum tíma, er ættu raðtölur hinar sömu sem þær, er út væru dregnar.

Sveininn dró út tölurnar 1, 4 og 6.

Lýsti forseti þá yfir því, að þessir þrír landskjörnir þingmenn skyldu fara frá að liðnum 6 árum frá því er þeir voru kjörnir:

1. landsk. þm., Hannes Hafstein,
4. — —, Guðjón Guðlaugsson og
6. — —, Guðmundur Björnson,

og með því að þeir væru allir þingmenn af A-lista við landskosningarnar, færu þá og jafnframt frá að sjálfsögðu allir varamenn sama lista, þau

Sigurjón Friðjónsson,
Briet Bjarnhjeðinsdóttir og
Jón Einarsson.

. . . . . .

Fundi slitið kl. 2^{30} miðdegis.

Kristinn Daníelsson.

Jóh. Jóhannesson.

III.
Kosningar.

1. Kosning varaforseta í Sþ.

Á 7. fundi í Sþ., laugardaginn 15. sept., fór fram kosning varaforseta sameinaðs þings, í stað Sigurðar Eggerz, 2. landsk. þm., er skipaður var fjármálaráðherra 28. ágúst.

Kosningin fjell svo, að

Pjetur Jónsson hlaut 17 atkv.
Magnús Torfason 16 —

en 4 seðlar voru auðir.

Lýsti forseti þá yfir því, að kjörinn væri varaforseti sameinaðs þings

Pjetur Jónsson, þm. S.-Þ.,

með 17 atkv.

2. Þingfararkaupsnefnd.

Á 6. fundi í Sþ., miðvikudaginn 12. sept., var tekin til meðferðar

Kosning þingfararkaupsnefndar.

Forseti ljet kjósa hlutfallskosningu.

Einn listi var borinn fram, og voru á honum þessir menn, er forseti lýsti kjörna í nefndina:

Eggert Pálsson,
Hjörtur Snorrason,
Ólafur Briem,
Magnús Kristjánsson,
Karl Einarsson.

3. Verðlaunanefnd „Gjafar Jóns Sigurðssonar".

Á 7. fundi í Sþ., laugardaginn 15. sept., var tekin til meðferðar

Kosning verðlaunanefndar »Gjafar Jóns Sigurðssonar«.

Forseti skýrði frá, að útbýtt hefði verið í báðum deildum:

A. Skýrslu um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« frá 1. jan. 1915 til 31. des. 1916.
B. Skýrslu frá verðlaunanefnd »Gjafar Jóns Sigurðssonar«, dags. 13. júlí 1917,
hvorttveggja á þgskj. 767.

Bjarni Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að geta þess, að háskólakennari Jón Jónsson, sem verið hefir í nefnd þessari, auk þeirra Björns M. Ólsens og Jóns Þorkelssonar, þjóðskjalavarðar, hefir átt tal við mig um kosningu þessa og beiðst eindregið undan endurkosningu.

Vil jeg leyfa mjer að stinga upp á Hannesi Þorsteinssyni, aðstoðarskjalaverði, í hans stað.

Benedikt Sveinsson: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi ekki næga þekkingu til þeirra hluta, og vil því fastlega beiðast undan kosningu.

Guðmundur Björnson: Jeg vil leyfa mjer að gera háttv. þingheimi kunnugt, að Jón Aðils, sagnfræðingur, hefir látið það í ljós við mig, að hann vill ekki vera í nefnd þessari áfram. Mun hann ætla að koma að ritgerðum sjálfur og beiðist því undan kosningu, svo að hann verði ekki útilokaður frá því.

Kosningu hlutu:

Björn M. Olsen, prófessor, með 34 atkv.

Hannes Þorsteinsson, skjalavörður, með 28 atkv.

Jón Þorkelsson, þjóðskjalavörður, með 22 atkv.

Jón Jakobsson hlaut 15 atkv., Bjarni Jónsson 5 og Benedikt Sveinsson 1 atkv., en 2 seðlar voru auðir og 1 ógildur.

---

4. Bankaráðsfulltrúar.

Á 7. fundi í Sþ., laugardaginn 15. sept., var tekin til meðferðar

Kosning tveggja manna í bankaráð Íslandsbanka, annars fyrir tímabilið 1918—1920, hins fyrir tímabilið 1919—1921.

Kosningu fyrir tímabilið 1918—1920 hlaut

Bjarni Jónsson, dósent, með 20 atkv.

Eggert Pálsson hlaut 14 atkv. og Pjetur Jónsson 1 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Kosningu fyrir tímabilið 1919—1921 hlaut

Eggert Pálsson, prestur, með 21 atkv.

Benedikt Sveinsson hlaut 6 atkv., Pjetur Jónsson 2 og Magnús Guðmundsson 1 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

---

5. Yfirskoðunarmaður Landsbankans.

Á 7. fundi í Sþ. laugardaginn 15. sept., var tekin til meðferðar

Kosning yfirskoðunarmanns Landsbankans fyrir tímabilið frá 1. jan. 1918 til 31. des. 1919.

Kosningin fór á þessa leið:

Fyrst bárust forseta í hendur einum seðli fleira en þingmenn voru á fundi.

Var kosningin því þegar endurtekin, og fór þá svo, að

Jakob Möller, ritstjóri, hlaut 17 atkv. og HalldórDaníelsson, yfirdómari 17 —

Var þá enn kosið, og hlaut kosningu

Jakob Möller, með 18 atkv.

Halldór Daníelsson hlaut 17 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

---

6. Yfirskoðunarmenn landsreikninganna.

Á 7. fundi í Sþ., laugardaginn 15. sept., var tekin til meðferðar

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1916 og 1917.

Kosið var hlutfallskosningu samkvæmt 15. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 12, 19. júní 1915.

Forseta bárust 3 listar með nöfnum 3 alþingismanna, 1 á hverjum lista, og lýsti forseta þá rjett kjörna yfirskoðunarmenn, en þeir voru þessir:

Matthías Ólafsson, alþm., af A-lista,
Benedikt Sveinsson, — — B- —
Jörundur Brynjólfsson, — — C- —

---

7. Gæslustjórar Söfnunarsjóðsins.

A. Fyrir tímabilið frá 1. jan. 1918 til 31. des. 1919.

Á 61. fundi í Nd., laugardaginn 15. sept., var tekin til meðferðar

Kosning gæslustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir tímabilið frá 1. jan. 1918 til 31. des. 1919.

Kosningu hlaut

Einar Gunnarsson, bókaútgefandi, með 11 atkv.

Olgeir Friðgeirsson hlaut 7 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

B. Fyrir tímabilið frá 1. jan. 1918 til 31. des. 1921.

Á 58. fundi í Ed., laugardaginn 15. sept., var tekin til meðferðar

Kosning gæslustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir tímabilið frá 1. jan. 1918 til 31. des. 1921.

Kosningu hlaut

Klemens Jónsson, landritari, með 6 atkv.

Indriði Einarsson hlaut 5 atkv. og Kristinn Daníelsson 1 atkv., en 1 seðill var auður.

IV.

Prentkostnaður Alþingistíðinda.

Á 8. fundi í Ed., föstudaginn 13. júlí, að lokinni dagskrá, mælti

Forseti: Jeg tel mjer skylt að gera það kunnugt hjer í hæstvirtri þingdeild, að nú er lokið öllum undirbúningi viðvíkjandi prentun Alþingistíðindanna. Jeg og skrifstofustjóri höfum margsinnis rætt um það í vetur, að brýn nauðsyn bæri til að gæta sem mest sparnaðar og hagsýni um útgáfukostnað á umræðum Alþingis, þar sem laun setjara hafa stórum hækkað og pappírsverð margfaldast. Hefir skrifstofustjóri íhugað það málefni mjög vandlega og fundið ýms ráð til prentsparnaðar með breyttri tilhögun og niðurskipun, og væntir þess, að sá sparnaður muni nema minst 20—30 örkum, miðað við umræður Alþingis 1915. — Engu að síður verður niðurstaðan sú, að allur útgáfukostnaður Alþingistíðinda frá þessu þingi hlýtur að fara að verulegum mun fram yfir 60 þúsundir króna. Tel jeg rjett að vekja fulla athygli á því, að hverja hálftímaræðu kostar nú 30—40 krónur að gefa út. Er vert, að allir háttv. þingmenn hafi þetta vel í huga, og fyrir þá sök mun jeg ekki

boða til þingfunda ef mjög fátt og lítið er fyrir hendi til að taka á dagskrá. Enda eru það yfirleitt hyggindin mest framan af þingi, meðan allar nefndir standa í mestu annríki, að tefja þingmenn sem minst frá þeirri nytsömu vinnu, sem er svo miklu heilladrýgri í hverju vandamáli en langt þref á þingfundum.

Á 13. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. júlí, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Forseti: Áður en gengið er til dagskrár finn jeg ástæðu til að skýra hv. þingmönnum frá máli, er tekur til þingsins, en aðallega kemur til kasta forsetanna að ráða fram úr, sem sje um útgáfu Alþingistíðindanna. Sakir verðhækkunar á pappír og kauphækkunar til prentara m. m. er prentunarkostnaður þingtíðindanna 1917, samkvæmt skjölum, er hjer liggja frammi til athugunar, áætlaður yfir 60 þús. kr., sem er helmingi meiri upphæð en nokkru sinni áður. Út af þessu hefir komið til tals að prenta að svo stöddu einungis þingskjölin, en fresta prentun á umræðunum, án þess að það þyrfti að koma í bága við 52. gr. þingskapanna. En með því að fastur samningur um slíkt fyrirkomulag hefir reynst ófáanlegur, gæti af því leitt, að þingskjölin fengjust ekki prentuð svo greiðlega, sem þörf er á, til þess að störf þingsins gangi fram tálmunarlaust. Eftir atvikum má því búast við, að ekki verði hjá komist að semja um prentun allra þingtíðindanna með venjulegum hætti. En á hinn bóginn mun verða reynt að spara kostnaðinn eftir föngum, með hagkvæmari tilhögun á prentuninni, svo sem með því að draga saman í eina heild umræður um hvert mál í báðum deildum þingsins.

Í þessu sambandi vil jeg leyfa mjer að leiða athygli að því, hversu áríðandi það er að forðast óþarfar málalengingar, og vænti þess, að háttv. þingmenn geri sjer far um að vera stuttorðir og gagnorðir í ræðum sínum.

V.
Fjárhagsatriði þingmála.

Á 22. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. ágúst, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Forseti: Áður en gengið er til dagskrár vildi jeg vekja athygli háttv. þm. á 16. gr. þingskapanna, síðari málsgrein, er svo hljóðar:

»Nú er borið upp frumvarp eða þingsályktun, sem fer fram á aukin útgjöld úr landssjóði, og er því máli vísað í nefnd, og skal þá sú nefnd, ef hún ætlar að mæla með frumvarpinu eða tillögunni, leita álits fjárveitinganefndarinnar um fjárhagsatriðið í málinu; skal fjárveitinganefnd í stuttu máli láta uppi álit sitt með eða móti, og skal það álit fylgja nefndarálitinu«.

Jafnframt vil jeg benda á, að hentugast er, að álit fjárveitinganefndar sje ritað á sjálft nefndarálitið, svo að það geti fylgt með í prentuninni.

VI.
Ráðherraskifti.

Á 47. fundi í Nd., fimtudaginn 30. ágúst, áður en til dagskrár væri gengið, mælti

Forseti: Áður en gengið verður til dagskrár hefir hæstv. forsætisráðherra beðið sjer hljóðs og tekur til máls.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg leyfi mjer að skýra háttv. deild frá því, að hans hátign konunginum hefir 28. þ. m. þóknast að veita Birni Kristjánssyni, fjármálaráðherra, lausn í náð frá embætti og skipa í hans stað Sigurð Eggerz, sýslumann, fjármálaráðherra.

Á 43. fundi í Ed., s. d., þá er fundur hafði verið settur, mælti

Forseti: Áður en gengið verður til fundarstarfa vil jeg leyfa mjer að tilkynna, að hæstv. forsætisráðherra hefir beðið mig að lýsa yfir því, að h. h. konungurinn hafi 28. þ. m. veitt fjármálaráðherra Birni Kristjánssyni, 1. þm. G.-K., lausn í náð frá embætti, og skipað í hans stað s. d. Sigurð sýslumann Eggerz, 2. landsk. þm., fjármálaráðherra Íslands.

VII.
Fráfall Skúla S. Thoroddsens, alþm.

Að settum 2. fundi í Sþ., þriðjudaginn 24. júlí, mælti

Forseti: Jeg hefi beðið háttv. þm. um að koma saman á þennan fund í tilefni af því, að jeg hefi þá sorgarfregn að flytja Alþingi, að alþingismaður Skúli Thoroddsen er látinn. Hann ljest í nótt, kl. 12 á miðnætti.

Hann var fæddur 24. mars 1890, sonur Skúla heitins Thoroddsens, alþingismanns. Hann tók stúdentspróf við lærða skólann 1908, heimspekipróf við Kaupmannahafnarháskóla 1909 og lauk embættisprófi í lögum við Háskóla Íslands árið 1914, og hefir verið yfirdómslögmaður síðan árið 1915.

Hann var kosinn á Alþing í kjördæmi föður síns við síðustu kosningar og sat því nú í annað sinni á þingi. Hann var yngstur allra þingmanna og hefir yngstur maður hlotið þingmannskosning hjer á landi.

Hann var efnismaður, og þótt lítt væri enn reyndur, bar sú reynsla þess vott, að hann mundi feta í fótspor föður síns og fyrirrennara um staðfestu og ættjarðarást og verða þjóðnýtur maður.

Vjer viljum allir biðja guð að blessa minningu þessa unga starfsbróður vors.

(Þingmenn tóku undir orð forseta með því að standa upp.)

Jeg vil láta þess getið, að oss forsetum hefir komið saman um, og væntum, að það sje með allra samþykki, að Alþingi kosti útför þessa þingmanns.

(Þingmenn guldu jákvæði sitt með því að standa upp.)

Deildarforsetar hafa beðið mig að geta þess, að þingfundir falli niður í dag, en verði haldnir á morgun með sömu dagskrám og í dag.

Á 16. fundi í Ed., föstudaginn 27. júlí, að lokinni dagskrá mælti

Forseti: Jeg vil skýra háttv. deild frá því, að á morgun fer fram jarðarför hins framliðna þingbróður vors, Skúla Thoroddsens.

Jarðarförin hefst kl. 12, og á að aka líkkistunni hingað í Alþingishúsið, en hjer verður sunginn sálmurinn: »Hærra minn guð til þín.« En að ósk móður hins látna verða engin minningarorð töluð hjer í þinghúsinu, en að eins sunginn sálmurinn.

Skólabræður hins látna bera hann úr þinghúsinu að kirkjunni, en yfirdómsmálaflutningsmenn bera hann í kirkju, en forsetar og varaforsetar þingsins bera hann úr kirkjunni.

Á 19. fundi í Nd., s. d., ljet forseti yfir lýst öllu hinu sama um jarðarför Skúla Thoroddsens.

VIII.
Starfsmenn þingsins.

Á 2. fundi í báðum deildum, miðvikudaginn 4. júlí, skýrðu forsetar frá, hvor í sinni deild, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn Alþingis:

I. *Í skrifstofu:*

Jón Sigurðsson, Helgi Hjörvar, Petrína Jónsdóttir.

II. *Skjalavörður og afgreiðslumaður:*

Ingimar Jónsson.

III. *Í lestrarsal:*

Ólafía Einarsdóttir, Kristín Bjarnadóttir } sinn hálfan daginn hvor.

IV. *Innanþingsskrifarar:*

a. Teknir strax:

Páll Eggert Ólason, Pjetur Lárusson[1]), Pjetur Zóphóníasson, Vilhelm Jakobsson, Árni Sigurðsson, Freysteinn Gunnarsson, Ragnar Kvaran, Páll V. Guðmundsson.

b. Teknir 15.—20. júlí:

Knútur Kristinsson, Tryggvi Kvaran, Ásgeir Ásgeirsson, Steinþór Guðmundsson.

c. Teknir 1.—5. ágúst:

Jóhannes Sigfússon, Þórbergur Þórðarson (eða Karl Magnússon).

V. *Verðir:*

Magnús Gunnarsson, Kristján Helgason, Árni Bjarnason, Guðmundur Vigfússon.

VI. *Varsla þingmannasímans:*

Ólöf Jónsdóttir, Svavar Hjaltested } hálfan daginn hvort.

VII. *Þingsveinar:*

Gunnar G. Björnson, Gunnlaugur Briem, Sigurður Haukdal, Sveinn Benediktsson, Lárus Sigurbjörnsson, Sverrir Thoroddsen, Hrafnkell Einarsson.

Enn fremur hafi forsetar ráðið vörð Hlaðbúðar: Pjetur Sigurðsson.

Loks hafi forsetar ráðið sem ritara fjárveitinganefnda þingsins: Steindór

[1]) Þegar á öndverðu þingi var P. L. tekinn frá innanþingsskriftum til fastra starfa í skrifstofu við prófarkalestur, og kom í hans stað Karl Magnússon.

Björnsson, og eftir ósk allmargra þingmanna sem skrifara þeirra: Sigurð Baldvinsson, ritstjóra, frá Stakkahlíð.

IX.
Þingstörfin.

Að lokinni dagskrá 50. fundar í Ed., föstudaginn 7. sept., þess fundar, er útbýtt var áliti fjárveitinganefndar um fjárlagafrv., mælti

Forseti: Í dag hafa verið afgreidd 46 lög frá þinginu; 43 frv. hafa verið feld, en 23 frv. eru enn eftir.

Þingstörfin hafa víst aldrei fyr gengið svo vel — staðið svo vel á viku fyrir þinglausnir.

Skrifstofustjórinn hefir haft orð á því, síðan leið á þingið, að þingvinnan gengi greiðar en vant er — áður oft svo, að mikill þorri þingmála hefir verið afgreiddur í skjótum hasti síðustu daganna.

Ástæðan eru þingsköpin og fastanefndirnar.

Jeg vil þakka fjárveitinganefnd Ed. fyrir fljótt unnið starf.

X.
Þinglenging.

Á 5. fundi í Sþ., mánudaginn 27. ágúst — að fjarstöddum forseta (K. D.) — mælti

Varaforseti (Sigurður Eggerz): Með því að hinn lögboðni þingtími, 8 vikur, er nú nær á enda, þá vil jeg beina því til hæstv. forsætisráðherra, hvort hann vilji eigi framlengja starfstíma Alþingis til og með 10. september næstk.

Forsætisráðherra (J. M.): Samkvæmt umboði því, er hans hátign konungurinn hefir veitt mjer, framlengi jeg hjer með starfstíma Alþingis til 10. september næstk., að þeim degi meðtöldum.

Á 51. fundi í Ed., laugardaginn 8. sept., áður en til dagskrár væri gengið, mælti

Forseti: Eins og háttv. þingdeildarmönnum er kunnugt hefir starfstími Alþingis verið framlengdur til 10. sept. En þar eð þingstörfum getur ekki orðið lokið fyrir þann tíma, vil jeg leyfa mjer að fara þess á leit við hæstv. forsætisráðherra, að hann framlengi starfstíma þingsins til 15. sept.

Forsætisráðherra (J. M.): Samkvæmt umboði og í nafni hans hátignar konungsins framlengi jeg starfstíma Alþingis til 15. sept. næstk., að þeim degi meðtöldum.

A 55. fundi í Nd., s. d., áður en til dagskrár væri gengið, mælti

Forseti: Jeg skal leyfa mjer að tilkynna háttv. deild, að jeg hefi meðtekið tilkynningu frá hæstv. forsætisráðherra um það, að þar sem nú er sá tími út runninn, sem Alþingi mátti eiga setu, og störfum er ekki enn lokið, þá er þingið framlengt til 15. þ. m., að þeim degi meðtöldum.

Á 58. fundi í Ed., laugardaginn 15. sept., áður en til dagskrár væri gengið, mælti

Forseti: Með því að ljóst var, að Alþingi gat ekki orðið lokið í dag, þá fórum við forsetar Alþingis á fund hæstv. forsætisráðherra og óskuðum, að þingtíminn yrði framlengdur til mánudags 17. þ. m. Samkvæmt umboði frá hans hátign konunginum framlengdi hæstv. forsætisráðherra þingið til 17. þ. m. Frá þessu vil jeg skýra hv. Ed.

Ýmsir hv. þm. hafa kvartað yfir því við mig, að skipaferðum sje nú svo háttað, að þeir hafi engan tíma til að búast til ferðar; þeir verði að fara svo að segja beint úr þinghúsinu á skipsfjöl. Jeg hefi því átt tal við hæstv. stjórn um það, hvort hún gæti eigi breytt strandferðunum svo, að úr þessu yrði bætt, því að jeg lít svo á, að það sje vart boðlegt þingmönnum, að þeir sjeu reknir eins og skepnur úr stíu beint á skipsfjöl. En gæta verða hv. þm. þess, að nú eru vandræðatímar og erfitt um samgöngur, og hefir landsstjórnin því ekki getað orðið frekar við þessum tilmælum en svo, að strandferðaskipið fer ekki fyr en á miðvikudagsnótt.

Loks vil jeg gera grein fyrir því, að við eigum nú ekki önnur ólokin mál hjer í háttv. Ed. en þau 2 frv., er voru hjer til annarar umræðu í dag, og svo fjárlögin.

Á 61. fundi í Nd., laugardaginn 15. sept., tilkynti forseti, að forsætisráðherra hefði, í umboði konungs, framlengt þingið til 17. sept., að þeim degi meðtöldum.

XI.

Starfslok deilda.

A. Í efri deild.

Á 59. fundi í Ed., laugardaginn 15. sept., kl. 8^{58} síðdegis, að loknum fundarstörfum, mælti

Forseti: Háttv. þingbræður! Þá er lokið störfum þessarar hæstv. deildar að þessu sinni. Jeg býst við, að Alþingi verði slitið, á sameiginlegum fundi beggja deilda, á mánudaginn.

Vil jeg leyfa mjer að láta þess getið áður en jeg slít þessum síðasta fundi, að hæstv. Ed. hefir átt með sjer að þessu sinni 59 fundi alls.

Stjórnin lagði fyrir Ed. 10 frv.
Þingmenn báru fram í Ed. 26 frv.
Frá Nd. voru lögð fyrir Ed. 49 frv.
Alls voru til meðferðar í Ed. 85 frv.
Þar af voru afgreidd:

Lög frá Ed.	32
Frv. feld eða vísað frá	12
— ekki útrædd	5
— endursend Nd. og hlutu þar úrslit	36
Þingsályktanir bornar fram í Ed.	5
—— frá Nd.	12
—— alls til meðferðar í Ed.	17
Þar af afgreiddar til landsstjórnar	13
Feld	1
Afgreidd til Sþ.	1
Ekki útrædd	1
Um skipun nefndar	1

Fjöldi mála, sem legið hefir fyrir Ed., er því:

Frumvörp	85
Þingsályktanir	17
Fyrirspurn	1
Alls	103 mál

»Vinnubrögð Ed. hafa að þessu sinni verið« — segir skrifstofustjóri — »prýðisgóð að vöxtum og framkvæmd, sem þakka má ágætum vinnubrögð-

um fastanefnda, röggsamri og vakandi stjórn og því, að málin hafa tafarlaust verið tekin á dagskrá hve nær sem kostur var á«.

En alt orkar tvímælis, sem gert er, og svo mun fara um gerðir þessa þings. En þó hygg jeg, að það muni aldrei orka tvímælis, að efri deild Alþingis hefir nú á þessu þingi hagað öllum störfum sínum, orðum og gerðum svo hyggilega og drengilega, að það getur ekki brugðist: Þjóðin hlýtur að sjá, að þessi hæstv. deild Alþingis hefir með ráðdeild sinni og röggsemi á þessu þingi boðað nýja tíma og betri tíma, boðað umbætur á mörgu því, sem löggjafarþingi þjóðarinnar hefir verið lagt til miska.

Alt mitt starf hefir verið svo hægt og ánægjulegt, að jeg verð að lýsa innilegu þakklæti mínu til allra háttv. þingdm. fyrir alla þeirra prúðmannlegu og þinglegu framkomu á öllum þingfundum.

Hjer skiljast fundir. Jeg óska ykkur, háttv. þingbræður, góðrar heimkomu. Jeg óska ykkur tírs og tíma, ykkur til farsældar, þjóðinni til gagns og sóma!

Kristinn Daníelsson: Vjer munum allir, háttv. þingdm., með einum huga um það að votta hæstv. forseta viðurkenningu vora fyrir vel unnið starf á þessu þingi.

Hefir hann með ráðdeild og röggsemi leyst af hendi fundarstjórn og úrskurð allra mála.

Viljum vjer því votta honum þakklæti vort og óska þess, að heillaóskir hans til vor rætist á honum sjálfum.

Bið jeg háttv. þm., sem eru mjer samdóma, að votta það með því að standa upp.

(Þingmenn tóku undir þetta með því að standa upp).

Forseti: Jeg bið ykkur að standa kyrrir, háttv. þingbræður. Jeg veit, að við viljum allir einum huga láta í ljós þá ósk okkar og von, að fósturjörðin losni sem fyrst úr þeim kröggum, sem hún er nú í, og alt gangi henni til heilla og blessunar. Segi jeg síðan þessum síðasta fundi háttv. Ed. Alþingis slitið.

B. I neðri deild.

Á 62. fundi í Nd., laugardaginn 15. sept., kl. 9 síðdegis, að loknum fundarstörfum, mælti

Forseti: Þá liggur eigi annað fyrir en að skýra frá störfum deildarinnar.

Alls hafa verið haldnir 62 fundir.

Til meðferðar hafa verið tekin 167 mál:

Frumvörp 133.
Þingályktunartillögur 30.
Fyrirspurnir 4.

I. Frumvörp:

a.	Stjórnarfrumvörp lögð fyrir Nd.	14
b.	Þingmannafrv. borin fram í Nd.	87
c.	Frumvörp komin frá Ed.	32
	Alls	133

Þar af

lög afgr. til landstjórnarinnar frá Nd.		32
frv. afgr. til Ed. og Sþ.		35
—	feld	22
—	vísað til stjórnarinnar	5
—	vikið frá (með dagskrá)	12
—	tekin aftur	8
—	óútrædd	19
	Alls	133

II. Þingsályktunartillögur:

a.	Bornar fram í Nd.	28
b.	Komnar frá Ed.	2
	Alls	30

Þar af
Þingsályktanir afgr. frá Nd. 9
— till. afgr. til Ed. og Sþ. 10
— feldar 2
— vikið frá 3
— tekin aftur 1
— ekki útræddar 5
Alls 30

III. Fyrirspurnum 4 hefir öllum verið svarað.

Eins og menn sjá á þessu yfirliti þá hafa störf þingins verið mikil og margbreytileg. Hvernig sem dómur þjóðarinnar annars verður um þau, þá er ekki annað hægt að segja en að starfað hafi verið af alúð og árvekni.

Jeg finn mjer skylt að þakka bæði háttv. þingmönnum og sömuleiðis öllum starfsmönnum þingsins fyrir góða samvinnu, og óska þeim allra heilla.

Pjetur Jónsson: Jeg finn mjer skylt að þakka hæstv. forseta fyrir ágæta framkomu hans á þinginu. Jeg þakka honum, í nafni deildarinnar, fyrir umburðarlyndi hans við okkur þingmennina og sömuleiðis skýrleik hans í úrskurðum sínum.

Það á ekki við að hafa um þetta mörg orð, en jeg vil biðja hv. deildarmenn að votta hæstv. forseta virðingu með því að standa upp.

(Allir stóðu upp).

Forseti: Jeg þakka, og segi síðan þessum síðasta fundi deildarinnar á þessu þingi slitið.

XII.

Þinglausnir.

Á 9. fundi í Sþ., mánudaginn 17. sept., kl. 10 ^{80} árdegis, þinglausnafundi, mælti

Forseti: Þetta er hinn síðasti fundur, sem hið háa Alþingi á með sjer að þessu sinni. Jeg vil því eftir venju leyfa mjer að skýra frá störfum þeim, sem það hefir haft með höndum í sumar. Þeim hefir verið svo háttað.

Fundir:

Í neðri deild . . 62
- efri deild . . . 59
- samein. þingi . 9
Alls . . . 130

Mál:

I. *Frumvörp:*
Stjórnarfrv. lögð fyrir Nd. . . 14
— — — Ed. . . 10
Þingm.frv. borin fram í Nd. . . 87
— — — Ed. . . 26
Alls . . . 137
Þar af:
Lög frá Alþingi 67
Feld 35
Vísað til stjórnarinnar . . 9
Tekin aftur 8
Ekki útrædd 18
Alls . . . 137

II. *Þingsályktunartillögur:*
Bornar fram 35
Þar af:
Ályktanir afgr. til stjórnarinnar 20
— um skipun nefnda . 3
Till. feldar 6
— tekin aftur 1
— ekki útræddar 5
Alls . . . 35

III. *Fyrirspurnir:*
Komnar fram 5
Öllum svarað.

Mál til meðferðar alls í þinginu:

Frumvörp	137
Þingsályktunartillögur	35
Fyrirspurnir	5
Alls	177

Rökstuddar dagskrár, sem bornar hafa verið fram og skrásettar: 23. Þar af 19 samþyktar og 4 feldar.

Störfum Alþingis er þá lokið að þessu sinni.

Þau hafa nú enn að svo stórmiklu leyti staðið í sambandi við erfiðleika yfirstandandi tíma, að varla má óeðlilegt virðast, þótt þau, fyrir þá erfiðleika alla, hafi minna hrundið áfram til mikilvægra framkvæmda og framfara en ella mundi.

Eitt er þó, sem sjerstaklega verður að minnast á.

Með öllum atkv. hefir Alþingi nú gert þá kröfu, að Íslandi verði ákveðinn fullkominn siglingafáni. Fyrir þann eindregna samhug Alþingis og einnig af öðrum rökum höfum vjer ástæðu til að treysta, og treystum því fastlega, að sú ráðstöfun beri tilætlaðan árangur, þjóðinni til heilla, og mun það þing verða minnisstætt, er því hefir komið til vegar.

Að svo mæltu vil jeg nú að eins árna öllum háttv. þm. heillar heimkomu.

Jeg bið, að drottinn blessi fósturjörðu vora og leiði farsællega gegn erfiðleikunum.

Lifi Ísland!

Tóku þm. undir með ferföldu húrra.

Forsætisráðherra (J. M.): Þar sem hinn lögmælti þingsetutími er nú liðinn og ekki þykir ástæða til að framlengja hann frekar en gert hefir verið, leyfi jeg mjer, í nafni hans hátignar konungsins, að segja þessu 28. löggjafarþingi Íslendinga slitið.

Jóhannes Jóhannesson: Lengi lifi hans hátign konungur vor, Kristján hinn Tíundi!

Tóku þingmenn undir það með ferföldu húrra.

Var síðan af þingi gengið.